Lagafrumvörp feld.

1. Skemtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Þetta frv. er, eins og 1. frv., sem var hjer á dagskrá í dag, runnið frá sparnaðarnefndinni. Ástæðan fyrir frv. er, eins og tekið er fram í greinarg., engin önnur en sú, að nauðsynlegt er að afla fjár, til þess að styðja byggingu landsspítala. Þörf hans verður æ brýnni og brýnni, með ári hverju. En ef hægt væri að flýta fyrir byggingu spítalans á þennan hátt, auk styrks þess, sem kvenþjóðin hefir heitið, þá er sparnaðarnefndin þeirrar skoðunar, að rjett sje að skifta skemtanaskattinum milli spítalans og þjóðleikhússins, eins og í frv. segir. Er svo ekki ástæða til að orðlengja frekar um svo einfalt mál. Menn verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja flýta byggingu landsspítalans með því að leggja honum til það fje, sem frv. fer fram á.

Sigurður Eggerz: Jeg held, að þó að þetta frv. yrði samþ., þá næði það skamt til að ýta undir byggingu landsspítalans. Ef bíða á eftir því, að spítalanum safnist verulegt fje á þann hátt, er frv. fer fram á, þá verður sú bið allsendis óviðunandi. Spítalinn verður, hvort eð er, ekki bygður, nema ríkissjóður leggi honum mjög riflegan styrk.

Það, sem safnast kynni á þennan hátt, skiftir aldrei verulegu máli um byggingu svo dýrs húss.

Hinsvegar skemmir frv. þetta mjög hitt málið, sem það snertir, byggingu þjóðleikhússins. Nái það fram að ganga, verður þeirri byggingu slegið alt of mjög á frest. Jeg held, að hv. þm. hafi gott af að athuga það, sem stendur í hinni miklu bók, að mennirnir lifi ekki á einu saman brauði. Og það er vafalaust, að þjóðin hefði gott af því, að sæmilegu leikhúsi yrði hjer sem allra fyrst upp komið. Jeg get ekki látið vera að benda á, að mjer sýnist frv. þetta liður í hinni stöðugu breytingagirni í löggjöf þjóðarinnar. Það er ekki langt síðan Alþingi ákvað að leggja þjóðleikhúsinu til skemtanaskattinn. Nú á að breyta þessu strax. Næsta ár má búast við, að till. komi um að afnema skattinn alveg, eða guð veit hvað.

Sparnaðarnefndin hefir farið illa af

stað með frv. þessu, sem reyndar hefir engan sparnað í för með sjer; en hinsvegar get jeg skilið, að erfitt hafi verið fyrir hæstv. stjórn að færast undan því að leggja frv. fyrir þingið.

Þó að jeg geri ekki ráð fyrir því, að geta greitt frv. þessu atkv., þá vil jeg þó ekki hafa á móti því, að það verði athugað í nefnd.

Jónas Jónsson: Hv. 1. landsk. (SE) hefir að nokkru leyti tekið af mjer ómak, með því að undirstrika, að sparnaður yrði enginn að frv. þessu.

Jeg hefi heyrt því fleygt, að frv. þetta væri eiginlega ekki í sem fylstu samræmi við óskir hæstv. stjórnar, heldur hafi hún tekið það upp af götu sinni, ef svo mætti að orði komast, og komið því áleiðis hingað inn í þingið. Enda gæti þessu varla verið öðruvísi varið, ef litið er á gang málsins hin síðustu árin. Vil jeg þá fyrst geta þess, að lög þau, sem breyta á með frv. þessu, voru samþ. hjer í þessari hv. deild fyrir 2 árum, með atkv. nálega allra þeirra, sem þá áttu sæti í deildinni — og a. m. k. greiddi þeim enginn mótatkvæði. Og þó að nú eigi ekki sæti í þessari hv. deild allir sömu mennirnir sem þá sátu hjer, þá eru þó eftir það margir, að alt að því helmingur hv. deildarmanna yrði að hafa snúist hugur í máli þessu, ef frv. það, sem nú liggur fyrir, ætti að ná samþykki þessarar hv. deildar. Með því yrðu þeir að viðurkenna, að þeir hefðu eiginlega ekkert botnað í því, sem þeir voru að gera í hitteðfyrra, eða þá, að einhver utanaðkomandi áhrif hafi snúið þeim í máli þessu. Og ef menn vilja viðurkenna, að þeim hafi ekki verið ljóst, það sem þeir gerðu í máli þessu fyrir 2 árum, þá hygg jeg þeim hinum sömu mönnum myndi vera varlegast að hafa hægt um sig nú og hrófla ekki við fyrri samþyktum sínum. Síðari villan gæti orðið verri hinni fyrri.

Þá vil jeg taka það fram, að frv. þetta miðar á engan hátt til framdráttar hvorugu málefni því, sem það snertir. Þegar þingið 1923 ákvað að gefa lóð á besta stað í bænum undir væntanlegt þjóðleikhús og lagði leikhússjóðnum jafnframt þessar tekjur, skemtanaskattinn, þá var með því í raun og veru gerður samningur milli þingsins og þeirra manna í landinu, sem fórna sjer fyrir leiklistina, að á þennan hátt vildi þingið hjálpa list þeirra. Ef þessi samningur verður nú rofinn, verða afleiðingarnar einungis þær, að eftir nokkur ár verður að endurgreiða leiklistinni það, sem á þennan hátt verður frá henni tekið. Og hver verður þá sparnaðurinn? Enginn, nema sá, að þá verður að taka af hinum almennu tekjum ríkissjóðs til að bæta skaðann. Og jeg vil skjóta því til hæstv. forsrh. (JM), sem jeg þykist vita, að flytja muni frv. þetta með hálfum huga, og muni ekki taka sjer nærri dauða þess, að stuðningur sá, sem frv. veitir landsspítalanum, er óendanlega lítill. — Samkvæmt teikningu af landsspítala, sem hæstv. forsrh. (JM), ásamt fleirum hv. þm., samþykti á þingi 1923, var gert ráð fyrir, að spítalinn kostaði 3 milj. kr., og rekstur hans yrði svo dýr, að t. d. kola-upphitun ein kostaði árlega 70 þús. kr. — Þegar þessar áætlanir voru þá til umr., gerði jeg þegar ýmsar aths. við það, að ríkið legði þegar út í svo kostnaðarsamt fyrirtæki, og benti á ýmsa liði, sem mjer fanst ástæða til að rannsaka, hvort ekki mætti spara á, svo sem að hita húsið með vatni úr Laugunum. Þessi stefna mín hefir nú

sigrað, og mun það að nokkru leyti fyrir tilstilli mitt, að hæstv. forsrh. (JM) hefir nú látið gera nýja teikningu af landsspítala, þar sem gert er ráð fyrir stórum mun minni stofn- og rekstrarkostnaði en samkv. fyrri teikningunni.

Ef teikningin frá 1923 er lögð til grundvallar, þá tæki 120 ár að safna fje til spítalans, með 25 þús. kr. framlagi árlega, en skemmri tíma, ef vextir eru reiknaðir með. Undir öllum kringumstæðum er því augljóst, hversu óendanlega lítið landsspítalann dregur um þessar 25 þús. kr. árlega, sem frv. fer fram á að leggja honum til, frá sjónarmiði þeirra, sem samþyktu 3 miljóna teikninguna. Yrði hann þá reistur ofarlega á 21. öld. En nú munu víst flestir, og þar á meðal hæstv. forsrh. (JM), horfnir frá þessari dýru teikningu, og er mjer kunnugt um, að margir flokksmanna hans vilja þegar hefjast handa og byrja á spítalabygginginunni. Og er þá að athuga ódýrari teikninguna. Samkv. henni verður samt að bíða ein 30 ár, ef reisa á spítalann eingöngu fyrir það fje, sem fæst, nái frv. fram að ganga. Þar sem ekki getur komið til mála að draga spítalabygginguna öllu lengur en orðið er, þá tel jeg óhugsandi, að menn ljái því fylgi sitt, að svifta leikhússjóðinn þessum litlu tekjum, til þess að leggja í fyrirtæki, sem gæti komist á laggirnar eftir nálega mannsaldur, en þarf að komast strax í framkvæmd, með fjárframlögum úr ríkissjóði.

Jeg þykist hafa átt nokkurn þátt í því, hversu spítalamálið er nú komið á góðan rekspöl. Nú er von manna, að laugahitinn muni spara tugi þúsunda árlega í rekstrarkostnaði spítalans. Og það er áreiðanlega hægt að vinna landsspítalanum fult gagn, án þess að grípa til þessara 25 þús. kr., sem leikhúsinu eru ætlaðar. Það er hvort eð er enginn sparnaður. Nú eru í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar veittar 20 þús. kr. til vegalagningar í Miðfirði. Hvaða sparnaður væri það, þó að jeg og hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) legðum það t. d. til, að þessum 20 þús. kr. yrði heldur varið til þess að leggja símalínu frá Egilsstöðum að Brekku, sem reyndar er líka bráðnauðsynlegt? Auðvitað er slíkt enginn sparnaður, og sama máli gegnir um frv. það, sem nú liggur fyrir.

Þótt það sje ekki beinlínis í mínum verkahring, þá vil jeg þó benda hæstv. forsrh. (JM) á það, að frv. þetta hlýtur að mæta mótspyrnu í hans eigin herbúðum. Það vill sem sje svo til, að ritstjóri höfuðmálgagns stjórnarinnar er jafnframt leiðbeinandi Leikfjelags Reykjavíkur, og auk þess sjálfur leikritaskáld og frömuður leiklistar. Jeg get varla hugsað mjer annað en að frv. þetta mæti allhvassri „kritik“ úr þeirri átt, „kritik“, sem óþægilegt er fyrir stjórnina að sitja undir. Frv. þetta er því mjög óheppilegt, hvort heldur litið er á það frá menningarlegu eða praktisku sjónarmiði hæstv. stjórnar, sem þó ber það fram. Annars hefi jeg ekkert á móti því, að frv. verði athugað í nefnd.

Forsætisráðherra (JM): Það má vel rjett vera, sem hv. 1. landsk. (SE) heldur fram, að frv. þetta sýni dálitla breytingagirni, því að lögin, sem farið er fram á að breyta, eru ekki gömul. En þó að svo sje, þá stendur ekki mikið öðruvísi á nú en á þingi 1923, þegar núgildandi lög voru sett. Þá var alveg nýlega búið að ráðstafa skemtanaskattinum handa Reykjavíkurbæ, en síðan kipti þingið að sjer hendinni og svifti

bæinn rjetti til að ráðstafa skattinum eftir eigin geðþótta. Þó að frv. þetta nái nú fram að ganga, þá er aðeins höfð svipuð aðferð og höfð var árið 1923. Að vísu get jeg vel skilið, að til sjeu menn, sem eru á móti því að skifta skattinum þannig; það er svo um þetta mál sem flest önnur, að um það geta verið skiftar skoðanir, og við því er ekkert að segja.

Þegar hv. 5. landsk. (JJ) er að gefa það í skyn, að jeg hafi tekið frv. þetta upp af götu minni, og að mjer sje jafnvel ekki meira en svo umhugað, að það nái fram að ganga, þá er því til að svara, að jeg hefði vitanlega ekki borið það fram, ef að jeg áliti það ekki í alla staði rjettmætt, hver sem afdrif þess kunna að verða. Einnig talar hv. þm. (JJ) um rán í sambandi við frv. þetta, án þess að bera það saman við sögu málsins á undanförnum þingum. En það má aðeins segja, að nái frv. samþykki, þá sannist hið fornkveðna, að illur fengur illa forgengur, því að skatti þessum var þá „rænt" 1923, frá Reykjavíkurbæ, handa leikhússjóðnum.

Hv. 5. landsk. (JJ) og jeg munum vera samdóma um það, að skynsamlegra muni vera að hafa væntanlegan landspítala minni en gert var ráð fyrir 1923, enda minnist jeg þess ekki, að teikning sú, sem þá lá fyrir, hafi beinlínis verið samþykt af þinginu. Annars mun bráðlega verða skýrt frá því, hvernig stjórnin hefir hugsað sjer, að ráðast mætti í byggingu landsspítalans, án þess að ofvaxið verði ríkissjóði að standast kostnaðinn. Þó get jeg nú þegar getið þess, að það mun ekki verða kleift á þessu ári, með því líka að fyrst verður að reyna að koma byggingu Kleppsspítalans, sem nú er vel á veg komin, undir þak að minsta kosti. Hinsvegar verður því varla neitað, að landsspítalann munar meira en lítið um þær 25 þús. kr. árlega, sem frv. fer fram á að leggja til hans. Segjum svo, að gert sje ráð fyrir, að lagt verði til spítalans 150—200 þús. kr. árlega, — og alt að því helmingur þess fjár komi frá kvenþjóðinni; þá er ekki hægt að neita því, að það munar um minna en 25 þúsund kr., upp í 75—100 þús. kr., sem ríkissjóðstillagið yrði þá árlega.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta að sinni. Hv. þm. hafa ekki haft á móti því, að það verði athugað í nefnd, og máske verður því einmitt vísað til nefndar, sem þeir eiga báðir sæti í, hv. 1. landsk. (SE) og hv. 5. landsk. (JJ). Verður þá altaf tækifæri til þess að athuga frv. nánar og gefa frekari skýrslur í sambandi við það. — Að því er snertir dæmið, sem hv. 5. landsk. (JJ) tók, um veg í Miðfirði og símalínu á Austurlandi, þá er því til að svara, að það væri í alla staði rjettmætt og sjálfsagt, að veita fremur fje til símalínunnar, ef meira riði á henni en vegarspottanum.

Jónas Jónsson: Enn er eitt atriði milli mín og hæstv. forsrh. (JM) óútkljáð. Hann hefir að vísu gert tilraun til þess að sýna fram á, að landsspítalann munaði það miklu, að fá þessar 25 þús. kr., en hinsvegar hefir hann ekki, sem heldur ekki er von, reynt að sanna, að frv. skaðaði ekki leikhússjóðinn, ef það næði fram að ganga. Viðvíkjandi þeirri hlið málsins vil jeg leyfa mjer að minna hv. þm. á það, sem frsm. frv. um skemtanaskatt og þjóðleikhús, — sem nú eru gildandi lög — sagði, er það frv. var til umr. í hv. Nd. á þingi

1923. Hann lýsti þá yfir því, að leiklist hjer á landi stæði og fjelli með frv. Ef leikfólkið væri svift voninni um viðunandi húsnæði, þá væri um leið skorið á lífæð leiklistarinnar hjer á landi. Það væri mikið mein, ef mönnum skyldi verða það á, að hlaupa fram hjá þessari röksemd, og jeg þykist vita, að hæstv. stjórn muni geta fallist á þau rök, að húsnæðislaus leiklist verður aldrei list.

Jeg skal ekki neita því, að 25 þús. kr. eru altaf 25 þús.; en jeg get ekki stilt mig um að minna hæstv. forsrh. (JM) á það, að hann og hans flokk hjer í hv. Ed. henti það slys síðasta þingdaginn í fyrra að hafna 120 þús. kr. tekjuauka til handa ríkissjóði, 120 þús. kr., sem nú gætu verið til og verja mætti til þess að hefja fyrir byggingu landsspítalans. Sama dag bjargaði hann og flokkur hans 18 þús. kr. embætti, sem búið var að sýna fram á, bæði í þessari hv. deild og í hv. Nd., að vel mætti komast af án. Þessum skildingum sá hann sjer þá fært að kasta úr ríkissjóði til einstaks manns og í vasa áfengisneytenda í landinu, því að þeir einir græða á því, að áfengi er selt vægu verði.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ráð fyrir því, að tími verði til þess síðar að tala um þetta atriði, og hirði jeg því ekki að ræða frekar um það nú. Jeg vil aðeins taka það fram, að það, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði um það, var alls ekki rjett eða a. m. k. svo aflagað, að það tæki langan tíma að svara því rækilega, og það mun sýna sig við síðari umræður málsins, að alt, sem hv. þm. (JJ) hefir sagt nú um málið, er gersamlega rakalaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 102).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Þetta ár, sem var að líða, hefir verið óvenjulega gott. Eftir því sem næst verður komist, er talið, að útflutningur ársins nemi um 80 miljónum króna. Um innflutninginn eru ekki komnar jafnglöggar skýrslur, en þó er talið, að hann muni nema í kringum 55 miljónum króna. Er því hagnaðurinn af þjóðarbúskapnum þetta liðna ár um 25 miljónir, og má það heita einsdæmi, ekki einungis hvað okkur snertir, heldur einnig þó að víða sje leitað.

En þó jeg minnist á þetta góðæri, ætla jeg þó ekki að fara að rökræða um fjárhag landsins að þessu sinni, en bendi aðeins á þetta í sambandi við það, sem segir í áliti nefndarinnar, að ári vel áfram, og þó að næstu ár verði ekki slík veltiár sem þetta eina ágæta ár, sem forsjónin sendi þessari þjóð, þá muni óhætt að gera ráð fyrir, að úr þessu máli rakni það vel, að ríkið sjái sjer fært að hefja byggingu landsspítalans þegar á næstu árum.

Hinsvegar lítur nefndin svo á, að hjer sje um svo mikið alvöru- og nauðsynjamál að ræða, er enga bið þoli. Landsspítalann verður að byggja, og það sem allra fyrst. En með frv. gæti skapast kyrstaða í málinu, því peningar til bygg-

ingarinnar eru seinteknir á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir.

Aftur á móti er auðsætt, að því leyti, er snertir þjóðleikhúsið, að með því að draga fje frá þeirri byggingu, tefur það málið um ófyrisjáanlegan tíma. Nefndin lítur svo á, að bygging þjóðleikhúss hjer í borginni sje nauðsynjamál, sem rjettara sje að hraða en tefja. Þjóðleikhúsið á að verða einn liður í menningarbaráttu þjóðarinnar og andlegri starfsemi hennar. Það á bæði að sýna góða list og skapa nýja list, með því að knýja fram höfunda — alíslenska höfunda — sem semja listræn verk úr lífi þjóðarinnar. Og það ætti óneitanlega að vera metnaður Íslendingum, að slíkir menn kæmu fram á leiksvið bókmenta og lista; þá mundu vakna menn, nýir andans menn, sem kunna að fara með háðið, benda á gallana og kveða niður margt það, er stendur þjóðinni fyrir þrifum. Slíkir gaman- og alvöruleikir úr lífi þjóðarinnar eru hollir og lækna margar meinsemdir hennar, vegna þess, að þeir, sem þá semja, hafa því vopni að beita, sem bitrast er allra vopna, í höndum þeirra andans manna, er með kunna að fara, en það er háðið.

Þessvegna er þjóðleikhúsið mikilsverður liður í andlegu lífi þjóðarinnar, og má ekki dragast mörg árin enn, að það rísi af grunni.

Jeg legg áherslu á þetta, af því, að sumir líta svo á, að hjer sje aðeins um venjulegt gaman að ræða. En það er meira og dýpra. Gleðin er hverjum einstakling mikils virði, og hláturinn er heilnæmur og hressandi. Þessvegna er hjer um alvarlegt mál að ræða.

Þessi lög um skemtanaskattinn eru líka nýsett, til þess að gera, og mjer finst óviðkunnanlegt að breyta þeim, svo að segja strax, og það á meðan ástæðurnar eru hinar sömu og þær voru, þegar lögin voru samin. Að sýna slíkan hringlanda í löggjöfinni, hlýtur að veikja traustið á þessari háu samkomu þjóðarinnar út á við. Okkur ætti þó að standa nær að auka álit Alþingis, heldur en að rýra það.

Jeg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta mál að þessu sinni, en legg aðeins til, að hv. deild felli frv. þetta.

Ingibjörg H. Bjarnason: Enda þótt hv. frsm. (SE) hafi skýrt frá afstöðu nefndarinnar í þessu máli og haft orð fyrir okkur, er sæti eiga í nefndinni, þá vil jeg þó gera nánari grein fyrir minni persónulegu skoðun í þessu efni.

Þá er það fyrst, að lög þessi, sem nú á að fara að breyta, eru ekki eldri en frá 1923. Þá var frv. þessu vísað til sömu nefndar og nú, og átti jeg þá sæti þar. Öll nefndin fjelst á frv., og barg því í gegnum hv. deild. Við vorum öll á þeirri skoðun, að þjóðleikhús væri menningarmál, er Alþingi bæri að styðja. Sú skoðun hefir ekki breyst enn, hvað mig snertir.

Jeg játa það, að jeg vil landsspítalanum vel, enda þykist jeg hafa sýnt það með starfi mínu í þessu máli, bæði hjer á Alþingi og víðar. En jeg get ekki snúist gegn mínum eigin skoðunum á nytsemi annara mála, til þess að látast bjarga landsspítalanum. Jeg segi, að látast bjarga landsspítalanum, því það er persónuleg skoðun mín, að með frv. þessu sje verið að tefja málið, eða stofna til kyrstöðu í því, eins og tekið er fram í nál. Að skifta skemtanaskattinum á þennan hátt, gæti orðið til þess að skapa andúð gegn landsspítalamál-

inu, að minsta kosti hjer í bæ, og jafnvel víðar. Því þykir mjer of mikið í húfi, að tefla slíku nauðsynjamáli í hættu, með því að lofa frv. þessu að halda lengra áfram.

Jeg álít líka, eins og jeg sagði fyr, að þjóðleikhúsið eigi fullkominn rjett á sjer. Og þegar styðja á tvö góð mál, þá er ekki drengilegt eða hyggilegt að setja fótinn fyrir annað, með það fyrir augum að ætla að styðja hitt, sem líklegt er þó að verði aðeins til þess að tefja það. En til þessa er stofnað með frv. þessu, og greiði jeg því hiklaust atkvæði á móti frumvarpinu.

Forsætisráðherra (JM): Mjer kom það nú ekki svo mjög á óvart, þó að hv. mentmn. legðist á móti frv. þessu og vilji halda skemtanaskattinum óbreyttum til þjóðleikhússins.

Framsöguræða hv. 1. landsk. þm. (SE) grundvallaðist mest á nál. Hann drap á þetta, sem allir vita, að síðasta árið hefir verið óvenjulega hagstætt þjóðarbúskapnum, og hann hjelt því fram, að kæmu fleiri slík góð ár á eftir, þá liði ekki á löngu, að landsspítalinn risi af grunni. Um þetta atriði er jeg algerlega sammála honum og nefndinni. En því vildi jeg þó bæta við, að jafnan er erfitt að spá eða spyrja um árferði, eða hvað framundan er. Og þetta ár, sem nú er að byrja, hefir ekki byrjað vel. Við vitum, að fljótt skipast veður í lofti og að slæmt ár getur fylgt á eftir góðu ári. En satt er það, að eitt ár getur gert nokkuð til að bæta úr.

Annars verð jeg að láta þess getið, að mjer finst nefndin alt annað en vongóð um byggingu landsspítalans, úr því hún tekur ekki fastari tökum á því en svo, að binda byggingu hans við það eitt, að ári vel, — „ef árar vel", stendur í nál.

Jeg hjelt, að nefndin, og raunar allir, mundu líta svo á, að óhjákvæmilegt væri að vinda mjög bráðan bug að því, að koma landsspítalanum upp, og byrja á því starfi sem allra fyrst, og án þess að binda það við árferði. Sem betur fer, er það ekki afskaplega mikið fje, sem vantar, til þess, að byrjað sje á þessari byggingu, það eru svona um 75 þúsund kr., fyrstu 2—3 árin, og þá verð jeg að segja, að ⅓ þessarar upphæðar sje þó nokkurs virði, en því er hægt að ná á þann hátt, sem frv. þetta nefnir. Jeg held, að engum, og ekki heldur sparnaðarnefnd, hafi komið til hugar, að bíða ætti þangað til að öll sú upphæð væri fengin, er þyrfti til þess að reisa landsspítalann En hinsvegar leit nefndin svo á, að þær 25 þús., er frv. gerir ráð fyrir að fengist af skemtanaskatti, mundu þó ljetta undir. Þessi „kyrstaða" í málinu, eins og mentamálanefnd túlkar það í áliti sínu, er því misskilningur. Enda tók jeg þetta fram við 1. umr. málsins, en það er eins og nefndin hafi ekki heyrt það, eða þá gleymt því aftur; annars hefði hún ekki komið með þessa fjarstæðu í nál. sínu.

Hvað þjóðleikhúsið snertir, og rök þau, sem fram eru færð um nauðsyn þess, þá ætla jeg ekki að mótmæla því. En það er ekki auðsætt, að þjóðleikhús eigi að byggja og reka á kostnað ríkissjóðs, enda mun það ekki vera svo í nágrannalöndunum, nema í Danmörku. Þar er þjóðleikhús, en í þessu þyrftum vjer ekki endilega að fara að þeirra dæmi.

Jeg get ekki annað sjeð, en að það

sje all-ríkulega af sjer vikið, að leggja um 50 þús. kr. á ári til þjóðleikhúss, á sama tíma og viðurkent er, að ekki sje hægt að byrja á öðru eins þjóðnytjastarfi og því, að byggja landsspítalann. Jeg veit að sönnu, að skoðanir manna skiftast, en fyrir mjer er það ekkert álitamál, hvað nauðsynlegast sje. Sparnaðarnefnd hefir talið nauðsynlegast að hjálpa spítölum í landinu, og sömu skoðunar er jeg. Því verður víst ekki neitað, að það er margt, sem á eftir rekur í þessu efni, og ekki hægt að sinna öllu. Jeg skal t. d. nefna berklahæli á Norðurlandi. Þaðan berast mjög alvarlegar kvartanir um það, hvað spítalinn á Akureyri sje orðinn lítill og ófullnægjandi. Þar er ætlað rúm 60 sjúklingum, og nú sem stendur er hann fullskipaður, og 50 af sjúklingunum eru berklaveikir. Með öðrum orðum: Akureyrarspítalinn tekur nær eingöngu orðið berklaveika sjúklinga, svo aðrir komast ekki að. Sjá því allir, að hjer er um mikil vandræði að ræða, og að ekki verður hjá því komist að bæta úr þeim sem fyrst.

Hvaðanæfa hafa borist kvartanir frá sjómönnum landsins yfir því, að vitar væru ekki nægilega margir. Það er enginn vafi á því, að mjög mætti bæta úr þessu ástandi með byggingu smávita fyrir 25 þús. krónur á ári, og hversu gott og gagnlegt sem þjóðleikhúsið kann að vera, þá finst mjer þó, að hitt ætti að ganga fyrir. Þessi skattur er óneitanlega sama sem framlag úr ríkissjóði, eða bæjarsjóði, sveitarsjóði, meðan þeir áttu að fá skattinn. Oss fer í þessu atriði líkt og manni, sem byggir sjer sumarbústað, en lætur börnin sín svelta. Jeg veit ekki, hvort mentmn. er fyllilega ljóst það neyðarástand, sem spítalaleysið hefir í för með sjer víðsvegar um land.

Jeg hefi ekki hreyft þessum andmælum gegn nál. hv. mentmn. vegna þess, að jeg búist við að hafa áhrif á gang málsins hjeðan af. En jeg vildi sýna, að frv. sparnaðarnefndarinnar væri engin fjarstæða, eins og gefið hefir verið í skyn af andstæðingum málsins. Eins og áður hefir verið tekið fram, er frv. þetta komið frá sparnaðarnefnd, sem mjer er óhætt að segja, að er skipuð bestu og gætnustu mönnum, sem kostur er á. Jeg hefi, satt að segja, ekki miklar vonir um, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en jeg vil, bæði fyrir hönd stjórnarinnar og sparnaðarnefndar, leitast við að sýna fram á, að hjer sje um rjett mál að ræða, þótt hvorki hv. mentmn. nje máske hv. deild vilji ljá því fylgi sitt. Þetta er í raun og veru smámál frá stjórnarinnar hálfu. (SE: Mjer hefir heyrst á orðum hæstv. forsrh., að það sje stórmál.) Hv. 1. landsk. þarf ekki svo mjög að kippa sjer upp við það, þótt forlög stjórnarfrumvarpa sjeu upp og ofan. Hann hefir sjálfur á sínum tíma orðið að reyna sitt af hverju í því efni, og jeg held, að það sje ekki ofmælt, þótt sagt sje, að sum af frv. þessa hv. þm. (SE) hafi verið vonargemlingar.

Þá hefir nú verið talað um hringl í þessu máli. Saga málsins er sú, að með lögum frá 1918 var bæjar- og sveitarstjórnum heimilað að leggja á skemtanaskatt í sínar þarfir. Skatti þessum var afsalað í hendur ríkisins seinna, og árið 1921 er honum beitt í Rvík. 1923 er svo ákveðið, að allur skemtanaskattur skuli ganga til fyrirhugaðs þjóðleikhúss. Ef um hringl er að ræða í þessu frv., þá er það sama hringlið og 1923, og því

engin sjerstök ástæða til að núa stjórninni eða öðrum fylgismönnum frv. hverflyndi um nasir í þessu efni.

Það, sem mjer þykir lakast við þessar umræður, er það, að ekki er laust við, að beint hafi verið hálfgerðum ónotaummælum til sparnaðarnefndarinnar. Allir þeir, sem í þeirri nefnd áttu sæti, eru svo þjóðkunnir menn, að þeir hefðu átt að sleppa við slíkt aðkast. Það var síður en svo, að þeir sæktust eftir að vera í nefndinni; þeir voru einmitt mjög tregir til þess. Formaður nefndarinnar ljet það og í ljós, að hann byggist ekki við neinum fagnaðarviðtökum, þótt nefndin kæmi fram með eitthvað til sparnaðar. Nefndin hefir aðeins viljað gera það eitt, sem henni fanst rjettast, hvernig sem þingið kynni að taka í till. hennar.

Þótt jeg hafi sagt eindregið skoðun mína um þetta mál, þá get jeg þó engan veginn talið það stórmál. En jeg vildi sýna, að frv. væri á rökum bygt.

Jeg þarf ekki að svara hv. 6. landsk. (IHB) mörgum orðum. Hún talaði um kyrstöðu í málinu, en þær ásakanir hefi jeg áður hrakið. Mjer er heldur ekki skiljanlegt, hvernig þetta frv. getur skapað andúð gegn landsspítalamálinu. Það er enginn vafi á því, að þjóðleikhúss er óskað af ýmsum, en þrátt fyrir það er alls ekki sjálfsagt, að leikhús sje kostað af ríkisfje. Að það sje ódrengilegt, að fylgja þessu frv., það nær ekki nokkurri átt. Þegar ákveðið var (1923), að verja skemtanaskattinum til þjóðleikhúss, þá gat jeg ekki, og 2 eða 3 þingmenn aðrir, fylgt því máli. Mjer hefir altaf þótt þetta framlag full-ríflegt, á þeim sama tíma og vjer höfum orðið að neita oss um svo margt, sem mjer þótti nauðsynlegra.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Hæstv. forsrh. byrjaði varnarræðu sína á því, að jeg hefði fátt eða ekkert nýtt sagt í þessu máli. Það er nú vanalegast, að nefndarálit sjeu sá grundvöllur, er framsöguræðan byggist á, og hefi jeg þegar getið þess, að svo væri og hjer. (**Forsrh.:** Jeg sagði það.) Jeg mun ekki hefja neina þrætu um það atriði, en snúa mjer heldur að aðalefninu í ræðu hæstv. forsrh. Hann sagði meðal annars, að þetta liðna ár hefði verið óvenjulega gott, en ekki mætti treysta því, að svo yrði framvegis. Það er hverju orði sannara, að síðastliðið ár hefir verið frábærlega vel hagstætt. Að vísu má vel vera, að ríkissjóður hafi ekki borgað mjög mikið af skuldum sínum, en hitt er víst, að hagur landsmanna hefir stórum batnað, og að mörg fyrirtæki, er áður stóðu höllum fæti, eru nú sterk orðin. Og á hverju skyldi hagur ríkissjóðs byggjast, nema á hag þjóðarinnar!

Á undanförnum þingum hefir mönnum orðið mjög tíðrætt um hið bága ástand ríkissjóðs. Þrátt fyrir það er sannleikurinn sá, að hjer eru ríkisskuldirnar miklu minni tiltölulega en nokkursstaðar annarsstaðar á Norðurlöndum. Á þessu síðasta ári hefir þjóðin grætt meira en nemur öllum skuldum ríkissjóðs.

Hæstv. forsrh. varði sparnaðarnefnd með miklum ákafa, enda þótt hvergi sje títuprjónsstunga til hennar í nál. eða ræðu minni. Hann sagði, að það væri rangt, að sú nefnd hefði viljað bíða með byggingu landsspítala, uns nægilegt fje hefði safnast á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Um það hefir heldur ekki eitt orð verið sagt, heldur aðeins hitt, að sú gæti afleiðingin orðið, ef frv. yrði samþykt.

Þá bar hann saman þörfina á landsspítala og þjóðleikhúsi. Með alveg sama rjetti gæti hann borið landsspítalann saman við alla aðra liði fjárlaganna. Mjer heyrðist svo á hæstv. forsrh., að landsspítalinn ætti að ganga fyrir öllu öðru. Ef svo er — og jeg efast ekki um nauðsyn þess máls — þá verður þjóðin alt of lengi að bíða eftir honum, eigi að reisa hann fyrir þennan hálfa skemtanaskatt.

Þá sagði hæstv. forsrh. og, að sum af frv. mínum hefðu verið sannarlegir vonargemlingar. Hann virtist styggjast mjög við það, að jeg greip fram í fyrir honum, alveg eins og hjer væri mál á ferðinni, sem stjórnin ætti að velta á. Það er rjett, að mörg af sparnaðarfrv. mínum náðu ekki samþykki Alþingis, en í þeim var þó farið fram á sparnað, sem um munaði. Nægir í því efni að minna á frv. um samsteypu sýslumannaembættanna. Sjest nú best, hve sá sparnaður, sem þar er farið fram á, er mikill, þegar tekið er tillit til hins aukna skrifstofukostnaðar sýslumanna, sem núverandi stjórn hefir orðið að taka til greina — og sjálfsagt var að taka til greina.

Þegar jeg nú lít á þann sparnað, sem er á uppsiglingu í þeim tveim frv., er komið hafa frá hv. sparnaðarnefnd, þá get jeg ekki annað, en spurt hæstv. forsrh., hvort á því muni vinnast, að nefndin starfi áfram. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að engin önnur leið til verulegs sparnaðar er fær, nema sú, sem jeg stakk upp á, einmitt í þeim frv., sem hæstv. forsrh. kallaði vonargemlinga.

Þá kom hæstv. forsrh. með þá samlíkingu, að nefndinni færist í þessu máli líkt og manni, sem bygði sjer sumarbústað, en ljeti börnin sín svelta. Í samlíkingunni sýnist mjer koma fram lítill skilningur á þýðingu góðs þjóðleikhúss. Jeg er sannfærður um, að þó að þjóðleikhús gerði ekki annað en framleiða nokkur skopleikaskáld, sem ljetu háðið skella á ýmsum þeim sljóleika, sem dafnar mjög vel í skjóli hinna ráðandi, stærri flokka í landinu, þá væri það eitt nægilegt til þess að rökstyðja nauðsyn þjóðleikhúss.

Jeg verð að telja það t. d. hreinan og beinan sljóleika, þegar hæstarjetti vorum er breytt úr fimm manna dómi í lítilfjörlega þriggja manna nefnd, sem kýs sjer oddamann eins og hreppsnefnd. Jeg kalla það sljóleika, að utanríkismálum vorum sje komið þannig fyrir, að með þau fari maður, hversu góður sem hann er, sem er undirmaður utanríkisráðherra Dana. Jeg get heldur vart kallað það annað en sljóleika, að forsætisráðherra skuli ekki fara sjálfur utan, til að leggja lagafrv. fyrir konung, þar sem þetta er þó að minsta kosti orðin föst venja, og sýnast mætti, að forsætisráðherrann hefði næg erindi erlendis, þar sem búið er að leggja niður sendiherraembættið í Kaupmannahöfn.

Jeg var neyddur til að víkja að þessu atriðið í sambandi við þjóðleikhúsið, því ef það gæti orðið til þess að eyða einhverju af þeim sljóleika, sem jeg drap á, teldi jeg það vel farið.

Af sömu ástæðu hefi jeg jafnan verið styrktarmaður háskólans, barnaskólamentunarinnar, unglingafræðslunnar.

Og því fleiri segl, sem dregin eru upp á hinni dökku skútu afturhaldsins, þess meiri þörf á því, að efla allskonar menningu hjá þjóðinni, svo að hún læri að þekkja hvítt frá svörtu.

Jónas Jónsson: Af því að stundum hefir verið sagt, að jeg sýndi kaupmannastjettinni ekki þá sanngirni, sem hún ætti skilið, skal jeg geta þess, að síðasta sumar var jeg samferða kaupmanni frá Hornafirði á skipi milli landa, Þórh. Danielssyni. Talið barst að Reykjavík. Hann sagði, að hjer þætti sjer fyrst og fremst vanta tvent: landsspítala og þjóðleikhús.

Mjer þótti dálitið óvanalegt að heyra mann úr hans sjett líta svo mannlega á þetta mál, og því get jeg þessa hjer. Hann leit svo á, að þó að menn úti um land nytu ekki þjóðleikhússins beinlínis, þá gæti það þó haft afarmikla þýðingu fyrir þjóðina alla. Jeg lít eins á þetta mál, og vil, að hvorttveggja geti komist á sem fyrst. Jeg vona, að jeg geti átt einhvern þátt í að koma hreyfingu á landsspítalamálið síðar á þessu þingi. Jeg býst við, að aðstaða hv. 6. landsk. (IHB) gagnvart þessu frv. sje nægileg trygging fyrir því, að menn geti verið með landsspítala, án þess að vera með þessu frv. Jeg tel það sóma fyrir hv. 6. landsk., að sú gildra, sem landsstjórnin hefir sett með þessu frv. fyrir vini landsspítalans, hefir ekki haft tilætluð áhrif.

Jeg drap á það við 1. umr., hve mikil fjarstæða það væri, að þetta frv. flýtti fyrir góðum úrslitum í landsspítalamálinu. Ef miðað væri við áætlunina um 3 milj. kr. stofnkostnað og ½ milj. kr. rekstrarkostnað, væri ekkert eiginlegt gagn að þessu. Það yrði að bíða á aðra öld. Ef gert væri ráð fyrir 800 þús. til 1 milj. kr. stofnkostnaði, yrði samt að bíða fullan mannsaldur. En það eru tveir möguleikar til þess, að hægt verði að byrja á landsspítalabyggingunni strax í sumar. Annar er von um erlenda gjöf, sem þó má ekki tala um frekar, að svo stöddu. Hitt er úrræði, sem jeg, í fjelagi við einn eða fleiri þingmenn, mun væntanlega koma fram með eftir nokkra daga.

Viðvíkjandi þjóðleikhússþörfinni vildi jeg leyfa mjer að leiða fram eitt vitni, sem jeg býst við, að hæstv. forsrh. taki gilt, þar sem um er að ræða ritstjórann að hans eigin málgagni, eina málgagninu, sem stjórnin ekki afneitar. Aðalritstjóri Íhaldsins segir:

„Öllum þeim, sem finst menning vera höfuð-keppikefli hverrar þjóðar, mun þykja lögin um stofnun þjóðleikhúss, sem samþykt voru á síðasta þingi, ein hin merkustu lög, sem hið endurreista Alþingi Íslendinga hefir borið gæfu til þess að setja. Ber því að vona það, að þingið í ár gæti svo sóma síns, að spilla ekki þessum lögum."

Jeg vænti þess, að hæstv. stjórn taki tillit til þess manns, sem talar við þjóðina fyrir hennar munn, og sæki ekki fast að eyðileggja lög, er þessi maður segir einhver hin merkustu, sem sett hafi verið síðan 1845. Það hefir líka verið tekið svo djúpt í árinni, af þeim, sem að leiklistinni standa, að kalla þetta eitthvert mesta menningarmálið, sem fyrir þingið hafi komið.

Þá vil jeg víkja að öðru í áminstri grein, þar sem ritstjórinn skýrir frá, hvernig stjórnin muni líta á þetta mál. Hann segir fyrst frá afstöðu minni og hv. 1. landsk. (SE). Síðan skýrir hann frá áliti forsrh.:

„Ræða forsætisráðherra bar þess ljósan vott, að stjórninni myndi lítið áhugamál, að frv. næði fram að ganga, þó að hún hefði lagt það fyrir þingið, eftir ósk sparnaðarnefndarinnar, og vildi, að

það yrði íhugað í sambandi við landsspítalamálið.“

Jeg skoða þetta — eins og menn segja erlendis — opinbera tilkynningu, og hún er hæstv. forsrh. til sóma. Skoðun ritstjórans, sem virðist „inspireruð“, er sú, að forsrh. geri þetta fyrir siðasakir, vegna sparnaðarnefndarinnar.

Það er ein fyrirspurn, sem jeg vildi gera til hæstv. forsrh. í þessu sambandi, hvort það er rjett, að hjá stjórninni liggi stórir haugar af sparnaðarfrv. frá þessari nefnd, sem þingið ekki fær að sjá. Jeg skora á hann að koma fram með allar sparnaðartillögur, sem fram hafa komið, en ekki að salta meirihlutann, en koma svo fram með nokkrar fyrir siðasakir.

Jeg hefi nú sannað með ummælum Íhaldsins sjálfs, að hæstv. forsrh. hafi gert það aftan við bakið á sjer, að bera fram þetta frv. Það má ekki ætla, að ritstjórinn vilji gera stjórninni rangt til, og hafa því þessi ummæli mikið sönnunargildi.

Þá mintist hæstv. forsrh. á atkvgr. 1923, og reiknaði þannig, að það, sem þessi deild hefði samþykt þá, mundi hún samþ. nú, þ. e. a. s., ekki snúast. En henni er þó ætlað að snúast í dósentsmálinu, og er þó minni ástæða til, þar sem sama þing fer með það mál eins og í fyrra. Jeg tek þetta sem fulla sönnun þess, að skoðun ritstjórans sje á rökum bygð; hæstv. forsrh. ætti ekki að leggja eins mikið kapp á að snúa ofan af flokksbræðrum sínum í þessu máli og dósentsmálinu.

Þá var langur kafli í ræðu hæstv. forsrh. um, hvað okkur vantaði. Það er alveg rjett. Okkur vantar spítala, vegi, vita, brýr o. m. fl. En er það þá fyrst nú, að stjórnin hefir fengið fullan skilning á þessu? Jeg get bent á, að síðasta dag þingsins í fyrra kastaði stjórnin frá sjer álitlegum tekjum af álagningu vína, og með því að sameina forstöðu áfengisverslunar og landsverslunar hefði sparast nærri því eins mikið og stjórnin gerir nú ráð fyrir að fá, með því að rýja þjóðleikhúsið. Og nú í ár hefir stjórnin lagt fram tekjuskattsfrumvarp, sem mun skaða landið stórkostlega. Það miðar að því, að ljetta á stóreignamönnum, svo að landið hafi ekki sanngjarnar tekjur af gróða þeirra. Hvar er þá endurminningin um spítalana, vegina, brýrnar og alt annað, sem vantar? Og nú síðast er Íhaldið að kasta frá landsjóði alt að ½ miljón króna á ári af verslunargróða tóbaks.

Það er ekki hægt að hafa verulega samúð með sparnaðarkvaki þeirra manna, sem fleygja frá sjer svona tekjum, sem landið gæti haft. Og svo segja þeir, að ekki sje hægt að byggja o. s. frv. Nei, það er ekki til neins að hefja sparnaðarsöngva, en kasta um leið frá sjer fje til þess að halda við alóþörfum embættum, eða til þess að gera einhverri stjett ofurlitinn greiða, eins og kaupmönnum, með því að kasta í þá tóbaksgróðanum.

Þá sagði hæstv. forsrh., að í sparnaðarnefndinni væru þjóðkunnir menn. Má ekki eins „kritisera“ gerðir þeirra fyrir því? Einmitt þessvegna verða þeir miklu fremur að bera ábyrgð á orðum sínum og gerðum. Mjer er líka persónulega kunnugt um, að þessir menn vilja spara á ýmsan hátt, t. d. með samfærslu embætta. En þetta frv. er alls ekki sparnaðarfrumvarp. Það miðar að því, að spilla fyrir þjóðleikhúsinu, án þess að bæta aðstöðu landsspítalans.

Síðast en ekki síst má telja það ilt

fyrir stjórnina, að hafa sitt eigið málgagn á móti sjer og geta átt von á magnaðri „kritik", fyrir að eyðileggja þetta merkilega mál.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg var því miður ekki við, er frv. þetta var lagt fram í deildinni, og hefi ekki haft tök á að kynna mjer umræðurnar.

Það gleður mig mjög, að hæstv. forsrh. hefir lýst því yfir, að landsspítalamálið ætti að ganga fyrir öllum öðrum málum. Yfirlýsing þessi þykir mjer svo mikils virði, að mjer finst allir þröskuldar í máli þessu lágir orðnir.

Að jeg hafi farið niðrandi orðum um sparnaðarnefndina, er ekki rjett. Jeg væni hvorki hana nje hæstv. stjórn um ódrengskap í þessu máli. Stjórnin hefir auðvitað lagt frv. þetta fram í góðum tilgangi. Í sjálfu sjer finst mjer 20—25 þús. kr. ekki óveruleg upphæð, og væru ekki aðrar leiðir heppilegri til þess að afla landsspítalanum fjár, gæti jeg ef til vill aðhylst þessa. En eftir þessar umr. í dag, er jeg svo bjartsýn, að mjer virðist aldrei hafa horft vænlegar við fyrir landsspítalamálinu en nú. En að lokum tek jeg það fram, að jeg hefi alls ekki vænt sparnaðarnefndina um ódrengskap, þó að jeg gæti ekki átt samleið með henni í þessu máli.

Forsætisráðherra (JM): Mjer virðist hv. frsm. (SE) taka hvert orð illa upp fyrir mjer. Mjer kom þetta á óvart. Jeg ætlaði ekki að meiða tilfinningar hans í nokkru, nema það hafi meitt hann, að jeg hjelt því fram, að landsspítali o. fl. gæti talist nauðsynlegri en þjóðleikhús. Það var ekki meiningin, að sneiða neitt hv. 1. landsk., en það, sem jeg meinti, var þetta, að það sýndi sig, að öll sparnaðarviðleitni frá stjórninni fengi engan byr. Þegar jeg legg fram þetta frv., kemur þetta litla óveður frá hv. mentmn. Mjer var þó skylt að bera hönd fyrir höfuð sparnaðarnefndar og landsstjórnar, að frv. sje á rökum bygt. Það eru engin bönd lögð á neinn þm. með að samþ. frv.

Hv. frsm. virtist álíta, að jeg mundi ímynda mjer, að þetta frv. hefði einhverja þýðingu fyrir það, hvort stjórnin yrði áfram. En jeg verð að segja, að það yrði þá eitthvað að breyta frá gamalli venju, ef þetta ætti að hafa áhrif í þá átt. Jeg skal ekki segja, nema það hefði getað komið fyrir í enska parlamentinu, að talað hefði verið um slíkt, en áreiðanlega hvergi annarsstaðar. Hv. frsm. sagðist hafa verið svo göfuglyndur að gefa sparnaðarnefndinni alla sök á þessu frv. Jeg get nú ekki tekið mjer það til inntekta. Ef jeg hefði álitið frv. ótækt, hefði jeg áreiðanlega ekki borið það fram. Jeg ætlaði ekki á nokkurn hátt að deila á hv. frsm. Þvert á móti. Og þó jeg segði, að hann hefði verið vanur að fylgja sínum málum, hvort sem útlit var fyrir að þau gengi fram eða ekki, þá álít jeg það ekkert last.

Hv. þm. (SE) mintist á skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta. Mjer er ekki kunnugt um það, en held, að enginn mismunur hafi nokkurntíma verið á skoðunum okkar um það atriði.

Viðvíkjandi fjölda sýslumanna, þá kemur okkur saman um, að sum embættin megi sameina. En það er engin ástæða til að ræða um þau atriði nú.

Hv. þm. spurði um framtíðarstarf sparnaðarnefndarinnar. Því get jeg ekki svarað, að svo stöddu. En hitt get jeg sagt, að þeir, sem nú eru í nefndinni,

fóru allir í hana nauðugir, svo að jeg hygg, að þeir muni ekki kæra sig um að halda áfram, eftir þeim undirtektum, sem verk þeirra hafa fengið.

Hv. þm. var að tala um, hvað væri „parlamentariskt". Jeg held nú helst, að orðið „vitleysa" geti ekki talist það. Jeg held, satt að segja, að í Grágás sje það orð talið alveg ófyrirgefanlegt á þingi. Grágás hefir þrjú orð, sem voru óleyfileg og vörðuðu skóggangssök. (SE: Hæstv. forseti hringdi ekki.) Hann talaði um eitthvað tvent, sem jeg heyrði eigi glögt, jeg held um hæstarjett og meðferð utanríkismálanna. (SE: Jeg skal halda ræðuna aftur, ef vill). (JJ: Hann nefndi „legátann"). Jæja, var það „legátinn". En viðvíkjandi þessum sljóleika, sem hann talaði um, þá veit jeg ekki, hvort hann er að áfellast stjórnina eða þingið? Jeg veit ekki, hvort hann vill áfellast stjórnina fyrir það, að senda ekki sendiherra til Khafnar, þegar þingið hefði ekki veitt fje til þess? En annars, ef tala skal hitalaust um þetta mál, þá er stjórnin fús til að taka upp umræður við hv. þm. um þetta mál. Þá vona jeg og, að háttv. þm. telji eigi þann mann, sem nú fer með þessi mál fyrir vora hönd í Khöfn, illa fallinn til þess starfa; varla held jeg að sá maður, Jón Krabbe, verði talinn erlendur embættismaður. Mig undraði það mjög, þegar háttv. þm. fór að átelja mig fyrir það, að jeg fór eigi á konungs fund, til þess að leggja fyrir hann frv. stjórnarinnar áður en Alþingi kæmi saman. Jeg hygg, að hv. þm. hafi eigi athugað eða vegið vel orð sín, er hann ljet þetta um mælt. Það stendur hvergi í stjórnarskrá ríkisins, nje í öðrum lögum, að ráðherra sje skylt að fara utan með frv. stjórnarinnar, til þess á þann hátt að fá samþykki konungs til þess að þau megi leggja fyrir Alþingi. Enda er það í sjálfu sjer alveg ónauðsynlegt, og hefir þráfalt átt sjer stað, að frv. hafa verið send konungi, án þess að ráðh. færi með þau; ekki þannig, að þetta hafi aðeins átt sjer stað um eitt frv., heldur oftlega um mörg frv. í senn. Sumstaðar leggur ráðherra fyrir þing frv., án þess að til þess sje áður fengið samþykki frá konungi. Það hefir oftast verið svo áður, að forsætisráðherra hefir haft ýms önnur erindi að reka í utanferðum, um leið og hann fór á konungsfund, til þess að leggja frumv. fyrir konung. Það hafa stundum verið ýmisleg peningamál, sem þurftu afskifta stjórnarinnar; en nú voru engin slík mál fyrir hendi, sem kölluðu að í þetta sinn.

Hvað viðvíkur fyrirspurn hv. þm., að því leyti, sem hún snertir utanríkismál vor, þá mun jeg geyma að svara því, þar til jeg svara fyrirspurn, sem nú liggur fyrir þinginu, um þau mál. En hvað sem um það annars er að segja, þá hefi jeg eigi vitað betur, en að hv. 1. landsk. hefði haft, og hefði enn, nákvæmlega sömu skoðun og jeg, um stefnu vora í utanríkismálum. Jeg hefi eigi orðið var við neinn skoðanamun hjá okkur. Jeg skal eigi ætla hv. þm., að hann telji hr. Jón Krabbe óhæfan til þess að fara nú með þessi mál, eins og hann hefir gert í mörg undanfarin ár. Þetta, sem hv. þm. sagði um hæstarjett, hefði ekki átt að koma hjer fram í umr. um þetta mál. Jeg held enga ástæðu til að rugla þessum málum saman. Hæstirjettur ætti að fá að vera utan við þessar umr.

Nauðsyn á leikhúsi hefi jeg ekki neitað, en jeg hefi sagt það, að jeg teldi ekki sjálfsagt, að það væri kostað af

ríkisfje. Það er alt og sumt, sem jeg hefi sagt um þetta. Jeg benti á sum erlend þjóðfjelög (t. d. Noreg), þar sem engum eyri er varið til þess úr ríkissjóði, nema gefin lóð.

Háttv. 5. landsk. (JJ) var eitthvað að tala um „erlenda möguleika". Jeg veit vel, við hvað þessi hv. þm. á með þessum orðum sínum. En hann hefði alls eigi átt að nefna þetta hjer. (JJ: Það er farið að tala um þetta opinberlega, t. d. í Morgunblaðinu). Það var ekki gert þannig að umtalsefni þar, að það rjettlæti það, að þingmenn dragi það inn í umr. á Alþingi. Sami hv. þm. talaði og um þörfina á þjóðleikhúsi, og þörfinni á leikhúsi hefi jeg aldrei neitað, nje heldur því, að það sje mikið menningarmeðal fyrir þjóðfjelag vort; en jeg hefi aðeins sagt, að til eru og önnur nauðsynjamál, sem bíða framkvæmda, og um það má deila ávalt, hver þau eru, sem minsta biðina þola.

Háttv. þm. talaði um hrúgur af frv. frá sparnaðarnefnd, sem eigi væri komin fram. Jeg veit ekkert um slíka hrúgu; það gæti verið, að hv. þm. vissi um það fyrir því. Það gæti þó hugsast, að eitthvað væri enn ókomið frá nefndinni, en jeg hefi ekki sjeð þau eða fengið neina vitneskju um, að þau væri til. Jeg veit að vísu um tvö smávægileg frv., frv. sem jeg varla vænti, að háttv. 5. landsk. muni telja sparnaðarfrv. Þessi tvö frv. eru enn eigi komin fram fyrir þingið, og þau frv. eru heldur eigi meint sem sparnaðarfrv. Hvað viðvíkur frv. stjórnarinnar um dósentsembættið, þarf eigi að draga það inn í umr. nú; tækifæri munu nóg gefast til þess að rökræða það mál síðar.

Háttv. 5. landsk. segir, að jeg geri ráð fyrir, að frv. þetta verði ekki samþ. Það er rjett, að jeg sagði, að jeg gerði mjer eigi of miklar vonir um það. En jeg læt þar nótt, sem nemur, að því er það snertir. Jeg hefi aldrei álitið viðeigandi, að krefjast atfylgis flokksmanna minna í hverju smáatriði, sem þessu, enda þótt háttv. 5. landsk. þyki sjálfsagt, að flokksmenn hans allir fylgi honum ávalt að málum, hversu ómerkileg atriði, sem um er að ræða. Hvað snertir árás þessa hv. þm. á Íhaldsflokkinn, fyrir að hann sje að skerða tekjur ríkissjóðs, er ekki ástæða til að svara því með öðru en útkomunni á landsbúskapnum síðastl. ár. Jeg hygg, að það muni nægilegt svar af stjórnarinnar hálfu, og jeg held, að Íhaldsflokkurinn mundi engan hag hafa af því, þó að hann hlyti samúð hv. 5. landsk. í þeim málum eða öðrum.

Þá skil jeg heldur eigi hugsanagang háttv. 5. landsk., er hann telur það eiga að vera aðalatriði fyrir stjórnina, og hún megi alls ekki bera fram frv. um eitthvert málefni, ef t. d. ritstjóri flokksblaðs Íhaldsflokksins væri á annari skoðun í því máli. Væri svo, að þessi ritstjóri Íhaldsflokksblaðsins ætti að leggja samþykki sitt á hvert frv. stjórnarinnar, væri engu minni ástæða til að ætla, að allir flokksmenn stjórnarinnar í Íhaldsflokknum yrðu að fallast á þau líka. En þetta hvorki er, nje hefir nokkru sinni átt sjer stað, og hefir heldur aldrei komið fyrir í allri okkar þingsögu. Jafnvel á þeim árum, þegar „sterk" stjórn sat að völdum, og hafði stóran meirihluta við að styðjast, kom það oft fyrir, að stjórnin fjekk jafnvel skráveifur af sínum eigin flokksmönnum. Jeg hefi aldrei krafist þess af flokksmönnum

minum, að þeir væru allir jábræður stjórnarinnar í hverju atriði.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það er ekki ýkjamargt, sem jeg þarf að svara hæstv. forsrh. Jeg tók það fram, að Krabbe hefði mitt fulla traust, og það hefi jeg oft tekið fram áður. En fyrirkomulagið, eins og það er nú, er óþolandi. Sá maður, sem er undirmaður utanríkisráðherrans danska, embættislega sjeð, getur ekki fyrir vora hönd mætt sem samningsaðili við hann. Fyrirkomulagið er því vottur um sljóleik.

Um hið bitra vopn, háðið, talaði jeg í fyrri ræðu minni í sambandi við þjóðleikhúsið, og get jeg vísað til þess.

Það var öldungis rjettmætt, er jeg talaði um sljóleika í sambandi við breytinguna á hæstarjetti, frá síðasta þingi. Jeg hefi ekki lagt marga steina í götu hæstv. núverandi forsrh. sem stjórnarformanns, en jeg verð að játa, að mjer var það stór sorg, er hann bar fram hæstarjettarfrv. sitt, sem honum, illu heilli, tókst að merja gegnum þingið; frv., sem nálega allir helstu lögfræðingar okkar eru mjer sammála um, að sje óverjandi. Hafa síðan margir merkir lögfræðingar vakið máls á því við mig, að nauðsyn væri á að flytja inn á þing aftur frv. um hæstarjett, til að fá þessu kipt í lag aftur. — Hæstirjettur er nefnilega einn hyrningarsteinninn undir þjóðfjelagsskipun vorri.

Þá hefir stjórnin brugðið út af fastri venju, sem áður hefir tíðkast um uppburð frv. fyrir konungi í ríkisráði, sem þó hefir hingað til verið haldið fast við sem nær ófrávíkjanlega stjórnarvenju. Jeg skal að vísu játa, að undantekningar hafa oft átt sjer stað um einstöku frv., bæði í minni stjórnartíð sem annara, en í þessu efni er jeg það íhaldssamur, að jeg vil ekki breyta til frá fastri venju. Það stendur og í stjórnarskrá ríkisins, að bera skuli upp fyrir konungi í ríkisráði lög og allar meiri háttar stjórnarathafnir.

Þá endurtek jeg það enn, að frá mjer hefir eigi fallið eitt einasta orð til niðrunar sparnaðarnefndinni, en mjer er það full-ljóst, að ef eigi koma fleiri frv. til sparnaðar en þau, sem nú eru fram komin frá þeirri nefnd, þá þýðir eigi að hafa þá nefnd lengur. Það gladdi mig, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir, að hann mundi ekki gera harðar kröfur til flokksmanna sinna, um fylgi við frumvörp hans, og vona jeg, að sú yfirlýsing mætti styrkja að því, að koma þessu frumv. fyrir kattarnef.

Hæstv. forsrh. taldi orðið „vitlaust" eigi vera þinglegt orð, og má það vel vera, að svo sje; jeg notaði það með varúð, og spurði hæstv. forseta, sem eigi fann ástæðu til þess að víta mig fyrir að viðhafa þetta orð.

Jeg hefi svo eigi mörgu hjer við að bæta, en mjer er það gleðiefni, að stuðningsmenn stjórnarinnar hafa litt eða ekki lagt henni liðsinni í þessu máli. Jeg álít því rjettmætt af mjer að halda því fram, að stjórnin muni fremur hafa borið þetta frv. fram af kurteisi við háttv. sparnaðarnefnd, en af því, að henni sje þetta áhugamál. Og vilji menn skygnast lengra inn í sálarfylgsni hæstv. stjórnar, munu menn verða þess varir, að vart mun hún kenna mikils sársauka, þótt þetta frv. hennar verði felt.

Jónas Jónsson: Hæstv. forsrh. vítti mig fyrir, að jeg hafi talað um efni alllangt utan þess máls, sem hjer er á dagskrá, en síðan vitnaði hann í sína eigin

ræðu um utanferð ráðherra (1923). Jeg segi þetta ekki honum til lasts, þvert á móti, því þetta, að einskorða sig eigi við þröngt umtalsefni, ber vott um víðsýni, mentun og meðfædda skynsemi, að taka dæmin sem víðast, sínu máli til skýringar. Hitt er flónanna, sem ekkert skilja, að bregða eigi hársbreidd frá því, sem við horfir.

Hæstv. forsrh. kvað sig engu skifta, þótt blað flokks hans legðist á móti þessu frv. Jeg nefndi þetta aðeins sem dæmi þess, hversu þetta mál væri vonlaust fyrir stjórnina, um leið og jeg sýndi fram á þýðingu þess fyrir önnur áhugamál þjóðarinnar. Hæstv. forsrh. fór ekkert út í það, hversvegna stjórnin vildi kasta frá sjer stórum tekjustofni af tóbakseinkasölunni eða hversvegna hafnað hefði verið vínfangatollinum o. fl., og var þetta ofur eðlilegt; því öll þessi mál eru algerlega óverjandi. En hann ætlaði að bjarga sjer frá þessu með hinu góða árferði, sem verið hefir þetta síðasta ár. En það þýðir lítið fyrir hæstv. forsrh. að ætla að gera sig góðan af því, meðan hann eigi getur sannað, að stjórnin ráði fyrir fiskigöngunum upp að ströndum landsins. Hafi hann í krafti síns dugnaðar sent þorskinn inn á fiskimiðin, má hann vel hælast um. Komi aftur á móti það upp úr dúrnum, að þorskurinn fari sinna eigin ferða, komi og fari, án tillits til boðs eða banns hæstv. forsrh. (JM), á hann engar þakkir skilið fyrir góðærið.

Forsætisráðherra (JM): Jeg gleymdi að geta þess, út af ræðu hv. 6. landsk. (IHB), er hann sagði, að jeg hefði látið svo um mælt, að landsspítalinn ætti að ganga fyrir öllu öðru, að jeg hefi ekki sagt það.

Jeg mun því næst víkja nokkuð að ræðu hv. 1. landsk. (SE), enda þótt hann blandaði ýmsum algerlega óskyldum málum inn í umræðurnar, eins og t. d. utanríkismálunum, sem jeg veit eigi hvað koma þessu frv. við. Fátt, er hann sagði um þau, var þó á rökum bygt. Það, sem hann sagði um stöðu umboðsmanns vors í Khöfn, Jóns Krabbe, var með öllu rangt. Hvort sem hann heitir nú „Departementchef" eða annað, (SE: Hann er Kommitteret!) þá er hann trúnaðarmaður Íslands í utanríkisráðuneytinu danska og ekkert annað. Það er heldur ekki rjett, að hann sje skipaður, hann er aðeins settur. Jeg þarf ekki að segja hv. 1. landsk. neitt um það, því honum er það kunnugt, að hann hefir verið viðriðinn mál Íslands í meir en fjórðung aldar, með heiðri og sóma, og er mjög vel til þess fallinn, Hann er alls ekki útnefndur af konungi, heldur er embætti hans stjórnarráðstöfun. Við stöðu hans ytra er ekkert að athuga. Það kemur þráfaldlega fyrir, að stærri þjóðir en við erum fela málefni sín fulltrúum annara þjóða. Hv. 1. landsk. má þó vera kunnugt, að jeg hefi jafnan verið því fylgjandi, að hafa sendiherra í Khöfn, og jeg efast um, að honum sje það meira áhugamál heldur en mjer, og gæti hann fengið þingið til að fallast á það, væri mjer það óblandin ánægja. Hinsvegar er ómögulegt að finna að því, frá sjálfstæðis-sjónarmiði, þótt vjer hefðum falið einhverjum erlendum sendiherra í Khöfn utanríkismál vor, og það veit hv. 1. landsk. Hann mintist á hæstarjett. Jeg sje ekki annað, en að það sje hreint álitamál, hvort dómendur eru þar þrír eða fimm. Að minsta kosti er ekki hægt að tala um sljóleika í því sambandi. Þá held jeg, að hv. þm. verði

einn til að finna að því, að jeg ljet falla niður ferð til Kaupmh., til þess eins að leggja lagafrv. fyrir konung, sem er varla klukkustundar verk. Hv. þm. tók jafnvel svo djúpt í árinni, að telja þetta brot á stjskr. Þá hefir hann sjálfur margbrotið hana, því að jeg veit ekki betur en að hann hafi, í sinni stjórnartíð, oftsinnis sent slík lagafrv. símleiðis eða í pósti. Í 12. gr. stjskr. er ekki gerður greinarmunur á lagafrv. og öðrum mikilvægum stjórnarráðstöfunum. Jeg skil því ekki, til hvers jeg hefði átt að sigla til þess eins, að leggja fram lagafrv. Annað erindi hafði jeg ekki, því hefði svo verið, hefði jeg farið.

Hv. 5. landsk. (JJ) talaði um það, að ef stjórnin hefði stjórnað þorskinum á land árið sem leið, þá gæti hún þakkað sjer hina góðu fjárhagslegu útkomu, en annars ekki. Þetta á nú víst að vera ofur fyndið, en ætli hún hafi ekki einnig verið að þakka ráðstöfunum síðasta þings, tekjuaukafrv. þess og sparnaðarviðleitni. Auðvitað á góðærið sinn mikla þátt í að bæta hag ríkissjóðs, en hinu má þó ekki gleyma. Hv. sami þm. sagði, að jeg hefði staðið fyrir stjórn landsins í fimm ár. (**JJ**: Jeg er ekki fjármálaráðherra!) Hv. 5. landsk. er hvorki fjármála- nje dómsmálaráðherra. En jeg hefi verið dómsmálaráðherra. (**JJ**: Hann getur ekki helgað sjer gróða þessa árs.) Ef maður vissi ekki, að hv. 5. landsk. væri sæmilega greindur maður, mætti ætla, að þessi orð hans væru sprottin af fávisku einni, en þetta er aðeins útúrsnúningur. Getur hv. 5 landsk. nefnt nokkurt land, sem ekki safnaði skuldum á stríðsárunum? Og eins og hv. 1. landsk. (SE) benti á, eru þó ríkisskuldir vorar minni en víðast annarsstaðar. (**JJ**: Jeg mun svara þessu síðar.) Hv. þm. getur aldrei gert hvítt úr svörtu.

Það er ekki meining mín, að ríkissjóður sje sjerstaklega illa staddur nú, en hitt hefi jeg sagt, og stend við það, að ekki má treysta um of á eitt ár.

Jeg mun ekki tefja umræður meira, enda er þegar nóg komið, þótt það sje ekki mjer að kenna. Hv. 5. landsk. hefir, eins og hans er vandi, komið víða við, enda mun hann halda, að slíkt beri vott um þekkingu og vitsmuni og einhver kraftur sje í því fólginn. En jeg býst nú við, að þeir, sem hlusta á hann, kunni alteins vel að meta skraf hans eins og hann sjálfur.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það er rjett, að embættisheiti Krabbe er „Kommitteret“, eða á íslensku hefir hann verið kallaður stjórnarfulltrúi. Hvort hann er settur eða skipaður, skiftir engu máli í því sambandi, sem jeg talaði um. Hæstv. forsrh. þarf ekki að lýsa Jóni Krabbe fyrir mjer, enginn hefir viðurkent hann meira en jeg. Það er aðeins alt fyrirkomulagið, sem jeg rjeðst á, og sem jeg hlýt að ráðast á.

Jeg vil aðeins bæta því við það, sem jeg sagði um utanríkismálin, að vjer verjum að eins 30 þúsundum til þeirra, en hvað er það, samanborið við hinar Norðurlandaþjóðirnar, þó tekið sje tillit til stærðarhlutfallanna. Þetta aðeins til að sýna, hvað hlægilegt það er, að halda því fram, að kostnaður við utanríkismálin sje að setja oss á höfuðið.

Hæstv. forsrh. talaði um, að frv. hefði áður verið send símleiðis. Jeg hefi aldrei andmælt því, en aðeins tekið fram, að hitt ætti að vera aðalreglan. Jeg er heldur ekki trúaður á, að ekki hafi verið

neitt fleira til erinda fyrir hæstv. forsrh. — Hverjum þeim, er alvarlega hugsar um utanríkismálin, getur ekki dulist það, að of mikið er gert til að breiða yfir sjálfstæði vort. Það er draumurinn um landshöfðingjadæmið, sem er að endurfæðast í hugum þeirra manna, sem hafa gleymt, hvað vjer höfum til sjálfstæðisins unnið.

Forsætisráðherra (JM): Jeg veit ekki, hve þetta á lengi að ganga. Það má búast við, að á eftir þessari þriðju ræðu hv. 1. landsk. (SE) komi sú fjórða, fimta og sjötta, ef svona heldur áfram. Svo að jeg víki þó aðeins að tali hans um utanríkismálin, þá verð jeg að segja, að mjer er ekki kunnugt um, að meðferð á þeim hafi verið önnur í hans tíð en nú. Að vísu var þá sendiherra í Khöfn, svo að ekki kom til þess, að fela öðrum manni störf hans. En þegar það embætti var lagt niður, var það fyrir atbeina þingsins en ekki minn. Jeg er alveg sammála hv. 1. landsk. um það, að fje þurfi að veita aftur til þessa embættis, og það sem fyrst, því að það er óneitanlegt, að vjer höfum þótt setja ofan við afnám þess.

Þá segir hv. þm., að verið sje að fækka einkennum fullveldis vors út á við. Jeg man ekki eftir neinum afrekum hans í því efni í hans stjórnartíð. Það er skýrt tekið fram með konungsúrskurði, að vjer förum með vor utanríkismál sjálfir, og frekar þarf ekki vitnanna við. Annars get jeg ekki verið að tefja tímann með frekari umræðum um mál, sem ef til vill fer ekki lengra.

Forseti (HSteins): Jeg ætla aðeins að geta þess, að gefnu tilefni, að enginn þm. hefir talað lengur en þingsköp leyfa. Hv. frsm. (SE) hefir talað þrisvar og gert stutta athugasemd.

ATKVGR.

1. gr. feld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSn, JJós, JM, HSteins.

nei: SJ, BK, EÁ, GÓ, IHB, IP, JóhJóh, JJ, SE.

Einn þm. (EP) fjarstaddur.

2. gr. feld með 9:2 atkv.

Forseti lýsti frv. fallið.

2. Sóknargjöld.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld (stj.-frv, A. 22).

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get látið mjer nægja, að vísa til greinargerðar þeirrar, sem hin svokallaða sparnaðarnefnd, sem samið hefir þetta frv., hefir látið fylgja því. Jeg hefi þar eiginlega engu við að bæta. Hjer er um það að ræða, að spara ríkissjóði meiri eða minni útgjöld. Því eins og nefndin hefir bent á, þá er ekki áhorfsmál að hækka það gjald, sem hjer ræðir um, eins og önnur. Þetta gjald hefir haldist óbreytt, þótt annað skyldugjald hafi hækkað allmjög, kirkjugjaldið. Jeg vona, að háttv. deild taki málinu vel, og láti nefnd athuga frv. rækilega.

Sigurður Jónsson: Eins og greinargerð frv. ber með sjer, þá voru sóknargjöldin hækkuð á þingi 1921. Þá kom einnig fram tillaga um það, að hækka prestgjöld, líkt og nú er ráð fyrir gert. En nefnd sú, sem fjallaði þá um málið, vildi ekki fallast á þetta og lagði til, að kirkjugjaldið eitt yrði hækkað. Nú kemur þetta mál aftur fyrir þingið, og jeg get ekki annað sagt en það, að mjer finst það vel við eiga að hækka þetta gjald eins og kirkjugjaldið. En í þessu sambandi get jeg ekki látið vera að geta þess, þar sem þetta er eitt af sparnaðarfrv. hæstv. stjórnar, að mjer hefir virst við fljótan lestur, að sparnaður sá, er þau stefna að, sje að miklu leyti fólginn í því, að færa gjöldin til, ljetta á ríkissjóði og íþyngja að sama skapi einstaklingum og fjelögum, svo að sparnaðurinn verður aðeins tilfærsla og í rauninni enginn. Vænti jeg þess, að nefndin athugi þetta, og aðrar sparnaðartillögur af líku tæi, sem fram kunna að koma.

Einar Árnason: Jeg ætla ekki að vekja neinar deilur um þetta frv. að sinni. Eins og greinargerðin ber með sjer, er það samið af nefnd, sem skipuð var samkvæmt ályktun síðasta þings til þess að athuga og gera tillögur um sparnað á ríkisfje. Og það er að vísu sjáanlegt, að með því má spara ríkinu nokkurt fje. En eins og hv. 2. landsk. (SJ) tók fram, þá er slíkt í raun rjettri enginn sparnaður. Þetta frv. sparar ekki neitt fyrir þjóðfjelagið í heild. Hjer er aðeins að ræða um tilfærslu á kostnaði ríkissjóðs yfir á einstaklinga þjóðfjelagsins. Jeg hafði litið svo á, að það væri ekki eingöngu hlutverk sparnaðarnefndarinnar að spara fyrir ríkissjóð, heldur þjóðfjelagið í heild. En hjer er allur sparnaðurinn falinn í því að hækka um helming persónulegt gjald. Jeg get fallist á það, að rjettmætt sje að leggja lágt persónugjald á menn í einstöku tilfelli. En verði slík gjöld mörg og há, þá verða þau ósanngjörn. Jeg get ekki stilt mig um að benda á það, að í tveim frv., sem hæstv. stjórn hefir nú lagt fyrir þingið, er gert ráð fyrir mjög háu persónugjaldi. Hjer á jeg við frv. um sjúkratryggingar, auk þessa. Jeg hugsa, að ef ganga á lengra inn á þá braut, þá muni efnalítilli alþýðu þykja nóg um. Þetta vildi jeg taka fram strax, til athugunar nefnd þeirri, sem fær frv. þetta til meðferðar, svo að henni sje það ljóst, að til eru þeir menn, sem ekki munu fylgja langt þessu frv. eða öðrum, sem leggja á alþýðu há nefgjöld. Mun jeg ekki sjá mjer fært að fylgja þessu frv. eins og það er lagt hjer fyrir.

Forsætisráðherra (JM): Jeg finn ekki ástæðu til þess að segja mikið út af ræðum hv. 2. landsk. (SJ) og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Það er rjett, að í tillögum sparnaðarnefndar sumum er um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð á þann hátt, að gjaldið er fært að nokkru á annan opinberan gjaldanda, með öðrum orðum tilfærsla. Hjer er þó að ræða um beina aukning á skatti.

Jeg endurtek tilmæli mín um, að frv. verði vísað til 2. umr., og til nefndar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg leyfi mjer að leggja það til, að frv. sje vísað til fjhn., að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 21. og 23. fundi í Ed., dagana 3. og 5. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., föstudaginn 13. mars, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 22, n. 109 og 112).

Frsm. minnihl. (Björn Kristjánsson): Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, voru lögin um söknargjöld sett árið 1909. Voru þá upphafin ýms gjöld, sem fram að þeim tíma höfðu hvílt á almenningi, svo sem preststíund af fasteign, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk. Í þessara gjalda stað kom prestlaunasjóðsgjaldið, sem hver maður og kona, 15 ára eða eldri, áttu að greiða.

Með sömu lögum voru afnumin kirkjutíund af fasteign og lausafje, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, legkaup og skylduvinna söknarmanna við kirkjubyggingar. Í stað þess var lagt á alla karla og konur, 15 ára eða eldri, kirkjugjaldið, 75 aurar á ári. Með lögum 1921 var gjald þetta hækkað um 50 aura, eða upp í kr. 1.25, með því að þessar tekjur höfðu ekki hrokkið til.

Nú hefir stjórnin, eða nefnd sú, er hún skipaði til þess að finna útleiðir til þess að bæta hag ríkissjóðs, lagt til, að gjaldið til prestlaunasjóðs verði hækkað um helming, eða upp í 3 krónur. Minni hluti nefndarinnar hefir fallist á, að hækkunar sje þörf, en vill þó ekki nema litla hækkun, eða að gjald þetta sje fært upp í 2 krónur. Það er alkunnugt, að þjóðinni er meinilla við beina skatta og nefskatta. Og það eru ekki einungis Íslendingar, sem er illa við slíka skatta, heldur einnig aðrar þjóðir, þótt slíkum sköttum hafi verið dembt á í bili. Af þeirri ástæðu hefir minnihl. viljað fara varlega í hækkun. En þótt hækkunin sje lítil, munar þó um hana fyrir prestlaunasjóð.

Ef nú þyrfti að hækka gjaldið meir síðar, er króna vor hefir náð gullverði — en þá fyrst kemur sú sanna þörf fram — þá gæti orðið álitamál, hvort eigi væri rjettara að jafna gjaldinu niður eftir efnum og ástæðum. En meðan gjaldið er svona lágt, ekki nema 2 kr., er ekki ástæða til þess, og jafnvel ekki þótt það væri nokkru hærra. Í nál. er þess getið, að fríkirkjusöfnuðurinn hjer jafnar 5 kr. niður á meðlimi sína, en hjer er þó ekki gert ráð fyrir hærra gjaldi en kr. 3,25. Jeg hygg, að enginn geti orðið óánægður, þótt gjaldið hækki. Jeg veit, að sumir, er greiða 5 kr. gjald til safnaðar Haralds Nielssonar, greiða einnig til dómkirkjunnar, vegna þess, að þeir vilja fá að njóta beggja. Og jeg held, að ekki sje ástæða til að óttast óánægju, svo framarlega sem nokkurs er metið kirkja og prestur. Fyrir mitt leyti hefði jeg viljað fara hærra, en við vildum gæta allrar varkárni, eins og hv. 1. landsk. (SE) benti á. Hefir minnihl. nefndarinnar því borið fram brtt. á þgskj. 112, og mælir með því, að hún verði samþ. og málið gangi svo sína leið að umr. lokinni.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get sætt mig við það, að brtt. verði samþ. Hv. frsm. minnihl. hefir fært rök að því, að ekki sje óvarlegt að samþ. frv. En jeg er þeirrar skoðunar, að vel hefði mátt samþ. það eins og það kom frá sparnaðarnefnd og var lagt hjer fyrir af stjórninni. Úr því skatti þessum eða gjaldi er haldið, þá get jeg ekki sjeð neitt athugavert, að hækka það svo sem farið var fram á í fyrstu. Það eitt er í

samræmi við aðra hækkun tolla og skatta, og álagna yfirleitt.

Mótbárurnar á móti nefsköttum, svona alment tekið, eru að mestu slagorð, en hins er ekki gætt, að ýmsir skattar, sem ekkert sjerstakt er haft á móti, eru í rauninni nefskattar eða því sem næst.

Eggert Pálsson: Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg tel það engan veginn óbilgjarnt, þótt hækkað væri prestlaunasjóðsgjaldið úr kr. 1.50 jafnvel upp í kr. 3.00. Það veit hver maður, að kr. 3.00 eru nú ekki þyngri á metunum en kr. 1.50 var 1909, þá er þetta gjald var fyrst lögleitt. Jeg álít, að hver gjaldandi verði nú betur úti með því að greiða kr. 3.00 heldur en kr. 1.50 þá. Því að það dylst engum, að notagildi hverrar krónu er svo margfalt minna nú heldur en það var árið 1909.

Jeg býst nú ekki við, að það hafi nokkra þýðingu, að tala um frv. sjálft eða gjaldið, eins og það er í því ákveðið. Því nefndin virðist sammála um breytingu á 1. gr., þótt þeir hinsvegar sjeu hvergi nærri sammála um það, hverja breytingu skuli á henni gera, þar sem meirihlutinn vill alveg fella hana, en minnihlutinn breyta 3 kr. í 2 kr. Það er því ekki í annað hús að venda fyrir þá, er frv. vilja samþ., en að samþ. brtt. minnihl. Annars get jeg sagt það fyrir mitt leyti, að jeg hefði talið langeðlilegast, að gjaldið hefði verið hækkað um kr. 1.00, og orðið kr. 2.50. Þá hefði þingið verið í samræmi við sjálft sig. Árið 1921 hækkaði það kirkjugjaldið úr 75 au. upp í kr. 1.25, eða um 50 au. Þessvegna hefði þetta kr. 1.50 gjald átt að hækka um kr. 1.00. Finst mjer, að best hefði farið á því, að skoðun þingsins þá hefði haldist óbreytt í þessu efni. Og það því fremur sem jeg veit ekki til þess, að hækkunin, sem þá var gerð á kirkjugjaldinu, hafi valdið nokkurri óánægju. Vitanlega stendur nokkuð öðruvísi á með kirkjugjaldið en prestslaunasjóðsgjaldið að því leyti, að flestir söfnuðir verða, hvort sem er, að sjá fyrir þörfum kirkju sinnar. Þó eru til þær kirkjur, sem ekki eru safnaðarkirkjur, heldur bændakirkjur og ljenskirkjur. Og þar þarf vitanlega aldrei að borga meira en lögákveðið er. En í slíkum tilfellum hefir heldur ekkert bólað á óánægju með hækkun kirkjugjaldsins, af því að menn hafa talið það eðlilegt og jafnvel sjálfsagt.

En úr því að farið var að hreyfa þessu máli á annað borð, þá hefði jeg viljað gera aðra breytingu, er telja verður, að sje sanngjörn — þá sem sje, að undanþegnir þessu gjaldi væru fábjánar og hálfvitar, sem engin not hafa prests nje kirkju, sem og þeir, sem komnir eru á fullorðinsár. Nú er svo ákveðið, að þeir, sem eru yngri en 15 ára, skuli undanþegnir gjaldinu. Það er þó vitanlegt, að unglingar þurfa ekki síður á presti að halda en gamalmenni, svo ástæðan til undanþágu þeirrar getur ekki legið í því, heldur í hinu, að á þeim árum vinna menn ekki fyrir kaupi. En einmitt hið sama má segja um gamalmennin. Þau ætti því einnig að undanþiggja þessu gjaldi. Og það því fremur sem þeirri reglu er fylgt í öðrum efnum, t. d. eru aldraðir menn undanþegnir ellistyrktarsjóðsgjaldi, hreppsvegagjaldi og ef til vill fleiri gjöldum. Það virðist því harla óeðlilegt, að gamalt fólk, jafnvel menn, sem hafa legið rúmfastir árum saman, skuli eiga að greiða þetta gjald.

En eins og jeg tók fram áðan liggur ekki annað fyrir en að samþ. brtt. minnihl., fyrir þá, er einhverja hækkun vilja. Og komist frv. í gegnum þessa umr., er hægt að koma fram með brtt. við 3. umr., í þá átt, sem jeg hefi hjer bent á. Og yrði hún jafnframt samþykt, tel jeg, að breytingin yrði mjög til bóta.

Guðmundur Ólafsson: Frv. þetta stendur í sambandi við það, sem gerðist á síðasta þingi, og er sprottið upp af sparnaðartillögu þeirri, er við hv. 5. landsk. (JJ) bárum þá fram. Þeirri tillögu var tekið fálega þá. Hún kom snemma fram, en svo hafði fjárveitinganefnd hana í sínum vörslum mestan hluta þingtímans.

Svo skipar forsrh. sparnaðarnefnd þá, sem talað hefir verið um, og finst mjer, að framhaldið hafi orðið líkt byrjuninni, eða algert tómlæti í málinu. Því að mjer er sagt, að nefndin hafi ekki verið skipuð fyr en í nóvember 1924. Sje það rjett, hefir hæstv. forsrh. ætlað henni takmarkaðan tíma. Býst jeg þó við því, að nefndin sje skynsamlega valin, en tíminn var alt of stuttur, ef vænta átti verulegs árangurs af starfi hennar fyrir þetta þing, en til þess hefir að líkindum ekki verið ætlast, þar sem sumir í nefndinni voru prófessorar við háskólann og reyndar allir opinberir starfsmenn, og hafa því haft nóg annað að gera.

Jeg tel lítils virði þann sparnað á ríkissjóði, sem dreift er á alla þjóðina með nefskatti. Minnihl. nefndarinnar vildi ekki hæla skattinum upphátt, en taldi þetta gott gjald að sumu leyti. Jeg er hissa á því, að þessir nefskatts-unnendur skuli ekki koma fram með það, að öðrum embættismönnum skuli greidd laun með nefskatti líka. Hjelt jeg, að úr því minnihl. vildi ekki hækka þetta gjald eins og frv. fer fram á, þá ætlaði hann að koma fram með tillögu um það, að verja afganginum til þess að sýslumönnum og læknum yrði líka borgað með nefskatti.

Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg tel engan sparnað að frv. þessu. Hæstv. forsrh. talaði lítið um frv. og kallaði það smámál. Þar er jeg honum sammála. Það er ekki sambærilegt, að nefna ellistyrktarsjóðsgjald og hreppavegagjald í sambandi við þetta, því að þau gjöld eru beint til þarfa hjeraða, en ekki til launa handa einstökum mönnum. Jeg hefi og heyrt, að óvinsældir presta hafi verið meiri meðan þeir þurftu að innheimta gjöld sín sjálfir. (**Forsrh.:** Gera þeir það enn?) Jeg er svipað fróður og hæstv. forsrh. um það, að prestar innheimta nú ekki tekjur sínar sjálfir, en hyggur hann þá, að allir viti ekki jafnt fyrir það, að prestsgjaldinu er varið til launa prestinum.

Það er engin sönnun þess, þótt gjaldið sje ekki hátt, að það sje ekki ranglátt. Fátæka fjölskyldumenn munar um fáeinar krónur. Það er heldur ekki sambærilegt, þótt menn í fríkirkjusöfnuðum greiði hærra gjald. Þeir ganga ekki að því gruflandi í byrjun, heldur semja um það við prestinn. Þetta er ekki annað en smávægilegur sparnaður fyrir ríkissjóð, til þess að íþyngja ýmsum einstaklingum þjóðarinnar öllu tilfinnanlegar. Og jeg get ekki metið það mikils, þótt það komi frá sparnaðarnefnd. Það hefir ekki komið fram neitt orð í þessu máli, hvorki frá hæstv. forsrh.

nje minnihl. nefndarinnar, er geti fengið mig til þess að greiða atkvæði með frv.

Frsm. meirihl. (Sigurður Eggerz): Það er rjett, sem hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) sagði um gjöld fríkirkjumanna. Þau koma ekki þessu máli við. Það eru frjáls framlög. Og um söfnuð Haralds Níelssonar er það að segja, að jeg býst við, að í honum sjeu mestmegnis efnamenn.

Aðalatriðið í máli þessu er það, að skattar sem þessi eru ranglátir. En vegna þess, að skattur þessi er arfur frá gamalli tíð, þá sjá menn ekki ranglætið eins glögt. En hvernig má það vera, að maður með 2000 kr. launum eigi að greiða sama skatt og maður með 100 þúsund króna tekjum. Hvor þessara tveggja ætli eigi hægra með að greiða skattinn?

Jeg hefi heyrt því haldið fram, að það væri eðlilegt, að allir gyldu jöfn gjöld, þegar um afstöðu manna væri að ræða til kirkjunnar. En jeg fæ ekki sjeð, að þessi hugsunarháttur sje rjettur. Það er vart líklegt, að forsjóninni sje það sjerstaklega velþóknanlegt, að sá fátæki leggi meira á sig til að greiða þetta gjald en sá ríki.

Jeg hygg, að hv. minnihl. sje ekki eins langt frá meirihl. í þessu máli eins og í fljótu bragði virðist, það er að segja, þegar nýrun og hjörtun eru rannsökuð, en dálítinn grun hefi jeg um, að honum hafi þótt fara vel á því, að hlífa stjórnarfrv.

Háttv. minnihl. segir, að vegna þess, hversu gjald þetta sje lítið, sje það eigi ranglátara en t. d. kaffi- og sykurtollur. Þó er sá munurinn á þessu persónugjaldi og tollunum, að þeir fátæku geta, með því að spara, minkað tollana á vörum þeim, er þeir kaupa, en þessi persónugjöld geta þeir á engan hátt losað sig við. En auðvitað er það, að allir tollar koma hlutfallslega harðara niður á þeim fátæku en þeim ríku, því að þeir verulega efnuðu verða þeirra svo að segja ekki varir. Auðvitað hefði það verið rjettast, að koma nú fram með tillögur um að upphefja alla persónuskatta og breyta þeim í niðurjöfnunargjöld, en meirihl. fjhn. ljet sjer nægja að þessu sinni að slá því föstu, að hingað skuli haldið og eigi lengra, á þessari röngu braut. Sumum kann að sýnast þetta smámál, en fyrir þá fátæku er þetta stórmál.

Frsm. minnihl. (Björn Kristjánsson): Þetta er svo mikið smámál, að jeg hefði helst óskað að þurfa ekki að taka til máls aftur. Hv. frsm. meirihl. (SE) sagði, að ekki væri hægt að bera þetta gjald saman við sama gjald hjá fríkirkjumönnum hjer í Rvík, af því að þar væri gjaldið samningsbundið. Jeg benti honum á, að þetta gjald þætti ekki svo mjög tilfinnanlegt í fríkirkjusöfnuðinum, er bláfátækir menn undirgangast fúslega að greiða 5 kr. Hitt er satt, að í sjálfu sjer er skatturinn ranglátur, en það er nú svo margt í heimi þessum, sem svo er farið og verður að þolast vegna þess, að ekki er hægt að komast hjá því. Það er satt, að nefskattur gerir ekki mun á efnamanninum og þeim fátæka, en þannig er varið með svo margt annað, sem ekki er kvartað undan. Þannig er t. d. sami læknataxti um alt land, og gildir jafnt fyrir ríka og fátæka, þar verða allir að greiða sama gjald fyrir sama verk. Þörfin á læknishjálp er engu síður hjá fátæka manninum en þeim ríka, og mætti jafn-

vel segja, að efnalausa manninum riði meir á læknishjálpinni, og greiða þó allir jafnt fyrir. Þannig mætti fjölmargt telja. En jeg verð að segja, að þó að alt þetta yrði lagað og öllum gert rjett til og greiddu allir hlutfallslega eftir efnahag, yrðu fátæklingarnir sennilega jafnmargir fyrir því. Það er því sama og að vera að rífast um keisarans skegg, að vera að deila um, hvað rjettlátast sje í öðru eins smámáli og þessu.

Háttv. frsm. meirihl. (SE) sagði, að við hefðum ekki viljað svæfa frv. alveg til þess að þóknast stjórninni. Jeg held, að jeg hafi talað svo ljóst áðan, að allir meðal-sanngjarnir menn hefðu getað skilið, og þurfti því ekki þessarar tilgátu með. Og að skattur þessi er ekki sjerlega þungbær, sjest ljósast á því, að menn taka hann á sig af frjálsum vilja, þó hærri sje. Hv. 5. landsk. (JJ) á þar mikið verkefni fyrir höndum, ef hann ætlar að taka að sjer að laga alla skattalöggjöf okkar, svo að hvergi komi einnar eða tveggja krónu gjald ranglega niður. Það mun ærið verkefni hverjum meðalmanni, og þó hann starfaði ekki að öðru, vænti jeg vart, að þetta mundi takast fyrir hv. 5. landsk. Hitt er satt, að það væri sanngjarnara að jafna þessu gjaldi niður; en hvað mundi það kosta? Það mundi kosta afarmikla vinnu, það mundi kosta, að skipa þyrfti nefnd til þess starfs, og nefndin mundi kosta peninga; skatturinn mundi því hækka sem svaraði vinnukostnaði nefndarinnar, og það held jeg mundi vart verða talið að borgaði sig. Þá held jeg heldur ekki gerlegt að ákveða hreppa- og sveitastjórnum nýtt og nýtt starf, ef störfin skulu unnin kauplaust. En ef það ætti að jafna þessu niður, yrðu menn að launa nefndina fyrir starfið. Auk þess er engin trygging fyrir, að niðurjöfnun þessi yrði fullkomlega rjettlát; hún yrði eins og öll niðurjöfnun að byggjast meira og minna á ágiskun, og gæti svo farið, að stundum yrði ranglátlega á lagt. Það þarf ekki annað en benda á útsvarsálagningu; þar er jafnað niður, og þykir ekki ætið sem rjettlátlegast, og því oftlega áfrýjað. Að menn kæra yfir útsvörum, kemur af því, að menn álíta, að þeim hafi verið ranglátlega jafnað niður.

Þetta, um óvinsældir prestanna út af þessu, því þarf jeg ekki að svara sjerstaklega, er hæstv. forsrh. (JM) hefir tekið það ómak af mjer, og læt jeg svo útrætt um þetta mál.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki fundið ástæðu fyrir því, sem hv. frsm. meirihl. (SE) var að tala um, að þetta mál þyrfti strangra ræðuhalda; það hefir ekki verið svo flutt, hvorki af hálfu minnihl. nje sparnaðarnefndar, að þess hafi þurft með. Þetta er eigi þannig vaxið mál, smámál, að það þarf hvorki langar nje strangar ræður um það, einkum eftir breytingartillögu hv. minnihl. nefndarinnar, er aðeins er í rauninni um það að ræða, hvort heimila skuli að innheimta þetta gjald með gengisviðauka eða eigi.

Hvort háttv. minnihl. fjhn. hefir komið fram með brtt. sínar til þess að þóknast stjórninni, veit jeg ekki. Jeg hefi ekki talað neitt um mál þetta við háttv. nefnd, hvorki við meiri- eða minnihl. En jeg skil þetta vel hjá háttv. meirihl. Það er svo oft talað um nefskatta, þegar á að hræða menn frá að breyta þeim eða auka við þá. Jeg bjóst alls eigi við svona löngum umr. um þetta mál, sem er og verður smámál. Að vísu tel jeg

rjett og sanngjarnt að hækka gjaldið, og mundi það þó auka ofurlitið tekjur ríkissjóðs.

Út af því, sem hv. frsm. meirihl. (SE) tók fram, að eigi sje hægt að jafna þessu gjaldi við tolla á nauðsynlegustu lífsnauðsynjum, þá er þetta rjett og ekki rjett, því að nokkurn minsta mæli af hinum nauðsynlegustu vörum verða yfirleitt allir að nota, ríkir og fátækir. Því vil jeg afdráttarlaust mótmæla, að þessi skattur eða hækkun hans geti orðið til þess að gera prestana óvinsælli. Jeg get alls ekki hugsað mjer það, vegna þess, að það hefir enga þýðingu fyrir þá, hvort þetta gjald er hátt eða lágt. Það hefir enga þýðingu fyrir presta þjóðkirkjunnar. Gjaldið rennur í prestlaunasjóðinn, en fer alls eigi beint til prestanna, og hefir því engin áhrif á tekjur þeirra. Það verður því rangt, sem háttv. 1. landsk. (SE) og þm. A.-Húnv. (GÓ) hafa sagt um þetta. Hitt er það, ef skatturinn yrði hækkaður, kæmi það ríkissjóði til góða.

Jeg vil eigi draga það inn í þessar umr., hvaða gagn er að því, að hafa milliþinganefndir, eins og t. d. sparnaðarnefndina. Það verður tækifæri til að ræða það mál síðar. Satt að segja held jeg, að mönnum sje eigi ljóst, hvernig koma eigi sparnaði í ríkisrekstrinum í framkvæmd. Það er ógnar-auðvelt að tala um sparnað og hversu nauðsynlegt sje að spara þetta og þetta, en þegar að því kemur, að hengja skuli bjölluna á köttinn, þá má ekkert gera, þá má við engu hrófla, alt er talið ófært, sem farið er fram á, að sparað verði. Þetta er alþekt reynsla, t. d. fjekk fyrverandi stjórn að reyna þetta í fullum mæli, er hún bar fram sínar sparnaðartillögur. Þá kvað ávalt eins og ætið þetta við: Ekki þetta, heldur eitthvað annað o. s. frv. Það get jeg og sagt hv. deild, að þeir menn, er tóku sæti í sparnaðarnefndinni, voru til þess mjög ófúsir, því að þeir gerðu sjer ekki mikla von um árangur, sjerstaklega gat formaður nefndarinnar þess við mig. En því hefir, að mínu viti, ekki verið haldið fram af neinum, að nefndarmennirnir væri ekki mjög vel fallnir til þess að sitja í slíkri nefnd.

Frsm. meirihl. (Sigurður Eggerz): Gagnvart hæstv. forsrh. vil jeg taka fram, að þó að gjald þetta renni í prestlaunasjóðinn, þá veit almenningur, að það fer til þess að launa prestunum, og þá getur aukning frekari gjalda vakið úlfúð gegn þeim. Háttv. frsm. minnihl. (BK) viðurkendi, að skatturinn væri ranglátur, eins og satt er, og þarf því ekki að þrátta lengur um það atriði. Málið er orðið svo skýrt, að það þarf ekkert um það að tala lengur.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. drap á um sparnaðarframkvæmdir, þá get jeg ekki annað en tekið undir með honum um það, að hv. þingmenn hafa á víxl slátrað flestum þeim sparnðartillögum, sem fram hafa komið. Svo þessar tilraunir hafa óneitanlega verið hálfgert Sisyfusarverk.

Einar Árnason: Mjer hefir heyrst, að menn óski eftir að ræður verði stuttar og hógværlegar, og skal jeg ekki brjóta þá reglu. Jeg tók það fram við 1. umr., að jeg gæti ekki fallist á stefnu frv.; en hinsvegar skil jeg vel stefnu þeirra manna, sem álíta nefskatta rjettláta, að vilja með þessu frv. hækka þennan skatt. Samkvæmt því á þetta frv. rjett á sjer. Jeg get vel skilið stefnu

hæstv. stjórnar, en jeg get síður skilið hugsanagang þann, sem kemur fram í brtt. háttv. minnihl. fjhn. Þær tillögur eru svo smásmyglislegar, að það tekur því ekki, að greiða atkvæði um þær, enda eiga þær vart rjett á sjer, þó nefskattur sje talinn rjett stefna í þessum málum. Væri svo, ætti alt gjaldið að vera nefskattur. Háttv. frsm. minnihl. (BK) játaði, að þetta væri röng stefna í skattamálum, en hann telur þó rjett að gera skattinn o f u r l í t i ð meira ranglátan en hann var áður. Það eru vafalaust gamlar venjur, sem villa mörgum sýn í þessu máli. Prestastjettin er ein elsta embættismannastjett í landinu, og var því prestsgjald komið til löngu áður en hið opinbera fór að sjá þeim fyrir launum. Það var fyrst 1909, að þessu gjaldi var breytt í nefskatt; áður var það goldið eftir efnum og ástæðum. Þessvegna er nú verið að fara fram á það í þessu frv., að viðurkenna, að þessi grundvallarregla sje rjett, og hækka nefskattinn um leið. Háttv. frsm. minnihl. (BK) sagði, að sami væri taxti lækna fyrir alla. Þetta er rjett, hann er jafn fyrir alla, og svo er og um aukaverk presta. En úr því að svo er, ætti að vera þess meiri ástæða til þess að jafna þessu gjaldi niður eftir efnum og ástæðum.

Þar sem jeg tel grundvallarreglu þessa frv. ranga, get jeg alls eigi greitt því atkvæði, og því síður get jeg greitt atkv. með till. minnihl. fjhn. Eins og jeg sagði, sýnast mjer þær vera svo smásmyglislegar, að næsta óviðeigandi sje að láta þær koma til atkvæða.

ATKVGR.

Brtt. 112 feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JM, BK, EP, IHB, JJós, HSteins.

nei: JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, HSn, IP.

1. gr. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK, EP.

nei: IP, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ, HSn, HSteins.

Forseti lýsti frv. fallið.

3. Skipun barnakennara og laun.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (stjfrv., A. 15).

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Í þetta frv. getur maður sagt, að tekin sjeu upp tvö atriði, sem þó eru næsta óskyld í eðli sínu.

Ákvæðið um kennaraembættin sjálf er komið frá mentamálanefndinni 1920, og mun eflaust verða talið til bóta af kennarastjettinni.

Hitt atriðið, um borgun dýrtíðar- og launaviðbóta, snertir í raun og veru lítið hag kennaranna, því þeim má standa á sama, hvaðan peningarnir koma.

Það má ef til vill segja, að þessi skifting á greiðslunni komi ekki beinlínis mínu embætti við, en það þótti heppilegra, að breytingar þær, er rjett sýndist að gera á lögunum, kæmu fram í einu lagi. Annars eru þessi ákvæði (4. og 5. gr. frv.) komin frá sparnaðarnefndinni, og get jeg því látið mjer

nægja að visa til greinargerðar nefndarinnar, sem fylgir frv. þessu. Greinargerðin er vel ljós og ítarleg, og færir nefndin góð rök fyrir rjettmæti þessara breytinga. Hún er að vísu ekki ný, þessi till. hjer í þinginu. Hún var að meginhlutanum samþykt af þessari hv. deild í fyrra.

Jeg vil annars láta mjer nægja að minnast sjerstaklega á 6. gr. Það hefir verið litið svo á, að segja mætti kennara upp með 3 mánaða fyrirvara, og hefir það komið fyrir. En mjer finst það ekki fyllilega rjett, að svo sje, að svifta megi kennara stöðu sinni með svo stuttum fyrirvara. Uppsagnarfresturinn verður að vera sæmilega langur, og held jeg því, að sanngjarnlega sje með kennarana farið samkvæmt þessu ákvæði frv.

Um kenslustundafjöldann, er 3. gr. nefnir, virðist mjer ekki mikið þurfa að segja. Hjer er ekki farið fram á annað en hæfilegt er, og það, sem krafist er annarsstaðar á Norðurlöndum.

Jeg þykist ekki þurfa að orðlengja frekar um þetta frv., en legg til, að því verði vísað til mentamálanefndar, að þessari umr. lokinni.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vona, eins og hæstv. forsrh. (JM) óskaði, í lok ræðu sinnar, að frv. þetta fái að ganga til mentamálanefndar. Og þó að jeg eigi sæti í nefndinni og geti þar athugað frv. og gert við það þær breytingartillögur, sem að mínu viti eru sjálfsagðar, vil jeg þó ekki sleppa því í gegnum 1. umr., án þess að minnast á þau tvö atriði, sem upp í það eru tekin, og mestu máli skifta. Fyrra atriðið er fjölgun kenslustundanna úr 30 upp í 36 stundir á viku, og hið síðara er ákvæðið um að velta yfir á sveitar- og bæjarfjelögin að greiða að helmingi aldurs- og dýrtíðaruppbótina. Báðar þessar breytingar eru sama eðlis og miða til ills eins.

Hæstv. forsrh. (JM) fullyrti, að 36 stunda kensla á viku tíðkaðist í flestum eða öllum barnaskólum á Norðurlöndum, og nefndi sjerstaklega Danmörk í þessu efni. Nú get jeg frætt hæstv. forsrh. á því, að þó að Danir reikni 6 tíma kenslu á dag, þá er hver kenslustund víða aðeins 40—45 mínútur, og er það talsverður munur eða að kenna 50—55 mínútur. Í Svíþjóð er hver kenslustund talin 40 mín., og í Finnlandi eins, og þó er ekki krafist nema 30 stunda kenslu á viku, af þeim kennurum, sem eru á föstum launum hjá ríkinu. Í Noregi er mjer ekki kunnugt um, hvað langar kenslustundirnar eru, en hitt veit jeg, að Norðmenn hafa það hámark, að enginn kennari skuli kenna meir en 36 stundir á viku, og er það dálítið annað en lögleiða á með þessu frv., því hjer eiga 36 klst. að vera lágmark. Því þeir einir, sem „kenna 36 stundir á viku, skulu hafa í árslaun sem hjer segir", stendur í 3. gr. frv. Þessvegna er það algerlega rangt, sem segir í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að þessi 36 stunda kensla á viku sje „í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru í þessu efni til barnakennara annarsstaðar á Norðurlöndum". Það er líka mjög villandi, að segja, að hitt og þetta tíðkist í öðrum löndum, en minnast svo ekki á hin ólíku launakjör, sem innlendir og erlendir kennarar eiga við að búa. Ef erlendir kennarar hafa lengri kensluskyldu á hverri viku og færa skal kensluskyldu íslenskra kennara í sama horf, verður ekki hjá því komist, að hækka um leið laun þeirra á borð við þá erlenda kennara. sem miðað er við.

Með þessu er jeg þó ekki að gera neinar kröfur um launahækkun kennurum til handa, en vildi aðeins benda á, samræmisins vegna, að eigi að hækka vinnukröfurnar, verður ekki hjá því komist, að hækka kaupið líka, og eigi kröfurnar að setjast samkvæmt erlendri fyrirmynd, leiðir af sjálfu sjer, að sama fyrirmyndin gildi, þegar um launin er að ræða. Hæstv. forsrh. vill miða kröfurnar við Dani. Hann um það. En laun danskra barnakennara eru 2000 krónum hærri að meðaltali en hjer, og eru þó ekki talin með ýms fríðindi, er dönsku barnakennararnir hafa. Í Noregi er mjer kunnugt um, að barnakennarar, t. d. í Osló og Björgvin, hafa í laun frá 5400 krónum og upp í 8000 kr., og auk þess allríflegan húsaleigustyrk, en til sveita eru launin lægri, en þar hafa kennarar leigulausan bústað. Við, sem höfum gist erlenda barnakennara, höfum fljótlega sjeð og sannfærst um, af góðum hibýlum þeirra, að þar er um frjálsa stjett að ræða, sem ríkið skamtar ekki úr hnefa, heldur skilja menn þar fremur en hjer, að þá sje starfi kennaranna best borgið, að laun þeirra sjeu ekki skorin við nögl, nje eftir talin. En hjer á landi er hvorttveggja, að dýrtíðin er meiri en í flestum nágrannalöndum og launin mun lægri og hrökkva hvergi nærri handa þeim, sem fyrir nokkurri fjölskyldu hafa að sjá. Það er ekki hægt að segja, að íslensku kennararnir lifi í óhófi eða berist á. Þeir hafa sig alla við að klóra í bakkann og vinna allskonar aukavinnu, ef hún þá gefst, til þess að sjá sjer og sínum farborða. Það skýtur því óneitanlega dálítið skökku við, þegar á að fara að spara á launum starfsmanna ríkisins, að byrja á þeirri stjettinni, sem að dómi allra sanngjarnra manna er verst launuð. Þegar spara skal, á ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Svo er á hverju heimili, að sparnaðurinn byrjar á því, sem helst má án vera, og svo á einnig að vera um þjóðarbúskapinn. Það lá nær að sýna manndóm sinn á því, að taka af þeim, sem meira höfðu, byrja t. d. á læknunum. Jeg nefni læknastjettina í þessu sambandi, af því jeg veit ekki betur en að heilbrigðismálin falli undir dómsmálaráðuneytið, þar sem hæstv. forsrh. (JM) fer með húsbóndavaldið. Þarna var til frægðar að vinna, að spara eitthvað á þeim hæst launuðu, en ónærgætni að byrja á neðri endanum, eða taka af þeim, er skortir alt nema allra brýnustu lífsnauðsynjar.

Þá er hitt atriðið, hverjir skulu greiða aldurs- og dýrtíðar-uppbót. Það var rjettilega tekið fram af hæstv. forsrh., að það mál er honum óviðkomandi. En þar sem mjer virtist, að skilja mætti á orðum hæstv. forsrh., að sú breyting, sem frv. fer fram á í þessu efni, væri kennurum ekki einasta skaðlaus, heldur jafnvel til hagsbóta, þá mótmæli jeg því. Breytingin verður kennurum til tjóns, eins og lesa má á milli línanna í hinni merkilegu greinargerð sparnaðarnefndarinnar. Þessi tillaga, að velta yfir á sveitar- og bæjarfjelögin dýrtíðaruppbótinni og launaviðbótum, svo greiðsla þeirra verði í sömu hlutföllum og launin, var hjer á ferðinni í fyrravetur, kom frá fjvn., flaut upp úr þessari hv. deild, en var svo feld í hv. Ed. Þessvegna er jeg hissa á, að þetta skuli vakið upp að nýju og borið fram fyrir sömu þm., er feldu það í fyrra. Jeg trúi því vart, að hv. þm., sem voru á móti þessu í fyrra, hafi nú snúist til fylgis við tillöguna, og er þá auðsætt, að hún

á ekki annað erindi inn í þingið en að þvælast fyrir og tefja tímann frá öðrum nytsamari störfum.

En nú er farið ennþá lengra en í fyrra, þar sem ekki er talin nægja dýrtíðaruppbótin, heldur á einnig að velta aldursuppbótinni yfir á sveitar- og bæjarfjelögin. Jeg veit ekki, hver venjan er um þetta alstaðar á Norðurlöndum, en það veit jeg, að þetta á sjer ekki stað í Svíþjóð nje Noregi. Þar er það ríkið eða fylkin, sem greiða aldursuppbótina, og í Noregi eru fylkin svo stór, að kennarar flytjast sjaldan á milli. Verði þetta ákvæði að lögum, standa þeir kennarar ver að vígi, sem eldri eru í starfinu, gagnvart hinum yngri, þegar ungir og gamlir kennarar sækja um sömu stöðu. Hv. fjvn. sá sjer ekki fært að bera þessa tillögu fram í fyrra, svo jeg tel víst, að hv. þingdeild fallist aldrei á hana.

Annars er jeg ekki jafnhrifin af röksemdafærslu sparnaðarnefndarinnar, eins og hæstv. forsrh. virðist vera, enda játar nefndin, að eiginlega sje ekki um neinn sparnað að ræða fyrir þjóðina í heild sinni, þar sem útgjöldin aðeins flytjast frá ríkissjóði á sveitasjóðina. Nefndin segir þó, að ekki sje „loku skotið fyrir, að breytingin kunni óbeinlínis að leiða til nokkurs sparnaðar. Þegar lögboðin útgjöld sveitarfjelaganna til kennaralauna aukast, er ekki ósennilegt, að þau reyni meira til að draga úr kostnaðinum við barnafræðsluna". Þannig gerir nefndin ráð fyrir, í öðru orðinu, að í raun og veru muni alt standa við sama og áður, en þó sje tilgangurinn, svona undir niðri, að fækka kennurunum, eins og beinlínis má lesa út úr þessum línum greinargerðarinnar: „Gæti það jafnvel leitt til nokkurrar lækkunar á launaliðnum við það, að menn sæju sjer fært að komast af með færri kennara, heldur en ef meirihluti launanna væri greiddur úr ríkissjóði." Þetta er tilgangur frv., að fækka kennurum, þó að sparnaðarnefnd hafi ekki hreinlyndi til að segja það berum orðum.

En hefir þá nefndin, sem greinargerðina samdi, rannsakað, hvar fækka megi kennurum? Mjer er kunnugt um, að barnakennararnir eru síst of margir. Sveitafjelögin hafa ekki sóst svo mjög eftir þeim, enda veit jeg ekki til, að hægt sje að benda á einn einasta stað, þar sem fækka mætti kennurum, kenslunni að skaðlausu. Hefði nefndin komist að þessari niðurstöðu, að um fækkun geti hvergi verið að ræða, þá hefði hún getað sparað sjer þá óhreinskilni, að hjer væri um sparnað að ræða, og notfært sjer þá heilræði sitt sjálf, í staðinn fyrir að velta öllu yfir á sveita- og bæjarfjelögin.

Sigurjón Jónsson: Af því jeg býst við, að hæstv. forsrh. taki aftur til máls, vildi jeg nota tækifærið áður og beina til hans dálítilli fyrirspurn.

Annars get jeg fallist á margt af því, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) tók fram í ræðu sinni, og viðurkenni, að með þessu frv. er ráðist á garðinn, þar sem hann er lægstur. En hv. þm. V.-Ísf. ræddi svo ítarlega um þessi tvö atriði, sem mestu máli skifta, að jeg sje ekki ástæðu til að bæta þar fleira við, á þessu stigi málsins.

En það, sem jeg vildi spyrjast fyrir um, er þetta:

Samkv. frv. þessu eiga lögin að ganga í gildi 1. jan. 1926. Hvernig fer þá um kennarana, sem ráðnir eru eftir lögunum frá 1919? Verður hægt að beita þess-

um lögum við þá kennara, sem ráðnir eru áður með ákveðnum launum og samkvæmt eldri lögum, þar sem aðeins er krafist 30 stunda kenslu á viku?

Jeg veit ekki, hvernig hægt er að rjúfa þá samninga, sem gerðir eru lögum samkvæmt í þessu efni. Í frv. er ekkert á það minst. Ef til vill er þetta hægt með bráðabirgðaákvæði í lögunum, eða þá, að segja öllum kennurum upp, sem skipaðir hafa verið samkvæmt eldri lögum, ef það væri hægt.

Það er um þetta atriði, sem mig langar til að fræðast, og vænti, að hæstv. forsrh. gefi mjer greið svör í þessu efni.

Forsætisráðherra (JM): Jeg bjóst alt af við því, að háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) myndi mótmæla frumvarpi þessu, því að svo mjög ber hann kennarastjettina fyrir brjósti, og er það ekki nema eðlilegt, frá hans sjónarmiði. Skal jeg því ekkert lá það, þó að hann, frá sjónarmiði stjettar sinnar, mótmæli aukning á starfi þeirra. En jeg lít svo á, að þetta sje á engan hátt harðara en ýmsar aðrar stjettir hafa orðið að þola í seinni tíð, að minsta kosti man jeg ekki eftir mótmælum frá honum í fyrra, þegar heimtað var, að vinnutími starfsmanna í stjórnarráðinu væri lengdur upp í 8 stundir á dag, og engin tillaga kom þá um, að laun þeirra væri hækkuð um leið.

Að hjer sje verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, held jeg, að ekki sje rjett. Að minsta kosti verður hann vart talinn lægri en sumir starfsmenn stjórnarráðsins. Jeg verð því að halda því fast fram, að hjer sje um enga ósanngirni að ræða, þegar á alt er litið.

Þá talaði háttv. þm. (ÁÁ) mikið um, hvort hjer væri átt við lágmark eða hámark stundafjölda. En jeg get fullvissað háttv. þm. um, að hjer er átt við hámark. En vel má vera, að rjett væri að breyta orðalaginu, svo að þetta komi ótvírætt í ljós.

Jeg skyldi ekkert vera á móti því, að taka til athugunar einhverja breytingu á launakjörum lækna. Væri jeg ekkert á móti, þó að borgun til þeirra væri færð eitthvað til. Í þessu gæti jeg orðið háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) samferða.

Hvað lengd kenslustundanna snertir, þá er mjer vel kunnugt um, að hver kenslustund, t. d. í Svíþjóð, er ekki talin nema 40 mín. Væri jeg því ekkert á móti því, að hver kenslustund við barnaskólana hjer væri talin 40 mínútur; teldi það miklu frekar holt fyrir skólalífið, enda ekkert talað um í frv. þessu, hve margar mínútur hver kenslustund skuli vera.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að jeg er ekki eins kunnugur skólamálum út um heim eins og þessi háttv. þm. (ÁÁ), sem sjerstaklega hefir kynt sjer þau. En það hygg jeg, að jeg hafi ekki hjer farið með rangt mál.

Ef okkur greindi ekki á um annað en aldursuppbótina, þá gætum við komið á samkomulagi okkar í milli.

Það er eflaust rjett hjá háttv. þm., að kennarastjettin hafi ekki eins góð laun og æskilegt væri. En svo er um fleiri. Og jeg staðhæfi, að þau sjeu ekki á nokkurn hátt verri en launakjör annara stjetta, ef gerður er rjettur samanburður. Að minsta kosti hafa kennararnir mikinn tíma frí frá skólunum, og einmitt þann tíma, sem talinn er arðvænlegasti tími ársins.

Mjer þótti leitt, að háttv. þm. var

með áreitni í garð sparnaðarnefndarinnar, þar sem hann var að tala um, að nefndarmenn hefðu sýnt óhreinskilni og ásakar þá um miður góðar hvatir, með fleiri óviðurkvæmilegum orðum. Þetta kemur mjer því undarlegar fyrir sem þessi hv. þm. (ÁÁ) er annars ekki vanur að koma svo fram hjer. Að hinu leytinu er það kunnugt, að þessa nefnd skipa hinir mestu sómamenn og hæfileikamenn, sem enginn annar en hv. þm. (ÁÁ) efast um, að leggi það eitt til, sem þeir telja rjett, og eiga alt annað skilið fyrir starf sitt en vanþakklæti, hvað þá beinlínis árásir. Jeg verð því að víta þessi ummæli háttv. þm. V.-Ísf.

Þá vík jeg máli mínu til háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ), sem sömuleiðis virtist vera mjög ant um kennarastjettina. Þessi háttv. þm. talaði líka um, að hjer væri ráðist á garðinn, þar sem hann væri lægstur. En við það vil jeg alls ekki kannast, því að í háttv. Ed. er líka á ferðinni frv., sem fer fram á að fjölga kenslustundum annara kennara.

Þá spurðist háttv. þm. fyrir um það, hvort þeir kennarar, sem nú þegar væri skipaðir, mundu falla undir ákvæði frv. Þar til er hv. þm. því að svara, að það er ekki einsætt. Um það gæti verið ástæða til að tala við háttv. mentmn.

Mál þetta verður vitanlega athugað í mentamálanefnd, einmitt þar sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) á sæti.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er vitanlega rjett að fresta aðalumræðum um þetta mál, þar til það kemur frá nefnd.

Hæstv. forsrh. (JM) gat þess, að jeg hefði talað um mál þetta frá sjónarmiði kennarastjettarinnar, en það er alls ekki rjett. Jeg tek hjer til máls af því, að jeg þekki fleiri barnakennara en þeir, sem frv. flytja, og veit, að kjör þeirra eru mjög erfið, svo erfið, að margir þeirra eiga mjög bágt með að framfleyta sjer og fjölskyldu sinni. Jeg hefi því ekki talað um þetta mál frá sjónarmiði neinnar stjettar, heldur að eins frá sjónarmiði rjettlætisins, og viljað reyna að hindra, að byrjað væri að spara á öfugum enda.

Hæstv. forsrh. sagði, að í frv. væri einungis átt við hámark kenslustunda, en jeg fæ ekki sjeð, að ákvæði frv. verði öðru vísi skilið, en átt sje þar við lágmark. Þessu má vitanlega breyta. Um lengd kenslustundanna tel jeg, að rjettara væri að láta skólanefndir setja ákvæði, en að löggjöfin hafi þar íhlutun.

Þá fanst hæstv. ráðherra, að jeg væri með áreitni í garð sparnaðarnefndarinnar. Sje nú svo, að það sje ekki vandi minn að vera með áreitni í garð annara, eins og hæstv. ráðherra sagði, og síst fjarstaddra manna, og hafi jeg hjer verið þungorður, þá verður það ekki á annan veg skilið en að full ástæða hafi verið til. Nei, óhreinskilnin kemur ekki aðeins fram í þessu efni hjá háttv. sparnaðarnefnd, heldur hefir hún komið fram hjá mörgum öðrum nú undanfarið, sem grafa undan allri alþýðufræðslu, og fullyrða þó um leið, að þeir sjeu að vinna gott verk. En við kennararnir kysum heldur, að höggvið væri á stofninn meðan hann er ófúinn, heldur en hann sje kvistaður, þar til hann fellur af sjálfu sjer. Þetta kemur einmitt hvergi betur fram en í greinargerð nefndarinnar; þar er víða að finna orð eins og t. d. „ekki óeðlilegt“, „óheppilegt“, „ekki loku skotið fyrir“, „ekki ósennilegt“ o. fl. Þessi orðatiltæki eru einmitt orðskviðir óhreinskilninnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til mentamálanefndar með 17 shlj. atkv.

Á 28. og 32. fundi í Nd., dagana 7. og 13. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. mars, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 15, n. 105).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Mentamálanefnd hefir í afstöðu sinni til þessa máls aðallega tekið tillit til þeirra efnisbreytinga, er felast í 3., 4. og 5. gr. frv. þessa.

3. gr. ákveður, að kennurum sje skylt að kenna 36 stundir á viku, í stað þess, að nú eru 30 stundir skyldukensla. Ennfremur er þar ákveðið, að ráðherra ákveði fjölda kenslustunda hjá skólastjórum eða forstöðumönnum þeirra skóla, er hafa fleiri en tvo kennara, en áður munu skólanefndir hafa ákveðið þetta.

Í 4. gr. er ákveðið, að launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum eins og launin sjálf. Nú eru allar þessar launaviðbætur greiddar af ríkissjóði, en ættu samkv. frv. hjer eftir að greiðast að tveim þriðju úr bæjarsjóðum, en að hálfu leyti úr sveitarsjóðum.

5. gr. ákveður svo, að dýrtíðarbætur bæði af skyldulaunum og launaviðbótum greiðist af sömu aðiljum og launin og í sömu hlutföllum. En nú eru allar dýrtíðarbætur greiddar af ríkissjóði.

Það eru þessar þrjár efnisbreytingar, sem rjeðu skoðun mentmn. í þessu máli, og skal jeg þá leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þær, og í sömu röð og jeg hefi talið þær.

Hvað fyrstu breytinguna snertir, um að fjölga skyldustundum kennara, þá er hjer um raunverulegan sparnað að ræða, þar sem heimtuð er meiri vinna fyrir sama kaup, ef gengið er út frá því, að annars sje ekkert unnið, það sem þjóðfjelaginu sje til nytja eða einstaklingum þess til gagns.

Jeg skal fúslega taka undir það, er stendur í athugasemdum við frv. þetta, að það getur ekki talist ósanngjarnt nje ofætlun heilbrigðum manni, að kenna 6 stundir á dag í barnaskóla, en þá er gengið út frá því, að kenslan sje þeirra eina starf auk heimavinnu í sambandi við hana, stílaleiðrjettingar o. s. frv.

En nú mun reynslan sú, að enda þótt kennaralaunin þyki há fyrir ríkissjóð að greiða þau, þá mun þó hver sanngjarn maður sjá, að sjeu kennarar í kaupstað fjölskyldumenn, þá geta þeir ekki lifað með sifjalið sitt á kennaralaununum einum. Þessvegna er þeim sá kostur einn fyrir hendi, að hafa einhverja aukavinnu með kenslunni, og það aukavinnu, sem þeir fá sjerstaka greiðslu fyrir, en þannig verður tími þeirra af nauðsyn bundinn meira en lögin gera ráð fyrir. Jeg tala hjer sjerstaklega fyrst um kaupstaðakennarana, því að jeg hygg, að það sje ekki ofmælt, þótt jeg segi, að kaupstaðarkennari, sem hefir fyrir fjölskyldu að sjá, hann verði að vinna fyrir aukaþóknun um tvo tíma daglega til þess að auka það við laun sín, að hann geti lifað sómasamlega. Fyrir slíka menn væri því ekki að tala um að gera skyldustundirnar sex, heldur átta, auk óhjákvæmilegrar heimavinnu.

Það má segja um þessa aukavinnu,

að lögin geri ekki ráð fyrir því, að kennarar hafi aukastörf samhliða stöðu sinni, en þegar launin hrökkva hvergi nærri til þess, að kennarinn geti af þeim lifað, þá brýtur nauðsyn lög, og býst jeg ekki við, að neinn geti láð það.

Nefndin getur því ekki fallist á að fjölga kenslustundum kaupstaðakennara, nema þá að hækka laun þeirra að sama skapi, en slíkt liggur ekki fyrir nú.

Hvað sveitakennara snertir, þá segja mjer þar um kunnugir menn, að þeir kenni oft og jafnaðarlega meira en 5 stundir á dag. Þar væri því ákvæðið óþarft, auk þess sem ekki yrði sanngjarnt talið að gera þeim beint að skyldu að kenna fleiri tíma en kaupstaðakennurum, þótt það að sjálfsögðu yrði vel þegið af þeim, sem njóta eiga.

Að síðustu skal jeg aðeins geta þess, að sje litið á þetta atriði sem sparnaðarmál, þá dylst nefndinni ekki, að það muni verða ærið seinvirkt sem slíkt, þar sem það varla gæti komið til framkvæmda fyr en smátt og smátt, eftir því sem kennarastöður yrðu veittar á ný.

Þá kem jeg að breytingunum í 4. og 5. gr. Að þessu sinni eru brtt. þessar komnar frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt þál. síðasta þings til að athuga og gera till. um, hvar spara megi á ríkisrekstrinum.

Báðar þessar brtt. voru fyrir síðasta þingi og þá komnar frá hv. fjvn. þessarar deildar. Bæði þessi atriði voru þá þrautrædd hjer í hv. deild, og virðist mjer því ástæðulaust að fara að endurtaka nú alt, er sagt var með og móti þessum breytingum.

Samkvæmt áliti sparnaðarnefndar er hjer um að ræða alt að 160 þús. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð, er með breytingunni færðust yfir á bæja- og sveitasjóði. Hjerumbil ⅔ af þessari upphæð lenti á kaupstöðunum að greiða, en rúmlega ⅓ á sveitunum. Hjer er því ekki um neinn raunverulegan sparnað að ræða fyrir þjóðarbúskapinn, aðeins tilfærslu á gjöldum ríkissjóðs yfir á bæja- og sveitasjóði.

Jeg álít óþarfa að fara að rekja allar þær ástæður, er rjettilega voru færðar móti þessu í fyrra, enda geri jeg ráð fyrir, að skoðanir hv. þdm. hafi ekki breyst frá því, sem þá var. Aðeins get jeg tekið það fram, að aðalástæða mentmn. gegn þessum brtt. er hin sama og í fyrra: að vjer álítum ekki bæja- og sveitasjóði færari um að leggja á sig þessi auknu gjöld heldur en ríkissjóð, þótt vjer hinsvegar viðurkennum fjárhagsörðugleika hans. Og hvað fjárhag einstakra bæja- og sveitafjelaga snertir, þá má aðeins minna á allar þær beiðnir, er á síðasta þingi bárust frá sveitafjelögum um styrk og ábyrgðir ríkissjóðs, vegna knýjandi fjárhagsvandræða heima fyrir. Og enn berast slíkar beiðnir, og þó er ekki hægt að sinna nema örfáum.

Hvað launaviðbætur eftir þjónustualdri sjerstaklega snertir, þá álítur nefndin einnig, að í eðli sínu sje rjettara, að þær sjeu greiddar af ríkissjóði, af ástæðum, er svo margoft hafa verið tilfærðar, þ. e. flutningi kennara frá einum skóla til annars.

Jeg skal sama sem sleppa að minnast á þá ástæðu fyrir þessum breytingum, að við aukin gjöld á bæja- og sveitafjelögum, þá kunni það óbeinlínis að leiða til nokkurs sparnaðar á kostnaði við barnafræðsluna. Þetta er varla hægt að skilja á annan hátt en þann, að úr þeirri fræðslu yrði dregið, sem nú er

venja að veita, því að það mikið leggja bæja- og sveitafjelög til barnafræðslunnar nú, að yfirleitt mun ekki varið til hennar meira en brýn nauðsyn krefur. Jeg skal alls ekkert um það fullyrða, að afleiðing þessarar breytingar gæti ekki að einhverju leyti orðið sú, sem hjer er giskað á, en því varhugaverðari álít jeg breytinguna, ef henni væri stefnt til þess að skerða þá fræðslu, er æskulýðnum er veitt nú.

Þá skal jeg koma að einu atriði þessa máls, sem snertir þessar breytingar. Bæja- og sveitasjóðir greiða nú, eftir gildandi lögum, svo mikið til barnafræðslunnar, að sú greiðsla ætti að vera næg trygging þess, að þessir tveir aðiljar fari sparlega og svo hyggilega sem unt er með alt það fje, sem til barnafræðslunnar er varið. En þegar þetta atriði er trygt, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að það sje eðlilegt og sanngjarnt í alla staði, að ríkissjóður, þessi sameiginlegi sjóður allra landsmanna, greiði drjúgan skerf af þeim gjöldum, sem varið er til fræðslu æskulýðsins.

Um fræðslumálin á að vera samstarf allrar þjóðarinnar, því að hjer er ekki um annað að ræða en að manna og menta æskulýðinn og afla þjóðfjelaginu betri og nýtari borgara, svo að valinn drengur verði í hverju rúmi. Það bæjareða sveitarfjelag, sem í þessu efni gerir best skyldu sína, það er ekki eingöngu að búa í haginn fyrir sig, heldur og aðra. Með góðri ungmennafræðslu er búið í haginn fyrir þjóðina í heild. Svo mikill flutningur er á fólkinu fram og aftur, að ekkert bæjarfjelag eða fræðsluhjerað veit, hve margra eða fárra það sama fjelag fær að njóta, er stundir líða. Sveitirnar og hjeruðin eru því að vinna fyrir sameiginlegum hagsmunum. Og þessvegna er það eðlilegt, eins og jeg tók fram áðan, að sameiginlega fjárhirslan, ríkissjóðurinn, beri drjúgan skerf af fræðslukostnaðinum, en velti honum ekki af sjer og yfir á þá máttarminni, en það eru bæja- og sveitasjóðirnir, eins og margsinnis hefir verið bent á.

Sje litið á barnafræðsluna sem grundvöll þeirrar menningar, sem vera á máttur hvers þjóðfjelags, þá er hjer um sameiginlegt þjóðmál að ræða — og jeg vil bæta við, að það sje langstærsta þjóðmálið. Þessvegna vonast jeg til, að sem flestir af hv. þdm. verði mentmn. sammála um það, að mest sanngirni sje í, að ríkissjóður beri sinn bróðurhluta af þeim kostnaði, sem til þessara mála fer, og greiði af þeim ástæðum atkv. með till. nefndarinnar.

Um 1., 2., 6. og 7. gr. þessa frv. er mentmn. ekki alveg sammála, en meirihl. hennar leit svo á, að þessar breytingar sjeu svo veigalitlar, að þeirra vegna einna sje ástæðulaust að gera frv. þetta að lögum. Þó skal jeg geta þess, fyrir mitt leyti, að breytingarnar í 2. og 6. gr. tel jeg til bóta, og er því samþykkur, sem um þær segir í aths. frv.

Um breytingarákvæðin í 1. gr. skal jeg geta þess, að jeg er samþykkur staflið f., þar sem gert er að skilyrði fyrir því, að kennari sje skipaður, að hann hafi annaðhvort fyrst verið settur um eitt ár við þann skóla, eða verið skipaður kennari við samskonar skóla áður. Þessari reglu er nú þegar víða fylgt og hefir gefist vel, og væri þessvegna rjett að hafa ákvæði um það í lögunum. Aftur á móti er jeg ekki samþ. fyrri hluta gr. Jeg vil ekki láta fella niður þá heimild, að menn geti orðið barnakennarar, þótt þeir hafi ekki próf frá kennaraskóla.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Mentmn. er mótfallin þessum aðalefnisbreytingum frá núgildandi lögum, er frv. ráðgerir. Hinsvegar eru óbundin atkv. nefndarmanna um þær gr., er jeg nefndi nú síðast, og er mjer kunnugt um, að hv. 2. þm. Eyf. (BSt) hefir sjerstöðu í málinu, er hann gerir nánar grein fyrir. Jeg hefi, af ásettu ráði, sneitt hjá því, að koma nokkuð inn á fræðslukerfið yfirleitt, og þó að jeg taki oftar til máls, mun jeg heldur ekki gera það. Jeg hefi ekki viljað verða þess valdandi, að umr. snjerust um annað en brtt. þær, sem frv. fer fram á, svo að úr þeim þyrfti að teygjast þessvegna. Með þessum orðum læt jeg svo máli mínu lokið.

Forsætisráðherra (JM): Þótt jeg að vísu leggi ekki sjerlega mikla áherslu á, að frv. nái fram að ganga, þá verð jeg að álíta, að það beri að samþykkja það. Það hefir inni að halda tvö fjarskyld aðalatriði.

Um breytingarnar í 1., 2., 6. og 7. gr. má segja, að þær komi mjer við, kenslumálastjórninni. Hin ákvæðin, um hver skuli borga launin, hvernig þeim skuli skift milli aðilja, ríkissjóðs og sveitar, það snertir fremur fjármálastjórnina.

Annars finst mjer undarlegt, að hv. mentmn. skyldi ekki geta fallist á 1. gr. frv. Þegar við erum búnir að fá fullkominn kennaraskóla og lengja námstíma kennaraefnanna, þá virðist undarlegt, að þeir eigi ekki að hafa forgangsrjett að barnaskólum, ekki ganga fyrir þeim, sem enga kennaramentun hafa. Með þessari breytingu er aðeins verið að tryggja rjett þeirra manna, sem stundað haf nám við kennaraskólann og lagt í mikinn kostnað, til þess að verða hæfir barnakennarar. Þessvegna get jeg ekki skilið, hversvegna nefndin getur ekki fallist á jafnsjálfsagðar breytingar. Um f.-liðinn, eða þá viðbót, virðist nefndin heldur ekki telja neitt verulegt atriði til bóta. Jeg get þá verið ánægður að standa einn uppi með þessar kröfur, og ástæðulaust að vera að ræða frekar um þær. En þó skal jeg bæta því við, að breytingarnar í 2. gr. tel jeg miklu minna atriði en þau tvö, er 1. gr. nefnir.

Um 6. gr. þarf jeg ekki að fjölyrða nú, jeg skýrði hana rækilega við 1. umr., enda virðist mjer að nefndin hafi eiginlega fallist á hana, þó mjer hinsvegar skiljist, að hún ætlist til, að frv. sje felt.

Annars sje jeg enga ástæðu til að halda langa ræðu, og býst ekki við, að deildin þurfi frekari skýringa við í þessu efni. Aðeins vil jeg taka það fram, ennþá einu sinni, að jeg get ekki fallist á, að þessi atriði, sem ekki snerta fjárhagshlið þessa máls, sjeu svo lítilfjörleg, að ekki taki því, að þeim sje gaumur gefinn.

Þá er það kenslustundafjöldinn, eða spurningin um það, hvort kennarar eigi að kenna 30 stundir á viku eða 36, eins og tíðkast í nágrannalöndum. Jeg get nú raunar verið ánægður með dóm nefndarinnar, því að hún viðurkennir, að í kaupstöðum sje það engum ofætlun að kenna 6 stundir á dag, og hv. frsm. (SigurjJ) sagði, að í sveitum myndi það allvíða tíðkast, að kennarar kendu þann stundafjölda og jafnvel lengur. Enda er þetta ekki annað en það, sem víða viðgekst áður en kennararnir fengu bætt laun sín.

Nefndin viðurkennir, að engum manni sje ofætlun að kenna sex stundir á dag við barnaskóla, og þykir mjer

vænt um slíka viðurkenningu. Um varnagla nefndarinnar, að með auknum stundafjölda þurfi að hækka launin, er þetta að segja: Það er sama lagið, sem altaf er verið að syngja, að kennararnir sjeu svo illa launaðir. Jeg skal að vísu játa, að launin eru ekki há, en sjeu þau borin saman við laun annara starfsmanna ríkisins, þá sjest það, að þeir eru yfirleitt ekki betur launaðir en einmitt barnakennararnir. Og þó að vitnað sje til Danmerkur, að barnakennarar sjeu þar betur launaðir, þá er aðgætandi, að tími sá, er kensla fer þar fram, er talsvert lengri en hjer. Það er nú líka svo, að þegar verið er að vitna í launakjör barnakennara, þá er altaf talað um, að fjölskyldumaðurinn geti ekki lifað af launum einum. Með því er gefið í skyn, að einhleypi kennarinn bjargist vel, og eiginlega sjeu launin nógu há. Þessvegna fyndist mjer rjettara að veita einhverja uppbót, eða ívilnun, fátækum barnakennurum, sem mikla ómegð hafa, heldur en að hækka launin í heild, áður en hækkað er við suma aðra embættismenn þjóðarinnar, sem, þegar á alt er litið, bera miklu minna úr býtum fyrir lengri vinnu og meira starf í þágu hins opinbera. T. d. má benda á, að bera saman hæstu kennaralaun og laun presta. Kennaralaunin verða hærri. Að vísu hafa prestarnir aukaverk, sem þeir fá sjerstaka borgun fyrir. En þau gera ekki meira en vega á móti þeim hagnaði, sem kennararnir hafa af því að vera lausir frá starfi sínu 4—5 bestu mánuði ársins.

Að það sje ekki sparnaður fyrir ríkissjóð, að kendar verði 6 stundir á dag, í stað 5, get jeg ekki skilið. Jeg held því, að það sje hugsunarvilla hjá hv. frsm. (SigurjJ), þar sem hann neitaði, að það væri sparnaður. Jeg held, að engum geti dulist, að af því megi verða töluverður sparnaður.

Um launaviðbót eftir þjónustualdri gæti jeg fallist á að láta vera eins og nú er.

Hvað snertir 5. gr., sem ræðir um dýrtíðaruppbótina, er það að segja, að hún, eða samskonar ákvæði, var samþykt í þessari hv. deild í fyrra. Verði hún því ekki samþykt nú, þýðir það ekkert annað en það, að hv. deild hefir aflað sjer meiri og betri þekkingar í því atriði en hún hafði öðlast í fyrra.

Annars er ekkert undarlegt, þó að slík tillaga sem þessi komi frá mjer, því að jeg varð alveg undrandi í fyrstu, þegar öllum þessum gjöldum var dembt í einu yfir á ríkissjóð, af bæja- og sveitasjóðum. Urðu sum bæjarfjelög jafnvel hissa, þegar farið var að taka þetta af þeim og velta því yfir á ríkissjóð. Jeg var þá þm. Reykvíkinga, en þó hafði jeg orð á, að hjer mundi of langt farið. Hefir þetta fyrirkomulag haldist síðan. En mjer finst og hefir altaf fundist eðlilegast, að bæja- og sveitafjelögin borguðu dýrtíðaruppbótina í sömu hlutföllum og launin.

Annars mun óhætt að segja, að ríkissjóður hjer greiði meira til barnafræðslunnar en venja er til, að ríkissjóðir annara ríkja geri, því jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að erlendis sje barnafræðslan mest borin uppi af bæja- og sveitasjóðum.

Jeg sje alls ekki, að háttv. mentmn. hafi fært fram nein gild rök gegn frv. þessu. Og jeg vil minna á, í þessu sambandi, að í fyrra var í þessari hv. deild samþykt krafa um, að starfstími skrifstofumanna í stjórnarráðinu væri lengdur úr 5 tímum upp í 6. Móti þessu

heyrðist varla nokkur rödd. Við þessari kröfu varð stjórnarráðið, án þess að bæta nokkuð laun mannanna. Eru þau þó að mun lægri en laun kennara. Ef nú ekki þykir fært að bæta 1 stund á dag við starfstíma kennaranna, án þess að bæta laun þeirra, býst jeg við, að örðugt verði fyrir stjórnina að halda áfram með hinn lengda starfstíma stjórnarráðsskrifaranna, án þess að bæta laun þeirra, því að þetta tvent er alveg sambærilegt. Verði þessu frv. ekki sint, mun aftur styttur starfstíminn í stjórnarráðinu.

Ásgeir Ásgeirsson: Vegna ummæla hæstv. forsrh. um 1. gr. frv., vil jeg láta þess getið, að í raun og veru er jeg henni fylgjandi. En eins og gerist í nefndum, þegar samkomulag er um aðalatriði málsins, þá verður oft að sætta sig við að fá ekki allan sinn vilja, til þess að koma því fram, sem mest er um vert. Af þessum orsökum verð jeg nú að greiða atkv. móti 1. gr. frv., þó jeg í rauninni sje henni fylgjandi, og geri það í því trausti, að fræðslumálastjóri og hæstv. kenslumálaráðherra (JM) framkvæmi ákvæði greinarinnar eins og þau væru í lögum.

Bernharð Stefánsson: Af því að jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, kann jeg ekki við annað en segja nokkur orð.

Eins og háttv. deildarmenn muna, var hjer í deildinni í fyrra samþykt frv., sem gekk að nokkru leyti í sömu átt og þetta. Það frv. fjell í Ed. Fylgdi jeg þá því atriði, að dýrtíðaruppbót kennara skyldi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum og launin sjálf. En jeg vildi þá, að hjeruðin væru ekki þvinguð til að láta kenna lengri tíma en þau vildu sjálf. Að minsta kosti ekki lengri tíma en svo, að hvert barn fengi hina lögskipuðu kenslu. Jeg bar því fram brtt. í þessa átt, sem samþykt var hjer í deildinni í fyrra. Jeg leit nefnilega svo á, að slík breyting væri eina skilyrðið til þess að sveitir landsins gætu gengið að því, að bæta á sig þessum gjöldum. Nú hefir hæstv. stjórn ekki tekið þessa tillögu mína til greina, þegar hún samdi frv. það, sem nú er til umræðu, enda má vera, að það hefði enga þýðingu haft, þar sem Ed. tók svo í málið í fyrra, að vonlaust myndi, að það næði fram að ganga nú.

Af þessum ástæðum sá jeg ekki til neins að flytja þessa till. nú, og sömuleiðis af því, að ýmsar aðrar ástæður hafa líka breyst síðan í fyrra. Þannig var þá, vegna hins bágborna hags ríkissjóðs, reynt að spara gjöld hans á öllum sviðum, og það jafnvel, þó að sparnaðurinn væri ekki fyrir þjóðina í heild, eins og t. d. frv. þetta í fyrra. En nú hefir, sem betur fer, hagur ríkissjóðs batnað svo, að síður er ástæða til að leita slíkra ráða. Líka hefir dýrtíðaruppbótin hækkað síðan, svo að hjeruðunum er mun erfiðara að taka hana yfir á sig en þá var. Þó að jeg telji því þetta ákvæði frv., að dýrtíðaruppbótin skuli greiðast eftir sömu hlutföllum af sömu aðiljum og launin sjálf, ekki rangt, þá hefi jeg ekki, vegna hinna breyttu ástæðna síðan í fyrra, viljað gera ágreining út af því, og hefi því orðið ásáttur um að fylgja nefndinni í því, að leggja til, að frv. verði felt eins og það liggur fyrir nú.

Að því er 1. gr. frv. snertir, vil jeg taka það fram, að jeg tel vafasamt, að kominn sje tími til þess enn hjer á landi

að gera strangar kröfur til sveitakennara um að þeir hafi kennaramentun, því að reynslan hefir sýnt, að fjöldi kennara hafa reynst ágætlega, þó að þeir hafi ekki haft sjermentun.

Viðvíkjandi kröfunni um 6 stunda kenslu á dag skal jeg taka það fram, að jeg tel það ekki framkvæmanlegt í sveitum. Þar sem börnin þurfa að ganga langa leið heim og heiman er 5 stunda kensla það lengsta, sem má hafa.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) vildi halda því fram, að 6 stunda kensla á dag væri óframkvæmanleg í sveitum, þar sem börnin þyrftu að ganga heim og heiman. Þetta getur vel verið rjett á sumum tímum árs. En tilætlunin er, að 6 stunda kensla á dag sje aðeins hámark. Og ef hægt er að kenna 5 stundir á dag í skammdeginu, þá er engin frágangssök að kenna 6 stundir á dag, þegar komið er fram á útmánuði og dagur er orðinn lengri. Er þetta því engin ástæða gegn frv.

ATKVGR.
1. gr. feld með 14:4 atkv.
2. — — — 13:5 —
3. — — — 13:7 —
4. — — — 14:6 —
5. — — — 13:8 —

Forseti lýsti frv. fallið.

4. Kvennaskólinn í Reykjavík.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um að ríkið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík (stjfrv. 17).

Á 5. fundi í Ed., fimtudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Jónsson: Jeg bað svona fljótt um orðið sakir þess, að jeg sje, að hv. 6. landsk. (IHB) er ekki á fundi. Sömuleiðis sje jeg, að hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) er fjarverandi, en hann mun hafa í hyggju að flytja frv. þess efnis, að ríkið taki einnig að sjer kvennaskólann á Blönduósi. Af þessum ástæðum, sem nú eru greindar, vildi jeg gera það að till. minni, að afgreiðslu þessa máls yrði frestað, þangað til frv. um Blönduósskólann væri komið fram.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til annars en að málið gangi nú þegar til nefndar, en nefndin myndi sennilega ekki afgreiða það svo fljótt, að ekki ynnist tími til að koma með annað frv., sem gæti orðið samferða, ef óskað er. Jeg vildi því mælast til, að hv. 2 landsk. (SJ) vildi lofa málinu að ganga áfram í deildinni nú; jeg sje ekki, að það geti skaðað nokkurn mann eða málstað. Jeg skal ekki vekja neinar umræður um málið að þessu sinni, en vísa aðeins til greinargerðar forstöðunefndarinnar, sem frv. fylgir.

Sigurður Jónsson: Jeg býst við, að nokkrar umræður hefðu orðið um málið nú, hefði ekki staðið svona á. Jeg get ekki sjeð, að hæstv. forsrh. flýti á nokkurn hátt fyrir málinu með því að ræða það núna, heldur væri betra að bíða, þangað til annað frv. gæti komið fram og orðið samferða. Jeg vildi því mælast til, að málið yrði tekið út af dagskrá.

Forseti (HSteins): Jeg sje ekki, að það sje næg ástæða til að taka málið af dagskrá, þótt þessir tveir þingmenn sjeu fjarstaddir, því að hjer verður, hvort sem er, ekki annað gert við málið en að vísa því til nefndar, og engum ætti að geta verið bagi í því. Jeg tek því málið ekki af dagskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 17, 88, n. 209 og 210).

Frsm. meirihl. (Jónas Jónsson): Þetta stjfrv. gerir ráð fyrir því, að landið taki að sjer kvennaskólann í Reykjavík, sem um hálfa öld hefir verið rekinn sem einkafyrirtæki. Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) ber fram brtt. við frv. þetta um það, að ríkið taki einnig að sjer kvennaskólann á Blönduósi.

Vegna veikinda nefndarmanna í mentmn., hefir þetta mál komið svona seint úr nefnd.

Meirihl. nefndarinnar hallast að því, að hvorugt nái fram að ganga, og eru ástæður fyrir því teknar fram í nál. Við höfum tveir, hv. 1. landsk. (SE) og jeg, orðið samferða, en höfum þó hvor sínar ástæður. Hann heldur því fram, að skólinn muni verða ríkinu kostnaðarsamari en áður, ef hann yrði gerður að ríkisskóla. Jeg er því að vísu samþykkur, en mundi þó ekki láta það eitt sitja fyrir því, að málið næði fram að ganga, ef stefnan væri annars rjett. Báðir þessir skólar hafa verið, eftir því sem jeg best veit, gagnfræðaskólar. Þessu hefir verið mótmælt af hv. 6. landsk. (IHB), um Reykjavíkurskólann. Það er að vísu vitanlegt, að þar er starfrækt hússtjórnardeild og eitthvað kent í handavinnu. En þessir skólar hafa verið miklu líkari gagnfræðaskólum, og segi jeg það ekki til lasts um þá. Það var eðlilegt, að skólarnir kæmust í þetta horf áður, meðan konur voru útilokaðar frá námi í skólum þeim, er karlmenn höfðu aðgang að. Vil jeg því í þessu sambandi fyrst víkja að því, hver var höfuðtilgangur kvennaskólanna, er þeir voru stofnaðir. Þeir voru settir á stofn til þess, að hjálpa konum til þess að fá almenna mentun, vegna þess, að eldri skólar voru til fyrir karlmenn. Svo fengu konur leyfi til þess að sækja almennu skólana, en það var mjög lítið um þátttöku af þeirra hálfu framan af. Man jeg eftir því, að öll árin, sem gagnfræðaskólinn var á Möðruvöllum, þá var það víst aðeins ein kona, sem tók próf þaðan. Um sama leyti voru og stúlkur í mentaskólanum hjer, en mjög fáar fyrst framan af. Nú vita allir, að í þessum skólum eru konur jafnt sem karlar, svo sem t. d. í mentaskólanum, Flensborgarskólanum og gagnfræðaskólanum á Akureyri og víðar. Og það eru ekki til neinir hreinni sjerskólar fyrir konur eða karla, nema bændaskólar og húsmæðraskólar. Það er hvorttveggja hliðstætt og augljóst, að svo á að vera. Aftur á móti get jeg ekki sjeð annað en að rás viðburðanna hafi gert almenna kvennaskóla miður þarfa. Auðvitað geta þeir gert gagn. En nú eru

allir almennir skólar opnir jafnt konum sem körlum, og engin ástæða til að ríkið haldi uppi gagnfræðaskólum sjerstaklega fyrir konur.

Út af brtt. þm. A.-Húnv. skal jeg taka það fram, að höfuðgallinn á henni er sá, að í stað þess að laga Blönduósskólann eftir breyttum kringumstæðum, þá er að forminu til gert ráð fyrir því einu, að koma honum á framfæri ríkisins.

Í niðurlagi nál. hefi jeg drepið á það, að ef báðum þessum kvennaskólum yrði breytt í húsmæðraskóla, þá mundi málið horfa alt öðruvísi við, frá minu sjónarmiði, og þá mundi jeg geta verið með því, að kosta meiru til þeirra heldur en áður. Og jeg vil taka það fram um Blönduósskólann, að Húnvetningar sjá, að þeim er þarflaust að halda uppi gagnfræðaskóla fyrir konur, og þeir ættu að snúa meir og meir að því, að gera hann að húsmæðraskóla. Síðustu breytingar, sem á skólanum hafa verið gerðar, benda í þessa átt. Og jeg vil undirstrika það, að jeg gleðst yfir þeim breytingum.

Jeg hefi nú skýrt málið nokkuð, frá minni hlið, og býst jeg við því, að hv. 1. landsk. (SE) skýri það einnig frá sinni hlið, sem jeg tel líka rjetta, að kostnaður við skólana aukist með frv. Og jeg vil taka það fram hjer, í þessu sambandi, og beina því til hæstv. mentamálaráðherra, að kostnaðarmunurinn milli einkaskóla og ríkisskóla er mjög mikill. Jeg man nú ekki í svipinn, hver er kostnaður við skólana á Hvanneyri, Hólum og Eiðum, en minnir að hann sje 17—20 þús. kr. Að vísu hefir landið lagt skólum þessum til jarðir og hús, og er engin leiga tekin af því. Í Hólaskóla munu vera um 30 nemendur, og hann kostar ríkissjóð um 20 þús kr., en kvennaskólinn hjer, sem er vel rekinn, og hefir haft 4 sinnum fleiri nemendur, hefir ekki kostað ríkissjóð nema 20—24 þús. á ári, og þó greitt háa húsaleigu. Ef maður vill reikna, hversu ríkisskólarnir hafa orðið miklu dýrari í öllum rekstri en einkaskólarnir, þá verður það eftirtektar- og athugunarvert fyrir ríkisstjórnina, hvort eigi megi læra eitthvað af þessum skólum, sem eru einkafyrirtæki. Jeg veit, að þetta gengur best hjer í Rvík; einkaskólarnir eru langtum ódýrari, og fer þeim þó kenslan vel úr hendi. Verslunarskólinn og samvinnuskólinn eiga nú að fá 3000 kr. úr ríkissjóði. En Hólaskóli, sem ekki hefir nema ¼ af nemendum móts við þá, kostar landið um 20 þús., og vjelstjóraskólinn enn meira, ef miðað er við nemendafjölda.

Stjórninni ætti að vera það ljóst, að það mundi verða stórkostlegur kostnaðarauki, samkvæmt fenginni reynslu, að gera kvennaskólann að ríkisskóla. Jeg hefi reynsluna fyrir mjer við samvinnuskólann. Hann hefir haft lágan ríkissjóðsstyrk, en þó hefir gengið sæmilega vel að fá til hans vel hæfa kennara, þrátt fyrir, að aðeins hefir verið um tímakenslu að ræða; enda er af nógu að taka í því efni hjer í Reykjavík. Jeg álít það mætti spara mikið í rekstri mentaskólans, með aukinni tímakenslu, en fækkun á föstum kennurum. Tímakennarar verða ætíð ódýrari og fást alveg eins góðir, að minsta kosti hjer í Rvík. Stjórnin ætti að læra af þessu að haga rekstri ríkisskólanna svo, að þeir yrði ódýrari ríkissjóði en þeir hafa verið að undanförnu.

Ef jeg nú væri viss um það, að skólarnir yrðu betri við það, að verða ríkis-

skólar, er svo miklu meira fje verður eytt til þeirra, eftir þá breytingu, væri alt öðru máli að gegna um mína afstöðu til þessa frv. En jeg er ekki viss um þetta, nema síður sje. Jeg held, að skólarnir mundu ekki batna; því þeir hafa allir starfað vel, og enda hygg jeg, að t. d. þessi skóli, sem hjer ræðir um, sje einmitt aðdáunarverður fyrir, hversu vel hann hefir komist af með ekki meira fje en hann hefir haft frá því opinbera, unnið gott starf, og getað búið í jafngóðu húsi og sá skóli hefir. Jeg hygg, að þetta stafi af því, að skólinn er laus við hið þunglamalega rekstrarfyrirkomulag ríkisstofnananna.

Það er aðeins eitt, sem jeg veit til að geti mælt með því, að kvennaskólinn í Rvík og Blönduósskólinn yrðu ríkisskólar, en það eru launakjör forstöðukvennanna við þessa skóla. Jeg geri ráð fyrir, að þau sjeu nú oflág við báða þessa skóla. Að minsta kosti veit jeg, að svo er í Rvík, og mundu því launin hækka, ef skólarnir yrðu ríkisskólar. Við þessa skóla báða þarf að vera að minsta kosti einn fastlaunaður kennari við hvorn þeirra; það mundi binda fastar saman hina kennarana. Þetta má vel bæta, án þess að til þess þurfi að grípa, að gera skólana að ríkisstofnunum. Það þyrfti ekki annað en að hækka lítilsháttar hinn opinbera styrk til þessara skóla, til þess að samræmi verði á launum þessara forstöðukvenna og annara forstöðumanna við svipaða skóla. En ef ríkið tæki að sjer kvennaskólann í Rvík, þá geri jeg ráð fyrir, að það yrði að gera eitt af þrennu: að kaupa það húsnæði, sem skólinn nú hefir, að leigja húsið, eða þá, sem líklegast er, yrði að byggja nýtt hús fyrir þennan skóla. Jeg álít nú, að heppilegast sje fyrir alla hlutaðeigendur, að láta þessa skóla halda áfram að vera einka-fyrirtæki, og rjettara væri að breyta einhverjum af þeim ríkisskólum, sem nú eru, í einkafyrirtæki, en að veita þeim einhvern opinberan styrk eða annan líkan stuðning.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hafði, satt að segja, ætlast til, að frsm. beggja nefndarhlutanna tækju til máls á undan mjer, en þó skal jeg snúa mjer að því, að ræða brtt. minar, á þskj. 88, þótt háttv. frsm. minnihl. nefndarinnar sje ekki búinn að halda sína ræðu. Það, sem jeg fer fram á, er, að ríkið taki einnig að sjer kvennaskólann á Blönduósi og geri hann að öllu hliðstæðan við kvennaskólann í Rvík. Jeg hefi þó sett, í þessum brtt. mínum, laun kennaranna við Blönduósskólann talsvert lægri en við kvennaskólann í Rvík, og miðaði jeg það við, hversu ódýrara er að lifa á Blönduósi en í Rvík. Jeg skal taka það fram nú þegar, svo að ekki gleymist, að mjer skjátlaðist í því, að koma ekki með brtt. við 3. gr. frv., þar ætti orðalagið að breytast þannig, að þar stæði: skólarnir o. s. frv., en ekki skólinn, eins og frv. er orðað. Það, að mjer sást yfir þetta, stafar að sumu leyti frá því, að jeg sá ekki beina ástæðu til að hafa breytingartillögur mínar svo ítarlegar, að þar væru reglugerðarákvæði um alla hluti. En jeg álít, að ef skólinn yrði ríkisskóli, mætti að sjálfsögðu breyta þessu síðar, í meðferð málsins hjer á þinginu. En mjer fanst það órjettlátt, að ríkið tæki að sjer kvennaskólann í Rvík, nema það taki þá einnig að sjer kvennaskólann á Blönduósi. Þeir eiga að hafa jafnrjetti. Þó að Blönduósskólinn sje 2—3 árum yngri en skólinn í Rvík, skiftir það ekki

miklu máli. (IHB: Blönduósskólinn er 8 árum yngri). Jeg mun síðar tala betur um aldur þessara skóla við háttv. 6. landsk. Jeg veit ekki betur en að báðir skólarnir sjeu í góðu áliti, og nægilega eru þeir gamlir, til þess að vera vel þektir meðal almennings og af hinu háa Alþingi.

Meirihl. háttv. mentmn. vill fella bæði brtt. mínar við frv. og frv. sjálft, og er því andvígur báðum þessum skólum í því, að þeir verði ríkisskólar. Þó er háttv. meirihl. ósamþykkur sín á milli um það, hversvegna beri að fella frv., ásamt brtt. mínum. Hv. 1. landsk. (SE) ber fyrir sig fjárhagsástæður; telur þessa skóla mundu verða ríkissjóði dýra úr hófi fram; en hv. 5. landsk. (JJ) lítur einnig á fjárhagshlið málsins, en telur hjer þó vera um meira stefnumál að ræða í skólamálum. Hann er andvígur ríkisskólum, nema þá hreinum sjerskólum, t. d. húsmæðraskólum. Jeg vil á engan hátt gera lítið úr röksemdum þessara háttv. þm., en jeg álít þó, að ef meira sje til skólanna kostað, verði þeir þeim mun betri. Jeg get vel hugsað mjer, að það kunni ef til vill að hafa haft áhrif á afstöðu háttv. 1. landsk. (SE) til þessa frv., hversu sumir ríkisskólar hafa á seinni árum vaxið þingi og stjórn yfir höfuð, eins og t. d. mentaskólinn, sem er orðinn nær óviðráðanlegt bákn. En þessu þarf ekki að kvíða um skóla þá, sem eru í sveitunum, og Blönduósskólinn verður að teljast til þeirra skóla.

En viðvíkjandi afstöðu háttv. 5. landsk. (JJ), að vilja ekki vera með því, að þessir skólar verði ríkisskólar, vegna þess, að þeir eigi að vera einkastofnanir, nema ef til vill húsmæðraskólar, þá vil jeg benda honum á það, að Blönduósskólinn er nú að hálfu leyti húsmæðraskóli, og jeg tel eigi ólíklegt, að sýslunefndirnar þar norður frá mundu vera fúsar á að gera einhverjar frekari breytingar á skólanum í þá átt, ef málinu væri þá betur borgið. Í Blönduósskólanum hafa flestar námsmeyjar á 2 síðustu árum notið þessháttar kenslu, að minsta kosti hálft skólaárið, og því sje jeg ekki ástæðu til þess, að gera Blönduósskólanum lægra undir höfði en kvennaskólanum í Rvík.

Af nál. háttv. minnihl. fæ jeg ekki sjeð, að hann vilji fella brtt. mínar um Blönduósskólann, og mjer virðist sem háttv. minnihl. eigi allerfitt með að beita sjer mjög gegn Blönduósskólanum; þótt hann vilji draga fram hlut skóla síns í Rvík, mun hann þó vilja unna Blönduósskólanum jafnrjettis, þar sem kvennaskólana má vel skoða sem enn frekari staðfesting eða innsigli þess, að konur hafi hlotið jafnrjetti við karla að lögum. Hitt þykir mjer eigi undarlegt, þótt háttv. minnihl. hjeldi fram kvennaskólanum í Rvík. En jeg sje ekki, að hann hafi í nál. sínu lagt neitt á móti Blönduósskólanum; enda ætti það eigi við, því flest það, sem hann hefir tekið fram um sinn skóla í Rvík, á eins vel við skólann á Blönduósi. Háttv. 6. landsk. (IHB) segir í nál. sínu, að kvennaskólinn í Rvík sje landsskóli, þar sem hann sje sóttur af öllu landinu; sama má alveg eins segja um Blönduósskólann. Hann er jafnvel nokkuð sóttur hjeðan úr Rvík.

Jeg vænti svo, að hv. deild sýni þessum brtt. mínum fulla sanngirni og lofi þeim að ganga fram. Vona jeg, að háttv. þm. fari ekki að gera upp á milli skólanna fyrir það, þó annar þeirra sje þegar orðinn fimtugur, en hinn vanti eitt

ár til þess að hafa líka náð fimtugsaldri.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg veit vart, hvar jeg á að byrja eða enda á umræðum þessum, sem svo mörgu óviðkomandi hefir verið blandað inn í; en er jeg tala fyrir nál. minnihl. í þessu máli, vil jeg benda á, að þar sem konur hjer á landi hafa nú öðlast jafnrjetti við karla, er það eigi óeðlilegt, að þess gætti á einhvern hátt í mentamálunum. Eftir afstöðu ríkisins til mentamálanna yfirleitt, virðist ekki ósanngjarnt, að það kosti einn sjerskóla fyrir konur. Jeg legg ekki mikið upp úr því einu saman, að kvennaskólinn í Rvík varð sl. haust fullra 50 ára, en jeg vil aðeins benda á, að í áliti milliþinganefndarinnar frá 1922, um sjerskólana, er mælt með því, að kvennaskólinn í Rvík verði á sínum tíma gerður að ríkisskóla, þ. e. á 50 ára afmæli hans. Minnihl. mentmn. byggir á alt öðrum forsendum en háttv. meirihl., sem vill fella frv.

Viðvíkjandi brtt. háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) vil jeg taka fram, að um þær var alls enginn ágreiningur í nefndinni.

Forsendur háttv. meirihl. finnast mjer ærið veigalitlar. Það fylgir því auðvitað dálítill aukakostnaður, að gera kvennaskólann að ríkisskóla, en það er ekkert einsdæmi, að ráðist sje í það, sem einhvern kostnað hefir í för með sjer, eigi síst, þegar um þarft og nytsamlegt fyrirtæki er að ræða, sem viðurkent er, að hafi innt þarft og gott starf af hendi. Enda var kostnaðargrýlan ekki aðalástæðan í augum tveggja hv. samnefndarmanna minna, svo að þeir vildu fella frv. af þeirri ástæðu einni. Mjer kemur það nú undarlega fyrir sjónir, er háttv. 5. landsk. (JJ) lýsir núverandi fyrirkomulagi þessa skóla þannig, að það er hreinasta traustsyfirlýsing til kvennaskólans í Rvík, en vill þó um leið neita honum um þau fríðindi, bæði í fjárstyrk og öðru, sem best gætu trygt tilveru hans í framtíðinni. Þetta er hið sama og sagt væri um einhvern: Þú hefir hingað til unnið öll þín störf vel, fyrir lítil laun, og því engin minsta ástæða til að bæta kjör þín á nokkurn hátt. Háttv. 5. landsk. lætur í veðri vaka, að ekki megi breyta til í þessu efni um skólann, af því að hann hafi gefist vel. Það er ekki nóg að lofa skólann, en vilja svo ekki sinna honum að öðru leyti. Háttv. 5. landsk. (JJ) sagði, að kvennaskólinn væri ekki sjerskóli. Röksemdir hans í því efni voru þann veg, að engin kona mundi fallast á þær, enda ætla jeg alls ekki að ræða þær hjer. Jeg vil aðeins koma með eitt lítið dæmi: Hvort mundi háttv. þm. vilja senda sonu sína í kvennaskólann, ef annars væri kostur? Að öðru leyti er jeg þakklát háttv. þm. fyrir traustsyfirlýsingu hans til skólans. Það er bæði blessað og gott, að fá hana. En hún einsömul nægir mjer ekki. Þar sem háttv. 5. landsk. (JJ) segir, að kenslan í kvennaskólanum í Rvík sje og hafi aðallega verið gagnfræðakensla, þá nær það engri átt, og skal jeg síðar rökstyðja það. Þó að það sje rjett, eins og háttv. þm. bendir á, að konur hafi nú jafnan rjett og karlar til allra mentastofnana, og að nú sje öldin önnur en þegar sækja hafi þurft um leyfi fyrir stúlkur, til þess að fá að sitja í tímum í lærðaskólanum og taka þaðan próf, þá er það eins ómótmælanlega rjett, að konur verða að hafa úrskurðarvald í því efni, hvort þær vilji heldur sækja sjerskóla eða samskóla.

Jeg er ekki að hafa á móti samskólunum, en jeg álít ekki vit í því, að banna sjerskólana, og kvennaskólarnir eru vissulega sjerskólar í sinni röð.

Viðvíkjandi brtt. háttv. þm. A.-Húnv. (GÓ) hefi jeg fátt að segja. Hann sagði aðeins eins árs aldursmun á Blönduósskólanum og kvennaskólanum í Rvík. Eftir því sem jeg man best, var Blönduósskólinn stofnaður árið 1883, því hann verður að teljast áframhald af Ytri-Eyjarskólanum, vantar því ca. 8 ár til þess að hann sje fullra 50 ára.

Þegar að því kemur, að Blönduósskólinn á jafnan rjett til þess að vera gerður að ríkisskóla og kvennaskólinn í Reykjavík á nú, þá mun jeg ekki tefja fyrir því.

Hv. þm. (GÓ) getur fengið sjer upplýsingar um það, að árið 1911, þegar Blönduósskólinn brann, þá sátu þeir þingm. Húnvetninga hjer á þingi, er ekki báru hag skólans síður fyrir brjósti en hv. núverandi þm. A.-Húnv. (GÓ). Og áttum við þá tal um það, 2. þm. Húnv. og jeg, hvort ekki væri rjett að breyta Blönduósskólanum í húsmæðraskóla, þegar hann yrði bygður á ný og tæki aftur til starfa. Hann var því ekki mótfallinn og sagði, að ef hann mætti ráða, þá yrði fyrirkomulagi skólans breytt þannig. Jeg tek það fram, að jeg átti þess þá nokkurn kost, að hafa áhrif á, hvern styrk skólinn fengi, þótt jeg sæti ekki á þingi. Jeg vildi aldrei vera fundin í því, að setja fót fyrir þjóðþrifafyrirtæki, og þegar sá tími kemur, að kvennaskólinn á Blönduósi á jafnan rjett sem kvennaskólinn í Rvík til þess að vera gerður að ríkisskóla, þá verður hann það.

Jeg sný mjer nú að frv. sjálfu. Eins og tekið er fram í aths., er frv. komið frá forstöðunefnd kvennaskólans. Ráðuneytið hefir svo fallist á það. Mjer er ekki kunnugt um, að hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) hafi neitt umboð til þess að biðja ríkið að taka skólann á Blönduósi að sjer. Skólinn hjer er nær eingöngu rekinn á ríkisins kostnað, og því fullkomlega rjett, að stjórnin fái umráð yfir honum.

Jeg skal svo vikja aftur að hinum einkennilegu rökum hv. frsm. meirihl. (JJ), þar sem hann notar það sem mótbáru, að skólinn hefir verið ódýr í rekstri. Eru líkur til þess, að breyting verði á þeirri stefnu skólans, þó að ríkið taki hann að sjer? Jeg veit, að ef skólinn fengi að þenjast út og gleypa við öllum þeim nemendafjölda, sem hann kynni að eiga kost á, þá mætti svo fara. En jeg býst ekki við, að til þess komi í náinni framtíð.

Ástæða hins samnefndarmanns míns, að hann væri frv. fylgjandi, ef um það væri að ræða, að gera báða skólana að húsmæðraskólum, kemur hjer ekki til greina, þar sem um slíka breytingu er alls ekki að ræða.

Jeg ætla, með örfáum orðum, að drepa á, með hverjum hætti staðinn var straumur af kostnaðinum við stofnun kvennaskólans í Reykjavík, fyrir rúmum 50 árum. Það var gert með frjálsum samskotum, fyrir tilstilli hinnar þjóðkunnu ágætiskonu Thoru Melsteð. En fjársöfnunin sú bar lítinn árangur hjer á landi; aftur á móti safnaðist allmikið fje í Danmörku, um 8000 kr., því bæði vantaði efni og áhuga hjer. Fyrstu árin starfaði skólinn án nokkurs opinbers styrks. Næstu árin fær hann svo 200 kr. árl. styrk; úr því fer styrkurinn smáhækkandi, eins og sjá má á síðustu skýrslu kvennaskólans, fyrir

skólaárið 1923—'24, bls. 17. Hinn opinberi styrkur til skólans hefir, eins og skýrslan sýnir, jafnan verið lítill, en stjórn og þing samt ætíð viðurkent hann rjettmætan. Og nú, þegar vjer konur, samkvæmt lögum, höfum jafnrjetti á við karla, þá skal það sýnt, að vjer krefjumst þess einnig í verki.

Þess skal getið með þakklæti, að stjórnin hefir jafnan verið skólanum velviljuð og skilið nauðsyn hans og þarfir. En jeg vil benda á, að þótt styrkurinn sje nú 27 þús. kr., þá er hann samt lægri en til annara skóla, miðað við nemendafjölda. Þetta ætti síst að nota til niðrunar skólanum. Þessar 27 þús. kr. gera 236.87 á hvern nemanda, og er mun lægra en við nokkurn annan sambærilegan skóla, þótt námstíminn sje 7½ mán. í bekkjunum og 9 mán. í matreiðsludeild skólans.

Þær spár, að skólinn verði miklu dýrari í rekstri sem ríkisskóli, hafa ekki við mikil rök að styðjast.

Að vísu er gert ráð fyrir, að laun forstöðukonu og kenslukonunnar í hússtjórnardeildinni hækki nokkuð, og að bætt verði við tveim föstum kennurum, með 2 þús. kr. launum, auk dýrtíðaruppbótar. Á annar hinna föstu kennara að hafa á hendi aðalkensluna í verklegum námsgreinum, en hinn í munnlegum námsgreinum. Hækkun til kennarans í verklegum námsgreinum mundi nema 86 kr., að viðbættri dýrtíðaruppbót, sem menn vona þó, að ekki verði eilíf. En um laun kennarans í munnlegum greinum er það að segja, að hann hefir nú, fyrir 18 stunda kenslu á viku, 1620 kr. um árið. Laun hans mundu því hækka um tæp 400 kr. á ári. Er þetta í sjálfu sjer engin hækkun, þar sem hann þá mundi kenna sama stundafjölda og annarstaðar tíðkast um fasta kennara við sambærilega skóla.

Forstöðunefnd kvennaskólans hefir tekið fram nauðsyn þess, að fá að minsta kosti 2 fasta kennara að skólanum. Jeg býst ekki við, að það þurfi að gera nánari grein fyrir því, að skóli með um 120 nemendur árl. þurfi meira en einn fastan kennara. Það er svo augljóst. Það er ekki til lítils ætlast af forstöðukonu kvennaskólans, með því fyrirkomulagi, sem nú er. Jeg hefi tekið það fram í síðustu skýrslu kvennaskólans, hvílíkur hnekkir það er skólanum, að þurfa oft að skifta um kennara. Jeg get borið um það af 30 ára reynslu. Og þó skal því síst neitað, að skólinn hefir oftast verið heppinn í vali kennara.

Að öllu þessu athuguðu sje jeg ekki, að hægt sje að gera úlfalda úr mýflugu, að því er kostnaðinn snertir við frv. Þykist jeg þar með hafa hrakið ummæli hv. 5. landsk. (JJ). En þar sem hann segir, að kvennaskólinn sje ekki sjerskóli, þá vil jeg spyrja: Hvað er sjerskóli, ef ekki sá skóli, sem kennir ungum stúlkum, í hvaða stöðu sem er, það er þær þurfa að læra. Í hússtjórnardeildinni út af fyrir sig hafa á síðastliðnum 15 árum ekki færri en 360 nemendur notið kenslu, fyrir utan allmargar stúlkur, sem verið hafa á styttri námsskeiðum. Stutt námsskeið á sumrum voru aðallega ætluð stúlkum úr Rvík, þar eð stúlkur úr sveit hafa alt af verið látnar ganga fyrir bæjarstúlkum á aðalnámsskeiðunum.

Sjermentun kvenna er teygjanlegt orð. Og mjer er spurn: Úr því að rætt er um húsmæðraskóla á kostnað ríkisins, hvaða námsgreinar eru nauðsynlegar húsmæðrum? Jeg álít það órannsakað mál. Hvorki á Blönduósi nje hjer er

kent a l t, sem þar til heyrir. Jeg álít, að taka beri tillit til þeirra óska foreldranna, að dætur þeirra fái bæði bóklega og verklega mentun, mentun bæði til munns og handa, eins og sagt hefir verið á gamalli og góðri íslensku. Það mun nú láta nærri, að hið bóklega nám, sem kvennaskólinn veitir, samsvari gagnfræðamentun alment. Auk þess fær hver stúlka, sem situr í öllum bekkjum, allmikla kvenlega sjermentun. Það er í öllu falli ekki enn svo mjög aðgreind vinnubrögð karla og kvenna á þessu landi, að heppilegt sje, að stúlkur fái svo einhliða mentun, að ekki gefist þeim jafnframt kostur á að afla sjer almennrar, bóklegrar þekkingar. Það er að vísu satt, að það er mikil rjettarbót, að stúlkur eiga nú aðgang að flestum skólum, en það nær aðeins til þeirra, sem vilja leggja stund á hið sama og karlar.

Að þessu athuguðu þykir mjer sem sannað sje, að kvennaskólinn veiti sjerfræðslu, bæði að því er hússtjórn snertir og ýmsar kvenlegar hannyrðir. Einnig skal jeg taka það fram, þó að það þyki kanske ekki viðfeldið, að stúlkur í kvennaskólanum hljóta að verða fyrir sjerstökum uppeldisáhrifum af því að umgangast konur. Karlmenn geta aldrei sett sig eins vel inn í sjereðli ungra stúlkna í daglegu skólastarfi. Að minni hyggju væri það enginn ávinningur, að gera báða þessa skóla að „sjerskólum“ eða „húsmæðraskólum“, eins og vakir fyrir hv. meirihl. nefndarinnar.

Samkv. skólaskýrslum 1923—24 var fjárframlag ríkissjóðs til Blönduósskólans 17 þús. kr., en til kvennaskólans hjer 27 þús. kr. Fastir nemendur á Blönduósi voru 34, og auk þess 5 lausir nemendur. Þessir aukanemendur nutu kenslu í fatasaum og hússtjórn, 1—8 vikur hver. Styrkur til hvers nemanda á Blönduósi verður 500 kr., en hjer um 200. Hver nemandi hjer verður því miklu ódýrari en á Blönduósi, þó að kensla sje hjer miklu dýrari en þar, þar sem kvennaskólinn í Reykjavík verður að borga tímakenslu eins og aðrir skólar hjer, sem jeg tel skylt og sjálfsagt. Stærð Blönduósskólans í samanburði við kvennaskólann í Reykjavík er þá eins og 1: 3,34. Blönduósskólinn er heldur ekki talinn húsmæðraskóli og hefir ekkert sjerskólasnið, enda segir forstöðukonan í skólaskýrslu 1923—24, „að engar reglur hafi verið samdar fyrir skólann, enda best að láta reynsluna skapa slíkar reglur.“ Matreiðslu og handavinnu eru þar að vísu ætlaðar 24 stundir móti 13 framan af vetri í hvorri deild, en 51: 23 síðari hluta skólaársins. Að Rvík njóti skólans hjer mest, er afsönnuð staðhæfing. Hverjir njóta Blönduósskólans? Af 34 nemendum 1923—24 voru 16 úr Húnavatnssýslu og auk þess lausu nemendurnir 5. Í hússtjórnardeildinni hjerna voru sl. ár 24 nemendur, þar af aðeins 4 úr Rvík. Af 39 nemendum í 3. og 4. bekk voru 24 nemendur utan Reykjavíkur.

Skólinn á Blönduósi hefir nýlega skift um fyrirkomulag og stefnir líklega í rjetta átt. En hvað sem hann heitir — kvennaskóli eða húsmæðraskóli — getur hann aldrei orðið annað en sýslu- eða hjeraðsskóli. En skólinn hjer hefir frá byrjun vega sinna verið landsskóli. Hann hefir um langt skeið verið merk mentastofnun, og reynt að sníða starf sitt eftir þeim kröfum, sem gerðar hafa verið. Jeg er ekki að þakka mjer, hvern-

ig gengið hefir. Jeg hefi haft ágæta samkennara, sem mikið hafa lagt í sölurnar fyrir skólann. Skólinn hefir stækkað og þroskast og nemendatala farið vaxandi.

Jeg skal taka það fram um húsið, að það er þungur baggi, að þurfa að borga í árlega leigu hátt á níunda þúsund krónur, og mjer fyndist alls ekki ósanngjarnt, að kvennaskólinn fengi hús yfir sig, eða væri trygt það með leigusamningi næsta mannsaldurinn.

Jeg vona, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja frv. þetta, og að skólinn verði gerður að ríkisskóla á þessu ári. Konur úti um alt land mundu fagna þeim úrslitum og taka þau sem vott þess, að rjettindi kvenna væru ekki einungis í orði, heldur og á borði.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get að miklu leyti vísað til ræðu hv. frsm. minnihl. (IHB), sjerstaklega um það, hver munur er á kvennaskólanum í Rvík og Blönduósskólanum. Hv. þm. hefir glögglega sýnt þennan mun, að annar er landsskóli, en hinn hjeraðsskóli. Mjer finst ekki rjett af hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) að bera sína tillögu fram sem brtt. við þetta frv. Eðlilegast væri, að hvort málið fyrir sig væri í sjerstöku frv. Það er auðsjeð, að talsverður munur er á þessum skólum. Annar þeirra sýnist færast meir og meir í það horf, að verða húsmæðraskóli. Hinn er stöðugt öllu fremur almennur skóli fyrir konur. Mjer finst, að hægt ætti að vera að koma sjer saman um að fella brtt. um kvennaskólann á Blönduósi. Jeg ætla ekki fremur en hv. frsm. minnihl. (IHB) að fara að mæla á móti þessum skóla. En jeg legg áherslu á, að í sambandi við þetta frv. á það mál ekki að koma til greina. Hvort hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) þykir ástæða til að koma fram með sína tillögu, þegar kvennaskólinn hjer er orðinn að ríkisskóla, það má tala um síðar. Það hefir komið fyrir í svipuðum tilfellum hjer á þingi, til dæmis í baráttu milli tveggja brúa, að hvor tillagan hefir spilt fyrir annari. Ef hv. þm. (GÓ) vildi fá sínu máli framgengt, ætti hann ekki að blanda því saman við þetta, heldur koma fram með það sjerstaklega.

Hv. meirihl. nefndarinnar hyggur, að skólinn yrði miklu dýrari sem ríkisskóli, heldur en ef hann væri rekinn sem einkaskóli, eða ætti sig sjálfur. Jeg skal játa, að hann yrði lítið eitt dýrari í upphafi, en í rekstri sje jeg ekki ástæðu til þess, að hann þyrfti að verða dýrari, nema að því sem munar á launum föstu kennaranna.

Hv. frsm. meirihl. (JJ) bar saman rekstrarkostnað kvennaskólans í Rvík við rekstrarkostnað ríkisskólanna. Það liggur næst að bera saman rekstrarkostnað Blönduósskólans og bændaskólanna, og Eiðaskólans. Hvað sýnir þá þessi samanburður? Kostnaður við þessa skóla er nokkuð svipaður. Hvanneyrarskólinn mun kosta um 18 þús. og Blönduósskólinn líka 18 þús., Hólaskóli ofurlítið meira og Eiðaskóli líka. Það mun ekki vera mikill munur á nemendafjölda, svo að það sýnir sig, að þetta einkafyrirtæki á Blönduósi er hjerumbil eins dýrt og skólinn á Hvanneyri. Eftir því sem mjer telst til, kostar Hvanneyrarskólinn 18400 kr., en Blönduósskólinn 18000, svo að munurinn er einar 400 kr. Jeg veit ekki með vissu um nemendafjölda á Hvanneyri, en hygg, að hann sje líkur á báðum stöðunum. Að þessu athuguðu sje jeg ekki með hvaða rjetti hægt er að tala

um mun á einkaskóla og ríkisskóla, að því rekstrarkostnað snertir. Þessir skólar eru einmitt mjög sambærilegir, af því að báðir eru í sveit. Það, sem fyrir mjer vakir er það, að úr því að kvennaskólinn hjer er kostaður að öllu úr ríkissjóði, þá sýnist eðlilegast, að ríkið ráði yfir honum. Skólanum er ekkert lagt til annarsstaðar frá, nema skólagjöldin.

Jeg held, að úr fjárhagsatriðinu hafi verið gerð óþörf gryla. Það er rjett, að kostnaður eykst ofurlítið, en hann er aðallega fólginn í þessari litlu launahækkun, sem hjer er farið fram á, og sem hv. frsm. meirihl. sagði, að mælti heldur með frv. Jeg þarf ekki annað en að vísa til ræðu hans um þetta atriði. Það hefir verið talað um, að ekki væri þörf á sjerskólum fyrir konur, nema húsmæðraskólum. Það er gömul kenning, að hollara sje að hafa samskóla fyrir karla og konur. Sú skoðun hefir verið ríkjandi um tíma. En nú eru ýmsir farnir að rísa upp og segja, að þessi stefna sje röng. Karlar og konur sjeu svo ólík að eðlisfari, að samskonar uppeldisaðferð eigi ekki að öllu við, og sje því nauðsynlegt að hafa ýmsa sjerskóla fyrir konur. Margir uppeldisfræðingar halda því fram nú, að of langt sje gengið í því, að sjá ekki konum fyrir sjerskólum. Þarf jeg ekki að fjölyrða um þetta, því að hv. frsm. meirihl. er jafnkunnugt um þetta og mjer. Jeg held því, að þetta frv. stjórnarinnar sje á mjög góðum rökum bygt, hvernig sem á það er litið. Það er satt, að ofurlítið dýrara verður að hafa fasta kennara en tímakennara eingöngu. En eins og hv. frsm. minnihl. (IHB) tók fram, er óholt fyrir skólann að byggja mjög á tímakennurum, sem aðeins eru við skólann 1—2 ár í einu. Má því telja nauðsynlegt að hafa eitthvað af föstum kennurum. Hjer er farið hóflega í sakirnar, þar sem gert er ráð fyrir þremur föstum kennurum, fyrir utan forstöðukonu. En auðvitað verður að byggja nokkuð á tímakenslu.

Hv. frsm. minnihl. (IHB) talaði um, að útvega þyrfti skólanum hús. Það hefir nú raunar verið svo undanfarið, að ríkið hefir orðið að borga húsaleiguna, því að skólanum hefir aldrei verið neitað um það fje, sem álitið var nauðsynlegt, og það hefir verið upplýst hjer, að til húsaleigu verður að leggja ⅓—½ af hinu árlega ríkissjóðstillagi. Jeg held því, að þetta um aukakostnaðinn sje aðeins gryla, nema ef menn sjá eftir þessari lítilfjörlegu aukningu við launin. Um annan aukakostnað er varla að ræða. Hvað er þá hættulegt við að játa það með berum orðum, að þessi skóli, sem kostaður er af ríkinu, sje ríkisskóli? (**JJ**: Skólagjöldin eru há). Þau mundu halda áfram, svo að þetta er ekki frambærileg ástæða. Ef einhver eftirgjöf yrði í skólagjöldum, þá mun það einnig vera til nú, svo að í þessu efni yrði engin breyting. Skólinn er nú rekinn fyrir ríkisfje. Hann hefir fengið umbeðinn styrk, og hafi það ekki nægt, þá viðbót síðar.

Jeg hefi lagt áhersluna á að athuga fjárspursmálið. Hvað kensluna snertir og nauðsyn hennar í sjerskóla fyrir konur, það hefir hv. frsm. minnihl. (IHB) talað um, og getur líka miklu betur um það atriði borið heldur en jeg eða hver af okkur, sem er hjer í hv. deild. Og við vitum allir, að það er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, að hafa sjerskóla fyrir konur, ekki einungis til þess að þær læri matartilbúning og þesskonar, heldur líka ýms önnur verk, og á þann

hátt, sem er nauðsynlegt fyrir konur, sem eiga eftir að giftast og standa fyrir búi; m. ö. o. til þess að búa sig undir það sjerstaka starf, sem nú einu sinni er ætlað konum sjerstaklega. Þær hafa sömu rjettindi og líka sömu skyldur og karlmenn. Þær verða á öllum sviðum að fylgjast með karlmönnum. En það stendur mjög ólíkt á, bæði líkamlega og andlega hjá konum og körlum, og það er meira og meira viðurkent á síðustu árum, mjer er óhætt að segja hjá meirihluta þeirra manna, sem fást við uppeldi og kenslu.

Sigurður Eggerz: Jeg skal fyrst leyfa mjer að víkja örfáum orðum að nál. hv. minnihl. Hv. minnihl. segir, að hann vilji benda á, að þegar konur hafa fengið jafnrjetti við karla, þá sje ekki óeðlilegt, að þessa gæti í mentamálum. En jeg vil álíta þessa setningu með öllu óþarfa, því jeg fæ ekki betur sjeð en að kvenfólkið hafi einmitt fult jafnrjetti við karla í mentamálum. Jeg veit ekki betur en kvenfólk hafi jafnan aðgang að skólum í landinu og karlmenn. Þar af leiðir auðvitað, að kvenfólk ætti að hafa eins mikinn áhuga eins og karlmenn fyrir öðrum skólum en kvennaskólum. Kvenfólkið hefir fengið faðminn fullan af rjettindum. Og jeg verð að segja, að undir eins og jeg byrjaði að hafa afskifti af stjórnmálum, tók jeg fast í strenginn með það, að kvenfólkið ætti að hafa sömu rjettindi og karlar. Þessvegna er ekki hægt að byggja þessa kröfu, sem hjer er um að ræða, á neinu misrjetti, sem kvenþjóðin eigi nú að búa við, því það er ekki til. Það hefir líka sýnt sig, að kvenfólkið notar meir, ár frá ári, sömu skóla og karlmenn. Verður þá að gera þá kröfu til kvenþjóðarinnar, eftir að hún er búin að fá jafnrjetti við karlmenn, að hún fylgist með jafnmiklum áhuga með skólamálum landsins í heild.

Umræðurnar hjer hafa haft það snið á sjer, eins og það ætti að fara að stofna nýjan sjerskóla. En það er ekki mergur málsins. Kvenfólkið hefir haft skólann í 50 ár. Spurningin hjer er ekki um það, að útvega kvenþjóðinni nýjan skóla. Engum dettur heldur í hug að taka styrkinn af skólanum. (**IHB:** Nei, en það þarf að löggilda hann). Hjer er komin fram krafa, og talað fyrir henni eins og væri það í nafni allrar kvenþjóðarinnar — að hún krefðist þess, að fá þennan skóla. En hún hefir haft hann í 50 ár, og það verður ekki annað sagt með sanngirni en að hann hafi rækt skyldur sínar mjög vel. Kvenfólkið hefir líka aðgang að öllum skólum landsins. (**SJ:** Ætli konur hafi aðgang að bændaskólum). Jeg veit ekki betur en þær geti líka komist á þá skóla; en um það þori jeg samt ekki að fullyrða.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi greint, er hjer aðeins um fjárhagsatriði að ræða, og á það hefi jeg lagt áherslu í máli mínu. Og það er ekki svo undarlegt, þó að minst sje á fjárhagsatriði á þessum tímum. Jeg veit ekki betur en að hjer á þessu þingi hafi hvað eftir annað og ár eftir ár verið reynt að koma með sparnaðartill. á ýmsum sviðum. Sú stjórn, sem jeg veitti forstöðu, markaði sparnaðarstefnuna mjög skýrt. Hæstv. núverandi stjórn hefir sagst feta í sömu sporin. Hjer er að ræða um skóla, sem hefir verið styrktur, en ekki rekinn sem ríkisskóli. Ríkið þarf ekki að rjetta út hendi vegna þess, að skólanum sje ábótavant, því hann hefir reynst ákaf-

lega vel. Í aths. frv. er auðvitað sagt, að eðlilegt sje, að ríkið hafi umsjón með skólanum, þar sem það leggur fje til hans. En allir vita, að umsjón skólans er hin prýðilegasta, eins og nú er. Hjer kemur líka annað til greina. Hjer er tilfelli, þar sem hægt er að spara, með því einu, að láta það ástand halda áfram, sem hefir verið og reynst hefir vel. Frá mínu sjónarmiði er málið eingöngu fjárhagsatriði. Það má að vísu segja, að sá útgjaldamismunur, sem um ræðir í frv., sje ekki svo ýkjamikill, og það er satt. En grunur minn er sá, að þegar ríkið væri búið að taka skólann að sjer, færi að koma kröfur um ýmislegt fleira, t. d. það, að fá bygt stórt og vandað hús fyrir skólann. Og hvað kostar það? Ef það er alvara hjá þingi og stjórn, að það eigi að nota þetta góða ár sem liðið er, til þess að koma ríkissjóði í sem best horf, þá megum við ekki binda okkur neinar útgjaldabyrðar, sem ekki eru alveg nauðsynlegar. En jeg efast ekki neitt um það, að strax og skóli þessi kemur á ríkissjóðinn, verður heimtuð bygging nýs skólahúss.

Úr því að jeg er að tala um skólamál, langar mig að fara frekar út í þau, og veit jeg, að hæstv. forseti misvirðir það ekki. Það er aðeins til að benda á, hvað þingið má fara gætilega, ef það vill vera sjálfu sjer trútt í þeirri stefnu, að reyna að spara, til þess að geta komið ríkissjóði í það ástand, að hann verði fær um að taka á móti vondu árunum, þegar þau koma. Þetta síðasta ár, sem var gott, má á engan hátt villa mönnum sýn, svo að þeir fari ógætilega í framtíðinni. Jeg vil benda á, að nú sjást ýmsar líkur til, að þingið geti gleymt þessu. Í hv. Nd. er frv. á ferð um það, að stofna sjerstakan latínuskóla í gömlum stíl. Hefðum við nóg af fje yfir að ráða, gæti þetta kanske verið gott og blessað. En verði frv. þetta samþ. — og jeg heyri sagt, að stjórnin muni veita málinu fylgi sitt — þá er það auðvitað, að sú ómótmælanlega krafa hlýtur að koma, að gagnfræðaskóli verði stofnaður handa Reykvíkingum. Auðvitað stór skóli. Sparnaðurinn verður ekki settur í háan sess, ef lagt verður út á þessa braut í skólamálunum. Fyrst er talað um kvennaskólann í Reykjavík, að ríkið taki hann. Þá kemur hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) með sömu kröfu um kvennaskólann á Blönduósi. Þá segir hæstv. stjórn, að þar sje öðru máli að gegna, skóli Reykjavíkur sje landsskóli, en skóli Húnvetninga hjeraðsskóli. Jeg skal ekki segja fyrir víst, hvort þessi skilgreining er rjett, þegar vel er krufið til mergjar, það sem liggur á bak við. En jeg hefi það fyrir satt, að á skólann á Blönduósi komi stúlkur víðsvegar að af öllu landinu. Þetta hefi jeg eftir hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sem jeg hefi aldrei reynt að ósannindum — enda þótt hann sendi mjer stundum hnútur í hv. deild. Hvað er þá orðið af skilgreiningunni milli hjeraðsskóla og landsskóla? Er það ekki beinlínis eðlileg krafa, ef kvennaskóli Reykjavíkur verður settur á ríkissjóð, að Blönduósskóli hafi sama rjett til þess? Fyrir mitt leyti get jeg ekkert gert upp á milli sunnlenskra kvenna og norðlenskra kvenna.

Að lokum tek jeg það fram, að jeg sje ekki annað en að röksemdir mínar í þessu máli fái staðist dóm allrar sanngirni, og þær eru áreiðanlega skiljanlegar og eðlilegar, frá þeirra manna sjónarmiði, sem vilja reyna að halda áfram í sparnaðarátttina. Svo enda jeg ummæli mín með því að staðhæfa, að það er

engin nauðsyn að taka þennan skóla á ríkissjóð, því hann hefir reynst svo vel hingað til.

Sigurður Jónsson: Það væri líklega ekki að furða, þó að mönnum dytti í hug, að jeg, sem er elstur þingmanna í þessari hv. deild, væri orðinn nokkuð gleyminn; og máske er það tilfellið í sumum atriðum. En nú virðist mjer, að hv. deildarmenn sjeu talsvert gleymnir um sum meginatriði þessa máls. Það hefir enginn minst á það, að það eru til lög fyrir því, að stofna húsmæðraskóla á Norðurlandi, í grend við Akureyri. Þetta er bygt á því, að konur þurfi sjermentunar við, til þess að verða h ú s m æ ð u r, eins og karlmenn þurfa sjermentunar til þess að verða b æ n d u r. Þessi lög eru ekki margra ára. Og það var Pjetur sál. Jónsson frá Gautlöndum, sem flutti frv. og rjeð mestu um afdrif þess, en þau voru, að frv. náði samþykki, og tilskilið var, hvar skólinn skyldi vera. Nú skilst mjer, að menn gefi þessu ekki gaum hjer í hv. deild. Hjer er talað um, að það megi gera kvennaskólann á Blönduósi að húsmæðraskóla. Og það er verið að tala um, að kvennaskólinn í Reykjavík sje líka húsmæðraskóli. En altaf hefir það vakað fyrir mönnum, að þessi sjerstaki húsmæðraskóli á Norðurlandi eigi að vera í sveit. Eins ætti húsmæðraskóli Sunnlendinga að vera í sveit, en ekki í Reykjavík.

Ef maður lítur á frv. þetta, þá er ómögulegt að sjá, að verið sje að hugsa um húsmæðraskóla, og kann jeg ekki við, að það skuli þó vera látið í veðri vaka. Það stendur í frv., að skólinn sje miðaður við 4 ára nám. Auk þess sje hússtórnardeild. Við vitum af ræðu hv. frsm. minnihl. (IHB), að þessi deild er til og starfar í tveimur námsskeiðum á ári. Það er þá kanske ekki nema mjög lítill hluti af kenslu skólans, sem lýtur að húsmæðrafræðslu.

En hvað sem um þennan skóla er og verður, þá vil jeg vona það, að hv. deild gleymi ekki loforði þingsins og ákvæðum þess um húsmæðraskóla á Norðurlandi.

Það er svo að sjá í nál. minnihl., að aðalástæðan til þess, að þessi skóli verði gerður að ríkisskóla, það sje a l d u r hans. Jeg sje ekki, að það atriði út af fyrir sig hafi mikið að segja, þegar tímarnir hafa breyst. Nú horfir öðruvísi við, þar sem kvenþjóðin hefir fengið jafnrjetti til allra skóla og embætta, og það ekki fyrir mjög mikla eftirgangsmuni, heldur fyrir stuðning þingsins. Jeg hefi ætíð hneigst mjög að því, að hugsa um mentamál. Kvenrjettindi hefi jeg stutt eftir megni. Þessvegna vil jeg líka fá húsmæðraskóla, eins og karlmenn hafa bændaskóla. Það er jafnrjetti. En eftir því sem hjer er farið fram á, ættu að vera tveir gagnfræðaskólar í Reykjavík, annar fyrir karla, en hinn fyrir konur. Það er svo langt frá, að jeg hafi á móti gagnfræðaskólum. En það getur stundum orðið of mikið af því góða. Það er ekki til neins að halda því fram, að kvennaskóli Reykjavíkur sje húsmæðraskóli. Hann er það ekki, og á ekki að vera það eftir frv., heldur almennur kvennaskóli, eða öllu heldur gagnfræðaskóli. Hætt þykir mjer og við, að erfitt gangi að gera Blönduósskólann að húsmæðraskóla fyrir Norðurland og bregðast því loforði, að stofnsettur verði húsmæðraskóli í grend við Akureyri.

Umræður eru orðnar nokkuð langar,

eg get jeg látið hjer við sitja. En eins og málið liggur fyrir, get jeg ómögulega fylgt því.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., fimtudaginn 26. mars, var fram haldið 2. umr. um frv.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. minnihl. mentmn. talaði ekki við umræðuna í gær, fyr en jeg hafði talað fyrir brtt. *minni* um Blönduósskólann. Jeg sagði í gær, að jeg gæti ekki eftir nál. *minnihl.* fundið, að þessi háttv. þm. (IHB) væri á móti Blönduósskólanum, þótt meirihluti nefndarinnar gæti þess í áliti sínu. En eftir að þingmaðurinn hafði flutt ræðu sína, var annað uppi á teningnum, því að þá kastaði háttv. þm. alveg grímunni. Þessi háttv. þm. byrjaði með því, að koma með fæðingarvottorð Blönduósskólans frá fyrv. forstöðukonu hans, frú Elínu Briem Jónsson, og taldi hún hann stofnaðan 1883. En jeg taldi hann, og jeg tel hann enn, stofnaðan 1877, svo þetta vottorð hinnar mætu konu breytir að engu leyti fyrri ummælum mínum um stofnun skólans.

Jeg sje, að háttv. 6. landsk. (IHB) hristir höfuðið. Það fær þessi háttv. þm. eflaust ástæðu til að gera oftar, er hnekt verður ósannindum hans um Blönduósskólann, því að jeg hefi bestu rök frá skólanefndinni fyrir því, að skólinn byrjaði svona snemma.

Þá sagði þessi háttv. þm., að ekki væri hægt að halda því fram, að skólinn hefði byrjað fyr en 1883, af því að áður hefði hann aðeins verið lítilfjörlegur hjeraðsskóli. Hið sanna er, að skólinn tók fyrst til starfa árið 1877, í Ási í Hegranesi, og var rekinn nokkur ár, eða til 1883, á ýmsum stöðum, af Skagfirðingum og Húnvetningum í fjelagi. Það mun vera á þessu tímabili, sem háttv. þm. telur hann hafa verið lítilfjörlegan hjeraðsskóla. En jeg hygg, eftir skýrslunum að dæma, að þá hafi hann á engan hátt verið lítilfjörlegri en kvennaskólinn hjer. Nei, háttv. þm. (IHB) hefir nú kastað grímunni og sýnt hreina afstöðu í málinu, sem sje þá, að ráðast á kvennaskólann á Blönduósi og spilla fyrir honum eftir mætti. Hvort það verður til þess að lyfta kvennaskólanum hjer, skal jeg ekkert um segja. En líklega býst háttv. þm. við því.

Þá talaði þessi háttv. þm. um, að það hefði verið sjer að þakka, að þáverandi þm. Húnv., Björn Sigfússon, hefði fengið styrk handa Blönduósskólanum 1911. Þetta býst jeg við að sje rjett, en þau umskifti til hins verra, sem háttv. þm. hefir tekið síðan, vekja enga ánægju hjá mjer.

Þá sagði þessi háttv. þm., að jeg myndi hafa haft lítið leyfi eða umboð frá kjósendum mínum til þess að koma fram með þessa brtt. (**IHB:** Ekki rjett hermt). Það er víst rjett. Jeg skrifaði það niður eftir þingmanninum, og sömuleiðis býst jeg við, að háttv. deildarmenn hafi heyrt það. Þegar háttv. þm. kom með þessa firru, datt mjer í hug, að hann hjeldi, að jeg væri kominn í kvennaskólann hjerna, og hann farinn að kenna mjer. Jeg hefi aldrei heyrt áður, að umboð kjósenda þyrfti, til að mega koma fram með brtt. Jeg hjelt og held enn, að engum komi við, hvað jeg flytti, nema mjer sjálfum. Annars hefi eg ekki sjeð, að þessi háttv. þm. hafi haft hjer neitt skriflegt umboð frá

sínum kjósendum, og eru þeir þó fleiri en mínir. Jeg býst því ekki við, að jeg verði ver staddur, þegar jeg fer að afsaka þetta fyrir kjósendum mínum, en háttv. 6. landsk. (IHB) verður gagnvart sínum kjósendum. Því að svo kunnugur er jeg í kjördæmi mínu, að jeg veit, að tillaga mín er ekki flutt í óþökk, hvorki skólanefndar eða annara hjeraðsbúa.

Vel getur verið, að þessi framkoma háttv. 6. landsk. eigi að sanna okkur deildarmönnum hið umtalaða víðsýni landskjörinna þm. fram yfir kjördæmakjörna.

Þessi háttv. þm. hjelt hjer í gær mikla ræðu og skörulega, eins og blað eitt hjer í bænum komst að orði í morgun, blað, sem aldrei má nefna í þessari háttv. deild, án þess að menn sjeu víttir fyrir. Gekk ræða sú mest út á að hæla skóla þeim, sem háttv. þm. veitir forstöðu. En hvort hól það fór sem best í hans munni, er alt annað mál. Varð niðurstaðan sú, að sá skóli væri bestur og ódýrastur, jeg held allra skóla í heimi. Eftir ummælum háttv. þm. hlýtur því að vera hættulegt fyrir kvennaskólann hjer, að breytt sje að nokkru fyrirkomulagi hans. En jeg verð að segja, að fyrsta kastið verður þó að minsta kosti miklu dýrara fyrir ríkið að taka að sjer kvennaskólann hjer, heldur en Blönduósskólann, þar sem skólinn hjer hefir ekki ennþá eignast skýli yfir sig. En háttv. þm. sagði, að aðalástæðan fyrir frv. væri sú, hve dýrt væri að leigja.

Þá kallaði hv. 6. landsk. (IHB) kvennaskólann á Blönduósi hjeraðsskóla, en kvennaskólann hjer landsskóla. Bygði hún það á því, að í einhverri skólaskýrslu hafði háttv. þm. sjeð, að af 34 nemendum á Blönduósskólanum voru 16 úr Húnavatnssýslu. Þegar jeg sá þessi rök, fór jeg og fjekk mjer skýrslu um kvennaskólann hjer, og við athugun hennar kom í ljós, að af 90 nemendum hjer voru 50 úr Reykjavík. Eru því hlutfallslega færri úr Húnavatnssýslu á Blönduósskólanum en úr Reykjavík hjer.

Þá fór háttv. þm. að tala um kostnaðinn á hverja stúlku, og komst að þeirri niðurstöðu, að kostnaðurinn á 1 stúlku á Blönduósi væri jafnmikill og á 3,34 hjer. Þetta er vitanlega alveg í samræmi við það, sem háttv. þm. var búinn að tala svo mikið um áður, að skólinn hjer væri bæði ódýr og góður. Annars held jeg, að þessi útreikningur sje ekki mjög góð undirstaða til að byggja á, því að skólinn á Blönduósi varð dýrari eftir að honum var breytt. Áður sóttu hann um og yfir 50 nemendur.

Jeg gleymdi áðan, þegar jeg var að svara háttv. 6. landsk. um heimildarleysi það, sem þm. kvað mig hafa haft til að koma fram með brtt. mína, að jeg hefi nú í höndunum brjef frá sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu um þetta mál. En úr Austur-Húnavatnssýslu hefir ekkert skeyti komið, og kemur af því, að ennþá er ekki búið að halda þar sýslufund.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upp það, sem í brjefi þessu stendur: „42. Kvennaskólamál. 6. Út af erindi skólanefndar lagði sama aukanefnd fram eftirgreindar tillögur, er voru samþyktar: 1. Sýslunefndin felur þingmanni kjördæmisins að beita sjer fastlega fyrir því, að Blönduósskólinn verði gerður að ríkisskóla. Verði það ekki gert, felur sýslunefndin honum að beita sjer fyrir því, að ríflegur aukastyrkur verði veittur úr ríkissjóði til

aðgerðar á skólahúsinu, og til þess að setja miðstövarhitun í húsið."

Rjettan útdrátt staðfestir,

p. t. Hvammstanga 27. febr. 1925,

B. Brynjólfsson.

Jeg býst við því, að jeg hafi nú sagt það, sem jeg get látið nægja, út af ræðu hv. 6. landsk. — En þá vildi jeg víkja nokkrum orðum að hæstv. forsrh. (JM). Hann byrjaði ræðu sína með því að vitna til og ljúka lofsorði á ræðu hv. 6. landsk. (IHB), en mjer finst jeg nú hafa fært nokkur rök að því, að rjett hefði verið fyrir hæstv. forsrh. að fara hægt í það, að lýsa blessun sinni yfir því öllu, svo sem því, að Blönduósskólinn væri hjeraðsskóli en kvennaskólinn í Rvík landsskóli. Jeg hefi nú fært rök að því, að Blönduósskólann sæki stúlkur hvarvetna af landinu, nema úr Árnes- og Rangárvallasýslum. Að vísu á Húnavantssýsla þar flesta nemendur, hlutfallslega. En hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), sem er formaður skólanefndarinnar, segir, að nemendur sjeu nú í vetur með fæsta móti úr Húnavatnssýslu.

Þá fann hæstv. forsrh. (JM) að því, að jeg hefði gert brtt. við frv., og kvaðst þessvegna verða að vera á móti Blönduósskólanum. En aftur á móti skildi jeg hæstv. forsrh. svo, að ef jeg hefði komið með sjerstakt frv. um, að Blönduósskólinn yrði gerður að landsskóla, þá mundi hann vera því fylgjandi. Jeg skil nú ekki, hví hann gerir svo mikinn mun á brtt. og frv. Jeg finn ekki, að brtt. sje nokkru óheppilegri en frv., er efnið er hið sama, og jeg býst heldur ekki við því, að mjer hefði tekist að ganga svo frá frv., að ekki yrði hægt að segja ýmislegt misjafnt um frágánginn á því, svo sem nú leikur orð á um ýms frv., sem lögð hafa verið fyrir þingið, og það ekki síður frv. frá hæstv. stjórn en einstökum þingmönnum.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg ætla ekki að eyða eins mörgum orðum, nje tala jafnhátíðlega og þessi hv. „siðameistari", sem nú settist niður. —

Jeg ætla að byrja á fæðingarvottorðinu enn. Jeg hefi það fyrir satt, þrátt fyrir röksemdir hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), að skóli Húnvetninga hafi fyrst verið áformaður 1877, en að hann hafi raunverulega verið settur á fót í Ytri-Ey árið 1883. Og er þá útrætt um þetta atriði af minni hálfu. Jeg legg ekki mikið upp úr kenslusamtökum milli Húnvetninga og Skagfirðinga innan hjeraðs. — Hv. þm. (GÓ) talaði um það, að Blönduósskólinn ætti sitt eigið hús. Því betra fyrir hann, og því betur sem hann stendur að vígi fjárhagslega, því meiri hvöt er það fyrir hv. þm. (GÓ) að ljá lið sitt rjettu máli. Ekki hefi jeg sett fót fyrir Blönduósskólann, hvorki 1911 nje síðan.

Þá var það umboðið frá sýslunefnd Vestur-Húnvetninga. Það, að umboð þetta er dagsett 27. febr. 1925, er nægileg rök fyrir því, að það hefir ekki verið undirbúið fyr en búið var að leggja þetta frv. fyrir þingið. Hv. þm. (GÓ) sagði, að jeg hefði tjáð mig fúsa til þess að styðja Blönduósskólann til að verða ríkisskóla, er hann væri orðinn 50 ára. Við það stend jeg, ef Blönduósskólinn að öðru leyti uppfyllir þau skilyrði, sem gera hann maklegan þess. Jeg er ekki vön að lýsa yfir fylgi mínu við eitthvert mál og hlaupast svo frá því. Annars var flest í ræðu hv. þm. (GÓ) meira persónulegar árásir á mig en rök, og [illegible]kki eyða dýrmætum tíma þingsins um [illegible]ss að eltast við slíkt.

Þau rök hafa verið færð á móti þessu frv., að kvennaskólinn væri svo góður og hann yrði ekki betri, þó hann yrði gerður að ríkisskóla, og því eigi ekki við að breyta honum. Þetta var röksemd meirihl. mentmn., og reynir hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) að nota hana þannig, að þetta sje álit mitt á kvennaskólanum í Reykjavík. Eru því þessi ummæli hv. þm. skáldskapur einn.

Jeg hafði ekki mikið að athuga við ræðu hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) í gær, eða a. m. k. druknaði það nú í þessum síðasta lestri hans. Hann var með samanburð á nemendafjölda þessara skóla. Hjer liggja fyrir skýrslur um þetta atriði frá fyrstu tíð kvennaskólans í Rvík. Hann sagði, að í fyrra hefðu hjer verið 50 nemendur úr Rvík og 39 annarsstaðar frá. En hann gleymir húsmæðraskóladeildinni; þar voru 20 stúlkur utan af landi. Það sannast ekki á hv. þm. A.-Húnv., að alt sje best, sem fjarst er; Blönduósskólinn er hans „ideal". Því miður get jeg ekki sagt það sama um kvennaskólann hjer. Jeg vil, að hann taki framförum. En þessi hv. þm. (GÓ) skilur ekki, að ef honum er breytt eins og brtt. hv. 5. landsk. (JJ) fer fram á, að gera hann að húsmæðraskóla, þá verður tala nemenda mjög svo takmörkuð, en þörfin fyrir skólann í þeirri mynd, sem hann nú er í, þess meiri, því jeg býst ekki við því, að það þyki fært til lengdar, að bægja ungum stúlkum frá því að leita sjer framhaldsfræðslu, er þær hafa lokið við barnaskólanám. Jeg trúi því ekki, að hv. þm. sjái sjer slíkt fært.

Hvort þessi skóli eigi meiri tilverurjett sem sjerskóli eða samskóli? Mjer virðist, að það skifti minstu, hvað hann heitir, ef hann starfar í rjetta átt og eftir þörfum þeirra, er hann sækja. Og það mundi brátt sýna sig, ef skólanum yrði breytt í húsmæðraskóla, að þá mundi af því leiða meiri kostnað heldur en þó þetta frv. yrði samþykt og skólinn gerður að ríkisskóla í þeirri mynd, sem hann er nú. Hús það, sem skólinn er í, er hæfilegt fyrir skólann með núverandi fyrirkomulagi, en ef hann yrði gerður að húsmæðraskóla, þá skal jeg benda á það, að engir húsmæðraskólar á Norðurlöndum hafa fleiri nemendur en um 30. Jeg hefi skýrslur frá stærstu húsmæðraskólum í Svíþjóð og Noregi, sem sanna þetta. Jeg hirði ekki um að lesa þær upp, en jeg er fús á að lána þær hv. þdm., ef þeir óska.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) kvaðst hafa sett laun kenslukvenna lægri í brtt. sinni en gert væri ráð fyrir við kvennaskólann í Reykjavík, og er það rjett og eðlilegt, því að það er auðvitað miklu ódýrara að lifa á Blönduósi en hjer í Reykjavík. En jeg vil endurtaka það, sem hæstv. forsrh. drap á í gær, og hefi jeg fyrir því góða heimild, að brtt. hv. þm. (GÓ) er alls ekki heppilega fram komin, og í rauninni aðeins til þess flutt, að setja fót fyrir kvennaskólann í Reykjavík.

En úr því að jeg er staðin upp, vil jeg fara dálítið út í rökfærslur hv. 1. landsk. (SE). Hann sagði, að „kvenþjóðin hefði faðminn fullan af rjettindum". Þetta er auðvitað skáldlega sagt. En einmitt vegna rjettindanna er það sjálfsagt, að konur ráði nokkru um það, hvaða skólar þeim henta best. Enda er það í öllum löndum, sem jeg þekki til, álit skólamanna, að sjerskólar fyrir kvenfólk, eins og t. d. kvennaskólinn í Rvík, sjeu heppilegri heldur en samskólar, a.

m. k. fyrir þær stúlkur, sem ekki vilja stunda sjerfræði. Samskólahugmyndin fjekk um skeið mikinn byr, en nú eru menn að hverfa frá þeirri skoðun, og álíta, að heppilegra sje, að þær stúlkur, sem ekki leggja stund á sjernám, sæki kvennaskóla, þar sem kent sje ýmislegt bæði til munns og handa, auk húsmæðrafræðslu. Þessu hefi jeg haldið fram, og það stendur enn óhrakið og verður ekki hrakið, nema fram komi ný gögn í málinu.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði ennfremur, að konur þyrftu að fylgjast með í mentamálum landsins. Þetta tel jeg líka nauðsynlegt, og álít, að að því stuðli best almenn mentun. Annars kafna konur undir þeim rjettindum, sem þær hafa fengið. En það er eðlilegt, að stúlkur kjósi heldur að fá mentun sína í sjerskólum, því að hver mundi t. d. vilja senda son sinn í kvennaskóla, þó að þar væri hið sama kent, ef hann ætti kost á að senda hann í gagnfræðaskóla, sem einkum eru ætlaðir piltum, þó að stúlkur sæki þá líka. Jeg álít, að það sjeu ekki einvörðungu námsgreinarnar, sem kendar eru við skólana, sem um sje að gera og stúlkum er nauðsynlegt að læra, heldur líka hitt, að skólinn eigi að hafa áhrif á uppeldi þeirra, meðan því er enn ekki lokið.

Hv. 1. landsk. (SE) talaði um sparnað, og það, að frv. fylgdu aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, og ætti því að fella frv., ef þingið vildi vera sjálfu sjer samkvæmt. Jeg held, að það sje ekki kostnaðurinn, sem hv. þm. finnur að frv., en hann notar þessa kostnaðargrýlu til þess að spilla því, að frv. nái fram að ganga. Hæstv. forsrh. sýndi í ræðu sinni með ljósum rökum fram á það, að kostnaðurinn af frv. er tiltölulega lítill. Og hv. 1. landsk. (SE), sem fjallar daglega um stórar fjárhæðir, og hefir bæði verið forsætisráðherra og fjármálaráðherra, veit þetta vel, að aukningin á tillagi ríkissjóðs til kvennaskólans, sem af frv. leiddi, er ekki handfylli í þeim peningaaustri, sem hefir verið, er og mun eiga sjer stað.

Þá mótmælti háttv. 1. landsk. frv. á þeim grundvelli, að skólinn hefði reynst svo vel, og þessvegna væri ekki ástæða til þess að breyta honum. Þetta er mjer alveg óskiljanleg röksemdaleiðsla. Jeg held, að það væri síst betri meðmæli með skólanum, að hann væri ljelegur, nema umbótatilhneigingin sje svo rík hjá hv. þm. (SE), að hann vildi endilega styrkja hann undir þeim kringumstæðum. Hjer er hægt að spara, sagði hv. 1. landsk. Hjer á að spara! Þetta væri hreint kostnaðaratriði. Þetta segir hv. þm. (SE) auðvitað til þess að villa menn, því að þetta er mentamálaatriði, sem hann kallar eingöngu kostnaðaratriði.

Næsta ástæða hv. 1. landsk. var sú, að ef ríkið tæki að sjer þennan skóla, þá mundu koma fleiri slíkar kröfur, og brýndi hv. þm. fyrir mönnum að fara gætilega í framtíðinni. Það er auðvitað rjett og sjálfsagt að fara gætilega. Afleiðingin af samþykt frv. yrði sú, að þar með væri stofnaður nýr gagnfræðaskóli, sem mundi stækka, eins og reyndin hefir orðið á um aðra gagnfræðaskóla. Og yfir þennan skóla yrði svo að byggja o. s. frv. Jú! eins og hv. þdm. sjá, þá veltur ekki lítið á því, hvort kvennaskólinn verður gerður að ríkisskóla eða ekki! Þá eiga öll þessi ósköp að fara af stað. — Við höfum talað um þetta í mentamálanefnd, og jeg hefi lýst því yfir, að meðan jeg ræð yfir skólan-

um, þá er ekki hætt við, að hann stækki mikið, því að mjer nægir alveg sú stærð, sem hann hefir nú. Hjer er því óþarfi að tala um útþenslu skólans. Hús það, sem skólinn hefir nú, er bygt 1909. Það er að vísu svo stórt, að hægt mundi að bæta við tveim bekkjum án kostnaðar, nema hvað þá yrði að auka kenslukrafta. En eins og jeg hefi sagt, þá nægir alveg stærð skólans. Þess var getið hjer í gær, að húsaleiga sú, sem skólinn yrði að borga nú, væri allhá. En aðalástæðan til þess, að framtíð hans er ekki vel borgið, er þó sú, að hann er aðeins styrkskóli, og ekki víst, hvernig honum gengur framvegis að fá það fje, sem hann þarf til þess að geta starfað. Húsaleigan er nú 8600 kr. auk ýmsra gjalda og skatta, svo að alls nemur sá liður um 9 þús. kr. Þetta er mikill útgjaldaliður. En jeg hygg, að ríkið gæti betur trygt skólanum húsnæðið heldur en forstöðunefnd skólans, sem ekki getur tekið á sig margra ára ábyrgð á húsaleigunni. En aftur gæti stjórnin gert samning til fleiri ára, ef til þess kæmi, að ríkið tæki skólann að sjer. Þessi aths. hv. 1. landsk. (SE) um kostnaðinn er því tóm grýla, gerð til þess að slá ryki í augu þingsins. Hv. þm. hefir ekki fyllilega gert sjer grein fyrir afleiðingunum af samþykt frv. því að taki ríkið skólann að sjer, þá ræður þing og stjórn vitanlega, hve miklu kostað er til hans árlega. Þessi hætta, að ósparlegar verði farið með fje til skólans, ef hann verður gerður að ríkisskóla, er því alveg gripin úr lausu lofti.

Jeg þarf litlu að svara hv. 2. landsk. (SJ). Hann var sannfærður um það, að samskólar væru besta lausnin á spursmálinu um mentun kvenna, en það er auðvitað af því, að hann hefir ekki fylgst nægilega vel með skoðunum sjerfræðinga í þessu efni hin síðari árin. En hinsvegar veit jeg, að þó að hv. þm. (SJ) hafi ekki fylgst vel með í þessu, þá hefir hann jafnan gert mikið til þess að styðja mentun heima í sínu hjeraði. En það get jeg sagt hv. þm. (SJ), að aldrei hefi jeg reynt til þess að sporna á móti því, að Norðlendingar fengi sinn húsmæðraskóla, eins og virtist, að hv. þm. beindi til mín.

Jeg hefi aldrei haldið því fram, að kvennaskólinn í Reykjavík væri húsmæðraskóli, heldur sýnt fram á það með tölum, hve margar stúlkur hafa sótt hússtjórnardeild skólans, þar sem þau störf eru kend, sem koma fyrir á hverju heimili, svo sem matreiðsla, húsverk allskonar, hreinlætisstörf, þvottur og þviumlíkt. Með nokkrum rjetti mætti þannig segja, að kvennaskólinn væri húsmæðraskóli, en þó hefi jeg aldrei haldið því fram. Og bið jeg hv. þdm. að taka eftir því, að það verður langt þangað til, að nokkur húsmæðraskóli verði hjer svo stór, að hann geti tekið á móti fleiri en 24 nemendum í senn. Að vísu vona jeg, að hússtjórnarkensla aukist hjer á landi og þess verði ekki langt að bíða, að einn hússtjórnarskóli komi í hvern landsfjórðung. Jeg skal taka það fram, að námsskeið í hússtjórnardeild kvennaskólans eru tvö á ári, hið fyrra 5 mánuði og hið síðara 4 mánuði, eða frá 1. okt. til 1. febr., og frá 1. febr. til 1. júlí. En á þessum námsskeiðum taka stúlkur ekki þátt í öðru námi en því, sem bundið er við þá deild. Að vísu er þar lítilsháttar bóknám, en það er aðallega um næringargildi matartegunda, en ef námsmeyjar í hús-

stjórnardeildinni ættu jafnframt að taka þátt í kenslu í bekkjunum, þá yrði það ekki annað en kák.

Hæstv. forsrh. benti rjettilega á það, að síðan 1923 hefði skólinn á Blönduósi færst æ nær því takmarki, að verða húsmæðraskóli, en að Reykjavíkurskólinn væri enn almennur kvennaskóli með sjerstakri hússtjórnardeild. Einnig benti hæstv. forsrh. á það, að Reykjavíkurskólinn væri meir notaður af öllu landinu og mætti því með rjettu nefnast landsskóli.

Þá benti hæstv. forsrh. á það, að kvennaskólinn í Reykjavík hefði mörg undanfarin ár fengið því nær alt rekstrarfje sitt úr ríkissjóði. Þetta er alveg rjett; aðrar tekjur hefir skólinn ekki, svo teljandi sje.

Að vísu hefir kvennaskólinn mörg undanfarin ár orðið að taka all-hátt skólagjald af nemendum sínum. Síðastl. ár námu þessi gjöld rúmlega 10 þúsund krónum, en það er ekki nema rúmlega ¼ hluti af árlegum rekstrarkostnaði skólans. Og hver er þá munurinn? Aðallega sá, að skólinn þyrfti ekki að lifa á árlegum bónbjörgum.

Einhver hv. þm. sagði, að skólagjöldin mundu verða minni í framtíðinni. En það skil jeg ekki. (JJ: Það var átt við skólagjöld utanbæjarnemenda.) Kvennaskólinn hefir aldrei tekið hærra en 100 kr. skólagjald, en ríkisskólarnir 130 kr., svo þar vinst aftur nokkuð. Hæstv. forsrh. benti rjettilega á, að fje það, er skólanum hefði verið veitt á fjárlögum, mundi ekki hafa hrokkið til á hinum erfiðu stríðsárum, ef stjórnin hefði þá ekki hlaupið undir bagga; skólinn hefði að öðrum kosti ekki getað haldið uppi starfsemi sinni.

Að síðustu vil jeg þakka hæstv. stjórn, og þá sjerstaklega hæstv. forsrh., fyrir það, að leggja frv. þetta fyrir þingið og fyrir þá viðurkenningu á skólanum, sem felst í því, að það er lagt fram sem stjfrv.

Frsm. meirihl. (Jónas Jónsson): Það mun nú vera að bera í bakkafullan lækinn að orðlengja um þetta, þar sem hæstv. stjórn mun hafa meirihluta hjer í deildinni til þess að gera hvað sem hún vill, um alla bitlinga handa fylgifiskum sínum. En vegna þess, að rök þau, er hv. frsm. minnihl. og hæstv. forsrh. hafa fært fram, eru ekki veigamikil, vil jeg þó segja nokkur orð.

Því hefir verið haldið fram, að milliþinganefndin í mentamálum hafi viljað gera kvennaskólann hjer að ríkisskóla. Mjer er nú ekki annað kunnugt en að hún hafi verið sú áhrifaminsta milliþinganefnd, sem skipuð hefir verið, því að ekkert hefir verið tekið til greina af afrekum hennar, og það er kunnugt, að hún hefir lagt það til skólamálanna, sem ófullkomnast hefir fram komið í þeim málum. Og það er því ekki hægt að fleyta þessu máli fram hjer í þinginu með slíkum meðmælum, því að þingið hefir ekki viljað líta við neinu, sem sú nefnd hefir gert.

Hv. frsm. minnihl. (IHB) játaði það, að kostnaðurinn við skólann mundi verða meiri en áður, ef ríkið tæki hann að sjer. Það er gott að fá þessa játningu, því að það er dálítið hart, að heimta breytingu, sem ekki er til batnaðar að neinu leyti, en hefir aðeins aukin útgjöld í för með sjer. Jeg væri að vísu til með það, að greiða atkv. með málinu, þótt það hefði aukinn kostnað í för með sjer, ef skólinn batnaði. En það hefir ekkert komið fram um það.

Af ummælunum um þetta mál er það ekki ljóst, hvort kvennaskólinn í Reykjavík er heldur húsmæðraskóli eða gagnfræðaskóli. Jeg held því fram, að hann sje gagnfræðaskóli. Mjer er kunnugt um það, af skólaskýrslunum, að þar eru aðallega kend tungumál, svo sem danska, enska og þýska. (IHB: Ekki þýska!) Það getur verið, að hún sje ekki kend þar nú, en svo var þó áður. Jeg lasta ekki þetta. En þetta er alt saman gagnfræðanám, og kensla í reikningi, náttúrufræði, landafræði og sögu er hjer um bil eins og gerist í gagnfræðaskólum. Þá er kanske eftir ofurlítil kensla í saumaskap, prjóni og baldíringu, eða mjer skildist svo á háttv. 6. landsk. Þetta er svo lítil breyting frá gagnfræðaskólaforminu, að ekki nægir til þess að láta skólann hafa sjerstöðu. Það er ekkert því til fyrirstöðu, víða í skólum, að sjerstök viðfangsefni sje fyrir karla og konur. Meira að segja, í kennaraskólanum hefir þetta verið gert, án þess að hann hafi orðið sjerskóli fyrir pilta eða stúlkur fyrir það.

Það hefir alls ekki verið hrakið með rökum, sem jeg hefi sagt, hvorki af hæstv. forsrh. nje af hv. 6. landsk., að báðir þessir kvennaskólar, er hjer um ræðir, voru stofnaðir á þeim tímum, er konur voru útilokaðar frá öðrum skólum, sumpart með lögum, sumpart með venju. En það er ekki rjett, að kvennaskólinn í Reykjavík, sem frú Thora Melsteð stofnaði, sje hinn elsti kvennaskóli hjer. Áður, eða í kringum árið 1870, hafði önnur kona, frú Sigríður Magnússon, kona Eiríks meistara í Cambridge, reynt að koma hjer upp kvennaskóla, í Vinaminni, með samskonar fyrirkomulagi og var á slíkum skólum í Englandi. En vegna þess, að hún var ekki búsett hjer, gat hún ekki haldið skólanum áfram, og varð því fyrirtækið að hætta. En það, sem gat verið laukrjett þá, á ekki lengur við nú, og gæti nú verið fásinna, fyrst ekki á að breyta fyrirkomulaginu. — Taki nú ríkið þennan skóla upp á arma sína sem gagnfræðaskóla, ætti ekkert að verða því til fyrirstöðu, að karlmenn fengi að ganga á hann líka. Og meðan stúlkur læra saumaskap og baldíringu, mætti kenna piltum að smíða, t. d. amboð og skeifur. Það ætti alt að geta farið vel fram, frá skólans sjónarmiði, en þá þyrfti hann bara að breyta nafni.

Því hefir verið haldið fram, að skólinn, sem er nú ódýr í rekstri, yrði ekki dýrari, þótt ríkið tæki við honum. Halda menn þá, að veslunarskólinn, sem hefir 70—80 nemendur, mundi ekki kosta landið meira en 3000 kr., ef ríkið hefði hann á sínum vegum? Nei, hann mundi kosta um 40 þús. kr. Jeg efast ekki um það, að núverandi forstöðukona kvennaskólans mundi kappkosta að stilla í hóf með eyðslu. En reynslan er sú, að ríkisskólar verða dýrir.

Þá vil jeg svara hæstv. forsrh. (JM) því, að hann fór ekki rjett með, þar sem hann taldi aðeins þrjá kennara við skólann samkv. frv., því að ef hann telur forstöðukonuna með, þá verða þeir fjórir. Þessir kennarar kosta meira eftir breytinguna en áður, þó ekki væri vegna annars en dýrtíðaruppbótar. Og á þessum eina lið yrði mikil breyting í þá átt að gera skólann dýrari en áður. Og þegar svo hlýtur hjer við að bætast, að landið taki að sjer kvennaskólann á Blönduósi, og annan skóla, sem nú er 50 ára gamall, þá verður kostnaðarauki inn auðsær.

Jeg get ekki fullyrt, að húsnæði það,

er kvennaskólinn hefir nú, mundi verða miklu dýrara en áður, en líklegt, að eigandi muni fara fram á lengri leigutíma en verið hefir, hvað sem öðru líður. Hver er sjálfum sjer næstur. Jeg er þó ekki með neinar aðdróttanir að eiganda skólahússins, þótt jeg segi, að mjer kæmi það ekki á óvart, þótt hann hækkaði leiguna og setti þannig ríkissjóði stólinn fyrir dyrnar um það, og þá er ekki nema þrent til: að reisa nýtt skólahús, leigja af öðrum, eða leggja skólann niður, ef ríkissjóður vill ekki sætta sig við afarkosti, sem altaf er hægt að setja, þegar sjálfdæmi er gefið. Og það er einmitt húsnæðið, sem gerir málið erfiðast, því að ekki er auðvelt nú að reisa skóla yfir 100 nemendur.

Þá vil jeg minnast á lög um húsmæðraskóla í Norðurlandi. Það hafa nú verið pappírslög í mörg ár, og satt að segja mun þar um valda peningaleysi landsjóðs. Nú er farið fram á það, að setja kvennaskólann í Reykjavík í þá aðstöðu, að hægt sje, bæði fyrir húseiganda og starfsfólk, að gera miklu hærri kröfur heldur en áður. Hvað er svo unnið við það? Engin breyting verður til batnaðar. En á meðan er Norðurland skólalaust, þrátt fyrir gömul lög og sjóð. Hversvegna á nú að leggja meira í kostnað við Reykjavíkurskólann, en láta ekki hinn fá hjálp? Svo er Staðarfellsskólinn. Þar er jörð og hús og sjóður til skólastofnunar, en ýmsir hv. þm. hafa ekki viljað færa sjer og landinu það í nyt, og öll sú vanræksla gerð í sparnaðarskyni. En vonandi er þó, að þeir bæti sig. Mjer skilst á sumum, þar á meðal á hv. 6. landsk. (IHB), að þeir sje hikandi við að gera Staðarfell að ríkisskóla. Þeir vilja vanrækja Norðurlandsskólann og Staðarfell, en stofna hjer ríkisskóla að ástæðulausu. Það eru engar líkur til þess, að kvennaskólinn batni við það. Hann er nú óaðfinnanlegur gagnfræðaskóli, með hússtjórnardeild. Tel jeg ekki, að hann batni, þó að hann þurfi dýrara hús og dýrari kenslu. Og jeg verð að segja það, að mjer finst það hart af hæstv. stjórn, og nálgast hlutdrægni, að fara nú fram á þessa einu breytingu. En það er bót í máli, að allir sjá, að þótt frv. gangi í gegnum þessa hv. deild, þá er mjög ólíklegt, að það komist í gegnum Nd.

Þá er Flensborgarskólinn. Hann er nú um 50 ára, og stór skóli og hefir gert mikið gagn. Hann hefir átt í mesta basli og átt erfiða aðstöðu gagnvart þingi og stjórn. Hann hefir og haft minni ríkisstyrk heldur en kvennaskólinn. En erfitt verður að standa á móti því, að hann verði gerður að ríkisskóla, ef þessir skólar verða gerðir það. Hann hefir aldurinn, sem kvennaskólanum er talinn til gildis, og mikilhæfur maður, Þórarinn Böðvarsson, stofnaði hann.

Þá sagði hæstv. forsrh. (JM), að það væri ekki rjett reiknað hjá mjer, þar sem jeg talaði um Blönduósskólann. Þar er nú sá gallinn á, að sá skóli hefir verið að afborga sitt eigið hús. Það dugir ekki að bera hann saman við Hólaskóla, því að honum voru gefin hús öll, og landsjóður kostar viðhald þeirra. Blönduósskólinn varð að koma sjer upp húsi, og taka til þess lán. Hitt gleymdist hæstv. forsrh., að bera saman, hvað kvennaskólinn er ódýr á móts við mentaskólann. Í mentaskólanum er kostnaðurinn fimmfaldur á móts við kvennaskólann, miðað við nemendafjölda. Við annan skólann eru fastir kennarar, en við hinn tímakennarar.

Mið furðar á því, að hæstv. forsrh.

(JM) skuli vilja auka kostnaðinn við skólana, þegar hann hefir reynsluna fyrir sjer um það, af hve litlum ríkisstyrk þeir geta lifað, t. d. verslunarskólarnir. Jeg tel engan vafa á því, að ef ríkið tæki að sjer verslunarskólana, mundi hver slíkur skóli kosta um 30—40 þús. kr. árlega. Það er því stór sparnaður fyrir ríkissjóð, að láta aðra halda þeim uppi. Bæði Verslunarskóli Íslands og samvinnuskólinn notast við tímakenslu, og reynslan hefir sannað, að þetta fyrirkomulag er lang-ódýrast og að mörgu leyti gott. Mjer þykir það því leitt, að hæstv. forsrh. hefir eigi orðið við þeirri bendingu minni, að vilja reyna að breyta einhverjum ríkisskólunum í einkafyrirtæki; því það yrði stór sparnaður fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forsrh. (JM) fór rangt með orð mín viðvíkjandi kvennaskólunum. Jeg sagði, að það væri ekki þörf á að hafa fleiri en einn fastan kennara við slíkan skóla, og útskýrði, hversvegna jeg hefði þessa skoðun. Jeg tók það fram, að það mætti t. d. hækka styrkinn til kvennaskólans á Blönduósi, til þess að forstöðukonan þar fengi sambærileg laun og aðrir kennarar í hennar stöðu, en það er alt annað en að gera skólana að ríkisskólum. Bæði hæstv. forsrh. og hv. 6. landsk. (IHB) halda fast fram, að allir kvennaskólar hljóti að vera sjerskólar. En þetta er fjarstæða. Sjerskóli er, þar sem einhver sjerstök fræði er kend, en ekki stefnt að almennri mentun.

Nú sem stendur eru barnaskólar alstaðar erlendis samskólar. Það getur að vísu komið fyrir á stöku stað, að drengir veljist frekar í eina deildina, en stúlkur í hina, í einstaka bekkjum, stöku árganga; en samskólar eru þeir fyrir því. — Viðvíkjandi æðstu mentastofnununum, — háskólunum, — þá veit jeg hvergi dæmi til, að nokkur eiginlegur háskóli sje fyrir konur einar. Háskólar eru samskólar, þó að þeir sjeu sjerskólar. Þannig er það á Englandi, t. d. Oxford og Cambridge, jafnt fyrir konur sem karla. Þar eru auðvitað sjerstakar heimavistir fyrir konur og aðrar fyrir karla, Og konur hafa jafnan rjett til að hlýða á alla fyrirlestra, og sömuleiðis jafnrjetti til að taka próf. Þetta eru því undirstöðuatriði í mentamálum, sem nú eru viðurkend um allan hinn siðaða heim. Jeg vil því spyrja, ef það er áhættulaust að láta drengi og stúlkur ganga saman til náms í barnaskóla og á háskóla, hvernig stendur þá á því, að gagnfræðaskólarnir mega ekki vera samskólar? Jeg dreg þetta atriði fram hjer, vegna þess, að jeg óska, að fram verði færð einhver sönnunargögn í þessu máli, gegn samskólunum.

Hæstv. mentamálaráðherra (JM) talaði með fjálgleik um samskólana, eins og hann þættist þekkja vel inn í það mál. Mjer finst það annars ganga hneyksli næst, hversu illa er sjeð fyrir kenslu- og mentamálum í stjórnardeild hæstv. mentamálaráðherra (JM). Þar hefir ávalt verið krókt af lögfræðingum, og eru þeir að vísu sennilega nothæfir til þeirra hluta, sem þeir eru aldir upp til að fást við, en í stjórnardeild þessa ráðuneytis hefir aldrei frá upphafi verið einn einasti maður, sem minsta vit hefir haft á kenslumálum. Enda fanst mjer framkoma hæstv. mentamálaráðherra (JM) í hjeraðsskólamáli Þingeyinga hvorki bera vott um þekkingu nje áhuga á þeim málum. Jeg gladdist þó á vissan hátt yfir framkomu hæstv. ráðh. í því máli — á sama

hátt og góðir kennarar gleðjast yfir því, er þeir verða varir byrjandi áhuga á bóklestri hjá litt bókhneigðum lærisveinum, sem eru farnir að byrja að hnýsast í „reyfara". Er það jafnan talið skárra, að eitthvað sje lesið, jafnvel þó ilt sje, en ekki neitt. Því þótti mjer betri vottur um hæstv. mentamálaráðh. (JM), að hann fengi þó heldur áhuga á vitlausri stefnu í fræðslumálum, heldur en alls engri.

Það er sagt, að erfitt sje að lifa á tímakenslu einni, og er það satt, að því er snertir kennarana flesta, einkum þá, sem eru fjölskyldumenn, en þetta horfir alt öðruvísi við frá sjónarmiði skólanna. Þeir spara mikið fje á því, að halda sem flesta tímakennara, einkum hjer í Reykjavík, þar sem hægt er að velja úr miklum og góðum kenslukröftum, sem ávalt má fá fyrir tímaborgun. Jeg hefi t. d. haft um stund við samvinnuskólann einn guðfræðinema, sem er svo góður kennari, að leit mun þurfa að gera að manni til að jafnast á við hann á því sviði. Jeg skal gjarnan nafngreina hann fyrir þessari háttv. deild, því að jeg tel þennan mann fullkomlega hlutgengan kennara við hvaða skóla sem væri. Hann heitir Lúðvík Guðmundsson. Slíka menn er hægt að fá til að starfa við skólana, a. m. k. um stundarsakir, þó að kenslan sje ekki hluti af framtíðarfyrirætlunum þeirra.

Hæstv. mentamálaráðh. (JM) og hv. 6. landsk. (IHB) töldu sjerskóla vera nauðsynlega fyrir konur. Jeg skal játa, að þetta er rjett, að því er húsmæðraskólana snertir. En að öðru leyti byggist þetta sjerskólahjal þeirra á þessari nýtísku „pædagogik", sem verið er að halda hjer fram, að kynin eigi að vera aðskilin í skólunum. Sje þessi kenning rjett, verður að krefjast þess, að mentaskólanum verði framvegis lokað fyrir konum. Ef kvennaskólinn á að verða gagnfræðaskóli fyrir konur, og að þær megi ekki ganga með körlum í neina skóla, verður það hugsunarrjett afleiðing af þessu, að konur verða að skilja algerlega að „borði og sæng" við karla í skólamálum. Háttv. 6. landsk. (IHB) hefir og sjeð þetta, því að jeg hygg, að hún vilji hafa kynin aðskilin frá barnaskólum og upp í gegnum háskólana; en jeg hygg, að hæstv. mentamálaráðh. (JM) hafi eigi sjeð, að þetta verður afleiðingin, ef þessari kenningu hans verður fylgt út í æsar. Hitt tel jeg rjett, að verkleg undirbúningsmentun verði aðskilin í skólunum, að karlmenn læri að smíða úr járni og trje, er konur stunda matargerð, sauma og önnur kvenleg störf, sem þeim mega sjerstaklega að gagni koma, hver sem staða þeirra verður að öðru leyti í þjóðfjelaginu. Hitt skil jeg eigi, hversu hv. 6. landsk. (IHB) gerir lítið úr nauðsyn þess, að fá húsmæðraskóla á stofn, en vill halda til streitu sjerstökum gagnfræðaskólum kvenna. Jeg skal að vísu játa, að það sje mjög gott, að konur læri á unga aldri reikning, tungumál o. fl. hluti, sem karlmenn leggja stund á, en jeg viðurkenni enga knýjandi nauðsyn til þess, að konur meti þessar listir meira en t. d. heilsufræði, matargerð, garðrækt o. s. frv. Jeg hygg, að þau heimili sjeu eigi mörg á landinu, nema ef undanskilin eru stærstu efnaheimili — sem þó eru eigi mörg — er húsfreyja getur sint öðru en venjulegum heimilisstörfum. Jeg hygg, að víðast hvar sjeu húsmæður önnum kafnar mestan hluta dagsins

við matargerð, þvotta, sauma og annað þessháttar, sem heimilinu viðkemur, en hafi lítinn tíma afgangs til annara starfa. Jeg skil ekki, hversvegna háttv. 6. landsk. (IHB) vill bægja konum frá sjernámi því, sem þeim má að mestu gagni verða í lífsbaráttunni.

Það er og næsta undarlegt, að eftir að konur hafa fengið jafnrjetti við karla í þjóðfjelaginu, skuli þó haldast við ennþá 2 gagnfræðaskólar fyrir konur, en enginn húsmæðraskóli vera til. Jeg sje því eigi annað en að ennþá standi alt óhrakið, sem jeg sagði í minni fyrstu ræðu, um það, að engin nauðsyn ræki til þess, að ríkið tæki að sjer kvennaskólana. Hið eina, sem gæti komið til mála, væri að tryggja þeim einn eða tvo fasta kennara, en láta þá svo starfa áfram eins og að undanförnu. Þetta er aðeins fjárhagsatriði, sem auðvelt er að koma fyrir, en núverandi ástand þessara skóla getur vel haldist, þangað til konur sjá að sjer og viðurkenna, að þær þarfnist sjerskóla.

Forsætisráðherra (JM): Það var ekki margt, sem hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) vjek að mjer í sinni ræðu, og þarf jeg því heldur eigi að svara honum miklu. Jeg lagðist á móti brtt. hans vegna þess, að jeg áleit og álít, að það sje gersamlega rangt, að fara að blanda Blönduósskólanum inn í þetta mál. Það atriði, hvort ríkið eigi og að taka að sjer Blönduósskólann, á að athugast sjer í lagi. Brtt. hv. þm. (GÓ) gera ekkert annað en spilla fyrir þessu frv., án þess að gagna Blönduósskólanum nokkuð. Þvert á móti. Um það, hvaða afstöðu jeg tæki til Blönduósskólans eða þess, að gera hann að ríkisskóla, sagði jeg ekkert um. Hitt sagði jeg, að þó að Blönduósskólinn yrði gerður að ríkisskóla, væri jeg ekkert hræddur við, að hann yrði ríkissjóði mikið dýrari en hann nú er. Jeg þykist aldrei hafa sýnt Blönduósskólanum annað en velvild. Nú hefi jeg heyrt, að hann þurfi fje til húsabóta, og mun jeg styðja að því, að fjeð verði veitt.

Hv. 1. landsk. (SE) var að minnast á frv. um breyting á skipulagi mentaskólans; frv. er nú í hv. Nd. Það er enn fjær, að vera að blanda umræðum um það frv. inn í þetta mál. Þar er verið að tala um skipulag skóla, er á að vera sjerstaklega undirbúningsskóli undir háskólanám. Um gagnfræðamentunina, er hv. þm. talaði um í því sambandi, skal jeg segja það, að jeg tel það alls eigi sjálfgefið, að ríkið eigi að kosta hana að öllu leyti, nema ef vera kynni að ríkið hjeldi uppi Akureyrarskólanum. Annars fer jeg ekki frekar út í þetta mál nú. Komi það fyrir þessa hv. deild bráðlega, verður nógur tími til að ræða það þá.

Þá fanst mjer, að hv. 5. landsk. (JJ) fara nokkuð óvirðulegum orðum um milliþinganefnd þá, sem skipuð var til að gera till. um mentamálin 1922, og um verk þeirrar nefndar. Jeg ætla ekki að taka þetta til umr. nú, en jeg vil aðeins taka það fram, að jeg hefi alt annað álit á þeim mönnum, sem nefndina skipuðu, og störfum þeirra, en háttv. 5. landsk. **(JJ:** Þeir voru fullgóðir menn út af fyrir sig.) Jeg ætla alls eigi að fara að deila um þetta við hv. 5. landsk. Hann álítur mennina eigi mikils virði, og verk þeirra vesælleg, og má hann gjarna halda þeirri skoðun fyrir mjer, ef hann endilega vill.

Háttv. 5. landsk. hjelt því fram, að kvennaskólinn í Rvík væri ekki sjerskóli, en væri í raun og veru aðeins

gagnfræðaskóli. Þetta er hrein hugsunarvilla hjá hv. þm. Það má vel segja það, að kvennaskólinn í Reykjavík sje eða eigi að vera gagnfræðaskóli fyrir konur einar. Því er hann sjerskóli. Þessvegna þarf að kenna þar ýmislegt, sem ekki er kent á gagnfræðaskólum fyrir karlmenn. Á hinn bóginn verður að taka að mörgu leyti í kvennaskóla tillit til venjulegs lífsstarfs kvenna, og undirbúa þær undir það.

Þegar háttv. 5. landsk. ber saman kostnað þeirra skóla, sem eru kostaðir af ríkinu, og þá skóla, sem eru einkafyrirtæki, verður sá samanburður hans alls eigi rjettur. Það er ekki rjett að bera þá saman við alþýðuskólana, sem eru kostaðir að talsverðum hluta af hjeraða- eða sveitarfje. Auðvitað yrðu einkaskólarnir, er fje er lagt til að mun annarsstaðar frá, að miklum mun dýrari ríkinu en þeir nú eru, ef ríkið þyrfti að taka þá að sjer að öllu leyti. Samanburður hv. þm. er því svo fráleitur, að furðu gegnir. Svo var hv. 5. landsk. að tala um það, að það væri ekki rjett, að kosta 3 fastakennara, og að jeg hefði farið rangt með orð hans. Jeg talaði lítið um þetta atriði, en orðin, sem hann segir jeg hafi farið rangt með, skrifaði jeg eftir hv. þm. sjálfum, að það eitt væri gott í frv., að það bætti laun kennaranna. (JJ: Forstöðukvennanna!) Já, það má vel vera, að hann vilji aðeins tala um forstöðukonurnar einar, og skal jeg ekki um það þrátta við hv. þm.

Þar sem hv. 5. landsk. segir, að það sje hart af stjórninni að koma með þetta frv., þegar ekki sje hugsað nema um annan skólann, þá hafði mjer síst dottið það í hug. Hann kvað það nálgast hlutdrægni. Jeg skil ekki þá hlutdrægni, þegar þess er gætt, að Blönduósskólinn er hjeraðsskóli, og í rauninni eign hjeraðsins, en hinn lifir ekki á öðru en ríkistillagi og hefir ekki neina opinbera stofnun á bak við sig. Jeg hafði aðeins það fyrir augum, að skólinn lifir á ríkissjóði og fær og hefir fengið þaðan, það sem hann þarfnast. Jeg játa, að nú sem stendur yrði kostnaðurinn við að gera kvennaskólann í Rvík að ríkisskóla ofurlítið meiri, en ekki meiri en því sem nemur þessari litlu launahækkun til kennara. Og það er mjög efasamt, hvort hægt er að standa í móti þessum kröfum skólanefndar og láta þessar konur lifa við verri kjör en verkamenn, þótt frv. gangi ekki fram.

Jeg hygg, að skólagjöldin mundu verða þau sömu, þó Reykjavíkurskólinn yrði ríkisskóli, en þess er að gæta, að það er dálítið bætt upp með beinum styrk.

Hvað Flensborgarskóla viðvíkur, þá var jeg ekkert að tala um hann. Það væri kanske rjettast, að breyta þeim skóla nokkuð. Hann lifir alveg á landsjóðsfje. Hann á að vísu hús, en hitt geldur ríkisjóður. Hann ætti ef til vill að verða alþýðuskóli eða gagnfræðaskóli, með þeim styrk, sem slíkir skólar njóta. En að öðru leyti er það óskylt mál.

Þá sagði hv. þm. (JJ), að Blönduósskólinn væri að borga sitt hús. Það sýnir, að skólinn fær alt það, sem hann þarfnast, og það meira að segja fje til afborgana og væntanlega enn til húsabóta.

Þá mintist hv. 5. landsk. á það, er jeg sagði í gær, að verið væri að hverfa frá samskólum karla og kvenna víða um heim. Hv. þm. heimskaði mig mjög fyrir þetta. Jeg er að vísu leikmaður í þessu, en jeg hefi þó dálitla kunnugleika, af

30 ára reynslu minni, og hefi á þeim tíma oft haft yfir skólum ríkisins að segja. En þetta sagði hann, að næði engri átt. Bæði barnaskólar og háskólar væri samskólar. Þetta sannar ekkert um, hve upp skuli ala konur alment á aldrinum t. d. 12—18 ára. Og hinsvegar er það ekki rjett, að ekki sjeu til sjerháskólar fyrir konur. Þeir eru einmitt til. Jeg skal og geta þess, að í febr. síðastliðnum var haldinn fundur í Kaupmannahöfn, þar sem saman komu skólamenn frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Á þeim fundi var það greinilega viðurkent, að menn væru farnir að sannfærast um það, að rjett væri að hætta samskólum og taka sjerskóla fyrir hvort kyn, sjerstaklega á aldrinum 12—18 ára. Þar var því haldið fram, að mentun kvenna ætti að komast á aðra braut en nú er. — Til þessa fundar var boðað af mörgum stórmerkum kvenfjelögum og skólamönnum. — Mjer leiðist því, að hv. þm. (JJ) skuli hafa slegið svona fjarstæðu fram.

Einn stórmerkur skólamaður, þýskur, var þar á fundinum, og sagði það, að uppeldi kvenna ætti ekki að vera það sama og drengja. Þær þoli það ekki, og það af mörgum ástæðum. Þurfi og að leggja meira á sig. Og þó þær fái oft eins góð próf, þurfa þær að leggja svo mikið á sig til þess, að skaðlegt geti orðið fyrir þær.

Á þessum fundi sjest það, hve langt þessu er komið. Ein kona, sem er forstöðukona kvennadeildar í verslunarskóla, sýndi fram á, hve nauðsynlegt það væri, að hafa jafnvel kvennadeild í verslunarskólum. Jeg verð að halda, að þm. (JJ) tali móti betri vitund um þetta. Hitt er annað, að samskólar munu enn eiga sjer langan aldur á ýmsum sviðum. En svo sem þegar er getið, þá eru nú stefnur uppi víða um heim, að breyta þessu. Jeg ætla að láta þetta nægja til hv. 5. landsk.

En um það, sem sagt var, að jeg væri mótfallinn alþýðuskóla í Þingeyjarsýslu, og bæri það vott um áhugaleysi í skólamálum, þá gæti jeg með sama rjetti sagt hv. 5. landsk. áhugalausan í skólamálum fyrir andstöðu sína gegn þessu frv.

Þau ummæli hans, að betra sje að hafa tímakennara en fasta, læt jeg mig engu skifta. Jeg hefi aldrei heyrt það fyr, en altaf heyrt það talið óheppilegt, að þurfa að byggja skóla aðallega á tímakenslu. Og hann vildi sanna mál sitt með því að nefna mann, sem við virðum báðir mikils. En ætli viðkomandi skóla væri þá ekki betra að geta trygt sjer manninn sem fastakennara.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi ekki mikið að segja. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. hið sama og í gær, að það væri skaði fyrir Blönduósskólann, að jeg hefði komið með brtt., en ekki frv. Það gleður mig, hve líklegt hann taldi, að frv. næði fram að ganga. Jeg held, að það mætti bjarga málinu með því að koma með frv. í háttv. Nd., ef þetta frv. kemst svo langt, að verða afgreitt til þeirrar deildar. Hann hjelt því fram, að kvennaskólunum hefði aldrei verið neitað um fje. Jeg talaði aldrei um það. Og hann má vita það, að mjer yrði það aðeins gleðiefni, að skólarnir fengju það, sem þeir þyrftu.

Þá vík jeg að orðum hv. 6. landsk. (IHB), þar sem hann kallaði mig siðameistara sinn. Jeg held okkur væri best að hætta við uppfræðsluna hvort í annars garð, úr því að jeg var lærisveinn

hans í gær, en fæ nú meistaranafnbót hjá hv. þm. í dag. Vona jeg, að fræðsla sú, er jeg hefi veitt þm., beri jafnglæsilegan árangur. Hv. þm. (IHB) kom með það aftur, að jeg hefði komið með brtt. mína umboðslaus. Það hefði kanske verið hægt að koma með umboð, en hitt er það, að hv. 6. landsk. veit tæpast betur vilja sýslubúa minna en jeg. Þá sagði þm. og, að mjer þætti ekki alt best, sem fjarlægast væri. Það skiftir nú litlu, en sama gæti jeg auðvitað sagt um hann. Honum þykir Reykjavíkurskólinn bestur. **(IHB:** Þetta er ekki rjett!) Jeg þræti ekki um það við þm. Þá kom þm. ennþá með samanburð, að Reykjavíkurskólinn væri landsskóli, en Blönduósskólinn hjeraðsskóli. Jeg er búinn að tala um þetta og sýna, að það hefir við engin rök að styðjast. Um þetta þýðir að vísu ekki að deila, en allri deildinni er kunnugt, hvað sagt hefir verið. Og það tjáir ekki að ætla að afsaka sig eftir á, með því að láta sem töluð orð væri ótöluð.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hv. þm. A.-Húnv. fer hjer með rangt mál. Hann leggur algerlega rangan skilning í orð mín. Jeg sagði, að hann hefði ekki haft neitt umboð frá sýslunefnd eða skólanefnd. Þetta er líka hárrjett, því hv. þm. kemur fyrst fram með það í dag; og var hvorki mjer nje öðrum hjer í hv. deild kunnugt um, að það lægi fyrir. Ef til vill er umboðið komið fram nú fyrir ihlutun hv. þm.

En, eins og kunnugt er, liggur hjer fyrir brjef frá forstöðunefnd kvennaskólans í Reykajvík á sama þskj. og sjálft frv., og þar gerð grein fyrir, fram á hvað er farið, jafnframt afsali á yfirráðum yfir skólanum, úr höndum skólanefndar í hendur stjórnarinnar, sem af þessum breytingum leiðir.

Nú kemur umboðið í dag. Hv. þm. er þar falið að semja frv. á svipaðan hátt og frv. um Reykjavíkurskólann. Þar með er sú ásökun fallin úr gildi, sem í þeim orðum fólst, að hann hefði ekki haft umboð.

Hin ummælin, um samanburð minn á skólunum, ætla jeg ekki að tala frekar um. Þau hefir öll deildin heyrt, og þarf jeg þar ekkert að leiðrjetta.

Fyrst jeg stóð upp, ætla jeg að svara hv. 5. landsk. (JJ) lítilsháttar, þó ekki kæmi hann með neitt nýtt, sem máli skifti. Það er út af tilvitnun minni á þskj. 310, í álit milliþinganefndarinnar 1922. Hæstv. forsrh. hefir bent á, hve órjettlátt það er, að fara óvirðulegum orðum um þá nefnd, svo að jeg get leitt það hjá mjer, sem hv. 5. landsk. sagði um hana. En mjer fanst ekki úr vegi að tilfæra það álit nefndarinnar, að frá sínu sjónarmiði telur hún rjettmætt, að kvennaskólinn hjer og Blönduósskólinn sjeu gerðir að ríkisskólum, þegar þeir eru 50 ára.

Jeg endurtek enn, að kvennaskólarnir eru og verða altaf sjerskólar, þó ekki sje hægt að sannfæra hv. 5. landsk. um það. Það er auðvitað hægt að leggja misjafnan skilning í þetta, eins og flest, en mjer finst þó, að varla verði um það deilt, að þessir skólar, sem hjer um ræðir, sjeu sjerskólar. Það tjáir ekki að einblína á það, að engir sjerskólar geti verið til fyrir konur, nema húsmæðraskólar. Þó að konur eigi aðgang að fleiri skólum en kvennaskólum, eru þeir sjerskólar fyrir því. Eða hver mundi senda son sinn í kvennaskólann?

Jeg þykist oft hafa tekið það fram, að í kvennaskólanum í Reykjavík eru

kendar þær námsgreinar, sem hver stúlka verður að nema, sem ekki vill verða ósjálfbjarga og hreinasta ómynd. Annars hefir enginn tekið það fram, undir öllum þessum löngu umræðum, hvað útheimtist sjerstaklega, umfram það, sem kent er í kvennaskólunum, til þess að þeir geti heitið sjerskólar.

Að segja, að kvennaskólinn hafi verið stofnaður, þegar konur áttu ekki aðgang að öðrum skólum, eru engin rök í málinu. Hv. þm. (JJ) sagði, að kvennaskólinn í Vinamínni hefði einnig verið stofnaður af sömu ástæðum. Sá skóli var stofnaður um 1890, en þá höfðu báðir oftnefndir kvennaskólar starfað um langt árabil. Annars starfaði skólinn í Vinaminni aðeins 2 ár, og mun þá hafa orðið að hætta vegna fjárskorts.

Að karlmenn læri handavinnu, tel jeg rjett og gott, enda er það svo í ýmsum gagnfræðaskólum.

Jeg sýndi í gær fram á, að auðvelt er að reikna út kostnaðinn við þessa breytingu á kvennaskólanum, ef hún nær fram að ganga. Breytingin er ekki önnur en sú, að bæta tveim föstum kennurum við skólann og launa þeim dálítið betur en stundakennurum. Þeir tveir kennarar, sem mest kenna við kvennaskólann nú, hafa, annar 1900 kr., hinn 1600 kr. á ári. En í frv. er gert ráð fyrir dýrtíðaruppbót. Jeg tók fram í gær, að af þessum 2 kennurum, sem yrðu fastir kennarar, mundi heimtuð meiri kensla, svo þetta kæmi nokkuð í sama stað niður. Hv. 5. landsk. mintist á, að Staðarfellsskólinn hefði ekki verið settur á stofn 1923, af því að það hefði ekki verið talið kleift fyrir ríkissjóð. Jeg mun ekki hafa barið við kostnaðinum þá, heldur því, að málið væri ekki undirbúið. Annars skammast jeg mín ekkert fyrir það, hvernig jeg kom fram í því máli, þó það sje oft borið sem vopn á mig.

Jeg hefi fært rök fyrir því, að ekki er rjett að segja, að kvennaskólinn sje aðeins gagnfræðaskóli, meðan þar er kend handavinna, sem ekki er kend í gagnfræðaskólum, auk hússtjórnarkenslu, sem, eins og áður er tekið fram, 24 stúlkur njóta árlega.

Því hefir verið blandað inn í þessar umræður, að hætta gæti stafað af að hafa samskóla. Jeg hefi ekki minst á neina hættu, heldur hvað væri hagkvæmt. En nú er skoðun manna að breytast í þessu efni, eins og hæstv. forsrh. (JM) tók fram, og ekki lengur talið heppilegt, að hafa samskóla fyrir pilta og stúlkur. Mikilsmetinn fundur, sem haldinn var um þessi mál í Khöfn í vetur, komst að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að hverfa frá því að mestu leyti, að láta stúlkur og pilta hafa sömu fræðslu eftir 12—14 ára aldur, nema þær stúlkur, sem ætla að ganga mentaveginn, til þess að ná embættisprófi.

Að hafa barnaskóla samskóla er auðvitað sjálfsagður hlutur. Jeg hefi of lengi fengist við barnakenslu, bæði hjer og í Danmörku, til þess að jeg finni ástæðu til að breyta um í því efni.

Sigurður Eggerz: Í þessum löngu umræðum, sem hjer hafa farið fram, hefir verið talað ákaflega mikið um stefnur í skólamálum. Þetta getur nú í sjálfu sjer verið mjög lærdómsríkt, en jeg verð þó að halda því fram, að vegna þessa frv. var engin nauðsyn á að fjölyrða svo mjög um þessar stefnur, því þó að frv. verði samþ., verður í engu breytt um stefnu í kenslumálum. Jeg bið hv. deild að athuga þetta. Því fer

mjög fjarri, að hæstv. stjórn sje að marka nokkrar nýjar brautir í fræðslumálum með þessu frv. Það verður haldið áfram alveg í gömlu áttina, þó að þetta frv. verði samþ. Þetta er því ákaflega þýðingarlítið fyrir sjálf fræðslumálin í landinu. Frv. snýst alls ekki um þá stefnu, hvort hjer skuli vera sjerskólar eða samskólar framvegis, svo að það þarf ekki að setja hv. þm. í geðshræringu. Hjer halda alveg eins áfram að vera sjerskólar, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki. Í mínum augum er hjer aðeins um fjárhagsatriði að ræða. Það er verið að auka útgjöld, án þess nokkur þörf sje á. Það er aðalatriðið.

Það getur vel verið, að einhver fundur í Kaupmannahöfn sje á móti því, að hafa samskóla. Jeg veit ekkert um það. Og jeg veit ekki heldur, hvernig þessi mál standa í Englandi. En jeg veit það, að á þessum stefnum í skólamálum er altaf meiri og minni öldugangur. Það þarf ekki lengra en til okkar eigin þjóðar, til að finna dæmi þess. Mjer finst ekki langt síðan að jeg var hjerna í latínuskólanum. Þá voru uppkveðnar mestu bölbænir yfir latínu og grísku, og menn vildu fyrir alla muni losna við þessi mál. En hvað er svo að ske? Nú kveður við háróma lofsöngur um latínu og grísku. Nú er það latínan, sem á að lyfta þjóðinni á miklu hærra stig. Svona snúast menn. Og það er alveg áreiðanlegt, að ef latína og gríska yrðu settar í hásætið núna, þá mundu sömu bölbænirnar hefjast eftir svo sem 3 ár, og þær yrðu strax kveðnar niður aftur. Nú er frv. borið fram í Nd. um stofnun latínuskóla. Ef sá skóli verður samþyktur, rís ómótmælanleg krafa um sjerstakan gagnfræðaskóla í Rvík, því að gagnfræðamentuninni getum við ekki slept. Það verður ekki þolað. Það er ekki nóg að segja, að þessi bær verði að sjá um það. Hann hefir engan kraft til þess að koma upp slíkum skóla.

Jeg bendi á þetta til þess að sýna, að frv. það, sem hjer er um að ræða, er ekki eina skólafrv. á þessu þingi, sem grípur inn í fjárhag ríkissjóðs. Það þykir reynsla hjer, að ríkisrekstur sje dýrari en hjá einstaklingum, og er það viðurkent af fjölda manna. Sönnun þess liggur raunar í sjálfu frv., því að ef skólinn er settur á ríkissjóð, þykir nauðsynlegt að fjölga föstum kennurum og hækka launin.Jeg bendi hjer aðeins á „facta". Svo eftir 1—2 ár kemur vafalaust krafa í nafni kvenþjóðarinnar um að byggja yfir skólann. Jeg vil ekki, að aðalatriðið í þessu máli sje dregið undan, en það er, eins og jeg hefi tekið fram, fjárhagsatriðið. Stefnur í kenslumálum koma þessu ekkert við.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði eina setningu, sem jeg þarf að gera athugasemd við. Jeg man ekki, hvort hann sagði hana frá eigin brjósti eða hafði hana eftir einhverjum lærðum manni. Hann tók fram, að stúlkubörn þyrftu ekki samskonar mentun og drengir. En það er nú svo, að ef maður vill fá djúptæka mentun, þá er aðalþungamiðjan í mentuninni sú sama fyrir karla og konur, og ómögulegt að draga þar neina línu á milli. Sönn mentun er í því fólgin, að skilja sjálfan sig og lífið í kringum sig. Þetta þarf, eftir því sem hægt er, að kenna jafnt konum sem körlum. **(Forsrh. JM:** Og sund? Er ekki svo?) Jú, auðvitað. Jeg vona, að ekki verði upplýst í þessari hv. deild, að fram sje komin ný stefna, sem haldi því fram, að kvenfólk megi ekki fara í laug. Þessi

setning, að konur þurfi ekki sömu mentun og karlmenn, er úrelt kenning, leifar frá gömlum tíma, þegar minni kröfur voru gerðar til kvenna en karla. Stefnan á að vera: sömu kröfur, sömu rjettindi.

Jeg skal enn taka fram, að af fjárhagsatriðum einum er jeg á móti þessu frv.

Frsm. meirihl. (Jónas Jónsson): Það voru fáein orð, sem jeg vildi sjerstaklega beina til hæstv. forsrh. (JM). Það, sem okkur ber á milli, er spurningin, hvort hafa skuli sameiginlega kenslu fyrir karla og konur eða aðskilja kynin. Alt annað eru aukaatriði. En þegar mjer nú kemur í hug það, sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að jeg hafi gert lítið úr starfi milliþinganefndarinnar frá 1922, þá vil jeg benda á það, að reynslan hefir staðfest þau orð mín. Tillögur nefndarinnar geta í sjálfu sjer hafa verið fullgóðar, þó þær hafi ekki gengið fram; þær hafa aðeins alls engan stuðning fengið hjá þjóðinni. Jeg held það sje óhætt að kenna hæstv. forsrh. sjálfum, hversu þessi nefnd misheppnaðist og var ófrjó í störfum. Það er ekki svo að skilja, að eitthvað af till. nefndarinnar hefði ef til vill getað komið að einhverju liði, ef þær hefðu verið teknar til greina; en annars held jeg, að þess sje ekki þörf, að „dubba" neitt sjerstaklega upp á eftirmæli nefndarinnar, því að mennirnir, sem í henni voru, geta vel verið nýtir til einhverra annara starfa, þó að þetta verk þeirra hafi borið lítinn ávöxt. Hæstv. forsrh. þóttist verja sig fyrir ádeilu minni út af kostnaðinum við þetta frv., en hann sagði þar ekki satt. Í frv. er gert ráð fyrir 4 föstum embættum. Jeg hefi aðeins viljað styrkja skólana til þess að launa forstöðukonu við hvern skólann þannig, að þær hefðu svipuð laun og þó föst embætti væru. Þá var eitt, sem hæstv. forsrh. tók fram, sem mjer var hálfgerð ráðgáta, er hann sagði, að kvennaskólinn fengi alt það, sem hann beiddi um, og mjer skildist hið sama á háttv. 6. landsk. (IHB). Jeg skil vel þakklæti háttv. 6. landsk. til stjórnarinnar fyrir þetta, sem jeg held sje algert einsdæmi, að stjórnin styðji skólann á þann hátt, að láta hann vaða inn í ríkissjóðinn utan fjárlaga, og brýtur þetta algerlega bág við öll lög og rjett. Mjer finst þetta koma illa heim við yfirlýsingu hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að hann mundi eigi greiða einn eyri úr ríkissjóði utan fjárlaga. Jeg óska eftir frekari skýringum í þessu efni, hvort hjer sje um algerða lögleysu að ræða, eins og mjer virðist þetta helst vera, og ætti háttv. fjvn. að taka þetta til alvarlegrar rannsóknar. **(Forsrh. JM:** Það er sjálfsagt!) Enn sagði hæstv. mentamálarh. sitthvað um gagnfræðaskóla og Eiðaskólann. Jeg mótmæli því, að eigi sje þar annar munur á en námstímalengdin. Það er alt önnur hugsjón, sem stendur bak við Eiðaskólann. En hitt er satt, að sumir Austfirðingar hafa í huga að gera skólann svo úr garði, að hann geti talist meðal gagnfræðaskóla, er tímar líða fram; t. d. lengja námstímann, svo hann verði 3 ár o. s. frv. Þetta er því hreinn misskilningur hjá hæstv. forsrh. Það er um verulegan eðlismun að ræða á Eiðaskólanum og hinum gagnfræðaskólunum. Þá sagði hann það rangt vera hjá mjer, að „akademisk" mentun væri sameiginleg alstaðar erlendis, fyrir karla og konur, og nefndi eitt dæmi um skóla nálægt Lundúnum, sem væri ein-

göngu kvenna-háskóli. En þetta er sennilega misskilningur. Hæstv. forsrh. (JM) ætti að vita, að í enskumælandi löndum er til fjöldi af þesshättar smástofnunum — Girls' High Schools — sem þó hvergi eru taldir með háskólunum.

Í þessari viðleitni hæstv. mentamálarh. (JM) og hv. 6. landsk. (IHB) kemur fram þveröfug stefna við þá, sem ríkjandi hefir verið síðan konur hófu jafnrjettisbaráttu sína. Það var þessi pólitíska barátta kvenna, sem opnaði alla atvinnuvegi fyrir konum jafnt og karlmönnum, og undan hinum þungu hamarshöggum kvenrjettindaforkólfanna var það, sem mentastofnanirnar urðu einnig að láta, og hafa síðan staðið opnar fyrir konum jafnt sem körlum. Nú er það háttv. 6. landsk. (IHB), ásamt hæstv. forsrh., sem vill loka aftur þessum opnu dyrum mentastofnananna, sem hafa staðið kvenþjóðinni opnar um hríð. Hæstv. mentamálarh. (JM) má fara land úr landi fyrir mjer; hann mun hvergi finna annað fyrir sjer en að „akademisk" mentun sje sameiginleg hjá öllum þjóðum.

Þá sagði hæstv. forsrh. (JM), að nú væri að verða straumhvörf í heiminum, sú skoðun væri fallin, að karlar og konur ættu að vera saman í skólum, hitt væri sama sem komið á alstaðar, að kvenfólkið hefði sínar mentastofnanir út af fyrir sig. Hann kvað svo sterkt að orði, að svona væri það yfirleitt í öllum heiminum. En það eru fremur vægar kröfur, sem hæstv. mentamálarh. gerir til alls heimsins í þessu efni. Jeg hefi haft dálítið tækifæri til þess að kynna mjer, hver þessi heimur hans er, ef miðað er við það virðulega danska blað, sem hann las úr ómerkilega frjettaklausu. Við skulum hugsa okkur dæmi. Segjum t. d., að í blaðinu „Hæni" kæmi einhver smágrein um það, að smávínsalar á Austfjörðum hefðu haldið fund með sjer um það, hvaða aðferðir þeir ættu að hafa við áfengissölu, og hefðu t. d. boðið Mogensen lyfsala á fundinn, og fallist á, að aðferðir hans væru þær einu rjettu, og svo kæmi einhver hjer inn á þing og segði, að nú væri allur heimurinn farinn að standa á öndinni út af vínsölusnild yfirmanns íslensku áfengishirðarinnar. Jeg er þakklátur hæstv. mentamálarh. fyrir það, hversu hann er góður við mig, en vondur við sjálfan sig.

Jeg sá í höndum hans nauðaómerkilegt blað frá Kaupmannahöfn. Þar las hann um fund, sem eitthvað 4 kvenfjelög höfðu stofnað til, til þess að ræða um uppeldi. Eitt fjelagið var, að því er mjer skildist, samsafn gamalla piparmeyja. Annað af þessum fjelögum, sem hæstv. mentamálarh. nafngreindi, gaf sig í sumar sem leið einnig að alt öðrum hlutum en uppeldis- og fræðslumálum, húsmæðrafjelagið í Khöfn. Það kom fyrir atvik í sumar í Danmörku, sem var gert að opinberu blaðamáli, — hæstv. forsrh. veit, við hvað jeg á. Þetta umrædda fjelag krafðist þess, að gerður yrði læknisskurður á manni nokkrum; en læknar neituðu og töldu vitleysu að verða við þeirri kröfu, og „Husmoderforeningen" fjekk ekki vísindin með sjer í því máli. Það er næsta spaugilegt að athuga, hverskonar fundur þetta var, sem hæstv. forsrh. og mentamálaráðh. heldur, að hafi lagt undir sig allan heiminn.

Þetta er svo langt sótt og svo mikil

endemis fjarstæða, að bera fram hjer á þingi sem rök í alvarlegu þingmáli, að vart verður lengra farið. Jafnvel hv. 6. landsk. (IHB) hefir sagt, að sjer dytti ekki í hug, að þessi tvískifting á skólunum næði til barnaskólanna. Ef jeg man rjett, þá náðu þessi uppeldis-straumhvörf einnig til síðustu áranna af barnaskólaskyldualdri, og ef það er rjett, að aðskilja algerlega karla og konur á aldrinum frá 12—18 ára, þá er hjer um stórkostlega stjórnarbyltingu að ræða í uppeldismálum. Þetta þýðir það, að alstaðar verður að skifta sundur skólunum, eftir kynferði nemendanna. Í sama þorpi, t. d. á Húsavík, Akranesi o. s. frv., verða að vera tveir barnaskólar, annar fyrir stúlkubörn, hinn fyrir drengi. Ennfremur verður að taka alla aðra skóla og skifta þeim á sama hátt, Flensborgar-, Eiða-, Hvítárbakka-, mentaskólanum og öllum öðrum skólum, þar sem hætta er á, að stúlkur stundi nám, og stofna við þá kvennadeildir með sjerstökum kvenkennurum. Mjer finst hæstv. mentamálarh. (JM) færast fullmikið í fang, ef þetta skal innleitt hjer, vegna þess að „Husmoderforeningen“ í Khöfn hefir gert samþyktir í þessa átt. Þar sem enn er stutt síðan kvenfólk hefir öðlast jafnrjetti við karlmenn, mun á hverjum stað og í hverjum skóla, nema ef til vill barnaskólum, kvenfólkið vera í allverulegum minnihluta að höfðatölu, og hverjar verða þá afleiðingar þessarar stjórnarbyltingar hæstv. mentamálarh. (JM) í fræðslumálunum? Engar aðrar en þær, að gereyðileggja alla ávexti jafnrjettisbaráttu kvenna! En jeg veit vel, að hæstv. mentamálarh. (JM), hefir alls ekki hugsað út í þetta. En eitt er af tvennu: Annaðhvort er þessi kenning rjett, og þá verður að fara eftir henni, eða hún er vitlaus, og þá getur enginn tekið mark á henni, því síður framkvæmt neitt í þá átt, sem hún bendir til. Jeg hygg, að eigi sje hægt að gera konum meiri bjarnargreiða en þetta. Þó hægt væri að koma upp víðast hvar sjerstökum skólum fyrir konur — þetta er auðvitað hægt — þá kostar það mikið, og þykir mjer uggvænt, að konum þætti þungur róðurinn, áður en vel væri sjeð fyrir öllu kvennanámi með sjerstökum mentastofnunum fyrir konur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vildi víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. landsk. (SE). Meirihl. leggur svo mikið kapp á að fella þetta frv., að mjer er það næstum óskiljanlegt, einkum þar sem þessir menn tjá sig fylgjandi aukinni mentun í landinu. En framkoma þeirra í þessu máli færir þó litlar sönnur á það.

Jeg mun reyna að tefja eigi tímann með því, að draga óskyld mál inn í umræðurnar. Hv. 1. landsk. fór að tala um stofnun gagnfræðaskóla hjer í Rvík, sem bænum yrði alveg ofviða að kosta. Jeg skal ekki fara ítarlega út í það mál að sinni. En jeg get eigi sjeð, að Rvík ætti að vera það ofurefli fremur en öðrum hjeruðum, er skólum halda uppi, einkum þar sem barnafræðsla hjer í bæ er að mestu kostuð af ríkissjóði, svo að slíks eru vart dæmi annarsstaðar.

Hv. 1. landsk. (SE) talaði um djúptæka mentun í sambandi við gagnfræðaskólana. Jeg býst nú við, að öllum sje það ljóst, hvílík firra það er, að þeir láti mönnum djúptæka mentun í tje, enda er ekki til þess ætlast af þeim.

Hv. 5. landsk. (JJ) spurði, hvort kvennaskólarnir gætu vaðið í ríkissjóð

og tekið það, sem þeim sýndist. Þótt orðalagið eigi auðvitað ekki við, er þó nokkuð til í þessu, því að hingað til hafa þessir skólar fengið þann styrk, sem þeir hafa beðið um. Á ófriðarárunum var jafnvel veitt fje til þeirra milli þinga, að minsta kosti kvennaskólans í Rvík, án sjerstakrar heimildar, og veitti þingið samþykki sitt til fjárveitingarinnar eftir á.

Þá sný jeg mjer að ummælum hv. 1. landsk. (SE) og hv. 5. landsk. (JJ), um samskóla og sjerskóla. Það er alkunnugt, að háskólar eru yfirleitt samskólar, og að karlar og konur njóta sömu „akademiskrar" mentunar. Kvendoktorar voru til löngu áður en hugsað var til kosningarrjettar og kjörgengis fyrir konur. En þessi háskóli fyrir konur, Gerton College, sem jeg mintist á áðan, er reglulegur háskóli. Jeg gat þess ekki af því, að það skifti svo miklu máli, heldur aðeins til að ósanna orð hv. 5. landsk. (JJ), sem hjelt því fram, að slíkir háskólar væru ekki til. Hann sagði, að háskólarnir í Englandi væru fyrir karla og konur, nema þau svæfu eigi í sama herbergi í heimavistunum. (**JJ:** Undantekningin sannar regluna!) Annars held jeg, að sannleikurinn sje sá, að fjöldi skóla í Englandi veiti konum alls eigi aðgang. (**JJ:** Þeir eru svo gamlir.) — Gamlir? Já, það er nú okkar mentaskóli líka, og er samskóli samt.

Hv. 5. landsk. (JJ) vildi gera lítið úr fundi þeim, sem jeg gat um, að haldinn hefði verið um þessi efni á Norðurlöndum nýlega, og þeim stórmerka manni, er þar kom við sögu. Slíku og öðru eins ætla jeg ekki einu sinni að svara. Auðvitað kom honum mjög illa, að jeg skyldi geta fært sönnur á þetta. Það er að vísu satt, að það voru einkum konur, sem fundinn sóttu, en alt að einu er eigi hægt fyrir hv. 5. landsk. að gera lítið úr ályktun slíks fundar, nema því aðeins, að hv. 5. landsk. sje á sama máli og þýski heimspekingurinn, sem hjelt því fram, að konur hefðu eigi sál.

Hv. 5. landsk. (JJ) vildi draga þá ályktun af orðum mínum, að eftir þeim yrðu karlkennarar eingöngu að kenna við drengjaskóla og kvenkennarar við kvennaskóla. Auðvitað er þetta bláber fjarstæða, þessi frægi maður, er jeg nefndi í sambandi við fundinn, hefir einmitt lagt mesta stund á að kenna ungum stúlkum. Annars þykist jeg vita, að hv. 5. landsk. (JJ) hugsi alt öðruvísi og betur í skóla sínum, heldur en þegar hann er að þyrla upp ryki hjer í deildinni.

Frsm. meirihl. (Jónas Jónsson): Hæstv. forsrh. hefir verið að gefa það í skyn, að fyrir oss í meirihl. vaki það, að leggja kvennaskólann niður. Auðvitað er slíkur framsláttur ekkert annað en skáldskapur. Við höfum þvert á móti látið í ljós, að við teldum þörf á að styrkja skólann, með því að veita fje til eins fasts kennara Að vísu hefi jeg gert ráð fyrir, að skólanum yrði breytt í húsmæðraskóla með tímanum. En það er alt annað en að leggja skólann niður.

Eggert Pálsson: Jeg hefi hingað til setið hjá og hlustað á mælsku þeirra hv. þm., sem um málið hafa rætt, en get nú ekki stilt mig um að leggja nokkur orð í belg.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) hefir barist hjer fyrir kvennaskólanum á Blönduósi, og þarf síst að lá honum það. En mjer finst þó sannast mála, að sá skóli hafi hvergi nærri slíka kröfu til að

verða ríkisskóli, með tilliti til aldurs og afreka, eins og kvennaskólinn í Rvík, og auk þess mun honum minni nauðsyn á því, þar sem hann hefir verið styrktur allmjög af hjeruðunum, sem að honum standa.

Hv. 1. landsk. (SE) segir, að fyrir sjer sje það fyrst og fremst fjárhagsatriði, hvort skólinn verði ríkisskóli eða ekki. Hann tjáir sig vera andstæðan frv., sökum þess, að skólinn verði dýrari í rekstri, ef það nái fram að ganga. Það má satt vera, að kostnaður verði örlítið meiri, ef skólinn er gerður að ríkisskóla. En munurinn er næsta lítill, eftir frv. að dæma, og ætti að vera hægt að minka hann meir, með því t. d. að lækka eitthvað laun kennaranna, eða jafnvel fækka þeim um einn. Og hvað húsrúmið snertir, þá er það ekki annað en grýla, að hætta sje á að samþykkja frv. þetta vegna þess, að húsrúmi geti verið sagt upp þá og þegar. Vandinn er eigi annar en sá, að gera samning við húseiganda, áður en frv. verður að lögum.

Því hefir verið haldið fram, að eigi væri mikil ástæða til að gera skóla þennan að ríkisskóli, þar sem hæstv. forsrh. (JM) hefði sagt, að skólinn hefði jafnan fengið það, sem hann hefði þarfnast úr ríkissjóði. En þótt svo hafi verið hingað til, þá er eigi þar með sagt, að svo verði eftirleiðis. Tímarnir geta breyst.

Þegar í þessu máli hafa umræður mjög snúist um stefnur í skólamálum, samskóla og sjerskóla. Þessar stefnur skjóta nú báðar upp höfði víðsvegar og má eigi á milli sjá, hvor ofan á verði. Vjer vitum eigi nema samskólastefnan kunni að verða svo ofan á hjer, að þingið kunni einhverntíma að svifta kvennaskólann öllum styrk, einmitt vegna þess, að hann er sjerskóli fyrir konur, og ganga þannig af honum dauðum. Og þá myndi jeg fyrir mitt leyti sjá eftir því, að hafa eigi slegið varnagla nn, meðan tími var til, með því að gera skólann að ríkisskóla.

Jeg vil lítt fara út í þá sálma hjer, að gera upp á milli samskólanna og sjerskólanna. Þó get jeg sagt það, að jeg álít ekki heppilegt að slengja takmarkalaust saman konum og körlum í sama skólann. Hvort kynið fyrir sig hefir sína ákveðnu eiginleika, sem eigi njóta sín til fulls á sama sviði. Það er að vísu fullvíst, að konur geta náð eins góðri mentun og karlar. Þó mun skerpan yfirleitt vera meiri hjá karlmönnunum, en skyldurækni og ástundunarsemi meiri hjá kvenfólkinu. Og það getur einmitt leitt til þess, og hefir án efa gert það, að ungar stúlkur ofreyni sig við námið í samkeppninni við piltana í samskólunum.

Samskólastefnan hefir undanfarið verið og er ríkjandi í skólamálum vorum. En ef vjer lítum á skólaskýrslur skólanna, sjest, að yfirgnæfandi meirihluti nemendanna eru karlar. Það er sama, hvort litið er í skýrslu Eiðaskólans, Flensborgarskólans, Möðruvallaskólans eða mentaskólans; alstaðar verður hið sama uppi á teningnum, stúlkurnar margfalt færri en piltarnir. Þetta bendir einmitt mjög á það, að karlar og konur eigi ekki fullkomna samleið á námsbrautinni.

Ef svo færi, að kvennaskólinn yrði lagður niður, vegna þess, að styrkur til hans yrði feldur burt af fjárlögum, þá myndi jeg og fleiri iðrast eftir að hafa eigi greitt þessu frv. atkvæði sitt. Skólinn hefir verið vinsæll mjög alla stund,

og um land alt eru konur, sem bera hlýjan hug til hans og óska þess, að dætur sínar mættu njóta fræðslu þar á komandi árum.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að jeg hefði þakkað stjórninni fyrir fjárframlög til kvennaskólans, sem hann gaf í skyn, að hefðu verið óleyfileg. Jeg gaf reyndar alls eigi tilefni til þessara ummæla hans. Jeg þakkaði aðeins hæstv. forsrh. (JM) fyrir stuðning við skólann undanfarið og einkum fyrir að hafa komið fram með þetta frv.

Jeg skal eigi fara að deila hjer um samskóla og sjerskóla frekar. En hitt veit jeg, að þegar konur fara að nota íhlutunarrjett sinn í landsmálum almennar en nú gerist, þá þýðir eigi lengur að berja höfðinu við steininn, eins og andstæðingar þessa máls hafa gert.

Út af ummælum hæstv. forsrh. og mínum um nauðsyn þess, að hafa sjerskóla fyrir konur, dró hv. 5. landsk. (JJ) þá ályktun, að þá yrði að skifta kynjunum þegar í barnaskólum, og að kennarar væru einnig valdir þar eftir kynferði. Auðvitað er þetta sagt á móti betri vitund, því að tæplega er hægt að ætla, að hv. þm. (JJ) meini slíka fásinnu. Auk þess ætti hann að vita það, að í öllum öðrum löndum eru sjerskólar fyrir konur, og jeg er þess fullvís, að þótt hv. 5. landsk. (JJ) vilji nú má kvennaskólann í Reykjavík út, eftir að hann hefir starfað í 50 ár, þá á kvennaskólinn samt eftir að lifa og starfa hálfa öld enn, og væntanlega miklu lengur.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins slá því föstu, að þessi skóli hefir verið svo vel rekinn hingað til, að jeg get eigi sjeð neina þörf á að gera hann að ríkisskóla. Frv. þetta hefir heldur enga stefnubreytingu í för með sjer, og er því eingöngu fjárhagsatriði.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) gaf í skyn, að konur hefðu eigi eins skarpar gáfur og karlmenn, en hinsvegar bætti ástundun þeim það upp. Jeg álít þetta vera mestu fjarstæðu. Að þær hafa sig ekki meir í frammi og hafa ekki sótt sig meira en raun hefir á orðið, stafar af því, að þær eru ennþá tæplega búnar að átta sig á rjettindum sínum, en ekki af skorti á gáfum til jafns við karla. Og jeg efa það ekki, að síðar meir muni konur taka eins góðan þátt í stjórnmálum og karlmenn, og lík mun reyndin verða á öðrum sviðum.

Annars hefir þetta mál sannfært mig um það, hve erfitt það er að koma fram sparnaði hjer á þingi. Þó að einhver vilji gera eitthvað, sem sýnilega fer í sparnaðaráttina, þá rís önnur hönd á móti, og það er hrópað, að þetta sje enginn sparnaður. Og hvernig sem um frv. þetta fer — og jeg geri ráð fyrir, að það verði samþ. — þá vil jeg ráðleggja hæstv. stjórn að breyta sem fyrst til um sparnaðarstefnuskrána, því að hana þarf áreiðanlega að orða öðruvísi.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil taka það fram, að jeg tel athugasemd hv. 1. landsk. (SE) algerlega óþarfa. Hvað sparnaðinum viðvíkur, þá býst jeg við því, að ef stjórnin beitti sjer fyrir einhverjum sparnaði, þá myndi þessi sami hv. þm. (SE) ekki lengi hugsa sig um áður en hann legðist þar á móti.

ATKVGR.

Brtt. 88, 1 feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJ, EÁ, GÓ, IP, HSteins.
nei: BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, JJ, SE.

1. gr. samþ. með 8: 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, BK, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, IP, JJ, SE, SJ.

2.—8. gr. samþ. með 8: 6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8: 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EP, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, IP, JJ, SE, SJ.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Forseti (HSteins): Háttv. 6. landsk. (IHB) hefir boðað forföll. Og þar sem þessi háttv. þm. er frsm. minnihl. í þessu máli, hlýt jeg, vegna þessarar fjarveru hans, að taka málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 6. apríl, var frv. aftur tekið til 3. u m r. (A. 17, 244, 250).

Einar Árnason: Þegar þetta frv. var hjer til 2. umr., snerust umr. aðallega um samnám karla og kvenna, en snertu hinsvegar lítið einstök atriði frv., eins og það lá fyrir. Jeg ætla ekki að fara að vekja þessar umr. upp aftur, sem hjer fóru fram um daginn; aðeins vildi jeg með örfáum orðum láta mína skoðun í ljós á þessu sjernámi eða samnámi karla og kvenna. Í stuttu máli álít jeg sjernám sjálfsagt fyrir konur og karla á vissu sviði, og má þar sjerstaklega benda á húsmæðraskóla fyrir konur og búnaðarskóla, stýrimannaskóla og vjelstjóraskóla fyrir karlmenn, þó að jeg álíti hinsvegar ekki útilokað, að karlar og konur megi taka þátt í þessari kenslu, sem fer fram í þessum skólum. Að öðru leyti álít jeg samnám sjálfsagt, þegar er að ræða um almennar námsgreinar. Það var minst á það við 2. umr., mig minnir af hv. 1. þm. Rang. (EP), að hann taldi, að eðli karla og kvenna til náms væri dálítið ólíkt, og gat þess í því sambandi, að karlmenn hefðu venjulega meiri skarpleika til að bera við nám, en kvenfólk aftur meiri ástundun og skyldurækni. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þessi aðgreining er rjett, það má vel vera, en þó að svo væri, eru þessir eiginleikar út af fyrir sig ekki nægileg orsök til þess, að ekki megi hafa samnám, að kynin þurfi sjerskóla út af fyrir sig í almennum fræðum. Það er ágætur kostur, að hafa skarpleika til náms, en það er ekki einhlítt, og það er óhætt að segja, að ástundun og skyldurækni sjeu eins notadrjúg í reyndinni, og að því leyti álít jeg yfirleitt, að kvenfólk geti staðið karlmönnum á sporði í almennum námsgreinum, þótt það geti verið misjafnt eftir námsgreinum. En þegar er að ræða um kvennaskóla, sem aðallega á að vera gagnfræðaskóli, þá álít jeg, að hann geti ekki verið ríkisskóli, svo framarlega sem hann er kvennaskóli eingöngu. En ef kvenþjóðin vill hafa sjerstaka skóla fyrir sig, þá álít jeg, að hún eigi að bera þá uppi, ekki aðeins hvað fjárframlög snertir, heldur líka að hafa stjórn þeirra í sínum höndum. Vitanlega er jeg ekki á móti því, að þeir skólar sjeu styrktir af ríkisfje.

Svo er önnur hlið þessa máls, og það

er sú hliðin, sem hv. 1. landsk. (SE) lagði áherslu á, það er aðallega kostnaðarhliðin, og hún er alls ekki lítils verð í þessu sambandi, og jeg er hv. þm. (SE) alveg samdóma um það, að sje kvennaskólinn í Reykjavík færður algerlega yfir á ríkissjóð, þá verði það margfalt dýrara ríkinu. Hv. 1. landsk. þm. (SE) færði algildar ástæður fyrir því, svo að það er engin ástæða til að taka þær upp aftur, og það er jeg sannfærður um, að kvennaskólinn hlýtur að verða miklu dýrari, og sömuleiðis sannfærður um, að hann verður ekki betri, og þá virðist mjer það óhyggilegt, að breyta til.

Það eru ýms atriði í þessu frv., sem hefði verið ástæða til að gera brtt. við. Jeg hefi leyft mjer að koma með brtt. á þskj. 244, einungis við tvö atriði. Fyrra atriðið er það, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir 5 manna skólanefnd. Þetta er í rauninni alveg nýtt fyrirkomulag á ríkisskóla, og jeg veit ekki til, að svona fyrirkomulag sje við nokkurn núverandi ríkisskóla; það eina, sem jeg veit um, er, að það mun vera skipaður eftirlitsmaður við bændaskólann á Hólum í Hjaltadal, en þar stendur töluvert öðruvísi á, með því að ríkissjóður hefir átt þar hagsmuna að gæta, þar sem skólabúið hefir verið eign ríkissjóðs, svo að þar er það eðlilegt, að hafður sje eftirlitsmaður. Jeg sje því enga ástæðu til að hafa þessa skólanefnd.

Í athugasemdum í frv., við 2. gr., stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem hjer er að ræða um sjerskóla fyrir stúlkur, þá virðist eigi óeðlilegt, að stjórnin kjósi nefnd manna sjer til ráðuneytis, er sjerþekkingu hafi á því sviði.“

Mjer er nú spurn: sjerþekkingu á hverju? Mjer skilst, eftir öðrum ákvæðum frv., að hjer sje aðallega um gagnfræðaskólanám að ræða, og þurfi því ekki sjerþekkingu hvað það snertir. Þó að fram yfir hið venjulega gagnfræðanám sje kensla í útsaumi og ljereftasaumi, get jeg ekki skilið, að setja þurfi sjerstaka nefnd fyrir það. Ef svo væri, þá þyrfti líka að setja sjerstaka nefnd bæði fyrir vjelstjóraskólann og stýrimannaskólann, því að varla má ætlast til, að kenslumálaráðherra hafi nægilega sjerþekkingu í þeim fræðigreinum, sem þar eru kendar, þó að hann hefði nægilega þekkingu í almennum fræðigreinum. Jeg sje því enga ástæðu til að hafa nefnd milli skólastjóra þessa skóla og kenslumálaráðherra. Jeg tel nægja, að stjórn þessa skóla sje í höndum skólastjóra og kenslumálaráðherra, eins og allra annara slíkra skóla.

Þegar farið er að brjóta til mergjar, hvað eiginlega liggi til grundvallar fyrir þessu ákvæði frv., hlýtur manni að detta í hug, að fyrir stjórninni og þeim, sem samdi frv., hafi það vakað, að stjórn skólans myndi annars of veik. Hvort það hefir verið af því, að það er kona, sem stjórnar skólanum, skal jeg ekki um segja. En hafi svo verið, tel jeg þá ástæðu ekki rjettmæta, því að það er marg-viðurkent, að konur sjeu engu síður stjórnsamar en karlmenn. Í þessu sambandi vil jeg minnast á álit háttv. 3. landsk. (HSn), sem hann hefir leyft mjer að hafa eftir sjer, að hann telji það galla á 5. gr. frv., að þar er talað um forstöðu-k o n u skólans. Vill hann, að í stað þess komi forstöðumaður. Það, sem fyrir honum mun vaka, er það, að útiloka ekki, að karlmenn geti

orðið forstöðumenn skólans. En jeg fyrir mitt leyti skal taka það fram, að jeg sje ekki ástæðu til að gera slíka breytingu.

Eins og jeg hefi þegar tekið fram, sje jeg enga ástæðu til að skipa þessa nefnd, og legg því til, að það ákvæði verði felt í burtu.

Þá skal jeg með nokkrum orðum víkja að 2. brtt. minni. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir 4 ára námi við skólann, en jeg legg til, að sá tími verði styttur niður í 3 ár. Ekki af því, að jeg vilji ekki, að nemendurnir fái eins góða fræðslu og kostur er á, heldur fyrir þá sök, að jeg tel 4 ára nám alt of dýrt, að minsta kosti fyrir stúlkur utan af landi. Og jeg sje ekki annað en með svo löngum námstíma verði margt kvenfólk útilokað frá að stunda nám allan skólatímann. En það tel jeg skaða fyrir fólk, að þurfa að hætta námi í miðju kafi, kanske eftir 1 til 2 ár. En á því er hætta í mörgum tilfellum, vegna fjárhagslegra örðugleika. Þess ber og að gæta í þessu sambandi, að þó að nemendur komist í gegnum skólann með 4 ára námi, þá veitir hann engin sjerrjettindi, sem trygt geta þeim lífsframfæri. Nemandinn er því ekki hóti nær en með 3 ára gagnfræðanámi. Er því engin ástæða til að hafa námið lengra við þennan skóla en gagnfræðaskólana.

Á Möruvallaskólanum var námstíminn aðeins tvö ár, og jeg held jeg þori að leggja ýmsa þá, sem þaðan útskrifuðust, til jafns við marga, sem nú eru búnir að vera 3 ár í gagnfræðaskólum. En það er mín skoðun, að sá mismunur stafi af því, að það voru að eins þroskaðir piltar, sem sóttu þann skóla, og gátu því miklu betur hagnýtt sjer það, sem kent var, en lítt þroskaðir unglingar.

Þá höfum við háttv. 3. landsk. (HSn) komið fram með brtt. á þskj. 250, og skal jeg víkja að þeim örfáum orðum. Er þá fyrst brtt. okkar við 4. gr.

Í 4. gr. eru taldar upp námsgreinar skólans, og telst mjer svo til, að þær sjeu 19. Jeg get ekki að því gert, að mjer finst þær óþarflega margar, jafnvel til skaða margar. Og jeg er ekki í neinum minsta vafa um, að það væri best fyrir skólann að fækka þeim, til þess að nemendurnir fengju betri fræðslu í hinum.

Í samræmi við þessa skoðun höfum við flutningsmenn tillögunnar lagt til að fella þrjár námsgreinarnar niður, sem sje: hjúkrun, teiknun og skrift. Um hjúkrunarnámið skal jeg taka það fram, að við teljum það í sjálfu sjer ekki stórt atriði, en lítum svo á, að nám í þeirri grein geti tæplega orðið kent við svona skóla, svo að gagni megi verða. Slíkt hið sama má segja um teiknunina. Öðru máli er aftur að gegna með skriftina. Úr því að hún er námsgrein, virðist það benda til, að þarna eigi að vera unglingar, sem ekki sjeu búnir að læra að skrifa. En jeg lít svo á, að skrift eigi að vera inntökuskilyrði í unglingaskóla og eigi því ekki að kennast í slíkum gagnfræðaskólum sem þessum.

Þá kem jeg að síðari brtt. okkar, að yngri nemendur en 16 ára skuli ekki fá inntöku í skólann. Það var einmitt skriftin, sem sjerstaklega kom okkur til að halda, að þetta ætti að vera framhalds-barnaskóli. En jeg er þeirrar skoðunar, að á síðari árum sje farið að gera alt of mikið að því, að þreyta börn

með þungum námsgreinum og löngum skólasetum. Og jeg er viss um, að börn hefðu yfirleitt gott af því, að hvíla sig 1 til 2 ár eftir sinn barnaskólalærdóm, áður en þau byrjuðu á þyngra og erfiðara námi. Með því gætu þau orðið betur þroskuð, þegar þau kæmu t. d. í gagnfræðaskóla, og hefðu því miklu betri not af náminu. Annars er jeg sannfærður um, að ef gagnfræða- og kvennaskólar tækju ekki nema þroskaða nemendur, þá gerðu þeir yfirleitt miklu meira gagn. Í sambandi við þetta vil jeg minna á auglýsingu, sem jeg las nýlega. Var hún frá skólastjóra unglingaskólans að Laugum í Þingeyjarsýslu, og hefir sá maður kynt sjer allmjög skólamál erlendis. Í auglýsingu hans stóð, að hann tæki enga yngri en 17 ára í fyrsta bekk skólans. Þetta tel jeg rjett spor í rjetta átt, og legg því mikla áherslu á, að í þennan skóla, sem hjer er um að ræða, verði ekki teknir yngri nemendur en 16 ára.

Að jeg flutti ekki þessar brtt. við 2. umr., var fyrir þá sök, að jeg bjóst ekki við, að frv. yrði samþykt, því að jeg þóttist þá vera búinn að kynna mjer svo hugi háttv. deildarmanna gagnvart því, að jeg þóttist viss um, að til þess myndi ekki koma. En þar sem svo undarlegir hlutir gátu skeð, að það var þó samþykt, gat jeg búist við, að svo yrði áfram. Vildi jeg því ekki láta það fara svo úr deildinni, að jeg gerði ekki þessar athugasemdir við einstök atriði í frv.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Það vill svo illa til, að jeg er hálflasin í dag, en þótti þó ekki rjett að sitja heima, þá er frv. þetta er til 3. umr.

Við höfum nú við þessa 3. umr. hlýtt á nær klukkutíma langan lestur um, að margt væri við mál þetta að athuga. Liggur því næst að halda, eins og líka er, að hjer sje stórmál á ferðinni.

Jeg hafði, satt sagt, búist við, að þessi umræða yrði eitthvað annað en endurtekning og upplestur á öllu því, sem sagt var um þetta mál við 2. umr. þess, endurtekning á lítt hugsuðum staðhæfingum. En síst bjóst jeg við þessum báglega fram bornu, lítt hugsuðu tillögum, sem háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) var að enda við að tala fyrir.

Jeg verð vitanlega að láta mjer lynda, þó að mál þetta sje gert að flokksmáli og inn í það komist hin megnasta hreppapólitík.

Háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir allrækilega skýrt frá tilgangi sínum með tillögunum. Áður en jeg fer inn á einstök atriði þeirra, vil jeg fara um þær fáum orðum frá almennu sjónarmiði.

Hv. þm. fer í tillögu sinni fram á, að ákvæðið um skólanefnd sje felt burtu úr frv. Jeg get sagt háttv. þm., að jeg hefi ekkert sjerstakt á móti því. Að það hafi verið sett inn til þess að lýsa vantrausti á mjer, eins og helst var að skilja á hv. þm., er hinn mesti misskilningur. Ástæðan fyrir því mun miklu frekar hafa verið sú, að ljetta undir störfum skólastjóra og kenslumálaráðuneytisins. Jeg geri því ákvæði þetta ekki að neinu kappsmáli, svo það út af fyrir sig getur ekki valdið ágreiningi okkar í milli.

Þegar maður fer að athuga 1. brtt. háttv. þm., við 3. gr. frv., stendur svo skrítilega á, að hana þarf að bera upp í tvennu lagi, því að hún fjallar um tvö sjálfstæð atriði.

Fyrri liður till. hljóðar svo: „Ríkisstjórnin setur skólanum starfsreglur og

hefir öll umráð hans.“ Þessum lið er jeg fyllilega samþykk og hefi ekkert við hann að athuga.

En svo kemur síðari liðurinn. Hann hljóðar svo: „Skal skólinn miðaður við 3 ára nám, og auk þess húsmæðradeild í tveimur námsskeiðum.“ Þessum lið er jeg mótfallin, að því er snertir stytting námstímans úr 4 árum niður í 3. En mjer er ekki, eftir tillögunni, fyllilega ljóst, hvort háttv. þm. vill heldur taka ofan eða neðan af skólanum. Um þetta atriði vil jeg fara nokkrum orðum, frá mínu sjónarmiði.

Stytting námstímans hlýtur altaf að rýra skólann allmikið, þar sem hann stefnir að því, að veita nemendum haldgóða, almenna, bóklega mentun, og auk þess allmikla kunnáttu í handavinnu.

Þetta geta allir sjeð, sem lesa síðustu skýrslu skólans. Því verður ekki neitað, að skólinn hefir mikið verkefni, svo mikið, að jeg fullyrði, að 4 ára námstími sje síst of langur tími. Þó að þessi 4 ára námstími sje ákveðinn, hefir það alloft verið svo, og mun verða fyrst um sinn, að stúlkur, sem hafa þroska og aldur til þess, hafa sest í 2. bekk skólans og jafnvel 3. bekk. Að því er þær námsmeyjar snertir, er því ekki að ræða um nema 2—3 vetra nám, og er það síst of langur tími. Þessu atriði gekk hv. þm: alveg fram hjá, þegar hann var að tala fyrir brtt. sinni, um styttingu skólatímans.

Eigi nú að fella niður 1. bekk skólans, verð jeg, eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi fengið í 19 ár sem skólastjóri, og áður sem kennari í 11 ár, að telja það mjög misráðið. Því að foreldrar sækja oft fast að koma dætrum sínum í skólann, strax og þær eru komnar úr barnaskólanum, og færa þau rök fyrir, að ef námið falli niður, þá ónýtist tími. Þetta hlýtur háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) líka að skilja. Að hætta námi, þótt ekki sje nema í bili, orsakar kyrstöðu og er unglingum oftast tapaður tími, þótt einstaka heilsuveill nemandi kunni að hafa þess þörf, að barnaskólanámi afloknu. Þessi skoðun mín styðst við reynslu mjög merkra skólamanna, að það sje skaðlegt þroska unglinganna að láta þá hætta námi t. d. 1—2 ár.

Hvernig það hefir verið á Möðruvöllum, veit jeg ekki, en víst er það rjett, sem hv. þm. (EÁ) tók fram, að þangað hafi aðeins sótt þroskaðir nemendur, sem auðvitað komust þá af með styttri námstíma. Að því er hjúkrunarnámið snertir, er það álit hv. flm. brtt., að það sje eitt af þeim námsgreinum, sem hægt sje að skaðlausu að fella niður. Jeg verð nú að segja það, að mjer virðist það vera að fara heldur aftan að siðunum hjá hv. flm. (EÁ og HSn), því nauðsynlegri námsgrein hygg jeg tæpast, að hægt sje að kenna uppvaxandi kvenkynslóð okkar.

Geta má þess, að þær þjóðir, sem fremst standa í skólamálum, t. d. Þjóðverjar og Englendingar, eru altaf að verja meiri og meiri tíma til hjúkrunarnáms og meðferðar ungbarna við kvennaskóla sína. Hjá þessum þjóðum er, eins og víðar, misbrestur á, að nemendur úr barnaskólum sæki framhaldsskólana, og er því farið að taka kenslu í þessum greinum upp í barnaskólunum.

Bandaríkjamenn gera slíkt hið sama. En hjerna hjá okkur leggja tveir hv. þm. til, að leggja þetta nám niður, vilja eyðileggja lítinn vísi hjúkrunarnáms og ungbarnameðferðar við þann eina skóla á öllu Íslandi, sem þetta er kent í.

Auðvitað urðu námsmeyjar kvennaskólans ekki lærðar hjúkrunarkonur, svo hægt væri að benda á þær á eftir og segja: Þessi hefir lært hjúkrun í kvennaskólanum! Þær lærðu aðeins það nauðsynlegasta, til þess eftir á að geta betur en fólk flest gætt þess, að framkvæma fyrirskipanir lækna og stundað sjúklinga, meðan ekki næðist til læknis. Og þó þetta nám væri ekki lengra en 16—20 stundir, þá hefir reynslan sýnt, að þær stúlkur, sem þess nutu, hafa reynst betur færar að hjúkra sjúklingum í heimahúsum og fara eftir fyrirmælum lækna en þeir, sem ekkert höfðu lært í hjúkrun sjúkra. Þetta segi jeg óhikað, og gæti sannað það með mörgum vottorðum. En þegar dýrtíðin skall á, þá varð þessi kensla að falla að mestu niður, þannig, að hún hefir á síðustu árum aðeins farið fram í 4. bekk skólans.

Teikning er, eins og hv. flm. vita, lögboðin í öllum barnaskólum, enda álitin eitt hið besta uppeldismeðal. Þetta vita hv. flm. brtt., og þarf því ekki að greiða frekar úr því. Teikning er einnig lögboðin í framhaldsskólum, og víða kend í unglingaskólum, og jeg veit ekki betur en gert sje ráð fyrir því í frv. um unglingaskóla, sem flutt er í Nd., að þar sje kend teikning. Er það atriði tekið í frv. úr áliti mentamálanefndarinnar frá 1922. Teikning gerir menn, ef svo mætti segja, „rjettsýnni“. Ef maður hefir lært teikningu, þá sjer maður betur, er maður lítur á hlutina, hvort þeir horfa rjett eða skakt við. Þannig verður maður næmari fyrir því, hvað fagurt er, maður verður skarpskygnari, rjettsýnni — meðal annars á skynsamleg rök. Rjettsýni er góður hlutur að eiga í fórum sínum.

Skrift er eitt, sem hv. flm. brtt. á þskj. 250 vilja fella burtu úr frv. Það er nú svo, að skrift er lögboðin í fræðslulögunum, og það væri æskilegt, að sú kensla bæri þann árangur, að unglingar þyrftu ekki að tefjast frá öðru námi til þess að læra að skrifa, eftir að þeir hafa gengið gegnum barnaskólann. En þannig er það samt, því miður, að mikið skortir á, að unglingarnir alment skrifi þolanlega, er þeir hafa lokið sjer af í barnaskólanum. Ef þeir alment skrifuðu eins vel og t. d. hv. flm. till., þá skyldi enginn verða fyrri til en jeg, að leggja þessa kenslu niður. Hún er nú oftast lögð niður í 4. bekk, en ekki fyr, því jeg álít sjálfsagt fyrir hvern, sem notið hefir nokkurrar mentunar, að hann kunni sæmilega að skrifa. En það verður ekki sagt alment um unglinga frá 12—16 ára. Þó skal jeg játa það, að undantekningar eru frá þessu, ekki síst um suma unglinga, sem koma úr sveit.

Þá er hækkun aldurstakmarksins. Jeg verð að telja það mjög óheppilegt. Það mætir mjer ekki annað oftar, er jeg á tal við foreldra, en þetta: Er alveg ómögulegt að koma dóttur minni í skólann nú strax í haust? Hún er nú 14 ára og hefir lokið sjer af í barnaskólanum. Jeg veit ekki, hvað jeg á að gera af henni, því að hafa hana heima, við spil og þvíumlíkt, er að miklu leyti tapaður tími. — Já, jeg játa, að það er misnotkun á tímanum, að bíða í 2 ár með nám, frá því barnaskólanum er lokið og til 16 ára aldurs. Lífið er ekki svo langt, og þreytan af náminu í barnaskólanum ekki meiri en það, þar sem fríið er svo langt, að engin hætta er á því að unglingarnir sjeu ekki búnir að ná sjer, þegar framhaldsskólar byrja að haustinu. Meðan enginn milliliður er

milli barnaskólans og framhaldsskóla, eins og kvennaskólans, þá sje jeg ekki betur en að það sje afskaplegt ógagn að þessari till. Þessi eyða er ekki auðfylt, nema með skóla, fyrir þá, sem vilja afla sjer frekari mentunar, því hætt er við að öðrum kosti, að það gleymist, sem numið var í barnaskólanum. Það verður hverjum list, sem hann leikur, og það er hægt að stirðna í námi eins og öðru, sem lagt er á hilluna, þó ekki sje um lengri tíma. Í þessu sambandi vil jeg nefna það, að mentaskólinn setur ekkert slíkt aldurstakmark, svo að í hann geta unglingar gengið úr efstu bekkjum barnaskólans. Hjer er því hvorki sanngirni nje nein fulgild ástæða til að setja slíkt aldurstakmark.

Hv. flm. brtt. á þskj. 244 (EÁ) talaði mest um samnám og gagnfræðaskóla, sem allir ættu jafnan rjett og aðgang til o. s. frv., og er margbúið að tala um þetta. Jeg vil ekki lengja þingtíðindin með því að vera að endurtaka neitt af því, sem jeg hefi áður um þetta sagt. Hv. þm. (EÁ) veit, að það sækja ekki nema fáar stúlkur gagnfræðaskólana, og þeim er líka nauðsynlegt að verja nokkrum tíma til þess að nema kvenlegar mentir. Enda held jeg, að það sje holt fyrir stúlkur á aldrinum frá 14—18 ára, að verða fyrir áhrifum af kvenlegri handleiðslu.

Hjer var talað um forstöðumann og forstöðukonu. Jeg held, að það sje rjett, að það sje forstöðumaður við skóla fyrir pilta og forstöðukona við skóla fyrir stúlkur. En helst bæði forstöðumaður og forstöðukona við samskóla.

En þar sem hv. þm. (EÁ) talaði um það, að kvennaskólinn ætti að halda áfram eins og hingað til, studdur af konum og styrktur af ríkinu, og að hann væri ágætur eins og hann væri og gæti ekki betri orðið, þá verð jeg að telja það hjegóma-lofsyrði í þessu sambandi. Það, sem hjer er um að ræða, er ekki annað en það, að það fáist viðurkent, að konur eigi að ráða mentun dætra sinna, að þær fái að halda þessum skóla framvegis, og Blönduósskólanum, og þriðja skólanum verði bætt við, þegar sjóður Herdísar Benedictsen er orðinn nógu stór til þess, að sá skóli verði stofnaður.

Hv. þm. (EÁ) hneykslaðist á því, að skólanefnd hefði ráðið orðalagi frv., og ekki jeg. Jeg get bent hv. þm. (EÁ) á það, að ekki lakari maður en prófessor Eiríkur Briem vann að því, að semja frv.

Þeir, sem eru í andstöðu við frv. þetta, eru að tala um sjerþekkingu, og jeg er ekki frá því, að það þurfi sjerþekkingu til þess að leiða uppeldi og nám ungra stúlkna. En það er eins og þeir hafi ekki athugað það, að ef kvennaskólinn verður gerður að ríkisskóla, sem jeg vona að verði, ef ekki nú, þá áður langt líður, þá kemur hann auðvitað til með að standa beint undir kenslumálaráðuneytinu. Og þetta, um forstöðumann, sem hv. 3. landsk. (HSn) leyfði að hafa eftir sjer, tek jeg heldur alls ekki illa upp. Jeg er nefnd hjer í þinginu hv. 6. landskjörinn og þingmaður, og í fornöld var sagt um konu, að hún var drengur góður. Jeg skammast mín því alls ekki, þó jeg falli undir þessa „kategoriu“.

Loks vil jeg segja eitt, sem mjer hefir komið í hug undir öllum þessum umræðum, og vegna framkomu ýmsra hv. þm. gagnvart þessu frv., að hvernig sem um það fer — segi jeg það ekki sem neina hótun, heldur sem eðlilega

afleiðing af því, sem gerist og gerst hefir í sambandi við þetta mál — að konur, bæði nær og fjær, munu gefa því gætur, hvernig atkvgr. fellur um þetta mál. Þetta er, sem sagt, engin hótun, aðeins eðlileg afleiðing af því, hve mikið hefir verið gert að því hjer í hv. deild, að bregða fæti fyrir málið, líklega aðeins í gamni og leik, ekki með mikilli alvöru, að jeg nefni ekki illvilja.

Nú sker atkvgr. úr. En eftir 2 ár höfum við aftur atkvgr., og þá meðal annars líka um þetta mál.

Sigurður Eggerz: Jeg skal fyrst minnast lítilsháttar á þær brtt., sem fram hafa komið. Að því er snertir till. á þskj. 250, um það, að kensla í hjúkrun, teikning og skrift, falli burt, þá greiði jeg atkv. á móti henni. Jeg tel heppilegt, að konur læri hjúkrun í skólanum. Það getur reynst mjög heppilegt fyrir þær, að kunna nokkuð í þeirri grein. Og jeg get sagt það sama um teikning og skrift. Að því er snertir aldurstakmarkið, þá finn jeg heldur ekki ástæðu til þess að hreyfa við því. Ennfremur er jeg á móti brtt á þskj. 244, um að stytta skólann, gera hann að þriggja ára skóla. Jeg vil halda skólanum, hvað þetta atriði snertir, eins og hann er nú. — Jeg þarf svo ekki að lýsa frekar afstöðu minni til brtt. Hún er í fullu samræmi við alt, sem jeg hefi sagt hjer áður um þetta mál.

Jeg neyðist til þess, eins og hv. 6. landsk. (IHB), að rifja upp í aðaldráttunum það, sem jeg hefi sagt um málið áður. Aðalatriðið er í mínum augum þetta, að með því stjfrv., sem hjer liggur fyrir, er ekki á nokkurn hátt breytt um kenslu í kvennaskólanum. Með öðrum orðum: hvort sem skólinn verður gerður að ríkisskóla eftir frv. eða ekki, þá nýtur kvenþjóðin algerlega sömu kenslu. Þegar þessu hefir verið slegið föstu, þá getur frv. þetta með engu móti kallast mál kvenþjóðarinnar, því það verður að líta svo á, að konur hafi jafna ánægju af því að njóta kenslu í einkaskóla og ríkiskóla, að öðru jöfnu. Þetta, sem jeg nú sagði, er þungamiðjan í þessu máli Það er þungamiðja þessa máls, að með frv. sínu er hæstv. stjórn ekki að fara fram á það, að kvenþjóðin fái að njóta betri kenslu. Hjer er engri nýrri námsgrein bætt við og engu breytt. Jeg sje heldur ekki neina þörf á því, að gera þessa breytingu í viðurkenningarskyni við skólann, því hann hefir fengið næga viðurkenningu í því, að ríkið veitir honum stöðugt hærri og hærri styrk. Allar röksemdafærslur í nafni kvenþjóðarinnar til stuðnings þessu máli hrynja því til grunna. Hjer er ekki annað gert en að færa skólanum allálitlega afmælisgjöf á 50 ára afmæli hans. Stjórnin færir honum hjer mjög „flotta“ afmælisgjöf — of „flotta“, þegar þess er gætt, að hún kemur frá stjórn, sem hefir hinn fylsta sparnað á stefnuskrá sinni

Sem sagt, jeg hefi sýnt með föstum rökum, sem ekki verður á móti mælt, að kvenþjóðin nýtur engu betri kenslu í skólanum, þó hann verði gerður að ríkisskóla. Þessvegna legg jeg ekki neitt upp úr hótun háttv. 6. landsk. (IHB). Jeg hefi að vísu ekki heyrt öllu ákveðnari hótun um pólitíska hefnd. Hv. þm. (IHB) kvaðst hafa fengið brjef um það frá konum fjær og nær, að það mundi verða tekið nákvæmlega eftir því, hvernig atkvæði fjellu hjer um þetta mál. Það lítur þá svo út, eftir ummælum hv. 6. landsk. (IHB) — ef hún annars hefir

rjett til þess að tala þannig í nafni kvenþjóðarinnar — þá lítur svo út, segi jeg, að næstu kosningar eigi að snúast um það, hvort kvennaskólinn eigi að verða ríkisskóli eða ekki.

Ef hv. 6. landsk. (IHB) hefði umboð frá konum þessa lands til þess að lýsa yfir öðru eins, þá verð jeg að segja, að það væri sorgleg niðurstaða af rjettindum kvenna. Jeg hefi skoðað það frá byrjun minna afskifta af þjóðmálum skyldu mína, að styðja rjettindi kvenna. Þegar málstaður þeirra stóð höllum fæti, þá gerði jeg það, sem jeg gat, til þess að stuðla að því, að þær fengju fullkomið jafnrjetti við karlmenn. Og jeg trúi því enn, að jeg hafi þá unnið að þörfu máli. En það verð jeg þó að segja, að ef það á að verða niðurstaðan, að kvenþjóðin, eftir að hafa notið þessara rjettinda nokkur ár, ætlar nú að láta næstu kosningar snúast um það, hvort þessi skóli eigi að vera ríkisskóli eða ekki, þá líta þær sannarlega ofsmáum augum á stjórnmálin. — Jeg álít nú, að hv. 6. landsk. (IHB) hafi ekki rjett til þess að tala svona, ekki rjett til þess að draga stjórnmálavit kvenþjóðarinnar niður í duftið. Það fær mig enginn til þess að trúa því, að konur líti svo lágt og smásálarlega á þjóðmálin. Jeg greiði atkv. á móti frv. vegna þess, að það tryggir ekki konum neitt betri kenslu, en bakar hinsvegar ríkissjóði aukin útgjöld. Og jeg skil ekki annað en að kvenkjósendur hljóti að líta sömu augum á fjárhagsmál ríkisins og karlkjósendur, ef þær ætla að taka alvarlegan þátt í stjórnmálunum. Það er því sannfæring mín, að hv. 6. landsk. (IHB) muni ekki hafa ráðgast við nema fáa kvenkjósendur um þetta. Og ætti að leggja málið undir álit kvenna allra, þá mundu ekki fást mörg atkvæði með því að láta næstu kosningar snúast um það. (**IHB:** Meðal annars, sagði jeg!) Hv. þm. sagði, að eftir 2 ár færi fram atkvgr. um þetta mál. (**IHB:** Meðal annars!) Jeg segi fyrir mig, að þó að jeg sje á móti þessu máli af fjárhagslegum ástæðum, þá gæti mjer aldrei dottið í hug, að það gæti nokkurntíma haft minstu þýðingu fyrir stórpólitík þessa lands. Jeg get ekki ímyndað mjer, að nokkur stjórn ljeti það hafa nokkur áhrif á sig, hvort slíkt frv. fjelli eða ekki. Með þessu vildi jeg sýna, hvílíkur hjegómi þetta mál er í raun og veru. Það nálgast beina óhæfu, að vilja gera það að stórpólitísku þjóðarmáli, hvort hv. 6. landsk. (IHB) veitir forstöðu ríkisskóla eða einkaskóla.

Forsætisráðherra (JM): Mál þetta er alls ekki eins einfalt og hv. 1. landsk. (SE) virðist álíta. Hann hefir áður fært ýmsar aðrar ástæður fram móti því, sem einkum ganga í þá átt, að ekki sje svo mikil þörf á sjerskóla fyrir konur (**SE:** Því hefi jeg aldrei mótmælt!) og samskólar gefist best yfirleitt. Hann talaði mikið um það, að konur hefðu sömu rjettindi og karlmenn, og því væri ekki ástæða fyrir þingið að styðja svona skóla. En aðalatriði fyrir stjórninni var það, að ríkið kostar nú skólann að heita má algerlega, og þá þótti rjett, að ríkið tæki við yfirumsjón með skólanum. Og í frv. er ekki farið fram á annað en það, sem þingið hefir áður í raun og veru veitt. Þingið hefir, eftir því sem jeg best veit, altaf veitt það fje, sem farið hefir verið fram á til skólans. Það er því ekki beint líklegt, að þetta verði aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð að neinu leyti. Skólinn ætti að kosta

alveg jafnmikið, hvort sem hann er einkastofnun eða ríkisskóli, og það er engin ástæða fyrir einkaskóla — fremur en ríkisskóla — að spara, ef hann þarf ekki annað en að beiðast fjár úr ríkissjóði. Það kann aðeins að vera, að í byrjun yrðu ákveðin eitthvað ríflegri laun við skólann, ef ríkið tæki hann að sjer. En það er alt og sumt. En mjer þykir fróðlegt að sjá, eftir fá ár, hvort launin verða ekki nokkuð svipuð, þó skólinn haldi áfram sem einkastofnun. Hjer er ekki um neitt annað að ræða en það, að ríkið taki við yfirumsjón við skóla, sem það í raun og veru kostar hvort sem er.

Hv. 1. landsk. (SE) hefir sagt, að kvenfólk geti notið kenslu annarsstaðar en í sjerskólum, og aðrir hafa haldið því fram, að slíkum skólum þurfi ekki að halda uppi. Það er nú langt síðan, að kvenfólk fjekk rjett til þess að ganga í alla skóla. En hve margar hafa notað sjer þennan rjett, t. d. í mentaskólanum? Þegar litið er á skólaskýrsluna, sjest það, að þær hafa verið mjög fáar. Af 120 nemendum, sem voru í 3 efstu bekkjum skólans 1923—24, voru aðeins 14 stúlkur, og lítið fleiri í neðri bekkjunum. Af þessu er auðsjeð, að þótt konur hafi aðgang að samskólum, þá nota þær þá ekki mjög mikið. — Í morgun spurði jeg rektor háskólans, hve margar stúlkur væri þar, en hann sagði, að þar væri engin. Og engin er við nám erlendis. — Af þessu er auðsjeð, að konur þurfa mjög nauðsynlega sjerskóla, og það er sama, hvort hv. 1. landsk. (SE) leggur nokkra áherslu á þetta atriði eða ekki, þá gera aðrir það.

Það, sem kvennaskólinn vinnur við, að frv. þetta verði að lögum, er það, að þá er fengin trygging fyrir framhaldi hans. Nú er skólanum skamtað fjeð frá ári til árs, og hann verður á hverju ári að sækja um framhald. Og það getur altaf komið fyrir, eins og í fyrra um stúdentana, að þessi styrkur verði af tekinn. (SE: Það mundi þurfa stjórnarskráratriði, til þess að tryggja skólann, því að ríkiskóla má leggja niður). Mig langar ekkert til þess að fara að deila við hv. þm. (SE) um óþörf atriði. Og jeg verð að segja það um Flensborgarskólann, að mjer finst ekkert óeðlilegt, þótt ríkið tæki við honum. Frá mínu sjónarmiði er það því ekki kvennaskólinn einn, sem á þetta skilið, og jeg sje ekki neitt hættulegt við það, þótt ríkið tæki einnig að sjer Blönduósskólann. Hann yrði ríkinu ekki vitund dýrari fyrir því. Það er engin sönnun til fyrir því, að hann yrði dýrari sem ríkiskóli, heldur en meðan hann getur fengið þær fjárveitingar, er hann þarf. Óvissan um fjárveitingar skaðar einmitt skólann, og jeg tel óskiljanlegt, að kapp skuli lagt á það, í ekki stærra máli en þetta er, að fella það, vegna þess, að það kosti ríkið of mikið. Það hefir sýnt sig á þessu þingi, að fjeleysi er ekki til fyrirstöðu, þegar um ýmislegt annað er að ræða. Mestu sparnaðarmenn þingsins hafa sagt, að það gerði ekkert til, hvort tekjuhalli á fjárlögum yrði ½ milj. kr. meiri eða minni. Um alt land á nú að reisa dýrar byggingar fyrir 60, 100 til 500 þús. krónur. En þegar svona smámál kemur fyrir, þá á endilega að fella það, til þess að spara. Jeg hafði að vísu búist við því, að einhverjir myndi vera á móti þessu frv., en hitt datt mjer ekki í hug, að það mundi verða gert að stórpólitísku máli. (SE: Það var kvenfólkið, sem gerði það). Nái frv. ekki fram að ganga á þessu

þingi, þá verður þó ekki langt þangað til að það nær fram að ganga, og gæti jeg hugsað mjer, að hv. 1. landsk. (SE) yrði þá ekki jafnmikið á móti því og nú.

Einar Árnason: Það var hv. 6. landsk. (IHB), sem veitti mjer ofanígjöf fyrir það, að halda klukkutímaræðu um mál, sem jeg hefði ekki vit á. Að vísu talaði jeg nú ekki nema í 25 mínútur, en hv. 6. landsk. (IHB) hefir fundist svona langt að hlusta, vegna þess, að honum hefir verið sjálfum svo brátt að taka til máls. Sami hv. þm. (IHB) sagði ennfremur, að jeg hefði verið með upplestur frá 2. umr. málsins, lítt hugsaðar tillögur og hreppapólitík, og að við hv. 3. landsk. (HSn) værum að flytja hjer mál, er við bærum ekki skyn á. Jeg skal alveg ganga fram hjá þessum ásökunum. Þykist jeg hafa leitast við áður, er jeg talaði, að styggja ekki neinn með orðum mínum. Álít jeg, að hv. 6. landsk. (IHB) hafi ekki þurft að fara eins geist og raun var á, því að jeg hefi ekki móðgað hann að neinu leyti.

Það, sem mjer skildist, að háttv. 6. landsk. (IHB) hefði á móti brtt. minni á þskj. 244, er formið, og að hún væri óframbærileg þessvegna. Það getur vel verið, að brtt. falli ekki í kram hv. 6. landsk. (IHB). En brtt. er bæði að efni og formi rjett hugsuð, enda ekki samin í neinu ógáti, heldur að yfirlögðu ráði. Hv. 6. landsk. (IHB) má fella hana. Jeg skal ekki taka það illa upp.

Þá sagði hv. 6. landsk. (IHB), að það væri ekki ljóst á brtt., hvort jeg vildi taka ofan eða neðan af skólanum. Það er ekki von, að slíkt komi fram í brtt., það verður að koma fram í reglugerð, en brtt. er ekki nein reglugerð fyrir skólann. Þetta ætti hv. 6. landsk. (IHB) að vita. En eigi jeg að skera úr um það, af hverjum endanum eigi að taka, þá mun jeg, eftir að hafa heyrt ræðu hv. 6. landsk. (IHB), vilja taka af neðri endanum. Annars bjóst jeg við því, að ríkið mundi setja nánari reglugerð, ef það tæki að sjer skólann, svo að ekki þyrfti hjer að tala um neina endastýfingu.

Þá talaði hv. 6. landsk. (IHB) um það, að 4 ára nám væri nauðsynlegt og ekki of langur tími. Þetta getur verið alveg rjett, og mætti þá alveg eins segja 6 ár. Fólk er aldrei oflært. En hjer ber á fleira að líta, t. d., hve miklum tíma og peningum eytt er til námsins, og hvað svo fæst í aðra hönd. Mjer hefir skilist svo sem hjer sje um gagnfræðamentun að ræða, er konum geti orðið stuðningur að í lífinu, og það er ástæðulaust að eyða meiri tíma til þess náms í kvennaskólanum en í venjulegum gagnfræðaskólum.

Hv. 6. landsk. (IHB) sagði, að auðvelt væri að setja sveitastúlkur í efri bekki skólans. Það má vel vera rjett, ef þær eru vel undirbúnar. En þá skilst mjer, að neðri bekkirnir verði nokkurskonar framhald barnaskólans í Reykjavík. En jeg er algerlega á móti því, að ríkið taki að sjer framhaldsbarnaskóla fyrir Reykjavík.

Hv. 6. landsk. (IHB) talaði um það, hve skaðlegt væri fyrir þroska nemenda að hætta námi á tímabili (**IHB:** Og líka dýrt!) Um það eru skiftar skoðanir, og skal jeg ekki deila um það við þennan hv. þm., sem þykist sitja uppi með alla visku í þessu máli. En jeg skal láta hann vita það, að jeg kem fram með mína skoðun í þessu máli og öðrum hjer í deildinni, hvort sem þessum hv. þm.

líkar betur eða ver. Jeg hjelt því fram, að börn væru of mikið kúlduð inni við langt skólanám, og að unglingar mistu oft heilsu sína við það að sitja við nám frá 7—20 ára aldurs, og jeg sný ekki aftur með það.

Þá mintist hv. 6. landsk. (IHB) á brtt. á þskj. 250, um hjúkrun o. fl. Jeg lagði nú ekki mikla áherslu á þá brtt. Og þó að skrift sje lögboðin í fræðslulögunum, eins og hv. þm. var að tala um, þá kemur það ekkert þessu máli við, og er ekkert annað en fjarstæða, að hafa slíkt ákvæði í þessu frv. Það er líka lögboðið í fræðslulögunum, að börn sjeu læs. Eftir sama hugsanagangi ætti þá að kenna lestur í kvennaskólanum. Þá talaði sami hv. þm. (IHB) um teikningu og sagði, að teikninám gerði menn rjettsýnni. En skyldi það nú vera svo, að menn í seinni tíð hafi orðið rjettsýnni af því að læra teikningu? Jeg get ekki sagt um það af eigin reynslu, því að jeg hefi ekki lært teikningu, en þó veit jeg, að til eru bæði beinar línur og bognar, og mjer finst, að rjettsýnin sje stundum nokkuð bogin nú í seinni tíð, ekkert síður en áður það varð tíska, að læra teikningu.

Hv. 6. landsk. (IHB) sagði, að ef aldurstakmark væri miðað við 16 ár, þá gæti fyrsti bekkur ekki orðið milliliður milli kvennaskóla og barnaskóla. En jeg tel slíkan millilið óþarfan, og að ríkissjóður eigi að minsta kosti ekki að viðhalda honum. Ef foreldrar ungra stúlkna hjer í Reykjavík telja nauðsynlegt að hafa slíkan millilið, þá er það þeirra, eða viðkomandi bæjarfjelags, að greiða kostnaðinn.

Hv. 6. landsk. (IHB) sagði, að það hefði verið tekið fram, að skólinn mundi ekki batna neitt við þessa fyrirhuguðu breytingu, vegna þess, hvað hann væri góður nú. Jeg segi fyrir mig, að jeg hefi ekkert um það sagt, hvað góður skólinn er. Á það legg jeg engan dóm. En satt er það, að jeg hefi enga trú á því, að hann muni batna við það eitt, að verða ríkisskóli.

Þá var það seinast hjá hv. 6. landsk. (IHB), að við næstu kosningar myndu þeir fá að kenna á því, sem nú væru á móti þessu, og benti á það, að konur hefðu nú kosningarrjett. Jeg býst nú varla við því, að þessu hafi verið slegið fram til þess að hræða menn (**IHB:** Enganveginn!), en mjer datt í hug út af því, hvort hv. 6. landsk. (IHB) mundi kunnugt um það, hvað margir dansa nauðugir með frv. hjer í þessari hv. deild. (**IHB:** Ó-nei!).

Hæstv. forsrh. (JM) furðaði sig á því, hvert kapp væri lagt á það, að fella frv. þetta. Hann má nú vitanlega fyrir mjer skoða það sem kapp, að menn greinir á um þetta mál. Um mig er það að segja, að mjer var það áhugamál, að koma fram með þær breytingar, sem gætu orðið frv. til bóta, ef það á annað borð á fyrir því að liggja að ganga fram.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Jeg skal ekki vera langorð.

Hv. 1. landsk. (SE) var á móti því, að stytta skólatímann, og er jeg honum þakklát fyrir það. Fanst mjer þar kenna þeirrar sanngirni, sem hann hefir altaf sýnt í mentamálum. Við vorum því þarna alveg samdóma um, að ekki ætti að breyta neinu. En lengra gátum við ekki átt samleið. Hann byrjaði á að tala um það, að jeg hefði haft í hótunum. Því skal jeg taka rólega. En um

leið og hann reifaði það, að jeg hefði haft í hótunum, sagði hann, að hann hefði byrjað sína pólitísku braut með því að vera með kvenrjettindunum. Jeg sagði áður, að margir, ekki aðeins konur, hefðu orðið löngu á undan honum í því að styðja að rjettarbótum kvenna. Það er ekki konum einum að þakka, að þær hafa fengið þessar rjettarbætur, heldur sanngirni fulltrúa á Alþingi.

En vegna þess, að jeg hefi ætíð haldið því fram, að hv. 1. landsk. (SE) hafi kynt sig að því, að vilja styðja að mentamálum þjóðarinnar, þá kom mjer það á óvart, að hann skyldi nú láta kostnaðaratriðið við það, að ríkið taki að sjer kvennaskólann, verða að þrætuepli. Að honum ólöstuðum, bæði sem þm. og ráðherra, hefir hann aldrei kynt sig að því, að vera neinn sparnaðarmaður. (SE: Ó-jú!) Jú, það er hægt að spara eyririnn og kasta krónunni, og með því að spara á skökkum lið, má fella ýmislegt gagnlegt.

Hv. 1. landsk. (SE) hafði eftir mjer, að kosningar myndu snúast um þetta mál næst. Jeg skal ekki standa í neinni orðaorustu við hann út af því, þótt hann „lagfæri" orð mín, en jeg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp, það sem jeg sagði. Mjer fórust svo orð: „Konur munu gefa því gætur og minnast þess við næstu kosningar, hvernig atkvæðagreiðsla fer í þessu máli." Þetta, sem hv. 1. landsk. (SE) hefir sagt, er því rangfærsla. (SE: „Kosning fer fram eftir 2 ár"!) Hv. 1. landsk. (SE) er skáldmæltur, eins og allir vita (SE: Jeg hefi aldrei fengið viðurkenningu fyrir það!), en þetta er ekki skáldskapur, heldur afbökun.

Mundi það t. d. ekki þykja fremur ósanngjarnt, ef konur færu að sletta sjer fram í það, hvernig skólum karlmanna væri skipað? (SE: Alls ekki; sjálfsagt!) Jú, „klipt var það, skorið var það", um þetta skulum við ekki deila; jeg sje, að það tjáir ekki. Hæstv. forsrh. (JM) hefir rjettilega bent á það, að það er mergur þessa máls, að kvennaskólinn á undir högg að sækja með fjárveitingar til þingsins, til þess að geta uppfylt rjettmætar kröfur, sem þjóðin gerir til skólans. Þetta er mergurinn málsins, og það bið jeg því háttv. þm. að athuga. Jeg skil það ekki, að kostnaðurinn sje aðalástæðan á móti þessu máli. Hv. 1. landsk. (SE) hefir ekki verið svo mikill sparnaðarmaður til þessa.

Þátttaka kvenna í samskólunum og í áframhaldandi æðri skólum, þar sem ekki eru nema sárfáar stúlkur í tölu nemenda, sýnir, að sú fræðsla, sem þeir veita, hentar ekki konum yfir höfuð. Af þeirri bóklegu fræðslu, sem þeim er þar veitt, hentar þeim sumt, en samhliða því vantar alla kvenlega sjermentun, og flestar konur, sem dætur eiga, leggja þó allmikið upp úr þeirri hlið málsins. Af hverju sækja þær ekki betur þessa skóla? Af því að það hentar þeim ekki. Menn verða að taka tillit til reynslunnar í þessum efnum. Jeg efast ekki um það, að bráðlega muni koma þeir tímar, að fleiri skólar sæki í kjölfar þessa skóla, t. d. skólinn á Blönduósi og Flensborgarskólinn. Það er eðlilegt, að skólarnir æski eftir að verða ríkisskólar, því að þeir vilja á þann hátt tryggja framtíð sína. Hví ættum vjer konur að láta okkur nægja með pappírsrjettindi ein? Ættum vjer að hrekjast sem ásauður frá kvíum til kvía? Nei, það koma fleiri skólar hjer á eftir, um það er jeg sannfærð. (SJ: Aldrei hús-

mæðraskóli Norðurlands; það er jeg viss um.) Jú, jeg er viss um, að sá skóli kemur líka á eftir. En yfir höfuð felst ekki annað í þessum kröfum skólanna, eins og jeg hefi þegar tekið fram, en krafan um að fá tryggingu fyrir því, að geta starfað sæmilega nú og í framtíðinni.

Þá ætla jeg að svara lítillega því, sem háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) vjek að mjer, og mun jeg þó ekki tefja tímann með því að svara því öllu, enda var sumt af því hið sama og jeg hefi þegar svarað hjá hv. 1. landsk. En því, sem háttv. 1. þm. Eyf. vjek að mjer persónulega, hefi jeg flestu gleymt, enda gerir það ekki til. Hann byrjaði á því að segja, að námstíminn væri of langur og yrði því mörgum of dýr. Get jeg að nokkru leyti fallist á það; en á það ber þá einnig að líta, að námið hefir komið fjölda nemenda að góðu gagni. Jeg vil benda á, að stúlkur frá kvennaskólanum hafa fengið ágætar stöður eftir 3 ára nám, hafi þær komið sæmilega undirbúnar á skólann, t. d. þær námsmeyjar, er komið hafa frá góðum unglingaskólum. Það, að neðstu bekkirnir væru ekki annað en framhald af barnaskólunum, er veigalítið. Má þá ekki 14 ára stúlka eiga kost á framhaldsmentun, þótt foreldrar hennar vilji ekki senda hana í mentaskólann? Jeg segi hún eigi heimtingu á því. Að færa aldurstakmarkið niður í 12 ár, það hefi jeg eigi gert, og þarf jeg eigi að svara því frekar. Að skólavistin sje ill og heilsuspillandi, og að margir nemendur hafi mist heilsuna af þeim ástæðum? — Þessu er því að svara, að það er mjög algengt, að unglingar á þeim árum sjeu eigi eins heilsuhraustir og æskilegt væri, en það á ekkert fremur við kvennaskólann en aðra skóla, og jeg er þakklát forsjóninni fyrir það, að heilsufar í kvennaskólanum hefir yfirleitt verið gott. Háttv. þm. fann að því, að skrift og teikning væru teknar upp í frv. sem lögboðnar námsgreinar, og tók til dæmis, að þá ætti lestur einnig að vera lögboðin námsgrein, þar eð margir væru lítt læsir. Þetta er því miður sorglegur sannleikur. Það mundi gleðja mig, ef hægt væri að byrja ofar og fækka þar af leiðandi byrjendanámsgreinum, t. d. skrift. Háttv. þm. talaði eitthvað um beinar línur og bogar, í sambandi við teiknikensluna. Það er rjett; þær eru undirstaðan í teiknilistinni, og það er vel þess vert, að athuga það, að fegurð skapast af bognum línum, en hið rjetta, sanna, kemur fram í hinum beinu línum, og jeg sný ekki frá því, að það er sjálfsagt, að temja sjer teikningu. Háttv. þm. sagði sjer fyndist, að framhaldsskólar barnaskólanna ættu ekki að vera ríkiskólar, og að því leyti sem háttv. þm. átti við unglingaskólana, er það rjettmætt. Þó ber nú ríkissjóður þetta alt saman á einhvern hátt. Háttv. þm. sagði, og tók það oft fram, að kvennaskólinn mundi ekki batna neitt, þó að hann yrði gerður að ríkisskóla. Jeg tek mjer þetta til inntekta; en þegar slíkur úrskurður var feldur, held jeg það hafi síður átt að teljast lof en last, en jeg býst þó eigi við, að háttv. þm. (EÁ) sje fær um að gefa vottorð um þessi efni.

Frsm. meirihl. (Jónas Jónsson): Það eru örfá orð, sem jeg þarf að víkja að hæstv. mentamálarh. (JM), út af skýringu, sem hann gaf hjer um daginn. Hann heldur því fram, að af því að konur sæki lítið samskólana, t. d. mentaskólann og háskólann, þá sje það sönn-

un þess, að hjer þurfi almennan kvennaskóla. Ef þetta væri hugsunarlega rjett, og ef kvenfólkið vill fá meiri mentun, yrði að stofna sjerstakan kvennaháskóla. Og yfir höfuð yrði að aðgreina alla fræðslu eftir kyni nemendanna. En mundi eigi slík breyting sem þessi á öllu fræðslufyrirkomulaginu verða nokkuð dýr Jeg hygg, að jafnvel yrði betra að fresta eitthvað þeim framkvæmdum.

Um kostnað ríkisins af kvennaskólanum sagði hæstv. ráðh. yrði hið sama, hvort heldur þar væri um einkafyrirtæki eða ríkisskóla að ræða. En þá vil jeg spyrja: hví hefir kvennaskólinn undanfarið verið svo miklu ódýrari en aðrir skólar? Ef borinn er saman nemendafjöldi kvennaskólans og annara skóla, verður kvennaskólinn svo miklu ódýrari en ríkisskólarnir, enda er þetta hin herfilegasta villukenning hjá hæstv. mentamálarh. Jeg veit, að hæstv. mentamálarh. hefir talað þetta út í hött og sagt hjer rangt frá og villandi. Kvennaskólinn er tiltölulega góður skóli og kostar ekki nærri eins mikið og skólar, sem dýrari eru og eru þó ekki betri, og þetta stafar af því, að skólinn er einkafyrirtæki. Jeg þarf ekki að benda hæstv. mentamálarh. á, að launin við kvennaskólann eru talsvert lægri en við aðra skóla, en þau mundu hækka óðar við það, að skólinn yrði ríkisskóli. Jeg hefi þegar tekið fram, að jeg tel gott, að kvennaskólar hafi einn kennara sæmilega launaðan, svo eigi þurfi oft að skifta um þessvegna.

En það er eitt, sem jeg hefi ekki enn fengið greinilegt svar við frá hæstv. mentamálarh. — hvað stjórnin getur gert til að tryggja það, að verða eigi fyrir ókjörum af húseigendum þeim, sem kvennaskólinn er til húsa hjá? Auðvitað verður skólinn á allan hátt dýrari við það, að verða ríkisskóli. Verði frv. samþ., verður án efa krafist af stjórninni, að hún kaupi hús það, sem skólinn er í. Jeg er ekki að bera neina ósanngirni þeim á brýn, sem hjer eiga hlut að máli, enda hefi jeg ekki heyrt þeim brugið um neitt í þá átt, en þetta er algengt í daglegu lífi, og eigi síst, þegar annarsvegar eru viðskifti við ríkissjóð. Jeg álít, að heppilegra hefði verið af stjórninni, ef hún hefði látið fylgja með þessu frv. bindandi samningatilboð um húsnæði, t. d. til 12—15 ára, því að ella má vænta, að það verði að kaupa húsið, og það verður varla látið falt við minna verði en ca. 200 þús. kr. Stærð hússins er sú, en þó er þetta alt of hátt verð fyrir ríkissjóð að kaupa. Jeg tel það því hafa verið skyldu stjórnarinnar, að útvega t. d. tilboð, því að ella má vænta, að húseigandi geri ríkinu tvo kosti, að kaupa eða fara á brott úr húsinu með skólann. En í allri Rvík er ekki til annað hús nógu stórt eða sæmilega vandað til að vera skólahús. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. (JM) hafi gert einhverja baksamninga við húseiganda, en þá tel jeg vanrækslu, að hafa ekki sýnt þá þinginu, til þess að á þeim mætti byggja við athugun þessa máls.

Mjer þykir annars leitt, að hv. þm. Snæf. (HSteins) er hjer ekki viðstaddur í svip, en hann er einn þeirra, er fyrst ætti að verða fyrir barðinu á konunum, vegna afskifta hans af þessu máli. Fyrir 2 árum síðan barðist hann móti Staðarfellsskólanum og nú hefir hann hjálpað til að drepa Blönduósskólann sem ríkisstofnun.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla að

svara hv. 5. landsk. (JJ) fáum orðum. Það er næstum of langt sótt fyrir hv. 5. landsk. að ályktа svo, að ef konur þurfi á sjermentun að halda, t. d. á venjulegum kvennaskólum, þurfi þær líka sjerstaka háskóla. Þetta nær engri átt, og er engin ástæða til að ályktа þannig. Það er t. d. ekki hægt að segja, að af því að bændur sæki bændaskóla, þurfi ríkið að stofna bændaháskóla. Hitt væri gott og æskilegt, ef þetta væri hægt, en fjárhagur vor leyfir þetta því miður ekki. Jeg hafði aðeins sagt, að konur þyrftu að fá sjermentun í sínum sjerstöku fræðum, sem væri talin hæfileg undirbúningsmentun fyrir hina venjulegu stöðu þeirra í þjóðfjelaginu, en hitt hefir mjer aldrei dottið í hug, að þær konur, sem vildu, ættu ekki að eiga kost á að fara á samskóla til frekari mentunar, þar á meðal í háskóla. En þær gera ekki mikið að því hjer. Flestar láta þær sjer nægja fræðslu, er samsvarar gagnfræða- eða alþýðuskólamentun, auk þeirrar fræðslu, sem er og verður að vera sjerstakleg fyrir konur, eins og enn til hagar í þjóðfjelagi vcru.

Um kostnaðinn við kvennaskólann, er hann væri orðinn ríkisskóli, mætti hafa samanburð við kennaraskólann. Hann er lítið dýrari en kvennaskólinn. (**JJ:** Nemendafjöldinn, hvernig er hann?) Það gerir ekki svo mikið til. Kennaraskólinn mundi ekki verða miklum mun dýrari, þótt nokkuð fjölgaði nemendum. En launin eru eitthvað ríflegri. Kennaraskólinn kostar eitthvað um 33—34 þús. í fjárl., og er þá ekki ýkjamikill munur skólanna, sem liggur aðallega í hærri launum við kennaraskólann.

Út af ummælunum um leigu á kvennaskólahúsinu skal jeg taka það fram, að jeg er fús að styðja það, að frv. verði tekið af dagskrá í svip, ef hv. 5. landsk. þá vill fremur samþ. það síðar, er nánari skýrsla um það er komin. En þess ber að gæta, að meðan óvíst er um framgang þessa frumvarps, er erfitt að ná föstum, haganlegum samningi

Gagnvart þeirri grýlu hv. meirihl. nefndarinnar, að kostnaðurinn við kvennaskólann yrði miklu meiri, er hann væri orðinn ríkisskóli, hefi jeg áður sýnt og sannað, að munurinn í þessari grein getur ekki verið mikill. Nú fær skólinn á hinum árlegu fjárlögum það fje, sem hann nauðsynlega þarf með, alveg eins og hann væri ríkisskóli. En það er bert, hve mikla þýðingu það hefði fyrir skólann, ef þetta væri ákveðið með almennum lögum, eins og hv. 6. landsk. (IHB) þegar hefir tekið fram. Það er framtíð skólans, sem þetta frv. snýst um. Það er ekki undarlegt, þó að hv. 5. landsk. (JJ) sje á móti þessu máli, því að hann vill enga kvennaskóla hafa nema húsmæðraskóla.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði, að sjálfsagt væri að veita skólanum það, sem hann þyrfti til þess að geta haldið áfram. Jeg sje engan mun á því, hvort skólinn er ríkisskóli eða ekki, annað en það, að þá er skólinn tryggari.

Jóhannes Jóhannesson: Það er nú viðurkent, jafnvel af andstæðingum þessa máls, að kvennaskólinn sje landsskóli og alt landið noti hann. En Blönduósskólinn er hjeraðsskóli.

Af þessu leiðir, að bæjarstjórn Rvíkur hefir ekki viljað taka skólann að sjer. Hann stendur því ver að vígi en Blönduósskólinn, því að bak við hann

standa tvö sýslufjelög. Hann á ekki á hættu, að verða lagður niður.

Þar sem það nú er viðurkent þjóðarböl, ef skólinn legðist niður, ber að líta á það, á hve tryggum fótum skólinn stendur, ef frv. er felt. Þetta er einkastofnun eignalítil og á ekkert hús. Hún verður að taka það á leigu. Það má gera ráð fyrir, að eigandinn vilji hafa samning um lengri tíma, til þess að tryggja sjer leiguna. Hvernig ætti stjórn skólans þá að fara að? Hún getur ekki sett neina tryggingu fyrir því, að skólinn standi um svo langt árabil.

Ef frv. yrði því felt, sje jeg ekki annað en stjórn skólans standi ver að vígi, og aðstaða skólans öll verri og ótryggari en verið hefir og svifi í lausu lofti. (SE: Það skil jeg ekki.) Mjer þykir leitt, ef hv. 1. landsk. þm. skilur það ekki, að skólanefndin getur ekki trygt húsaleigu, t. a. m. í tíu ár, og að hún á ekki í annað hús að venda en snúa sjer til landsstjórnarinnar, er myndi hugsa sig tvisvar um, áður en hún gengi í ábyrgð fyrir húsaleigu fyrir skólann, eftir að frv. þetta væri felt. Og jeg bið hv. deildarmenn að athuga vel, hvað þeir eru að gera með því að stofna kvennaskólanum í voða. Jeg vil ekki eiga þátt í því. Þó að konur eigi jafnan rjett til allra skóla og karlmenn, þá eru þó allir aðrir skólar sniðnir við hæfi karlmanna, og afleiðingin sú, að konur sækja þá ekki eins. Þar sem nú kvenfólkið er annar helmingur þjóðarinnar, og að mínu viti ekki sá lakari, er það þá til of mikils mælst, að ríkið taki að sjer þennan eina skóla, sem sniðinn er fyrir þarfir kvenþjóðarinnar og kostar eigi meira en 37 þús. kr. á ári? Kvennaskólinn er nú í þeim stakk, sem reynslan hefir sýnt, að fer best á. Mjer finst því harla varhugavert að leggja stein í götu hans nú og neita kvenþjóðinni um skýlausan rjett hennar. Mun það mælast illa fyrir og kvenþjóðin muna nöfn þeirra þingmanna, er það vilja gera.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki vera margorður. Jeg get vel verið með brtt. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), því að hann leggur til, að skólinn hjer komist í sama horf og Blönduósskólinn. Upp úr hinu legg jeg minna. En eftir upplýsingum hv. 6. landsk. (IHB) má síst fella skriftina niður úr þessum skóla, vegna uppvaxandi kvenkynslóðar hjer í bænum. Um hjúkrunarnámið undanfarið skal jeg segja það, að jeg hefi aldrei heyrt talað um neina stúlku, sem gengið hefir á skólann og neitt kunni til slíks.

Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) vildi sanna, að Reykjavíkurskólinn væri landsskóli, en Blönduósskólinn hjeraðsskóli. Þetta er víst úrskurður hans sem valdsmanns, en allar forsendur vantar fyrir honum, og munu því engir geta sjeð, að hann sje rjettur. Jeg hefi t. d. sannað hið gagnstæða. Jeg geri því lítið úr svona fullyrðingum. Hann sagði ennfremur, að á bak við Blönduósskólann stæðu tvö sýslufjelög, en á bak við kvennaskólann ekkert. Þetta er vitleysa, sem jeg legg ekkert upp úr. Helmingur stúlknanna á Reykjavíkurskólanum eru úr Rvík, en helmingur stúlknanna á hinum skólanum er ekki úr Húnavatnssýslu. Jeg hefi mótmælt því með rökum, að kvennaskólinn hjer sje fremur landskóli en Blönduósskólinn. Enda er líka hingað til alveg sama snið á fjárveitingum til þessara stofnana, fje veitt til beggja skólanna, gegn ákveðnu tillagi annarsstaðar að.

Jeg held, að hv. 6. landsk. (IHB) hafi ekki farið varlegar í þessum ummælum sínum en jeg, er jeg bar fram brtt. mína um Blönduósskólann og fjekk það svar, að jeg vissi ekki, hver væri vilji kjósenda minna í þessu máli.

Þá vil jeg minnast á orð hv. 6. landsk. (IHB) um það, hvílík áhrif konur mundu hafa við næstu kosningar. Þetta átti að skoðast sem hótun. En jeg er ekki hræddur við þessa hótun, og tel ekki líklegt, að konum fjölgi á þingi eftir þær kosningar. Þá taldi þm. það verk mundi hefna sín, að leggjast á móti kvennaskólanum. Jeg hefði verið með frv., ef ekki hefði verið beitt herfilegri ósanngirni í garð eins rjettmætrar kröfu annars skóla. Háttv. 6. landsk. og hæstv. forsrh. mega því þakka það sínum aðgerðum í málinu, ef frv. fellur nú. Ef jeg er háður hreppapólitík, þá er hv. þm. (IHB) eins háður bæjarpólitík. Og ef jeg og skoðanabræður mínir verða baksárir eftir framkomu sína í þessu máli, þá mun hv. 6. landsk. að minsta kosti klæja á bakinu af sömu ástæðum.

Hæstv. forsrh. vildi sanna, að þetta yrði ekki dýrara, með því að skólinn fengi alt, sem hann beiddi um, og Blönduósskólinn einnig. En þegar jeg bar fram tillögu mína, þá treystist hann ekki að fylgja, sakir kostnaðar. Hitt, að það var brtt. en ekki frv., er aðeins fáránleg viðbára. Er það af því, að Blönduósskólinn á hús yfir sig, að hæstv. forsrh. blæddi kostnaðurinn í augum, eða af því hann er tveim árum yngri? Það verður gaman að sjá, hvort hæstv. forsrh. verður með, ef frv. kemur fram í Nd.

Þá var hann margorður um kapp mitt á að fella frv. Jeg er búinn að fæa rök fyrir mínu áliti og skammast mín ekkert fyrir. En mjer finst það varla sitja á hæstv. forsrh., að fetta fingur út í það kapp, eftir kapp hans að fella brtt. mína um Blönduósskólann, af þessari mikilsverður ástæðu, að það var ekki frv.

Jeg held, að það hafi ráðið meira, hver stóð á bak við brtt. og hver á bak við kvennaskólafrv., úr því hann fór að gera upp á milli skólanna.

Sigurður Eggerz: Jeg verð að leiðrjetta það hjá hæstvirtum forsætisráðherra, að jeg hafi verið á móti sjerskóla fyrir kvenfólk. Jeg tók fram þegar í byrjun, að sjálfsagt væri, að kvennaskólinn hjeldi áfram og yrði styrktur af ríkissjóði. En það er annað, sem hæstv. forsrh. virðist hafa blandað saman við þetta. Jeg leit svo á, að kvenkjósendur, eða kvenþjóðin yfirleitt, ætti að fylgja með eins miklum áhuga þróun annara skóla. Konur hafa jafnt aðgang og karlar að öllum skólum, líka stýrimannaskólum og vjelstjóraskólum. Þeim er víst frjálst að gerast skipstjórar, vjelmeistarar o. s. frv. Þær hafa sömu skyldur og rjettindi sem karlmenn og verða því sem góðir borgarar þjóðfjelagsins að hugsa um alla skóla. Hvað mentaskólann snertir, þá sækja stúlkur hann talsvert nú orðið. Hæstv. forsrh. sagði, að í efri bekkjum hans væru 14 stúlkur, og þótti ekki mikið. En í neðri bekkjunum þremur eru 34 kvennemendur, og það bendir á, að kvenþjóðin sje farin að sækja þessa mentastofnun allverulega. Það er ekki langt síðan, að skólinn var opnaður fyrir kvenneméndum, og þó er aðsóknin orðin svona mikil. Það sýnir, að í framtíðinni verður þessi skóli engu síður notaður af konum en körlum

Hv. 6. landsk. (IHB) talaði um, að verið væri að standa á móti rjettarbót-

um í skólanum. Jeg sýndi glögglega, að hjer er ekki um neinar rjettarbætur að ræða. Jeg hjelt, að hæstv. forsrh. hefði fallist á það. En nú er þetta farið að snúast svo, að talið er, að hjer sje aðallega um tryggingarástæður að ræða. Jeg lít svo á, að sú besta trygging, sem hægt er að veita þessum skóla og öðrum, sje sú, að reksturinn sje í góðu lagi. Það er aðalatriðið. Og þessi skóli hefir verið vel rekinn. Þó sett sjeu lög um, að ríkið skuli taka skólann að sjer, þá er hægt að upphefja þau á næsta þingi. Á það verður að líta, að skólinn hefir verið vel styrkur af fjárveitingavaldinu og fengið fje eftir þörfum. Hjer virðist því aðeins verið að reyna að vekja upp grýlu, með því að kalla þetta tryggingarkávæði. Þá kemur spurningin um einkafyrirtæki og ríkisfyrirtæki. Hjer liggur fyrir vel rekið einkafyrirtæki. Er nauðsynlegt að breyta til? Það er búið að sýna, að strax á fyrsta stiginu yrði það dýrara. Og það veit jeg, hvernig sem aðstaða stjórnarflokksins er í þessu máli, að eitt aðalatriðið í stefnuskrá hans er einmitt að breyta ríkisrekstri í einkarekstur. Sá flokkur byggir algerlega á grundvelli einkafyrirtækjanna. Og þó er látið heita svo, að hjer sje um tryggingaratriði að ræða. Það er vitanlega hrein grýla. Það er ekkert hætt við, að skóla, sem vel er rekinn og styrks nýtur af ríkisfje, verði kastað út á gaddinn. Jeg verð að segja, að mjer fanst merkilegt, að kostnaðaratriðið, sem jeg lagði einkum áherslu á, skyldi vera skoðað sem hjegómi og það dæmt niður fyrir allar hellur. Er þá sparnaður álitinn hjegómi? Jeg veit þó ekki betur en að hæstv. núverandi stjórn hafi þennan hjegóma mjög ofarlega á stefnuskrá sinni og þykist vilja spara á öllum sviðum. Hv. 6. landsk. (IHB) þótti merkilegt, að jeg skyldi bera fyrir mig sparnað, þar sem jeg hefði aldrei neinn sparnaðarmaður verið. Þetta get jeg alls ekki fallist á. Það er einmitt jeg, sem hefi gert mestu tilraunirnar, sem hjer hafa verið gerðar, til þess að koma á sparnaði í ríkisrekstrinum. Ef samþ. hefðu verið þau frv., sem jeg bar fram, um samsteypur og niðurlagning embætta, þá hefði að því orðið verulega róttækur sparnaður. Engar sparnaðartillögur hafa verið betur rökstuddar en þær, sem jeg hefi flutt. Það er alt annað, hvað maður er k a l l a ð u r og hvað maður e r. Stjórnmálamaður, sem ekki á ítök í neinum blaðakosti, getur ekki vænst betra en þess, að þagað sje. Hann getur ekki búist við, að því verði á lofti haldið, sem hann gerir vel. Blöðunum hjer er svo háttað, að þau minnast aldrei á það, sem vel er gert andstæðingamegin. En jeg er sannfærður um það, að þegar það er orðið fínt, að vera e k k i sparnaðarmaður, þá verð jeg kallaður sparnaðarmaður. Þannig er aðstaða blaðanna. En jeg græt það ekki neitt. Það er ekki svo að skilja.

Hæstv. forsrh. talaði um óstjórnlegt kapp hjá mjer í þessu máli og ljest ekki skilja, af hverju það kæmi. Jeg hjelt, að jeg hefði verið búinn að taka ástæður mínar greinilega fram. Þó reynt væri að leita að einhverjum eigingirnis-ástæðum, þá veit jeg ekki, hverjar þær ættu að vera. Setjum svo, að jeg vildi koma stjórninni frá völdum. Það væri hreinasti barnaskapur að láta sjer detta í hug, að hæstv. stjórn gerði þetta mál að fráfararatriði. Það hefði kanske þótt meiri ástæða fyrir mig að vera með frv., til þess að komast

hjá öllum þeim ógnum, sem yfir mig hafa dunið frá hv. fulltrúa kvenþjóðarinnar hjer á þingi, um að kvenkjósendur mundu snúast á móti mjer við næstu kosningar. Það væri kanske ástæða til þess að heykjast við svona hótun. En það er bjargföst sannfæring mín, að jeg þurfi ekki að hræðast þetta. Jeg er þess fullviss, að atkvæðum kvenna við næstu kosningar ráða stærri mál en þetta. Jeg trúi því ekki, að þær hafi þetta mál efst á stefnuskrá sinni. (**IHB:** Hver segir efst?) Það dreg jeg af því, sem hv. þm. (IHB) minti á, að eftir tvö ár yrði kosið.

Jeg verð að endurtaka það, að jeg get ekki sjeð, að fjárhagsatriðið í þessu máli sje neitt smáatriði. Menn verða að athuga það, að þetta snýst ekki einungis um þennan skóla. Hjer myndast fordæmi. Það hefir þegar komið fram krafa um annan skóla, sem hæstv. forsrh. og hv. 6. landsk. skáru niður með köldu blóði. Jeg sá ekki hendur þeirra titra hið minsta. Jeg skal benda á, að líka eru konur í Norðlendingafjórðungi. Og ef þessa máls á að minnast við næstu kosningar, þá munu þær líka taka tillit til aðstöðu hv. þm. gagnvart Blönduósskólanum.

Ef kvennaskólinn verður gerður að ríkisskóla, þá kemur Blönduósskólinn strax á eftir, og síðan Flensborgarskólinn. Þá yrði þremur einkafyrirtækjum breytt í ríkisfyrirtæki. Jeg verð að segja, að mjer þykir það helst til harðvítug misbrúkun á Íhaldsflokknum, að láta hann samþ. þetta, þar sem hann virðist vilja byggja starf sitt á grundvelli einkafyrirtækjanna.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki meira um þetta að segja. Jeg sje ekki betur en að jeg sje búinn að rökstyðja aðstöðu mína rækilega, og sje ekki ástæðu til að gera það frekar, hvorki vegna hv. deildar og Alþingis, nje vegna kjósenda minna. En það get jeg sagt hv. 6. landsk. (IHB), að jeg mun áður en langt líður tala við hv. kjósendur mína í þessu landi, og þá skal jeg ekki draga undan framkomu mína í þessu máli. Jeg mun hiklaust skýra frá framkomu minni í hvaða máli, sem óskað verður. Um að jeg fylgi þessu máli með kappi skal jeg ekkert segja annað en það, að þegar jeg er með máli, þá er jeg a l l u r með því. Jeg raða fram þeim rökum, sem styrkja mál mitt, og jeg fylgi því vafningalaust við hvern sem er að eiga.

Frsm. meirihl. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki ennþá getað sannfærst af rökum hæstv. forsrh. í þessu máli. Hæstv. forsrh. heldur því sem sje ennþá fram, að kvennaskólinn hjer sje sjerskóli, þótt það viti allir, að þar er nákvæmlega sama bókleg fræðsla, sem í öðrum skólum er kölluð gagnfræðakensla. Það sjest einmitt á því, að hæstv. forsrh. hefir ekki glöggan skilning á því, hvað sjermentun kvenna er, þegar hæstv. forsrh. heldur, að kvenmenn, sem lært hafi slík fræði, sje sjerstaklega búnar undir lífsstarf sitt; en þar er t. d. ekki kend matreiðsla, og það vita þó allir, að matreiðslunni á heimilunum er stjórnað og stundum mestmegnis framkvæmd af húsmóðurinni sjálfri, svo að það er hugsunarvilla að halda því fram, að það sje sjerskóli fyrir konur, sem gengur fram hjá því verki, sem fyrst og fremst kemur í hlut þeirra flestra að framkvæma. Það stendur því, sem sagt, ekki vel ljóst fyrir hæstv. forsrh., hvað er

sjerskóli og hvað almennur skóli, annars myndi hann ekki flaska á þessu.

Næst reyndi hæstv. forsrh. að fóðra skoðun sína með því, að það yrði svo lítill kostnaður fyrir ríkið, þó að það tæki þennan skóla að sjer, en þorði þó ekki að bera hann saman við mentaskólann, því að honum var ljóst, að mismunurinn var svo gífurlegur, að það var ekki hægt, en reyndi að bjarga sjer með því, að mentaskólinn væri svo miklu göfugri skóli en hinn. Jeg mótmæli þessu algerlega og leyfi mjer að skora á hæstv. forsrh., næst þegar hann fer til Danmerkur, að athuga, hvernig kenslumálaráðherrann danski, frk. Nina Bang, raðar skólunum þar; hún breytti nefnilega þannig til, að hún taldi barnaskólana fyrsta, en háskólann síðastan, en hæstv. forsrh. er auðsjáanlega ekki sömu skoðunar, þótt Danir sje annars sú þjóð, sem hann er vanur að taka allmikið tillit til. Annars mótmæli jeg þessum skilningi algerlega, að því er snertir hærri og lægri skóla, því að hann er ekki bygður á neinu öðru en gömlum hleypidómum. Það má t. d. benda á, að það hefir átt sjer stað í skóla þeim, er hann vill telja göfugan, að fylgt væri línunum í bókinni við yfirheyrsluna, og svo þegar einhverjum nemanda hefir orðið það á, að fylgja ekki línunni, þá hefir verið sagt við hann: „Nei, nei, þetta er ekki komið ennþá.“ Þetta er eins og í lökustu skólum hjer á landi. En jeg segi ekki, að þetta sje alment hjá kennurum þar, heldur aðeins, að það sje til þar, og þá vil jeg spyrja hæstv. forsrh., hvað hann telji æðri eða lægri kenslu. Jeg fyrir mitt leyti vil svara því svo, að það skifti ekki máli, hvort kent sje í kvennaskóla, mentaskóla eða barnaskóla, heldur það, að kenslan sje góð og þroski nemandann, en öll kensla er lág, sem er eins og jeg benti á áðan. Í öðru lagi vil jeg benda hæstv. forsrh. á skjal, sem hjer liggur fyrir, frá kennurum mentaskólans, til samanburðar við skoðun þá, er fram hefir komið hjá hæstv. forsrh., að kennaraskólinn sje í tölu lægri skóla, og kvennaskólinn sömuleiðis, en mentaskólinn hár. Kennararnir benda á, að í nálægum löndum sjeu kennaraskólar taldir hærri mentaskólum, af því, að af þeim sjeu menn útskrifaðir endanlega, og ef menn athuga launakjör kennara í mentaskólum og kennaraskólum erlendis, þá mun hæstv. forsrh. reka sig á, að skoðun hans er röng, því að launin eru nærri jöfn. Annars fyrirlít jeg þessa skoðun ráðherrans. Hún er leifar af uppskafningshætti fyrri alda.

Þá er leigan á húsinu. Hæstv. forsrh. vildi áfella okkur meirihl. mentmn. fyrir það, að við hefðum ekki komið til stjórnarinnar og spurt um það. En þetta kom okkur ekkert við; það er stjórnin, sem hefir samið frv., og það er afleitt, að hún hefir ekki látið neinar upplýsingar um þetta fylgja frv. til nefndarinnar, og vill hæstv. forsrh. koma sökinni á okkur; en við eigum alls ekki að semja við húseigendur úti í bæ. Við eigum aðeins að athuga frv., eins og það liggur fyrir. Þá sagði hæstv. forsrh., að það munaði lítið um kostnaðinn, það yrðu auðvitað dálítið hærri laun handa kennurunum, annað ekki. En má jeg þá spyrja: Hvað er það, sem mestur kostnaður við skólana er fólginn í? Er það kanske námsstyrkurinn handa þeim, sem skólana sækja? Eða er það húsaleigan? Nei, ónei, það eru mest kennaralaunin, það er aðalliðurinn við alla skóla.

En það er annað og meira en þetta. Það er talið lítilsvert, að kennaraskólinn, sem ekki hefir helming að nemendatölu við kvennaskólann, er miklu dýrari en hann, og þó er sá mikli munur, að ríkið hefir bygt yfir kennaraskólann. Þá var það alveg rangt, þegar hæstv. forsrh. fór að draga barnabekkinn inn í þá upphæð, sem kennaraskólinn hefir fengið, því að barnabekkurinn er að mestu kostaður af bænum.

Þá vil jeg nefna einn skóla hjer, sem væri mikil ástæða til fyrir stjórnina að vilja koma á ríkið, það er iðnskólinn; hann er sjerfræðiskóli og hann er fyrir alt landið. Hvað þessi skóli fær í styrk, man jeg ekki fyrir víst, en mig minnir, að það sje eitthvað 5—6 þús. kr. Hvað nemendatöluna snertir, þá er hún líklega svo sem helmingur af því, sem er í mentaskólanum, mig minnir, að nú standi slagur um það í Nd., hvort þessi skóli eigi að fá 7000 kr. styrk eða ekki. En jeg held nú, að skólar eins og iðnskólinn fái ósanngjarnlega litinn styrk; hann verður t. d. að borga 6000 kr. í húsaleigu, eða nærri því eins og kvennaskólinn. En annars vil jeg geta þess, að það er hyggilegt að nota tímakennara hjer. Það væri hægt að reka hjer ágætan skóla með fastlaunuðum forstöðumanni og eintómum tímakennurum. Jeg skal t. d. nefna það, sem jeg veit, að hæstv. forsrh. er vel kunnugt um, að einn mikilsvirtur sagnfræðingur hjer í bæ kennir fram til kl. 12 á hverjum degi við mentaskólann, fyrir venjuleg tímakennaralaun, og hygg jeg, að hann geri það alveg eins vel og þótt hann hefði verið fastur kennari við skólann.

Þá mælti hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) nokkur orð um það, að kvennaskólinn hjer væri landsskóli. Það er hann vitanlega, því að þangað koma námsmeyjar alstaðar að af landinu, en svo er við alla skóla hjer, t. d. um verslunarskólann og samvinuskólann, og þeim ætlar hæstv. forsrh. að bjargast með 3000 kr. á ári, og þó hefir verslunarskólinn ekki aðgang að neinu húsi. Jeg tek þetta sem dæmi um það, að það er ekki látin vera algild ástæða fyrir því, þótt menn sæki skólann af öllu landinu, að þá eigi ríkið að taka hann að sjer fyrir því. Hæstv. forsrh. sagði, að Reykjavík vildi ekki styrkja kvennaskólann hjer. Hversvegna ekki? Jú, þeir eru nógu klókir í bæjarstjórn Reykjavíkur til að vilja ekki fara að styrkja þann skóla, þegar þeir hafa heyrt þá yfirlýsingu hæstv. stjórnar, að hún láti þennan skóla fá alt, sem hann vilji og þurfi. (**Forsrh. JM:** Hefir hann ekki fengið það, og jafnvel á milli þinga?) Ef til vill, en þá með ólögum. Jeg vænti, að núverandi fjrh. sje ekki hrifinn af að borga þannig út á milli þinga. En það er einmitt það, sem rangt er, að meira en helmingurinn af námsmeyjunum er hjeðan úr Reykjavík og hlýtur altaf að vera það, en Reykjavík styrkir ekki þennan skóla, sem í raun og veru er góður gagnfræðaskóli fyrir hana, og sem Reykjavík hefir meira gagn af en nokkurt annað kjördæmi landsins. Þessvegna er það mjög athugavert um aðstöðu Reykjavíkur til þessa skóla, að þingið hefir aldrei reynt að koma þessu á hreint. Jeg geri ráð fyrir, að síðar verði að taka þetta til athugunar, og þá virtist sanngjarnt, að Reykjavík legði fram svo sem ⅓ af þeim styrk, sem kvennaskólinn fær, og það myndi hún standa sig vel við, þegar tekið er tillit til þess, hve margar námsmeyjar hjeðan fá kenslu.

Forsætisráðherra (JM): Hv. frsm. meirihl. er hjer að vísu ekki við,* enda þarf jeg ekki mikið að segja við þann hv. þm. Hann var aftur að tala um og bera saman einkafyrirtækin og ríkisfyrirtækin, og sagði, að hin síðarnefndu væri miklu dýrari. En jeg held, að jeg hafi sannað það, að ríkisskólar á borð við kvennaskólann eru ekki miklu dýrari en hann. Það er nú svo, að það má viðhafa sparsemi, þótt skólarnir sjeu ríkisfyrirtæki, og það hefir líka verið svo um kennaraskólann, að það hefir verið farið mjög vel með alt fje hans, og svo er og um marga aðra skóla, t. d. stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann, skóla á borð við kvennaskólann. Jeg get heldur ekki samþykt það, að skólinn hljóti að verða því dýrari sem nemendurnir eru fleiri; það geta orðið dálítið fleiri í bekk, því að minni skólar hafa oft færri menn í bekk en mætti vera, kenslunnar vegna. Jeg hefi ekki borið saman nemendatöluna í kvennaskólanum og kennaraskólanum, enda er það nokkuð misjafnt, hve margir eru í kennaraskólanum, og sjerstaklega misjafnt, hvað er í stýrimannaskólanum; þar eru nemendur stundum svo fáir, að kenslukraftarnir eru of miklir, en það kemur af sjerstökum ástæðum og er ekki nema í bili. Hv. frsm. meirihl. (SE) talaði um það, að iðnskólinn stæði á grundvelli einkafyrirtækja. Jeg veit ekki til, að íhaldsflokkurinn hafi nokkurntíma sagt það, að allir skólar skyldu vera reknir sem einkafyrirtæki, nje heldur síma- og póststarfsemi. Jeg veit ekki til þess. En þetta, sem jeg var að tala um kapp hv. þm. (SE), þá skal jeg játa það, að jeg mundi það ekki fyrir víst, hvort hv. þm. (SE) var frsm. meirihl. (**SE:** Jeg er ekki frsm. meirihl.) Nú, svo hv. 1. landsk. er ekki frsm. meirihl. Já, þá skal jeg ekki snúa aftur með kappið. En jeg held, að jeg hafi spurt hæstv. forseta (HSteins) um það, og jeg held, að hæstv. forseti hafi sagt mjer, að svo væri. En það er þá hv. 5. landsk. þm. (JJ), sem er frsm. meirihl. En mig furðaði einmitt ekki svo mikið á þessu kappi hv. 1. landsk., af því að jeg hjelt, að hann væri frsm., en annars er það undarlega mikið kapp, sem báðir þessir hv. þm. úr mentmn. hafa í frammi gegn þessu frv. (**SE:** Það er af því, að það er sótt svo fast að okkur). Já, en þá má ekki leggja mjer illa út, þó að jeg fylgi því fast fram, sem jeg álít fyllilega rjettmætt í hvívetna.

Þá verð jeg að snúa mjer að hv. 5. landsk. (JJ). Sá hv. þm. var að heimska mig fyrir það, að jeg segði, að kvennaskólinn væri sjerskóli, og vildi telja það fásinnu, af því að þetta væri ekki annað en venjulegur gagnfræðaskóli. Mig furðar mjög á þessu, því að jeg veit ekki betur en að við teljum, að mótsetningin við sjerskóla, annað tveggja fyrir konur eða karla, sje samskólar, þ. e. skólar fyrir bæði konur og karla; jeg veit ekki hvaða nafn hv. þm. (JJ) vill gefa þeim skólum, sem ekki eru samskólar og heldur ekki almennir skólar. (**JJ:** Sjerfræðiskólar og almennir skólar.) Það finst mjer ekki miklu greinilegra, það verð jeg að segja. Nei, kvennaskólinn er sjerskóli, samanborið við samskólana, og þar að auki er hann sjerskóli fyrir kvenmenn á vissum aldri, og gefur þeim ákveðna ment á þessum tíma, og þær fara gjarnan ekki lengra á mentabrautinni. Annars sækja konur miklu minna

* Ræðum. á við 1. landsk. (SE); sjá síðar í ræðunni.

að samskólunum en karlar. Þegar hv. þm. (JJ) var að vanda um út af því, sem jeg talaði um æðri og lægri mentir, þá vil jeg benda á, að það var ekki meining mín að fara að gera lítið úr neinum skóla, heldur vildi jeg aðeins segja það, að það er meira lært og meira kent í mentaskólanum og háskólanum heldur en t. d. í kvennaskólanum og kennaraskólanum, sem jeg býst við muni vera nokkuð á borð við vanalega gagnfræðaskóla, undirbúningurinn kanske nokkru betri, og ef reiknað er með tímanum, sem þarf, þá er það töluvert meiri tími, sem þarf til þess að komast í gegnum 6 bekki í mentaskólanum, heldur en 3—4 í kennaraskólanum. Annars er þetta gömul skifting á skólum, sem ekkert er móðgandi fyrir þá skóla, sem veita hina minni mentun.

Um laun kennara við erlenda kennaraskóla vil jeg geta þess, að kennarar þar munu hafa nokkru lægri laun en kennarar við mentaskóla, en yfirleitt eru launakjör við erlenda skóla miklu betri en hjer, sjerstaklega fyrir þá, sem standa fyrir þeim; þar eru launin miklu hærri en hjer, en adjunktar eru ekki tiltölulega mikið hærra launaðir en hjer.

Þá var hv. þm. enn að tala um húsaleiguna. Jeg get upplýst, að jeg hefi talað við eiganda hússins og fengið fulla vissu fyrir því, að þar er ekkert að óttast, ef þetta frv. nær fram að ganga, enda vissi jeg það fyrir, því að jeg hefi þekt þann mann lengi og átt mikil viðskifti við hann um æfina, en annars sýnist mjer, að þessar upplýsingar muni ekkert þýða fyrir hv. meirihl. nefndarinnar í þessu máli.

Þá fór hv. þm. (JJ) enn að tala um tímakensluna, en jeg ætla nú ekki að fara að tala um hana aftur.

Loks var háttv. þm. svo hreinskilinn, að kveða upp úr með það, að hann vildi gjarnan kippa að sjer hendinni og hætta að styrkja kvennaskólann á fjárlögum. Þar með meinar hv. þm., að hann sje ekki þess verður, að hann sje styrktur. Hann eigi að vera húsmæðraskóli. Verði hv. þm. því einhverntíma kenslumálaráðherra, þá mun hann tæplega tregur að fylgja þessari stefnu fram. (JJ: Hver hefir kanske hælt skólanum meira en jeg?) Háttv. þm. hefir ekki hælt skólanum. Hann hefir sagt, að hann væri óþarfur.

Það er alveg satt, að skólinn stendur mjög valt, þar sem hann getur ekki samið um húsaleigu, nema frá ári til árs.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) var að svara mjer. Jeg sagði ekkert um Blönduósskólann annað en að jeg myndi fylgja því, að hann fengi styrk til aðgerðar húsum. En jeg talaði sem minst um hann, til þess að hleypa háttv. þm. A.-Húnv. ekki upp. Annars er jeg ekkert hræddur við að gera Blönduósskólann að ríkisskóla, því að jeg er viss um, að útgjöld ríkissjóðs vegna hans yrðu ekkert meiri fyrir það.

Að síðustu vil jeg geta þess, að fyrir mjer er þetta kappsmál, meðal annars fyrir þá sök, að yfirráðin yfir kvennaskólanum eiga, eftir þessu frv., að hverfa undir ráðuneytið. Því að jeg tel það í fylsta máta athugavert, að ríkið leggi fje til skólans eins og hann þarf og um er beðið, en hafi svo engin yfirráð yfir honum. Eins og skólinn er nú, þá er hann einkafyrirtæki að nafni til, en ríkisfyrirtæki í raun og veru.

Jeg læt svo útrætt um þetta frá minni hlið, en vilji háttv. þm. taka einn dag-inn enn til þess að ræða það, þá þeir um það. En nú hygg jeg, að þegar sjeu

komnar eins margar ræður um það, eins og um fjárlögin í Nd.

Frsm. minnihl. (Ingibjörg H. Bjarnason): Þegar jeg kom á fundinn í morgun, bjóst jeg alls ekki við svona miklum umræðum um þetta mál nú, eftir allar þær ræður, sem haldnar voru um það við 2. umr. þess.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) talaði mest við mig persónulega, en minna um málið sjálft; fyrir því læt jeg honum ósvarað.

En það er hv. 5. landsk. (JJ), sem jeg vildi víkja að nokkrum orðum. Hv. þm. kom að því í fyrri ræðu sinni, að forstöðukonur skóla þyrftu ekki að hafa eins góð launakjör og forstöðumenn. Þetta er gömul „logik". En jeg get ekki annað sjeð en jöfnum skyldum eigi að fylgja jöfn rjettindi.

Þá mintist þessi hv. þm. á það, að ef skólinn gæti ekki staðist samkeppnina, þá væri hans tilverurjettur enginn. En eins og hv. þm. veit og mintist líka á, þá er skóli þessi leigutaki, og það eitt út af fyrir sig er nægilegt til þess að gera honum samkeppnina örðuga. Það er alveg satt, að samningar um húsaleigu skólans hafa aldrei verið gerðir til langs tíma. En það stafar af því, að nefnd sú, sem ráðið hefir yfir skólanum s.l. 16 ár, hefir altaf orðið að semja til 5 ára í senn, og jafnvel styttri tíma, því að hún hefir aldrei getað tekið á sig þá ábyrgð, að semja til langs tíma í senn. Og lái jeg henni það ekki.

Þá kem jeg að síðari ræðu háttv. 5. landsk. (JJ). Í henni er ekki margt, sem jeg þarf að svara, því að hæstv. forsrh. hefir svarað henni að mestu leyti. En það, sem hann talaði um tímakennarana, því get jeg ekki gengið fram hjá. Það er satt, að kvennaskólinn hefir altaf haft góða kennara. Þannig hafa t. d. allflestir mentaskólakennararnir kent lengri eða skemri tíma við hann, að undanteknum rektor. Þar sem því skólinn hefir mestmegnis orðið að nota tímakennara, hefir vitanlega orðið að bjóða þeim sömu kjör og þeir hafa átt kost á annarsstaðar. En þó að háttv. 5. landsk. hafi getað fengið ódýrari menn til þess að kenna við samvinnuskólann, þá kemur ekki það mál við mig.

Að þetta sje sjerskóli, verður ekki móti mælt. En vitanlega er hægt að segja hvítt svart og svart hvítt, en það breytir engu frá því, sem er í raun og veru.

Þá var háttv. þm. (JJ) að finna að því, að stúlkurnar lærðu ekki matargerð, nema í matardeildinni. Þetta er satt. En hvernig í ósköpunum ætti að vera hægt að bæta slíkri kenslu ofan á, þegar stúlkurnar sitja 6 tíma á dag í bekkjunum. Og hvernig í dauðanum getur háttv. þm. ætlast til, að hægt sje að taka „grautargerð" inn í bekkjakensluna.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að háttv. 1. landsk. (SE). Hann taldi sig vera fylgjandi sjerskólum. En hversvegna fylgir þá háttv. þm. ekki þessu máli? Annars vil jeg vona, og jeg veit, að sú von verður sjer ekki til skammar, að sá tími kemur, þó það verði kanske ekki í þetta sinn, að konur fái að ráða yfir sínum skólamálum, á sama hátt og karlmenn fá að ráða yfir sínum.

Þá skildist mjer, að háttv. 1. landsk. (SE) mótmælti því, að hjer væri um rjettarbót að ræða. **(SE:** Nei). Ætli það hafi verið svo fjarri! Jeg skal þá taka orð háttv. þm. upp, því jeg skrifaði þau hjá mjer. Háttv. þm. sagði: „Hjer er um enga rjettarbót að ræða." Jú, hjer

er einmitt um rjettarbót að ræða, svo mikla rjettarbót, að jeg held, að meirihl. hjer í hv. deild skilji ekki, hversu þýðingarmikil hún er.

Jeg segi því, og vil undirstrika það, að það, sem felst í frv., er einmitt trygging fyrir því, að skólinn geti haldið áfram að vera það, sem hann hefir verið í 50 ár: stofnun, þar sem stúlkur geta haldið áfram að þroskast andlega og líkamlega, eftir óskum og vonum foreldra sinna.

Jeg get tæplega skilið, að háttv. 1. landsk. (SE) geti fundist það goðgá, þó að konum finnist það liggja í hlutarins eðli, að þeim beri sömu laun fyrir sama starfa og karlmönnum.

Jeg get nú fullvissað háttv. þm. um það, að það er ekki jeg ein, sem geri þessar kröfur fyrir hönd skólans, heldur mun fjöldi hjerlendra kvenna gera slíkt hið sama. Hv. þingmenn mega því fyllilega vera sannfærðir um, að þessum kröfum verður fylgt fram til hins ítrasta.

Þá endaði hv. 1. landsk. (SE) ræðu sína með því, að minnast á þær ógnanir, sem jeg hefði haft í frammi í ræðu minni í dag. En jeg vona, að enginn lái mjer, þó að jeg gæti þess, að konur myndu geyma nöfn þeirra manna (**SE:** Í hjarta sínu!) — já, bæði í hug og hjarta, sem væru á *móti* þessum sjálfsögðu kröfum þeirra.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 244, 1 feld með 8: 5 atkv.
— 244, 2 sjálffallin.
— 250, 1 feld með 8: 4 atkv.
— 250, 2 feld með 8: 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, HSn, JJ, SJ, EP.
nei: IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, HSteins.

Frv. felt með 7: 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BK, EP, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.
nei: EÁ, GÓ, HSn, IP, JJ, SE, SJ.

5. Bann gegn næturvinnu.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um að banna næturvinnu við að ferma og afferma skip og báta í Reykjavík og Hafnarfirði (þmfrv., A. 116).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er borið fram fyrir brýna nauðsyn, sem skapast hefir af atvinnuháttum á þeim tveim stöðum, sem frv. fjallar um. Og þörf á einhverri löggjöf, er gangi í þessa átt, er því meiri sem það er fullkunnugt, að helgidagalöggjöf vor er mjög ófullkomin, og það svo, að hún gerir í raun og veru nauðalítið gagn í framkvæmdinni.

Jeg minnist nú frv., sem borið var fram fyrir nokkrum árum, um takmörkun vinnu á ísl. botnvörpuskipum. Þau lög eru nú ein hinna fáu um vinnuskipulag, sem til eru hjer á landi. Frv. var nýmæli þá, og nýmælum hefir jafnan verið hætt við andspyrnu. Það skorti og ekki þá, og ljet margur sem í húfi væri hagur vor allur, ef það næði fram að ganga. Reynslan hefir nú sýnt, að

það hefir orðið ekki einungis sjómönnum vorum til gagns, heldur og útgerðinni ekki síður.

Þetta frv. fjallar að vísu um dálítið annað, en það er þó skyld hugsun, sem að baki liggur, sú, að banna það, sem nú hefir við gengist, að menn vinni að uppskipun nætur og daga. Það þarf engum orðum að því að eyða, að hverjum manni er það eðlilegast, að vinna á daginn. Hitt, að vinna nótt eftir nótt, hvernig sem á veðrum stendur, hefir ill áhrif á heilsu manna. Jeg get tilfært mörg dæmi hjer úr Reykjavík um slíkt, og þeir eru ekki allfáir, sem vitað verður um, að hafa dáið af afleiðingum þess.

Einhver kann að segja, að ekki sje hægt við þessu að gera. En ráðið er, að láta ekki vinna á nóttunni. Hverjum manni er líf og heilsa dýrmætust, og þó í fljótu bragði kunni að virðast svo sem einhver skaðaðist, þá verður að líta meira á hitt, að vernda fjör manna og heilsu. Þá er og líklegt, að sú mótbára komi fram, að skip fái síður afgreiðslu og bið þeirra baki oft stórtjón. Sú mótbára er ekki mikils virði. Jeg man eftir deilu, sem átti sjer stað fyrir nokkrum árum um kaupgjald fyrir eftirvinnu. Samkomulag náðist ekki, og var sá kostur upp tekinn, að láta enga eftirvinnu vinna. Höguðu togararnir þá svo til, að þeir komu inn að morgni. Jeg held því hiklaust, að svo mætti haga til, að engin liði tjón af, þótt settar væru þær reglur, sem frv. fer fram á.

Þá kann einhver að segja, að verkamenn mundu skaðast, því þeir fái hærra kaup á nóttunni. Satt kann það að vera, að einhverjir sjeu þeir til meðal verkamanna, sem halda vilja þessari vinnu, en yfirgnæfandi meirihluti vill það ekki. Og nær er mjer að halda, að þeir einir verkamanna vilji hana, sem skoða Morgunblaðið sem málgagn sitt, og þeir eru ekki margir.

Þetta mál hefir oft verið til umræðu í fjelagi verkamanna, bæði hjer og í Hafnarfirði, og hafa ályktanir fjelaganna altaf verið eindregið á þá leið, að leggja bæri niður næturvinnu. Og frammi á lestrarsal Alþingis liggur tillaga úr Hafnarfirði um hið sama.

Í þessu frv. er farið mjög hóflega. Bann frá kl. 10 e. h. til kl. 6 f. h. Erlendis er ekki hreyft við vinnu frá kl. 6 e. h. til morguns, þar sem skipulag er gott. En þótt ekki væri lengra farið, þótti samt ekki rjett, að ekki mætti veita undanþágur, ef brýna nauðsyn bæri til (sbr. 2. gr. frv.), og er þess getið í greinargerð fyrir frv. og tekin fram þau atriði, sem sjálfsagt væri að veita undanþágu um.

En þar er um enga almenna undanþágu að ræða, því þá væru lögin einskisvirði. — Jeg legg það til, að málinu verði vísað til allshn.

Ágúst Flygenring: Jeg býst við því, að flestir sjeu sammála um það, að æskilegt væri að afnema næturvinnu, ef hægt væri að koma þessu í kring að stór-skaðlausu. En þessari atvinnugrein, sjávarútgerðinni, er þannig háttað, að jeg sje ekki, að það sje fært. Þá dylst mjer heldur ekki, að hv. flm. gerir of mikið úr því heilsutjóni, sem samfara sje þessari næturvinnu, frekar en annari. Kunna ísl. sjómenn frá því að segja, að vinna verður um nætur, og eru þeir ekki öðrum óhraustari. Þá er og þess að gæta, að venjulega er því svo fyrir

komið, að unnið er í flokkum um nætur, svo menn ekki þurfi að vinna samfleytt alla nóttina.

Háttv. flm. játaði, að af frv. kynni að leiða eitthvert óbeint tjón, en eg get fullyrt, að það mundi verða beinn fjárhagslegur skaði. Það mundi leiða af slíkri lagasetning stórt fjárhagslegt tjón, og það af þeirri ástæðu, að til þess að hægt sje að afgreiða skip, svo fljótt sem nauðsynlegt er, v e r ð u r að vinna nótt og dag. Þetta veit hv. 2. þm. Reykv.

Í Hafnarfirði er t. d. ekki nema ein bryggja, sem aðeins má leggja við 2—3 skipum. Þegar nú á það er litið, að þaðan ganga 12—13 togarar, og einnig hitt, að þar verður að setja á land kol öll og salt, sem oft tekur ærinn tíma, alt við þá sömu bryggju. Þá er það sýnt, að Hafnarfjörður hefir enganvegin svo stóra lendingarstaði, að viðlit sje að vinna að afgreiðslu skipa, einungis að deginum. Svo mundi og reynast í Reykjavík. Það yrði til þess, að skip yrðu oft að bíða 2—3 daga, eða jafnvel lengur, og er auðsætt, hvílíkt tjón myndi af því leiða, einmitt um aflasælasta tímann.

Þá er að líta á undanþágurnar. Ef þær ættu að svara til þeirra þarfa, sem á þeim yrði, mundu þær verða svo tíðar, að lögin hefðu enga þýðingu. Meðan ekki eru til nægilegir lendingarstaðir, er ómögulegt að koma þessu við, og fiskiveiðarnar eru þannig löguð atvinnugrein, að vinnan getur aldrei orðið eins reglubundin eins og við önnur störf. Frv. mundi því ekkert gagn gera, verða dauður bókstafur, eins og helgidagalöggjöfin er orðin að miklu leyti.

Sje það svo, að verkamenn óski ekki eftir þessari vinnu, þá hlýt jeg að segja, að atvinnurekendur gera það ekki heldur, þó þeir neyðist til, og er það skiljanlegt, ef þess er gætt, að þeir þurfa að borga slíka vinnu alt að helmingi hærra verði. Það eru kringumstæðurnar, sem knýja menn til þess að haga þessu á þennan hátt, og á meðan þær breytast ekki til hins betra, virðist ekki geta verið um svona löggjöf að tala.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hjer ber nú ekki eins mikið á milli og háttv. síðasti ræðumaður gaf í skyn. Við erum sammála um, að æskilegt væri að breyta til í þá átt, sem frv. bendir, en munurinn er sá, að hann færði þær ástæður aðallega fram, sem mæla á móti því, að það sje hægt. Hann leit svo á sem hætta sú, er heilsu manna væri búin af þessari vinnu, væri orðum aukin og tók sjómanninn sem dæmi. En það er úrvalið af mönnum, sem er á sjónum, og er menn taka að gerast slitnir og þreyttir, fara þeir á land, til þess að hafa ofan af fyrir sjer með þessari vinnu. En þá eru margir orðnir illa undir næturvinnu búnir.

Hann sagði einnig, að tíðast væri unnið í flokkum og skifst á. En þetta er ekki rjett. Algengast er, að sömu mennirnir vinni alla nóttina, og dregur það margan til, að kaupið er hærra, þótt sá hinn sami í raun og veru vilji, að þessu sje breytt og dagvinna komi í stað næturvinnu.

Þá kvað háttv. síðasti ræðumaður lendingarstaði ekki nægja til þess að haga mætti vinnu á þennan hátt, án þess, að tafir hlytust af.

Þar til er því að svara, að hjer er höfnin stærri en áður hefir verið, og í Hafnarfirði er verið að búa til lendingarstað, eða bryggju. Þessi lög myndu

ekki öðlast gildi fyr en á næsta hausti, og er þess þá að vænta, að skortur lendingarstaða yrði ekki til baga.

Önnur mótmæli komu ekki fram gegn frv. Hitt voru aðeins hugleiðingar um, að næturvinna væri neyðarúrræði. Jeg held, að af frv. þessu leiddi engan skaða beint, og óbeinn skaði, sem verða kynni, ynnist upp af því gagni, sem þetta yrði verkamönnum. (**BJ:** Það eru verkamenn, sem skaðast sjálfir!).

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 12 : 10 atkv.

6. Einkasala á saltfiski.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á saltfiski (þmfrv., A. 142).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg hefi flutt þetta frv. áður hjer í þessari hv. deild, svo að það er ekki með öllu ókunnugt hv. þdm. En þó skal jeg fylgja því úr garði með nokkrum orðum.

Það hittist varla sá maður, sem nokkuð þekkir til á annað borð, að hann játi ekki, að það sjeu meiri og minni mistök með saltfiskverslunina, til stórtjóns fyrir landið. Það hefir kveðið svo ramt að þessu, að útvegsmenn og fisksalar sjálfir hafa talað um, að úr þessu þyrfti að bæta, og það á þann eina hátt, að ríkið tæki að sjer að sjá um söluna erlendis. Sendimaður ríkisins á Spáni, hr. Gunnar Egilson, hefir líka lýst göllunum á núverandi sölufyrirkomulagi, og af skýrslu hans til þingsins í fyrra má sjá, að hann telur rjett, að þingið og ríkið hafi hönd í bagga með sölunni, eða hún verði a. m. k. sett á eina hönd, svo að komið verði í veg fyrir það ólag, sem áður hefir brunnið við, að kaupmenn byðu verðið niður hver fyrir öðrum, til stórtjóns fyrir alla.

Hvernig sem menn velta fyrir sjer þessu máli, þá er ómögulegt að sjá annað, ef ríkið tekur að sjer saltfisksöluna, en að við losnum við þann ókost, að einstakir menn spilli sölunni, þegar salan er komin á eina hönd, en höldum öllum kostum hinnar frjálsu sölu. Ríkið getur valið úr þá menn, sem hafa besta þekkingu og reynslu til þess að hafa söluna með höndum. Jeg sje heldur ekki, að nokkur maður þurfi að sjá í þessu neina áhættu fyrir ríkið. Það mætti koma þessu svo fyrir, að ríkið hætti engu, hefði aðeins umboðssölu, og afhenti eigendum verðið jafnóðum og það kæmi inn, eftir meðalverði, því að ósanngjarnt virðist, þegar fiskverð hækkar skyndilega, að það verði gróði eins til tveggja manna, en tap allra hinna. En svo er það nú og verður, þangað til ríkið hefir náð versluninni í sínar hendur.

Vera má, að sumum finnist, að útgerðarmenn gætu sjálfir myndað einskonar lögverndaðan söluhring. Það yrði á engan hátt betra, en sýnilegt er, að þá yrði ekki eins vel sjeð fyrir hagsmunum hinna smáu fiskframleiðenda. Ef slíkur hringur kæmi upp, þá yrði hann einkum fyrir hina fáu, stóru. Eina traust smáútgerðarmanna er ríkið. Það sýndi sig á stríðsárunum. Þá nutu þeir ágóðans hlutfallslega til jafns við hina

stóru; þannig á það altaf að vera, en svo er þó ekki nú.

Að svo mæltu vil jeg óska þess, að hv. deild láti athuga frv. í nefnd, sem þá yrði að sjálfsögðu sjútvn. Jeg vil ekki fullyrða, að orðalag frv. megi ekki bæta, og er jeg fús að ganga inn á slíkar breytingar, aðeins að þær eyðileggi ekki það, sem er tilætlunin með frv.: að saltfisksalan verði í höndum ríkisins og einstakir menn nái ekki að spilla henni með óheppilegum framboðum, eins og þráfaldlega hefir átt sjer stað áður, öllum til stórtjóns.

Atvinnumálaráðherra (MG): Ef jeg man rjett, þá flutti hv. 2. þm. Reykv. (JBald) frv. þetta hjer í deildinni í fyrra, og var það þá felt frá 2. umr. Nú kemur það mjer undarlega fyrir, ef hann býst við því, að frv. gangi fram, úr því að deildin er skipuð alveg sömu mönnum. Mjer skilst, að fullreynt sje um framgang þessa máls, meðan ekki verða breytingar í þinginu, og því erfitt að taka flutning svona frv. alvarlega. Það er alveg víst, að hv. flm. getur ekki búist við því, að það gangi fram.

Hv. flm. talaði um mikið ólag, sem á fisksölunni væri, en jeg efast um, að hann geti sannað, að svo sje, a. m. k. verður það ósannað mál, að hún komist í betra lag, þó að frv. gengi fram og það fyrirkomulag tekið upp, sem þar er gert ráð fyrir. Mjer skildist á ræðu hv. flm., að allir fiskframleiðendur væru frv. samþykkir, en jeg held þvert á móti, að þeir sjeu því fullkomlega andvígir og teldu sig að engu bættari, þótt frv. gengi fram.

Hv. flm. taldi, að engin áhætta fylgdi þessu fyrir ríkið. Um það býst jeg við að sjeu deildar meiningar. Hann er sjálfur fylgjandi ríkisrekstri yfirleitt, og sjer þar enga hættu, sem aðrir sjá fullkomna ófæru. Annars vil jeg benda hv. flm. á það, að þó að sá flokkur, sem hann telst til, hafi komist til valda ekki óviða, þá veit jeg ekki til, að hann flytji nokkursstaðar slík frv. sem þetta.

Jeg geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort frv. er vísað til nefndar eða ekki. En jeg get ekki trúað, að hv. flm. hafi borið það fram í þeim vændum, að það næði samþykki, og jeg álít, að það sje misbrúkun á tíma þingsins að bera frv. fram.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. atvrh. (MG) þarf alls ekki að undra, þó að jeg flytji þetta frv. hjer af nýju, enda þótt sömu menn sitji í deildinni og síðast, er jeg flutti frv. hjer. Mjer finst það þvert á móti eðlilegt, ef rjett er að ganga út frá því, að mönnum vaxi vit með aldri. Menn ættu eftir því að vera ögn vitrari nú en í fyrra. En hæstv. atvrh. (MG) virðist ekki trúaður á þetta, að menn vitkist með aldrinum. Honum finst líklega dæmi hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) afsanna það. En sá hv. þm. (ÁF) hefir lengi fengist við útgerð og verslun, og játaði það afdráttarlaust í fyrra, að fyrirkomulagið væri óþolandi eins og það er. En að vera útgerðarmaður, þekkja þetta og játa, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ekki fást til að ganga inn á umbætur, það er ekki viturlegt.

Hæstv. atvrh. virðist ekki bera mikið traust til ríkisstjórnarinnar, og heldur, að henni mundi ekki fara vel úr hendi fisksalan. Hann talar náttúrlega fyrir sig. Og ef það er oftraust, að fela honum þetta, þá er gott að vita það strax, meðan tími er til. Vil jeg ráð-

leggja honum að taka sjer þá nokkra hvíld frá öllum stjórnarvandanum.

Hæstv. atvrh. sagði, að fiskframleiðendur væru ekki fylgjandi þessu frv. Hann veit þó, að ríkisstjórnin hafði með höndum í hitteðfyrra till. frá útgerðarmönnum um að „centralisera" fiskverslunina á einhvern hátt. (**MG:** Mjer er ekkert kunnugt um þetta.) Það þykir mjer undarlegt. Hjer var þó að ræða um einskonar lögverndaða „centralisation".

Hæstv. atvrh. sagði, að flokkur minn hefði ekki flutt slík frv. sem þetta í þeim löndum, þar sem hann færi með völd. Jeg get trúað því, að hann flytji ekki frv. um saltfisksölu, þar sem enginn saltfiskur er framleiddur. Annars veit hæstv. atvrh., ef hann fylgist nokkuð með erlendis, að þó að jafnaðarmannaflokkarnir fari þar sumstaðar með völd, þá hafa þeir þó ekki skilyrðislausan meirihluta að baki, svo að þeir geti komið fram í þingunum hverju sem þeir vilja. Svo er það í Danmörku og Svíþjóð, og eins var á Englandi. (**BJ:** En þeir eru þá víst í meirihluta hjer!) Hjer er hv. þm. Dala. (BJ) í meirihluta. Hann er nú bráðum kominn aftur fyrir Íhaldsflokkinn í sínum skoðunum. (**BJ:** Hvað segir flokksvikarinn?) Jeg held, að ástæður hæstv. atvrh. felli ekki frv. frá 2. umr., svo máttlitlar voru þær og vanmegna.

Björn Líndal: Jeg gerði varla ráð fyrir að taka til máls um frv. þetta, enda hefði það verið allra hluta rjettast að láta það fara sama veginn og í fyrra, og drepa það hljóðalaust. Þó vil jeg, úr því sem komið er, leyfa mjer að benda á örfá atriði í ræðu hv. flm.

Hv. flm. talaði mjög um, hversu miklir gallar væru á fisksölunni, og skal jeg ekki deila við hann um það. En þó að jeg telji mig ekki hafa mikla þekkingu á þessu sviði, þá er mjer samt kunnugt um það, að íslenskur fiskur gengur hæsta verði á heimsmarkaðinum, svo að gallarnir eru þó að minsta kosti einhversstaðar meiri en hjer.

Hv. flm. gerði mikið úr því, að hæstv. atvrh. teldi sig ekki geta tekið að sjer fisksöluna. En nú vil jeg benda hv. þm. á, að það er nokkuð ólíku saman að jafna, að hafa stjórn ríkisins á hendi eða sölu á fiski. En það er skiljanlegt, þó að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) kunni ekki að gera greinarmun á þessu tvennu, því að það er alkunna um jafnaðarmenn, að ef þeir hafa lítilsháttar vit á einhverju máli, þá halda þeir sig hafa vit á öllum hlutum.

Annars væri óskandi, að ekki yrði löngum tíma eytt til þessa máls. Það er hvort sem er vonlaust, að það fái nokkurt fylgi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil benda hv. flm. (JBald) á, að samkvæmt frv. á stjórnin ekki sjálf að annast fisksöluna, heldur velja til þess menn. Það kemur því ekki þessu máli við, þótt jeg sje ekki vanur fiskkaupum eða fisksölu.

Út af orðum hv. flm. er mjer ljúft að taka það fram, að jeg er alveg reiðubúinn til að taka mjer hvíld frá stjórnarstörfum, hvenær sem meirihluti hv. þm. óskar þess. En meðan hv. þm. (JBald) er einn í flokki, þá vildi jeg ráða honum til að tala ekki svona digurbarkalega.

Hann kveður, að flokksbræður sínir, í löndum, þar sem þeir fara með stjórn, þori ekki að bera fram á þingi stefnumál sín, vegna þess, að þau verði feld.

En hann á hinn bóginn leyfir sjer að bera fram frumvarp, sem felt var í einu hljóði fyrir einu ári, á þingi, sem var skipað sömu mönnum og þetta er nú.

Það má vel vera, að jeg hafi áðan talað svo hógværlega, að orð mín hafi ekki haft tilætluð áhrif. En hinsvegar má mikið vera, ef hv. flm. hefir ekki sjálfur með ræðum sínum stuðlað að því, að málið verði drepið skilyrðislaust frá 2. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. Ak. (BL) taldi það sönnun þess, að ekki væri mikið ólag á fisksölunni, að íslenskur fiskur væri hæstur á markaðinum. En þetta sannar nauðalítið. Það er veðráttan íslenska og fleira, sem gerir það að verkum, að okkar saltfiskur er betri vara en samskonar vara hjá öðrum þjóðum. — Annars er það alkunna, og enda játað af öllum, að ýmsir gallar og þeir ekki allir jafnsmávægilegir, hafa verið á fiskversluninni hingað til. Þetta er beinlínis viðurkent í skýrslu sendimanns íslenska ríkisins á Spáni í fyrra, þess manns, sem mjer skilst, að nú eigi að senda aftur til Spánar, svo að eigi verður annað sjeð en menn beri það traust til hans, að mark sje takandi á því, sem hann segir. Og það, sem að minsta kosti hefir nú þegar á unnist í þessu máli, er það, að hæstv. atvrh. hefir fengist til að lesa frv. En áður var hann fyrirfram sannfærður um, að hann væri því andvígur. Hann hefir þá líka sjeð, að ekki var til þess ætlast, að allur vandinn af frv. þessu yrði lagður á hans breiðu herðar, en í ræðu minni áðan hafði jeg gengið út frá því, að hann hefði lesið frv., en ekki treyst sjer til að velja mennina, sem fara ættu með þetta.

Hæstv. atvrh. telur mig bera á flokksbræður mína erlendis, þar sem þeir eru í stjórn, að þá bresti hugrekki til að bera fram sín stefnumál. Þetta er herfilegur misskilningur. Og ef hæstv. atvrh. væri ofurlítið betur að sjer í pólitík annara þjóða, þá myndi hann t. d. vita, að í Englandi hafa ensku jafnaðarmennirnir borið fram frv. um þjóðnýting náma, og slík dæmi mætti mörg nefna annarsstaðar frá. Það er því algerlega óþarft af hæstv. atvrh. að lofa mig fyrir hugrekkið, sem jeg hafi fram yfir flokksbræður mína erlendis.

Ágúst Flygenring: Það var út af þeim orðum hv. flm., að útgerðarmenn hafi sjálfir viðurkent ólag á fisksölunni, með því að leita fyrir sjer um aðstoð hjá stjórninni um betra skipulag á henni, að jeg vildi tala nokkur orð um þetta mál.

Sannleikurinn í þessu máli er sá, að útgerðarmenn kusu nefnd til að athuga, hvort ekki væri hægt að koma í veg fyrir verðhrun á fiski, með því að stemma stigu fyrir því, að stór útboð á honum ættu sjer stað, án þess að einhver nefnd hefði hönd í bagga með því. Þessi nefnd leitaði álits hinna stærri atvinnurekenda og fiskframleiðenda um land alt og spurðist fyrir um það, hvort þeir æsktu slíkrar aðstoðar. En svörin voru öll á einn veg, sem sje neitandi. Áður hafði nefndin leitað til hæstv. stjórnar með fyrirspurn um, hvort hún myndi vilja styðja nefndina að málum, ef til kæmi, og gat stjórnin þá ekki gefið endanlegt svar. En þegar svo var komið, að ekkert samkomulag náðist og nefndin fjekk nei við öllu, þá var auðvitað ekki um annað að gera en hætta. En þetta er aðeins ein sönnun

ennþá um það, hversu landsmönnum er meinilla við alt verslunarófrelsi.

Það er auðvitað, að aldrei verður hjá því komist, að hinar og aðrar misfellur á fisksölunni geti átt sjer stað. Er það ekkert sjerstakt fyrir þá atvinnugrein. En því má hv. flm. ekki gleyma, að það hefir aldrei komið til tals meðal útgerðarmanna, að óska þess, að ríkisstjórnin tæki fisksöluna að sjer fyrir þeirra hönd. Þeir vita, að þeir þekkja sjálfir best til þeirra hluta, og vilja hafa óbundnar hendur hjer eftir sem hingað til. Salan hefir líka farið mjög batnandi, og er það dugnaði þeirra og kunnugleika að þakka. Og þó að tap geti orðið einstök ár, fyrir óhöpp eða of mikla framleiðslu, þá mun nú lítil ástæða til að óttast mikið tjón, sem beinlínis megi kenna klaufaskap þeirra um. Og hvað sem ólaginu á versluninni líður, þá er eitt víst, að ekki verður úr því bætt með ríkisverslun. Nei, umbæturnar verða að koma frá atvinnurekendum sjálfum. Og með aukinni þekkingu og reynslu er ástæða til að ætla, að fisksalan fari batnandi. Og í því sambandi er mikið unnið með því að hafa íslenskan fulltrúa á Spáni, sem jafnan getur gefið upplýsingar og leiðbeiningar og sendir heim skýrslur sínar, svo oft sem þurfa þykir.

Jeg fer þá ekki fleiri orðum um þetta, enda óþarfi að eyða löngum tíma til að rökræða mál, sem er fyrirfram dæmt til dauða.

Klemens Jónsson: Það var út af þessum fundi, sem stjórnin átti fyrir tveim árum með nokkrum útgerðarmönnum, að jeg vildi tala nokkur orð. Ætlunin var þá að reyna að koma á föstum samtökum um sölu á fiski, svo að markaðurinn yrði engu sinni ofhlaðinn, og koma í veg fyrir, að fiski yrði dembt niður á Spán og Ítalíu í „consignation". Þetta ræddu útgerðarmenn og kaupmenn við stjórnina og fóru fram á það, að hún veitti þeim aðstoð sína í þessu máli. Stjórnin kvaðst myndi verða fús til þess, eftir því sem hún megnaði. Kaupmenn völdu þá nefnd úr sínum hóp til að íhuga málið, en ekki man jeg eftir því, að neitt nefndarálit hafi þó komið fram, svo að stjórnin gat ekki tekið neina endanlega afstöðu til málsins. En það eitt veit jeg, að það var sameiginlegur vilji stjórnar og útgerðarmanna, að ekkert yrði ógert látið til að koma sem bestu lagi á fisksöluna. Nú hefir fisksalan tvö undanfarin ár gengið betur en nokkru sinni áður, og svo vel, að erfitt mun að bæta hana til muna, svo að nú er afstaðan að þessu leyti alveg breytt. Þess minnist jeg ekki, að þá kæmi neitt til tals, að stjórnin tæki söluna á saltfiski í sínar hendur, og hún mun því ekki heldur hafa látið uppi neitt álit um það. En fyrir mitt leyti get jeg lýst yfir því, að jeg er algerlega mótfallinn því, að stjórnin taki í sínar hendur sölu sjávarafurðanna, álít hana best komna í höndum framleiðenda. Reyndar mun hv. flm. sjálfur varla geta gert sjer vonir um, að þetta frv. nái fram að ganga, og væri því rjettast, að hann tæki það strax aftur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer hefir láðst að geta um þennan fund, sem útgerðarmenn áttu með stjórninni fyrir tveim árum. En bæði er það, að jeg var ekkert við það mál riðinn þá, og svo hefir hv. 2. þm. Rang. (KlJ) gefið upplýsingar um það, sem þá gerðist,

svo jeg get slept því að fara frekar út í það efni.

Út af því, sem hv. flm. sagði um þjóðnýtinguna yfirleitt, vil jeg taka fram eitt atriði. Hann hjelt því fram, að socialistar bæri líka fram sín stefnumál, þar sem þeir hefðu stjórnina á hendi, og tók þar til dæmis, að í Englandi hefðu socialistar borið fram frv. um þjóðnýtingu náma. En það gera þeir aðeins, þegar þeir eru í minnihl., það sýnir reynslan alstaðar. Og þegar jafnaðarmannastjórnin enska tók við, þá var það eitt hennar fyrsta verk að lýsa yfir því, að hún myndi ekki framfylgja ríkisrekstri. Og hvað þjóðnýtingu námanna í Englandi viðvíkur, þá báru jafnaðarmenn fram frv. um hana, þegar þeir fóru e k k i með stjórnina. Þegar hv. þm. (JBald) veit ekki annað eins og þetta, þá held jeg ekki, að hann ætti að viðhafa stór orð um þekkingarleysi annara í því, sem erlendis skeður.

Flm. (Jón Baldvinsson): Tveir hv. þm. hafa lýst því yfir, að fisksalan hafi farið batnandi síðustu árin, og er það satt, að misbrestirnir á henni hafa ekki verið eins miklir og stundum áður. En þó veit jeg, að ennþá er kvartað um ólag á sölunni hjá einstökum kaupmönnum, sem talið er, að hafi spilt fyrir sölunni yfirleitt og felli fiskinn í verði. Og þó vel hafi gengið undanfarið ár, þá sannar það ekkert. Eftirspurnin hefir aðeins verið meiri en áður og meira verð á fiskinum, og aldrei er að vita, hvenær ólagið kemur aftur fyrir, svo gætilegast er að vera á verði. Því er þessara hluta vegna engin ástæða til að taka frv. aftur.

Hæstv. atvrh. vildi láta líta svo út, að þegar jafnaðarmenn kæmust til valda, þá hefðu þeir hægt um sig. En að þeir fara varlega í að bera fram sín sjerstöku stefnumál, liggur í því einu, að þeir hafa hvergi nægilegan þingmeirihl. til að koma þeim fram. Þar situr stjórnin í samkomulagi við aðra flokka, sem þó ekki fylgja henni að slíkum málum, og jafnvel hafa gert það skilyrði fyrir stuðningi sínum, að jafnaðarmenn hreyfðu þeim ekki. Ef hæstv. atvrh. getur bent á socialistastjórn, sem hefir haft óskiftan meirihluta í þingi, og samt ekki borið fram sín stefnumál þar, þá væri eitthvað vit í þessari ásökun hans, en fyr ekki. — Það er alt annað, að fara með stjórn eða fara með völdin, að minsta kosti hafa Englendingar kunnað að gera mun á því tvennu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vona nú, að umræðurnar um þetta frv. fari að styttast. Og jeg vil þá benda hv. flm. á það, sem jeg hefi ekki áður viljað ásaka hann fyrir, að hann er með flutningi þessa frv. að misbrúka stöðu sína sem þingmaður. Hann er að eyða fje og tíma þingsins í deilur um mál, sem vitanlegt er, að verður drepið og drepið hefir verið á þingi, sem var skipað öllum sömu mönnum sem nú.

Hv. þm. (JBald) þakkar það íslenska loftslaginu, hvað fiskur okkar er í háu verði. En hvernig er um þann fisk, sem er þurkaður í húsum inni Hafa ekki útlendingar sömu aðstöðu til þess eins og við. Að okkar fiskur er betri, kemur til af því, að vjer meðhöndlum hann á sjerstakan hátt, sem útlendingum hefir ekki lærst til fullnustu.

Þá er ófagur vitnisburður hv. þm. (JBald) um jafnaðarmannastjórnirnar. Hann kveður þær stjórna eftir alt öðrum „principum“ en síns eigin flokks, líklega þá „íhaldsprincipum“. Þeir

leggja með öðrum orðum áhugamál sín á hilluna til þess að fá að vera í stjórn. Jeg gef þeim bæði sanngjarnari og rjettlátari vitnisburð og segi, að þeir framfylgi ekki sínum stefnumálum vegna þess, að það reynist ókleift og „ópraktiskt", þegar til kastanna kemur.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 23 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, SvÓ.

nei: MJ, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BJ, BL, HStef, HK, IngB, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ. JörB, KlJ, MG, ÞorlJ.

Þrír þm. (MT, BSv, BSt) fjarstaddir.

7. Friðun rjúpna.

Á 9. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 27, 4. júní 1924 [Friðun rjúpna] (þmfrv., A. 51).

Á 11. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg þarf ekki að fylgja þessu litla frv. úr hlaði með langri ræðu, því greinargerð þess, þó stutt sje, nefnir að mestu ástæður þær, sem bygt er á í þessu efni. Aðeins vil jeg geta þess, að á þingmálafundum í vetur í kjördæmi mínu komu fram almennar óskir þess efnis, að rjúpnafriðunarlögunum yrði breytt í það horf, sem frv. fer fram á, og aðallega taldar því til stuðnings ástæður þær, sem nefndar eru í greinargerðinni. Bændur í Borgarfirði litu svo á, að þegar leyft er að veiða rjúpuna á hverju ári, sje ekki ástæða til að hafa veiðitímann lengri en tvo mánuði.

Þegar góð er tíð á haustin og jörð er þíð, koma rjúpnaveiðar í október í bága við jarðabætur og önnur nauðsynleg heimilisverk. Auk þess er það álit þeirra manna, sem kunnugir eru rjúpnaveiðum og lengi hafa við þær fengist, að með þessari breytingu sje það betur trygt en ella, að rjúpan reynist góð verslunarvara. Eftir því sem lengra líður á, hefir unga rjúpan meira verðgildi fyrir þroska sakir, en t. d. um miðjan október er allmikill munur á því, hvað ungarnir eru minni og ljettari en fullorðna rjúpan, og svo snemma eru ungarnir ekki jafnaðarlega farnir að safna í sarpinn, en það er mjög mikilsvert atriði til þess að rjúpan þoli vel geymslu og komist óskemd á markaðinn. Þessvegna er meiri trygging fyrir því, að sú rjúpa, sem seinna er skotin, verði betri verslunarvara.

Af þessum ástæðum er það, að frv. þetta er fram borið, og í umræðum í fyrra um þetta mál var það rjettilega tekið fram af hv. þm. Ak. (BL), sem þá var frsm. landbn. í þessu máli, að það hefði jafnan reynst skaðlegt, hvað snemma hefði verið byrjað að skjóta rjúpuna, og að hann hefði jafnvel getað fallist á að stytta ófriðunartímann enn meir en þá var gert. Vænti jeg, að deildarmenn geti fallist á þessa litlu breytingu og lengi friðunartímann um þessar tvær vikur, sem frv. fer fram á. Landbúnaðarn. hafði þetta mál til meðferðar í fyrra, og geri jeg því að till. minni, að því verði til hennar vísað, að þessari umr. lokinni.

Björn Líndal: Jeg get nú að vísu fallist á sumt af því, sem háttv. flm. hefir sagt, en jeg held, að hann hefði ekki flutt þetta frv., ef hann hefði verið jafnkunnur staðháttum sumstaðar á Norðurlandi og hann er í Borgarfirði. Hjer er óliku saman að jafna. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. Borgf. (PO) hafi lýst rjettilega, hvað Borgarfjörð og Suðurland snertir, öllu því, er mæla kann með þessari breytingu á aðeins ársgömlum lögum. En væri hann jafnkunnugur sumstaðar á Norðurlandi, t. d. um Þingeyjarsýslur, geri jeg ráð fyrir því, að honum mundi skiljast það, að þessar breytingar eiga ekki þar við. Norðlendingar eru margir hverjir bundnir við ákveðnar skipsferðir — einkum skipin, sem taka kjöt þeirra — til þess að koma rjúpunni frá sjer. Annars hafa þeir svo langt að sækja, þegar þeim ferðum sleppir, t. d. til Akureyrar eða Húsavíkur, og verður þá flutningskostnaður rjúpunnar svo mikill, að hagnaðurinn af veiðinni verður lítils eða einskis virði.

Auk þess legst veturinn það snemma að sumstaðar á Norðurlandi, að öllum jafnaði, að sjaldgæft má telja, að hægt sje að vinna að nokkrum jarðabótum eftir miðjan október. Einkum er þetta altítt í Þingeyjarsýslum. — Það er síður en svo, að jeg vilji stuðla að því, að menn meti meira að eltast við rjúpur en að vinna nauðsynleg haustverk á heimilunum, og tel jeg þar með alt, sem að jarðabótum lýtur. En þegar algengt má telja, að hausthríðar og harðindi hafi gert mönnum ófært að vinna að slíkum nauðsynjastörfum eftir miðjan október, virðist það ósanngjarnt, að útiloka menn í þessum harðbalahjeruðum frá því að stunda rjúpnaveiðarnar, þegar ekkert er annað hægt að gera. Það var þetta, sem jeg vildi benda á, úr því að jeg kvaddi mjer hljóðs, og gæti það orðið nefnd þeirri til athugunar, sem frv. fær til meðferðar. — Annars kann jeg því illa, að verið sje að breyta aðeins ársgömlum lögum að nauðsynjalausu. Alstaðar, þar sem jeg þekki til á Norðurlandi, er almenn ánægja með rjúpnafriðunarlögin frá síðasta þingi.

Sveinn Ólafsson: Hv. þm. Ak. (BL) hefir nú eiginlega tekið af mjer ómakið. Skal jeg því ekki fjölyrða um þetta mál. En þar sem jeg hafði þó kvatt mjer hljóðs, finn jeg ástæðu til að bæta nokkuru við það, sem hann sagði.

Jeg hafði vænst þess, að þegar friðunarlögunum frá 1921 var breytt í það horf á síðasta þingi, að aftur mætti fara að skjóta rjúpu, þá fengju þau lög þó að standa að minsta kosti árlangt. En svo hefir ekki orðið. Einnig hafði jeg búist við því, að þörfin á því að lengja nú friðunartímann eftir svo skamma stund sem lögin hafa staðið, hlyti að byggjast á því, að rjúpan hefði svo til þurðar gengið, að friða þyrfti kynstofninn. En þessu er ekki heldur til að dreifa. Öllum ber saman um það, að rjúpunni hafi fjölgað mikið víðast hvar á landinu, og mjer er kunnugt um, að á Austurlandi hefir verið afbrigðamikið um rjúpu tvö síðustu árin.

Að fara nú að grauta í lögunum frá síðasta þingi og stytta veiðitímann vegna þessara tveggja ástæðna, er frv. nefnir, tel jeg ástæðulaust, enda eru þessar ástæður mjög lítilsverðar.

Að veiðitíminn í október komi mjög í bága við haustannir, getur aðeins náð

til þeirra manna, sem jarðir hafa og þurfa að yrkja þær, en slíkir menn hjelt jeg að legðu ekki mjög fyrir sig að stunda rjúpnaveiðar. Hitt veit jeg, að margir þurrabúðarmenn og búleysingjar úr kaupstöðum leita til fjalla á haustin, þegar atvinna bregst, og finst mjer ástæðulítið að meina þeim að gera sjer atvinnu af rjúpnaveiðunum, þegar jarðeigendur leyfa hana og gnægð er af þessum veiðidýrum, sem annars, ef til vill, falla fyrir vetrarríki.

Mjer finst ástæðulaust að gera lítið úr þeim arði, sem hafa má af rjúpnaveiðum, enda hygg jeg, að útflutningur á rjúpum næstliðið haust hafi numið álitlegum upphæðum austan lands og norðan.

Hin ástæðan, sem hv. flm. (PO) bar fram, að rjúpan væri lakari í október en nóvember, hygg jeg, að ekki sje rjett. Sömuleiðis held jeg, að það sje á misskilningi bygt, sem háttv. flm. var að benda á, að rjúpan færi ekki að safna í sarpinn fyr en komið væri fram í nóvember. Því að vitanlega safnar hún ekki í sarpinn, nema þegar jarðbann er. Er það því ekki bundið við neinn ákveðinn tíma, heldur fer það eftir því, hve snemma snjóar á haustin.

Að unga rjúpan sje ekki orðin nægilega þroskuð í október, held jeg sje sömuleiðis misskilningur, því að þeir, sem vanir eru rjúpnaveiðum, fullyrða, að á haustin sje mjög erfitt að greina á milli, hvað sje ung rjúpa og hvað af eldra kynstofni. Sjálfur hefi jeg reynt að athuga þetta, og hefi engan mun getað á þeim gert. Tel jeg því þessa ástæðu svo ljettvæga, að vel megi slá striki yfir hana.

Annars finst mjer rjettast að lofa lögunum frá í fyrra að standa óbreyttum nú fyrst um sinn, að minsta kosti þangað til einhver reynsla er fengin á þeim. Jeg vildi því mælast til þess við háttv. landbúnaðarn., sem líklega fær mál þetta til meðferðar, að hún lofi því að sofna sætt og vært, og helst til fullnustu.

Flm. (Pjetur Ottesen): Það er ekki lítil mildi, sem felst í þessum síðustu orðum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að vilja lofa frv. þessu að ganga til landbn., til þess að sofna þar hinum hinsta svefni.

Háttv. 1. þm. S.-M. vildi halda því fram, að rjúpnaveiðin í október á haustin kæmi ekkert í bága við störf manna í sveitunum, því að veiðina stunduðu ekki aðrir en þeir, sem heima ættu við sjávarsíðuna, og hefðu því ekkert annað að gera á þeim tíma. En þó nú svo hagi ef til vill til austur í Múlasýslu, þá er því ekki þann veg farið alstaðar, að minsta kosti er rjúpnaveiðin í Borgarfirði nær eingöngu stunduð af sveitamönnum, því að þeir, sem veiðilöndin eiga, leyfa ógjarnan öðrum rjúpnaveiðar í löndum sínum, og það, sem veitt er á þann hátt, er svo hverfandi lítið, að þess gætir ekkert. Og hvernig hagar til með þetta í Borgarfirði, þá er það vitanlega engin undantekning. Rjúpnaveiðin er víðast hvar stunduð af sveitamönnum, nær eingöngu. Er því ekki hægt að mótmæla því, að hún kemur allvíða í bága við nauðsynleg störf sveitamanna á haustin, því að óvíða er sá mannafli í sveitunum, að til tvískifta sje.

Þá er hitt atriðið, sem hv. þm. vildi vefengja hjá mjer, að rjúpan sje lakari til útflutnings, því fyr sem hún er skotin á haustin. Um það get jeg ekki borið af eigin reynslu, en kunnugir menn hafa fullyrt, að svo væri, og er ekki nema eðlilegt, að svo sje. Fyrst og fremst

af því, að unga rjúpan er enganvegin orðin fullþroskuð í október, en eins og jeg gat um áðan, hefir því þrásinnis verið veitt eftirtekt, að mikill munur er á ungunum og fullorðnu rjúpunum í október, hvað þetta snertir, en sá munur er að miklu horfinn, þegar kemur fram í nóvember, ef góð er tíð. Það, sem háttv. þm. sagði vera sína reynslu í þessu efni og fer í gagnstæða átt, hlýtur að vera gripið úr lausu lofti hjá honum.

Hvað hitt atriðið snertir, hvenær rjúpan fari að safna í sarpinn og hvaða þýðingu það hefir fyrir rjúpuna, sem útflutningsvöru, þá fer hv. þm. þar einnig villur vegar. Fullorðna rjúpan fer að safna í sarpinn strax og haustar að, en ungarnir gera það aftur á móti ekki fyr en nokkuð líður á, eða venjulega ekki fyr en kemur fram í nóvember. Að þetta hafi þýðingu fyrir útflutning rjúpunnar, verður ekki móti mælt, því að það er alkunnugt, að sú rjúpa, sem sarpurinn er fullur á, geymist miklu betur en sú, sem hefir tóman sarpinn. Og einmitt nú er meiri ástæða til að leggja áherslu á þetta en áður, meðan rjúpan var flutt til Danmerkur, því að þá var hún söltuð í kassana, og saltið hjelt kulda á rjúpunni; gerði þetta því flutninginn öruggari en ella. En nú er farið að senda rjúpuna til Englands, og selst hún þar fyrir hærra verð, en síðan má ekki salta neitt í kassana. Þetta er því svo stórt atriði, að fram hjá því verður ekki gengið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 51, n. 75 og 137).

Frsm. meirihl. (Pjetur Þórðarson): Jeg skal strax taka það fram, að athugun þessa máls í nefndinni tók ekki langan tíma, enda er frv. lítið fyrirferðar og ofur einfalt. Fram komu aðeins stuttar, ákveðnar skýringar á skoðunum nefndarmanna. Raunar var það svo, að skoðanamunur skifti nefndinni í tvo hluti, svo sem sjá má á þskj. 75 og 137, en um það var enginn að fást. Engin kappgirni og engar óþarfar málalengingar komust að í meðferð málsins. Þetta vildi jeg, að hv. deild tæki sjer til fyrirmyndar, bæði í þessu og meðferð mála yfirleitt.

Frv. þetta er fram komið eftir óskum bænda í sveitum, og eru þeir bæði veiðieigendur og veiða sjálfir. Þessar óskir byggjast á ástæðum þeim, sem getið er í greinarg. fyrir frv. og nánar voru teknar fram af hv. flm. frv. (PO) við 1. umr. málsins, og tel jeg öldungis óþarft að endurtaka neitt af þeim rökseindum.

Nú vill meirihl. nefndarinnar taka til greina þessar skynsamlegu ástæður og óskir bænda, m. a. þó ekki væri nema vegna þess, og þó ekki væri nema aðeins vegna þess, að það styttir veiðitímann, eða rjettara sagt: lengir friðunartíma þessara veslings ofsóttu fugla. Það hlýtur að vera öllum hv. þdm. kunnugt, með hve miklum dugnaði og atorku rjúpnadráp er stundað, frekar en flest önnur starfsemi, og ber tvent til þess, fyrst og fremst hagnaðarvonin

af veiðinni, því að vitanlega er þessi fuglategund mjög eftirsótt verslunarvara, og í öðru lagi vegna þess, hve mönnum þykir skemtilegt að nota skotvopn, og einkum þó að veiða með skotvopnum. Þetta hefir stundum verið kölluð drápgirni, og ekki að ástæðulausu. Menn eru hvaðanæfa boðnir og búnir til að taka þátt í þessum veiðum, og það mjög ósleitilega. Þessvegna er og verður ætíð meiri hætta á því, að of mikið verði drepið af rjúpunni og að veiðin gangi til þurðar, ef veiðitíminn er langur, heldur en hinu, að of lítið verði veitt, þó að veiðitíminn verði styttur. Meirihl. nefndarinnar lítur því svo á, að með þessu litla frv. sje stigið feti nær því markmiði, sem að sjálfsögðu á að stefna að í öllum friðunarlögum, að fyllilega sje gætt varanlegra hagsmuna — ekki skyndihagsmuna — þeirra manna, sem arðs eiga að njóta af hinu friðaða, og gætt sje mannúðar og velsæmis, ekki síst, þegar um varnarlaus dýr er að ræða.

Með þessum orðum hefi jeg þá gert nokkra grein fyrir afstöðu meirihl. gagnvart frv. þessu, og get látið vera að eyða tíma í að tala um nál. hv. minnihl. En aðeins vona jeg, að bráðlega birti yfir hjá þeim hv. þm., sem þar eiga hlut að máli og báðir eru góðir drengir og ekki svartsýnir að jafnaði — en mjer finst bera helst til mikið á dökkvu litunum í nál. þeirra.

Jeg vil svo að lokum vænta þess, að hv. deild sjái sjer fært að fylgja meirihl. að málum í þetta sinn.

Frsm. minnihl. (Árni Jónsson): Jeg geri ráð fyrir, að hjörtu hv. þdm. sjeu þegar farin að slá nokkuð ört við umræðu þessa máls. Það var eitthvert heitasta mál á síðastliðnu þingi, og eitthvert mesta deilumál, sem jeg hefi hlustað á umræður um á þessu háa Alþingi.

Eins og sjá má af þskj. 75 og 137, hefir nefndin ekki getað orðið sammála. Minnihl. hefir ekki getað sjeð, að nokkur ástæða sje til breytinga á lögunum, og hefir ekki getað fallist á, að rökin í greinarg. með frv. hafi yfirleitt við neitt að styðjast. Helsta ástæðan, sem þar er færð fram, er sú, að rjúpnaveiðar í október tefji menn um of frá haustverkum, og þessvegna þurfi að banna þær með lögum. En þetta fellur um sjálft sig, meðan ekki er sannað, að menn sjeu haldnir þvílíkri drápgirni, að þeir hlaupi frá skyldustörfum sínum til að fullnægja henni, til tjóns fyrir sig. Að rjúpan sje á þessum tíma lakari útflutningsvara en annars, hefir heldur ekki við neitt að styðjast, og í fyrrahaust sýndi það sig einmitt, að þá, í október, var verðið á henni hæst. En það, sem jeg legg þó mesta áherslu á í þessu sambandi, er það, að með því að lengja friðunartímann, er sumum rjúpnahjeruðum meinað að njóta góðs af erlendum markaði.

Annars hafa margar áskoranir borist úr ýmsum kjördæmum út af þessu máli, og þær síst á einn veg. Og einn hv. þm. hefir sagt mjer, að hann hafi fengið tvær áskoranir úr sínu kjördæmi, eina, sem mælti með því, að friðunartíminn væri lengdur, og aðra, sem andmælti mjög kröftulega öllum breytingum í þessa átt.

Hv. frsm. meirihl. (PÞ) þótti einkennilegt, að svo dökt væri yfir till. okkar. Jeg skal játa, að það var bjart yfir ræðu hans, hún var töluð svo sem góðum dreng sæmir og öll í kristileg-

um anda. Annars vil jeg ekki verða til að vekja langar umræður í þessu máli, en vona, að hv. deild drepi frv. snúningalaust, og friði okkur svo fyrir frekari skothríð af því.

Pjetur Ottesen: Hv. frsm. minnihl. (ÁJ) hefir æskt friðar í þessu máli, og þá líklega fyrst og fremst sjálfum sjer til handa. En þá mætti ætla, að hann, þessi mikli postuli friðarins, ljeti ekki eins ófriðlega í garð rjúpunnar eins og raun hefir á orðið.

Háttv. frsm. minnihl., 2. þm. N.-M., talaði um það af miklum fjálgleik, að hjörtu manna mundu fara að slá ört, er minst væri á þetta mál, því að umræðurnar á síðasta þingi hefðu orðið harla fjörugar. Það var satt, að skoðanir manna voru nokkuð skiftar um málið, en þá niðurstöðu, sem þingið komst að í þessu máli, má tvímælalaust telja að ýmsu leyti heppilega, en það sem einungis skortir á, að málinu sje heppilega skipað, og það fyrir allra hluta sakir, er það, að þessi breyting, sem jeg hefi lagt til að gerð sje á lögunum, verði samþykt. Með því er, eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls: í fyrsta lagi svo í hóf stilt með veiðitímann, að rjúpnastofninn er verndaður fyrir því, að verða eyðilagður af skotum, í öðru lagi siglt fram hjá því skeri, að rjúpnaveiðarnar komi svo mjög í bág við jarðabætur og önnur nauðsynleg haustverk, sem nú, og í þriðja lagi er það miklu betur trygt en ella, að rjúpan reynist góð verslunarvara. Það er því langt frá, að þetta mál eigi skilið, að um það sje rætt með hálfgerðri lítilsvirðingu og sem hjegómamál, því að það felur í sjer frekari verndun, hagkvæmari verkaskiftingu og trygging fyrir betri markaðsvöru. Þetta eru alt mikilsverð atriði.

Annars skilst mjer af nál., að báðir hlutar hv. nefndar hafi í rauninni fallist á ástæður mínar, að minsta kosti er ekkert fært fram gegn þeim í nál. minnihl. Það er þá helst í ræðu hv. frsm. minnihl. (ÁJ), þar sem hann var að tala um, að rjúpnaveiðar í október færu ekki í bág við hauststörfin í sveitum, því að menn væru ekki haldnir slíkri drápgirni, að þeir feldu niður nauðsynleg störf þessvegna. Hann virðist þannig ganga út frá því, að það sje af drápgirni aðeins, að menn stundi rjúpnaveiðar. Menn stunda þessar veiðar eins og aðrar veiðar fyrst og fremst af þörfinni, þörfinni á því að afla gjaldeyris, framleiða, og þarf sennilega ekki að fara lengra út í þær sakir eða lýsa þeirri þörf nánar í landi, sem verður að kaupa allar nauðsynjar frá útlöndum fyrir framleiðsluvörur.

Með þessari breytingu er, eins og jeg hefi svo oft tekið fram, girt fyrir það, að menn sjeu að fást við rjúpnaveiðar á þeim tíma, sem veiðarnar hljóta að koma meira og minna í bág við jarðabætur og önnur haustverk, og mikill hluti veiðinnar er svo lök útflutningsvara, að markaðinum stafar mikil hætta af. En það er sem sje viðurkent, að unga rjúpan er ekki orðin fullþroska, og þar af leiðandi ekki góð verslunarvara um miðjan október, og er auk þess ekki búin að fella fjaðrir, og því verri vara heldur en eldri rjúpan, en af þessu hlýtur að leiða verðfall allrar vörunnar. Og þegar þar við bætist, að þessi hluti rjúpunnar þolir líka ver flutning og geymslu, sem altaf hlýtur að verða nokkur, þá skil jeg ekki annað en að hv. frsm. minnihl. nefndarinnar (ÁJ)

og aðrir hv. þdm. geti vel fallist á, að þetta mál sje þess vert, að siglt verði fram hjá þessu skeri.

Þá sagði hv. frsm. minnihl. (ÁJ), að í haust hefði verð verið hæst fyrst á rjúpunni, en hefði svo fallið. Það var auðvitað af því, að of snemma var byrjað skjóta og mikill hluti rjúpunnar var í því ástandi, sem jeg nú hefi lýst.

Það voru og aðrar ástæður, sem fram komu hjá hv. frsm. minnihl. (ÁJ), þær, að Norðlendingar gætu þá ekki notað sjer þessa tekjugrein, vegna þess, að þeir kæmu ekki rjúpunni á markaðinn, nema með ferðunum í október. Væri þetta svo mikils virði sem hv. þm. (ÁJ) sagði, væri þetta miklu frambærilegri ástæða en þær, sem færðar hafa verið áður; jeg get að vísu máske ekki talað af nægum kunnugleika um þetta mál, en mjer virðist þó, að það sje vert að athuga einmitt þessa mótbáru dálítið. Eftir ákvæðum laganna má nú ekki byrja að veiða fyr en eftir miðjan október, eða einmitt á þeim tíma, sem hv. frsm. minnihl. (ÁJ) segir, að skipin, sem eigi að taka kjötið, sjeu á ferðinni. Mjer virðist því, eftir öllum atvikum að dæma, að það verði ekki nema örlítið af rjúpu, sem hægt sje að koma með þessum ferðum. Því er sjaldnast svo farið, að svo mikil uppgrip sjeu af rjúpu, að ekki þurfi að ganga á veiðar í fleiri daga, til þess að fá svo mikla veiði, að það borgi sig að flytja hana í kaupstaðinn, sjerstaklega þegar um langa og erfiða flutninga er að ræða. Mjer virðist því, að þessu athuguðu, að tæplega geti verið um nokkurn verulegan útflutning að ræða, ef aðeins er að tala um flutning með þessum skipum. Frá því sjónarmiði gerir það í rauninni hvorki til nje frá, hvort byrjað er að skjóta í miðjum október eða fyrst í nóvember, eins og gert er ráð fyrir í frv. Mjer skilst, að rjúpnaveiðar á Norðurlandi hljóti að byggjast á útflutningi í nóvember og desember. Eftir því, sem jeg hefi litið til í áætlun Eimskipafjelagsins fyrir þetta ár, sje jeg ekki annað en að Goðafoss eigi að koma við á nokkrum höfnum á Norðurlandi, á leið til útlanda, snemma í desember, og eins og kunnugt er, þá eru bergensku skipin á ferð um þetta leyti við Norðurland, án þess jeg viti beint, á hvaða hafnir þau komi þar. En það eru sjálfsagt mögulcikar á því að koma rjúpunum á milli hafna, í veg fyrir millilandaskipin. Mjer finst því, að þessi ástæða móti frv. sje svo lítils virði, að ekki verði með henni kveðinn upp neinn dómsdagur yfir þessari breytingu. Auk þess er það ekkert aðalatriði í þessu máli, að svo og svo mikið sje veitt, heldur hitt, að það fáist góður og tryggur markaður fyrir það, sem veitt er, og verður naumast um það deilt, að þessi breyting sje gerð til þess að tryggja markaðinn að miklu, fram yfir það, sem nú er. Niðurstaðan verður því eins og fyr, þegar jeg flutti þetta frv., að þessi breyting eykur tryggínguna í tveim mikilsverðum atriðum: að veiðin kemur ekki í bág við haustannirnar, og veitir tryggingu fyrir markaðshæfri vöru, en það er skilyrði fyrir góðum og ábyggilegum markaði, að alls öryggis sje gætt í þessu efni. Það er sjerstaklega nauðsynlegt, að tillit sje tekið til þess, að Englendingar eru mjög vöruvandir, en þar er einmitt bestur markaðurinn fyrir rjúpurnar.

Frsm. minnihl. (Árni Jónsson): Jeg bjóst alls ekki við, að hv. þm. Borgf. (PO) færi að breyta um niðurstöðu í

þessu efni. Hann hefir ekki verið þektur að slíku, og því síður bjóst jeg við, að hann myndi sækja þetta hjegómamál með svo miklum krafti sem hann gerir; það þykir mjer næsta einkennilegt. Hv. þm. gekk meira að segja svo langt í þessari sókn sinni, að hann gerði mjer upp orð, sem jeg hefi aldrei sagt, og sneri alveg við meiningu í sumu hjá mjer, t. d. ljet hann mig hafa sagt, að rjúpnaveiðar væru meira stundaðar af drápgirni en hagnaðarvon, sem er þveröfugt. Jeg sagði einmitt, að jeg þekti menn ekki að svo mikilli drápgirni, að þeir færi að fara frá haustönnum, nema því aðeins, að það væri fjárvon fyrir þá. En að fara að tala um dýraverndun í þessu sambandi, það datt mjer ekki í hug, að honum mundi koma til hugar. Þá væri nær fyrir hv. þm. (PO) að flytja till. til breytinga á dýraverndunarlögunum. Hv. þm. sagði ennfremur, að það væri viðurkent, að fuglinn væri verri vara fyr á haustin. Jeg er ekki sjerfræðingur í þessu efni, en jeg hlustaði á það, sem þeir sögðu báðir um þetta mál, hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Verð jeg að hallast að því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, því að hann hefir lengri reynslu í þessu máli og sjálfsagt eins ábyggilega.

Hvað snertir verðlækkunina síðastliðið haust, þá er það ekki rjett, að hún væri af þeirri ástæðu, sem hann (PO) færði til, heldur af því, að tíðarfarið var svo einkennilega milt í haust er leið, að ókleift var að koma rjúpunni óskemdri á markað úr aðalrjúpnahjeruðunum fyrir norðan og austan, vegna þess, hve samgöngurnar eru þar strjálar og ógreiðar. Ef skip hefði altaf verið til taks, um leið og rjúpan kom á útflutningshafnirnar, hafði verið alt öðru máli að gegna. En að tala um að nota strandferðaskipin, eins og hv. þm. (PO) stakk upp á, það er að bæta gráu ofan á svart. Eina ráðið er að koma rjúpunni með sem bestum ferðum, og það er einmitt með kjötferðunum að haustinu. Hv. þm. (PO) misskildi það, að kjötskipin væru á ferð á sama tíma og friðunin er úti. Þau eru á ferðinni síðari hluta otkóbermánaðar, og venjulega ekki fyr en síðast í mánuðinum, en síðastliðið haust var drepið mest af rjúpunni síðari hluta mánaðarins.

Jeg hygg svo, að það sje ekki meira í bráðina, sem jeg þarf að svara hv. þm. (PO).

Björn Líndal: Þótt mikið hafi verið talað um þetta mál, bæði nú og fyr, er þó eitt atriði, sem ekki hefir verið nefnt, sem jeg vil benda hv. þm. á. Það er, að vetur legst oft snögglega að sumstaðar á Norðurlandi með fannfergi og jarðbönnum, og hverfur rjúpan þá algerlega. Venjulega er besti rjúpnaveiðitíminn eftir miðjan október og fram til loka þess mánaðar, þegar byrjar að snjóa; en undir eins og stórhríðar koma og harðindi, flýr rjúpan þangað, sem björgulegra er fyrir hana að vera. Þessi breyting á lögunum mundi því alloft hafa þær afleiðingar, að þau hjeruð, sem helst þurfa þessara hlunninda með, útkjálkarnir og harðindasveitirnar, missa algerlega af þeim. Rjúpan verður horfin suður í góðsveitirnar, svo sem kjördæmi hv. flm., áður en okkur, sem búum við hin ystu höf, leyfist að skjóta hana. Og þótt jeg geti unt Borgfirðingum allra gæða, þá viljum við Norðlendingar þó líka gæta hagsmuna okkar, viljum fá að skjóta þá rjúpu, sem alin er upp hjá okkur.

Pjetur Ottesen: Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) vildi fara fljótt yfir sögu, vegna þess, að þetta væri smámál og hjegómamál. Það sló mig dálítið undarlega að heyra slík ummæli, þegar um er að ræða framleiðsluvörur landsins. Verð jeg að segja, að mjer þykir úr hófi keyra, þegar svo er talað um þær tilraunir, sem miða til þess að tryggja vörum okkar betri markað erlendis. En nú er það aðaltilgangur þessa frv. að tryggja betri sölu á þessum afurðum, og vona jeg, þegar hv. frsm. minnihl., 2. þm. N.-M., tók að sjer að fara til útlanda fyrir hönd landsstjórnarinnar á síðastliðnu vori, til að leita betri markaða, að þá hafi hann ekki lagt í þá ferð með þeim hugsunarhætti, að það væri hjegómamál, sem hann ætti að fara að vinna fyrir.

Það má máske segja, að hjer sje um svo lítilfjörlega sölu að ræða, samanborið við alt afurðamagnið, en það er áreiðanlegt, að með skynsamlegri aðferð má tryggja sjer meiri tekjur fyrir rjúpuna en verið hefir, og verðlækkunin, sem varð síðastliðið haust, stafaði af því, að rjúpan kom í laklegu ástandi á markaðinn. En það, að hún þoldi ekki geymsluna, var af því, að byrjað var of snemma að skjóta hana; því að það er alkunnugt, eins og jeg hefi margbent á og fært rök fyrir, að mikill hluti rjúpunnar þolir ver geymslu en ef seinna væri byrjað að skjóta, eins og jeg hefi lagt til.

En um hina ástæðuna, sem hv. þm. Ak. (BL) var að tala um, að Norðlendingar myndu tapa rjúpunni suður til Borgarfjarðar, ef ekki væri byrjað að skjóta svona snemma, verð jeg að segja það, að hv. þm. (BL) þarf ekki að ætla, að með lagasetningu verði því skipað, hvernig fiskar sjávarins haga göngu sinni, eða hvert fuglar loftsins beina flugi sínu. Þessi hv. þm. getur því tileinkað sjer einum þann hjegóma, sem menn hafa verið að tala um í sambandi við þetta mál. Því að sje nokkuð hjegómi, þá er það áreiðanlega þetta, sem hv. þm. (BL) lagði nú til þessara mála.

Frsm. minnihl. (Árni Jónsson): Það er með samviskunnar mótmælum, að jeg tek aftur til máls. Hv. þm. Borgf. (PO) hneykslaðist á því, að jeg taldi þetta hjegómamál. Jeg breyti ekki sannfæringu minni, frekar en hann sinni, því að það, sem fram hefir komið í þessu máli, sannar, að það skiftir engu, hvort þessi tími er hálfum mánuði lengri eða skemri, því að hvað munar í rauninni um þennan útflutning, samanborið við þær 80 miljónir, sem út var flutt fyrir síðastliðið ár? (**PO:** Kornið fyllir mælirinn.) En það er ekki hjegómamál, að mönnum sje gert mishátt undir höfði, en það er það, sem þessar sveitir, sem hafa mesta framleiðslu af rjúpunni, verða fyrir, Eyjafjarðarsýsla og Múlasýslur báðar. Það er ekki hægt að senda þaðan, nema með þessum ferðum á haustin.

Hvað viðvíkur sendiferð minni um markaðsleit, þá er það misskilningur, ef hv. þm. (PO) heldur, að jeg hafi verið að grenslast eftir markaði á rjúpum. Aðalerindi mitt var að koma á innflutningi á lifandi sauðfje til Englands — og það tókst mjer. Ef senda ætti sjerfræðing í rjúpnamálum til þess að greiða fyrir markaði, vildi jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, að senda hv. þm. Borgf. (PO). Slík sendiför gæti vonandi orðið til þess, að hv. deildarmenn kæmust hjá hrókaræðum hans í þessu

máli þing eftir þing. Honum væri ekkert óholt að „safna í sarpinn“ ennþá meiri þekkingu og skilningi heldur en hann hefir enn sýnt í málinu.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 14 : 6 atkv.

---

8. Vegalagabreyting [Suðurlandsvegur].

Á 7 fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4 júní 1924 [Suðurlandsvegur] (þmfrv., A. 39).

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal geta þess nú þegar, að jeg hefi leyft mjer að bera fram frv. þetta samkvæmt óskum sýslumannsins í Skaftafellssýslum fyrir hönd sýslunefndanna þar. Breyting sú, sem farið er fram á undir staflið a á þskj. 39, er í rauninni einungis uppfylling á vegalögunum. Þar hefir fallið niður að tilnefna Öræfi og Breiðamerkursand, og er þó ekki um alllítinn vegarspotta hjer að ræða. Þar sem telja má víst, að orð þessi hafi fallið niður aðeins fyrir vangá, þegar frv. var samið, þykist jeg mega vænta þess, að þessi brtt. mín mæti engri mótspyrnu.

Undir staflið b er það lagt til, að hjer eftir verði ákveðið, að þjóðvegurinn um Nesin skuli liggja um Höfn í Hornafirði, og er það aðalbreytingin, sem frv. þetta felur í sjer. Það er öllum auðskilið mál, sem þarna þekkja nokkuð til, að þjóðvegurinn á að liggja um Höfn. Þar er kauptún sýslunnar, og þangað eiga því allir erindi, enda er umferðin mest þangað. Lengd vegar þess, sem hjer er um að ræða og sýslan hefir hingað til kostað, er einir 5 km., svo að ekki þarf frv. þetta þessvegna að vaxa mönnum svo mjög í augum.

Nú eru alveg sjerstakar ástæður, sem ekki voru fyrir hendi í fyrra, fyrir því, að rjettmætt er og sjálfsagt, að vegur þessi verði tekinn í tölu þjóðvega. Síðan í fyrra hefir aðalpóstafgreiðslustöðin þar um slóðir verið flutt til Hafnar, og mætast þar nú tveir landpóstar, sem sje Eskifjarðarpósturinn og Prestbakkapósturinn. Vegur þessi er því ekki aðeins í þjóðleið, heldur og póstleið, og þar sem allir aðalvegir landsins verða hjer eftir, samkv. vegalögunum, kostaðir af ríkissjóði, þá er ranglátt að neita um upptöku þessa vegar í tölu þjóðvega. Og þó að vegur þessi sje að eins álma út úr aðalþjóðveginum, þá er svo ástatt um ýmsa aðra vegi víðsvegar um land, sem nú eru teknir í tölu þjóðvega. Svo er t. d. um Hvammstanga-, Eskifjarðar- og Eyrarbakkavegina. Þeir eru álmur úr aðalþjóðvegunum, sem lagðar eru til kauptúna þessara, og því hliðstæðir þessum Hafnarvegi. Er því ekki nema rjettmætt, að vegur þessi verði einnig kostaður af ríkissjóði og tekinn í þjóðvegatölu.

Þegar vegalagafrv. var hjer á ferðinni í fyrra, þá flutti jeg við það brtt. sama efnis sem þessi till. er. En þá mun hv. samgmn. hafa tekið það í sig, að aftra því, að nokkur brtt. næði sam-

þykki, vegna þess að hún óttaðist, að það yrði frv. að falli. Því var það, að þessi brtt. mín og aðrar brtt., sem fram komu, náðu ekki samþykki hjer í þessari hv. deild, hversu sanngjarnar sem þær annars voru. En nú þarf þessi ótti ekki lengur að aftra mönnum frá að greiða frv. mínu atkv. Vegalögin halda gildi sínu að öðru leyti, þó að þetta þing kunni að gera á þeim einhverjar smábreytingar. Enda sje jeg, að einn hv. samgöngumálanefndarmaður flytur nú frv. um breytingu á vegalögunum, sem fer í svipaða átt og þetta frv. mitt.

Jeg býst við því, að frv. þetta fái góðan byr, bæði í hv. samgmn. og einnig rjá öðrum hv. þdm. Frv. þetta er það snemma fram komið, að hv. þm. hafa nægan tíma fyrir sjer að bæta úr misfellum þeim, sem kunna að hafa verið á vegalögunum, eins og þau voru afgreidd síðastliðið ár.

Sýslan hefir þegar á fyrri árum varið miklu fje til lagningar, viðhalds og endurbyggingar á þessum vegarkafla. Og eins og jeg hefi tekið fram áður, eru margir hliðstæðir vegarkaflar þegar teknir í vegalögin, færðir af sýslusjóðum yfir á landssjóð. Svo ætti einnig að gera við þennan vegarspotta. Annars væri ekkert rjettlæti ráðandi. Jeg ætla svo ekki að orðlengja frekar um þetta að sinni, en býst við, að þetta mál og önnur slík, sem fyrir liggja, verði látin fara til hv. samgmn. Vildi jeg mælast til, að hv. nefnd líti með mildi á þetta og taki því vel.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 39, n. 121).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg þykist ekki þurfa að hafa langa framsögu fyrir nefndarinnar hönd í þessu máli. Álit og tillögur hennar eru á þskj. 121, og nægir mjer í flestum atriðum að vísa til þess. Eins og skýrt er frá í nál., leitaði nefndin álits vegamálastjóra, bæði um þetta og öll önnur frv., sem fyrir liggja um breytingar á vegalögunum, og var hann eins hugar um þau öll og rjeð frá að aðhyllast þau, en að svipaðri niðurstöðu var nefndin áður komin.

Viðvíkjandi þessu frv. á þskj. 39, sem hjer er til umr., má að sjálfsögðu líta svo á eftir svari vegamálastjóra og efni vegalaganna, að óþörf sje breyting sú, er felst í 1. lið. Einföld skýring laganna nægir til að fullnægja ósk hv. flm. um þetta. Vegurinn hlýtur og verður að liggja um það svæði, Öræfi og Breiðamerkursand, þótt ekki sje berum orðum nefnt, með því að enga aðra leið er hægt að fara.

Öðru máli er að gegna um síðari liðinn. Þar er um hliðarveg eða aukaveg að ræða, sem í eðli sínu er innanhjeraðsvegur, sem sje leiðin frá Hólum að Höfn í Hornafirði. Eftir nýlegri fjárveitingu úr ríkissjóði er ákvörðun tekin um að endurbæta þennan sýsluveg með helmings framlagi frá ríkinu, og virðist þá eigi ástæða til að leggja viðhald hans eftirleiðis á ríkissjóðinn, enda liggur hann ekki í umgerð þeirri eða hringbraut um landið, sem vegalögin einkum miða við. Vegamálastjóri hefir

eindregið lagt á móti þessum vegarviðauka við þjóðvegi, og nefndin felst alveg á ástæður hans.

Frekar þykist jeg ekki þurfa að ræða þetta mál að sinni.

Þorleifur Jónsson: Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta litla frv. mitt, sem ætti að vera sjálfsagt, að samþykt yrði umsvifalaust.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, er það sanngirniskrafa, að þjóðvegurinn liggi að þessu eina kauptúni sýslunnar, og á þeim vegarkafla, sem hjer ræðir um, er umferðin langmest af öllum vegum sýslunnar, og það er því einkennilegt, að þessi vegur skyldi ekki vera tekinn með, þegar frv. til vegalaga var samið í fyrstu. Það er yfir höfuð eigi sanngjarnt, að sýslan kosti þann hluta veganna, sem mest er umferðin á. Vegamálastjóri segir vegarkafla þennan um 5,5 km. á lengd, en aðgerð og endurbygging muni kosta um 10 þús. kr. og árlegt viðhald um 600 kr. Þetta mun alt vera nærri lagi, en líklega gerir þá vegamálastjóri ráð fyrir, að þetta sje kostnaðurinn við alla endurbyggingu vegarins. Jeg get upplýst það, að í sumar sem leið var lakasti kafli þessa vegar endurbygður, og var kostað til þess um 5 þús. kr., og var það kostað að hálfu af ríkissjóði, en hinn helmingurinn af sýslunni. Þar sem nú hefir verið ákveðið, að ríkissjóður kosti endurbygging allra vega að hálfu, mundi það þá eigi auka útgjöld ríkissjóðs nema um 5 þús. kr., þó að þetta frv. mitt yrði samþ. Þetta er ekki mikil upphæð fyrir ríkissjóð, þó það sje fullerfitt fyrir fátækt sýslufjelag að bæta því á sig. Sýsla þessi hefir nógar skuldir að bera, þó þetta bætist ekki við. Hún hefir áður orðið að taka hátt lán til vegalagningar, lán til byggingar læknisbústaðar, til símalagningar o. m. fl. Auk þess er jeg þeirrar skoðunar, að ef aðeins þetta frv. eitt hefði komið fram, um breyting í þessa átt á veglögunum, mundi það hafa verið samþykt orðalaust, bæði af þessari háttv. deild og af vegamálastjóra. En það, sem kanske aftrar því, að þetta sanngirnismál nái fram að ganga, er það, að ótal önnur frv. hafa hrúgast inn á þing, um allskonar vegi, sem menn vilja fá tekna í tölu þjóðvega. Sje þetta frv. mitt borið saman við ýms ákvæði vegalaganna, sjest, að það er í fullu samræmi við anda og tilgang hinna nýju vegalaga. Það er að vísu von, að háttv. samgmn. hafi þótt allmikið aukast vandræðin, er hún fjekk yfir sig allan þennan sæg af frv., um allskonar breytingar á vegalögunum, og er henni nokkur vorkunn, að fallast á till. vegamálastjóra um þá einföldustu aðferð að greiða úr þessu máli. En jeg fyrir mitt leyti get ekki verið ánægður með, að háttv. nefnd hefir enga tilraun gert til að vinsa neitt úr þessum frv., það sem helst væri lítandi á, eigi síst þar sem annað eins sanngirnismál er, sem hjer um ræðir í þessu frv. mínu; enda kemur það og í ljós í áliti vegamálastjóra, að hann telur langminsta fjarstæðu kröfur þær, sem þetta frv. gerir. Það er alt öðru máli að gegna um mörg hinna frv., enda telur vegamálastjóri það flestalt vera innanhjeraðsvegi, sem þar ræðir um, og komi því ekki til mála að taka þá upp í vegalögin. En þótt þetta frv. mitt eigi nú, samkv. tillögum hv. samgmn., að leggjast í gröf sína, mun það brátt rísa upp aftur, og er jeg þess fullviss, að það muni ná fram að ganga síðar. Það getur vel verið, að forlög

þess sjeu nú þegar ákveðin. En jeg bendi aðeins á, að þetta er hreinasta sanngirnismál og í fullu samræmi við anda vegalaganna.

Bjarni Jónsson: Jeg sje, að háttv. samgmn. hefir eigi þóknast að fallast á frv. mitt, og ætlar því sömu forlög sem hinum öðrum frv. um þetta efni. (**Forseti, BSv:** Háttv. þm. Dala. hefir víst ekki tekið eftir því, að frv. eru ekki öll til umr. í senn, en verða tekin fyrir eftir röð á dagskrá, hvert á fætur öðru.) — Þá bið jeg afsökunar, því þetta varaðist jeg eigi, jeg hugði þau ættu öll í einu að leggjast í sömu gröfina, og því hefi jeg ekki fleira að segja í þetta sinn. En jeg veit, að háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) mun vilja láta veita fje til þessa — sem og annara slíkra vega — í fjárlögunum, enda er það betra en láta þessi frv. okkar ganga gegn dauða af hendi samgmn. Skal jeg því ekki mæla á móti frv. hans, því jeg veit, að hann muni þá vilja styðja mig með atkv. sínu til að fá fjárveitingu í fjárlögum til þessara vega, sem jeg hefi með höndum, enda skal honum koma gagnkvæm hjálp frá mjer, til sinna vegamála.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Út af ummælum háttv. flm. (ÞorlJ) skal það fram tekið, að vegna póstafgreiðslunnar í Höfn, eða kauptúnsins, er engin þörf eða ástæða til að taka þennan innanhjeraðsveg, milli Hóla og Hafnar, í tölu þjóðvega. Það er ekkert einsdæmi um Hornafjörð, að póststöð eða kauptún liggi utan við þjóðveg, þvert á móti er þetta mjög víða. Eins og dæmi get jeg nefnt tiltölulega stór kauptún á Austurlandi, þar sem póststöð er, er öll liggja langt frá þjóðvegi, og frá sumum tæpast fært á landi til þjóðvegarins. Þessir staðir eru Norðfjörður, Borgarfjörður og Fáskrúðsfjörður. Líkt má segja um ýms kauptún á Vesturlandi, þar sem þjóðvegur kemur ekki nærri.

Með þessu er ekkert sagt um það, hvort hjer sje sanngirnismál á ferðinni, aðeins verður nefndin að halda því fram, að önnur kauptún á landinu, sem liggja utan við þjóðveginn, eigi þá jafnríka sanngirniskröfu til samskonar sambands við þjóðveginn sem hjer ræðir um.

Háttv. flm. (ÞorlJ) sagði, að kostnaður við Hafnarveginn yrði líklega ekki nema rúmlega 5 þús. kr., og áleit það óverulegan kostnað. Ef hann miðar við endurbygging vegarins, eins og hún er áætluð af vegamálastjóra, þá mun þetta rjett vera, en svo bætist þar við árlegt viðhald, og verður því kostnaður ríkissjóðs, ef frv. yrði samþ., nokkru meiri en byrjunarkostnaðurinn einn. — En um leið og þessi vegur yrði tekinn upp í tölu þjóðvega, mundu ýms önnur hjeruð álíta sjer misboðið og koma fram með svipaðar kröfur um viðauka við þjóðvegi, og mundi þá kostnaður ríkissjóðs af þessu frv. geta orðið miklu meiri en sjeð verður fyrir í fljótu bragði. Það er þetta steypiflóð af kröfum, sem nefndin vill koma í veg fyrir.

ATKVGR.:
Frv.greinin feld með 14 : 5 atkv.

Forseti lýsti frv. fallið.

9. Vegalagabreyting [Norðurlandsvegur].

Á 13. fundi í Nd., laugardaginn 21. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Norðurlandsvegur] (þmfrv., A. 70).

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi ráðist í að hafa þetta frv. með þessum hætti, sakir þess, að það virðist skylda allra, sem hjer vilja koma einhverju fram, að rifa niður um leið.

Með þeirri breytingu, sem hjer er farið fram á, vinst það, að mestur hluti vegarins verður í bygð, og vildi jeg biðja þá hv. nefnd, sem um þetta fjallar, að athuga, hvort ekki myndi tilvinnandi, þó að vegurinn lengdist dálítið, að fá hann svo fjallvegalausan að kalla.

Aðalatriðið er að fá veginn af Breiðamel til Borðeyrar. Með Vesturlandsveginn er jeg ánægður. Þar vantar ekki á nema lítið eitt, sem jeg veit, að hv. þm. munu umtölulaust veita fje til, þegar þar að kemur.

Óska jeg svo, að frv. þetta gangi til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 19 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 70, n. 121).

Bjarni Jónsson: Jeg hefi að vísu ekkert nál. sjeð, því að það mun ekki vera til, nema þá þessi ullarlagður, sem vegamálastjóri hefir hnýtt á ermi hv. samgmn. og hún er svo upp með sjer yfir, þar sem hann segir, að Norðurlandsvegur frá Dalsmynni að Hrútafjarðará sje aðeins 25 km. í óbygð, það er að segja, vegurinn yfir Holtavörðuheiði. Þeir, sem farið hafa þessa leið, munu þó telja veginn milli Fornahvamms og Sveinatungu liggja í óbygð, og bætist þar góður spölur við. En nefndin hefir, bæði í þessu og öðru, látið vegamálastjóra telja sjer trú um alt, sem honum þóknaðist.

Jeg hefi nú að vísu ekki gert till. um að flytja þennan veg, enda þótt vegamálastjóri gefi það fyllilega í skyn. Hjer er aðeins lagt til, að tekinn verði í tölu þjóðvega vegur milli landsfjórðunga, sem liggur að mestu leyti um bygðir. Ef góður vegur er lagður fram Laxárdal, má svo heita, að allur vegurinn liggi um sveitir. Engum mun dyljast, að betra sje og gagnlegra, að þjóðvegir liggi fremur um sveitir heldur en fjöll og firnindi, þar sem hægt er að koma því við. Jeg hefi sjálfur oft farið þessa leið, og veit, að tímatöf, sem af því leiðir, er mjög lítil í samanburði við að fara Holtavörðuheiðarveginn. Jeg gæti trúað, að muna kynni 2—3 klukkustundum á tímalengdinni. Jeg þori að vísu ekki að vefengja þær tölur, sem vegamálastjóri greinir um vegalengd, en eftir minni eigin þekkingu á báðum leiðunum efast jeg þó um, að hjer geti engu skeikað.

Þá get jeg ekki sjeð neitt í nál. um veginn frá Búðardal og yfir Laxárdalsheiði. Jeg fæ ekki sjeð, að nefndin hafi að nokkuru leyti tekið það merkilega atriði til íhugunar. Það ætti þó að vera öllum ljóst, hvílíkur munur er á því, að geta stigið af skipsfjöl í Hvammsfirði og komist á vagni norður, og því næst á Húnaflóabát, eða vera á margra daga volki kringum alla Vestfjörðu. Með þessu móti gæti t. d. kaupafólk, sem ætlaði til Skagafjarðar, komist þangað á 3 dögum, í stað 6 nú. Mjer finst því, að engum ætti að dyljast sú nauðsyn, að gera þann veg að þjóðvegi. Annars veit jeg, að hv. þm. Húnv. skilja þetta mál eins vel og jeg og augljósa gagnsemi þess fyrir sína sýslu og aðrar norðursýslur á sínum tima, og þá býst jeg ekki við, að hv. þm. Str. (TrÞ) sjáist yfir hagsmuni síns kjördæmis í sambandi við þetta mál.

Jeg minnist þess, að þá er jeg ferðaðist í Noregi, var jafnan stigið af skipsfjöl í fjarðarbotni, farið yfir fjallgarð til næsta fjarðar á vagni og þar stigið á skipsfjöl aftur, í stað þess að krækja fyrir andnes öll. — Jeg þarf ekki að eyða orðum að því, hversu gagnleg slík tilhögun er. Timi og fje sparast við það, að taka styttri leiðina fram yfir þá lengri.

Það er alveg satt, að þetta er ekki eftir gildandi vegalögum. Nefndin ber fram þær ástæður gegn vegalagafrv. í heild í nál., að þau bindi ríkissjóði of þunga bagga, og raski auk þess jafnvægi milli einstakra hjeraða.

Frv. mitt felur auðvitað í sjer breytingu, því að það er um breytingu á vegalögunum, en sú breyting er aðeins til góðs og gagns. Tæplega verður það til sanns vegar fært, að það raski jafnvægi milli hjeraða, þar sem Vesturland alt, að undanteknum Vestfjörðum, og alt Norðurland nýtur góðs af breytingunni. Svo víðtæk er nytsemi hennar.

Jeg skal að lokum taka það fram, að jeg mun ekki taka þetta frv. aftur, enda þótt jeg kunni að gera brtt. við það við 3. umr. Það er því alveg óhætt að samþ. frv. þangað til.

Annars vildi jeg æskja þess, að bæði hv. samgmn. og aðrar nefndir, er um mál fjalla, vildu láta svo lítið að athuga málin að einhverju leyti, í stað þess að afgreiða þau frá sjer með dagskrá og geyma til seinni þinga. Það gæti farið svo, að talsvert yrði að gera á síðasta þinginu, sem haldið verður, ef þeim upptekna hætti er haldið áfram. Annars mun jeg láta hjer staðar numið og aðeins endurtaka það, sem jeg áður hefi sagt, að jeg tek ekki frv. aftur, en mun koma með brtt. við 3. umr.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Jeg get ekki láð hv. þm. Dala (BJ), þótt hann sjái eftir þessu frv. sínu, ef það fellur, því það er óneitanlega veigamesta frv., sem borið hefir verið fram í þessa átt nú á þinginu. En þar þykir mjer hann taka djúpt í árinni, er hann segir, að samgmn. hafi ekkert sjálfstætt gert í þessu máli, heldur aðeins elt vegamálastjóra og hlaupið eftir till. hans. Nefndin athugaði þvert á móti hvert frv. út af fyrir sig rækilega, og sá þegar, eins og segir í nál., að þau hvert um sig og öll í sameiningu brutu þá stefnu, sem upp var tekin með vegalögunum, að tengja með vegi saman helstu hjeruð umhverfis landið, en hinsvegar binda frv. ríkissjóði alt of þunga bagga, ef samþ. yrði. Vegamálastjóri hefir og látið í ljós þá skoðun við nefndina, að sú

þjóðvega-hringbraut, sem þegar er ákveðin, muni geta orðið fullgerð á 7—8 árum, og það jafnvel þótt brýr sjeu bygðar á þeirri leið, ef ekki er bætt nýjum þjóðvegarköflum inn í kerfið.

Jeg get rjett bent á það, þótt jeg búist við, að háttv. deildarmenn hafi tekið eftir því, að þessi sjerstaka breyting, að flytja Norðurlandsveginn frá Holtavörðuheiði í Dali vestur, mundi kosta meira en nemur samanlögðum kostnaði af öllum hinum breytingunum, sem beðið er um. Vegamálastjóri telur nýbygginguna eina á þessum Dalavegi 16 þús. kr., auk aðgerðar og viðhalds.

Hv. þm. (BJ) vildi ekki vefengja mælingu vegamálastjóra og skýrslu hans um veginn yfirleitt. Þess þarf víst heldur ekki, því að maðurinn mun fullfær að dæma um þessi mál.

Rjett má benda á það, í þessu sambandi, að þess yrði líklega langt að bíða, að slík vegarlagning um Dali kæmi til framkvæmda. Jeg á ekki von á, þótt þessi vegur yrði tekinn í tölu þjóðvega, að hann yrði með þeim fyrstu, sem lagðir yrðu, heldur með þeim síðustu. Líklegt er því, að vegur þessi kæmist fyr á, ef sýsluvegur væri og notuð væri heimild til styrks úr landssjóði, eftir lögum nr. 10, 1923, um samþykktir um sýsluvegi. Jeg hefi að vísu ekki aðgætt fasteignamat í Dalasýslu. En í þeim sýslum, sem hafa fasteignir fyrir eina miljón króna — og þær eru margar — er hægt að fá úr landssjóði, eftir lögum frá 1923, 9 þús. krónur móti 6000 kr. framlagi úr sýslusjóði og 15 þús. móti 9000 króna framlagi, þar sem reglan er, að greiða þrefalt gjald frá ríkissjóði móti því, sem fer fram úr 6‰ af fasteignum sýslunnar. Þessvegna er tiltölulega mjög greið gata að því, að fá fje úr landssjóði til sýsluvega, með því að gangast undir sett skilyrði nefndra laga. Með því gætu sýslubúar ráðið því sjálfir, hvenær vegarlagningin færi fram, en væri vegurinn í tölu þjóðvega, mundi hann líklega verða látinn bíða betri tíma og fyrst um sinn notaður vegurinn gamli um Holtavörðuheiði.

Meira þarf jeg ekki að segja í bili. Vildi jeg aðeins bera það af nefndarmönnum, að þeir hefðu ekki athugað frv., en farið eftir tillögum vegamálastjóra athugalaust.

Bjarni Jónsson: Það sannast hjer sem oftar, að sá, sem afsakar sig, hann ásakar sig. Öll ræða hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sýndi greinilega, að nefndin hefir ekkert hugsað um málið. Nú fyrst dettur honum í hug að benda á veg milli fjórðunga, sem Dalasýsla á að leggja. (**SvÓ:** Jeg talaði um sýsluvegi.) Hjer er ekki um neina sýsluvegi að ræða. Hvaða hringbraut var hv. þm. að tala um? Var það norðurleiðin, eða var það hringbraut kringum Íþróttavöllinn? Hverskonar hringekja var hjer á ferðinni? Á hún að liggja yfir Holtavörðuheiði, eða með ströndum og kringum Vestfirði?

Nei, einfaldast verður að ákveða veginn yfir Bröttubrekku og frá Búðardal að Borðeyri. Hitt væri svo mikil fásinna, að jafnvel mestu sparnaðarmönnum þingsins gæti ekki komið til hugar að fleygja þannig fje í óbygðir. Þetta yrði ekkert dýrara, en gerði miklu meira gagn.

Jeg tek ekkert aftur af því, sem jeg hefi sagt. Það er óleyfilegt nefndum þingsins, að taka við málum og hrækja þeim síðan út úr sjer eftir ummælum einhverra manna út um bæ, eða fleygja

þeim frá sjer með rökstuddri dagskrá. En hjer er svo hagað vinnubrögðum, að kosið er í nefndir eftir flokksfylgi, en ekki eftir því, hvort menn hafi vit á málum þeim, sem um þarf að fjalla. Þetta er illa gert. Þingmenn hafa ekki tíma til að setja sig inn í hvert mál, og verða að varpa áhyggju sinni á nefndina. Svo þegar hennar starf er ekki annað en að drepa málið með rökstuddri dagskrá, þá tel jeg þingstörfunum illa farið, og það er hörmulegt, að slíkt komi niður á þessu máli, sem bæði er gott og þarft.

Vona jeg, að hv. þingmenn greiði ekki atkv. móti frv., án þess að færa skynsamleg rök fyrir máli sínu.

Klemens Jónsson: Jeg get ómögulega setið lengur undir þessum umræðum, án þess að svara. Ummæli hv. þm. Dala. (BJ) eru algerlega rakalaus, og lítur út fyrir, að hann hafi ekki kynt sjer málið nægilega, og jafnvel ekki einu sinni lesið nál. Hann talar um rökstudda dagskrá í sambandi við nefndina, og að hún vilji vísa málinu til stjórnarinnar, en nefndin leggur ekki neitt þvílíkt til, heldur leggur hún beinlínis til, að frv. sje felt.

Þá er annað, sem jeg leyfi mjer að mótmæla algerlega. Hann segir, að nefndin hafi ekkert um málið fjallað, en látið nægja að fara til einhvers manns úti í bæ til þess að fá tillögur. Hver er þá þessi einhver maður úti í bæ? Það er vegamálastjóri landsins, maðurinn, sem hefir öll þessi störf með höndum, þekkir þau best og á vitanlega að ráða mestu um skipun þeirra. Jeg get ekki álitið, að hv. þm. (BJ) hafi neinn rjett til þess að tala svo um nefndina sem hann hefir gert, nje um manninn, sem hún, eins og sjálfsagt var, sneri sjer til.

Jeg skal ekki fara út í frv. sjálft, en geta má þess, að það yrði margfaldur kostnaður, að flytja brautina norður í land frá Holtavörðuheiði vestur um Dali. Á Holtavörðuheiði er búið að gera mikil mannvirki, byggja stórt sæluhús, brúa ár o. fl. En þeim mun kunnugt, sem farið hafa um Bröttubrekku, að þar yrði mjög erfitt að leggja veg.

Aðallega vildi jeg mæla á móti ummælum hv. þm. Dalamanna um nefndina og manninn, sem hún leitaði til, og tel þau alls ekki á rjettum rökum bygð. Nefndin hefir rannsakað málið fullkomlega og alls ekki kastað til þess höndum.

Bjarni Jónsson: Jeg mundi ekki, að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var í þessari nefnd. Annars hefði jeg sjálfsagt látið í ljós undrun mína yfir því, að hann skyldi láta þetta mál fara svo illa karað frá nefndinni.

Hitt, sem jeg sagði um rökstuddar dagskrár, átti ekki þessi nefnd ein. Aðrar hv. nefndir í þessu þingi áttu vissulega bróðurpartinn af því, sem jeg sagði. En um vinnubrögð Alþingis yfirleitt er það að segja, að þar eru þau verstu vinnubrögð, sem jeg þekki, og líklega þau verstu á jarðríki. Þetta er hverju máli sannara og verður ekki móti mælt. Hv. þm. hefir lagt of mikið upp úr þessu um þennan eina mann, því að margir áttu að skifta á milli sín þessu, sem jeg sagði. Það getur verið rjett, að leita álits vegamálastjóra, en hitt er ekki rjett, að kasta allri skynsemi, láta hnýta í sig svartan ullarlagð og reka sig eftir vissum götum.

Jeg sje ekki ástæðu til að taka neitt

aftur af því, sem jeg hefi sagt, en vænti þess, að háttv. deild samþykki frv. þetta.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla að láta hv. þm. Dala. (BJ) vita, að þetta mál var mikið rætt í nefndinni, því að einn nefndarmanna var honum samþykkur um, að rjett væri, að vegurinn lægi yfir Bröttubrekku og Dali og eftir Laxárdal. En þegar um svo lítinn minnihluta var að ræða, sýndist tilgangslítið að kljúfa nefndina. Maður getur haft sína skoðun fyrir því. Jeg sýndi fram á, að það væri rjett hjá hv. þm. Dala., að þarna væri miklu skemri leið yfir óbygðir. En kostnaður við vegarlagninguna yrði mikill, líklega um 170 þús. kr. Þar sem ekki liggur fyrir að gera neinar stærri vegarumbætur í Norðurárdalnum eða á Holtavörðuheiði, finst mjer frv. vel geta beðið.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það er aðeins örstutt athugasemd út af orðum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Jeg man ekki eftir, að þetta nýmæli hans um fylgi í nefndinni við frv. á þskj. 70 hafi komið fram á nefndarfundum. Það hefir þá verið í lágum hljóðum talað og engar umræður vakið.

Nú lít jeg að vísu svo á, að umræðurnar um þetta mál sjeu meira til gamans orðnar en nauðsynja. Jeg a. m. k. skil hv. þm. Dala. svo, að hann sje vonlaus um framgang málsins, en vilji aðeins skemta okkur með fyndni sinni, núna í vikulokin. Mjer hefir jafnvel skilist, að honum væri ekkert sjerstakt kappsmál um þetta frv., heldur hefði hann gaman af að glingra við okkur og senda okkur tóninn. En nú er hv. þm. víst „dauður", og jeg býst við, að hann áliti því hjeðan af skyldu sína að þegja. En ef hann skyldi finna upp á því, að ganga aftur, vildi jeg leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að láta hann ekki ríða hjer görðum og grindum fram í fundarlok.

Annars kemur mjer í hug, ef nokkur alvara liggur á bak við þessa tillögu hv. þm. Dala., um að fá fá veg lagðan vestur í Dali, að hv. þm. (BJ) þætti þægilegt að hafa hann, ef hann þyrfti að skreppa skjótlega vestur þangað til þess að skakka leikinn hjá hreppstjórum og oddvitum, sem væru á skaflajárnuðum gæðingum að reka hreppakerlingar af höndum sjer, eins og þm. upplýsti um í gær, að ekki væri ótítt í sveitum þar. Þetta væru þá auðvitað nokkur meðmæli með vegarlagningunni!

Að öðru leyti skal jeg ekki eyða tíma í þessar þýðingarlitlu umræður.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki tefja lengi hv. deild. En jeg vildi ekki láta hv. frsm. nefndarinnar haldast uppi að fara með þau ósannindi, að ekki einn maður, hvað þá fleiri, hefðu verið frv. hlyntir, því að við vorum það báðir, hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og jeg.

Þegar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) slær þessu fram og öðru eins, fer jeg mjög að efast um, að heyrn hans sje í góðu lagi. Og jeg vil leyfa mjer að segja, að það fer mjög illa á því, að frsm. nefndar segi meðnefndarmenn sína fara með ósannindi.

En hv. þm. Dala. vildi jeg segja það, að jeg mun fyrirgefa honum hans ummæli, með því að augljóst er, að hann veit ekki hvað hann er að gera.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi aðeins vekja athygli á því, hvernig hv. frsm. (SvÓ) kemur upp um vinnubrögð nefndarinnar, þar sem hann þrætir við 2 menn úr nefndinni og segir, að þeir hafi ekki sagt það, sem þeir telja sig hafa haldið fram. Hv. þm. (SvÓ) ætti að skaflajárna athygli sína, áður en hann ríður næst út á sitt athugaleysissvell.

ATKVGR.
Frv.gr. feld með 14 : 2 atkv.

Forseti lýsti frv. fallið.

---

10. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (þmfrv., A. 47).

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Pjetur Ottesen): Jeg sje ekki ástæðu til að fara nú á þessu stigi að innleiða umræður um þetta mál. Eins og menn muna, var mikið rætt um það á síðasta þingi. Jeg get því látið mjer nægja að vísa til þeirra ástæðna, sem þá voru bornar fram með málinu. Aðeins vil jeg benda á það, að sú eina breyting, sem gerð hefir verið á frv. frá því í fyrra, er sú, að ákvæðið um rjettindamissi nái eingöngu til skipstjóra á fiskiskipum. Er með þessu ekki neitt brotið í bág við stefnu nje tilgang frv., en raddir hafa heyrst, að frv. myndi talið aðgengilegra, ef þessi breyting yrði á því gerð.

Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vil óska þess, að frv. verði, að lokinni umr., vísað til sjútvn.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 47, n. 127, 139).

Ágúst Flygenring: Þar sem frsm. þessa máls er ekki viðstaddur, og ekki heldur sá, sem borið hefir fram brtt. við frv., vil jeg leyfa mjer að óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 47, n. 127, 139).

Frsm. meirihl. (Jakob Möller): Það er sjálfsagt óþarft að orðlengja mikið um þetta frv. nú, sem var svo ítarlega rætt á síðasta þingi. Eins og frv. liggur nú fyrir, er það að vísu dálítið breytt frá því, sem það var í fyrra. Breytingin er í því fólgin, að í stað þess að svifta hina brotlegu skipstjóra æfilangt öllum skipstjórnarrjettindum, á hvaða skipi sem var, er nú það vægara í sakirnar farið, að farið er fram á svifting rjettar til skipstjórnar á fiskiskipum einum um eitt ár við fyrsta brot, en tvö ár fyrir annað brot, en æfilangan rjettindamissi leiðir þó af broti í þriðja sinn. Annars hefði það átt að nægja, að svifta

mennina rjetti til skipstjórnar á botnvörpuskipum einum. En það er þó ekki þetta, sem gerir mest um andstöðu meirihl. nefndarinnar gegn þessu frv. Nei, meirihl. lítur svo á, eins og kom svo skýrt fram í umræðunum um þetta mál í fyrra, að það sje mjög óviðeigandi í allri löggjöf að fara að eins og frv. leggur til, að ákveða aðra hegningu fyrir innlenda menn en erlenda. Í öðru lagi skiftir það eigi svo miklu máli, hvernig landhelgisgæslunni er framfylgt gagnvart innlendum mönnum, því að fjöldi hinna erlendu botnvörpuskipa er svo yfirgnæfandi, að það gerir lítið til, hvernig þeir innlendu haga sjer.

Þetta, að ákveða strangari hegningu fyrir innlenda menn, er því bæði ósanngjarnt og næstum hlægilegt, þegar það er athugað, hversu lítil áhrif þeir hafa á veiðarnar í landhelgi. Auk þess er það afarhart að gengið, að svifta menn skilyrðislaust rjettindum fyrir það eitt, að hafa máske vilst óvart inn fyrir landhelgislínuna. Hitt er annað mál, þó að þessi hegning væri lögð við broti, sem augljóst væri um, að menn hefðu framið af ásettu ráði og vitandi vits um að þeir væru að traðka landhelgislögunum, t. d. þegar menn eru staðnir að veiðum langt inni í fjörðum o. s. frv. En samkvæmt orðalagi frv. gæti það vel komið fyrir, að alsaklaus maður, sem óafvitandi hefði farið inn fyrir línuna, verði fyrir þyngstu hegningu laganna, og þar við bætist, að honum er varnað eftirleiðis að vinna fyrir sjer á þann hátt, sem hann hefir lært til og áður haft að aðalstarfi. Í öðru lagi ber að athuga, hvaða afleiðingar þessi ákvæði gætu haft í framkvæmdinni. Það vita allir, hversu þýðingarmikið það er fyrir útgerðarmennina að halda sem lengst í góða og æfða skipstjóra. En það varðar ekki aðeins útgerðarmennina, hvort útgerðin gengur vel eða illa, heldur varðar það miklu hag landsins í heild. En mundi ekki einmitt þetta valda því, þegar annarsvegar væri um rjettindamissi skipstjórans að ræða, að slælegar yrði framfylgt landhelgisgæslunni. Mundi það ekki þykja viðurhlutamikið, að láta ef til vill óviljaverk eða vafasama sekt verða til þess að svifta fiskiflotann duglegustu fiskimönnunum. En hinsvegar væri á það að líta, hvað svo yrði um þessa menn, ef þeir yrðu að hröklast í burtu. Það er ekkert líklegra en að þeir leituðu sjer atvinnu einmitt hjá keppinautunum og hjeldu áfram að stunda fiskiveiðar hjer við land á útlendum skipum, og væri það lítill hagur landinu, eða að þeir yrðu allir „leppaðir“ áfram á skipunum.

Meirihluti nefndarinnar álítur því aðeins vera einn veg í þessu máli til góðrar úrlausnar, og það er að efla strandgæsluna svo, að lögbrotum verði eigi komið við. Hörð refsiákvæði, sem illa er framfylgt, gera fremur ógagn en gagn. Það er ákaflega tvíeggjað, að setja svo þung refsiákvæði í lög, að þyngri sjeu en rjettmætt er að almenningsáliti eða sanngjarnt, því að það gerir eftirlitið miklu slælegra og hefir alment siðspillandi áhrif. Hinsvegar er altaf opin leið fyrir löggjafarvaldið að herða á sektarákvæðunum, ef þau reynast of væg, og ákveða sektarfjeð svo hátt, að landhelgisveiðar borgi sig alls ekki, enda kæmi slík refsing jafnt niður á erlendum sem innlendum lögbrjótum. Það gæti jafnvel komið til mála, að gera skipin upptæk, því að það kæmi einnig jafnt niður á öllum, og er jeg

hissa á, að hv. flm. hafa eigi sett ákvæði í þá átt í frv. Það lítur jafnvel svo út, að þeir vitandi vits vilji gera upp í milli innlendra og erlendra lögbrjóta. Jeg verð að segja, að eftir þá útreið, sem þetta frv. fjekk í fyrra, er jeg hálfhissa á, að það skuli hafa verið tekið upp aftur að nýju. En við því er þó í rauninni ekkert segja, og er sjálfsagt, að málið gangi sinn venjulega gang, enda munu afdrifin og verða lík nú og í fyrra.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Háttv. þingdeild er þetta mál fullkunnugt frá síðasta þingi, og mun þó ekki, að því er virðist, vanþörf á að fara enn um það nokkrum orðum.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi, að okkur hefði átt að nægja að svifta menn skipstjórnarrjetti á togurum einum, og getum við fallist á það. Munum við flm. frv. flytja slíka brtt. við næstu umræðu. En hvað snertir brtt. hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), þá erum við algerlega mótfallnir tillögu hans um að sleppa mönnum við rjettindamissi við fyrsta brot. Till. þessa hv. þm., einkum viðvíkjandi fyrsta broti, ríða algerlega í bág við anda og stefnu frv. og miða að því einu, að gera að engu það gagn, sem að frv. má verða. Ef rjettindamissirinn kemur ekki þegar við fyrsta brot, þá hverfur það aðhald, sem frv. á að verða, að mestu, því að þá þurfa ekki aðrir neitt að óttast en hinir fáu, sem einu sinni hafa orðið uppvísir að landhelgisbroti og hlotið hegning fyrir.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) lagði mikla áherslu á, að hegningin væri of hörð, vegna þess, að skipstjóri kynni óvart að hafa slæðst inn fyrir landhelgislínuna, en það mun afarsjaldgæft, að slíkt hendi menn óviljandi, þó að það geti komið fyrir, t. d. í þoku eða dimmviðri, en þá er hinsvegar einnig örðugra fyrir strandvarnarskipin að klófesta þá, sem þetta hefði hent, og mun það tilviljun ein, ef þeir yrðu teknir í landhelgi af þessum ástæðum. Það mun og afarsjaldgæft, að lög sjeu brotin óvart eða óviljandi. Og ætti að fara að setja það í lög, að aðeins megi hegna þeim einum, sem sannanlega brjóta lögin að yfirlögðu ráði, mundi það draga mjög úr gagni og áhrifum þessa frv. Reynslan hefir sýnt það um þessa brotlegu skipstjóra, að þeir eru oft undarlega minnissljóir og vita furðulítið, þegar um veiðar í landhelgi er að ræða.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) benti á það, að það væri ilt að missa á brott til útlanda reynda og góða skipstjóra. Það eru ekkert fremur góðir en illir, sem fyrir þessu mundu verða, en þessi röksemd hans dugir því aðeins, að þeir skipstjórar sjeu einir taldir góðir, sem mest brjóta lögin. Þá gæti vel verið, að frv. okkar yrði til þess að fæla á brott góðu skipstjórana, ef þeir eru góðir, sem fiska mest ólöglega. Hann endurtók það, sem oft hefir áður verið sagt í þessu máli, að það væri aðeins eitt, sem hægt væri að gera í þessu efni, og það væri að auka strandgæsluna. En þetta er rangt. Það er fleira, sem þarf með, til að koma í veg fyrir lögbrotin. Hegningin þarf að vera þar með. Það er löggæslan og hegningin í sameiningu, sem varna lögbrotunum. Löggæslan er aðeins einn þátturinn í landhelgisgirðingunni. Hún þarf að vera þríþætt: sektirnar, hegning skipstjóranna og landhelgisgæslan. Það er einmitt þetta góða við frv., að það felur í sjer hegningu á sjálfa sökudólgana, en hana hefir til-

finnanlega vantað í landhelgislöggjöfina. Til þessa hefir aðalhegningin lent á útgerðarmönnunum, og þó það að vísu sje rjettmætt, vegna þeirra hagsmuna, er útgerðin hefir af lögbrotunum, þá mælir öll sanngirni með því, að nokkur hegning lendi og á þeim, sem fremja brotið. Þetta ákvæði, að rjettindamissirinn sje æfilangur við þriðja brot, er rjettmætt. Maður, sem þrisvar sinnum er staðinn að broti, er eflaust búinn að traðka lögunum svo oft, að hann á það fyllilega skilið að verða sviftur öllum rjetti til að fara með botnvörpuskip. Það er að vísu satt, að það er leitt að geta ekki hegnt erlendum skipstjórum á sama hátt. En til þess höfum vjer ekki vald, og því er ekki rjettmætt að halda því fram, að við sjeum með þessu að ofsækja innlenda skipstjóra; íslenskt löggjafarvald nær ekki í þessu efni til þeirra erlendu. En við álítum hinsvegar, að sök hinna innlendu lögbrjóta sje stærri og meiri en þeirra erlendu. Bæði er það, að innlendu skipin hafa að jafnaði betri tæki, t. d. hafa loftskeytatækin nokkur áhrif á landhelgisveiðar, og auk þess betri aðstöðu vegna þess, að þau hafa stöðugra og betra samband við land. Þá vegur það og mikið, að af innlendum skipstjórum má krefjast meiri samúðar og meiri skilnings á högum manna á landi, sem verða fyrir tjóni af ólöglegum veiðum, en af erlendum mönnum. Það er einmitt af þessum ástæðum, að meiri samúðar ætti að mega vænta af innlendum mönnum með þeim, sem landhelgisveiðarnar gera mest tjón, að við berum hiklaust fram þetta frv., þó að það hafi í för með sjer nokkru harðari hegningarákvæði fyrir innlenda skipstjóra en hægt er að beita gagnvart hinum útlendu.

Jón Auðunn Jónsson: Háttv. flm. frv. hafa nú lýst því yfir, að þeir geti ekki sætt sig við brtt. minar, vegna þess, að þær geri frv. þeirra að engu. Jeg sje nú ekki, að svo sje. Það mun ekki eiga sjer stað, að mönnum sje hegnt jafn-harðlega fyrir fyrsta brot, sem þá hefir hent í lögreglumálum, og því er þetta ákvæði frv., að svifta menn skipstjórnarrjetti við fyrsta brot, einstakt í lögreglumálalöggjöfinni. Það er ekki rjett, að engin hegning sje ákveðin við fyrsta brot gagnvart skipstjórunum í gildandi lögum. Jafnvel fangelsishegning getur komið til mála eftir gildandi lögum. Við fyrsta broti vil jeg ekki láta liggja aðra hegningu en þá, sem nú er.

Foringinn á strandvarnarskipinu hjer sagði mjer í fyrra, að það kæmi oft fyrir, að menn vissu ekki, hvort þeir væru 100 föðmum fyrir innan landhelgislínuna eða utan. Þegar menn hafa haft langa útivist, leitað víða miða og ekki sjeð land dögum saman vegna dimmviðris, er það eigi ávalt á færi skipstjórans að vita með vissu, hvar hann er. Jeg álít því þessa hegningu of harða, og það er betra, að dómur sje of vægur en að saklaus maður fái þunga refsingu. Hitt er rjett, að þyngja hegningu fyrir ítrekað brot, en jeg kann illa við það, að hegning fyrir lögregluafbrot sje æfilöng. 5 ára rjettindamissir ætti að vera næg hegning. Það er mjög sjaldgæft, að skipstjórar fái togara aftur eftir 5 ár. Þekki jeg engin dæmi þess, að það hafi komið fyrir. Á Englandi kemur t. d. aldrei fyrir, að maður, sem hefir mist rjettindin eða verið í landi í 2 ár sam-

fleytt, fái skip aftur. Það er engin efi á því, að strandgæslan er besta vörnin gegn lögbrotum. Sást það t. d. best á Vestfjörðum í fyrra, eftir að varðbáturinn „Enok" tók til starfa, þó sú vörn væri mjög ófullkomin. Þessvegna álít jeg, að frv. þetta komi að litlu gagni, en vænti þess, að hjer á þessu þingi, verði betur ráðið fram úr þessu máli, svo að slík lagasetning sem þessi verði alóþörf En þar á jeg við, að fest verði kaup á eða smíði hafin á nýju landhelgisgæsluskipi. Jeg hefi ekki á móti því, að menn, sem staðnir eru að ítrekuðum brotum, missi rjettindi sín, en hitt tel jeg órjettlátt, að maður, sem brýtur óvart eða sannanlega er saklaus, verði látinn sæta rjettindamissi, þó að hann hittist innan landhelgi. Þeir, sem ekki geta aðhylst brtt. mínar, gæta ekki hófs, og þá er þess von, að mál þeirra fái daufar undirtektir hv. þdm.

Ágúst Flygenring: Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) er búinn að taka flest það fram, sem við höfum á móti þessu frv., en jeg vil skjóta því til háttv. flm., að íhuga, hvaða áhrif frv. gæti haft á strandvarnirnar. Það stendur svo á, að fjöldi brotlegra togara, eða jafnvel flestir, eru teknir af varðskipinu svo nærri landhelgislínunni, að yfirmönnum varðskipsins næstum blöskrar að þurfa að draga skipin fyrir lög og dóm, vegna þess, að þeir eru stundum ekki vissir um, nema ónákvæm athugun gæti orsakað, að menn yrðu þannig ranglega ákærðir, og ef þeir vissu, að slíkur rjettindamissir lægi ávalt við, ef menn yrðu dæmdir fyrir ólöglegar veiðar, ætli þá gæti ekki stundum átt sjer stað, að það væri freisting fyrir liðsforingjana að láta togarana sleppa. Strandvarnarskipsforingjar eru eins gerðir og aðrir menn, þeir geta alið mannlegar tilfinningar í brjósti.

En svo er annað, sem flutningsmenn ekki hafa tekið í reikninginn: skipstjórinn íslenski missir rjettindi til skipstjórnar, eftir að hafa verið staðinn að ólöglegum veiðum, en hann missir ekki rjett til þess að vera áfram á skipinu sem háseti, stýrimaður eða auk hinnar lögskráðu skipshafnar sjer til skemtunar — máske sem fiskilóss.

Á þennan hátt gætu skipstjórarnir því eftir sem áður haft fulla stjórn yfir skipunum, þó að þeir hafi orðið brotlegir gegn landhelgislögunum, og því að nafninu til verið sviftir skipstjórarjettindum. Eins og háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) tók fram, sje jeg ekki, að hægt verði að ráða bót á landhelgisbrotum á annan hátt en með bættri landhelgisgæslu.

Ef jeg væri viss um, að hegning sú, sem frv. þetta fer fram á, kæmi þar niður, sem helst skyldi, væri ekki langt frá mjer að fylgja frv. En þar sem í því er fólgið hið mesta misrjetti milli innlendra og útlendra skipstjóra, sje jeg ekki, að það hafi neina tilætlaða þýðingu og get því ekki fylgt því; sje yfir höfuð ekki, að bætt verði úr landhelgisvarnarmálinu með því að setja harðari refsiákvæði gagnvart innlendum skipstjórum en útlendum.

Pjetur Ottesen: Jeg get tekið undir með háttvirtum framsögumanni meirihl. (JakM), að það muni ekki hafa mikla þýðingu að ræða þetta mál mikið nú, því að fátt muni komið fram í því, sem ekki kom fram á síðasta þingi. En þó má benda á, að frv. það, um þetta efni, sem jeg flutti á síðasta þingi, hefir

vakið mikla eftirtekt úti um bygðir landsins og ýmislegt verið um það rætt utan þings, sem drepa mætti á. Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hjelt því fram, sem andmælum gegn frv., á síðasta þingi, að þýðingarlaust væri að setja inn í lögin svona ströng refsiákvæði, sem ekki ættu stoð í almenningsálitinu. En þetta stafar af ókunnugleika háttv. þm. á áliti og skoðun þeirra manna á þessu máli, sem búa í þeim landshlutum, þar sem menn verða að draga fram lífið með því að stunda sjóróðra, annaðhvort á opnum bátum eða litlum vjelbátum, og geta þar af leiðandi ekki sótt aflann langt á haf út. Þessir menn eru kunnugastir athæfi togaranna, og þeir líta undantekningarlaust svo á, að slík refsiákvæði sem þessi væru mikil trygging fyrir því, að skipstjórarnir mundu frekar skirrast við að veiða í landhelgi en þeir hafa gert hingað til, þar sem þeir ættu þá allmikið á hættu sjálfir. Meðal þessara manna hafa einmitt heyrst margar raddir, sem talið hafa það mjög vanráðið af Alþingi, að hafa ekki sett slíkt ákvæði inn í lögin, og þarf í því efni ekki annað en benda á ýmsar blaðagreinar um þetta og þingmálafundarsamþyktir. Jeg held því, að óþarfi sje að óttast, að slík refsiákvæði sem eru í frv. þessu, fyndu sjerstaka linkind í almenningsálitinu, þegar þess er ennfremur gætt, að þetta er refsing fyrir brot, sem hafa mikil áhrif á bjargræðisvegi og afkomu landsmanna. Því að enginn neitar því, að það hnekkir stórkostlega efnahag og afkomu landsmanna, hversu landhelgin er fótum troðin af togurunum, og það má benda á heila hreppa, sem eru beinlínis að leggjast í auðn af þessum sökum.

Það hefir verið tekið fram, að mikil bót sje í þessu ákvæði, þó að það nái aðeins til innlendra skipstjóra, því að alkunnugt er, að innlendir skipstjórar eru mjög ásælnir í að veiða í landhelgi, og það einmitt á þeim stöðum, sem landhelgisveiðarnar eru bagalegastar landsmönnum. En hinir útlendu fylgja þeim eftir, oft og tíðum, því að þeir hafa komist að raun um, að þeir væru óhultastir í landhelginni, þegar þeir geta verið þar samtímis hinum innlendu. Þetta er ofurvel skiljanlegt, þegar þess er gætt, sem nú er orðið opinbert leyndarmál, að loftskeytatækin, sem nú eru komin á flesta innlenda togara, eru mest notuð til þess að aðvara þá um, hvenær þeim sje óhætt, varðskipsins vegna, að vera í landhelgi. Þeir, sem mest hafa orðið fyrir barðinu á yfirgangi togaranna í landhelginni, telja útlendinga á þennan hátt haga veiði sinni mjög eftir þeim innlendu.

Af þessum orsökum er því mikil trygging í þessu refsiákvæði, þó aldrei nema það nái ekki nema til íslensku skipstjóranna. Með þessu er jeg alls ekki að segja, að útlendir togaraskipstjórar hafi ekki sýnt og sýni ekki enn ásælni við landhelgina, þó þeir sjeu ekki í fylgd með íslenskum togurum. Síður en svo. En hitt er staðreynd, að þeir kosta mjög kapps um að fylgjast með íslenskum togurum að landhelgisveiðum, því á þann hátt telja þeir sig miklu öruggari fyrir því, að verða ekki handsamaðir, en sjeu þeir einir síns liðs.

Út af því, sem haldið hefir verið fram gegn þessu máli, að það væri ósanngjarnt að leggja þannig lagaða refsingu á togaraskipstjórana íslensku eina saman, þá hefir áður verið bent á það, og skal jeg þá endurtaka það, að útlendir trollaraskipstjórar verða fyrir hliðstæðri

refsingu, því að þeir missa rjett til skipstjórnar um nokkurn tíma, samkvæmt ákvæðum, sem um það gilda erlendis, að minsta kosti í Englandi og Þýskalandi.

Það skyldi nú engan undra, þó við háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) flytjum frv. þetta, við, sem eigum að gæta hagsmuna þeirra hjeraða, sem mest allra hjeraða hafa orðið fyrir barðinu á yfirgangi botnvörpunganna. Nei, það skal engan undra, þó við viljum koma inn í lögin ákvæði, svo hægt sje að refsa sökudólgunum, og það þannig, að þeim sje nokkur viðvörun í.

Með þessu er að mestu svarað þeim mótbárum, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) hjelt fram gegn frv. þessu, og sömuleiðis háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF). Þessir háttv. þm. töluðu ennfremur báðir um, að þetta refsiákvæði væri mjög ósanngjarnt gagnvart þeim skipstjórum, sem óviljandi væru fyrir innan landhelgislínuna. Jeg skal ekki fortaka, að það geti aðeins komið fyrir, að skipstjórar sjeu óviljandi fyrir innan landhelgislínuna, að þeir hafi vilst inn fyrir. En slík tilfelli eru svo fá, að ekki getur náð nokkurri átt að miða landhelgislöggjöfina við þau. Þegar þess er ennfremur gætt, að togaraveiðar í landhelgi stórspilla fiskiveiðunum bæði í nútíð og framtíð, þá má einskis láta ófreistað, sem að gagni má verða, til þess að vernda landhelgina, og við þessa bráðu og aðkallandi nauðsyn verður að sníða löggjöfina. En ekki hitt, þó að fyrir geti komið, að einstaka skipstjóri villist inn fyrir landhelgina og verði brotlegur af þeim sökum.

Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði meðal annars, að svona ströng refsiákvæði myndu draga úr því, að skipstjórar yrðu kærðir fyrir landhelgisbrot, því að þá myndu yfirmenn varðskipsins frekar sýna þeim linkind, og allra helst, ef þeir hefðu verið svo nærri línunni, að ekki væri alveg ugglaust um, hvort þeir væru sekir eða ekki. Jeg veit þess engin dæmi, að skipstjórar hafi verið dregnir fyrir lög og dóm, án þess að vissa hafi verið, að þeir hafi verið að veiðum í landhelgi. En þess veit jeg aftur mörg dæmi, að skipstjórar, sem staðnir hafa verið að veiðum í landhelgi, hafa þverneitað, hvað eftir annað, að þeir hafi komið þar. Jeg get því alls ekki ætlað það, að þeir, sem stýra varðskipunum, hafi linkind með lögbrjótunum.

Jeg vænti nú, að háttv. þm. athugi betur en á síðasta þingi nauðsyn þá, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, og sú athugun hafi aftur í för með sjer, að fleiri háttv. þingmenn en þá sannfærist um nytsemi þess, og málinu verði því tryggður framgangur á þessu þingi. Á þessu sýnist mjer einmitt bóla nú. Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) var mjög á báðum áttum í fyrra í þessu máli, og flutti þá brtt., sem var hreinn fleygur í málið, en nú er hann skilyrðislaust fylgjandi minnihl. nefndarinnar. Jeg verð auðvitað að segja þessum hv. þm. það til hróss, að þegar búið var að koma fleygnum hans fyrir í fyrra, var hann málinu fylgjandi. Þetta virðist mjer því, ásamt öðru, benda til þess, að málið gangi nú fram.

Frsm. meirihl. (Jakob Möller): Mig furðar ekki, þó að hv. þm. Borgf. (PO) sje áhugamál, að þetta gangi fram, því að hann þykist þá hafa himin höndum tekið, þar sem það skin í gegnum orð hans, að enginn togari muni þora inn fyrir landhelgislínuna, ef frv. verður

samþykt. En það er einmitt miskilningur hjá háttv. flm., hvað þeir halda, að það hafi mikla þýðingu, því að það hefir bókstaflega enga þýðingu, sem sjá má af því, hve sjaldan það kemur fyrir, að íslenskir togarar sjeu sektaðir, í samanburði við þá útlendu, sem liggur í því, hversu íslensku togararnir eru fáir í samanburði við hina. (PO: Það eru þó 8 innlendir, sem eru undir ákæru nú, og dómur þegar fallinn um 3!) Já, en þær ákærur hafa safnast fyrir á löngum tíma, jafnvel svo árum skiftir. Og hvernig er um eitt af þessum skipum? Það vita allir, að það var ekki í landhelgi, þó að varðbáturinn sverji (og það vitanlega í góðri trú), að svo hafi verið, og það verði því kanske dæmt eftir líkum, þó að það sje saklaust. (PO: Í því máli er ekki fallinn dómur ennþá.) Þannig geta því komið fyrir tilfelli, sem skipin geta ekki sannað sakleysi sitt, þó saklaus sjeu. Er nú nokkurt rjettlæti í því, þegar slík tilfelli koma fyrir, og skipin verða að greiða háa sekt fyrir brot, sem þau hafa ekki framið, að svifta líka skipstjóra þeirra rjettindum, jafnvel ævilangt? — Jeg svara hiklaust neitandi.

Hv. þm. Borgf. (PO) talaði mikið um þá menn, sem mest yrðu fyrir barðinu á lögbrjótunum. Jeg skal ekkert lá honum, þó að hann beri hag slíkra manna fyrir brjósti. En það er mjer ekki skiljanlegt, hversvegna hann telur þennan yfirgang aðallega íslensku togurunum að kenna. Hversvegna kæra mennirnir þá ekki fyrir dómstólunum, þar sem mjög auðvelt er að koma fram hegningu gagnvart þeim, þó að þeir sjeu ekki teknir af varðskipi? Sannleikurinn er sá, að tilfellin eru mjög fá. Jeg er því hræddur um, að þetta sje reykur einn, sem þessi háttv. þm. og þeir aðrir, sem ástastir eru í þessu máli, hafa þyrlað upp.

Maður kannast vel við sögurnar um, að útlendu togararnir elti þá innlendu inn í landhelgina. En þetta eru eins og hverjar aðrar sögur, sem enginn fótur er fyrir í upphafi, en maður hefir sagt manni og ýmsir orðið svo til þess að trúa þeim.

Það er aldrei nema rjett, að flestir innlendu togararnir hafa loftskeytatæki. En þeir eru fleiri, sem hafa þau, t. d. flestallir franskir togarar. Þessi ásökun á hendur íslensku togurunum er því út í loftið hjá háttv. þingmanni. (PO: Útlendu togararnir hafa ekki samband við land, eins og þeir innlendu.) Háttv. þm. má trúa því, að útlendu togararnir geta fengið samband við land, sem kemur þeim að fullu gagni, ef þeir telja þess þörf.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi vefengja það, að fyrir gæti komið, að togararnir færu óviljandi inn í landhelgi. Um það skal jeg ekki deila við hv. þm., því að jeg þykist vita, að hann hafi heyrt mörg dæmi þess — að minsta kosti það, sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði eftir foringjum varðskipsins.

Í slíkum lögum sem þessum verður að minsta kosti að heimta, að fullkomnar sannanir sjeu fyrir um, að skip það, sem kært er, hafi verið í landhelgi, þegar svifta á menn rjettindum. Því altaf geta komið fyrir vafatilfelli, eins og dæmið um skip það sýnir, er varðbáturinn í Garðinum kærði. Þarf því að setja inn ákvæði um, að þeir skipstjórar missi ekki rjettindi, sem dæmdir eru eftir líkum. Vænti jeg því, að brtt., sem

gengur í þá átt, verði tekið vel, ef málið skyldi þó slysast til 3. umr.

Háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að þeir skipstjórar væru kallaðir góðir, sem mikið fiskuðu í landhelgi. Þetta er vitanlega argasti útúrsnúningur; ummælin slitin út úr sambandi. En vitanlega getur það hent góða skipstjóra að lenda óviljandi inn fyrir landhelgislínuna, og vitanlega eru þeir líka breyskir, eins og aðrir menn.

Jeg hefi bent á aðra leið til þess að herða á viðurlaginu fyrir landhelgisbrot, sem gengið gæti jafnt yfir alla og því líklegri til að ná tilganginum. Það er enn frekari hækkun sekta og jafnvel upptekt skipsins. Ef sú leið verður farin, er jeg fús til að ljá fylgi mitt. En hin leiðin er bæði ósæmileg og ólíkleg til góðs árangurs. Áhrifin verða þveröfug við það, sem til var ætlast, eins og jeg sýndi fram á í fyrstu ræðu minni og hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) árjettaði svo rækilega.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vildi fyrst víkja nokkrum orðum að hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Hann talaði mjög um það, að refsing sú, er frv. fer fram á að beitt sje við brotlega skipstjóra, sje fágætlega þung. Sjálfur leggur hann þó til, að svifta skipstjóra rjetti til skipstjórnar um fimm ára bil eftir þriðja brot, og lætur fylgja þau ummæli, að það sje í rauninni sama og æfilangur rjettindamissir. Hann er því alveg eins grimmur og við hinir, og hefði gjarnan getað sparað sjer till. sína. (**JAJ:** Jeg taldi refsinguna of þunga við fyrsta brot.) Hv. þm. talaði um, að skipstjórar myndu skirrast við að brjóta í annað sinni, er þeir eiga í vændum hegningu þá, er hann ætlar þeim við annað brot. En því þá ekki að láta þá hina sömu hegningu halda þeim frá að fremja fyrsta brotið? Hann komst að þeirri niðurstöðu í lok ræðu sinnar, að þessi löggjöf væri gagnslaus og óþörf, vegna aukinna landhelgisvarna. En hví bar hann þá fram brtt. sína? Jeg skildi eiginlega ekki afstöðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) í þessu máli. Hann hvarflaði frá einu til annars og var ýmist með eða móti, eða hvorki með nje móti. Jeg vildi því mega vænta þess, að hann tæki till. sína aftur. (**JAJ:** Ætli jeg ráði ekki minum till. sjálfur?) Auðvitað gerir hv. þm. það, en jeg gef honum hjer holt ráð!

Háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) talaði um, að skipstjórar á strandvarnarskipum myndu sleppa sökudólgum af vorkunnsemi, ef þessi ströngu ákvæði næðu fram að ganga. Þó sagði hann jafnframt, að hegningin væri í raun og veru engin, fyrst brotlegir skipstjórar gætu orðið stýrimenn eða fiskiskipstjórar. Þessar röksemdir stangast, og þarf því ekki að sinna þeim frekar.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) tjáði sig fylgjandi hækkuðum sektum. Hann sagði, að frv. hefði enga þýðingu, en þó einnig, að það væri stórskaðlegt. En ef frv. er gagnslaust, þá er það jafnframt hættulaust; og því er þá verið að hamast á móti því? Sami hv. þm. talaði um, að hjer væri verið að þyrla upp ástæðulausum ótta við landhelgisbrot. Jeg get ekki tekið undir með honum, að þessi ótti sje ástæðulaus. Landhelgisbrot er ekki hægt að áætla eftir því, hve fáar kærur berast utan af landinu. Það er enginn hægðarleikur fyrir menn að koma fyrir sig vörnum, þótt ef til vill fimtíu togarar sjeu á veiðum í fjörðum inni að næturlagi og eru allir farn-

ir að morgni, eða þá eru að veiðum í landhelgi í því veðri, sem opnir bátar komast ekki á sjó. Þessum kærum hefir heldur eigi altaf verið svo vel tekið, að það hafi ýtt undir menn að koma þeim frá sjer. Þetta tvent: örðugleikar á því að sanna sekt lögbrjótanna og dauflegar undirtektir yfirvaldanna, hefir lagst á eitt um að gera landhelgisbrjótum hægara fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mintist á togara, sem kærður hefði verið fyrir ólöglegar veiðar, en öll skipshöfnin svarið fyrir landhelgisbrot. Jeg skal ekki víkja að þessu máli, en hv. þm. hefði ekki átt að hreyfa því, síst í því skyni að nota það sem vopn í þessari baráttu. Jeg skal ekkert um þennan skipstjóra segja, en að allur almenningur sje trúaður á sakleysi hans — það hygg jeg sje ofmælt. Hinn ákærði getur verið sekur, þó að eitthvað hafi ruglast í framburði vitnanna.

Frv., sem hjer er fram borið, er endurhljómur af þeim almennu kvörtunum, sem borist hafa úr ýmsum áttum undanfarið um óhæfilegan ágang á landhelgina.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. mars, var frv. tekið til f r h. 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., mánudaginn 16. mars, var f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 47, n. 127, 139).

Sigurjón Jónsson: Afstaða min til þessa máls er hin sama og á síðasta þingi, og ætlaði jeg mjer að komast hjá því að taka til máls að þessu sinni. En það voru nokkur orð, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) ljet falla og sem ekki hefir verið mótmælt enn, sem komu mjer til að standa upp.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að innlendir skipstjórar sæti þyngri refsingu fyrir lögreglubrot en við höfum á valdi okkar að beita við erlenda skipstjóra fyrir samskonar brot. Þessum refsiákvæðum, að svifta innlenda skipstjóra rjettindum, sem þeim hafa verið veitt að lögum, getum við ekki beitt gegn erlendum skipstjórum, hve fegnir sem við vildum. M. ö. o., frv. gengur inn á þá braut, að lögfest sje tvennskonar refsing við sama broti, eftir því, hvort sá, er brotið fremur, er innlendur eða erlendur þegn. Og ekki nóg með það; heldur á sá, sem innlendur er, að sæta þyngri refsingu en hægt er að beita gegn erlendum mönnum. Í löggjöfinni verður ekki gengið út frá öðru en að brotið sje hið sama, hvort sem innlendur eða útlendur maður fremur það. En þar sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) vildi halda því fram, að brot íslensku skipstjóranna væri meira, þá skal jeg einmitt sýna fram á hið gagnstæða. Hv. þm. (ÁÁ) vildi sanna þessa staðhæfingu sína með því, að rjett væri að heimta af innlendum mönnum meiri samúð með landslögum og rjetti og meiri samúð með þeim, sem tjón biðu af landhelgisveiðum, en hægt væri að búast við af útlendingum. Nú er mjer talsvert kunnugt um, að þessu er einmitt svo varið. Íslensku skipstjórarnir sýna innlendum mönnum yfirleitt miklu meiri samúð en hinir erlendu, sem og eðlilegt er og ekkert sjerstaklega þakkarvert. Fyrir vestan land kemur það mjög oft fyrir, að togarar eru að veiðum á sömu slóðum og vestfirskir línubátar, og bera sjómennirnir á línubátunum íslensku tog-

araskipstjórunum þann vitnisburð, að þeir varist af mikilli samviskusemi að skemma veiðarfæri línubátanna, þar sem erlendu skipstjórarnir sýni aftur á móti fullkomið kæruleysi oft og tíðum. Það mun því sönnu næst, að samúð innlendu skipstjóranna sje yfirleitt meiri, sem heldur er ekki að þakka, þó að rjett sje að láta þá njóta sannmælis.

Hitt er annað mál, hvort rjett sje, að löggjöfin ákveði refsingu fyrir brot á þessum grundvelli. Jeg fyrir mitt leyti álít það ekki rjett.

Ef við lítum nánar á þessi landhelgisbrot, þá mun rjettara að telja brot íslensku skipstjóranna minni en hinna erlendu. Sem íslenskir ríkisborgarar hafa þeir rjett til að veiða í landhelgi, annara en botnvörpuveiða. Botnvörpuveiðar í landhelgi er eina landhelgisbrotið, sem þeir geta framið, og hefi jeg enga tilhneigingu til að verja það brot, hver sem það fremur. Auk þess hafa þeir rjett til að gera að afla sínum innan landhelgislínunnar og vinna ýms störf, sem erlendum skipstjórum er allsendis óheimilt. Þeim er alls ekki heimilt að vinna nokkur slík störf í íslenskri landhelgi, hvað þá heldur fiska, og það allra síst með botnvörpu. Þeirra brot verður því altaf stærra en íslensku skipstjóranna.

Í frv. er því ekki aðeins farið fram á að leggja mismunandi refsingu við sama broti, heldur jafnvel að ákveða þyngri refsingu við minna brotinu.

Jeg verð að segja, að íslenskur þegnrjettur þessara skipstjóra fer að verða dálítið undarlegur gripur, þegar hann á að snúast þeim í óhag, þannig, að hans vegna fái þeir þyngri hegningu en erlendur maður, sem fremur svipað eða jafnvel meira brot, því að allar tilraunir, sem gerðar hafa verið til að sanna, að brot innlendu skipstjóranna sje meira, eru mjög fjarri öllum sanni.

Frsm. meirihl. (Jakob Möller): Við hv. þm. Borgf. (PO) þýðir ekkert að deila í þessu máli. Hjá honum er alt klipt og skorið og hið sama upp aftur og aftur. Hefi jeg enga von um að geta sannfært hann. Aftur á móti er jeg ekki alveg vonlaus um hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Þó skeikaði honum, þegar honum finst kenna ósamræmis í röksemdaleiðslu minni gegn frv., þar sem jeg held því fram, að það komi ekki að tilætluðum notum, en muni þó e. t. v. verða til þess að draga úr landhelgisgæslunni. Jeg hefi góða von um, að hv. þm. (ÁÁ) fái skilið, að það er þýðingarmikið atriði og alls ekki hættulaust, ef svo færi. Ef eftirlit með landhelgisveiðum sljóvgast vegna svo ósanngjarns ákvæðis, sem ekki nýtur samúðar almennings, þá leiðir ekki aðeins af því, að sjeð verður í gegnum fingur við lögbrjótana, heldur líka, að öll löggæslan „demoraliserast", og þeir, sem eiga hana yfir höfði sjer, hætta alveg að bera nokkra virðingu fyrir henni. Svo að ef það er rjett, að með svo ósanngjörnu ákvæði verði skotið yfir markið, þannig, að landhelgisgæslan verði lakari, þá er ver farið en heima setið. En jeg get fullvissað hv. þm. (ÁÁ) um það, að mjer er mjög illa við, ef þessi yrði afleiðingin af frv. Og jeg er sannfærður um, að svo myndi fara, að eftirlitið yrði yfirleitt slælegra, ef slík refsiákvæði væru sett í lögin. Og að öðru leyti hefi jeg enga trú á því, að þau geri gagn, ekki einu sinni gagnvart skipstjórunum. Og hvað heildina snertir, gerir það svo sáralítið, þó að jafnvel væri hægt að

bægja íslenskum togurum frá landhelginni, þeir eru svo fjarska lítill hluti af öllum þeim sæg, er veiðar stunda hjer við land. Sannfæring mín er í örfáum orðum þessi: Í fyrsta lagi er þessi lagasetning ranglát. Og í öðru lagi held jeg, að hún komi að engu gagni, heldur geri þvert á móti ógagn og ógagn eitt.

Jeg vil enn á ný taka það fram, sem jeg hefi bæði sagt nú og í fyrra, að ef hv. minnihl. nefndarinnar og hv. flm. vilja fara aðra leið, þá, að herða á refsingunum, þannig, að þær gangi jafnt yfir alla, þá skal jeg fylgja þeim, og það jafnvel svo langt sem þeir kunna að vilja fara, t. d. það, að gera skipin upptæk, ef fiskað er inni á fjörðum og flóum og veiðarfæri manna eyðilögð. Hví vilja þeir ekki fara þá leið? Jeg skora á þá að skýra frá því, hversvegna þeir endilega vilja níðast á íslenskum skipstjórum einum, og það þótt það hafi engin áhrif á landhelgisveiðarnar í heild? Er það af því, að þeir óttast að herða á refsiákvæðunum gagnvart útlendingunum? Þá væri skiljanlegt, að þeir leggja íslensku skipstjórana í einelti. Þá væri það skiljanlegt. En ekki vex samúð mín með þeim við það.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) hefir reynt að færa rök að því, að sök íslenskra skipstjóra, þegar um landhelgisbrot er að ræða, sje minni en erlendra skipstjóra. En honum tókst ekki að sannfæra mig, og geri jeg ráð fyrir, að svo hafi verið um aðra. Þó að íslenskir skipstjórar hafi rjett til að gera að fiski í landhelgi, dregur það ekkert úr sekt þeirra, ef þeir nota þar vörpuna. Ætti þetta að vera öllum augljóst. Um það skal jeg lítið ræða, hversu mikla samúð íslenskir skipstjórar sýni innlendum fiskimönnum eða litla. Margt hefir heyrst og heyrist um það, að þeir sjeu ekki barnanna bestir, hvað spellvirkin snertir, þegar þeir sjá sjer færi. Hitt er vitanlegt, að sjómenn leitast við að hjálpa hver öðrum í sjávarháska, og það á jafnt við um útlenda sem innlenda. En jeg tek þetta fram enn: á þessu byggist það, að innlendir skipstjórar eiga að sæta þyngri refsingu, að þeir hafa betri tök á að brjóta, en ættu hinsvegar undantekningarlaust að hafa þá reglu, að fara aldrei inn fyrir landhelgislínuna til veiða, bæði sakir ungfiskjarins og eins sakir hagsmuna landa sinna.

Hv. frsm. meirihl. (JakM) kom með þá fullyrðingu, að strangari landhelgisgæsla kynni að sljóvga eftirlitið. Hv. þm. vex um of í augum þessi hegning, þegar hann býst við því, að landhelgisverðirnir hætti að gera skyldu sína, ef þessi lög verða samþ. Jeg mótmæli því, að sú hætta geti stafað af þessu, og það er ekki frekari ástæða til þess að ætla það, heldur en að gera ráð fyrir, að lögreglustjóri dragi úr eftirlitli sínu við það, að þungar refsingar eru lagðar á þá, er drýgja glæpi á landi. Hv. þm. (JakM) er altaf að bjóða að fylgja frv., sem fer fram á hækkun sekta, jafnvel í þá átt, að gera skipin upptæk fyrir miklar sakir. Og hann spyr, hversvegna við viljum ekki fara þessa leið. Jeg fyrir mitt leyti kæri mig ekki um hana, meðan það er víst, að hún hefir ekki fylgi meirihluta þingsins. En komi hv. þm. með till. í þá átt og fullvissi mig um, að hún fái samþykki meirihluta þings, þá skal jeg vera honum þakklátur. Segi þó ekki, að þetta frv. yrði þá tekið aftur.

Hv. þm. ættu að taka það til greina, að þetta ákvæði, sem hjer er farið fram

á, nær eingöngu til skisptjóra á botnvörpuskipum. Og við flm. höfum lofað því, að flytja við 3. umr. brtt. þess efnis, að skipstjórar, sem brotlegir verða fyrir þessar veiðar, skuli hafa fullkomin rjettindi á öllum öðrum skipum, bæði fiskiskipum og öðrum. Hegningin er nú ekki meiri en þetta. Og það er ósæmilegt að bera lögreglunni það á brýn, að hún hafi eftirlit sitt minna, ef hún viti, að skipstjórinn muni missa rjettindi sín eitt eða tvö ár. Er hjer og raunar aðallega um fjársekt að ræða, sem er falin í því, að skipstjórinn verður af kaupi sínu þann tímann, sem hann er rjettindalaus.

Annars vil jeg benda á það, að jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, ef frv. nær fram að ganga, að dómarar dæmi útlendinga í hærri sektir en innlenda menn. Að þeir haldi sjer ekki við lágmarkið, eins og venja hefir verið um fyrsta brot til þessa, heldur hyggi á hitt, að sekta útlendu mennina hærra en þá innlendu, af því að þeir innlendu fá auk sektarinnar þessa hegningu. Jeg get skýrt frá því, að jeg hefi heyrt eftir enskum skipstjóra, að þeir útlendu skipstjórarnir myndu ekki bera sig upp undan hærri sektum, ef þessi ákvæði yrðu sett um innlenda skipstjóra. Hygg jeg og, að ekki ætti að vera neitt þessu til fyrirstöðu af dómaranna hálfu, en það má athuga betur til 3. umr. Hitt, sem hjer heyrist, að verið sje að leggja í einelti innlenda menn, sáklausa, og það einkum bestu skipstjórana, er slík fjarstæða, að manni hlýtur að gremjast. Það er eitthvað annað. Hjer er fyrst og fremst verið að verja innlenda menn, og það eftir háværum kröfum fjölda manna, sem hingað til hafa lítillar verndar notið í þessum efnum. Og þó að skipstjórar, sem þrisvar hafa brotlegir orðið, sjeu sviftir rjettindum sínum að nokkru, þá er þar hvorki um óvenjulega nje óeðlilega þunga refsingu að ræða. Ef menn, sem hafa sjerþekkingu á einhverju sviði, misbeita henni, þá er rjett að svifta þá rjettindum sínum. Lækna má t. d. svifta algerlega læknaleyfi, ef þeir hafa þrisvar verið dæmdir fyrir að vanbrúka heimild sína til þess að gefa út áfengisseðla. Að vísu er þetta heimild, en ekki skylda. En rjettlátara væri, að í lögunum stæði, að lækna skuli svifta leyfi til að gefa út áfengisseðla, ef þeir verði eitt sinn dæmdir fyrir vanbrúkun á heimildinni til að gefa út áfengisseðla, og væru þá þau ákvæði hliðstæð þeim, sem hjer er farið fram á um togaraskipstjórana. Jeg vil og benda á það, að eftir núgildandi lögum má svifta skipstjóra rjettindum fyrir brot, sem eru ekki nándarnærri eins stórfengleg og þetta, því að þeir, sem þrisvar hafa verið staðnir að veiðum í landhelgi, munu þar ekki sjaldan hafa komið. Nú má t. d. svifta skipstjóra rjettindum, ef hann ritar ranga leiðarbók. Jeg skal játa, að það er aðeins heimild, en sje það heimilt við fyrsta brot, get jeg ekki sjeð, að dómarinn geti komist hjá að framfylgja því við þriðja brot.

Jeg hefi svo ekki fleiri orð um þetta, en jeg geri mjer það fyllilega ljóst, að í þessu efni standa hagsmunir tveggja aðila hvorir gegn öðrum, þeirra, sem hafa rjett yfir landhelginni, og hinna, sem á þann rjett ganga.

Og heldur kýs jeg að verja þeirra rjett, sem eiga hann.

Frsm. meirihl. (Jakob Möller): Nú greip hv. frsm. minnihl. (ÁÁ) gamla

vopnið, það, að reyna að berja það fram, að andstæðingarnir sjeu að verja annara hagsmuni. Jeg get svarað honum því, að jeg geri það aldrei, og jeg vísa slíkum ásökunum ætíð heim til föðurhúsanna, hvaðan sem þær koma. Jeg hefi margsinnis sýnt og sannað, að jeg get ekki greitt þessu frv. atkv. mitt, blátt áfram fyrir þá sök, að það er ranglátt og vitlaust. Það er rangt að gera mun á innlendum mönnum og útlendum í þessu efni. En nú skal jeg sýna hv. þm. (ÁÁ) fram á, hvernig þetta getur snúist í framkvæmdinni, þannig, að maður, sem sviftur hefir verið skipstjórnarrjettindum í Reykjavík, fer til Hafnarfjarðar og ræður sig þar á togara. Að lokum vil jeg benda hv. þdm. á, að í ræðu hv. frsm. minnihl. (ÁÁ) skaust nú sannleikurinn upp, viljandi eða óviljandi. Hv. flm. hafa borið sig saman við útlenda skipstjóra um, hve langt megi fara í refsiákvæðunum. Já, þeir segja, ef innlendum mönnum verður refsað svo og svo mikið, þá viljum við útlendingarnir ekki mögla út af þyngri sektum.

Er það ekki þetta, sem veldur því, hvernig gert er hjer upp á milli innlendra skipstjóra og útlendra? (ÁÁ: Svara því síðar!) Það er of seint að afturkalla það. Nei, það var eins og jeg sagði, þeir hafa ekki kjark til að herða refsingarnar að því er snertir útlendingana, og vilja því svala sjer með þessu, þó að þeir viti, að það beri engan árangur, því að eins og jeg sagði, að þó að öllum íslenskum togurum væri bægt frá landhelginni, þá hefði það ekki minstu þýðingu fyrir fiskmergðina eða þá menn, sem berjast fyrir tilveru sinni meðfram ströndum landsins, á árabátum með línu eða netum, sem togararnir eyðileggja. Og svo er það líka, eins og allir vita, að það eru mjög fá tilfelli, ef það yfirleitt kemur fyrir, að íslenskir togarar eyðileggi veiðarfæri manna, en hin eru mýmörg, að útlendir togarar geri það. Hv. þm. (ÁÁ) vildi fá tryggingu hjá mjer fyrir því, að meirihl. þingsins fylgdi strangari sektarákvæðum. Hana get jeg ekki gefið. En jeg vil spyrja hann að því, hvaða tryggingu hann hefir fyrir því, að þetta frv. verði samþ. Það var felt hjer í fyrra, og vaninn er sá, að oft eru borin fram frv., sem engin trygging er fyrir, að nái fram að ganga. En hitt ætla jeg, að þeir, sem þessu frv. fylgja, myndu og vera með því að hækka sektir jafnt hjá útlendum og innlendum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi aðeins ekki láta hv. frsm. meirihl. (JakM) vera einan um það, að vísa aftur þeim ósæmilegu aðdróttunum háttv. frsm. minnihl. (ÁÁ), að þeir, sem greiði atkv. gegn þessu frv., geri það af því, að þeir sjeu að verja hagsmuni sjerstakra manna. Jeg get ekki sagt, hvernig því er varið hjá hv. þm. (ÁÁ), en hjá öðrum er til rjettlætistilfinning, sem ekki lætur stjórnast af því, hvort einn eða annar hafi hag af hinu eða þessu. Og svo er þetta líka: Þegar farið er fram á það, að ákveða með lögum viðbótarhegningu, sem er miklu meiri en lágmarksrefsingin, þannig, að dómarinn er skyldur að dæma í hana, eða maðurinn fellur undir hegningarákvæðið án dóms, aðeins samkv. lögunum, þá er raunar, að mínu viti, verið að taka dómsvaldið af dómurunum og hrifsa það í hendur Alþingis. Slíkt get jeg aldrei gengið inn á. Það nær ekki nokkurri átt að leggja svona viðbótarrefsingu ofan á sektarákvæðin,

jafnvel þó að um ógætnisbrot sje einungis að ræða. En það gerir frv. það tekur ekkert tillit til málavaxta. Og þetta verður ekki annað kallað en að dómsvaldið sje dregið úr höndum dómaranna.

Bið jeg hv. frsm. minnihl. (ÁÁ) vel að gæta þess, að fleiri ástæður en hagsmunaástæður einar geta legið til þess, að menn hljóti að verða á móti annari eins fjarstæðu og þetta frv. er.

Jón Baldvinsson: Það er vandlifað í heimi þessum. Um daginn bar jeg fram samhljóða frv. og í fyrra, og þótti það þá vítavert. En nú í þessum umr. ákúrar hv. þm. Borgf. (PO) mig fyrir, að jeg skuli ekki bera fram sömu till. og í fyrra. (**PO:** Jeg var að hrósa því!) Ekki gat jeg skilið tóninn svo. Mjer gat helst skilist, að hv. þm. (PO) vildi þröngva mjer til að vera á móti frv., sem hann sjálfur flytur. En jeg ætla ekki að gera það. Jeg ætla að vera með þessu frv., nú eins og í fyrra. Hann kallaði till. mína fleyg. Það var hún ekki. Jeg taldi aðeins, að sanngjarnast væri að refsa þyngst fyrir þau brot, sem framin eru á þeim svæðum, sem mest tjón hlýst af þeim. Og jeg er enn á sömu skoðun, en bjóst ekki við, að till. mín hefði fremur fylgi nú en í fyrra og kom því ekki með hana, en mun fylgja þessu frv.

Þessa aths. taldi jeg rjett að gera út af ómaklegri árás hv. þm. Borgf. (PO) á mig um daginn.

Pjetur Ottesen: Það var ýmislegt í ræðu hv. frsm. meirihl. (JakM) í dag, og þá ekki síður í ræðu þeirri, sem hann flutti um daginn, er málið var til umr., sem jeg hefði ástæðu til að minnast á. En hv. meðflm. minn og frsm. minnihl. (ÁÁ) hefir nú hrakið þessar ástæður hv. þm. (JakM) svo rækilega og sýnt fram á, á hve röngum forsendum, miklum meinlokum og fjarstæðum þær eru bygðar, að jeg sje ekki ástæðu til að lengja umr. með því að svara þeim að neinum mun.

Hv. þm. (JakM) var að tala um, að við viljum á þann hátt ná markinu, að leggja refsiákvæði á íslenska skipstjóra, sem ekki er hægt að koma fram við útlendinga. Talaði hann í því sambandi um einhvern samning — jeg var í síma, svo að jeg heyrði ekki öll ummæli hans um það. En jeg veit, að meðflm. minn (ÁÁ) svarar þessari aðdróttun. En get á hinn bóginn sagt, af því litla, sem jeg heyrði af því, sem þm. sagði um þetta, að slík ummæli gagnvart mjer og öðrum falla þegar dauð og ómerk niður fyrir fótum þess, er þau leggur sjer í munn. Hitt er margsannað og yfirlýst, ekki aðeins af okkur flm., heldur og af þeim fjölda manna, sem kunnugir eru þessu máli og eiga mikið undir því, að landhelginnar sje gætt, að það, einmitt það, að fara þessa leið, sje sterkur þáttur í því að efla strandvarnirnar. Byggist það á því, eins og margsinnis hefir verið tekið fram, að erlendu skipstjórarnir sækjast mjög eftir að vera í samfjelagi við íslenska botnvörpunga að landhelgisveiðum, af því að reynslan hefir kent þeim, að þá eru þeir öruggari en ella fyrir því, að verða fyrir refsivendi laganna.

Hv. þm. (JakM) sagði, að íslenskir togarar hefðu ekki verið kærðir. Jeg veit þó ekki betur en að 6—8 þeirra hafi legið og liggi undir ákærum og að þrír af þeim hafi þegar verið dæmdir til að borga hinar hæstu sektir.

Mjer finst það vera nokkuð hart af hv. 3. þm. Reykv. (JakM) að fella þann dóm yfir þeim mönnum, sem hafa staðfest framburð sinn um brot trollaraskipstjóranna með eiði, að þeir hafi svarið rangan eið — dómur í því máli, sem þessi ummæli hv. þm. lutu að, er enn ófallinn í hæstarjetti.

En það er ekki hlífst við í neinu. Það er slíkt ofurkapp í baráttunni gegn því, að hegningin fyrir landhelgisbrot bitni jafnframt á sökudólgunum sjálfum, skipstjórunum, að ekki er hlífst við að reyna að gera eiðfestan framburð tortryggilegan og þá, sem þar eiga hlut að máli, að meinsærismönnum. En þetta mikla kapp gegn málinu sannar það fullkomlega, að álit þeirra manna í þessu máli er rjett, sem telja með þessu mjög aukna tryggingunа fyrir því, að landhelgin verði ekki svo fótum troðin eftirleiðis sem hingað til, ef þetta yrði í lög tekið. Þegar verið er að tala um, að hjer sje gerður mikill aðstöðumunur á íslenskum og útlendum skipstjórum, má benda á, að Englendingar og Þjóðverjar beita hliðstæðum ákvæðum og þeim, sem í frv. þessu felast, þannig, að brotlegu togaraskipstjórarnir í þessum löndum missa rjett sinn til skipstjórnar um mismunandi langan tíma, eftir því, hvort um er að ræða fyrsta brot, eða brotið hefir verið ítrekað.

Það er ekki af neinum ótta við útlendinga, að við leggjum til, að íslensku togaraskipstjórunum sje refsað á þennan hátt, síður en svo, og ef hv. 3. þm. Reykv. (JakM) kemur fram með frv. um að hækka sektirnar, munum við flm. þessa frv. ekki skorast undan að fylgja því. Hv. frsm. meirihl. (JakM) taldi fjarstæðu að setja slíkt ákvæði, meðal annars af því, að skipstjóri, sem hefði orðið brotlegur samkv. þessum ákvæðum, þyrfti ekki annað en fara til Hafnarfjarðar, og gætu þeir gerst skipstjórar á togurum þess fjelags, sem illu heilli hefir komist þangað inn. En hjer er um alveg sjerstakt atvik að ræða, og það því fremur, þar sem fullvíst má telja, að svo verði frá fiskveiðalöggjöfinni gengið, nú á þessu þingi, að sú saga endurtaki sig ekki.

Þegar hv. 3. þm. Reykv. (JakM) er að tala um, að meiri brögð sjeu að því, að útlendir togarar eyðileggi veiðarfæri en þeir íslensku, sem nær aldrei yrðu valdir að slíku, þá mætti, í þessu sambandi, benda þm. á, hvernig fara muni þar, sem þeir trolla um bátamiðin þver og endilöng, þar sem bátarnir eru með veiðarfæri sín, og jeg veit, að hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) gæti gefið hv. 3. þm. Reykv. (JakM) upplýsingar um það, hvernig fari með þorskanetin í Garðsjónum, þegar þeir eru að trolla þar á haustin, ljóslausir á nóttunni, og það alveg upp undir landi. Jeg veit, að hv. 1. þm. G.-K. er vel kunnugt um þetta, og hann mun naumast halda svo nokkurn fund þar suður frá, að þeir Suðurnesjabúar beri ekki upp kveinstafi sína yfir þessum búsifjum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) rjeðst á frv. þetta og taldi það fjarstæðu eina. Bygði hann ummæli sín á því, að með þessu móti tæki löggjafarvaldið fram fyrir hendurnar á dómstólunum. Og sjerstaklega væri þetta hart, ef um óviljaverk væri að ræða. Það hefir áður verið á það bent, að þau munu harla fá dæmin til þess um íslensku togaraskipstjórana að minsta kosti, að þeir hafi verið staðnir að landhelgisveiðum án þess þeir hafi

verið þess fullkomlega meðvitandi, að þeir voru að veiða í landhelgi. Það er því öldungis ástæðulaust að vera að heimfæra þetta upp á það, að þessi refsiákvæði sjeu sjerstaklega ranglát.

Hvað það snertir, að Alþingi sje með slíkri löggjöf að taka fram fyrir hendur dómstólanna, nær ekki nokkurri átt. Það verður vitanlega eftir sem áður að kveða upp dóm í slíkum málum, og gangi dómurinn á móti skipstjóranum, byggist það vitanlega á því, að fullar sannanir hafa verið færðar á sekt hans. Kalla jeg annað eins og þetta sje langt seilst eftir andmælum gegn frv.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir reiðst við mig út af því, sem jeg sagði á dögunum, að hann hefði borið kápuna á báðum öxlum í þessu máli í fyrra, og flutt þá brtt., sem ekki hefði verið hægt að skoða öðruvísi en fleyg í málið. En jeg sagði honum það til hróss, að nú hefði hann bætt ráð sitt og legði eindregið til, að frv. næði fram að ganga. Hann hefði líklega setið rólegri, hv. 2. þm. Reykv., ef jeg hefði lagt honum þetta til lasts.

Hv. frsm. meirihl. (JakM) hugði vonlaust að fá mig til að líta rjettum augum á þetta mál. En þessu vil jeg snúa við og segja, að vonlaust sje fyrir hann að fá mig til að líta öðruvísi en rjettum augum á það.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. þm. Borgf. (PO) hefir haldið því fram, að íslenskir skipstjórar væru meiri lögbrjótar á þessu sviði en útlendir. Hann sagði, að útlend skip toguðu varla innan við landhelgi, nema íslensk skip væru þar fyrir. Þetta er mesta fjarstæða. Jeg veit ekki til, að nokkurntíma hafi verið komið að íslenskum og útlendum skipum saman innan landhelgi. Hitt er tíðara, að eitt og eitt skip sje að ólöglegri veiði, því ekki má neinn vera til frásagnar. (**HK:** Einu sinni voru þau 12 saman.) Það getur verið, austur við sandana, en þá eru það Þjóðverjar, sem eru að ólöglegum veiðum.

Það er rjett, að enskir togaraskipstjórar fá viðvörun, þannig, að þeir eru sviftir skipstjórn í 3—6 mánuði, en aldrei æfilangt, en á Þýskalandi og Frakklandi mun það ekki eiga sjer stað.

Það refsiákvæði, að dæma megi skipstjóra til fangelsisvistar fyrir landhelgisbrot, tíðkast ekki erlendis, en það felst jeg á, að gert sje hjer, en í þess stað koma háar sektir. Sumir meðmælendur frv. sögðu reyndar, að sektirnar væru ekki háar, í hlutfalli við umsetningu skipanna. En það er rangt og bygt á ókunnugleika. Skal jeg því til sönnunar benda á ákvæðin um refsingu fyrir síldveiði útlendinga í landhelgi.

Frsm. minnihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi koma mjer í skilning um, að hjer væri um fleira að ræða en hagsmuni, og fór í því sambandi tvíræðum orðum um mig, og mun jeg láta mjer það í ljettu rúmi liggja. Mjer er það fullkomlega ljóst, að hjer er um fleira en hagsmuni að ræða, sem sje bæði rjettindi og hagsmuni. Það er bæði vegna hagsmuna skjólstæðinga okkar og rjettinda þeirra, að við flytjum þetta frv. Ef hæstv. fjrh. (JÞ) hefði risið upp til þess að áminna mig í nafni sannleika og rjettlætis, hefði hann og ámint fleiri. En jeg hefi fulla ástæðu til að ætla, að hann hafi öllu heldur tekið til máls til að gæta einhverra hagsmuna sinna hjer í hv. deild, því að ef hann væri hjer vörður sann-

leika og rjettlætis, hefði hann fyrst og fremst vitt hv. 3. þm. Reykv. (JakM) fyrir að telja frv. borið fram af hræðslu við útlendinga og til að gera innlendum mönnum ilt eitt; við flm. hefðum átt að semja við útlendinga um, hvernig við gætum gert Íslendingum bölvun! Jafnvel þó að við hefðum talað við útlenda skipstjóra, væri það engin sök, því að það eru ekki hagsmunir þeirra, að farið sje illa með innlenda skipstjóra. Annars ætla jeg ekki að víkja nánar að þessu, en ofurlítið drepa á það, sem hæstv. fjrh. sagði um dómsvaldið: að með þessu tæki Alþingi það í sínar hendur.

Ef það, að setja hegningarákvæði, á að kallast dómsvald, þá hefir Alþingi dómsvald. Það er leitt, þegar ráðherrar gera sig bera að misskilningi í jafneinföldu efni og þessu og rugla saman dómsvaldi og löggjafarvaldi.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vildi gefa í skyn, að jeg hefði ekki lesið þau lög, sem jeg er nú að gera tillögur um að breyta. En jeg get sagt honum, að það megi dæma skipstjóra í fangelsi við fyrsta brot. Það er bara aldrei gert. Þó hv. þm. N.-Ísf. hafi kanske lesið lögin, þá hefir hann ekki skilið þau. Við 2. brot sæta þeir 2 mánaða fangelsi, en við þetta bætir hv. þm. N.-Ísf. ákvæði um, að þá megi dæma til eins árs rjettindamissis. Jeg held, að rjettara sje, að rjettindamissir komi þegar við 1. brot og fangelsisvist eftir 2. brot.

Jeg vona, að frv. þetta verði samþ. og landhelgisgæslan aukin á þessu þingi, og má vel sætta sig við þau úrslit þessara mála.

Ágúst Flygenring: Jeg hefi áður bent á tvent í þessu máli, sem aldrei hafði verið minst á, en þeim rökum var einungis svarað þannig, að þau kæmi í bág hvort við annað, eða m. ö. o., þeim var svarað út í hött. Jeg held því fram, að engin líkindi sjeu til, að góðum skipstjóra, sem hefði gerst brotlegur, yrði synjað um skiprúm, t. d. sem háseti. Tel víst, að skipseigandi hjeldi þennan mann áfram á skipinu, og þó honum væri ekki fengin skipstjórn opinberlega, gæti hann þó öllu ráðið. Enda sýnist það í mesta máta ósanngjarnt, að lofa ekki góðum skipstjóra að vera áfram um borð, þó að hann hafi orðið fyrir því slysi, að verða sekur um landhelgisbrot, kanske allsendis óviljandi. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að engar líkur eru til þess, að útgerðarmenn hegni skipstjórum sínum á þennan hátt, og er þá augsýnilegt, að hegningarákvæði frv. koma að engu haldi.

Hinsvegar er og víst, eins og áður hefir verið bent á, að þeir, sem löggæslu hafa á sjónum, munu því fremur veigra sjer við að kæra skipstjóra fyrir landhelgisbrot sem meira er í húfi, að því er refsingu snertir, nema þeir sjeu fullkomlega vissir í sinni sök.

Jeg hefi verið á ýmsum fundum, þar sem mál þetta hefir verið rætt meðal alþýðu, þar á meðal suður með sjó. Skoðun þeirra manna þar syðra er eindregin sú sama og hv. flm. Skal jeg játa það, að mjer þykir leiðinlegt að geta ekki fylgt þessari skoðun, kjósenda minna vegna, en nú erum við allir, sem hjer sitjum, bundnir við sannfæring sjálfra vor, og í þessu máli er mín sannfæring bygð á þekkingu. Jeg er í engum efa um, að það væri mikil vanvirða fyrir þingið að samþykkja frv., enda mundi það ekkert draga úr brotunum.

Íþyngingsekta ein saman leiðir ekki til meiri löghlýðni, miklu fremur mundi

slíkt vekja gremju og þrjósku. Tel jeg víst, að íslenskir skipstjórar, þeir sem annars brjóta landhelgislögin, mundu engu síður fremja slík brot, þó refsing yrði þyngri. Það er hreinn misskilningur að ætla það, að slík refsiákvæði, sem hjer er gert ráð fyrir í frv., mundi vekja hjá þeim löghlýðni.

Frá hvaða sjónarmiði sem jeg lít á frv., get jeg ekki fallist á það, og langar mig þó til þess vegna hv. flm., því jeg veit þeim gengur gott til, og vegna minna kjósenda. En mjer virðist, að slík lög hafi ekki hina minstu þýðingu. Það er vanvirða, að setja þessi lög, vegna þess m. a., að það er órjettlæti gagnvart mönnum, sem brjóta á sama svæði, eins og margsinnis hefir verið bent á. Útlenda skipstjóra getum vjer ekki svift rjettindum til skipstjórnar.

Vitanlega er ekki til neins að vera að ræða þetta meir, því líklega er málið að öllu leyti tæmt, hvað rök snertir. Held jeg, að með og móti hafi komið þær ástæður, sem komið verður auga á, og þessvegna verða menn að láta sjer lynda, að atkvgr. fari nú fram um málið, svo að úr skeri.

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki leitt hjá mjer að benda á það, að tveir hv. andstæðingar þessa frv. hafa verið að hrekja hvor annars skoðun. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að það væri eiginlega næg trygging í þessum háu sektum, sem nú væru, því útgerðarmenn myndu umsvifalaust láta reka skipstjórana af togurunum, ef þeir yrðu sektaðir fyrir landhelgisbrot. Nú segir hv. 1. þm. G.-K. (ÁF), að menn skuli ekki vera þau börn að halda, að útgerðarmennirnir láti þessa duglegu skipstjóra fara af togurunum, þó þeir yrðu sektaðir; þeir myndu vera eftir sem áður, og einhver þá látinn leppa fyrir þá.

Þetta er þá umsögn og álit þessa hv. þm. (ÁF), og má hann þar gerst um vita, og við flm. þessa máls getum ekki svarað háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) betur, þegar hann er að bera fram fullyrðingar um, að nægilegt sje að hækka sektarákvæðin. Eftir þessu er það eina ráðið til öryggis fyrir því, að íslensku togararnir veiði ekki í landhelgi, að svifta skipstjórana rjettindum sínum. Og það er einmitt það, sem við flm. þessa frv. leggjum til.

Frsm. meirihl. (Jakob Möller): Hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að jeg hefði borið þá alvarlegu ákæru á skipstjóra á gæsluskipum, að þeir hefðu unnið rangan eið. En hv. þm. gætir þess ekki, að menn geta unnið rangan eið í fullkomlega góðri trú, haldið, að þeir sjeu að vinna rjettan eið. Og þá er vitanlega a. m. k. mjög afsakanlegt, þó slíkt komi fyrir. Í þessu tilfelli, sem jeg talaði um, er þetta álitið, og jeg byggi mína sögu á slíkri fregn, að þeir muni fullkomlega hafa trúað því, að þeir bæru rjett fram.

En þetta er jafnþýðingarmikið atriði gagnvart þessu máli fyrir því. Því ef þetta er rjett, þá getur það komið fyrir, að svona þungri refsingu verði beitt, þó í raun og veru ekkert verði sannað, hvort maðurinn sje brotlegur eða ekki. Og það er að minsta kosti þverófugt við það, sem mun vera venjulegt í öllum öðrum sakamálum, að menn sjeu dæmdir í þyngstu refsingu, þegar ekki liggur fyrir fullkomin sönnun fyrir brotinu, annaðhvort játning eða óyggjandi sönnun.

Hv. frsm. minnihl. (ÁÁ) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt um hann

og flm. frv., að þeir hefðu staðið í samningum við útlenda skipstjóra um það, hvernig ætti að fara að því, að gera innlendum mönnum sem mesta bölvun. Auðvitað hefir mjer aldrei komið neitt til hugar í þessa átt. Hitt sagði jeg, að það hefði komið fram í ræðu hans, að það hefi verið talað um þetta við útlenda skipstjóra. Hann tilfærði meira að segja þau orð, að ef þyngri væri refsing á íslenskum skipstjórum, myndu útlendir skipstjórar ekki taka það illa upp, þó þeir væru dæmdir í hæstu sektir, sem hægt væri.

Það lítur út fyrir, að þetta frv. sje borið fram í þeirri trú, að það þurfi að fara varlega að gagnvart útlendingum, að það þurfi að leggja þyngri refsingu á innlenda menn, til þess að á það sje hættandi, að beita harðri refsingu gagnvart útlendingum. Jeg get þó ekki öðru trúað en að óhætt sje að beita þyngstu refsingu laganna gagnvart útlendum sem innlendum, þegar málavextir eru til þess, og jafnvel held jeg, að hættandi væri á það, að herða refsingu á þeim. Annars má jeg víst ekki að þessu sinni fara frekar út í það mál.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla aðeins að taka það fram, út af því, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að hv. frsm. meirihl. (JakM) og jeg værum að hrekja hver annars skoðun, að jeg hefi ekki orðið var við það. Jeg hefi ekki orðið var við neitt ósamræmi, og jeg held við höfum sömu skoðun á þessu máli. En jeg hefi auðvitað þá sjerstöku skoðun, hvað viðvíkur skipstjórunum, að það myndi ekki gera þá löghlýðnari, að hóta þeim harðari refsingu, og jeg hefi mikið fyrir mjer í því. Að þessu leyti geta skoðanir okkar verið skiftar. En að öðru leyti hefir ekkert ósamræmi komið fram millum okkar. Enda þekkjum við báðir málið sæmilega vel.

Bjarni Jónsson: Jeg hygg, að refsingar þær, sem nú eru ákveðnar fyrir landhelgisbrot, sjeu alveg nógu harðar, bæði fyrir útlenda menn og innlenda. En jeg er sammála þeim mönnum, sem halda því fram, að ekki geti komið til mála, að þingið geri önnur refsiákvæði um íslenska þegna heldur en útlenda menn.

Hv. frsm. minnihl. (ÁÁ) kvað rjett að taka harðar á innlendum mönnum, af því að þeir væru landsins þegnar og brytu landsins lög. En þar gæti komið á móti, að þeir þættust ef til vill eiga meiri rjettindi til landhelginnar en aðkomandi menn. Um þetta má vitanlega deila.

Hinsvegar getur ekki komið til mála — þó það megi eftir núgildandi lögum — að refsa skipstjóra með fangelsisvist og þar að auki taka stórfje af útgerðinni, og láta hana þannig bera ábyrgð á skipstjóranum. Úr því farið er að refsa skipstjóranum, þá á útgerðin ekki að bera neinn halla, eftir vanalegum skilningi á því, hver sje hinn seki. Í þessum lögum er refsingin lögð á skakkan sakaraðila. En þá er líka engin ástæða til að láta hinum líka blæða.

Það myndi þykja kynlegt, ef þessi aðferð væri látin ná til daglega lífsins, ef t. d. seilst væri eftir því, að láta húsbónda vinnumanns nokkurs, er sekur gerðist, borga stórsektir, en refsa hinum seka líka með rjettindamissi og jafnvel fangelsi.

Jeg stend sem steini lostinn yfir því, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skuli geta fylgt svona máli. Því það er bersýnilegt,

að ef ástæða er til að óttast landhelgisbrot hjá innlendum skipstjórum, þá getur svo farið á hverri einustu vertíð, að nokkrir togaraskipstjórar missi rjettindi sín. Komi það fyrir í byrjun vertíðar, verður að setja skipin upp, og skipshafnirnar, sem eru skjólstæðingar hv. 2. þm. Reykv. (JBald), verða atvinnulausar. Síst hefði mátt búast við því, að þessi hv. þm. ljeði fylgi sitt frv., sem getur haft það í för með sjer, að 3—4 skipshafnir verði að ganga atvinnulausar heilar og hálfar vertíðir. Hvert eiga svo þessir atvinnulausu skipstjórar að halda? Myndu þeir ráða sig sem háseta, eða gerast verkamenn í Reykjavík? Hvernig fer þá, þegar hv. þm. ætlar að fara að breiða sína arnarvængi yfir þessa mjög seku menn? Jeg get hugsað, að þetta hafi margvísleg áhrif fyrir hv. þingmann verkamanna.

Annars hygg jeg hv. þm. annað sæmra en að búa til slík „drakónsk“ lög hjer á landi. Og það hygg jeg mála sannast, að þau muni ekki verða til annars en að sýnast.

En það er annað, sem lægi nær. Menn ættu að taka þessa úreltu hegningarlöggjöf í heild til endurskoðunar; setja nefnd milli þinga, skipaða lögfræðingum og öðrum góðum og gegnum mönnum, til að semja upp allan þann lagabálk og koma betra samræmi á refsingarákvæði fyrir brot af ýmsu tæi. Það dugar ekki að stara sig blindan á eitt brot og leggja við geysilega harða hegningu og ósambærilega við þá, sem aðrir menn fá fyrir stærri brot.

Jeg vænti þess, að menn sjeu ekki alveg frá því horfnir, að það eigi að vera siðferðislegur grundvöllur og rjettartilfinning, sem lög sjeu bygð á, en að þau sjeu ekki samin út í loftið, eða eins og þegar einhver tekur sprett í reiði út af einhverju, sem fyrir hefir komið.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki við umr. þessa máls gert grein fyrir, hversvegna jeg væri með frv. þessu. En jeg gerði það í fyrra, þegar frv. var á ferð.

Til þess að sýna hv. þm. Dala. (BJ), að jeg hefi fullgildar ástæður til að vera með því, að herða refsingu fyrir landhelgisbrot, skal jeg skýra frá, hvaða áhrif landhelgisbrot hafa á verkalýð landsins.

Þegar togarar fara inn á Vestfjörðu og kringum Snæfellsnes og þurka upp miðin, svo að smábátaafli bregst svo og svo langa tíð, þá skapar það atvinnuleysi hjá fólki á þessum slóðum. Það verður svo að leita bjargar þar, sem atvinna er meiri. Þessvegna flykkist fólkið til sjávarþorpanna, þar sem þessir togarar hafa bækistöð sína. Og af því jeg álít skaðlegt, að fólkið þyrpist þangað, þá vil jeg með öllu móti reyna að koma í veg fyrir þessi lögbrot, sem spilla atvinnu manna á þeim slóðum, þar sem þau eru framin. Jeg álít frv. miða í þessa átt, og þó jeg játi, að refsingin sje hörð, þá tel jeg hana rjettmæta, vegna þess, hve mikilsvert það er, að hindra lögbrotin á allan hátt. Þessvegna ætti hv. þm. Dala. (BJ) að geta sjeð það, að það er einmitt vegna verkamanna, að jeg verð með því, að fyrirbyggja togaraveiðar í landhelgi.

Þetta dæmi hv. þm. (BJ) nær ekki nokkurri átt, að í byrjun vertíðar myndu allir togarar verða sektaðir og settir á land, og skipshafnir þar af leiðandi missa alla atvinnu. Nema hv. þm. hafi sagnir af því, að allir togarar ætli sjer að gera samtök um að veiða í landhelgi og láta taka sig.

Annars held jeg, að ástæður þær, sem vaka fyrir þeim, er herða vilja á refsingu gegn landhelgisbrotum, sjeu svo alkunnar, að ekki þurfi að rekja þær frekar.

Bjarni Jónsson: Jeg vissi, að það yrði lag á því, þegar hv. 2. þm. Reykv. (JBald) færi að flytja ástæður fyrir frv. Það er eftirtektarvert fyrir okkur verkamenn Reykjavíkur, að hann var ekki að hugsa um okkar hag. Nei, hann var að hugsa um verkalýð í hinum og þessum veiðistöðvum, sem myndi verða fyrir skemdum á veiðarfærum. Stærri útgerðarmenn á þessum stöðum kallar hann líka verkamenn. En það vill hann álíta það sama, að vernda útgerðarmenn í veiðistöðvum landsins, eins og að sjá hag verkamanna sinna í Reykjavík. Þeir eiga að hlýða, eins og hann segir — „autos efa".

Við erum nú sammála um, að það eigi að vernda veiðistöðvar landsins fyrir ágangi botnvörpunga og auka strandvarnirnar sem mest. En jeg er ekki sammála honum um, að þetta sje aðferðin, að gera refsinguna tvöfalda, bæði á skipstjóra og skipseiganda, og framkvæma þyngstu refsingu á hvorumtveggja. Það stríðir á móti þeim grundvallaratriðum, sem öll löggjöf landsins stendur á. Og það stríðir á móti rjettlætistilfinningu hvers manns, jafnvel hv. 2. þm. Reykv. sjálfs, ef hann vildi hlýða á sinn betra mann.

Til dæmis um það, hvað þessi hv. þm. fer rjett með annara manna orð, skal jeg geta þess, að jeg tók sem dæmi, að 2—3 skip yrðu ef til vill að liggja uppi hálfa eða heila vertíð. Svo hefir hv. þm. það eftir mjer, að allir togararnir myndu leggjast í köku uppi hjer í Reykjavík. Það er alveg eins og maður sje að lesa Alþýðublaðið. Efast jeg ekki um, að hv. þm. setji í Alþýðublaðið á morgun, að Bjarni Jónsson hafi sagt, að það væri ekki nema sjálfsagt, að allir togarar mættu veiða í landhelgi eins og þeim þóknaðist.

Jeg veit satt að segja ekki, hvernig hv. þm. (JBald) ætlar að telja sæmilega skynsömum mönnum trú um það, að slíkt komi ekki niður á skipshöfninni, ef skipið getur ekki gengið til veiða, þegar þingið hefir samið þau lög, að reka megi skipstjóra burt og setja þá í fangelsi í tilbót. Nei; jeg held hv. þm. hefði ekki átt að fylgja frv. því áreiðanlega fær hann ekki meira en 5% af mönnum hjer í Reykavík á sina skoðun. Jeg þekki það fólk svo að greind, að það mun sjá, að hjer er stefnt beint til atvinnutjóns fyrir það, en engra landhelgisvarna.

ATKVGR.:

Brtt. 139 feld með 12 : 12 atkv.

1. gr. feld með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, HK, IngB, JBald, JS.

nei: MG, MJ, MT, SigurjJ, ÁF, BSt, BJ, BL, HStef, JakM, JAJ, JK, JÞ, BSv.

Einn þm. (ÞórJ) fjarstaddur.

Forseti lýsti frv. fallið.

11. Lokunartími sölubúða.

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr.

29, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 56).

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jakob Möller): Jeg þarf ekki að vera margorður um þetta frv. Eins og getið er um í greinargerðinni og hv. þdm. muna, þá var það afgreitt frá þessari hv. deild í fyrra, eins og það liggur hjer fyrir, þó að ekki næði það fullnaðarsamþykki þingsins þá. Jeg get aðeins bent á það, að í rauninni er það alveg af sömu ástæðu, sem farið er fram á slíka heimild til samþykta um lokunartíma þeirra stofnana, er hjer um ræðir, og um samþykt um lokunartíma sölubúða. Í rauninni er munurinn enginn á þessu, því að lokunartíminn er fyrst og fremst ákveðinn vegna starfsfólksins, til þess að því sje ekki ofþyngt með vinnu, en alls ekki vegna starfseminnar, sem rekin er. Jeg hefi heyrt því hreyft til andmæla, að t. d. á rakarastofunum, mörgum hverjum, þá vinni aðeins sjálfir eigendurnir, og hjer sje farið fram á að hindra þá í að færa sjer í nyt starfstíma sinn. En alveg sama máli er að gegna um ýmsar verslanir, þar sem kaupmaðurinn afgreiðir og vinnur að öllu sjálfur. En þær eru ekki þar fyrir undanskildar ákvæðunum um lokunartíma sölubúða.

Jeg vænti þess, að frv. fái að ganga jafnhljóðalaust í gegnum þessa hv. þd. nú eins og í fyrra, og jeg sje ekki ástæðu til að leggja til, að því verði vísað til nefndar, því að það var þá rækilega athugað í nefnd og afgreitt síðan með miklum meirihl. atkv. í þessari deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 56).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. — — — 15 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 56, 92).

Jakob Möller: Jeg geri ráð fyrir því, að ekki verði langar umr. um þetta mál. Það var afgreitt frá þessari hv. deild í fyrra, alveg eins og það er nú, og þótti þá ekki gefa ástæðu til þess, að lengi væri um það rætt, og vænti jeg, að svo verði enn, þrátt fyrir skjal það, sem hingað hefir borist til mótmæla frv. Þetta skjal er í rauninni ekki nema endurtekning á þeim ástæðum, sem færðar voru í fyrra á móti þessu máli. Jeg játa, að jeg hefi fulla samúð með þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, og skil vel aðstöðu þeirra; en jeg skal nú fyrst og fremst vekja athygli á því, að hjer er ekki um ákveðin lagafyrirmæli að ræða, heldur aðeins heimild handa bæjarstjórn til þess að setja reglur um lokun þessara búða, sem um er að ræða. Áður en því verður endanlega til lykta

ráðið, hafa því hlutaðeigendur tækifæri til að tala sínu máli á vettvangi, þar sem líklegt er, að tekið verði fult tillit til allra sanngjarnra mótmæla. Hinsvegar vil jeg minna hv. þdm. á það, að þetta mál var í fyrra borið undir borgarstjóra hjer, af nefnd þeirri, sem þá hafði það til meðferðar hjer í deildinni, og mælti hann með því.

Í skjali því, sem jeg nefndi áðan, er lögð áhersla á það, að nokkrir rakarar sjeu beittir ofbeldi, ef styttur verði vinnutími þeirra á móti vilja þeirra. En þetta er ekkert einsdæmi. Hið sama var gert með heimild um lokunartíma sölubúða. Þar með var heimilað að banna þeim, sem eiga sölubúðir, að vinna lengur en til væri tekið. Þeir urðu að lúta því, sem talið var að horfa til almenningsheilla í þeim starfsgreinum, sem lögin um lokun sölubúða ná til. Þó að rakarabúðirnar væru ekki settar undir þau lög þegar í upphafi, þá sannar það ekki annað en það, að þá var ekki talin nauðsyn á því. En síðan hafa orðið breytingar á þessum iðnrekstri, sem gera það nauðsynlegt, sem sje, að fjölgað hefir starfsfólki á vinnustofunum og víða teknir unglingar í þessa vinnu.

Þá skal jeg benda á, að töluverðar öfgar eru í mótmælum þeim, sem komið hafa fram gegn frv., t. d. er staðhæft er, að með þessu yrði sjómönnum alveg meinað að njóta þeirra þæginda, að komast inn í rakarabúðir að kvöldi dags. Jeg ímynda mjer, að þótt rakarar fengju leyfi til að halda opnum búðum sínum allan sólarhringinn, mundu þeir varla geta annað slíkri aðsókn. Þá byggja þeir mótmæli sín á því, að þetta mundi verða illa þokkað af almenningi. Þetta er ekkert sjerkennilegt fyrir rakarabúðirnar; alveg því sama var haldið fram gegn lögunum um lokun sölubúða. Að vísu fjell ýmsum mönnum illa að geta ekki komist í búð á hvaða tíma sólarhringsins sem var, fyrst í stað. En menn hafa vanist því svo afbragðs vel, og nú er öll sú óánægja algerlega hjöðnuð niður. Í mótmælaskjalinu er því haldið fram, að öðru máli sje að gegna um þetta en raksturinn, af því að menn geti símað eftir vörum, þegar búðum er lokað, en rakarar geti ekki sint rakstrarbeiðni í síma. En vitanlega eru það aðeins tiltölulega fáir, sem hafa aðgang að síma, svo að sú björg er algerlega bönnuð öllum almenningi, einnig um viðskifti við sölubúðir. Að minsta kosti eru sjómennirnir líkt settir í báðum tilfellum. (**MT:** En þeir, sem loftskeyti hafa?).

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg geri það að tillögu minni, að umræðu sje frestað og málinu vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Málinu vísað til allsherjarnefndar með 14 : 7 atkv. og umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var f r a m h a l d i ð 3. u m r. um frv. (A. 56, 92, n. 125).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þetta er frh. 3. umr. Henni var frestað um daginn og málinu vísað til allshn. Nál. er á þskj. 125. Þetta mál er svo einfalt, að ekki þarf miklu þar við bæta, sem sagt er í nál. Jeg tel ekki varhugavert að veita kaupstaðastjórnum slíka heimild,

sem frv. fer fram á. Jeg vil vekja athygli á því, að nefndin fann tvær villur í frv., sem annaðhvort stafa af misritun eða eru prentvillur. Í frv. er vitnað í lög nr. 29, en á að vera 79. 2. málsgrein á að byrja á „enn", en ekki „eins". Nefndin álítur, að þetta megi laga í upprentun milli deilda. Brtt. kom fram frá hv. þm. Dala. (BJ), á þá leið, að konfektbúðir sjeu undanskildar þessum lokunartíma. Jeg fyrir mitt leyti sje enga ástæðu til þess; það hlýtur að liggja í valdi bæjarstjórnar hvers bæjar, að sjá um, að alt fari þar sæmilega fram og setja reglur handa mönnum að fara eftir. Því sje jeg ekki ástæðu til að undanskilja konfektbúðir. Meirihluti nefndarinnar er á móti tillögunni. Tveir nefndarmenn í allshn. áskilja sjer óbundið atkv. um málið, og munu skýra frá, í hverju fyrirvarinn liggur. Eins og kunnugt er, afgreiddi hv. deild málið í fyrra, og var það þá samþykt í einu hljóði, en felt frá 2. umr. í hv. Ed. Því fór allshn. svo ítarlega í málið nú.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. við þetta frv. Það er í sjálfu sjer eins og önnur frv. af þessu tæi, óþarft og á vitlausum grundvelli bygt, því að löggjöfin á ekki að skifta sjer af þessu. Engir menn eru ver farnir en þeir, sem bæjarstjórn á að ráða fyrir, hvernig skuli haga sjer, og það má þykja öfugt á þessum tímum, þegar mest er talað um atvinnuleysi manna, að gefa út lög, sem hindra þá í að leita sjer atvinnu. Undarlegt má það heita, að einmitt á sunnudögum, þegar menn þurfa helst að vera skafnir, skuli rakarabúðir vera lokaðar. Sá, sem selur, er aldrei til fyrir mann, ekki á þeim tíma, sem manni sjálfum er hentugastur. Slík þrælalög bera á sjer erfðamark frá þeim tíma, er enginn var frjáls orða sinna eða gerða. En það má heita lítt samandi afkomendum þeirra manna, sem hingað fluttu norður í haf, til þess að fá að vera í friði. Lakast er þó, þegar bæjarstjórnin vill hola hjer inn 2—3 mönnum, sem lifa á því að selja sælgæti. Þeirra atvinna er öll eftir venjulegan lokunartíma sölubúða, og eru þeir því þannig sviftir atvinnu sinni með lögum. Er þing komið saman til að eyðileggja atvinnu 2—3 manna hjer í Reykjavík? Jeg held það sje langt fyrir neðan okkur þingmenn, að reyna að taka atvinnu af þessum fáu mönnum.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að frv. þetta væri bygt á vitlausum grundvelli. Þá eru líka lögin um lokunartíma sölubúða bygð á vitlausum grundvelli. Jeg er ekki á sama máli og hv. þm. Dala. um valdsvið bæjarstjórna. Það er rjett, að leggja bæjarstjórn í hendur þau völd, sem ákveða þetta. Það er rangt hjá hv. þm. Dala., að löggjöfin takmarki atvinnufrelsi manna. Hann sagði um konfektbúðirnar, að sala þeirra byrjaði ekki verulega fyr en eftir venjulegan lokunartíma. En nú er engu slegið föstu um það, það getur verið, að það verði ákveðið að loka þeim eigi fyr en klukkan 10 á kvöldin; jeg veit það ekki; bæjarstjórn á að ráða því. En sem sagt, hjer er engu slegið föstu. Það er rjett, að bæjarstjórnir ráði því, hvenær slíkar búðir loka, eins og bæjarstjórnir ráða lokunartíma annara búða.

Jakob Möller: Jeg þarf ekki miklu við það að bæta, sem hv. frsm. (JBald) tók fram, en jeg vil vekja athygli á

því, að um það leyti, sem lokunartími sölubúða var ákveðinn, var talsverður andróður af einstakra manna hálfu, sem hjeldu því fram, að þetta væri eyðilegging á atvinnu þeirra. Í sambandi við brtt. hv. þm. Dala. (BJ) vil jeg geta þess, að sjerstaklega þeir menn, sem seldu sælgæti, það er að segja, aðkeypt, lögðu mikla áherslu á þetta atriði, og hjeldu því fram, að sælgætisverslun væri engin nema á kvöldin. En reynslan hefir sýnt annað. Ýmsir smákaupmenn voru hræddir og sögðu, að þeir hefðu svo mikil viðskifti eftir lokunartíma, að atvinna þeirra mundi bíða við þetta óbætanlegt tjón. En reynslan hefir nú sýnt, að þetta var einungis ástæðulaus hræðsla, því að með engum ákveðnum lokunartíma draga margir viðskifti sín svo og svo langt fram eftir kvöldinu, og koma þá í þær búðir, sem opnar eru, en þegar lokunartími er ákveðinn, verða menn að koma fyrir þann tíma. Alveg sama máli er að gegna um konfektbúðirnar. Hjer er að vísu tekið fram fyrir hendurnar á einstökum mönnum, en það er bæði þeim sjálfum og öðrum fyrir bestu. Með öllu stjórnleysinu leggja þeir á sig bæði meiri vinnu og meiri kostnað.

Nú get jeg ekki stilt mig um að benda hv. þm. Dala. (BJ) á það, að hann er ekki sá þingmaðurinn hjer í deild, sem ætti að brigsla mönnum um ófrjálsræði og þrælslund, því að öllu nær get jeg ekki hugsað mjer gengið persónufrelsi manna en það, að fara að skifta sjer af, hvað hann heitir eða kallar sig.

Bjarni Jónsson: „Mikil er trú þín, kona", má segja við hv. 2. og 3. þm. Reykv. (JBald og JakM). Þeir halda, að þeir hafi vit fyrir hverjum kaupmanni, og vitna til þess, sem reynslan hafi sýnt. En við í fjvn. höfum ekki tíma til að fara í búð fyr en eftir klukkan 7 á kvöldin til að fá okkur vindil eða annað, sem við þurfum að fá. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hlær. En hvenær er lokað brauðbúð hans? Því er henni ekki lokað klukkan 7? Það mundi minka kostnaðinn við Alþýðubrauðgerðina. Menn eru svo kærleiksfullir, að þeir bera hag annara kaupmanna fyrir brjósti, en gá ekki að sinni eigin verslun.

En því eru engin lög um, að vinnukona megi ekki gera neitt eftir klukkan 7, eða að húsmóðirin megi ekki bæta bót eða spinna á rokk? Það er þó nákvæmlega það sama.

En svo er hitt, að vilja endilega ná í þessa örfáu menn, sem versla með sælgæti, og reyna að eyðileggja alla atvinnu þeirra, því að það er einmitt kunnugt, að þessir menn selja aðallega eftir kl. 7, eða þegar öðrum búðum hefir verið lokað.

Svo verður þetta óhagur öllum almenningi og kaupendum gerð margskonar óþægindi með því. Menn verða að hlaupa frá störfum sínum, kanske þegar verst gegnir, til þess að kaupa það, sem vantar í svipinn, vegna þess að kaupmanninum er bannað að versla eftir kl. 7.

Hví er þá ekki bændum bannað að selja sauð eða hest eftir kl. 7 á kvöldin? Það virðist liggja beint við, að banna með lögum öll viðskifti manna í milli eftir ákveðinn tíma á kvöldin.

Jeg ætla ekki að fara að karpa um það við sessunaut minn, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), hvor okkar er frjálslyndari, og mjer hefir aldrei komið til hugar að fara í neina lúsaleit í því efni. Hitt er vitanlegt, að jeg hefi borið fram

frv. um mannanöfn. Það hefi jeg gert til þess að bjarga íslenskri tungu og verja hana fyrir erlendri snikjumenningu. Í því er ekkert ófrelsi, þó að stuðlað sje að því, að börn okkar beri falleg og þjóðleg nöfn, en erlendu skrípin hverfi úr sögunni. Og þó að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) finnist, að nærri sjer sje höggvið með því að fordæma þetta ættarnafn, sem hann ber og þykir eflaust vænt um, þá er ekki verið að meina honum að bera nafnið, á meðan hann lifir, aðeins nær þetta til barnabarna hans. Það eru þau, sem samkvæmt frv. mínu eiga að bera íslensk nöfn. Jeg neita því algerlega, að jeg vilji hefta persónufrelsi manna, heldur hefi jeg jafnan skipað mjer þar í sveit og til varnar, þegar ráðist hefir verið á athafnafrelsið.

Hvað viðvíkur lokunartíma sölubúða, þá er það ófrelsi, að vera að skipa því með lögum, hvað þær eru lengi opnar. Engum getur komið til hugar að banna húsbóndanum sjálfum að standa í búðinni sinni og afgreiða fram eftir kvöldinu. Hafi búðarfólki verið misboðið með of langri búðarstöðu, þá hefði verið rjettara að skipa með lögum, hvað langan tíma fólkið skyldi vinna, borga því þá aukaborgun, eða fá nýtt fólk til þess að leysa hitt af hólmi. Með þessu ætti að setja undir lekann, en ekki að banna eiganda búðarinnar að hafa hana opna nema ákveðinn tíma.

Annars virðist mjer óþarfi að vera að deila um þetta. Þetta er skerðing á persónufrelsi manna, og ekki aðeins seljenda, heldur og kaupenda. Mjer finst t. d. óþarfi að skrifa upp hjá mjer á hverjum morgni, hvað það sje, sem mig muni vanta. Hitt hefir verið venjan, að senda í búðirnar jafnóðum og eitthvað vantaði í svipinn, og sennilegast, að því haldi áfram, því að það þarf enginn mjer að segja, að þessi lög verði betur haldin en önnur þau, er skerða athafnafrelsi manna. Og verður þá alt, sem með þessu vinst, aðeins það, að kenna mönnum að fara á bak við þau og fjölga lögbrotunum í landinu.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg sje ekki annað ráð fyrir hendi en að umr. verði frestað einn daginn enn, svo hv. þm. Dala. (BJ) gefist kostur á að lesa nál. Því eins og þm. (BJ) talar, er það öllum auðsætt, að hann hefir ekki lesið nál. og veit því ekki, hvað hann er að fara, þegar hann er að tala um brauðsölubúðirnar. Með frv. er bæjarstjórn gefin heimild til þess að loka öllum brauðsölubúðum kl. 7. Þegar búið er að benda hv. þm. á þetta og hann hefir lesið nál. — **(BJ:** Það er ekkert nál.) — jú, það er á þskj. 125 — þá vona jeg, að hann sjái að sjer og viðurkenni, að hann hafi vaðið reyk í þessu máli, og alt hans tal tómár fjarstæður og öfgar, og þegar hann er búinn að kynna sjer nál., mun hann sannfærast um, að öllum sje fyrir bestu, að frv. gangi fram.

Það er áreiðanlegt, að það verður öllum fyrir bestu, að sölubúðum og þeim búðum og vinnustofum, sem frv. ræðir um, sjeu sett takmörk fyrir því, hversu lengi megi halda opnu. Og almenningur hefir heldur engin óþægindi af þessu. Þegar menn vita, hvenær loka skal, þá haga menn viðskiftunum eftir því. Nú er t. d. engin óánægja yfir því, þótt sölubúðum kaupmanna sje lokað kl. 7 að kvöldi. En búðalokunarlögin hafa verið stórmikil rjettarbót fyrir verslunarfólkið, því að alkunnugt er, að áður ljetu sumir kaupmenn þjóna sína standa í búðunum frá því snemma á

morgnana og alt fram til miðnættis. En þegar hv. þm. Dala. (BJ) hefir áttað sig á öllu þessu, vona jeg, að hann taki brtt. sína aftur og greiði frv. atkv.

Jón Kjartansson: Eins og sjá má á nál., þá hefi jeg skrifað undir það með fyrirvara. Jeg get tekið í sama strenginn og hv. þm. Dala. (BJ), að mál þetta er nauða-ómerkilegt og virðist ekki hafa mikið erindi á þingið. Hv. Ed. sá fyrir því í fyrra, og geri jeg ráð fyrir, að það strandi þar aftur, ef það kemst þá út úr þessari hv. deild.

Fyrirvari minn byggist á því, að jeg tel brtt. hv. þm. Dala. (BJ) á rökum bygða, og mun jeg því fylgja henni. Eins og hann hefir tekið fram, er það kvöldsalan, sem er aðalatvinna þessara sælgætisbúða, svo að ætti að banna þeim sölu eftir kl. 7, þá er það sama sem að eyðileggja atvinnu þessara manna. Svo er líka aðgætandi, að flestar brauðsölubúðir versla með sælgæti. Yrði nú ofan á, að brauðsölubúðir mættu versla til kl. 9, en konfektbúðirnar aðeins til 7, þá er þetta mikið ranglæti. Virðist því alt mæla með því, að þessar búðir njóti sömu söluskilyrðanna. En að loka brauðsölubúðum kl. 7, myndi reynast afaróþægilegt flestum, er við þær þurfa að skifta, einkum þó verkamönnum, sem oft eru að vinna fram að þeim tíma eða lengur. Þessvegna held jeg, að besta lausnin á þessu máli sje brtt. hv. þm. Dala., og mun jeg fylgja henni.

Bjarni Jónsson: Það er alveg rjett, að jeg hafði ekki athugað nál. þetta, og því síður dottið í hug, það sem jeg þykist þó geta lesið út úr því, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) ætli nú að afhenda bæjarstjórninni brauðsölubúð þá, er hann hefir haft. Hitt sjest að vísu ekki, hvort bæjarstjórn á að reka Alþýðubrauðgerðina. En þar sem þm. tekur nú upp á þessu, verður það að álítast, að hann sje orðinn þreyttur á að standa í búðinni sinni. Við því er vitanlega ekkert að segja, en rjettara mundi þó hafa verið og betra að fá nýja menn til þess að afgreiða í búðinni, heldur en að láta bæjarstjórn ráða þar nokkuru um.

Jeg er algerlega á móti því, að afhenda bæjarstjórn það vald, sem þingið hefir. Alþingi á sjálft að setja lög, þar sem því þykir ástæða til að skipa fyrir um, en ekki að fela öðrum að gera það. Við höfum fengið nóg af þessum heimildarlögum, sem eru ranglát og koma auk þess í bág við stjórnarskrána, eins og t. d. húsaleigulögin, sem þó eru illræmdust af öllum þeim lagasetningum síðari ára og hafa mestri kúgun og bölvun valdið í þessum bæ. — Jeg sje, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) brosir. — Hjer er að vísu ekki um rússneska bolsivíkabyltingu að ræða, en vita má hann það, að á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela.

Að endingu vil jeg endurtaka þetta: Alþingi á ekki að fela mönnum eða stofnunum í landinu það vald, sem það hefir. Metnaður þess á að vera það mikill, að það kjósi í lengstu lög að fara sjálft með valdið.

ATKVGR.
Brtt. 92 feld með 14 : 8 atkv.
Frv., óbreytt, samþ. með 16 : 7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 56).

Á 29. fundi í Ed., föstudaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Sigurður Eggerz: Samskonar frv. og þetta var samþ. í hv. Nd. á síðasta þingi, en var þá felt hjer í þessari hv. þd. Nú hefir það aftur verið samþ. í hv. Nd. og er komið hingað. Jeg held, að ástæðurnar fyrir því, að frv. var felt hjer í fyrra, hafi verið þær, að menn hafi ekki verið búnir að kynna sjer það nægilega. Mjer sýnist, að þessar óskir flestra rakara þessa bæjar, um að ákveðinn sje með lögum lokunartími vinnustofa þeirra, sjeu svo sanngjarnar, að jeg skil ekki í, að hið háa Alþingi geti haft neitt á móti því, að verða við þeim. Þessvegna leyfi jeg mjer að mæla með því, að því verði nú, að lokinni umr., vísað til nefndar og síðan samþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., laugardaginn 18. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 56, n. 330 og 340).

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, klofnaði nefndin um þetta mál, en samt sem áður geri jeg þó ráð fyrir, að það þurfi ekki að verða stór hvellur út af þessu, því að hjer er ekki um neitt sjerlega stórt mál að ræða. (SE: En það er sanngirnismál.) Mjer er þetta að minsta kosti ekkert kappsmál.

Á síðasta þingi lá þetta mál hjer fyrir og var þá felt í þessari deild. Þá var mjer í einu af dagblöðunum, Alþýðublaðinu, brugðið um það, að hafa barist ákaft og af kappi miklu á móti þessu máli, en jeg veit ekki til, að jeg ætti meiri þátt í því að fella þetta frv. þá en þeir aðrir 10 þdm., sem þá greiddu atkv. á móti því. Jeg leit svo á þá, að málið væri mjög svo þýðingarlítið á allan hátt. En svo er oft, er skoðanir verða skiftar um eitthvert mál, að sumir sjá ýmislegt mikilsvert við það. Hvað snertir okkur, sem sæti eigum í allshn., þá getur þetta mál hvorki verið kappsmál nje hagsmunamál. Í dagblaðinu, sem jeg nefndi áðan, var því slegið fram, að rakari sá, sem jeg ætti viðskifti við, hefði haft áhrif á skoðanir mínar í þessu máli. En nú vill svo til, að jeg á aldrei nein viðskifti við rakara, jeg raka mig sem sje ætíð sjálfur, og jeg ræð öðrum hv. þm. að gera hið sama, svo að ekki verði með nokkrum rökum hægt að brigsla þeim um, að rakararnir hafi áhrif á skoðanir þeirra í landsmálum.

Auk rakarabúðanna eru það nokkrar sælgætis- (konfekt) -sölubúðir, sem þetta frv. tekur til, og gætu sælgætissalarnir beðið eitthvert tjón af því, ef frv. þetta yrði samþykt. Sælgætistegundir þessar eru mestmegnis seldar síðari hluta dags eða á kvöldin, og kaupir það einna helst fólk, sem er úti á síðkvöldum að skemta sjer. En þó að það skuli fúslega viðurkent, að hjer sje alls eigi um neinar nauðsynjar að ræða og að ekkert væri í sjálfu sjer á móti því, ef hægt væri að takmarka eitthvað þessa verslun, með það fyrir augum, að venja fólkið á sparsemi, þá held jeg þó, að það verði samt allerfitt að lögbjóða sparnaðinn. Jeg held, að þesshátttar löggjöf mundi ekki ná tilgangi sínum. Því að viljinn til að spara, samfara sparnaðarþörfinni, verður að koma innan að,

frá fólkinu sjálfu. Þó að eitthvert bann eða takmarkanir yrðu settar í lög, mundu eyðslusamir menn ávalt gera eitt af tvennu, annaðhvort fara í kringum lögin eða finna sjer eitthvað annað til, til að eyða fje sínu. Þó að búðum þessum yrði nú lokað, mundu engin vandkvæði verða á því, að ná sjer í þessi sætindi, fyrir þá, sem á annað borð langar til þess. Því þá væri innan handar að fara í brauðsölubúðirnar, sem standa opnar og óðar mundu taka til að selja þessar vörur. Yrðu lögin þá aðeins til þess, að hagnaðurinn af sölu þessari flyttist yfir til annara en nú hafa hann.

Að því er rakara snertir, þá er það bersýnilegt, að sumir þeirra gætu og haft óhag af, ef frv. yrði samþ., því þess ber að gæta, að hjer er um tvo flokka rakara að ræða. Annarsvegar eru þeir, sem reka þessa atvinnu í stórum stíl, halda marga menn og geta því afkastað allmiklu á skömmum tíma og hafa því allgóðan arð af þessari atvinnu, þrátt fyrir styttan vinnutíma. En hinsvegar eru aftur á móti nokkrir, sem þannig er ástatt fyrir, að þeim veitir ekki af, sjer til lífsviðurværis, að hafa sem lengstan vinnutímann, þar sem þeir vinna einir og halda enga menn sjer til aðstoðar. Það er því ekki rjettlátt, ef þessum mönnum verður gert erfiðara fyrir að reka þessa atvinnu, svo þeir ef til vill yrðu að hætta, eða ganga öðrum rökurum á hönd, til að geta haft ofan af fyrir sjer.

Það, sem ræður mestu um mitt atkvæði í þessu máli, er þó enganvegin hagsmunir rakaranna, heldur miklu fremur almennings. Öllum almenningi kemur og hlýtur að koma það betur, að rakarastofum sje ekki mjög snemma lokað. Það er t. d. oft fjöldi aðkomumanna hjer í bænum, sem hafa orðið að nota allan annan tíma dagsins til að sinna ýmsum viðskiftum, meðan algengar sölubúðir er opnar, og hafa því ekki tíma til að finna rakarann fyr en eftir lokunartíma verslananna. Þessir menn verða oft fegnir að geta skroppið inn til rakara seint á kvöldin. Sama gegnir og um alla algenga verkamenn, þeir yrðu annaðhvort að hlaupa frá nauðsynlegri vinnu, sem þeir mega illa við að missa af, eða þá verða af því, að hafa not af rökurunum. Það virðist því ljóst, að þó svo færi, að frv. þetta yrði samþ., þá mundu slík lög aldrei verða annað en pappírslög ein. Það yrði óðar farið alla vega í kringum og á bak við þau, eða þau yrðu hreint og beint brotin að meira eða minna leyti. Rakararnir mundu t. d. taka sem flesta inn í afgreiðslustofurnar áður en þeim skyldi loka, og afgreiða mennina svo eftir hentugleikum, löngu eftir lokunartíma. Svona lítur meirihl. nefndarinnar á þetta mál, og jeg býst við, að svo muni fleirum fara en okkur, að verða þessarar skoðunar. Frv. þetta var felt hjer í fyrra með 10 : 4 atkv., og því þætti mjer undarlega við bregða, ef það nú næði samþykki deildarinnar, án þess nokkur ný rök hefðu fram komið frv. til stuðnings. Að vísu stendur í greinargerð þessa frv., að það hafi verið felt hjer í deild í fyrra umhugsunarlaust eða umhugsunarlítið. En jeg fyrir mitt leyti mótmæli því algerlega, að jeg hafi þá greitt atkv. hugsunarlaust, þótt málið gengi ekki til nefndar. Og jeg ímynda mjer, að fáir þm. vilji gefa sjer þann vitnisburð, að þeir hafi greitt atkv. umhugsunarlaust, hvort heldur um þetta mál eður annað.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Við stóðum vel að vígi í nefndinni að því leyti, að allir rökuðu sig sjálfir. Það verður því ekki sagt, að við höfum verið undir áhrifum rakara á hvoruga hlið. Og þess hefði einnig mátt vænta, að máli rakaranna væri allvel borgið, þar sem sá maður hafði framsögu, sem samkvæmt embættisskyldu sinni á að vernda helgi hvíldardagsins.

Það er rjett, sem hv. frsm. meirihl. (EP) tók fram, að þetta snertir tvær búðir, rakarabúðir og sælgætisbúðir. Þar er ekkert samband á milli annað en það, að þær urðu út undan, þegar lögin voru gerð. Þetta hefði því mátt liða í tvent, en bæjarstjórn hefir nú viljað láta þetta fylgjast að.

Hjer er farið fram á heimild fyrir bæjarstjórn til þess að geta gert samþyktir um þetta. Það er ekki einu sinni víst, að hún noti hana. Hún mundi tæpast gera samþykt, sem gengi á hluta borgaranna.

Jeg legg ekki mikla áherslu á sælgætisbúðirnar. Það er hugsanlegt, að með þessar vörur yrði eftir sem áður verslað í brauðsölubúðum. Hitt er satt, að jeg tel litinn skaða skeðan, þótt börnum verði ekki gerður eins greiður aðgangur að þessu sælgæti, því þau hafa litið gott af því, en ærnar skemdir á tönnum.

Þá er að líta á hitt: Hvernig líta rakarar sjálfir á sitt mál? Því er svo háttað, að hjer í bæ eru duglegustu rakararnir í fjelagi, og þeir óska þessa, til þess að tryggja sjer rjettmæta hvíld. Og það virðist engin ástæða til þess, að hafa á móti því.

Hv. frsm. meirihl. gæti eins sagt, að það væri hart, að sveitafólk skyldi ekki geta komist í banka á sunnud., er því liggur á. En löggjöfin vill tryggja fólki hvíld. Það var ekki svo áður, en þá þótti ekki annað fært en breyta því. Og jeg get ekki varist því, að mjer finst sem það sje í mótsögn við starf hv. frsm. meirihl. sem prests, að vilja þannig styðja að helgidagsbrotum.

Mjer virðist verða að dæma um þetta mál út frá þessum forsendum: Hvort ástæða sje til að neita bæjarstjórninni um þessa heimild, hvort það sje ekki óverðskuldað tortryggni. Í öðru lagi, hvort deildin vill styðja að því, að halda opnum þessum sælgætisbrunnum, til skaða fyrir börn og unglinga. Í þriðja lagi, hvort rakararnir eigi ekki heimtingu á þessari hvíld. Það sýnist, satt að segja, engin lífsnauðsyn að hafa þessar rakarabúðir opnar á sunnudögum. Þeir, sem þurfa að raka sig á sunnudögum, geta keypt sjer vjel og gert það sjálfir.

Að nauðsyn sje að leyfa að hafa búðirnar opnar til þess að sumir rakarar geti lifað, þá verður að fara um þá sem aðra, er ekki geta staðist í lífsbaráttunni. Þeir verða að gefast upp. Engum dettur í hug, að hægt sje að gera skilyrði þannig úr garði, að söm verði afkoma duglegra og óduglegra. Þeir, sem ekki geta unnið fyrir sjer með skaplegum vinnutíma, eiga ekki rjett á sjer í starfinu.

Það væri dálítið sök sjer, þó að þeir, sem eru utan fjelags, væri undanþegnir lokunarskyldu, ef það hefði ekki áhrif til ills fyrir alla stjettina.

Jeg vona því, að hv. frsm. meirihl. (EP) taki til greina þau rök, sem jeg hefi komið með, og það því fremur sem hann er þjónandi prestur.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Jeg skal ekki vera orðmargur. Jeg viður-

kenni, að nokkuð sje ólíkt á komið með rakarastofum og sælgætisbúðum, og að það sje ekki eins mikil ástæða til þess að hafa á móti því, að sælgætisbúðum yrði lokað fyrir fólki, eins og rakarastofunum. En hinsvegar mundi æskulýðurinn ekki verði í neinum vandræðum fyrir það, með kaup á þessari vöru. Hann færi þá aðeins í bakaríin og keypti hana þar. Mjer skilst því, að sparnaðurinn yrði enginn, en þessi litli ágóði af sölunni mundi dreifast til margra, án þess að hans sæi nokkra staði. Hvern einstakan bakara mundi muna lítið um það, en hinir fáu sælgætissalar, sem nú hafa hagnaðinn lítt skertan, gefast upp í samkeppninni.

Að því er snertir rakarana, þá vildi hv. frsm. minnihl. (JJ) helst, að allir rökuðu sig sjálfir. Það væri náttúrlega æskilegt. En öllum þorra manna finst hann ekki geta það, og komast ekki á það lag. Auk þess kostar það dálítið fje í byrjun, að afla sjer nauðsynlegra tækja til slíks, og margur á erfitt með að leggja það fje fram í einu, þó ekki sje mikið.

Þá á einnig það að vera helgidagsbrot, að fá sig rakaðan á sunnudegi. Jeg held, að þeim væri þarfara, sem styðja vilja viðleitni prestanna til þess að halda uppi helgi sunnudagsins, að byrja einhversstaðar annarsstaðar, sem meiri væri þörfin. Þetta er kyrlátt starf og ónáðar engan. Eftir þessu ætti það að vera helgidagsbrot að raka sig sjálfur á sunnudegi. Því verknaðurinn er vitanlega hinn sami, hvort maður sjálfur fremur hann eða fær annan mann góðfúslega til að fremja hann. Nei, jeg get ekki gengið inn á, að það sje skylda mín að styðja, að þetta gangi fram, með tilliti til þess, að annars sje jeg stuðlandi að helgidagsbrotum. Jeg skoða þau orð fremur sem gamanmál en alvöruorð. Skal jeg svo ekki fleira segja um þetta að sinni.

Sigurður Eggerz: Þetta mál hefir verið allítarlega athugað í nefnd. Jeg bjóst nú við, að yfirvegunin leiddi til þess, að nefndin yrði óklofin, en svo hefir ekki orðið.

Jeg sje ekki annað en að þessar kröfur, sem gerðar eru, sjeu næsta sanngjarnar. Ef litið er til annara landa, t. d. Danmerkur, þá eru til alveg samskonar ákvæði þar. Þetta er því ekkert einsdæmi. Og það virðist alveg eðlilegt, að þessi stjett megi njóta hvíldar og friðar sunnudagsins. Ef það er ekki ákveðið með lögum, þá er erfitt að koma því við, og jafnan einhverjir, sem skerast úr hópnum.

Það er heldur ekki þýðingarlaust, að þessi stjett verði til þess fallin, að rækja vel sitt starf, verði t. d. hreinleg. Það er meira en prýði að því, það hefir mikla heilbrigðilega þýðingu. Það kemur þessu máli við að því leyti, að ef þessa menn má þrælka út hvenær sem er, þá fer að verða erfitt að fá góða menn til að gegna starfinu. Um leið og kröfur þeirra eru teknar til greina, þá eru þeim gefin skilyrði til þess að rækja starf sitt vel.

Jeg sje ekki neitt, sem geti staðið þessu í vegi. Þetta er auk þess ekkert annað en heimild fyrir bæjarstjórnina til að setja reglur um þetta.

Það er nú talin almenn og sjálfsögð regla, að menn eigi frí á sunnudögum. Og þetta starf er ekki svo ljett, að mönnum veiti af hvíld. Og ef litið er á það frá guðrækilegu sjónarmiði, þá er þess

að gæta, að messa byrjar kl. 11. Það útilokar þessa stjett manna frá guðsþjónustunni, frá þeim almenna rjetti borgaranna, að geta farið í guðshús.

Það er ranglátt, að taka ekki tillit til kröfu þessara manna, því að á þessu sviði hafa orðið miklar framfarir, sem okkur er sómi að.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg gleymdi fáeinum atriðum. Hv. frsm. meirihl. (EP) vjek að því, að málið hefði verið felt í fyrra. Það væri ekki virðulegt að ganga þannig ofan í sjálfan sig. Þetta fór alveg fram hjá mjer í fyrra, það hafa verið samtök um að fella málið umræðulaust. En svo mikið er víst, að það er óvanalegt, um svona mál, að fella við 1. umr. Venjan er sú, að lofa þeim að komast í nefnd.

En jeg vil benda hv. frsm. meirihl. (EP) á snúning í stórum stíl. Kennarastarfinn í málfræði við háskólann var feldur í fyrra. Nú ljet hv. deild sjer ekki minna nægja en stofna þar nýtt embætti. Þeir, sem gátu samþykt það, ættu ekki að telja sig rígbundna við atkv. sitt í fyrra í þessu máli.

Jeg er samdóma hv. frsm. meirihl. (EP) í því, að það sje ekki helgidagsbrot að skreppa til næsta bæjar á sunnudegi og fá sig kliptan. En það er alt annað, að hafa verksmiðju opna til slíkra hluta. Og hann ætti sem prestur öðrum betur að muna þá skýlausu kröfu kirkju sinnar, að halda hvíldardaginn heilagan. En líklega býst hann við, að þessir minnihluta rakarar geti ekki, eins og þeir halda líka sjálfir fram, haft ofan af fyrir sjer með öðru móti en því, að vinna á nóttum og á helgum dögum. En sje svo, þá er það einungis af því, að þessir rakarar eru miður hæfir en hinir, sem ekki þurfa að fleyta fram lífi sínu með helgidagsbrotum. Og presturinn í þingmanninum hefir alveg gleymt kröfu kirkjunnar um helgidagahaldið, vegna vissrar tegundar af mannúð eða samúð með þessum miður hæfu mönnum. Það er m. ö. o. hin svonefnda vatnsgrautarmiskunnsemi, sem hefir gengið hv. þm. (EP) til, en slík miskunnsemi er jafnframt hið mesta ranglæti gagnvart þeim, sem betur eru til síns starfs fallnir.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Jeg býst við, að ekki hafi það mikla þýðingu, að ræða þetta mál mikið meira. Bæði andmælendur og fylgjendur frv. hafa látið skoðun sína skýrt í ljós, og býst jeg við, að báðum aðiljum gangi gott eitt til, og þess er varla að vænta, að frekari ræður hafi mikil áhrif í þá átt, að breyta sannfæringu þeirra í þessu máli.

Annars er það eftirtektarvert, að mestur hlutinn af umræðunum hefir snúist um hagsmuni og hugsunarhátt rakaranna, en ekki kringumstæður viðskiftamannanna, rjett eins og þeim komi málið ekkert við. En til þeirra verður engu síður að hafa tillit en sjálfra rakaranna. Og ef málið er skoðað frá þeirri hlið, þá verður því ekki neitað, að þeim er gert erfitt fyrir, ef frv. þetta yrði að lögum. Fyrir mörgum er svo ástatt á þessum tímum, að þeir hafa hvorki áhöld nje ástæður til að raka sig sjálfir, og þurfa því að snúa sjer til rakaranna, ef þeir á annað borð vilja við það eiga. En sje rakarabúðunum lokað einmitt á þeim tímum, sem þeir helst mega missa til að skreppa þar inn, þá eru þeim gerð talsverð óþægindi með því, eða óþarfur kostnaður.

Þá hefir hv. frsm. minnihl. (JJ) snúið máli sínu nú, eins og vitanlega oft endranær, að alveg óskyldu efni, sem sje dósentsembætti dr. Alexanders Jóhannessonar, og fæ jeg ekki skilið, hvernig þeim manni verður blandað inn í þessar umræður. Mjer er að minsta kosti ekki kunnugt um, að hann hafi nokkurntíma stundað rakaraiðn. Ennfremur lagði hv. þm. (JJ) enn að nýju mikla áherslu á, að með þessu væri framið helgidagsbrot. En jeg verð að segja það eitt, að þá hefir hv. þm. (JJ) aldrei skilið anda og kjarna þessa boðorðs um helgihaldið, ef hann heldur, að því verði fullnægt með svona frv. Helgun hvíldardagsins byggist á því, sem býr innra með manninum, ekki því ytra. Rakari, sem er við iðn sína á sunnudegi, gæti í hjarta sínu haldið hvíldardaginn heilagan, engu síður en hinn, sem ekkert vinnur, og vitanlega miklu fremur en sá rakari, sem situr með ólund yfir því, að löggjöfin hefir að þarflausu gripið fram fyrir hendur hans. Og hvað kirkjugöngum viðvíkur, þá getur vitanlega hver rakari, sem vill, farið í kirkju, lokað hjá sjer, en hinn, sem ekki langar að hlýða messu, gerir það ekki að heldur, þó að rakarastofu hans verði með lögum lokað.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar nú, og læt að svo búnu afskiftalaust, hvort hv. þm. þykjast hafa ástæðu til að breyta afstöðu sinni til þessa máls frá í fyrra eða ekki.

Frsm. minnihl. (Jónas Jónsson): Jeg vil aðeins benda hv. frsm. meirihl. (EP) á það, að hann hefir enn ekki gefið neina skýringu á því, hversvegna hann vill ekki trúa bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir minnihluta rakaranna. En þetta er stórt atriði, og furða, að samkoma, sem er bær um að jafna 17000 þús. kr. niður á bæjarbúa, skuli ekki vera fær um að gæta hagsmuna bæjarbúa og vernda þá eftir því, sem henni er heimilað.

Þá hjelt hv. frsm. meirihl. (EP) því fram, að við tækjum ekki tillit til þarfa viðskiftamannanna. En hvað hefir verið gert við viðskiftamenn kaupmannanna? Það hefir verið lokað öllum búðum á helgidögum, nema lyfjabúðum, og þannig hefir þjóðfjelagið viðurkent, að ekki bæri að versla á helgidögum, nema eftir því sem þörf sjúklinga krefur. Þá hefi jeg ennfremur rökstutt það, að menn geti komist af án þess að raka sig á sunnudögum hjá rökurum. Og þó því hafi verið haldið fram, að sumir menn væru svo fákænir, að þeir kynnu ekki að raka sig, þá vil jeg síst láta lögleiða helgidagsbrot vegna þeirra. Slíkir klaufar eiga sannarlega skilið að ganga órakaðir.

Þá tók hv. þm. (EP) það illa upp fyrir mjer, að jeg skyldi hafa nefnt dæmið um allsherjarsnúninginn. En jeg þóttist hafa einmitt gert honum greiða með því að nefna þetta, og sannarlega er mönnum gert ljettara fyrir að snúast, ef einhver þyrfti slíks með, ef fordæmi væri tilnefnt.

Þá er mjög leiðinlegt, um svo háttsettan starfsmann í kristinni kirkju, að hann skuli jafnvel ekki vera sterkur í skilningi sínum á boðorðunum. Hann heldur því fram, að ekki geri til, þó að rakarar vinni á sunnudögum, því þeir geti samt sem áður haldið daginn helgan í hjarta sínu. En hversvegna fremur að banna mönnum þá aðra vinnu, svo sem að slá og raka, og þó mun ekki síður að gera það á sunnudögum í sóknum hv. þm. (EP). Væri

ekki eins auðvelt að hugsa um heilaga hluti við slátt austur í Safarmýri, eins og við rakstur og klippingu suður í Reykjavík? Nei! Sannleikurinn er sá, að það er búið fyrir löngu að skera úr því með venjunni, að vinna hindri menn frá helgidagahaldi.

Jeg verð því ennþá að halda fram því sama, sem jeg tók fram áðan, að presturinn hefir leiðst hjer út á braut, sem brýtur þvert í bág við embættisstöðu hans, af einskærri meðaumkun með þessum miður hæfu rökurum. Hann leyfir þeim að brjóta hvíldardagshelgina og neyðir betur færari rakarana til að gera það sama. M. ö. o. hafa þingstörfin orðið ofan á í viðskiftunum við prestsstörfin.

Frsm. meirihl. (Eggert Pálsson): Mjer finst mál þetta ekki svo mikilsvert, að jeg áliti, að eyða beri fje þingsins og tíma til að ræða það frekar. Og þó hv. 5. landsk. (JJ) þykist hafa hrakið allar ástæður mínar, þá geri jeg ráð fyrir, að sú skoðun okkar sje gagnkvæm. — Leyfi jeg mjer að óska, að hægt verði strax að greiða atkv. um málið.

ATKVGR.:

1. gr. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÓ, IP, JJós, JJ, SE, SJ, EÁ.

nei: HSn, IHB, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.

Forseti lýsti frv. fallið.

12. Vestmannaeyjalóðir.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á hluta af kaupstaðarlóð Vestmannaeyjabæjar (þmfrv., A. 126).

Á 25. fundi í Ed., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það hefir fyrr verið flutt frv. hjer á hinu háa Alþingi um það, að veita Vestmannaeyjabæ einhver ítök í lóðum og lendum Vestmannaeyja, sem nú eru eign ríkisins. En þá var mál þetta flutt í því formi, að umrædd lönd yrðu sameign ríkis og bæjar, með ákveðnum skilyrðum. En þar sem skorta þótti á undirbúning málsins, var því vísað til stjórnarinnar, og síðan hefir það verið látið liggja milli hluta. En Vestmanneyingar finna mjög til þess, að þetta unga bæjarfjelag skuli hvergi eiga ítök í lóðum eða lendum kaupstaðarins. Hinsvegar er bærinn í hraðri framför, og útheimtist árlega stór fjárframlög til vega og bryggjugerða, sem útlit er til að aukist á næstu árum fremur en hitt. En eins og kunnugt er, er Vestmannaeyjakaupstaður eini kaupstaðurinn á landinu, sem ekki á neitt land. Það er alt ríkiseign og hefir verið leigt út til einstakra manna með gömlum skilmálum, þannig, að ríkissjóður ber næsta lítið úr býtum. Og þar sem stærstu lóðirnar eru erfðafestulóðir eða í lífstíðarábúð, þá er ekki fyrirsjáanlegt, að ríkið í náinni framtíð geti gert sjer meiri peninga úr þeim en verið hefir undanfarið. Sú upphæð, sem ríkið hefir í tekjur í jarða- og lóðagjöldum þaðan, er, eins og bent

er til í greinarg. með frv., svo hverfandi lítil, að ríkinu ætti varla að vera kappsmál að halda landinu fyrir bænum.

Við þær verklegu framkvæmdir, sem bærinn hefir gert á liðnum árum, er óhjákvæmilegt, að lóðirnar hækki í verði — það gera þær altaf, þar sem kostað er miklu til þeirra og fólk vill byggja, og altaf sjer fólk einhver ráð til þess að krækja sjer í lóðir og rjettindi. — Jeg kannast við, að ekki eru öll slík lóðaafsöl í samræmi við byggingarbrjefin, en ríkið hefir líka skert rjett ábúenda sinna, án þess að þeim hafi komið bætur frá því í staðinn. En bæjarsjóður situr sjálfur eftir með sárt ennið og ber ekkert úr býtum fyrir þann kostnað, sem hann leggur í það, að hækka verðið á lóðunum. Jeg held, að allir sjái, að þetta er hvorki heilbrigt nje rjettlátt fyrirkomulag og hlýtur að standa bænum mjög fyrir þrifum. Því er hjer farið fram á það, að ríkið selji Vestmannaeyjabæ ákveðinn hluta af þessum lóðum.

Það er óhætt að segja, að það er ekki ástæða til að hugsa sjer, að bær rísi upp nokkurntíma á öðrum stað í Vestmannaeyjum en þar, sem kaupstaðurinn er. Staðhættir eru þannig, að bærinn verður þar að vera, sem hann er, hann breiðist aðeins lengra út og stækkar. En um skilmála þá, sem stungið hefir verið upp á, þá skal jeg taka það fram, að það er bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, sem samið hefir þetta frv., og lagt fyrir mig að flytja það á þessu þingi; þeir skilmálar koma því á okkar ábyrgð. Ef Alþingi vildi taka þetta frv. til athugunar, þá vona jeg, að það muni sjá, að þetta er sanngjörn krafa fyrir bæjarfjelag, sem er í hraðri framför, og vona jeg, að litið verði á málið með velvild. — Jeg skal að lokum leyfa mjer að mælast til, að frv. verði vísað til fjhn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg stend ekki upp til að mótmæla þessu frv. Jeg álít það ekkert undarlegt, að það er fram komið, því að jeg get tekið undir flest af því, sem hv. flm. (JJós) sagði um þetta frv. Og það er að minsta kosti svo, að mjer virðist sjálfsagt, að þetta mál sje athugað rækilega í nefnd; en af því að jeg einmitt geri ráð fyrir, að þetta mál fari til nefndar, vildi jeg benda á nokkur atriði, sem jeg teldi rjettara, að höfð væri á annan veg en gert er í þessu frv.

Fyrst vildi jeg benda á, að það er ekkert undantekið af lóðum á því svæði, sem hjer á að selja. En jeg tel, að það væri hyggilegra, að undanskilja t. d. prestssetur. **(JJós:** Það er heldur ekki með). Það gæti líka verið ástæða til að ætla sýslumanni eða bæjarfógeta þar einhvern stað. Annars verð jeg að segja það, að mjer finst eðlilegast, ef Vestmannaeyjar verða seldar, að þá verði þær allar seldar, því að fyr eða síðar kemur að því, að bygt verður bæði utan og innan hinnar ráðgerðu merkjalínu milli lands og bæjar, og þegar svo er komið, tel jeg eðlilegast, að sömu eða samskonar skilmálar sjeu um leigu, en fyrir því er engin trygging, nema eigandinn sje hinn sami. Jeg man heldur ekki nema kanske sjeu einstaka lóðir fyrir innan merkjalínuna, er sje eign einstakra manna. Þetta þarf að athuga.

Verðið þykir mjer svona í lægsta lagi, tuttugu sinnum það, sem lóðirnar gefa af sjer; geri jeg ráð fyrir, að verðið sje ákveðið eftir því, sem þær gefa af sjer

árið 1925. Um borgunarskilmála hefi jeg ekkert að athuga eða vaxtakjör, mjer finst það hvorttveggja mjög sanngjarnt.

Annars vildi jeg segja það, viðvíkjandi þessum lóðum í Vestmannaeyjum, að það er vandaverk, og hefir sýnt sig, að það er erfitt fyrir stjórnina, að hafa eftirlit með þeim, þar sem hún verður alveg að reiða sig á bæjarfógetann í þessu efni. Og jeg held, að þessu myndi betur stjórnað, ef það væri bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum, sem sjálf ætti að ráða í þessu máli. Auk þess sje jeg, að það væri miklu meiri styrkur fyrir bæinn að eiga lóðirnar, heldur en það er fyrir ríkissjóð.

Annars hefir það verið venja, að selja lóðir eftir mati, þótt það geti verið eðlilegt að miða verðið aðeins við eftirgjaldið. En væru allar Eyjar seldar, kemur fleira til, og þyrfti þá sennilega eitthvert mat, hvort sem það þá yrði framkvæmt hjer á þingi eða í Vestmannaeyjum. En jeg verð að segja það, að mjer er illa við tvískiftingu á Eyjunum, og vildi því heldur, að Vestmannaeyjabær keypti alt.

Jónas Jónsson: Jeg vildi, við 1. umr., segja fáein orð um þetta mál, með því að það er í raun og veru nokkuð stórt mál, og það er til bóta, að hv. flm. (JJós) segi ef til vill enn skýrar en hann hefir gert frá aðstöðu Vestmannaeyjabæjar í þessu efni.

Það er ekki hægt að neita því, að Vestmanneyingar hafa ekki minni rjett til að fá sínar eyjar keyptar heldur en einstakir ábúendur kirkju- og þjóðjarðir, en það hefir verið mikið álitamál um það, hvort þessi aðferð sje rjett, að landið hefir nálega rúið sig að þessum eignum. Og víst er um það, að þetta hefir oft ekki orðið ábúendum þessara jarða til góðs, nema þá kanske fyrstu kynslóðinni. T. d. má taka jörðina Hrafnagil í Eyjafirði; hún var seld, þegar prestssetrið var lagt niður; þá var jörðin seld fyrir ca. 4000 krónur. Fám árum síðar var hún seld fyrir hjer um bil 40 þús. kr. Afleiðingin er sú, að ríkissjóður hefir tapað á þessari sölu stórmiklu fje; ríkið hefir þannig gefið þeim manni, sem keypti, stórmikinn höfuðstól. Reyndar er þetta dæmi alveg einstakt í sinni röð. Jeg hefði þó alveg látið það vera, þó að ríkið hefði gefið ábúandanum svona mikið fje, en nú er þess að gæta, að það er ómögulegt að renta það verð, sem hún var seld fyrir, og væri þar nú bygt upp fyrir svo sem 20 þúsund krónur, þá yrði óbúandi á henni, og þá er svo komið, að það er ólán fyrir þá, sem búa á þessari jörð, að hún er ekki þjóðeign lengur.

Jeg býst við, að það skýrist í nefndinni, hvort það er ekki skaði ríkissjóði að gera þessi kaup; vildi jeg þegar benda hv. þdm. á, að það gæti farið svo, að þessi kaup yrðu alls ekki Vestmanneyingum til góðs, og vil jeg í því sambandi minna á, að ef lóðirnar hjer í Reykjavík hefðu verið landsins eign og ekki verið leyft að fara í „spekulationir“ með þær, þá hefði verið minni dýrtíð hjer. Jeg vil t. d. taka lóðina, sem er á móti Landsbankanum, hún hefir stundum verið boðin föl fyrir 100 þús. kr. Það er enginn vafi á því, að sú háa leiga, sem hlýtur að koma á hús, sem bygt er á þessari eign, hlýtur að þyngja á þeim, sem notar það, t. d. sje höfð verslun þar, verður að selja dýrara í þeirri búð, af því að húsgrunnurinn hefir komist í óhæfilega hátt verð. Hjer í

Reykjavík er lóðaleiga eitt af því, sem þyngir mest á bænum og ríkissjóði; hjer þarf að borga starfsmönnum ríkisins miklu hærra kaup, vegna dýrtíðar þeirrar, sem hjer er.

Nú veit jeg, að hv. þm. Vestm. (JJós) getur svarað því, að lóðirnar í Vestmannaeyjum gangi í „spekulationum", eins og þær væru einstakra manna eign, og býst jeg við, að þetta sje að nokkru leyti fyrir handvömm hjá Alþingi og stjórn. Jeg býst við, að það, sem gera þyrfti í þessu, væri að koma því á, að lóðirnar væru bæjar- eða ríkiseign, svo að með lóðirnar yrði aldrei „spekulerað", heldur að þær væri lágt leigðar, en að öll sú verðhækkun, sem á þær kæmi, lenti aðeins til bæjarfjelagsins eða ríkissjóðs. Jeg vil benda á það, að jeg hygg, að best væri að ríkið hjeldi áfram að eiga lóðirnar, þar sem það leigir þær mjög ódýrt, miðað við leigu hjá einstökum mönnum. Jeg vil þessvegna skjóta því til hv. flm. (JJós), hvort hann geti ekki hugsað sjer, vegna Vestmanneyinga, að breyta frv. í það form, að landið eigi lóðirnar áfram, en að það verði trygt, smátt og smátt, að leigan verði eftir skynsamlegu mati og að ríkissjóður fái þessa leigu, en að henni verði hinsvegar haldið hóflega niðri, til þess að vinna með þeim hætti á móti dýrtíð í Vestmannaeyjum.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Jeg get þakkað hæstv. atvrh. (MG) fyrir góðar undirtektir í þessu máli, sem sýnir það, að hann skilur fyllilega, hvernig ástandið er, og að hjer er um að ræða breytingu til verulegra hagsbóta fyrir bæjarsjóð, og jeg vil segja til næsta lítils skaða fyrir ríkissjóð.

Hv. 5. landsk. (JJ) hafði nokkuð að athuga í þessu máli, en sem mjer virtist vera sjeð frá sjónarmiði þeirra manna, sem eru „principielt" á móti sölu þjóðjarða, og tók hann dæmi af sölunni á Hrafnagili í Eyjafirði. En þetta dæmi er ekki sambærilegt hjer, því að þótt þessi einstaka landssjóðsjörð hafi verið seld manni, sem svo græddi á henni, þá er það öðru máli að gegna en að ríkissjóður selji bæ land, sem hann er bygður á og honum er lífsnauðsyn að hafa eignarumráð yfir. Það er líka tekið fram í 3. gr. frv., að land það, sem bærinn eignast, megi aldrei selja einstökum mönnum til eignar. Þar með verður komið í veg fyrir „spekulationir" með lóðirnar, og vona jeg, að hv. þm. (JJ) sje mjer samdóma um það, að það væri ólíkt hægra fyrir Vestmannaeyjabæ að hafa eftirlit með því, að þessar „spekulationir" eigi sjer ekki stað, heldur en fyrir stjórnarráðið. Jeg hygg, að í framkvæmdinni myndi það verða lítið, sem ríkissjóður eða stjórnin gæti fylgst með þessu, en bæjarstjórn Vestmannaeyja mjög mikið.

Þegar gengið er út frá því, að bærinn má ekki undir neinum kringumstæðum selja landið aftur, þá sýnist ekki vera ástæða til að ætla, að lóðirnar kæmust í svipað verð eins og í dæmum þeim, sem hv. þm. (JJ) mintist á. Viðvíkjandi Reykjavík má benda á það, að hjer ganga lóðir kaupum og sölum, en það er alls ekki ætlast til þess, að Vestmannaeyjabær geti selt neinar lóðir þar öðruvísi en á leigu.

Jeg er þakklátur hv. þm. (JJ) fyrir það, að hann sagði, að það væri í sjálfu sjer ekki rjett að meina þessum kaupstað að eignast landið frekar en öðrum. (**JJ:** Jeg sagði ábúendum jarða.) Já, það getur verið, að það sje nokkuð annað

með ábúendur jarða. Jæja, bæjarbúar í Vestmannaeyjum eru landsetar ríkisins. Hjer er að ræða um bæjarfjelag, sem verður að kosta miklu fje árlega til að gera bæinn byggilegan. Ef nú Alþingi, sem að sjálfsögðu hefir að einhverju leyti hagsmuni bæjarfjelagsins fyrir augum, vill athuga þetta, þá sýnist mjer óhjákvæmilegt, að aðstaða bæjarfjelagsins sje gerð þannig, að það njóti ágóðans af því, sem það kostar fje til, en í þessu tilfelli hefir bærinn enga möguleika til að njóta þess sjálfur, sem hann kostar til að gera Eyjarnar byggilegar, og að því leyti sem hv. þm. (JJ) lagði þá spurningu fyrir mig, hvort jeg ekki hjeldi, að það væri besta ráðið til að koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun, að ríkið hjeldi áfram að eiga lóðirnar, þá er því að svara, að jeg býst ekki við, að afskifti ríkisins kæmi fyr en eftir dúk og disk, og því ver trygt, að ríkið haldi áfram með að halda í umráðin yfir þessu landi, eignarumráð, sem í sjálfu sjer eru mjög lítils virði fyrir ríkið, en að sama skapi mikils virði fyrir Vestmannaeyjabæ.

Vestmannaeyjar hafa átt við fjárhagsörðugleika að stríða, og það er nauðsyn mikil fyrir bæjarfjelagið að komast sem fyrst úr þeim, til þess að atvinnuvegirnir geti gengið eins og vera ber, og jeg held, að það sje ekki ofmælt að segja það, að ríkinu væri meiri styrkur að Vestmannaeyjabæ sæmilega fjárhagslega sjálfstæðum, jafnvel þótt bærinn eigi landið með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í 3. gr. frv., heldur en þótt ríkið eigi landið, ef bærinn er altaf í miklum fjárhagsvandræðum og ef hann er altaf upp á ríkið kominn. Þetta bið jeg þá hv. þdm. að íhuga, sem eru á móti þjóðjarðasölu, og sem þessvegna finst skylt að mæla á móti frv. mínu.

Eins og bent er á í greinargerð frv., hefði það verið bæði sjálfsagt og eðlilegt, að svona skipun hefði komist á um leið og Eyjarnar fengu kaupstaðarrjettindi, því að um leið og þær fengu kaupstaðarrjettindin, varð þeim skylt að bera ýmsar byrðar og taka á sig kvaðir, sem fylgja bæjarrjettindunum. Með þeirri skipun misti kaupstaðurinn ýmisleg hlunnindi, sem hann áður hafði, og hefir það aukið honum útgjöld síðan. Þetta, með öðru, mælir með því, að ríkið láti af hendi við Vestmannaeyjabæ það land, sem bærinn þarf nauðsynlega að nota.

Jónas Jónsson: Jeg hefi ekki með öllu getað sannfærst af ræðu hv. flm. (JJós). Enn er ekki fyllilega ljóst, hvort ríkissjóður muni ekki verða fyrir ærnu tapi, ef gengið verður inn á sölu þessa. Hv. flm. kom lítið inn á þetta atriði, og er jeg ekki að ásaka hann fyrir það á þessu stigi málsins. Jeg þykist vita, að um fjárhagshlið þessa máls muni síðari umr. um frv. aðallega snúast, því að það kemur okkur þm. mikið við, hvort sala þessi muni ekki baka ríkissjóði talsvert tjón, án þess þó að koma Vestmanneyingum að liði að sama skapi.

Þó vil jeg í þessu sambandi benda á það, að þegar hv. flm. leggur aðaláhersluna á, að bærinn eignist land þetta, til þess að fjárhagur hans megi batna, þá liggur í því óbein játning þess, að bærinn eigi með frv. þessu að fá meira virði en hann geldur í staðinn. Þessu var að vísu svarað þannig af hæstv. atvrh. (MG), að gera mætti ráð fyrir, að bænum yrði meira úr landinu en ríkissjóði gæti orðið. En hv. flm. á

eftir að sannfæra menn um það, að ríkissjóður geti ekki eins látið gera nauðsynlegar umbætur á landi þessu eins og Vestmannaeyjabær, og hvort ekki sje heppilegra, að ríkissjóður eigi landspildu þessa áfram, án þess að okra á henni, en reyni hinsvegar að fara jafnskynsamlega með hana sem bæjarfjelagið myndi gera. Í raun og veru er spurningin í þessu máli sú, hvort landsstjórnin geti ekki farið jafnskynsamlega með lóðir þessar eins og Vestmannaeyjabær, og þó að njóta þess ágóða framvegis, sem bærinn ætlar að hafa af kaupunum.

Einar Árnason: Jeg stend ekki upp til þess að andmæla frv. þessu. Þó vildi jeg vekja athygli hv. þm. á því, að verði frv. samþ., hlýtur það óhjákvæmilega að draga nokkurn dilk á eftir sjer. Sumir hv. þm. muna e. t. v. eftir því, að fyrir fáum árum óskaði Siglufjarðarkaupstaður að fá keypta lóð þá, sem bærinn stendur á, og var borið fram frv. þess efnis hjer í þinginu. Eins og kunnugt er, stendur Siglufjarðarkaupstaður að mestu leyti í landi kirkjujarðarinnar Hvanneyrar, og fór frv. fram á, að Siglufirði gæfist kostur á að fá jörð þessa keypta. Afdrif þess máls urðu þau, að bænum voru heimiluð kaup á jörðinni, að undanskildri svokallaðri Siglufjarðareyri. En það er einmitt á þeirri eyri, sem bærinn stendur aðallega, og er hún því langsamlega verðmesti hluti jarðarinnar og sá hluti, sem kaupstaðurinn hafði sjerstaklega augastað á til eignar. Vegna þess, að Alþingi tók þessari málaleitun Siglufjarðar þannig, varð ekkert úr því, að kaupstaðurinn festi kaup á því landi, sem honum var heimilað, og hafa því engin kaup eða sala farið þar fram enn.

Nú geri jeg ráð fyrir, að flestar hinar sömu ástæður, sem mæla með því, að Vestmannaeyjakaupstaður fái keyptar Eyjarnar allar, eða nokkurn hluta þeirra, sjeu líka fyrir hendi að því er Siglufjörð snertir. Má því ganga að því vísu, ef frv. þetta verður samþ., að þá muni Siglufjarðarkaupstaður enn á ný bera fram óskir um að fá keypta Eyrina og land það, sem henni fylgir, og fæ jeg ekki sjeð, að þá verði hjá því komist, að verða við þeim óskum.

Jeg taldi rjett að vekja athygli á þessu atriði í sambandi við frv. þetta, án þess að jeg segi nokkuð um það, hvernig jeg muni greiða atkvæði í máli þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 271 og 289).

Forseti (HSteins): Háttv. þm. Vestm. (JJós) hefir fengið leyfi til að vera fjarverandi af fundinum. En hann er frsm. minnihl. nefndarinnar. Og nefndaráliti meirihl. var ekki útbýtt fyr en nú á fundinum. Af þessum ástæðum verð jeg að taka málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 126, n. 271 og 289).

Frsm. meirihl. (Ingvar Pálmason): Eins og sjest á nál. fjhn., hefir hún ekki orðið sammála um þetta frv. Það er töluvert þýðingarmikið mál, því að með frv. þessu er farið fram á það, að ríkissjóður selji að líkindum þá stærstu og langverðmestu jarðeign, sem hann á enn óselda.

Með lögunum um sölu þjóðjarða, frá 1905, er gengið inn á þá braut, að ríkið selji þær jarðir, sem það hefir átt um undanfarnar aldir. Um árangurinn af þeim lögum eru mjög skiftar skoðanir, en jeg hygg þó, að meginþorri manna líti svo á, að lögin hafi ekki náð tilgangi sínum, og ekki laust við, að margir líti svo á, að margar eignir hafi verið seldar lægra verði heldur en sanngjarnt var. Þetta gefur ástæðu til þess nú, þá er um sölu Vestmannaeyja er að ræða, að athugað sje rækilega, hvernig er með söluverðið.

Eins og málið liggur nú fyrir hv. deild, skortir mikið á, að þær upplýsingar liggi fyrir, að þingmenn geti dæmt um verðmæti þessarar eignar. Það, sem meirihl. fjhn. hefir bygt á, er síðasta fasteignamat, en það getur verið varhugavert og ekki nógu tryggilegur grundvöllur til þess að byggja á, sjerstaklega þegar tillit er tekið til þess, hvað framkvæmdir allar í Vestmannaeyjum eru hraðfara. Það er því ekki að ástæðulausu, að meirihl. nefndarinnar lítur svo á, að tæplega sje gerlegt að taka nú fasta ákvörðun um þetta mál, eins og það horfir við. Eins og nál. meirihl. ber með sjer, er ætlast til þess, að útvegaðar verði nánari upplýsingar um málið áður en því verður ráðið til lykta.

Það hefir verið minst á þjóðjarðasölu yfirleitt í sambandi við þetta mál, en hjer stendur öðruvísi á en víða annarsstaðar, þar sem hjer er það bæjarfjelagið, sem er kaupandi, en annars hafa það verið einstaklingar. Jeg vil ekki leggjast í móti málinu, en hinsvegar dreg jeg það í efa, að nauðsyn þessa sje eins brýn og hv. flm. (JJós) hefir sagt. Ber hjer á það að líta, að Vestmannaeyjabær verður ekki nema að nokkru leyti notandi eignarinnar. Hitt er og verður leigt öðrum. Og þá ber á hitt að líta, hvort Vestmannaeyjakaupstaður verður betri landsdrottinn heldur en ríkissjóður. Um það efast jeg. En sem sagt vil jeg þó ekki að svo stöddu taka ákvörðun á móti sölu, og meirihl. fjhn. hefir litið svo á, að það væri ekki rjett af þinginu nú, að ákveða sölu, og byggir þar á því, að nú vantar öll gögn til þess að geta ákveðið söluverð.

Eins og jeg drap á áðan, þá er hið helsta, er fjhn. byggir álit sitt á, fasteignamatið. Það er nú rúmlega 630 þús. kr. á öllum Eyjunum. Mundi ef til vill margur segja, að þarna hefði legið nægileg gögn fyrir fjhn., en meirihluti hennar hefir ekki viljað fallast á það, því að slíkt mat getur altaf orkað tvímælis. Skal jeg þar, máli mínu til sönnunar, benda á Siglufjörð, sem vaxið hefir upp á skemri tíma en Vestmannaeyjar. Þar eru lóðir metnar á 1344 þús. kr., og virðist svo sem þar sje ekki gott samræmi í milli. Jeg skal engan dóm á það leggja, hvort lóðir í Siglufirði eru metnar of hátt, eða lóðir í Vestmannaeyjum of lágt. En sennilegt þykir mjer, að hjer sje hvorutveggja til að dreifa. Það er þó mín eigin skoðun, og tala jeg ekki þetta fyrir hönd fjhn. En jeg tel, að raunverulegt verðmæti Vestmannaeyjalóðanna sje hærra en fasteignamatið. Hjer er þó ekki á neinum föstum

grundvelli að byggja, og þessvegna leggur meirihl. nefndarinnar til, að ítarlegri upplýsinga sje aflað um málið áður en föst ákvörðun sje tekin.

Hv. minnihl. (JJós) hefir fallist á, að hjer sje ekki að öllu leyti byggjandi á núverandi eftirgjaldi af lóðum í Vestmannaeyjum. Í þess stað hefir hann viljað fara þá leið, að láta nýtt mat fram fara og semja um verðið á þeim grundvelli. En jeg lít svo á, og hygg, að meirihl. fjhn. sje mjer samdóma um það, að um sölu og verð Vestmannaeyja eigi Alþingi að taka síðustu ákvörðun.

Jeg hefi þá í fáum orðum reynt að gera grein fyrir því, hvað valdið hefir, að meirihl. fjhn. leggur til, að mál þetta fái þá afgreiðslu, sem nefnd er í niðurlagi nál. á þskj. 289. Og jeg tel ekki ástæðu til, frá minni hendi, að lengja umr. frekar að þessu sinni.

Þó vil jeg, áður en jeg sest niður, skjóta því til hæstv. atvrh. (MG), að jeg lít svo á, að hann hafi ekki athugað þetta mál sem skyldi. Hann sagði við 1. umr. þessa máls, að hann væri hlyntur því að selja Vestmannaeyjar og teldi rjettast, að þær væru þá seldar allar, og nefndi í því sambandi 250 þús. kr., sem mundi vera hæfilegt verð fyrir þær. Jeg tel það illa farið, að hæstv. atvrh. (MG) skyldi ekki athuga betur þá tillögu sína. Mjer er það fyllilega ljóst, að slíkt verð getur alls ekki komið til nokkurra mála, enda leit meirihl. fjhn. svo á.

Jeg verð að líta svo á, að eins og málið liggur nú fyrir, þá sje ekki tímabært að ráða sölu Vestmannaeyja til lykta. En sem sagt, um þetta ætla jeg ekki að orðlengja frekar. Það eru fleiri, sem þurfa að tala, og vil jeg ekki tefja þá að óþörfu.

Eins og málið liggur fyrir nú, þá á það ekki að ná fram að ganga. Það er illa undirbúið og margar nauðsynlegar upplýsingar vantar. Mjer virðist meirihl. fjhn. hafa fært svo góð rök fyrir þessu í nál. sínu, og jeg reynt að bæta við það með því, er jeg hefi nú sagt, og ræð því hv. deild að ráða ekki þessu máli til lykta á þessu þingi.

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Hv. frsm. meirihl. (IP) hefir nú reifað ástæður meirihl. fjhn. Og ástæðan fyrir því, að meirihl. nefndarinnar vill vísa málinu til stjórnarinnar — eins og gert hefir verið á svipaðan hátt áður í þessari hv. deild — er sú, að fullnægjandi upplýsingar liggi ekki fyrir hendi um verðmæti Eyjanna.

Hann sagði, hv. frsm. meirihl. (IP), að mál þetta yrði að athugast grandgæfilega áður en ákvörðun yrði tekin um það, hvort selja eigi Vestmannaeyjum lóðirnar, sem kaupstaðurinn stendur á, eða ekki. Þessu neitar víst enginn, enda hefi jeg aldrei gert ráð fyrir, að hrapað yrði að sölu lóðanna athugunarlaust. En hitt finst mörgum ekki nema rjett og sanngjarnt — og það fleirum en Vestmanneyingum — að kaupstaðurinn eigi land það, er hann stendur á, og ráði því sjálfur.

Jeg skal viðurkenna, að það sje ef til vill ekki rjett, að Alþingi ákveði lóðaverðið, enda höfum við minnihl.mennirnir borið fram brtt. í nál. á þskj. 271, þess efnis, að söluverðið ákveðist eftir mati þriggja dómkvaddra og óvilhallra manna, sem búsettir eru utan Vestmannaeyja. Það má vel vera, að brtt. sje ekki nógu ákveðin, en við töldum, að rjettara væri að taka það fram, til þess að tryggja betur, að engin óánægja risi út af sölunni, að það yrðu að vera

menn búsettir utan Vestmannaeyja, sem kvaddir væru í matsnefndina. Virðist mjer þetta síst óeðlilegt frá sjónarmiði þeirra manna, sem finna alt því til foráttu, að mál þetta lúkist á þann hátt, er Vestmannaeyingar óska.

Hv. frsm. meirihl. (IP) drap lítilsháttar á fasteignamat Eyjanna, og brá þá svo við, að alt skalf og nötraði undir fótum hans, þegar þangað kom. Hann sagði, að fasteignamatið væri ekki nægilega tryggur grundvöllur til þess að byggja á því lóðaverðið. Jeg get vel trúað, að honum finnist enginn grundvöllur nægilega traustur til þess að byggja á í þessu máli. Því að hann hefir sýnt sig mjög andvígan málinu og hirðir ekki um nein rök, sem fram eru borin af þeim, sem máli þessu fylgja. Og nú skal jeg fræða hann um það, að samkvæmt dómi þeirra manna, sem til þekkja í Vestmannaeyjum og víðar á landinu, þá er það álit þeirra, að lóðir Vestmannaeyja sjeu tiltölulega hærra metnar en annarsstaðar á landinu og þoli fyllilega samanburð við Siglufjörð, er hann taldi hærra metinn. Siglufjarðarkaupstaður hefir meira landrými, en fasteignamat hans þó lægra en Vestmannaeyjalóðanna.

Hv. frsm. meirihl. (IP) kannaðist við, að hjer væri um annað að ræða en þjóðjarðasölu í venjulegri merkingu. Á þetta benti jeg líka við 1. umr. þessa máls, að slíkt væri alls ekki sambærilegt. Einstakir menn, sem kaupa þjóðjarðir, fá ótakmarkaðan eignarrjett yfir jörðinni og geta selt hana aftur eða ráðstafað á annan hátt, án íhlutunar þess opinbera, en bæjarfjelag Vestmannaeyja má samkv. frv. ekki selja lóðirnar aftur.

Eiginlega vildi hv. frsm. meirihl. (IP) láta skína í gegn, að hann væri ekki mótfallinn frv., þó að hann hinsvegar sýndi það bæði í orði og æði, að hann vildi koma því fyrir kattarnef, eða kanske eigi að skilja framkomu hans sem svo, að hún sje öll gerð gegn betri vitund hans?

Jeg viðurkenni, að fasteignamatið sje ekki nógu trygt, þessvegna er líka brtt. okkar minnihl., sem jeg nefndi áðan, borin fram. Við viljum, að öll gögn í málinu komi fram og matsmennirnir kynni sjer þau vel og rækilega og velji svo á milli. Reglan um þjóðjarðasölu er sú, að kynna sjer, hvort leigan hefir verið sanngjörn eða ekki og á hvora hliðina hefir hallast. Sama ætlumst við til, að gert verði í þessu máli, og ættu þá að koma fram þessar mörgu upplýsingar, er hv. frsm. meirihl. (IP) segir að vanti nú.

Hv. frsm. meirihl. lauk ræðu sinni með því að vanda um við hæstv. atvrh. (MG) fyrir það, sem hann hefði lagt til þessara mála. Það er rjett, að hæstv. atvrh. hefir látið það álit í ljós, að hann gæti fallist á að selja bæjarfjelaginu í Vestmannaeyjum lóðirnar, en talið, að upphæðin, sem nefnd hefir verið — 250 þús. kr. — mundi ef til vill of lág. Annars er ekki mitt að svara fyrir hæstv. atvrh. Hann mun gera það sjálfur.

Jeg hefi heldur ekki haldið því fram, að þetta verð, 250 þús. kr., væri það mesta, sem selja ætti fyrir, en hinsvegar væri ekki úr vegi að reikna, hvað sú upphæð væri lengi að tvöfaldast með því að leggja vextina við höfuðstólinn.

Í nál. á þskj. 289 vitnar meirihl. nefndarinnar í það, að hún hafi fengið upplýsingar um, að lóðargjöldin í Vestmannaeyjum hafi 5-faldast nú á síðustu árum, og telur þessvegna ekki hægt að

byggja á gömlu leigunum um verðmæti Eyjanna.

Það er rjett, að síðasta ár hafa lóðargjöldin 5-faldast á nokkrum húsalóðum undir ný hús. Jeg hefi kynt mjer þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu, að hjer sje aðeins um dutlunga stjórnarráðsins að ræða, sem stafar af þekkingarleysi þess og hirðuleysi um þetta mál, og sýnir, hvernig stjórnarráðið hefir altaf misskilið það. Einn góðan veðurdag er svo rokið í að 5-falda lóðagjöldin, þar sem því varð við komið. Og að þessu hafa menn þeir, er byggja þurftu, svo orðið að ganga, til þess að geta fengið byggingu fyrir lóðunum.

Jeg er ekki að segja, að það hafi verið ósanngjarnt að hækka lóðagjöldin eitthvað, t. d. að þrefalda þau, en hitt nær engri átt, að 5-falda þau svona alt í einu. Það, sem meirihl. byggir á í þessu efni, sannar því ekkert um verðmæti Eyjanna. Jeg veit ekki, hvort meirihl. ætlast til, að stjórnarráðið útvegi þessi plögg og leggi þau fyrir þingið, til þess að vinna úr þeim. Hver ætti að útvega skrá yfir allar bygðar lóðir í Vestmannaeyjum, og hver veit svo um, hvort ábúð stendur lengur eða skemur? Nei, þessi rannsókn meirihl. er ekkert annað en fyrirsláttur, og haldið fram eingöngu til þess að eyða málinu að þessu sinni.

Þau rök, sem minnihl. hefir borið fram í nál. sínu, eru þau einu hyggilegu og ættu að nægja öllum þeim, sem á annað borð eru ekki alveg steinblindir í málinu.

Það er ekki margbrotið mál að skilja, að hjer er um ungan kaupstað að ræða, sem vill eiga land sitt sjálfur, eins og margbúið er að taka fram. Það fyrirkomulag er líka, af öllum þeim, er besta hafa þekkinguna á þessum málum, talið hið hollasta hverju bæjarfjelagi. Og eins og hæstv. atvrh. (MG) drap á, við 1. umr. þessa máls, þá er hjer um mikið fjárhagsmál að ræða fyrir Vestmannaeyjakaupstað, en útlátalítið fyrir ríkið að sinna þessum óskum bæjarfjelagsins.

Sigurður Jónsson: Það er ekki margt, sem jeg ætla að segja, enda hafði jeg ætlað að sitja hjá þessum umr. og sýna með atkv. mínu afstöðu mína til þessa máls.

En það, sem olli því, að jeg kvaddi mjer hljóðs, voru orð þau, sem fjellu hjá hv. frsm. minnihl. (JJós) um fasteignamatið síðasta. Hann sagði, að lóðir í Vestmannaeyjum væru hærra metnar en á Siglufirði.

Jeg ætti nú að vera manna kunnugastur þessu atriði, hjer í hv. deild, þar sem jeg var einn þeirra 5 manna, er sæti áttu í yfirfasteignanefndinni.

Við möttum lóðir kaupstaðanna hvers út af fyrir sig. Jeg veit, að lóðir Vestmannaeyja eru hærra metnar en á Seyðisfirði og í Hafnarfirði, en mun lægra en á Siglufirði, því að þar eru þær hærra metnar. Þetta ætti jeg að vita betur heldur en hv. frsm. minnihl. (JJós), þrátt fyrir umsögn þessara fróðu og kunnugu manna, er hann var að vitna til.

Jeg held, að við höfum ekki rótað neitt við virðingu lóða í Vestmannaeyjum og á Siglufirði, enda var okkur ljóst, að þetta voru ungir bæir, sem voru að vaxa og stækka, og því eðlilegt, að lóðir þar væru hærra metnar heldur en í gömlum kaupstöðum, sem standa í stað, eins og t. d. Seyðisfjörður.

Hv. frsm. minnihl. (JJós) hefir oft vikið að því, að það væru lítil útlát fyrir

ríkissjóð að verða við þessum óskum Vestmanneyinga, og má vel vera, að svo sje, enda þykir mjer ekki ólíklegt, að svo verði einhverntíma.

En eigi að selja þessar lóðir, þá verður að gæta hagsmuna ríkissjóðs, að hann ekki tapi. Sú upphæð, sem nefnd hefir verið, nær engri átt. Hún er mikils til of lág.

Annars er jeg á móti því, að ríkið selji fastegnir sínar, og get því ekki ljeð þessu máli fylgi mitt. Jeg hefi frá því fyrsta að jeg fór að skifta mjer af þjóðmálum verið mótfallinn þjóðjarðasölu, og geri ekki ráð fyrir því, að öðlast aðra skoðun á því máli úr þessu.

Sigurður Eggerz: Þar sem fasteignamatið á lóðunum nemur um 470.400 kr., en samkv. frv. er gert ráð fyrir að selja meginpartinn af þeim fyrir 200.000 kr., þá virðist mjer, að næg ástæða sje til frekari rannsóknar á verðmæti Eyjanna.

Lóðargjaldshækkun stjórnarráðsins, sem er fimmföldun á lóðargjaldinu, bendir fast á, að fasteignamatið sje sist of hátt. Og þó að hv. þm. Vestm. (JJós) væri lekinn trúanlegur og þreföldun lóðargjaldsins talin hæfileg, þá sýnir sú gjaldhækkun, hvað verðmæti Eyjanna er mikið. Leigan yrði þá 30 þús. kr. í stað 10 þús. kr. nú. Og þar sem verðmætið nú í frv. er gert 200 þús., með tilliti til 10 þúsund kr. leigu, yrði það þá 600 þúsund, ef leigan væri þreföldud, og er þá komið yfir fasteignamatsverð.

Það viðurkenna nú allir líka, að fasteignamatið sje yfir höfuð of lágt, eins og hv. 2. landsk. (SJ) tók fram. Hjer í Reykjavík er t. d. vani að bæta 50% við fasteigamatsverðið, til þess að fá sannvirði húsanna, eins og tekið er fram í nál. okkar á þskj. 289.

Alt bendir því til þess, að fasteignamatið á lóðum Vestmannaeyjakaupstaðar sje sist of hátt, heldur miklu fremur of lágt.

Þá nýju leið í þessu máli, sem hv. frsm. minnihl. (JJós) benti á, að meta lóðirnar eftir dómi óvilhallra manna, eins og tíðkast um þjóðjarðir, tel jeg ekki sjerstaklega eftirsóknarverða að fara, og þann mikla kostnað, sem af því mundi leiða. Mjer finst sjerstaklega, að Alþingi megi á engan hátt sleppa því, að segja síðasta orðið um sölu eignar, sem er alt að 6—7 hundruð þús. kr. virði, en samkv. þjóðjarðasölulögunum ákveður stjórnarráðið verð eignanna, að fengnu matinu. Ef auk þess er svo sem hv. þm. Vestm. segir, að þetta mál sje alt í óreiðu frá hálfu umboðsstjórnarinnar, bæði frá fyrri og síðari tímum, þá er enn meiri ástæða til þess að krefjast rannsóknar, áður en málinu er ráðið til lykta.

Jeg þykist vita, að hv. þm. verði fylgjandi dagskrá þeirri, sem meirihl. ber fram, svo margvíslegar ástæður hafa verið færðar dagskránni til stuðnings.

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Hv. 1. landsk. (SE) fór að ýmsu leyti ekki rjett með mín orð. Jeg hefi sagt, að alt lóðamálið í Vestmannaeyjum væri í óreiðu frá stjórnarráðsins hálfu. En jeg var hissa, að hv. 1. landsk., sem sálfur hefir verið ráðherra, skyldi ekki vita, að þegar ætlast er til, að farið sje eftir lögum um þjóðjarðasölu, þá er ekki skylda að fara eftir fasteignamati. Og jeg sje ekki betur en að óvilhallir menn standi betur að vígi um að meta, heldur en þm, þótt þeir fái upplýsingar

frá stjórninni. Hv. þm. (SE) vildi nota orð mín til þess að sanna, að þessi eign væri 6—700 þús. kr. virði. Jeg sagði það aldrei. En jeg sagði aðeins, að úr því að stjórnarráðið hækkaði leiguna, þá hefði kanske verið rjett að þrefalda hana, en ekki fimmfalda.

Þá kom hann að ummælum mínum um eftirlitsleysi stjórnarinnar með Vestmannaeyja-umboðinu, og ljet sem hann undraðist það mjög. Honum ætti nú að vera það kunnugt úr sinni stjórnartíð, hvernig því er háttað. Jeg ætti ekki að þurfa að fræða hv. þm. (SE) um það. (**SE:** Jeg vil fá það fram!) Jeg er heldur ekki að draga neinar dulur á það, að óreiðan var alveg sú sama í hans tíð, og það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. (SE) að koma af fjöllum og fyllast vandlætingu.

Annars virðist hv. 1. landsk. hafa skift skoðun. Á þinginu 1921, þegar um það var rætt, hvort Siglufjörður fengi Siglufjarðareyri keypta, þá undirskrifaði hv. þm. svohljóðandi nál.:

„— — Nefndin lítur svo á, að bæjarfjelaginu sje það nauðsynlegt að geta ráðið sem mestu um leigu lóða og byggingu húsa í kaupstaðnum, og að sanngjarnt sje, að það fái ríflegan hluta af þeirri verðhækkun á landi, sem þar verður við stækkun bæjarins. — —“ (Alþt. 1921, A. 1306).

Þetta er sama og jeg hefi haldið fram um Vestm.eyjar. En hv. 1. landsk. (SE), sem 1921 var sanngjarn, virðist hafa skift um skoðun nú. Það kann að stafa af því, að hann hefir skift um starf síðan, að hann kemst nú hvergi úr fram fyrir tölum. Hann getur svo að segja ekki þverfótað fyrir hundruðum þúsunda og hálfum miljónum.

En nú stend jeg á sama grundvelli og hann stóð 1921. Og það er sanngirnismál frá hálfu hvaða kaupstaðar sem er, að hann njóti sjálfur hagsmunanna af því, sem hann kann að hafa lagt fram til umbóta og mannvirkja. Þetta er rjetti grundvöllurinn, og það verður ekki fundin önnur betri ástæða fyrir því, að Vestm.eyjar fái keyptan þennan lóðarhluta.

Hv. 1. landsk. (SE) heldur því fram, að dagskrá meirihl. sje svo sanngjörn. Jeg held sanngirnin eigi að koma fram í því, að hið háa Alþingi sinni kröfum bæjarfjelagsins og greiði á þann veg fyrir heilbrigðum viðgangi þess.

Forsætisráðherra (JM): Það er aðeins sem kunnugur maður, að jeg vildi segja fáein orð.

Jeg hygg eflaust, að það sje best, að kaupstaðirnir eigi sjálfir það land, er þeir standa á og þurfa að nota. Og þegar þess hefir verið leitað á Alþingi, að kaupstaðir fái nauðsynlegt land, þá hefir því yfirleitt verið vel tekið. Svo var til dæmis um Hafnarfjörð og Ísafjörð. Þeim var selt land með svipuðum hætti og nú er farið fram á fyrir Vestm.eyjar. En þegar um Siglufjörð var að ræða, þá vildu menn ekki selja, af ótta við, að landið lenti í höndum útlendinga.

Hjer er nú engin hætta á því. Af því leiðir, að þetta mál verður aðallega fjárhagsmál, og jeg held, að eina leiðin sje að selja eftir mati. Jeg hræðist það ekki, að selt verði ríkissjóði til tjóns; það verður hagur fyrir báða aðilja.

Það hefir verið sagt, að leigan færi hækkandi. Það kann að vera, en langt verður þangað til að leigan af sumum lóðum, og það þeim, er einna eru dýrastar í sjálfum sjer og stærstar, hækki að mun.

Jeg er því fylgjandi máli þessu.

Mikið af þjóðeignum hefir verið selt einstökum mönnum. Jeg hefi að vísu verið mótfallinn því, að þjóðjarðir væri seldar einstökum mönnum. En hjer gildir ekki sama mótbára. Hv. meirihl. fjhn. er kanske ekki beint á móti því, að bæir fái eignarumráð yfir landi sínu, það er eftir sem áður opinber eign.

Sigurður Eggerz: Mjer virtist hv. þm. Vestm. (JJós) verða erfitt að hrekja ummæli mín. Hann mótmælti ekki, að sanngjarnt væri að þrefalda leiguna, og þá kemur verðið alveg heim við það, sem jeg sagði.

Þó að jeg undirbygði ræðu mína með tölum, þá gaf það ekki tilefni til að fyllast vandlætingu. Það fer hjer sem oftar, að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Jeg var búinn að sanna, að Eyjarnar má ekki selja fyrir 200 þús., en að verðið muni sjálfsagt liggja fyrir ofan fasteignamat.

Hv. þm. (JJós) þótti jeg rangfæra orð sín. Hann kvað alt verið hafa í „óreiðu". Það er að minsta kosti eins fast að kveðið eins og jeg gerði.

Hann komst heldur ekki allskostar vel frá því, að bendla mig við „óreiðu". Því vitanlega hefir umboðið í Vestmannaeyjum altaf heyrt undir atvinnumálaráðuneytið, og jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (JJós) ætli ekki forsætisráðherranum að vera með nefið ofan í öllu því, sem heyrir undir hina ráðherrana. Annars er það auðvitað bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, sem aðallega hefir farið með umboðið. Annars má vel vera, að óreiða sje á umboðinu, og er auðvitað sjálfsagt fyrir atvinnumálaráðuneytið að athuga það, en enn hafa ekki verið færðar sannanir fyrir óreiðunni.

Hv. þm. sagði einnig, að jeg hefði verið fylgjandi sölu á Siglufjarðareyri. Það er satt. En hvar er ósamræmið? Jeg hefi ekki enn með atkvæði mínu neitað um sölu á Vestmannaeyjum. En jeg bið um upplýsingar áður en selt er. Og góður þingmaður getur maður verið fyrir kjördæmi sitt, þótt ríkissjóðnum verði dálitið hlíft. Að því er afstöðu mína til Vestmannaeyja snertir, þá hefi jeg oft og einatt stutt mál Vestmanneyinga, t. d. í björgunarskipsmálinu og mörgum fleiri málum, en sem þingmaður þjóðarinnar get jeg ekki slept úr höndum ríkissjóðsins svo stórri eign fyrir smápeninga.

Hv. þm. (JJós) gat ekki sannað, að jeg færi skakt með tölur. Jeg gat margfaldað með þremur, bæði undan og eftir að jeg tók við því starfi, er nú hefi jeg. En ef það er eitthvað annað í sambandi við þetta starf, eða skipunina í það, sem hv. þm. (JJós) vildi hafa sagt, þá komi hann líka með það. Jeg vildi gjarnan fá tækifæri til að svara því einnig hjer.

Jeg sje ekki, að neitt sje vítavert við það, þótt jeg tæki aðra afstöðu nú en 1921. Í stjórnarskránni stendur, að þingmenn eigi að fara eftir sannfæringu sinni. Hjer hefi jeg ekki breytt neitt aðstöðu minni. En ef jeg sæi eitthvað betur 1925 en 1921, þá gerði jeg það hiklaust.

Dagskráin fer fram á ítarlega rannsókn á málinu. Að henni lokinni fær þingið að segja seinasta orðið um málið.

Jónas Jónsson: Það vill vel til, að hæstv. atvrh., biður um orðið, því að jeg vildi einmitt segja fáein orð, sem aðallega eru spurning til hans.

Blettur sá, sem farið er fram á að

fá keyptan, er aðalkjarni Vestmannaeyja, og jeg sje enga ástæðu fyrir landið til þess, að eiga útskæklana, þegar aðaleignin er seld. Á fundi, sem haldinn var um þetta mál, ljet hæstv. atvrh. (MG) í ljós, að hann væri fús á að selja alla eignina fyrir 50 þús. kr. hærra verð en hv. þm. Vestm. hafði farið fram á, þ. e. fyrir ¼ milj. kr. Síðan hefir komið fram, að þessi verðlagning hæstv. atvrh. getur ekki hafa verið vandlega hugsuð, og af því jeg býst við, að það þyki furðu sæta, að slíkt umtal um söluverð komi frá hæstv. stjórn, þá gef jeg hæstv. atvrh. tækifæri til að skýra þetta nánar. Það hefir ljóslega komið fram við umræðurnar, að þessi staður er miklu meira en 250 þús. króna virði. Má vel kalla hann hjartað í skákinni, því eftir stærð mun hann vera einhver dýrasti blettur á Íslandi. Það hlýtur að vekja undrun, ef hæstv. stjórn talar um verð eins og þetta, án nokkurrar rannsóknar. En svo lítur út sem hæstv. atvrh. vilji fyrir sitt leyti láta Eyjarnar af hendi fyrir þetta verð, 250 þús. kr. Þegar nefndin athugaði þá einu opinberu heimild um sölugildið, sem fyrir liggur um þetta efni, þá kom í ljós, að eftir fasteignamatinu hafa Eyjarnar verið metnar nær því þrefalt á við þá upphæð, sem hæstv. atvrh. gerir sig ánægðan með. En það mat er alstaðar á landinu neðan við venjulegt söluverð, og munar það svo miklu, að þegar það er 560 þús. kr., er óhætt að ályktа, að 1 miljón eða meira sje gott kaupverð. Því hefir raunar verið haldið fram, í viðtali við mig, að fasteignamat í Vestmannaeyjum væri hærra en annarsstaðar á landinu, en jeg geri ráð fyrir, að það hafi verið framkvæmt af kunnugum mönnum og eftir bestu samvisku. Það er kunnugt, að fasteignamatið er yfirleitt íhaldssamt, af því að eigendur vildu, að metið væri lágt. Þegar mat er gert, sem búist er við, að lagt verði til grundvallar við skattaálagningu, þá beinist öll hugarstefnan að því, að fá það ákveðið sem lægst. Hversu verðið er yfirleitt hátt í Vestmannaeyjum, sjest af einstökum dæmum um menn, sem hafa fengið framleigu hjá öðrum, er höfðu eldri samninga. Jeg hefi t. d. heyrt, að greidd hafi verið nokkur þúsund fyrir lóð, sem bærinn lagði veg yfir. Ef lóðirnar væru í einstakra manna eigu, þá yrði verðið líkt og hjer í miðbænum. Það stendur líkt á þar og á Siglufirði eins og hjer. Á þessum lóðum er rekin arðsöm atvinna, sem skapar hátt verð. Jeg held, að hæstv. atvrh. megi vera mjer þakklátur fyrir, að jeg hefi gefið honum tækifæri til að skýra frá, hversvegna hann telur sig fúsan að selja þessar lóðir svona ódýrt. Við nefndarmenn urðum að afla okkur betri upplýsinga. Við höfðum fasteignamatið, tilboð hv. þm. Vestm. (JJós) og undirtektir hæstv. atvrh. (MG). Auk þess fengum við að vita, að lóðagjöldin hefðu fimmfaldast síðustu árin. Að vísu hefir hv. þm. Vestm. sagt, að þar væri um að ræða neyðarkjör, og ekki mætti reikna út frá því. En kvartanir hafa engar heyrst, og leigan er ekki hærri en það, að við hjer í Reykjavík mundum telja okkur sæla, að þurfa ekki að borga meira fyrir lóðir hjer.

Það er rjettast að láta öll plögg koma fyrir þingið. Þeir, sem lesið hafa umræður úr Nd., þegar þar var til meðferðar sala lóða á Siglufirði, vita, að þar voru viðhöfð sterk orð, og eftir

þeim viðtökum, sem það mál fjekk, eru engar líkur til, að þetta nái þar samþykki, nema ákaflega skýr gögn sjeu fyrir hendi.

Jeg vil nota tækifærið og skýra fyrir hæstv. atvrh. (MG), hvað fyrir okkur nefndarmönnum vakir, þegar við biðjum um upplýsingar. Við óskum eftir að fá glöggar skýrslur um einstaka leigusamninga, hvað háir þeir eru, hvað landið er stórt, hvað leigusamningurinn er til langs tíma, hve gamall leigutaki er, ef um lífstíðarrjett er að ræða o. s. frv.

Það er síður en svo, að ástæða sje til þess fyrir Vestmanneyinga að vera óánægða. Landið hefir búið svo vel að þeim sem best má verða. Mjer er kunnugt um 2 lóðir þar, er önnur þeirra leigð á 40 kr. á ári, en hin 150. Við sölu mundu þessar lóðir fara fyrir tugi þúsunda. Er ekki ástæða fyrir menn með slík vildarkjör, að vera þakklátir landinu, sem svo vel hefir búið að þeim? Þó að Vestmanneyingar vilji ekki viðurkenna þetta, þá er samt sannleikurinn sá, að landið hefir verið gott við þá, en þeir ekki við landið. Þeir hafa í raun og veru ekki siðferðilegan rjett til framleigu. Landið átti að fá framkomna verðhækkun, sem farið hefir til fárra manna þar í Eyjunum. Jeg vil ekki grípa fram fyrir hendurnar á rannsókn á þessu máli, svo jeg skal ekki fara mikið út í það, hvernig hægt er að sameina þetta tvent, að hlúa að Vestmannaeyjum, en tryggja þó um leið, að sanngjörn verðhækkun og gróði af framleigu renni til landsins. Jeg geri ráð fyrir, að enginn vilji misbeita aðstöðu sinni svo, að landið verði svift þessari eign fyrir lítið. Þegar verið var að koma á höfninni í Vestmannaeyjum, þótti sjálfsögð skylda landsins að leggja fje í sína eigin eign, en þegar búið er að gera þetta, þykir rjett að gefa þessa eign, til þess að hægt sje að standa straum af höfninni, án styrks frá landinu. Þetta kemur dálítið einkennilega fyrir.

Jeg þarf svo ekki að segja meira, nema ef hæstv. atvrh. (MG) gefur mjer ástæðu til þess.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst ágreiningurinn í þessu máli vera um það, hvort fá eigi frekari upplýsingar viðvíkjandi söluverði Eyjanna. Annars hefir mjer heyrst á hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP), að þeir hafi ekki enn tekið afstöðu til þess, hvort selja skuli eða ekki. Þó er hjer verið að ræða um verðið. Jeg skil ekki, hversvegna nefndin getur ekki tekið hreina afstöðu til þess, hvort selja skuli, ef nægilega hátt verð fæst; það hefði hún átt að geta gert. Til hvers er að leggja fram öll gögn og afla upplýsinga um verðmæti Eyjanna, ef fyrirfram er ákveðið að selja ekki? Því hefir verið haldið fram, að þetta væri lítið rannsakað af stjórnarinnar hálfu. En að því verður að gæta, að þetta er þingmannsfrumvarp og að stjórnin hefir ekki verið beðin um neina rannsókn. Nefndin hefir kallað mig á einn fund og spurt um álit mitt, en alls ekki beðið um neina skýrslu. Það þýðir því ekkert að vera að tala um, að málið hafi verið lítið rannsakað, eða að minsta kosti er það mál stjórninni óviðkomandi.

Það hefir verið minst á þjóðjarðasöluna í þessu sambandi. Jeg viðurkenni, að þetta er skylt. En jeg hefi líka altaf verið með þjóðjarðasölu, af því að jeg hefi sjeð, að menn gera meira

fyrir sínar eigin jarðir heldur en leigujarðir. Jeg var um eitt skeið móti sölu kaupstaðarlóða þeirra, sem ríkissjóður á, en jeg er meira og meira að hverfa frá þeirri stefnu og hallast að því, að rjett sje að selja kaupstöðunum lóðirnar. Og þetta byggi jeg á því, að reynslan sýnir, að ríkissjóður hefir tiltölulega mjög lítið upp úr lóðaeignum sínum, og veldur þar um miklu, hversu erfitt er að stjórna þessum eignum hjeðan úr Reykjavík, og hefir það einmitt komið fram á Vestmannaeyjum einna átakanlegast.

Út af því, sem talað hefir verið um fasteignamat Eyja, þá játa jeg, að það er hærra en það, sem hjer er stungið upp á. Jeg veit ekki, við hvað það hefir verið miðað. En það getur ekki verið miðað við það, sem lóðirnar gefa af sjer til ríkissjóðs, heldur þá við söluverð leigurjettindanna manna á milli. En við það er ekki heimilt að miða í Vestmannaeyjum í þessu efni, ef ríkissjóður á að selja. Þá er ekki hægt að miða við annað en hvað ríkissjóður hefir upp úr Eyjunum nú og í fyrirsjáanlegri framtíð, því að hvað stoðar það ríkissjóð, þótt lóðarleigjandi, sem hefir fengið leigurjett til 80 ára, geti selt rjett sinn dýru verði? Ríkissjóður fær ekki undir neinum kringumstæðum meira en umsamda leigu. Hitt er eign leigutaka, eftir landslögum.

Það má án efa saka undanfarandi stjórnir fyrir það, að þær hafi leigt lóðirnar til svo langs tíma gegn litlu endurgjaldi, en það bætir ekki úr, því að það verður ekki út skafið, að lóðirnar eru leigðar, og þegar ákveða á söluverðið, verður ekki hjá því komist að taka tillit til þessarar stórkostlega verðlækkandi kvaðar, sem á lóðunum hvílir í 70—80 ár. Þetta tillit tekur fasteignamatið ekki; það er ekki miðað við arð ríkissjóðs af Eyjunum, heldur við verðmæti leigurjettarins fyrir leigutaka. Og þetta er rjettur grundvöllur undir matinu, vegna þess, að hjer er um skattmat að ræða, en ekki mat til sölu.

Það hefir verið sagt hjer, að Eyjunum hafi verið fremur illa stjórnað, og get jeg ekki annað en viðurkent það. Jeg segi þetta ekki til ámælis fyrv. stjórn eða núverandi, því að það er ómögulegt fyrir stjórnina að mynda sjer skoðun um lóð langt í burtu, hvort hún er leigð hæfilega dýrt. Í þessu tilfelli hlýtur stjórnin að fara eftir áliti umboðsmannsins í Vestmannaeyjum. Ef hann er ekki nægilega hagsýnn, þá fer eins og hjer hefir farið. Jeg veit ekki, hvað ætlast er til að stjórnin geri í þessu máli, ef frv. verður felt og rökstudda dagskráin líka, hvort þá er ætlast til, að stjórnin rannsaki málið og láti meta eignina. Væri gott að fá bendingu um þetta.

Hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að jeg á nefndarfundi hefði komið með tilboð um að selja Eyjarnar fyrir 250 þús. kr. Þetta er ekki rjett. Jeg hefi alls ekki heimild til þess að gera neitt tilboð. Jeg sagði, að það mundu renna á mig tvær grímur, ef boðin væri ¼ miljón. Hv. þm. (JJ) verður að hafa rjett eftir.

Hv. þm. (JJ) sagði, að með þessu stórskaðaði jeg ríkissjóð, ef það gengi fram. En það kunna fleiri að reikna en hann. Eins og kunnugt er, hefir ríkissjóður nú upp úr Eyjunum verðmæti árlega, sem nemur 5% af 200 þús. kr. En ef þær væru seldar fyrir 250 þús. og gert ráð fyrir ca. 6% vöxtum, hvað yrði þá hagnaðurinn orðinn mikill, þegar núverandi samningar ganga úr gildi?

Vill ekki hv. þm. (JJ) gæta að því? Hann gleymdi alveg þessu atriði, og það kalla jeg að reikna skakt.

Enn má benda á, að meðan ríkið á Eyjarnar, verða gerðar miklu meiri kröfur til ríkissjóðs. Hann getur orðið að inna af hendi margvísleg gjöld, sem annars myndu sparast.

Hv. þm. (JJ) sagði, að það væru sömu skilyrði fyrir verðhækkun á lóðum í Vestmannaeyjum og í miðbænum í Reykjavík, en það leyfi jeg mjer að efast um, svo lengi sem ríkissjóður lætur lóðir á leigu í Vestmannaeyjum fyrir svo lága leigu sem nú er. Þá sagði hv. þm. ennfremur, að ríkið hefði búið vel að Eyjaskeggjum, og það er alveg rjett, enda er mjer ekki kunnugt um, að þeir hafi nokkurntíma vanþakkað það, og ríkissjóður hefir verið miklu betri lánardrottinn fyrir Eyjaskeggja en sjálfan sig. Ef hyggilega hefði verið að farið, hefði verið hægt að hafa miklu meira upp úr lóðunum en gert hefir verið, og því hygg jeg, að betra sje fyrir Vestmannaeyjabæ að fá þessar lóðir, heldur en fyrir ríkissjóð að hafa þær, þótt þær hækki í verði. Þá var hv. þm. að tala um einhvern „juridiskan" rjett, sem þeir hefði til framleigu, en ekki „moralskan". Það skil jeg ekki, því ef maður hefir „juridiskan" rjett til framleigu, hvað á þá að verða af þeim rjetti hans, þegar maðurinn deyr? Og ef svo væri, að hjer væri ekki um neinn lagalegan rjett að ræða, heldur einhverja siðferðislega skyldu, hvaða gagn væri að því? Menn fara í viðskiftum eftir sínum lagalega rjetti og engu öðru. Það þýðir því ekki að halda hjer fyrirlestur um það, hvað menn eigi að gera, eftir einhverjum siðferðislegum reglum, sem einhver maður býr til; það verður farið eftir landslögum, og eftir öðrum reglum getur þingið alls ekki farið.

Eggert Pálsson: Það er eitt atriði, sem hefir dregist inn í þessar umræður, sem orsakar það, að jeg kveð mjer hljóðs. Það er þjóðjarðasalan yfir höfuð að tala, hvort hún er rjett hugsuð og skynsamleg eða ekki. Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg hefi altaf fylgt þeirri stefnu, að rjettara væri að selja þessar þjóðjarðir alment, heldur en að ríkssjóður ætti þær. Hefir það vakað fyrir mjer, að með því að ábúandinn eignaðist jörðina, mundi hann frekar bæta hana, heldur en ef ríkið ætti. Jeg hefi þóst veita því eftirtekt, að einmitt þegar maðurinn hefir verið orðinn eigandi að jörðinni sjálfur, þá hefir það leitt til þess, að hann hefir farið að bæta hana, sem hann hafði ekki gert áður. Vitanlega er einnig sú leið til, að ríkissjóður, sem talað er um að sje svo góður landsdrottinn, leggi fram mestan hluta afgjaldsins til umbóta. Þá geta jarðirnar batnað, en þá skerðast um leið tekjurnar, sem ríkissjóður hefir af þessari eign sinni, svo að það verður tvíeggjað sverð. Þegar litið er á það fjárlagafrv., sem hjer liggur fyrir, sjer maður, að það eru yfir höfuð að tala sáralitlar tekjur, sem ríkissjóður hefir af þessum eignum sínum. Í fjárlögunum er eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs aðeins talið 33000 kr., þar með talin lóðargjöld í kaupstöðum landsins, Vestm.eyjum og máske fleirum. Og þegar maður heyrir það á aðra hlið, að lóðir ríkissjóðs í Vestmannaeyjum sjeu milj. kr. virði, þá dylst engum, að það eru æðilitlar tekjur, sem ríkissjóður hefir af þessum jarðeignum sínum. Á seinni árum hefir ríkissjóður selt nokkuð af þeim jörð-

um, sem hann hefir átt, og hefir það gengið í ræktunarsjóðinn; hve mikill hluti af jarðeignum hans það hefir verið, get jeg ekki sagt með vissu, en jeg ímynda mjer þó, að það, sem selt hefir verið af jarðeignum, síðan ræktunarsjóður fór að taka við því, sje ekki meira en helmingur á móts við það, sem ríkissjóður á eftir. En maður sjer þó, að vextirnir af ræktunarsjóði, sem er andvirði seldra þjóðjarða, eru samkvæmt fjárlagafrv. 25 þús. kr. Og sje þessi ágiskun mín nærri lagi, þá sjer maður það, að vextirnir, sem ríkissjóður hefir af því, sem selt hefir verið, eru talsvert meiri en af þeim þjóðjörðum, sem eftir eru.

Viðvíkjandi þessu sjerstaka frv., sem hjer liggur fyrir, verða menn að gæta þess, að hjer stendur alt öðruvísi á en með þjóðjarðasöluna yfir höfuð að tala. Þegar þjóðjarðir hafa verið seldar, hafa þær oftast verið seldar í hendur einstakra manna, og það verður maður að viðurkenna, að sje frá einni hlið varhugaverðara, heldur en ef bæjarfjelagi er selt. Því að Alþingi hlýtur að meta það mikils, að afkoma öll fyrir þessum bæjarfjelögum sje sem allra best, þar eð hvert slíkt bæjarfjelag er svo mikill hluti af þjóðfjelaginu í heild sinni, en hver einstaklingur aftur á móti ekki nema örlítið brot. En þegar litið er á þessi bæjarfjelög, sem svo er ástatt fyrir eins og Vestmannaeyjum, þá dylst það ekki, að það er illa fyrir komið og mjög óheppilegt, að slíkir kaupstaðir skuli ekki eiga sig sjálfir. Við rekum okkur á það margsinnis, að við erum í talsvert miklum vanda staddir fyrir þetta. Nú liggur t. d. fyrir þessari hv. deild eitt frv., sem jeg býst við að geti skoðast sem vandamál. Það er frv. um að leggja skatt á lóðir á Siglufirði. Þessar lóðir eru eign ríkisins. Jeg skal taka það fram, að mjer finst það mjög eðlilegt, að þetta frv. komi frá Siglfirðingum; það er eðlilegt, að þeir vilji á einhvern hátt standast kostnaðinn af því að verja landið með því að byggja hafnargarða o. fl. Nú er ekki heimilt að taka gjald af þessum lóðum. En þeir vilja ná slíku gjaldi af landinu, svo sem venja er til annarsstaðar, og það er í rauninni mjög eðlilegt. En hinsvegar dylst engum, að það er dálítið óviðkunnanlegt, að kaupstaðir geti farið að leggja skatt á eignir ríkissjóðs. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig þessu frv. muni reiða af. En hitt þykist jeg viss um, að ef þessi braut verður farin þarna, þá hljóti að koma að því sama hvað Vestmannaeyjar snertir. Vestmanneyingar yrðu þá líka að fá leyfi til að skattleggja hjá sjer lóðir, sem eru eign ríkissjóðsins. Þetta fyrirkomulag finst mjer að öllu leyti óviðunandi, og þessvegna er jeg fyllilega fylgjandi því, að selja Vestmanneyingum nægilegar lóðir fyrir sinn kaupstað, og það því fremur sem jeg hefi fylgt þjóðjarðasölustefnunni áður. Mjer virðist sem ekkert sjerlegt geti verið í húfi, hvað ríkissjóð snertir, þótt þessi sala væri heimiluð, og hinsvegar, að með því mundi mega losna við margvísleg óþægindi á báðar hliðar.

Það hefir verið tekið fram, að hjer væri um svo mikið fjármagn að ræða — kanske um miljón króna — en það er nokkuð út í loftið talað. Það er ekki hægt, þegar lóðirnar eru fyrirfram bundnar um margra ára skeið, að umhverfa þeim skyndilega í peninga. Það verður að taka tillit til þeirra samninga, sem gerðir hafa verið. Hvort sem

ríkið eða Vestmannaeyjabær ætti lóðirnar, þá yrði eigandinn að vera bundinn við þá samninga, sem gerðir eru. Og þessvegna er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þessi eign sje eins mikils virði eins og ef engin bönd hvíldu á henni. En hitt er rjett, að þess verður æfinlega að gæta, að selja þessar eignir sem fylstu verði. Jeg get játað það, að því er snertir einstöku jarðir ríkissjóðs, sem seldar hafa verið, að þess hefir ekki verið gætt nógsamlega, að verðleggja þær nógu hátt. En til slíks ætti ekki að koma, að því er snertir sölu á þessari fasteign. Jeg býst við, að dómkvaddir menn, alveg óviðkomandi Vestmanneyingum sjálfum, verði kvaddir til. Og þá gæti maður vænst þess, að það mat yrði ekki hlutfallslega jafnlágt og á mörgum jörðum, sem seldar hafa verið, heldur þvert á móti fullkomið verð, sem bærinn gæfi fyrir lóðirnar og ríkissjóður biði engan skaða, hvorki í nútíð nje framtíð. Og svo verður í sambandi við þetta að gá að því, sem mjer virðist, að ekki hafi verið veitt nægileg athygli, að þetta mat er þó ekki annað en undirbúningsathöfn, þannig, að ef mat þessara manna virðist vera heldur lágt — en það getur maður treyst stjórninni til að meta og sjá — þá hefir hún það algerlega í sinni hendi, hvort selt er eða ekki, þar sem hjer er ekki nema um heimildarlög að ræða.

Frsm. meirihl. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi ekki miklu að svara, því að hv. 1. landsk. (SE) og hv. 5. landsk. (JJ) hafa að miklu leyti svarað því, sem svara þurfti.

Jeg heyrði hv. flm. (JJós) geta þess í upphafi ræðu sinnar, að þegar jeg hefði komið að fasteignamatinu, þá hefði sá grundvöllur skolfið líka. Já, jeg skal játa það, að jeg lít svo á, að eftir fasteignamatinu sje ekki hægt að fara, en jeg hefi þó tekið meira tillit til þess heldur en hv. flm. (JJós); annars er hjer ekki mikið um fasteignamatið að ræða. Jeg benti á það í fyrri ræðu minni, að samanborið við fasteignamat Siglufjarðar kemur fram ósamræmi í matinu á Vestmannaeyjum. Í Vestmannaeyjum er matið yfir 640 þús. kr., en á Siglufirði yfir 1 milj. og 300 þús. kr., en menn, sem komið hafa á báða staðina, líta svo á, að þar sje um allmikinn stærðarmun að ræða, þannig, að lóðir á Siglufirði eru að mun minni en í Vestmannaeyjum, auk þess sem Eyjarnar hafa allstórt óbygt land, bæði á heimaeynni og í úteyjum, og því verður maður að álíta, að á Siglufirði sje mjög hátt matið, en í Vestmannaeyjum lágt að sama skapi. Þessu verður naumast mótmælt, enda höfum við borið okkur saman við menn, sem eru þessu máli mjög kunnugir, og þeir hafa kannast við, að þeir hefðu hugmynd um, að svo gæti verið. Þetta virðist mjer benda til þess, að fasteignamatið geti ómögulega verið of hátt á Vestmannaeyjum. Að öðru leyti hygg jeg, að hv. flm. hafi verið svarað. Þó vil jeg taka það fram strax, af því að hv. þm. (JJós) benti á það, hvort sem það var í ræðunni sjálfri eða innskot í ræðu einhvers annars hv. þm., að ef matið hjá hinni fyrirhuguðu nefnd, samkv. brtt. hv. flm., þætti of lágt, þá gæti stjórnin hækkað það. En það er nú einmitt það, að jeg vil ekki, að gefnu tilefni, eiga undir því, að stjórnin hækki matið, einmitt af því, að sá ráðherra, sem með þessi mál fer, hefir ótvírætt látið það í ljós við nefndina, að hann, fyrir sitt leyti, teldi 250 þús.

kr. sæmilegt verð á þessum lóðum, og þá geta hv. deildarmenn skilið, að jeg get ekki bygt á því, þótt samkv. brtt. færi fram lágt mat á Vestmannaeyjum, að þá myndi stjórnin nokkuð fara að bæta úr því. Annars er ekki mikil ástæða til að ræða frekar um þetta mál. Mjer finst, að af nefndarinnar hendi hafi verið færð fullgild rök fyrir því, að eins og málið liggur nú fyrir, getur þingið ekki tekið fasta ákvörðun um söluverðið. (**JJós:** Það er enginn að fara fram á það.) Jú, það er enginn efi á því, aðeins er því svo fyrir komið, samkvæmt brtt. minnihl., að þingið á að afsala sjer rjetti til að geta tekið ákvörðun um það síðar. En því erum við meirihl. algerlega á móti. Við viljum ekki kasta frá þinginu ákvörðunarrjetti um söluverðið; það leggjum við áherslu á. (**JJós:** Hv. þm. (IP) ætti þá að koma með brtt. í þá átt, að þingið eigi að leggja samþykki sitt á það.) Jeg tel það ekki fullnægjandi, vegna þess, að það er ekki alveg víst, að það komi fram nægar upplýsingar til þess. Það eru einmitt upplýsingarnar, sem við viljum fá, til þess að Alþingi geti dæmt rjettlátlega í þessu máli.

Hæstv. forsrh. (JM) gat þess, og jeg býst við, að það sje rjett, að salan á Siglufirði hafi dagað uppi vegna þess, að það var litið svo á, að það gæti verið um þá hættu að ræða, að eignin kæmist að einhverju leyti í hendur útlendinga. Mjer er nú spurn: Getur sú hætta ekki líka verið með Vestmannaeyjar? Jeg hygg, að svo geti jafnvel verið. Einnig sagði hæstv. forsrh., að nú væru leigðar nokkrar lóðir í Vestmannaeyjum svo háu verði, að ekki gæti komið til mála að hækka þær frekar, en hitt er og víst, að allmargar lóðir þar eru leigðar svo lágt, að vafalaust verður eftirgjald þeirra hækkað allmikið, þegar þær losna úr ábúð, og það hefir hv. flm. (JJós) líka játað, því að hann var að tala um, að það væri ekki ósanngjarnt, að þær væru hækkaðar þrefalt. Svo að það er áreiðanlegt, að eitthvað af lóðum í Vestmannaeyjum er leigt of lágt; það kom líka nokkuð fram hjá hæstv. atvrh. (MG), sem jeg mun víkja að síðar.

Hæstv. atvrh. sagði, að sjer fyndist meirihl. nefndarinnar kasta þessu máli of snemma frá sjer. Jeg get ekki skilið þetta, því að mjer finst einmitt, að það, sem meirihl. nefndarinnar leggur til, sje það, að kasta því ekki frá þinginu og í hendur stjórnarinnar. Jeg býst við, að það liggi í orðum hæstv. ráðherra (MG), að honum þyki nefndin ekki hafa rannsakað það nógu rækilega. En það er til of mikils mælst af þingnefnd, sem hefir mörg störf með höndum, að hún geri það á einu þingi, þegar stjórnin hefir ekki gert það. Hæstv. atvrh. sagði, að það hefði ekki verið nein ástæða til fyrir stjórnina að rannsaka málið, vegna þess, að þetta væri ekki stjfrv., það væri flutt af þingmanni, og þetta því frekar verk nefndarinnar. En jeg verð að líta svo á, að þegar hæstv. atvrh. telur sig geta látið í ljós sína skoðun á málinu, þá verður að vænta þess, að hann hafi eitthvað verið búinn að rannsaka það, og á fundi hjá nefndinni lýsti hann yfir því, að hann fyrir sitt leyti teldi 250 þús. kr. sanngjarnt verð. Ímynda jeg mjer, að hæstv. ráðherra (MG) hafi bygt þetta álit sitt á einhverri rannsókn. En hitt skal jeg játa, að jeg tel þá rannsókn alt of litla.

Þá sagðist hæstv. atvrh. ekki vita, við hvað fasteignamatið hefði verið miðað, en taldi líklegt, að það hefði verið mið-

að við einhverja sölu, sem farið hefði fram á lóðunum. En jeg verð að álíta, að slík sala hafi ekki getað átt sjer stað, þessvegna sje það útilokað, en hitt sönnu nær, að miðað hafi verið við það, sem matsmenn hafi talið hæfilegt söluverð á þeim tíma, ef selt hefði verið. En þá getur maður líka fyllilega haft leyfi til þess að draga af því þá ályktun, að það hafi þá ekki síður verið litið á frá sjónarmiði kaupanda heldur en seljanda. En þá bendir það frekar á, að matið sje fulllágt.

Það kemur málinu ekki við, að minnast á, að hæstv. atvrh. kannaðist við það, að umboðsmenskan í Vestmannaeyjum hefði verið í ólagi, og er ekkert við því að gera. En jeg hygg, að ef stjórninni hefði verið kunnugt um það, þá hefði hún tafarlaust getað bætt úr því. En það getur náttúrlega hafa átt sjer stað, að ólagið hafi verið, en stjórninni ekki kunnugt um það. Annars finst mjer þetta ólag, sem sagt er, að sje á umboðsmenskunni í Vestmannaeyjum, styrkja málstað okkar, sem ekki viljum byggja álit okkar á því ástandi, sem nú er.

Þá mintist hæstv. atvrh. á það, að hv. 5. landsk. (JJ) væri ekki góður í reikningi, og sennilega þá ekki meirihl. í fjhn. heldur. Jeg skal ekki fást um þetta álit hæstv. atvrh.

En ef ríkissjóður hefir ráð á að leggja til hliðar söluverð Vestmannaeyja og ávaxta það, hví skyldi hann þá ekki eins geta lagt afgjaldið til hliðar? Jeg sje því ekki, að orð hæstv. atvrh. (MG) um þetta sanni neitt hans mál, heldur hið gagnstæða.

En að hægt verði að komast hjá kostnaði fyrir ríkissjóð af Eyjunum, ef þær verða seldar, er hin mesta fjarstæða, nema þá því aðeins, að þær yrðu gerðar að sjálfstæðu ríki. (JJ: Og gera Jóhann að konungi yfir þeim!) Þeir um það, Eyjaskeggjarnir, hvern þeir hefðu fyrir konung sinn. En ríkið losnar ekki við kostnaðinn af Eyjunum fyr.

Nei, spursmálið er ekki um þetta, heldur hitt, á að selja Eyjarnar eða ekki? Og þá fyrir hvað mikið.

Eins og meirihl. fjhn. hefir látið í ljós, verð jeg að telja hyggilegast að taka enga endanlega ákvörðun um það nú á þessu þingi, heldur skjóta því á frest til frekari athugunar. En því verð jeg að halda fram, að Alþingi eigi hjer úrskurðarvaldið.

Hæstv. atvrh. sagði, að ef hyggilega væri á haldið, mætti hafa miklu meira upp úr Eyjunum en nú er gert. Þessi ummæli hæstv. ráðherra verð jeg að taka meirihl. nefndarinnar til inntekta. Því að eftir þessu er eiginlega ekkert til, sem hægt er að byggja sölu Eyjanna á, úr því að það er játað, að aldrei hafi verið haft eins mikið upp úr Eyjunum og hægt hefði verið, aðeins ef hyggilega hefði verið að farið.

Jeg sje því ekki betur en öll þessi andmæli, sem fram hafa komið, styrki álit meirihl., en veiki álit hins.

Þá vil jeg víkja örfáum orðum að hv. 1. þm. Rang. (EP). Hann mintist á þjóðjarðasöluna. Þar erum við tveir á andstæðri skoðun, og við það er ekkert að athuga. En hann mintist líka á, að fyrir þinginu lægi frv. um að heimila bæjarstjórn Siglufjarðar að leggja skatt á lóðir í kauptúninu. Og mjer skildist hann halda því fram, að ríkissjóður ætti að greiða þennan skatt. En jeg lít svo á, að þeir, sem nota lóðirnar eða hafa þær leigðar, eigi að greiða hann. Og jeg fyrir mitt leyti tel slíka

heimild sanngjarna, til þess að bæjarfjelögin geti fengið gjöld af lóðum, sem oft eru mjög lágt leigðar. Og ef slíkt frv. lægi fyrir frá Vestmannaeyjum, myndi jeg fylgja því, eins og jeg fylgi frv. um slíka heimild fyrir Siglufjörð.

Að síðustu vil jeg enda orð mín með því að undirstrika það, sem bæði jeg og meðnefndarmenn mínir eru margbúnir að taka fram, að þegar endanleg ákvörðun um sölu Vestmannaeyja verður tekin, þá verði hún bygð á samþykt Alþingis, en ekki á ákvörðun neinnar nefndar.

Jónas Jónsson: Hæstv. atvrh. (MG) áfeldi okkur meirihl. nefndarinnar fyrir það, að við hefðum kastað málinu of snemma frá okkur. En við höfum fært full rök að því, hversu flókið þetta mál er, og að það getur leikið á mörgum hundruðum þúsunda fyrir landssjóð, hvernig með það er farið. Jeg held því, að hæstv. atvrh. ætti að vera okkur þakklátur fyrir, að við viljum vísa málinu í hans hendur, svo það geti orðið betur undirbúið undir næsta þing, svo að hægt sje þá að taka endanlega afstöðu um verð á þessu landi, ef til sölu kemur.

Sá bálkur af ræðu hans, sem fjallaði um það, hvað umboði jarðeignanna væri illa stýrt, sannaði ekkert annað en það, að mikið ólag er í stjórnarráðinu á eftirlitinu með þessari eign. Má segja, að slíkt sje beinlínis játað af þeim, sem til þekkja, eftir að maður hefir heyrt hv. þm. Vestm. (JJós) segja sögur um þetta frá Vestmannaeyjum og hæstv. ráðh. (MG) bera tíðindin um það úr stjórnarráðinu. Það er ilt til þess að vita, einkum þar sem það að sjálfsögðu gefur mönnum grun um, að stjórnarráðið muni þá bregðast skyldu sinni og trausti í fleiru en þessu, og jafnvel að það, eins og því er skipað, sje alls ófært að stjórna landinu. Því hvernig fer um stærri málin, þegar stjórnarráðið vanrækir að gera sæmilega leigusamninga um lönd sín og lóðir í Vestmannaeyjum eða annarsstaðar? Lýsing hæstv. atvrh. getur ekki orðið tekin öðruvísi en sem ásökun á stjórnarráðið, eins og það hefir verið í langan tíma.

Þá get jeg ekki talið, að jeg hafi ennþá fengið fullnægjandi svar við fyrirspurn minni viðvíkjandi miljónarfjórðungnum. Dettur mjer nú í hug það, sem merkur kjósandi úr Skagafirði sagði um hæstv. ráðh. (MG). Hann sagðist aldrei leyfa sjer að þræta um neitt við hæstv. atvrh. (MG), sem honum væri móti skapi að viðurkenna, nema 2 eða 3 vitni væru viðstödd. Jeg hygg, að þessi maður sje kjósandi hæstv. ráðh. (MG), og þekkir hann víst vel. Þetta er stór ókostur á manni, og gæti hæstv. ráðh. í þessu efni lært mikið af stjettarbróður sínum, hæstv fjrh. (JÞ), sem kannast við það, sem hann hefir sagt. Hæstv. atvrh. (MG) játaði, að hann hefði verið til með það að selja Eyjarnar fyrir ¼ milj. En þrátt fyrir þessa játningu er hann samt að reyna að flækja málið, og, ef unt er, að komast undan með pexi og útúrsnúningum frá orðum sínum í nefndinni. Annars sýnir þetta ekkert annað en það, að málið er illa undirbúið, svo illa, að stjórnin hefir ekki verið búin að átta sig á því, sem var að gerast, þegar hún vill láta eignir þessar fyrir fje, sem reynist rúmlega ⅓ af fasteignamati. — En ef þessi vanþekking ráðherrans

(MG) eða athugaleysi hefir ekki verið ástæðan fyrir honum, þá mætti ef til vill hugsa sjer, að þarna hefði hæstv. ráðh. (MG) viljað stinga laglegri glaðningu að flokksbróður sínum, hv. þm. Vestm. (JJós), til að koma heim með, svo sem laglega fjöður í hattinum. Er eftir þessu um tvent að velja, sem skýringu á þessu fyrirbrigði, annarsvegar frámunalegt rannsóknarleysi, en hinsvegar svo frámunalegt kæruleysi, að slíks er ekki dæmi í þingsögunni.

Hæstv. atvrh. (MG) hjelt því þá líka fram, að ekki væri svo óráðlegt að selja þetta land fyrir 250 þús. kr., því andvirðið, að viðbættum vöxtum og vaxtavöxtum, yrði ekki svo lítill sjóður, þegar tímar liðu. En hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir aftur á móti sýnt fram á, að þetta megi líka fá með því að eiga Eyjarnar áfram, en ávaxta leigurnar. En höfuð-rökvillan hjá hæstv. atvrh. liggur þó í því, að Eyjarnar sjálfar hækka mjög í verði, en andvirði þeirra ávaxtast aðeins með lágum peningavöxtum. Eða halda menn, að lóðir í kaupstöðum, sem eru í framför, hækki ekki meira í verði en höfuðstóllinn af andvirði þeirra? Það má vel vera, að hæstv. atvrh. (MG) hafi ekki skilið þetta. Hann er svo vanur að spara eyririnn en kasta krónunni.

Hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir sýnt fram á, hver grýla kostnaðurinn við umboðið í Vestmannaeyjum sje. — Annars var ekki í gær verið að horfa í eyðslu landssjóðs, þegar verið var að auka reksturskostnað skólanna.

Viðvíkjandi verðgildi Eyjanna fyrir ríkissjóðinn, þá er víst hægt að fullyrða, að allmargir leigusamningarnir eru ólöglegir, og mætti laga þá til hagsmuna fyrir ríkið. Auk þess losnar eitthvað úr ábúð á ári hverju, og þannig má breyta samningunum smátt og smátt. Þá rennur það fje til landsins, sem nú fer til braskaranna. — Frá sjónarmiði Vestmanneyinga má það ef til vill teljast sanngjarnt, að leggja þau 10 þús., sem ríkið hefir nú upp úr Eyjum, til grundvallar söluverðinu. En þegar færðar hafa verið fram fullar líkur fyrir, að hafa megi með sanngjörnum hætti margfalt meira fje upp úr þeim, svo telja má, að fasteignamatið, sem þó er nærri þrisvar sinnum hærra en áætlaða söluverðið, sje alt of lágt, þá er ekki að furða, þó mönnum blöskri að heyra hæstv. ráðh. (MG) lýsa yfir því, sem hann er sannur að, að hafa sagt í þessu efni. Og hvernig sem málið er skoðað, þá getur það aldrei talist annað en ósvífni, að leyfa sjer að selja Eyjarnar undir hinu lága fasteignamati.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg held því fast fram, að verði Eyjarnar seldar, þá beri að selja þær allar, en ekki parta úr þeim.

Hv. 5. landsk. (JJ) kveður mig hafa ávítað hv. nefnd fyrir að hafa kastað málinu frá sjer of snemma. Þetta er ekki rjett, enda lá það ekki í mínum verkahring að ávíta nefndina fyrir slíkt. Hitt skil jeg ekki, hversvegna hv. nefnd kom ekki fram með ákveðnar tillögur um það, hvort selja ætti eða ekki, því jeg veit nú, að ekki liggur annað til grundvallar þessu írafári hv. 5. landsk. (JJ) en það, að hann vill alls ekki selja. Hefði það verið vilji hv. meirihl. að selja, þá átti hann auðvitað að láta það koma fram í nál. eða till. sínum, en láta síðan málið bíða lausnar á verðspurningunni. Þetta hefði verið hrein aðstaða, en einmitt þessvegna mun hv.

5. landsk. (JJ) ekki hafa fallið hún í geð.

Hv. 5. landsk. (JJ) varð skrafdrjúgt um ólagið í stjórnarráðinu og eftirlitsleysið með umboðsmönnum þjóðjarða, og bjó hann í því sambandi talsvert meira til en jeg eða nokkur annar hefir gefið honum ástæðu til. Þjónaði hann þar hinni alkunnu fýsn sinni, að mannskemma og níða, eftir bestu getu. Annars veit hann það víst, að leigusamningar þeir, sem hjer er um að ræða, eru gerðir til margra áratuga, og þeim verður þá ekki breytt. (**JJ:** Þeir kváðu sumir vera ólöglegir.) Það er mjer ókunnugt um, og hv. 5. landsk. (JJ) mun ekkert um þetta vita. Ef til vill eru sumir þeirra ekki staðfestir af stjórnarráðinu, en þeim, sem það eru, og svo mun vera um flesta þeirra, verður ekki rift. Annars ætti það ekki að vera torskilið mál, hve lítil sanngirni er að krefjast þess af mönnum í stjórnarráðinu, að vita í hvert skifti, hversu lóðir eru dýrmætar úti í Vestmannaeyjum. Í þessu efni verður að treysta á bæjarfógetann, sem er umboðsmaður Eyjanna. Aðalákúrurnar hljóta því að falla á hann. Ennfremur er það að segja, að hjer er ekki um það að ræða, hvernig stjórn þessara mála eða annara hafi verið varið á liðnum tíma, heldur hitt, hvernig nú er í pottinn búið, og verður svo að útkljá málið eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Það er eftirtektarvert um þennan hv. þm. (JJ), að þegar hann þykist þurfa að brigsla einhverjum um eitthvað, sem hann telur svo ósvífið, að það sje jafnvel sjer ósamboðið, þá segir hann ætíð, að einhver eða einhverjir hafi sagt sjer það. Þessi aðferð hans er gamalkunn, það er aðferðin hennar Gróu gömlu á Leiti, og langsennilegast er, að hv. 5. landsk. (JJ) sje afkomandi hennar.

Svo var það nú um þennan Skagfirðing, sem hann var að vitna í. Hann brast hugrekki til að segja þau orð svo sem þau kæmu frá eigin brjósti. — Annars voru vitni við í hv. nefnd, þegar jeg átti tal við hana, og hefi jeg ekki heyrt þeirra úrskurð um það, sem þar fór fram. Hinsvegar þykist jeg mega fullyrða, að hv. 5. landsk. (JJ) veit sjálfur, að það er ósatt mál, að jeg hafi komið með nokkur tilboð viðvíkjandi sölu á Eyjum. Hv. nefnd bað um álit mitt á málinu; jeg ljet það uppi, og það var alt og sumt. En af framferði hv. 5. landsk. (JJ) nú sje jeg það, að hann fer jafnrangt með, hvort sem vitni eru við eða ekki. Jeg man, að í nefndinni varð aðeins lauslegt umtal og ekkert annað. Og það er alveg óvanalegt, að draga fram í umræðum það, sem gerist í nefndum, því að ilt er að sanna, hvað þar hefir gerst. (**JJ:** Það eru tveir íhaldsmenn hjer, sem þar voru staddir; vilja þeir mótmæla?) Það veit jeg ekki; þeir ráða því sjálfir.

Hv. þm. (JJ) sagði, að miljónarfjórðungur væri tæpur ⅓ af fasteignamati Eyjanna. Hjer stendur á þskj. frá þessum hv. þm., að fasteignamatið sje 630 þús. 250 þús. er því miklu meira en ⅓.

Það verður hv. 5. landsk. (JJ) lítt að vopni, að gera mjer upp hinar illu hvatir, sem hann nefndi í sambandi við þetta mál, svo sem að jeg hafi ætlað að gefa þessa upphæð hv. þm. Vestm. (JJós). Hv. þm. gerir mjer upp sitt eigið hugarfar og ekkert annað. En það skal hv. þm. varast, því að jeg hugsa alt öðruvísi en hann. Þetta finst honum liggja næst sjer, en það liggur mjög fjarri mjer.

Hv. þm. (JJ) er altaf að reikna út, hvað Eyjarnar geti hækkað í verði í framtíðinni. Þessu neita jeg alls ekki. En eftir sama hugsanagangi gæti maður aldrei selt neina eign, sem líkur væru til að hækkaði í verði. Minn útreikningur var miðaður við það, að ef selt væri fyrir 50 þús. hærra en eignin rentar sig, þá mundi sú upphæð verða að 60 árum liðnum 800 þús. Þá upphæð set jeg á móti verðhækkuninni, og finst þetta töluverður skildingur. Hinsvegar ræddi jeg alls ekki um, eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP) gaf í skyn, að leggja alt söluverðið á vöxtu. Allir útreikningar hans voru því út í loftið. Hv. þm. verður að athuga það, að langflestir af þessum samningum um lóðir í Eyjum eru 5—8 ára gamlir, og þessvegna líður svo geysilangur tími, 70—80 ár, þangað til hægt er að hækka leiguna. En á meðan mundu þessar 50 þús. ávaxtast um þann tíma, er samningar standa. Geri jeg það að meðaltali 60 ár. Hv. 5. landsk. (JJ) fanst um að gera að fyrirbyggja, að nokkur maður hefði hagnað af því landi, sem hann kaupir, og er með hrókaræður um það, að seljendur eigi ætíð að fá uppborinn þann hagnað af eigninni, sem framtíðin gæti borið í skauti sínu. En til hvers er þetta tal, sem hvergi kemur nærri veruleikanum? Það verður að byggja á því, sem er, að lóðirnar eru leigðar til svo langs tíma sem jeg hefi sagt. Alt annað er tilgangslaus vaðall. Að jarðir losni úr ábúð árlega, er ekki rjett; þær eru svo fáar. En eins og víðast annarsstaðar munar ekki mjög mikið um leiguna eftir þær, hún er ekki sett svo hátt. Hv. þm. (JJ) er að hafa það eftir hv. þm. Vestm. (JJós), að það megi þrefalda leiguna. Jeg heyrði ekki orð hv. þm. Vestm., en jeg er fullviss um, að slíka endileysu hefir hann aldrei sagt. Því auðvitað er ómögulegt að hækka leiguna þvert ofan í gildandi samninga. Hv. 5. landsk. (JJ) kallaði það ósvífni að bera þetta frv. fram. Jeg tel mjer ekki skylt að svara þessu, það mun skrifast á reikning hv. þm. Vestm. (JJós), og býst jeg við, að hann kvitti fyrir eins og við á. Annars er það aðalatriðið fyrir mjer, eins og jeg tók fram við 1. umr., að jeg lít svo á, að það sje tiltölulega miklu meira virði fyrir Vestmannaeyjabæ að eiga þessa eign heldur en fyrir ríkissjóðinn. En gagn Vestmannaeyja er líka að ýmsu leyti gagn ríkissjóðs. Það er líka enginn efi á því, að þegar bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum stjórnar þessari eign, verður henni miklu betur stjórnað. Undirstaðan og mergur þess, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, var það, að söluverðið yrði ekki bygt á fasteignamatinu af ástæðum, sem jeg tilgreindi. Hv. 5. landsk. (JJ) reyndi ekki að vefengja þetta, heldur ræddi um ýms óviðkomandi atriði á víð og dreif, eins og hans er siður. Og útreikningum mínum svarar hann með því einu, að jeg sje vanur að spara eyririnn en kasta krónunni. Hvílík fyrirmyndar-rök(!!!).

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Umræður fara að verða nokkuð langar, en jeg kemst ekki hjá því að koma við ýmislegt það, sem sagt hefir verið um málið.

Þeir hafa allir, þessir hv. þm., sem mynda meirihl. nefndarinnar, staðið upp hver eftir annan og lagst mjög á móti. Hv. 1. landsk. (SE) var heldur kampagleiður yfir því, sem jeg hefi sagt um margföldun þá á húsalóðaleigunni, sem stjórnarráðið hefir ákveðið. Jeg

sagði, að það hefði verið í hæsta máta ósanngjarnt af stjórnarráðinu, að hlaupa í það að fimmfalda leiguna á lóðum undir nýjum húsum aðeins, og það hæsta, sem maður gæti talið sanngjarnt, væri, að leigan eftir þær lóðir hefði verið þrefölduð.

Hv. 5. landsk. (JJ) hefir borið það allmikið upp á hæstv. atvrh. (MG), að hann hafi verið að bjóða Eyjarnar til kaups í nefndinni. Þetta er alls ekki rjett, en hæstv. atvrh. fór þeim orðum um málið, að hann væri því ekki mótfallinn, að Eyjarnar væru seldar. Einnig mintist hann eitthvað á það, að verðið, sem tiltekið er í frv., þætti sjer heldur lágt. Jeg minnist þess ekki, að ráðherrann (MG) hjeldi fram neinu ákveðnu kaupverði. (JJ: Minnið er farið að slappast!) Nei, en jeg fullyrði ekki meira en það, sem jeg veit með vissu, og er að því leyti ólíkur hv. 5. landsk.

Hv. 5. landsk. (JJ) taldi það ósvífni, að koma með frv. þetta inn í þingið — held jeg, að jeg hafi heyrt rjett. Þá ósvífni tileinkar hv. þm. þá auðvitað mjer og bæjarstjórn Vestmannaeyja. Jeg sje ekki, að hægt sje með rjettu að ásaka bæjarstjórnina, þó að hún fari fram á kaup á kaupstaðarlóðinni á þeim grundvelli, sem upphaflega var nefndur. Hæstv. ráðh. (MG) leiðrjetti það, sem jeg annars hefði þurft, sem sje útreikning hv. 5. landsk., þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að 250 kr. væri ekki nema tæpur ⅓ af fasteignamatsverðinu. Auðvitað er það miklu meira.

Í fyrri ræðu sinni kom hv. 5. landsk. (JJ) með ýms loðin mótmæli og mjög villandi ummæli að mörgu leyti, sem vitaskuld stafar af því, að hann er svo sára-ókunnugur í Vestmannaeyjum. Og heimildarmenn hans þar eru annaðhvort ekki ábyggilegir, eða hv. þm. hefir tekið frámunalega vitlaust eftir því, sem þeir hafa sagt honum, og er það sanni nær. Samanburður hv. þm. (JJ) á leigu í Vestmannaeyjum og í miðbænum í Reykjavík er svo fáranlegur, að engri átt nær.

Þá fór þessi hv. þm. mörgum orðum um það, að landið hefði farið svo vel með Vestmanneyinga undanfarin ár sem mest mætti vera. Jeg ætla ekki að fara að vanþakka neitt það, sem Vestmannaeyingum hefir verið vel gert, og hefi heldur ekki gert það. En á hinn bóginn er ekki hægt að segja, að landið hafi gert mikið fyrir þann kaupstað. Og jeg vil segja, að þeir menn, sem líta svo feykilega stórum augum á verðmæti Eyjanna og gera sjer glæsilegar vonir um, hvað þær geti orðið dýrar í framtíðinni, þeir ættu að eiga frumkvæðið að því, að landið skifti sjer meira af þessari þjóðareign en verið hefir. Það hefir verið lagt nokkurt fje til hafnarinnar; og jeg verð að segja, að það fje hefir landið fengið margendurgoldið, á þann hátt, sem jeg benti á við 1. umr. og í nál. minnihl., í afrakstri af atvinnulífi Eyjabúa. Að undanskildri höfninni hafa Eyjabúar orðið að gera sín mannvirki upp á eigin spýtur, leggja vegi, byggja bryggjur o. s. frv. Þeir verða sjálfir að standa straum af öllum opinberum framkvæmdum, nema þegar landið tók á sig ¼ af kostnaði við hafnargarða og ábyrgð fyrir láni til hafnargerðarinnar. Sjúkrahúsið, sem landið leigir af Frökkum, fær engan styrk, þótt víðsvegar annarsstaðar fái þau styrk. Svona mætti lengi telja. Hvað það snertir, að landið hafi hvað jarðaafgjöld og lóðaleigur snertir farið sjerstaklega vel

með landseta sína þarna, á móts við aðra, má minna á það, að um 1874 var skipuð nefnd til þess að gera álitsskjal um skattamál landsins. Meðal annars má þar finna samanburð á því, hvað borgað sje í jarðarafgjöld víðsvegar á landinu; kemur þar í ljós, að jarðarafgjöld í Vestmannaeyjum eru langhæst, þá eru þau þar kr. 7.48 af hundraði, en alstaðar annarsstaðar lægri, sumstaðar ekki nema 2 kr.

Þá eru verslunarlóðirnar. Það er sagt, að í Vestmannaeyjum sjeu þær leigðar fyrir lítið verð. Hið sama hefir átt sjer stað annarsstaðar á landinu, þar sem um gamlar og stórar verslunarlóðir er að ræða. Í álitsskjali þessu er gerð grein fyrir því, að grunnleiga Reykjarfjarðarverslunar sje 28 kr., Borðeyrarverslunar 54 kr., Skagastrandarverslunar 32 kr. og Raufarhafnarverslunar 24 kr. Þessi margumtalaða leiga á hinni gömlu Brydes-verslunarlóð í Vestmannaeyjum, sem þykir svo lág, og er það reyndar, er 40 kr.

Þótt jeg hafi ekki komið á þessa staði, sem jeg mintist á, þá ímynda jeg mjer, að stærðin sje ekki ósambærileg við gömlu verslunarlóðirnar í Vestmannaeyjum. En þau dæmi, er jeg tilfærði, sýna það, að leigur af Vestmannaeyjajörðum og lóðum hafa á engan hátt verið lægri en annarsstaðar á landinu, heldur hærri, og því ekki um það að tala, að Vestmanneyingar hafi sætt neinum vildarkjörum í þessu efni, samanborið við aðra landsmenn.

Eitt var það sjerstaklega í ræðu hv. 5. landsk. (JJ), sem var svo villandi, að óhjákvæmilegt er að leiðrjetta það strax. Það var ekki hægt að skilja hv. þm. öðruvísi en svo, að hann ætti við, að menn fengi verslunarlóðirnar fyrir litla leigu og hefðu leigt þær út aftur fyrir miklu hærra verð. Þetta á sjer alls ekki stað. Hv. þm. var að tala um þessar dýrmætu verslunarlóðir við höfnina. Það er algerlega röng staðhæfing, að hinir upprunalegu leigjendur hafi selt þær öðrum á leigu, og má þetta atriði þessvegna ekki standa ómótmælt. Þá mintist hv. þm. á það, að þegar landið væri búið að kosta höfnina, þá ætti að gefa Vestmanneyingum Eyjarnar. Jeg hefi þegar svarað þessu. Landið hefir fengið það margfaldlega endurgoldið, sem það hefir kostað til þessa verks. Því miður er þetta engin höfn enn sem komið er. Samt verða Vestmanneyingar að leggja á sig hafnar- og vörugjöld, sem eru meira en tvöfalt hærri en í Reykjavík, sem hefir ágæta höfn.

Þá held jeg, að hv. 5. landsk. hafi loks í síðari ræðu sinni komið að höfuðástæðunni fyrir því, að hann er á móti málinu, þegar hann var að átelja hæstv. ráðherra (MG) fyrir það, að hann fylgdi frv. Hann hjelt því sem sje fram, að hæstv. atvrh. gerði þetta til þess að þm. Vestm. fengi fjöður í hattinn. Það er dálítið athugavert við þessa staðhæfingu hv. þm., því að hann hjelt því fram við 1. umr. málsins og kom að því aftur í dag, að frv. miðaði ekki til neinna hagsbóta fyrir einstaklinga í Vestmannaeyjum. Hvernig á þá þm. Vestm. að ávinna sjer nokkurt lof kjósenda sinna fyrir að bera málið fram, eins og hv. þm. gaf í skyn? Það virðist vera hugsanagangur hv. þm. (JJ), að af því að þm. Vestm. er flokksbróðir hæstv. atvrh. (MG), muni hann fylgja málinu. Margur hyggur mann af sjer, og verður af þessu sjeð, hvernig hann mundi snúast í málinu, ef frv. væri borið fram af flokksmanni hv. 5. landsk.

Hv. þm. (JJ) byrjaði strax við 1. umr. á hógværum mótbárum og smávegis flækjum; síðan hefir hann fikað sig kringum málið eins og köttur kringum heitan graut, talið það ekki tímabært, ekki heppilegt, stundum ekki heppilegt fyrir landið og ekki fyrir einstaklinga í Vestmannaeyjum. Hv. þm. hefir með þessu atferli sínu sannað, að fyrir honum vakir ekki annað en það, að setja sig þversum gegn þessu sanngirnismáli Vestmanneyinga, og af aðdróttunum hans í garð hæstv. atvrh. má draga þá ályktun, að afstaða hans sjálfs, hv. 5. landsk. þm., markist einkum af því, að pólitískur andstæðingur flytur málið. Hvort þetta er rjett, mun sjást, þegar atkvæði verða greidd.

Annars er það ákaflega gott, hvað það kemur fram hjá honum og öðrum hv. þm. í meirihl. nefndarinnar, að þeir hafi bjargfasta trú á því, að Vestmannaeyjar sjeu mjög dýrmætar og verði dýrmætari í framtíðinni. Er þá óhætt að treysta því, að þessir hv. þm. verði fúsir til þess að láta landið leggja í einhverjar framkvæmdir á þessum dýrmæta stað. Mjer þykir því vænt um það, vegna Vestmannaeyja, að mál þetta hefir komið til umr. í hv. deild. Það er ekki svo sjaldan, sem maður heyrir það — sjerstaklega frá hv. 5. landsk. (JJ) — að það sje ekki sjerstaklega mikið á þessum sjóþorpum að byggja. Það er annað hljóð í strokknum í dag. Þessi hv. þm., sem ekki hefir viljað sjá neitt gott annarsstaðar en í sveitunum, viðurkennir nú, að Vestmannaeyjar sjeu mjög dýrmætur blettur fyrir þjóðfjelagið og verði líklega enn dýrmætari í framtíðinni.

Hv. 1. landsk. (SE) var nærri því farinn að halda stórpólitíska ræðu út af frekar meinlausum ummælum mínum um það, að stjórnarráðið hefði verið hirðulaus landsdrottinn við þessa landseta sína, Vestmanneyinga, og að ástandið hefði síst verið betra í ráðherratíð hv. þm.

Hv. þm. (SE) hjelt stóra ræðu um þetta og skoraði á mig að fara út í eldhúsdagsumræður við sig; jeg býst ekki við, að það yrði til að flýta þessu máli, enda yrði alls ekki leyft að fara út í slíkt nú. Hv. þm. (SE) er fullviðkvæmur. Ef minst er á eitthvað í sambandi við fyrv. stjórn, þá er eins og hv. þm. finnist, að alt verði að snúast kringum hans pólitísku persónu. Um þennan hv. þm. má segja eins og hina tvo hv. nefndarmenn meirihl. nefndarinnar, að ástæður þeirra móti máli þessu eru svo sundurleitar og í mörgum atriðum óviðkomandi kjarna málsins, að undrum sætir. Þar er hver höndin upp á móti annari, sem von er, þar sem hver keppist við annan um að dylja hina sönnu ástæðu.

Jeg held, að það sje ekki nema um eitt, sem minnihl. og meirihl. greinir á í þessu máli. Meirihl. vill ekki láta kaupstaðinn fá kauprjett á lóðinni, en minnihl. vill gefa kost á því á skynsamlegum grundvelli.

Sigurður Eggerz: Hæstv. atvrh. (MG) spurði, hvernig fara ætti að, ef rökstudda dagskráin yrði ekki samþykt, hvernig stjórnin ætti þá að rannsaka málið. Verði dagskráin feld, þýðir það væntanlega ekki annað en það, að hv. deild telur enga ástæðu til rannsóknar.

60 ára útreikninginn veit jeg ekki, hvort jeg hefi skilið, en ef setja hefir átt á vexti andvirði Eyjanna, eða 250 þúsund kr., þá verður það auðvitað mik-

il upphæð eftir 60 ár. En þá er einnig að athuga það, að leigurnar mundu einnig verða stór upphæð eftir það tímabil, ef þær væru settar á vöxtu, auk þess, sem verðmæti eignarinnar hefði stigið á þessu tímabili.

Ummæli hæstv. atvrh. (MG) í nefndinni, um Eyjasöluna, skildi jeg þannig, að honum þætti 250 þús. kr. ekki ósennilegt verð, en jeg hefi ekki á neinn hátt viljað halda honum föstum á þessum tölum, því að hann getur ekki hafa athugað málið nógu rækilega.

Aðalatriði þessa máls er þetta: Á að selja Vestmannaeyjar fyrir sannvirði eða ekki? Jeg geri ráð fyrir, að við, fulltrúar þjóðarinnar, viljum heimta sannvirði fyrir Eyjarnar, ef til sölu kemur, og þessvegna er óhjákvæmilegt að láta rannsaka, hvað sannvirði þeirra er.

Hv. þm. Vestm. (JJós) taldi sanngjarnt að þrefalda núgildandi eftirgjald Eyjanna, og á þeim grundvelli reiknaði jeg verðmæti þeirra 600 þús. kr., þegar leigumálarnir væru komnir í sæmilegt horf. Óg við verðum að gæta þess, að enda þótt núgildandi leigusamningar eigi enn að vera í gildi um 20—50 ára skeið, þá er sá tími ekki langur í lífi heillar þjóðar. Þessvegna er enganvegin ósanngjarnt að miða verð Eyjanna við þrefalda hækkun eftirgjaldsins, ef sú hækkun er sanngjörn á annað borð.

Meirihl. nefndarinnar hefir ljóslega sannað, að 200 þús. kr. söluverðið, sem stungið var upp á í frv., er fjarstæða, enda er hv. flm., þm. Vestm., nú fallinn frá þeirri tillögu og vill láta dómkvadda menn meta söluverðið, enda skuli Eyjarnar seldar fyrir það verð.

Jeg verð að taka undir með hv. frsm. meirihl. (IP), að ekki getur annað komið til mála en að Alþingi taki endanlega ákvörðun um sölu Eyjanna og samþykki söluverðið.

Hæstv. atvrh. (MG) hneykslaðist mjög á því, að meirihl. fjhn. skyldi ekki taka endanlega ákvörðun um, hvort hann yfirleitt vildi selja Eyjarnar fyrir það verð, sem honum líkaði. Vel má vera, að meirihl. hefði getað tekið slíka ákvörðun, en verðið hlýtur þó altaf að hafa mikil áhrif á afstöðu manna til þessa máls. Svo hátt gæti t. d. orðið metið, að ástæðulaust væri að hleypa Vestmanneyingum í þær skuldir, sem af kaupunum stöfuðu.

Yfirleitt er máli þessu þannig varið, að því meira sem um það er hugsað, því minni furða er á því, að menn skuli vilja fá það betur rannsakað, áður en endanleg ákvörðun er tekin um sölu Eyjanna.

Jónas Jónsson: Háttv. þm. Vestm. (JJós) gat þess, að mjer þætti stundum lítið í sjávarþorpin varið, en þó vildi jeg nú heimta gullgildi fyrir Vestmannaeyjar. Jeg hefi auðvitað aldrei neitað því, að mikið verðmæti, mikið gull, bærist á land í flestum kauptúnum landsins, ekki hvað síst í Vestmannaeyjum, þó að jeg hinsvegar hafi ekki sjeð ástæðu til að hefja til skýjanna hin andlegu verðmæti, sem kaupstaðamenningin hefir upp á að bjóða. Það er tvent ólíkt, enda hefi jeg aldrei blandað því saman.

Það er ofurskiljanlegt, að hv. þm. Vestm. sæki mál þetta fast, enda þótt hagnaður Vestmanneyinga af kaupunum kunni að verða mjög vafasamur, því þeir eru svo skammsýnir, margir hverjir, að halda, að kaupin muni færa þeim gull og gróða, og er engin furða, þó að hv. þm. (JJós) kunni því vel, að

fá fallega fjöður í hatt sinn, til að sýna þessum háttv. kjósendum.

En jeg hefi leitt rök að því, að kaup Eyjanna muni verða Eyjaskeggjum yfirleitt til lítillar blessunar, þegar miðað er við núgildandi leigumála Eyjanna. T. d. er mjer kunnugt um, að verslunarfjelag, sem hv. þm. (JJós) er hluthafi í, hefir nú ágæta lóð á leigu með svo vægum kjörum, að enginn einstaklingur myndi láta sjer detta í hug að leigja lóð með þeim skilmálum. Hv. þm. (JJós) ætti því manna síst að þakka sjálfum sjer, hversu ósleitilega hann nú berst fyrir sölu Eyjanna.

Jeg hefi ekki sagt, að verslunarlóðirnar við höfnina væru framleigðar, enda hafa verslanirnar nóg við sínar lóðir að gera, og svo borgar sig ekki fyrir þær að hleypa keppinautum að lóðunum. En hins veit jeg dæmi, að aðrir hafa grætt stórfje á framleigu lóða í Vestmannaeyjum.

Jarðamatið frá 1875 sýnir eingöngu, að peningalega talað eru Eyjarnar miklu meira virði en hv. þm. Vestm. vildi láta selja þær, enda sagði einn helsti íhaldsmaður í hv. Nd. við mig í dag: Hversvegna gefið þið Vestmanneyingum ekki Eyjarnar? Honum þótti, sem vonlegt var, svo óhæfilega lágt það verð, sem talað hefir verið um að selja fyrir.

Það er alls ekki osanngjarnt að bera saman lóðaverð hjer í miðbæ Reykjavíkur og í Eyjum, nema ef vera skyldi vegna þess, að landsdrottinn Eyjanna, íslenska ríkið, hefir varðveitt lóðirnar fyrir öllu braski, sem hefir óeðlilega hátt verð í för með sjer. En ef Eyjarnar verða seldar og lenda í „privatspekulation", þá er grunur minn, að munurinn verði ekki mikill.

Það sveif á þá, hæstv. atvrh. (MG) og hv. þm. Vestm. (JJós), að jeg skyldi telja það ósvífni, sjerstaklega af hæstv. ráðh. (MG), að tala um miljónarfjórðung fyrir Vestmannaeyjar.

Við erum þrír úr fjhn., sem allir munum eftir því, að hæstv. ráðh. (MG) talaði um 250 þús. kr. (**Atvrh. MG:** Ekki man hv. 1. landsk. (SE) eftir því.) Jú, hann man það mjög vel líka, og hefir borið það hjer í dag. Eina ánægja hæstv. ráðh. (MG) er, að hv. þm. Vestm. (JJós) er svo góður við hann, að hafa gleymt þessu að nokkru leyti, hvort sem það minnisleysi undirmannsins verður nokkur veruleg brú til sáluhjálpar fyrir hæstv. ráðherra á sínum pólitíska dómsdegi.

Hins vil jeg unna honum, að reyna að kasta dálitlum ljóma yfir afstöðu sína í þessu máli og bæta að nokkru úr rannsóknarleysi sínu, með því að neita því nú til hálfs, sem hann hefir áður sagt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 5. landsk. (JJ) var spakari nú en í dag, er hann talaði, enda var jeg venju fremur harðorður við hann. Skal jeg minnast þess framvegis, að ekki tjóar að taka á honum með silkiglófum, ef maður vill halda honum dálítið í skefjum.

Þó fór hann enn með rangt mál, þegar hann sagði, að mjer hafi gengið illa vitnaleiðslan.

Upprunalega sagði hann, að jeg hafi boðið Eyjarnar fyrir 250 þús. kr., en nú hafa tveir hv. þm. úr fjhn. (SE og JJós) borið með mjer, eins og rjett er, að jeg hafi sagt, að renna myndu á mig tvær grímur, ef boðnar væru fyrir

Eyjarnar 250 þús. kr. með 6% ársvöxtum.

Hv. 2. þm. G.-K. (BK) hefir ekki tekið til máls, en jeg þykist vita, að hann muni líka rjett þessi orð mín.

Það fer svo fjarri því, að hv. þm. Vestm. (JJós) hafi vitnað á móti mjer um þetta atriði, en hinsvegar hefir hann af góðum og gildum ástæðum verið mjög þungorður í garð hv. 5. landsk. (JJ), og sitja þau ummæli á honum, þar til hann hrindir þeim, sem honum mun veitast fullerfitt.

Það er engin ný bóla, að hv. 5. landsk. (JJ) vitni í hitt og þetta, sem honum hefir verið sagt! Í dag hefir t. d. einhver sagt honum, að nær væri að gefa Vestmannaeyjar en selja þær fyrir það verð, sem í frv. getur. (**JJ:** Það var íhaldsmaður). Það er undarlegt, að hv. þm. (JJ) skuli aldrei detta í hug að vitna eitthvað í sjálfan sig, og er engu líkara en að hann hafi ekki betri trú en aðrir á þeim heimildum.

Annars get jeg ímyndað mjer, að þessi íhaldsmaður hafi bara verið að hæðast að hv. þm. (JJ), ef ummælin eru rjett höfð eftir, en hann tekið þau sem alvöru í hjartans einfeldni.

Umrædd þreföldun á verði Vestmannaeyja kemur fyrst fram, þegar allir núgildandi leigusamningar eru útrunnir, en það verður ekki fyr en eftir mannsaldur eða meira, og verðum við þá sennilega allir komnir undir græna torfu. Og ef við eigum nú að reikna með öllum aðstæðum, sem þá verða, eins og hv. 5. landsk. (JJ) vill reyna, þá komumst við út í botnlausar öfgar, eins og eðlilegt er.

Jeg vildi aðeins reyna að skýra fyrir hv. þm., að ef við legðum á vöxtu, þó ekki væri nema mismuninn á ¼ milj. og höfuðstól eftir núgildandi eftirgjaldi Eyja, þá yrði sú upphæð orðin 800,000 kr. að þeim tíma liðnum. En þetta hefir hv. 5. landsk. (JJ) ekki getað skilið, og get jeg ekki að því gert. (**JJ:** Þetta er nú ekki svo djúpviturt.) Nei, það er alveg rjett; þetta er ofureinfalt mál. En þeim mun leiðinlegra er, að hv. þm. (JJ) skuli bresta skilning á því.

Frsm. meirihl. (Ingvar Pálmason): Mjer finst fremur lítið bera hjer á milli. Hæstv. atvrh. (MG) hefir viðurkent, að hafa nefnt 250 þús. kr., og öðru hefir ekki verið haldið fram en að hann hafi nefnt það verð, sem hugsanlegt væri að selja fyrir. Hæstv. ráðh. (MG) sagðist hafa hagað orðum sínum þannig, að á sig myndu renna tvær grímur, ef boðnar væru 250 þús. kr. fyrir Eyjarnar. Jeg sagði, að hann hefði ekki talið það verð ósanngjarnt, og við það stend jeg, enda þótt hv. þm. Vestm. (JJós) hafi gleymt þeim orðum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. meirihl. (IP) segir, að jeg hafi nefnt upphæð, sem jeg teldi rýmilegt verð fyrir Eyjarnar, en hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að jeg hefði gert tilboð um sölu fyrir 250 þús. Það var þessi staðhæfing hv. 5. landsk. (JJ), sem jeg vildi mótmæla, og hefir nú hv. frsm. (IP) gengið á móti honum í vitnaleiðslunni, sem og eðlilegt er, þar sem hann fór með rangt mál, eins og stundum vill við brenna.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 289, frá meirihl. fjárhagsnefndar, feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: IP, JJ, SE, SJ, EÁ, GÓ.

nei: JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, HSn, IHB, HSteins.

1. gr. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EP, EÁ, HSn, IHB, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

nei: JJ, SE, SJ, GÓ, IP.

2.—3. gr. samþ. með 8 : 4 atkv.

Brtt. 271 (ný 4. gr.) samþ. með 8 : 5 atkv.

5. gr. samþ. með 8 : 5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 4 atkv.

Á 51. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 320, 324).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 324. Afbr. leyfð og samþ. í e. hlj.

Einar Árnason: Við þrír þm. höfum leyft okkur að bera fram brtt. við frv. þetta, og vil jeg í fáum orðum gera grein fyrir þeim.

Í 4. gr. frv. er svo ákveðið, að dómkveðja skuli óvilhalla menn til að meta lóðir þær, sem frv. ræðir um, en hinsvegar er eigi ákveðið, hver skuli dómkveðja þá. Okkur finst óeðlilegt, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum geri það, þar sem honum er málið svo skylt. Við höfum því í brtt. okkar lagt til, að hæstirjettur útnefni þessa menn, og væntum við þess, að ekkert sje því til fyrirstöðu, frá formsins hlið.

Þá er í 2. málsgrein 4. gr. frv. tekið fram, að matið skuli fara fram eftir ákvæðum þjóðjarðasölulaganna. Þetta höfum við lagt til, að falli burt, með því að mat þetta fer að ýmsu leyti út fyrir ramma þjóðjarðasölulaganna. Hjer kemur t. d. ekki sýslunefnd til greina, þar sem bæjarfjelag er að kaupa lóðir, sem öðrum eru leigðar. Auk þess er hjer ekki um venjulega jarðasölu að ræða, heldur hluta úr jörð eða jörðum. Því er eigi ástæða til, að í frv. standi, að matið fari fram eftir ákvæðum þjóðjarðasölulaganna.

Þá kemur aðalatriðið í brtt. okkar, sem er það, að matsgerðin verði lögð fyrir næsta Alþingi, svo að salan verði eigi ákveðin fyr en þingið, að athuguðu máli, hefir lagt á hana samþykki sitt. Við 2. umr. málsins var ágreiningur nokkur um þetta atriði. Meirihl. fjhn. taldi eigi nægar upplýsingar liggja fyrir, og vildi því láta vísa málinu frá. Eftir brtt. okkar ættu allar nauðsynlegar upplýsingar að geta legið fyrir næsta þingi, svo sem matsgerðin o. fl. Verður þá væntanlega betra að átta sig á málinu.

Hvernig sem menn annars líta á sölu þessa — og jeg tel víst, að sumir sje henni alveg mótfallnir — þá ættu allir að geta orðið sammála um þessa brtt. Og fyrir mitt leyti verð jeg að segja það, að jeg treysti mjer ekki til að fylgja þessu máli lengra, ef brtt. okkar verða feldar.

Ingvar Pálmason: Jeg skal taka það fram, að jeg get fyrir mitt leyti verið þessari till. fylgjandi. Jeg hefi að vísu eigi borið mig saman við meðnefndarmenn mína, enda geri jeg ráð fyrir, að þeir láti sjálfir skoðun sína í ljós.

Jeg býst við því, að með því að samþykkja þessa till. náist það, sem oss andstæðingum frv. hefir þótt á skorta: ítarlegar upplýsingar um alt, er að þessu máli lýtur. Jeg get því vel fylgt till., og það því fremur, þar sem þar er gert ráð fyrir, að matsgerðin verði lögð fyrir

næsta þing, áður en sala fer fram. Með því er það trygt, sem fyrir oss hefir vakað.

Sigurður Eggerz: Eins og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði, er með till. þessari fengin trygging fyrir því, að máli þessu verði eigi slept úr höndum Alþingis. En hinsvegar er hjer, að mínu áliti, verið að stofna til allmikils kostnaðar, sem komast mætti hjá. Það mun óhætt að gera ráð fyrir, að hæstirjettur velji eigi nema ágæta og samviskusama menn til mats þessa, og sú rannsókn hlyti að taka langan tíma og kosta ærið fje. Úr því að fasteignamatið er fyrir hendi, ætti að vera hægt fyrir Alþingi að taka ákvörðun um málið með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem stjórnin ætti að geta látið í tje. En enda þótt mjer virðist hjer um óþarfa tilkostnað að ræða, mun jeg þó fylgja till. þessari, þar sem hún tryggir fullkomlega úrskurðarrjett Alþingis um mál þetta.

Sigurður Jónsson: Eins og jeg hefi oft áður látið í ljós, er jeg með öllu mótfallinn allri sölu á opinberum eignum. Jeg verð því af þeirri ástæðu að vera brtt. þessum andvígur, vegna þess, að jeg lít svo á, að í þeim felist vilyrði fyrir því, að salan nái fram að ganga, að lokinni rannsókn.

Jeg vil taka þetta fram, til þess, að afstaða mín sje hrein og skýr og nái eigi að valda neinum misskilningi.

Jónas Jónsson: Eins og getið hefir verið, hefir nefndin eigi borið sig saman um brtt. þessar, en hinsvegar get jeg þegar lýst yfir því, að jeg get mjög vel fallist á till., vegna þess, sem þegar hefir verið tekið fram, að með þeim er ákveðið, að Alþingi skuli hafa úrskurðarvaldið í máli þessu, og jafnframt sleginn varnagli, ef ríkisstjórnin skyldi vera of fús á að selja þessa eign landsins undir verði.

Jeg vildi víkja nokkrum orðum að frammistöðu hæstv. atvrh. (MG) í máli þessu. Það hefir nefnilega komið fram, að hann hefir tjáð sig fúsan til að selja allar Vestmannaeyjar fyrir 250 þús. kr. Að vísu hefir hann eigi viljað standa við þessi orð sín síðar, en segist aðeins hafa sagt, að renna myndu á sig „tvær grímur", ef ríkissjóður ætti kost á slíkri fjefúlgu fyrir Eyjarnar. Þetta orðalag hans er eigi hægt að skilja öðruvísi en sem persónulega játningu hæstv. atvrh. (MG) um það, að honum finnist þetta næsta viðunanlegt.

Hjer er því aðeins um tvent að gera. Annaðhvort er hjer um frámunalega ljelega rannsókn og þekkingarleysi að ræða, eða þá hitt — sem jeg vil þó síður trúa — að þetta sje ekki annað en dálaglegur bitlingur, sem stinga eigi að hv. þm. Vestm. (JJós). Önnurhvor þessara ástæðna hlýtur að liggja til grundvallar fyrir slíkri framkomu. Hæstv. atvrh. (MG) hefir engu svarað fyrri ummælum mínum um þetta efni, enda hefir hann eigi getað það.

Annars finst mjer, að hann mætti vel við una, ef árangurinn af þessum umræðum yrði sá, að ríkissjóður græddi meira á sölu þessarar ríkiseignar en hann ætlaði að gera sig ánægðan með. Ef svo færi, að Vestmanneyingum fyndist verðið sett svo hátt, að þeir myndu tapa á kaupum, býst jeg við, að þeir myndi eigi leggja út í þau. Hinsvegar þurfa þeir alls eigi að búast við, að fá þessa ríkiseign að gjöf.

Jeg vil að endingu lýsa yfir því, að

jeg mun fylgja brtt. þessum, en tel mig hinsvegar eigi bundinn við væntanlegt mat, nema jeg telji hag ríkissjóðs fullkomlega borgið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekkert sjerstakt athuga við brtt. á þskj. 324, nema að jeg vildi spyrja, hvernig háttv. flutnm. hafi hugsað sjer að leggja þetta mál fyrir Alþingi. Annaðhvort verður að leggja það fyrir þingið sem frv. eða þáltill. Ef það verður borið fram í lagaformi, kemur það alleinkennilega fyrir sjónir, þar sem svo er ákveðið í 1. gr. þessa frv., að stjórninni veitist heimild til að selja eign þessa. En auðvitað má fara hina leiðina, að bera málið fram sem þáltill.

Hv. 2. landsk. (SJ) er hreinskilinn og sjálfum sjer samkvæmur. Hann er andstæður frv. vegna þess, að hann vill ekki selja neinar þjóðeignir. Er það sú sama skoðun, sem hann hefir haldið fram áður um sölu þjóðjarða. Aftur verð jeg að skilja svo aðstöðu þeirra, sem fylgja brtt., að þeir vilji í raun og veru selja, ef þeir geti gert sig ánægða með verðið. Annars myndu þeir ekki vilja leggja í neinn kostnað út af þessu máli.

Hv. 5. landsk. (JJ) hjelt enn áfram vitnaleiðslu sinni frá því við 2. umr. Hefir hann auðheyrilega þóst fara hallóka í viðskiftum sínum, og lái jeg honum það ekki. Honum hefir ekki tekist ennþá að fá samhljóða vitnisburð frá neinum sinna manna, enda er alt rangt, sem hann sagði um miljónarfjórðunginn, sem hann gerir raunar að 200 þús. í Tímanum síðast, líklega til að gera málið eitthvað sögulegra í frásögninni. Jeg neita því enn, að jeg hafi komið með nokkur tilboð viðvíkjandi sölunni, enda veit jeg ekki, hvaðan mjer hefði átt að koma heimild til slíks. Hins gat jeg, að renna myndu á mig tvær grímur, ef boðnar væru 250 þús. kr. fyrir þessa eign. En nú heldur hv. þm. (JJ), að upphæðin sje aðalatriðið í þessu, en ekki ummælin, sem fylgdu.

Hvað annars snertir leiguna á þessum lóðum, þá get jeg gefið upplýsingar um það, að 600 ferálna lóðir eru leigðar til 80 ára á 6 kr. á ári. Ef gengið er út frá 5% rentu, þá samsvarar þetta 125 kr. verði á lóðinni eða 150 kr., ef reiknað er með 4% rentum. Í fasteignamatinu er slík lóð virt á 400 kr., eða þrisvar til fjórum sinnum meira en hún rentar sig fyrir ríkissjóðinn 80 árin næstu. En er þá ekki eins gott að fá peningana fyrir lóðina útborgaða strax og leggja þá á vöxtu? Mismunurinn á söluverðinu, 250 þús. kr., og því, sem lóðirnar nú gefa af sjer, mundi með vöxtum eftir 80 ár nema 800.000—1000.000 kr. Í þessu efni hefir það ekkert að segja, þó lóðirnar hækki í verði, ef þær eru leigðar til svo langs tíma með umsaminni leigu. Jörð, sem er leigð til lífstíðar, selst ekki meira verði en hún rentar sig fyrir. Þetta hefir hv. meirihl. nefndarinnar ekki athugað nægilega, þó það raunar kæmi fram hjá hv. 2. þm. S.-M. (IP), að matið í Vestmannaeyjum sje ekki eins ábyggilegt og annarsstaðar. Það liggur í hlutarins eðli, að lóðirnar hafa verið metnar eftir því, sem þær ganga manna á milli, en það er annað en það, sem ríkissjóður fær af þeim, þar sem hann er bundinn óriftanlegum leigusamningum til langs tíma. En það segir sig sjálft, að þegar lóðir eru leigðar út til 80 ára, þá er þar með veitt heimild til þess fyrir leigutaka að mega selja og veðsetja leigurjettind-

in. — Þessi fáviska, sem hv. þm. (JJ) er að tala um, er því öll hans megin. Hann hefir ekkert athugað málið, brestur þar af leiðandi skilyrði til að geta sagt nokkuð skynsamlegt um það, og meðan svo er, ætti hann líka að láta hina „mórölsku“ hlið málsins liggja milli hluta.

Einar Árnason: Jeg stend aðeins upp að þessu sinni til að svara fyrirspurn frá hæstv. atvrh. (MG) um það, hvernig við hugsum okkur að láta þetta mál koma aftur fyrir þingið. Við flm. athuguðum þetta atriði, en sáum ekki ástæðu til að setja neitt um það í brtt. okkar. Við viljum ekki binda hendur hæstv. stjórnar í þessu efni, en gerðum ráð fyrir, að málið yrði aftur borið fyrir þingið í þingsályktunartillöguformi. Vænti jeg, að hæstv. atvrh. (MG) láti sjer þessa skýringu nægja.

Sigurður Eggerz: Út af orðum hæstvirts atvrh. (MG) um þessa till., get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður tekið fram. Eins og hv. þm. er kunnugt, leggur meirihl. það til, að málinu sje vísað til hæstv. stjórnar, til rannsóknar, og verði svo þingið seinna látið ákveða um söluna. Þar sem nefnil. bæði fasteignamat er fyrir hendi, og þar sem hæstv. stjórn myndi auk þess geta gefið nokkrar upplýsingar, þá ætti þinginu ekki að verða skotaskuld úr því, að mynda sjer skoðun á málinu. En þegar nefndin leggur þetta til, þá er auðvitað, að hún gengur út frá því, að sala geti komið til mála. Að kasta málinu úr höndum þingsins er auðvitað óhugsandi. Hinsvegar sje jeg ekki, að annað mat á verðmæti Eyjanna reynist ábyggilegri grundvöllur undir söluverðið en fasteignamatið er, nema hvað það er af flestum viðurkent að vera helst til lágt. En jeg er svo mikill sparnaðarmaður, að jeg vil ekki leggja, allsendis að óþörfu, stór útgjöld á ríkissjóðinn, sem nýtt mat og rannsókn hlyti óumflýjanlega að hafa í för með sjer.

Jeg myndi gjarnan vilja fara nokkuð út í útreikning hæstv. atvrh. (MG), þó jeg sleppi því að mestu nú. Hann var að tala um, hvað 250 þús. kr. yrðu eftir 60 ár. Jafnt það fje, sem ríkið fær, sem hvað annað fje, kemst auðvitað undir hið almenna lögmál vaxtanna.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. — Það var aðeins vegna þess, að mjer skildist á hæstv. atvrh. (MG), að maður gæti orðið síðar bundinn við þessa atkvgr., að jeg vildi segja nokkur orð.

Jeg get sagt svipað og hv. 2. landsk. (SJ), að jeg hefi jafnan verið eindregið móti sölu þjóðjarða. Hinsvegar geri jeg stóran mun á því, hvort kaupandinn er einstaklingur eða sjerstakt bæjarfjelag, sveitarfjelag eða opinber stofnun. Finst mjer það hafa mikið meira til síns máls, að selja þeim síðarnefndu jarðeignir ríkisins.

Hv. atvrh. (MG) heldur því fram, að salan geti orðið mjög hagkvæm fyrir ríkið, þegar tekið sje tillit til þess, hve lóðir sjeu þar alt of lágt leigðar. Sýnir þetta vel, hvernig farið hefir verið með þjóðjarðirnar á undangengnum tímum. Þær hafa verið leigðar út fyrir alt of lágt gjald, en hinsvegar hefir verið miðað við leiguna af þeim, þegar þær hafa verið seldar. Á þennan hátt hefir ríkissjóður gefið nokkrum einstaklingum stórar upphæðir. Jeg get tekið undir það með hv. meirihl., að ekki sje álitlegt

að selja Vestmannaeyjar fyrir 250 þús. kr., þegar þær eru metnar yfir 600 þús. kr. Og þó að fasteignamatið þarna kunni að vera nokkru hærra en gerist á jörðum í sveit, þá má vist segja, að það sje alstaðar á landinu í raun og veru of lágt. En mesti agnúinn á þessu öllu er þó sá, að engin skynsemi er í því, hvernig lóðirnar þarna hafa verið leigðar út, en svo hefir það einnig verið með þjóðjarðirnar, þó varla hafi það verið annarsstaðar eins ilt og í Vestm.eyjum.

Ef hv. deild hefir skilið mig, þá er það þetta, sem jeg hefi viljað gera henni ljóst, að það, sem skilur mig og hv. 2. landsk. (SJ) er, að hann er í öllum tilfellum á móti sölu þjóðjarða, en jeg get látið mjer lynda, að þær sjeu, þegar svo ber undir, seldar til bæjarfjelaga eða sveitafjelaga, en vil, að ríkissjóður bíði jafnan sem minstan eða helst engan halla af sölunni. En hjer er því ekki til að dreifa.

Jónas Jónsson: Jeg skil vel, að hv. atvrh. (MG) óskar ekki eftir að haldið sje áfram vitnaleiðslunni út af frammistöðu hans, þeirri, sem svo tíðrætt hefir orðið um. Hún kom honum að sjálfsögðu mjög óþægilega við 2. umr., og hefir lítið breyst til batnaðar fyrir honum síðan.

Aðalatriði þess, sem upplýst hefir orðið í málinu, er það, að frv. frá hv. þm. Vestm. (JJós), sem fer fram á, að ríkið selji Vestmannaeyjar fyrir 200 þús. kr., það er nú orðið stefnumál hæstv. stjórnar. Hinsvegar segir hæstv. ráðh. (MG), að ef meginpartur Eyjanna verði seldur, þá sjái hann ekki neina ástæðu til að halda útskæklunum eftir, og bætir, með tilliti til þessa, 50 þús. kr. við söluverðið. Eftir að það er þannig komið í ljós, að hæstv. atvrh. (MG) vill láta selja Eyjarnar fyrir 250 þús. kr., þá upplýsist það, að þær eru rúmlega 600 þús. kr. virði að fasteignamati, sem flestum ber saman um, að sje ⅓—½ of lágt metið.

Mjer finst mjög eðlilegt, að hæstv. ráðh. (MG) vilji nú sem fæst um þetta tala, því að sjálfsagt er svona frammistaða eitthvert mesta axarskaftið, sem gert hefir verið í opinberum fjármálum. En jeg er hæstv. ráðh. (MG) að vissu leyti þakklátur, hve hann hefir fært orð sín í skemtilegan búning. Hann játar nefnilega, að runnið hafi á sig „tvær grímur", þegar um það var að ræða, að kasta burt eign landsins fyrir minna en helming verðs. Það eru þessar tvær grímur, sem mönnum virðist hæstv. ráðh. (MG) bera svo oft. Snýr önnur að kaupmönnum, en hin að bændum. Hvað bak við þennan búning liggur, geri jeg ráð fyrir, að hæstv. ráðh. (MG) segi, að sje einkamál eigandans.

Þá hefir hæstv. atvrh. (MG) misskilið frásögn um þetta í blaði einu hjer í Reykjavík, þar sem talað er um 200 þús. kr. sem söluverð á Vestmannaeyjum. Var þar vitanlega talað um tilboð hv. þm. Vestm. (JJós), eins og skýrt er tekið fram í greininni. Vill hæstv. ráðh. (MG) sjálfsagt gera enn þá mun á því, hvort Eyjarnar eru seldar allar eða aðeins hluti af þeim.

Að lokum skal jeg taka það fram, að jeg er hæstv. ráðh. (MG) alveg samdóma, þegar hann mótmælir því, að mál þetta sje sjerstaklega „móralskt". Frv. sjálft er ekki „móralskt" og þá ekki fremur sá þátturinn, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir spunnið. Ber þetta vott um vaxandi skilning á málinu hjá hæstv. atvrh. (MG)

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Jeg tók það þegar fram, í lok 2. umr., að þrátt fyrir málalengingar og alt mas, sem út af frv. hefir spunnist, þá liggur ágreiningurinn í raun og veru ekki í öðru en því, hvort Vestmanneyingum skuli gefinn kostur á að eignast umrætt land eða ekki. Hefir þetta sannast enn við þessa umræðu. Vitaskuld er það, að afstaða sumra hv. þm., þeirra, sem andmæltu frv., er hrein, svo sem er um hv. 2. landsk. (SJ), sem alla tíð hefir verið mótfallinn sölu þjóðjarða og vill af sömu „principiellum" ástæðum ekki selja Vestmannaeyjar. Get jeg virt þá skoðun hans, þó að það sje mjer persónulega fjarlægt, að aðhyllast hana. — Þá undrar það mig ekki, þó að hv. 2. þm. S.-M. (IP) telji sig geta fylgt frv. með þeirri brtt., sem nú er fram komin. Tók jeg það líka fram við 2. umr. málsins, að jeg gæti vænst þess af honum, að bera fram brtt. í þessa átt.

Jeg átti satt að segja ekki gott með að fylgjast með röksemdafærslu hv. 1. landsk. (SE) fyrir því, af hverju hann mundi greiða þessari till. atkv. sitt. Jeg verð að segja, að jeg stend hálfundrandi yfir þeim ræðum, sem þessi hv. þm. hefir flutt í þessu máli, bæði nú og við 2. umr. Annars er jeg alveg viss um það, að hv. þm. er prýðilega að sjer í rentureikningi, og honum getur ekki dulist, hvaða árangur yrði af því, að leggja á vöxtu leiguna nú, hvaða upphæð mundi verða útkoman eftir 60—80 ár. Það hefir verið mikið talað um fasteignamat. Jeg held það hafi verið hv. 1. landsk. (SE), sem aðallega hefir haldið því fram, að ekki væri að tala um, að svona þjóðeign yrði seld undir fasteignamati. Má vera, að þetta láti vel í eyrum. Hvort heldur eru hús, lóðir eða annað, sem metið er svo og svo mikið, ef það er sýnt, að eignin um fyrirsjáanlega framtíð getur ekki svarað rentum af nema ¼ af þeirri upphæð, þá er það einnig augljóst, að fasteignamatið er ekki rjett mat. Jeg þykist nokkurnveginn viss um það, ef hv. 1. landsk. (SE) ætti eign, sem svaraði honum í rentum 10 þús. árl., og þrátt fyrir það, þó að hún væri metin fjórfalt við þetta verð, þá myndi hann, ef hann væri þess fullviss, að hann gæti ekki gert sjer í nánustu framtíð neitt meira úr eigninni, ekki hika við að selja hana fyrir eitthvað svipað verð og hún rentaði sig. Þó segja megi að vísu, að þessi eign sje svo og svo mikils virði, eða metin, þá finst mjer ekki mega ganga fram hjá því, að líta á þá sanngirniskröfu frá bæjarfjelaginu, sem fer fram á það við ríkið að selja eignina, að verðið sje miðað við það, sem ríkið hefir upp úr eigninni. Maður getur nú eiginlega tæplega búist við því, að þegar bæjarfjelag fer fram á við ríkissjóð að fá að eiga landið, sem bærinn stendur á, að forsvarar ríkissjóðs taki þá afstöðu til málsins, að líta á það frá meðal-prangarasjónarmiði. En maður getur ekki varist þess, að láta sjer detta í hug, að frá hálfu þeirra manna, sem lagst hafa á móti málinu, hafi verið talað um þessa sölu rjett eins og hjer þyrfti að sjá við einhverjum afleitum pröngurum. (SE: Nú er skrítinn „móral" á ferðinni.) Það er ekki svo skrítinn „móral", að það eigi að gilda önnur regla milli ríkisins og bæjarfjelags, heldur en milli tveggja „privat"-manna.

Hv. 1. landsk. (SE) lagði mikla áherslu á, að málið gengi ekki undan þinginu. Þessu er jeg alveg sammála, enda hefi jeg ekki óskað eftir, að úr-

slit málsins yrðu háð öðrum völdum en þingsins. Og það hefir ekki verið tilætlun neins, að málið gengi undan þinginu; því aðeins hefir það verið í þinginu fram borið, að úrslit þess yrðu undir þingsins vilja komin. (SE: Ekki eins og frv. liggur nú fyrir.) Eins og frv. lá fyrir í byrjun; því getur hv. 1. landsk. tæplega neitað.

Hv. 5. landsk. (JJ) var eitthvað að tala um bitlinga í sambandi við þetta mál. Jeg held nú, að hv. þm. hljóti að vita, að það getur ekki skoðast sem bitlingur til mín, þótt það yrði, að ríkið seldi Vestmannaeyjabæ landið, sem hann er bygður á. En vitaskuld er það eðlilegt, að þessi hv. þm. reyni að færa til verri vegar afskifti hæstv. stjórnar af þessu máli og nota þau til árása á hana, úr því að hann hefir nú einu sinni valið sjer það hlutskifti að láta ekkert tækifæri til þess ónotað.

Hv. 5. landsk. (JJ) var að tala um það, að það hefði ruglast fyrir mjer, það sem fram hefði farið á fjhn.fundi. Þetta er staðleysa hjá hv. þm. Jeg hefi altaf sagt, að hæstv. atvrh. (MG) hafi aldrei komið með þetta tilboð, sem hv. þm. talar um. En á hinn bóginn man jeg eftir því, að hv. þm. (JJ) var að inna eftir því við mig, hvað jeg vildi bjóða. Hv. þm. hefir skoðað það svo, að við værum á uppboði, og hann sjálfur uppboðshaldarinn, en mitt að bjóða; þessvegna er þessi tilboðshugmynd orðin svo föst í honum. Eins og jeg tók fram við þennan hv. þm., er það ekki mitt hlutverk að standa og bjóða neitt fram. Jeg flutti málið í byrjun á þeim grundvelli, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir falið mjer. Og jeg verð að neita því afdráttarlaust, að Vestmanneyingar hafi með frv., eins og það lá fyrir í byrjun, farið fram á nokkra gjöf af ríkisins hálfu. Ef menn fengjust til þess að koma niður úr skýjunum og líta rólega á málið, eins og það virkilega liggur fyrir, þá þarf ekki að eyða mörgum orðum um það, að þessi þjóðareign gefur ekki meira af sjer en sem svarar því „kapitali", sem nefnt er í frv.; og þessvegna er aðeins farið fram á, að ríkið selji eignina sjer skaðlaust.

Öðru atriði verð jeg líka að neita afdráttarlaust, að Vestmanneyingar hafi haft nokkur undirmál við stjórnina um málið. Jeg veit, að hæstv. stjórn hefir tekið sína afstöðu frá sjónarmiði þeirra manna, sem líta á hlutina eins og þeir eru í raun og veru, en setur sig ekki á neinn annan sjónarhól, til þess að gera sjer allskonar „illusionir" um málið, eins og bæði hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 1. landsk. (SE) hafa gert.

Jeg er sammála því hjá hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) — enda hefi jeg altaf haldið því fram — að það er sitt hvað fyrir ríkið, að selja þjóðeignir Pjetri eða Páli, eða bæjarfjelögum. En þrátt fyrir það, þótt þjóðjarðir hafi verið seldar þannig, að í einstöku tilfellum hafi menn grætt á að selja þær aftur, þá hafa margir góðir og gegnir bændur uppi í sveit sagt mjer það, að yfir höfuð væri það besta fyrirkomulagið, að bændur ættu sjálfir jarðirnar, sem þeir sætu á. Og þótt þjóðjarðasalan hafi í einstöku tilfellum komið þannig út, að viðkomandi menn hafi grætt á jörðunum með því að selja aftur, þá eru þau tilfelli ekki mjög mörg; og í öðru lagi sje jeg ekki, hvaða stórskaði er skeður, þótt einstöku maður græði. Þjóðfjelagið á borgara sína með húð og hári, og það

hefir ótal leiðir til að ná sköttum af þeim. Það er vitnað í fasteignamatið og talað óspart um það, hvað ríkið hafi látið lönd og lóðir í Vestmannaeyjum afaródýrt. En ríkið hefir í raun og veru ekki látið neitt til annars en sjálfs sín, því að ríkið á íbúana og hefir öll ráð til að ná sjer niðri á þeim í sköttum.

Annars skal jeg geta þess, að við hv. 2. þm. G.-K. (BK) höfum borið okkur saman um þá brtt., sem er fram komin, og munum geta aðhylst hana. Hún gerir ekki svo mikinn mun frá því, sem við höfum lagt til. Fyrir mitt leyti get jeg sjerstaklega aðhylst hana vegna þess, að jeg álít, að hana samþ. þeir einir, sem vilja gefa kost á, að Vestmannaeyjar kaupi landið; en hinir vitanlega gera það ekki. En eins og jeg tók fram við 2. umr., þá er það aðalatriðið, sem ber á milli. Þó að hv. andmælendur hafi gripið í þessar háu tölur, fasteignamatið, til þess að láta kaupin sýnast ómögulegan hlut á grundvelli frv., þá hefir í raun og veru undiraldan verið sú hjá hv. þm., að þeir hafa viljað málið feigt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg fjekk greinilegt svar hjá hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að það sje meiningin, að bera málið fram seinna í þáltill.formi. En þáltill. þessa efnis skilst mjer, að stjórnin geti varla borið fram, þar sem að líkindum verður um áskorun á stjórnina að ræða, eins og venja er til um þáltill. Úr þessu mætti auðvitað bæta með því, að hv. þm. Vestm. (JJós) flytti till. eða einhver annar, sem vill selja, eins og t. d. hv. 5. landsk. (JJ); því að nú er það upplýst, að hann vill selja, ef nóg verð fæst, að hans dómi.

Hv. 1. landsk. (SE) þarf jeg litlu að svara. En jeg gekk ekki út frá, að það væri bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, sem ætti að útnefna matsmennina, af því að þeir eiga að vera búsettir utan Vestmannaeyja. (SE: Hver þá?) Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin mundi láta bæjarfógetann í Reykjavík gera það. Jeg efast um, að það sje formlegt, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum útnefni. (SE: Eftir reglunni um þjóðjarðasölu á að útnefna menn á staðnum.) Já, en þar er ekki tekið fram, að matsmenn skuli vera utan sýslu.

Það varð misskilningur milli okkar hv. 1. landsk. (SE) út af reikningi mínum. En við höfum nú leiðrjett hann undir fjögur augu. En hafi aðrir misskilið, er rjett að taka það fram, að jeg hugsaði mjer að leggja á vöxtu með 6% vöxtum aðeins það, sem borgað yrði umfram það, sem Eyjarnar renta sig nú, og láta standa í 60 ár; þá er kaupverðið orðið alls um 1 milj., því þessi 50 þús. verða eftir 60 ár orðin 800 þús. Hefi jeg altaf gengið út frá 6%, en ekki 5%, eins og í brtt. Einnig hefi jeg sagt það, að jeg vil heldur selja allar Eyjarnar, ef þær verða seldar, heldur en part.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) kvaðst vera á móti allri þjóðjarðasölu, en fanst þó frekar ástæða til að selja, þar sem bæjarfjelag ætti í hlut. Þó skildist mjer hann vera óráðinn um, hvort hann vill selja eða ekki. En það er meiningarlaust fyrir þá, sem eru ráðnir í því að selja ekki, að greiða atkv. með að kosta til virðingar á Eyjunum.

Þá kem jeg að hv. 5. landsk. (JJ). Hann er altaf að vitna í fasteignamatið. Jeg sýndi þessum hv. þm. fram á, að lóð, sem er metin á 400 kr. í fasteignamati, rentar sig næstu 80 ár ekki meira en fyrir 100—150 kr. Þessa vill hann

ekki taka tillit til, en segir, að sama ráði um þessar eignir og jarðeignir uppi í sveit. Þetta er ekki rjett, af þeirri einföldu ástæðu, að þær síðarnefndu eru ekki leigðar til svo langs tíma. Væri þær leigðar til svo langs tíma, hefði það stórkostleg lækkandi áhrif. Lóðirnar í Vestmannaeyjum hafa verið leigðar svo óheppilega, að það hefir rýrt verðgildi þeirra fyrir ríkissjóð. Nú hefir langmest af þeim verið leigt á síðustu 10 árum, svo yfirleitt eru 70—80 ár þangað til þær losna. Þrátt fyrir alt þetta leyfir hv. 5. landsk. (JJ) sjer að halda því fram, að fasteignamatið eigi að leggjast til grundvallar, þótt upplýst sje, að það geti ekki verið miðað við afgjaldið, heldur söluverð leigurjettindanna. Jeg hefi sýnt fram á það, að 70—80 ár hjer eftir gefa lóðir þessar ekki meira af sjer en þriðjung til fjórðung matsverðsvaxta, og að því væri eins hagstætt fyrir ríkissjóð að selja nú fyrir 250.000 eins og fyrir 1 milj. kr. eftir 60—70 ár. Þetta skilur hv. 5. landsk. (JJ) ekki, heldur tekur það ráð að bera mig brigslum og bregða mjer um hlutdrægni, heimsku eða tvöfeldni í málinu. En jeg læt mig það engu skifta. Fjarstæður hans snerta mig ekki.

Hv. þm. (JJ) var að tala um tvær grímur, sem jeg notaði venjulega. Minst veit hann um það, en jeg held hann hafi sjálfur tvær grímur í þessu máli. Mig grunar sterklega, að hann vilji ekki selja, en hann vill ekki segja það. Hv. þm. (JJ) hugsar sjer, að hann geti altaf bjargað sjer á því, að ekki komi nógu hátt boð.

Út af þingfrjettunum í Tímanum skal jeg viðurkenna, að jeg hjelt, að hv. 5. landsk. (JJ) hefði skrifað þær; en jeg get vel gengið inn á, að hann hafi ekki gert það; enda voru þetta rjettari þingfrjettir og betri en hann hefir venjulega skrifað. Þó má enganvegin misskilja mig svo, að þær væri rjettar, enda væri alt of mikið að búast við því.

Hv. þm. sneri alveg frá þeirri heimsku sinni, að nokkuð væri „ómóralskt“ í því að selja sinn leigurjett, en sagði, að aðferð mín í málinu væri „ómórölsk“; því hefir hann ekki fundið upp á fyr. Næst verður það líklega „ómóralskt“ hjá hv. þm. Vestm. (JJós) að bera þetta frv. fram. Annars vil jeg benda hv. 5. landsk. (JJ) á, að maður eins og hann getur ekki greint í sundur, hvað er „móralskt“ og hvað „ómóralskt“.

Forsætisráðherra (JM): Út af því, sem sagt hefir verið um útnefningu matsmanna, vil jeg láta þess getið, að þar sem matsmenn eiga að vera búsettir utan Vestmannaeyja, þá er þar með sagt, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum á ekki að nefna þá. Hann hefir ekki heimild til að kveðja menn, nema í sínu eigin lögsagnarumdæmi. Þegar Hafnarfjörður keypti nokkurt land af ríkinu, er metið var, voru matsmenn teknir úr Reykjavík og nefndir til af bæjarfógetanum hjer. Jeg vil þó ekki beinlínis segja, að þetta sje ómögulegt fyrir bæjarfógetann í Vestmannaeyjum, ef mennirnir samþykkja það fyrirfram. Það er tæplega gert, að minsta kosti ekki, er ríkið á í hlut.

Ekki get jeg sagt, að jeg sje beint á móti því, að ákveða, að hæstirjettur kveðji matsmenn; en jeg verð að segja, að dálítið þykir mjer það óviðkunnanlegt, nema hæstirjettur hafi sjálfur samþykt það.

Einar Árnason: Það eru örfá orð

út af því, sem hæstv. atvrh. (MG) tók fram, að stjórnin gæti naumast borið fram þáltill. Jeg get ekki fallist á, að það sje rjett. Hann tók það fram, að þáltill. væri venjulega áskorun á stjórnina; en það þarf ekki nærri því æfinlega að vera og er heldur ekki svo. Þál. getur verið og er oft heimild fyrir stjórnina, og meira að segja eru dæmi til, að þingið hafi samþ. þáltill., sem var hvorki áskorun nje heimild, heldur bein ákvörðun. Formið getur verið margvíslegt.

Jeg lít svo á, að stjórnin geti alveg eins borið fram þáltill. í heimildarformi, eins og t. d. frv., sem heimila stjórninni hinar og þessar framkvæmdir.

Hvað það snertir, að þeir greiði atkv. með þessari till., sem vilja selja, en hinir ekki, þá verð jeg að segja það, að það er ekki hægt að slá neinu föstu um það nú, hvernig þeir menn muni haga sjer í framtíðinni, sem greiða atkv. með till. Enda óþarfi að vera með bollaleggingar um það.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. (JM) tók fram um hæstarjett, þá skildi jeg hann svo að lokum, að hann sæi ekki ástæðu til að vera á móti þessu formi, að hæstirjettur útnefndi matsmenn. Okkur flm. till. var þetta nokkurnvegin ljóst, sem hæstv. forsrh. tók fram viðvíkjandi forminu, en fundum ekki frambærilegar ástæður gegn því, að hæstirjettur kæmi þarna í stað bæjarfógeta.

Guðmundur Ólafsson: Það var út af orðum hæstv. atvrh. (MG).

Honum fanst jeg vera óráðinn um atkv. mitt, og vildi ráðleggja mjer að greiða ekki atkv. með auknum kostnaði í málinu. Þegar jeg talaði, var búið að heyrast til svo margra hv. þm. með brtt., að jeg þóttist viss um, að hún yrði samþ. En með samþykt hennar er ekki hætta á því, að greiða þurfi fullnaðaratkv. með málinu á þessu þingi. Því að það er beinlínis tekið fram í till., að matsgerðina eigi stjórnin að leggja fyrir þingið, ásamt till. sínum. Og það er ómögulegt að gera ráð fyrir því, að það verði hægt á þessu þingi. Brtt. gerir í þessu tilliti engan mun frá því, sem er í 4. gr. frv.; aðeins er það þessi þriggja manna nefnd, sem brtt. ákveður. Brtt. hefir það fram yfir, að með henni er því slegið föstu, að málið verður ekki afgreitt að fullu af því þingi, sem nú situr. Verði jeg hjer heill á húfi á næsta þingi, vona jeg, að jeg hafi athugað málið það vel, og sje reyndar búinn að því nú, að mjer verði ekki skotaskuld úr því að greiða atkv. um málið.

Sigurður Eggerz: Hæstv. atvrh. (MG) hefir nú skýrt frá því, að það sje munurinn á 200 þús. og 250 þús., eða 50 þús. krónur, sem hann vill ávaxta í 60 ár. Telur hann, að sá munur græðist á söl-unni, en það er nú all-athugaverð staðhæfing. Því þó leigurnar sjeu nú aðeins 10 þúsund, hvað verða þær eftir 10 ár, ef þær verða smátt og smátt fimmfaldaðar eða tífaldaðar. Og svo ennfremur, hvers virði eru Vestmannaeyjar orðnar eftir 60 ár?

Annars þykir mjer framkoma hv. þm. Vestm. (JJós) harla einkennileg. Hann ræðst á mig með stóryrðum fyrir stefnubreytingu í málum þessum. Hvar er sú stefnubreyting? (**JJós:** Hvar eru stóryrðin?) Það þýðir ekkert að vitna í Hvanneyrarsöluna í þessu sambandi, því þar er aðstaðan alt önnur. En hvað hefi jeg annars lagt til nú? Það eitt, að ekki

verði hrapað að sölu Eyjanna undirbúningslaust, heldur verði málið rannsakað gaumgæfilega og síðan lagt fyrir þingið aftur. Alt hjal um stefnubreytingu hjá mjer er því ekkert annað en bull. **(Forseti, HSteins:** Þetta er ekki þinglegt orð.) Þá verð jeg að reyna að finna eitthvert annað orð. **(JJ:** T. d. „bjánaskapur".) Hv. þm. skilja annars vel, hvað jeg meina.

Jeg hefi sýnt fram á, að framkoma mín er enganvegin í ósamræmi við framkomu mína áður í svipuðum málum, og þarf ekki að fjölyrða frekar um það atriði.

En jeg er ekki viss um, að þessi nýi „móral", sem hv. þm. Vestm. (JJós) vill innleiða um sölu á fasteignum ríkisins, þyki til fyrirmyndar. Það er alviðurkent, að fasteignamatið er yfirleitt svo lágt, að ef „prívat"-maður er spurður að því, hvort hann vilji selja fasteign sína fyrir fasteignamatsverð, þá hlær hann að slíkri firru. En hjer á að gera menn tortryggilega, ef þeir vilja ekki gleypa við því, að selja Vestmannaeyjar langt undir fasteignamatsverði.

Jeg verð að segja, að í þessu máli er rekin ósæmileg hreppapólitík, og það er enganvegin heppilegt að koma því inn hjá fulltrúum þjóðarinnar, að þeir eigi að vera ólmir með sölu fasteigna ríkisins fyrir svo sem ½—⅔ fasteignamatsverðs, aðeins ef háttv. kjósendur æskja kaupanna. Og ekki mun jeg blikna nje blána, þó að mjer sjeu sendar hnútur fyrir að vilja ekki kasta einum auðsælasta bletti landsins fyrir verð, sem er langt fyrir neðan fasteignamat.

Og það mun sannast, þegar til þjóðarinnar kasta kemur, þá verður ekki talinn neinn fyrirmyndarbúskapur að vilja selja Eyjarnar svo vægu verði. Ef mönnum, sem hafa til að bera agnarögn fjármálavits, verður tíðrætt um þetta frv. hv. þm. Vestm. (JJós), þá verður þeim það eitt á að brosa, brosa að fifldirfsku hv. þm. (JJós), þegar hann hjelt, að hann fengi meirihl. þingmanna til fylgis við þau firn, að selja Eyjarnar fyrir svo hlægilega lágt verð.

Af því hæstv. atvrh. (MG) vildi slá því föstu, að við í meirihl. fjhn. hefðum bundið atkv. okkar með endanlegri sölu Eyjanna, þá skal jeg fyrir mitt leyti lýsa yfir því, að mitt atkvæði mun fara eftir því, hvort jeg verð ánægður með matsverðið, hvort jeg tel það, eftir atvikum, hæfilegt söluverð.

Ef matsverðið verður þannig, að um tjón sje að ræða fyrir ríkissjóðinn, þá get jeg ekki með atkvæði mínu heimilað söluna. Ef verðið yrði annars svo hátt, að jeg teldi athugavert fyrir Vestmannaeyjar að hleypa sjer í kaupin, þá gæti jeg heldur ekki heimilað söluna. Margs er að gæta.

Jeg skal enda mál mitt með því að undirstrika, að þá er hreppapólitíkin farin að færast í aukana hjer á þingi, ef að það þykir rjett, að ráðist sje á menn með gífuryrðum, þó að þeir segi nei við annari eins óhæfu og þeirri, að selja Vestmannaeyjar meira en helmingi lægra verði en fasteignamat þeirra segir til.

Jónas Jónsson: Hv. þm. Vestm. (JJós) hjelt nú, að hann myndi eitthvað viðvíkjandi umtöluðu verði í fjhn.; en þegar til kom, mundi hann ekki einu sinni fyrir víst eftir þessum 300 þús., sem áður höfðu vafist fyrir honum. Hinsvegar taldi hann sig muna, að jeg hefði í nefndinni eggjað hann á að bjóða hærra verð fyrir Eyjarnar en hann

gerði í frv. Þetta síðarnefnda er rjett. Í nefndinni vildi jeg sýna honum það vinarbragð, að benda honum á, til þess að forða honum frá þeirri vanvirðu að hafa boðið 200 þús. kr., að rjettast væri fyrir hann að nefna hærri tölu. Það er líka augljóst, að hann stæði betur að vígi nú, ef hann hefði a. m. k. stungið upp á fasteignamatsverði þegar í upphafi. Þá gæti engum manni dottið í hug, að hann hefði ætlað að nota atkvæði sitt til þess að ríkissjóður seldi Eyjarnar fyrir ósæmilega lágt verð.

Hv. þm. (JJós) segist ekki hafa beðið um Eyjarnar að gjöf. Það er að vísu rjett, en þó álíta ýmsir, þar á meðal merkir íhaldsmenn, að verðið, sem hann nefnir í frv., sje svo lágt, að það nálgist gjöf. Enda mun alment talið hneyksli, að láta sjer detta í hug, að Vestmannaeyjar verði seldar fyrir þriðjung af verði húss Nathan & Olsens hjer í Reykjavík.

Hv. þm. (JJós) segir, að engin undirmál við hæstv. stjórn hafi átt sjer stað í sambandi við þetta mál. Því hefir enginn haldið fram. En hitt hefi jeg sagt, að ef afstaða hæstv. stjórnar væri ekki hreint og beint sprottin af vitleysu, þá væru einhver undirmál eina hugsanlega skýringin. Jeg skal jafnframt taka það fram, að jeg vil halda mjer að fyrri skýringunni, að framkoma hæstv. stjórnar stafi af tómri fávisku, og má hæstv. stjórn vel una þeirri skýringu, eftir atvikum.

Höfuðgallinn á útreikningum hæstv. atvrh. (MG) um, hversu mikið ríkissjóður hafi upp úr því, að selja Eyjarnar fyrir 250 þús., sem síðan skuli ávaxta um 60 ára skeið, er sá, að hann gleymir að taka með í reikninginn, hversu mikils virði Eyjarnar geta verið orðnar að 60 árum liðnum. Hversu mikið hafa lóðir hjer í Reykjavík ekki hækkað í verði síðastliðin 60 ár? Og hvað hafa Vestmannaeyjalóðirnar ekki hækkað í verði á 60 árum? Jeg þykist vita, að hv. þm. Vestm. (JJós) sje kunnugt um, að það verð, sem talað var um, fyrir nokkru, að selja Eyjarnar einni selstöðuversluninni fyrir, þolir ekki einu sinni nokkurn samanburð við 200 þús. krónurnar, sem hv. þm. (JJós) nefnir í frv. sínu. Þegar nú fasteignamat Eyjanna, 600 þús. kr., er langt fyrir neðan sannvirði þeirra, og þar sem ennfremur má gera ráð fyrir því, að á næstu 60 árum stækki kaupstaðurinn allmikið og nýir grunnar og nýir fiskreitir verði teknir til notkunar, þá má öllum verða ljóst, hvílíkur geysilegur munur verður á verðmæti Eyjanna nú og að 60 árum liðnum, þegar þær að miklu leyti verða lausar úr ábúð. T. d. veit jeg um eina lóð, sem hv. þm. (JJós) mun þekkja vel og er tuga þúsunda virði, en sem nú eru goldnar eftir 150 kr. árlega. Hvað verður eftirgjald þessarar lóðar að 60 árum liðnum? Svona mætti lengi telja.

Þessvegna er það hreinasta vitleysa, að ætla sjer að „kapítalísera“ svo lága upphæð sem hæstv. atvrh. nefnir, því allir vita, að slíkur höfuðstóll vex mun hægar en verðmæti lóðanna sjálfra.

Hæstv. atvrh. (MG) gerði ráð fyrir því, að jeg væri í hjarta mínu á móti sölu Eyjanna. Það kemur málinu, á þessu stigi, í rauninni ekkert við. Um söluna sjálfa kemur atkvgr. ekki til greina fyr en mat hefir farið fram, sem e. t. v. verður um þetta leyti að ári.

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Ef það er rjett, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði, að Vestmannaeyjar hafi á fáum árum hækkað mjög í verði og eigi eftir

að hækka enn í verði í framtíðinni, sem er vitaskuld undir því komið, að atvinnuvegir Eyjaskeggja blómgist áfram og atorka einstaklinganna verði söm hjer eftir sem hingað til, þá sýnist ekki ósanngjarnt, að sjálft bæjarfjelagið njóti að einhverju leyti þess hagnaðar, sem á þennan hátt verður af hækkandi verði landsins. Annars hefir mál þetta verið rætt nægilega frá öllum hliðum.

Það hefir sýnt sig, að þeir tveir hv. þm. (SE og JJ), sem mest hafa hamast á móti frv., eru því sárgramir, að hafa ekki getað kæft það þegar í upphafi. Þessvegna hafa þeir gripið til þess óyndisúrræðis, að veitast að mjer persónulega. Þetta gerir mjer auðvitað ekkert til, en sýnir aðeins úrræðaleysi þessara hv. þm. Jeg kippi mjer ekkert upp við það, þó hv. 1. landsk. (SE) velji mjer óviðurkvæmileg orð. (SE: Sannleikanum verður hver sárreiðastur!) Þau hitta mig ekki, en hv. 1. landsk. (SE) er sjálfur ekki jafn-óskemdur eftir sem áður.

Hv. þm. (SE) er landsk. þm., enda fer hann sjaldnast í felur með þá vegtyllu sína. Hann vikur óþarflega oft að því, að tala um hreppapólitík annara þm. Það er alls ekki rjett af hv. þm. (SE), að láta gremju sína bitna á einstökum þm., þó að hann þykist þurfa að leggjast á móti sanngirnismálum einstakra hjeraða eða kaupstaða landsins. Þetta er leitt, en háttv. þm. (SE) má sjálfum sjer, en ekki mjer, um kenna.

Það er rangt, að jeg hafi ráðist sjerstaklega að hv. þm. (SE); en sumir menn, og þar á meðal hv. 1. landsk. (SE) eru svo viðkvæmir, að varla má anda á móti þeim, án þess alt sjeu kölluð stóryrði. En þessum mönnum er einmitt sjálfum hættast við að verða „stóru orðunum" að bráð, eins og hv. 1. landsk. (SE) henti nýlega.

Hv. þm. (SE) varaði hv. deild alvarlega við einhverjum nýjum „móral", sem jeg á að vera að innleiða hjer. Jeg veit satt að segja ekki, hvort nokkur annar hv. þm. hefir orðið var við þennan nýja „móral", sem hv. 1. landsk. (SE) talar um. Það er að vísu tilefnislaust hjer, að vara menn við nýjum „móral", en tilgangur hv. þm. (SE) er eflaust góður. Hann vill hvergi hafa annað en góðan „móral" í hinu pólitíska lífi, hvorki utan þings nje innan, og telur sig geta frómt úr flokki talað. Þetta, að hv. þm. (SE) sjer hjer grýlu, sem engir aðrir sjá, er því einungis sprottið af ákafa hans og einlægni í því, að hleypa hvergi að hinu opinbera lífi neinum misjöfnum „móral". En það er alveg ástæðulaust að vara hv. deild við till. minum í máli þessu, því bak við þær liggur fullkomin sanngirnis- og rjettlætiskrafa.

ATKVGR.

Brtt. 324 samþ. með 9 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7 : 1 atkv. og afgreitt til Nd.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 334, sbr. 320 og 324).

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil

aðeins leyfa mjer að óska, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn., því sú nefnd hafði málið til meðferðar í hv. Ed. Annað hefi jeg ekki ástæðu til að taka fram að þessu sinni, en óska, að fá að hafa tal af hv. nefnd, áður en hún tekur endanlega afstöðu til málsins.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞórJ, ÁF, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ.

nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BJ, HStef, IngB, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, BSv.

Þrír þm. (ÁJ, BL, KlJ) fjarstaddir.

13. Áfengisauglýsingar.

Á 15. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bann gegn áfengisauglýsingum (þmfrv., A. 90).

Á 24., 25. og 26. fundi í Nd., dagana 3., 4. og 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. þetta. Það lá fyrir þinginu í fyrra, og var því þá vísað til hv. allshn. Það er borið fram aftur í sömu mynd og þá, og sömu ástæður liggja til, að við berum það fram, sem við gerðum grein fyrir þá. Vil jeg leggja til, að því verði nú aftur vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 7 atkv. og til allsherjarnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 1. mai, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 90, n. 310).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JörB, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, IngB.

nei: JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, SigurjJ, ÁF, BSv.

Þrír þm. (ÁÁ, BSt, JakM) greiddu ekki atkv.

Sex þm. (KlJ, ÞórJ, ÁJ, BJ, BL, HK) fjarstaddir.

2. gr. feld með 11 : 9 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. felt frá 3. umr. með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, BL, HK, JAJ.

nei: JS, JÞ, MG, MJ, SigurjJ, SvÓ, ÁF, ÁÁ, IngB, JakM, JBald, BSv.

Einn þm. (ÁJ) greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (KlJ, ÞórJ, BSt, BJ, HStef) fjarstaddir.

14. Einkasala á áfengi.

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi (þmfrv., A. 38).

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það virðist vera óþarfi fyrir mig að hafa langa framsögu í þessu máli, því að frv. þetta er kunnur gestur hjer á Alþingi. Mun það vera í þriðja skifti, sem það er borið hjer upp, a. m. k. að því er snertir 1. gr. Frv. er hjer um bil samhljóða því frv., sem lá hjer fyrir þinginu í fyrra. Eina verulega breytingin er sú, að nú er í frv. ákveðið lágmark álagningarinnar 50%, í stað 25% í fyrra. Ástæða þessarar breytingar er sú, að við flm. höfum orðið þess áskynja, sem okkur var ekki kunnugt á síðasta þingi, að nú mun að jafnaði ekki lagt meira á vínföng en 25—35%. Þykir okkur það ótilhlýðilega lágt, þegar þess er gætt, að nú er venja að leggja 50—60% á vínanda til iðnaðar. Þar sem mál þetta var rætt ítarlega á síðasta þingi, þykist jeg mega vænta þess, að hv. þm. tefji ekki lengi við þessa 1. umr. frv., heldur geymi aths. sínar við það, þeir sem þær þykjast hafa fram að færa, til 2. umr., sem verður þá aðalumr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, 407, 445, n. 454).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 407 samþ. með 16 : 1 atkv.

— 445, A. samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HK, IngB, JAJ.

nei: JS, MJ, ÞórJ, ÁF, BL, JakM, JBald, JK, BSv.

Fimm þm. (JÞ, JörB, ÁJ, BSt, BJ) fjarstaddir.

2. gr. frv. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, HK, IngB, JBald, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: ÞórJ, ÁF, BL, HStef, JakM, JAJ, JK, JS, KlJ, MJ, SigurjJ, BSv.

Fimm þm. (ÁJ, BSt, BJ, JÞ, JörB) fjarstaddir.

Forseti lýsti frv. fallið.

Lagafrumvörp afgreidd með rökstuddri dagskrá.

1. Sjúkratryggingar.

Á 1. fundi í Nd., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sjúkratryggingar (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta lá fyrir síðasta Alþingi, og var þá flutningsmaður þess háttv. samþingismaður minn (JS). Það má heita, að frv. sje orði til orðs eins og hann flutti það, aðeins einstöku orðabreytingar, þar á meðal í fyrirsögninni. Á síðasta þingi kom málið svo seint fram, að ekki var þess að vænta, enda ekki við því búist af flutningsmanni, að það næði þá fram að ganga.

Um leið og jeg vísa til athugsemdanna við þetta frv., vil jeg leiða athygli að því, að vjer getum ekki lengur látið tryggingamálin liggja í sama þagnargildi og verið hefir. Vjer erum í þessum málum langt á eftir flestum öðrum þjóðum. Á síðustu árum hefir þó nokkuð verið um þau ritað, og Alþingi hefir samþ. þingsályktunartill. í þá átt, að málið skyldi rannsakað. En rannsókn um þessi efni hjer á landi er torveld, bæði af því, að sjerfræðingum er ekki á að skipa, og vegna þess, að skýrslur brestur til þess að byggja á.

Jeg fæ því ekki betur sjeð en að vjer sjeum neyddir til að fara hægt af stað og láta reynsluna skera úr, hvað fært er og hvað ekki. Er það miklu betra en rasa fyrir ráð fram og verða svo ef til vill að gefast upp á miðri leið, því að það mundi tefja fyrir málinu um óákveðinn tíma.

Jeg skal ekki heldur draga dul á það, að hinn gífurlegi og sívaxandi berklakostnaður á nokkurn þátt í því, að frv. þetta er nú fram komið. Landssjóðshluti þessa kostnaðar var á síðastliðnu ári á 4. hundrað þúsund kr., og eykst hröðum fetum, eins og fyr er tekið fram. Ekki má heldur gleyma því, að kostnaður þessi er ákaflega þung byrði á

sýslusjóðunum, svo þung, að Alþingi hefir neyðst til að takmarka hann.

Eftir þeirri skattalöggjöf, sem nú er, og með hinum lögákveðnu og óhjákvæmilegu útgjöldum, sem á ríkissjóði hvíla, getur ekki hjá því farið, ef ekki á að verða stöðugur tekjuhalli, að verklegar framkvæmdir ríkissjóðs hljóta að verða annaðhvort litlar eða alls engar. En það tel jeg hið allra versta, og slík kyrstaða árum eða jafnvel áratugum saman er gersamlega óþolandi. Verkefnin eru ótal fram undan; enn þarf marga ána að brúa, margan veginn að gera, margar símalínur að leggja, marga vita að byggja og mörg hús að reisa. Við þurfum að efla strandvarnirnar, stuðla að ræktun landsins o. fl., o. fl. En hvað getur orðið úr þessu, ef allar tekjur ríkissjóðsins fara til annara hluta?

Það er því hin mesta nauðsyn, að reyna að losa ríkissjóðinn við eitthvað af gjöldum þeim, sem nú hvíla á honum, til þess að meira sje hægt að leggja fram til verklegra framkvæmda. En berklavarnirnar mun ekki fært að leggja á hilluna, og þá virðist ekki annað fyrir hendi en ná þessum kostnaði upp með sjerstöku gjaldi. Jeg geng þess ekki dulinn, að það muni hjá ýmsum verða óvinsælt, en jeg bið þá hina sömu að gæta þess, að þetta er gert til þess að stuðla að verklegum framkvæmdum í landinu, og sá tilgangur vona jeg að helgi þetta meðal.

Jeg skal geta þess, að jeg mun leggja fyrir þá nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, 2 frumvörp, sem stjórninni hafa borist frá sparnaðarnefndinni. Er annað þeirra um breytingu á 14. gr. berklavarnalaganna frá 1921, en hitt um breyting á 77. og 78. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905. Bæði þessi frv. snerta greiðsluhlutfallið milli ríkis, bæja og sveita, og snerta að því leyti þetta mál, að ef þetta frv. skyldi ekki finna náð fyrir augum þingsins, kemur til álita breyting sú á berklavarnalögunum, sem sparnaðarnefndin stingur upp á í þessu frv., og sá sparnaður fyrir ríkissjóð, sem gæti leitt af breytingu á 77. og 78. gr. fátækralaganna. En því er ekki að leyna, að tillögur nefndarinnar binda sveitarfjelögum og sýslufjelögunum þyngri byrðar en nú bera þau, og það efast jeg um, að þyki fært, án þess að jafnframt sje sjeð fyrir tekjustofnum.

Þegar þessi umr. er á enda, legg jeg til, að þessu frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., föstudaginn 13. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 153).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þetta mál hefir áreiðanlega mikla þýðingu fyrir alla landsmenn, og það er vafasamt, að önnur mál liggi fyrir þessu þingi, sem hafi meiri áhrif á líðun hvers einstaklings meðal þjóðarinnar. Þetta var allshn., sem hafði þetta mál til meðferðar, ljóst, og þessvegna taldi hún skyldu sína að athuga þetta mál sem allra best og afla sjer upplýsinga og fræðslu um það, svo sem kostur var á.

Nefndin snjeri sjer til landlæknis og beiddist umsagnar hans um málið. Landlæknir varð fúslega við tilmælum hennar og kom á fund með henni, þar

sem hann ljet álit sitt í ljós. Hann hafði snúið sjer til stjórnar Berklavarnafjelags Íslands, beðið um álit hennar, og á þessum fundi, þar sem landlæknir mætti, ásamt nefndinni, lagði hann fram álitsskjal frá stjórn Berklavarnafjelags Íslands. Þetta skjal er prentað sem fylgiskjal á þskj. 153; vona jeg, að allir hv. þdm. hafi lesið það, svo að jeg þurfi ekki að fara langt út í það, sem þar stendur.

Jeg skal geta þess, að landlæknir tjáði sig í flestum atriðum sammála því, sem greinir á álitsskjali Berklavarnafjelagsins, og jeg skal strax geta þess, að nefndin er í mörgum atriðum sammála því, sem kemur fram í þessu álitsskjali og sem kom fram hjá landlækni. Í þessu álitsskjali er því haldið fram, að þótt þetta frv. heiti frv. til l. um sjúkratryggingar, þá sje það í raun og veru ekki trygging, sem frv. fari fram á, heldur fari það fram á það, að stofnaðir sjeu styrktarsjóðir, og að þessir sjóðir sjeu stofnaðir með almennum nefskatti.

Stjórn Berklavarnafjelagsins heldur því fram, að frv. sje því í eðli sínu hreint og beint skattafrv. Trygging sje það, þegar ákveðin gjöld eru greidd gegn ákveðnum bótum, þegar óhöpp ber að höndum, í þessu tilfelli sjúkdómar. Þetta þekkjum við í öllum tryggingafjelögum, sem kunn eru hjer á landi, en nú er það engin bein trygging, sem felst í þessu frv. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að sjúklingar sjeu styrktir með fjárframlögum úr þessum sjóðum, en kröfu til styrks hafa sjúklingar ekki eftir frv., heldur er það undir atvikum komið og undir úrskurði þar til kvaddra manna, hvort þeir skuli styrktir eða ekki, og styrkurinn er í eðli sínu ekki trygging.

Þá er ennfremur bent á það, að frv. hafi ekki neinn beinan sparnað í för með sjer fyrir þjóðarheildina, heldur flytji það gjöldin aðeins til. Þessum atriðum, sem jeg nú hefi talið, var nefndin yfirleitt samþykk.

Samkv. frv. á að nema 14. gr. berklavarnalaganna úr gildi, og samkv. því eiga líka berklaveikir sjúklingar að ganga fyrir öðrum um styrk úr þessum sjóðum, með öðrum orðum, að berklavarnakostnaðurinn, sem nú hvílir á ríkissjóði og sýslusjóðum, myndi, ef þetta frv. verður að lögum, koma á þessa sjóði. Má því telja alveg víst, að það mundi verða mjög lítill afgangur til annars; berklaveikiskostnaðurinn myndi sennilega taka mestallar tekjurnar. Aðaltilgangurinn með þessu frv., eða aðalbreytingin, sem þetta frv. mundi gera, er því óneitanlega sú, að ljetta kostnaði af ríkissjóði og færa hann yfir á þessa sjúkrasjóði, eða með öðrum orðum, að færa hann yfir á einstaklinga þjóðarinnar með nefskatti, nefskatti, sem ekki á, samkv. frv., að veita tilsvarandi tryggingu eða tilsvarandi rjettindi aftur í staðinn. Og nefndin fær ekki sjeð, að berklavarnakostnaðinum út af fyrir sig mundi vera komið rjettlátlegar fyrir eða betur á nokkurn hátt með þessu fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á, heldur en með því fyrirkomulagi, sem nú er. Þetta myndi að vísu verða til sparnaðar fyrir ríkissjóð, en sá sparnaður fengist aðeins með því að auka á gjaldabyrði þjóðarinnar nýjum skatti, sem þar að auki mun koma ranglátlega niður, og er því ekki hægt að sjá, að málum þessum verði betur skipað en nú er, þó að frv. verði samþ. Skatta til ríkissjóðs mætti ef til vill auka, til þess að hann fengi betur staðist berklavarna-

kostnaðinn, en þar með er ekki sagt, að þeir eigi nje megi koma niður á landsmönnum á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, af því að hlunnindin, sem það veitir mönnum í stað gjaldsins, eru svo þröngt afmörkuð. Slíkur nefskattur má ekki hvíla á almenningi, nema því aðeins, að í gegn komi ákveðinn og almennur rjettur til bóta.

Í álitsskjali Berklavarnafjelagsins er því haldið fram, að þær breytingar, sem frv. gerir á núgildandi skipulagi, sjeu ranglátar, vegna þess, að berklavarnir sjeu fyrst og fremst sóttvarnir. M. ö. o. að kostnaður, sem greiddur er til berklavarna af opinberu fje, sje ekki lagður fram sjúklinganna sjálfra vegna, heldur miklu fremur til þess að verja þjóðarheildina gegn hættulegum sjúkdómi, og þar af leiðandi sjálfsagt, að hann sje greiddur af almannafje, en ekki með slíkum nefskatti sem í frv. felst. Ennfremur er því haldið fram, að þessar breytingar sjeu hættulegar vegna þess, að eftir að almenningur hefir verið skattlagður þannig, aðallega vegna berklavarnanna, þá myndi hann eftir það verða ófúsari til að styðja frjálsa berklavarnastarfsemi. Bendir fjelagið t. d. á, að því sjálfu muni ganga erfiðar starfsemi sín eftir en áður. Og eins og hv. þdm. e. t. v. er kunnugt, hefir á Norðurlandi safnast stórfje til heilsuhælisbyggingar. Menn geta búist við því, að þegar almenningur hefir verið skattlagður sjerstaklega vegna berklavarna, eins og frv. fer fram á, þá muni draga úr framlögum til slíkrar frjálsrar starfsemi.

Í þessu sambandi skal jeg einnig geta þess, að Alþingi hefir borist brjef um þessi efni frá sjúkrasamlagi Reykjavíkur, og liggur það frammi á lestrarsalnum, hv. þm. til athugunar. Jeg hefi lesið þetta brjef, og þó að jeg ætli ekki að rekja efni þess hjer, þá skal jeg skýra frá því, að þar koma einnig fram eindregin mótmæli gegn því, að frv. þetta verði að lögum. Er þar sjerstök áhersla lögð á það, að slík lög myndu yfirleitt hindra starfsemi sjúkrasamlaga.

Þó að meirihl. nefndarinnar a. m. k., og að mestu leyti nefndin öll, geti þannig fallist á flest rök, sem færð hafa verið gegn frv., eins og það liggur hjer fyrir, lítur hún svo á, að almennar sjúkratryggingar sjeu hið mesta nauðsynjamál, sem hlutverk framtíðarinnar sje að hrinda í framkvæmd. En þar á nefndin ekki við, að einn ákveðinn sjúkdómur verði tekinn sjer, eins og gert er í frv. að miklu leyti, heldur að almennar og reglulegar sjúkratryggingar komist á, þar sem ákveðinn rjettur fylgir ákveðnum iðgjöldum, eins og yfirleitt tíðkast, þar sem um tryggingar er að ræða. Þessu marki álítur nefndin, að frv. nái ekki.

Þar að auki er það nú svo, að öll tryggingamálefni eru hjer á byrjunarstigi, sjerstaklega að því er viðkemur sjúkratryggingum. Þau mál eru næsta ókunn þjóðinni.

Þetta frv. var að vísu borið fram á síðasta þingi, en þó að undarlegt megi virðast, þá held jeg, að efni þess sje harla ókunnugt öllum þorra landsmanna, þrátt fyrir það. Málið vakti fremur litla athygli, sem mun stafa af því, hversu frv. kom seint fram og að þar af leiðandi urðu litlar sem engar umr. um það.

Enda þótt nefndin hefði ekki fundið eins margt við frv. þetta að athuga sem raun ber vitni um, þá hefði hún samt varla getað lagt til, að almennar trygg-

ingar yrðu lögboðnar í einum svip. Hún er þeirrar skoðunar, að þekkingu á þessum málum og áhuga fyrir þeim þurfi að útbreiða meðal þjóðarinnar, áður en fært sje að setja almenn lög um þessi efni, sem bjóði, að slík skyldutrygging skuli ná til allra borgara þjóðfjelagsins.

Þó að nefndin geti þessvegna ekki ráðið hv. deild til að samþ. frv., síst eins og það nú liggur fyrir, þá vill hún heldur ekki ráða hv. deild til þess að kasta málinu alveg frá sjer, með því að fella frv. Nefndin telur þess fulla þörf, að tryggingarmálin sjeu gerð þjóðinni sem best kunn og að umr. hefjist um þau, svo og, að rökstuddar till. fáist um þau, hvaðanæfa af landinu o. s. frv. Nefndin æskir þess m. ö. o., að þjóðin taki sjúkratryggingamálin til athugunar og umræðu og geri um þau till., áður en frekar er aðhafst. Þessvegna leggur hún til, að máli þessu verði vísað til sýslunefnda og bæjarstjórna landsins til umsagnar, og ræður því hv. deild til að afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá þess efnis.

Jeg veit vel, enda hefir reynslan sýnt það oft áður, að till., sem þannig koma frá sýslunefndum og bæjarstjórnum, verða sjálfsagt nokkuð sundurleitar og að ekki verður því gott fyrir hæstv. landsstjórn að byggja nýtt frv. um sjúkratryggingar þannig, að teknar verði allar hugsanlegar till. til greina. En fyrir mjer vakir einkum, að með því að vísa málinu þannig til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna úti um land, sem eru fulltrúar þjóðarinnar hver í sínu sýslu- og bæjarfjelagi, þá muni óhjákvæmilega vaxa áhugi almennings fyrir tryggingamálunum og þekking á þeim útbreiðast. A. m. k. verða þeir, sem eiga sæti í nefndum þessum, að reyna að afla sjer sem bestrar þekkingar á málinu, og þykir mjer ekki ólíklegt, að margir þeirra vilji bera það undir kjósendur sína og leita álits þeirra, áður en þeir gera ákveðnar till. Þannig verður málið rætt og skýrt um land alt. Það er því von mín, ef málið fær nú þá afgreiðslu, sem nefndin leggur til, og ef þjóðinni gefst tími til að átta sig á tryggingamálum sínum, þá fari svo með tímanum, þó að ekki verði það kanske á næsta þingi, að sett verði lög um virkilega almennar sjúkratryggingar, sem allir megi vel við una.

Jeg ætla ekki, að svo stöddu máli, að ræða frekar efni frv. eða einstakar greinar þess, enda sje jeg ekki ástæðu til þess, þar sem nefndin leggur til, að það verði afgreitt svo sem jeg hefi tekið fram. Það þýðir ekki að ræða um, hvort orða skuli greinar á þennan eða hinn hátt, fyr en sjeð verður, hvort hv. deild felst á till. nefndarinnar eða ekki.

Jeg skal lúka máli mínu með þeirri ósk, að hv. deild samþ. dagskrártill. allshn. á þskj. 153. Nefndin hyggur það bestu lausn málsins á þessu stigi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þykir hv. allshn. hafa tekið frv. þessu heldur þunglega. Reyndar skildi jeg hv. frsm. (BSt) svo, að hv. nefnd teldi frv. í raun og veru ekki eins fráleitt og mjer fanst gefið í skyn í nál. hennar á þskj. 153.

Jeg get gengið inn á það með hv. nefnd, að ekki er nema eðlilegt, að slíkt mál verði borið undir álit sýslunefnda og bæjarstjórna og hefi því ekkert á móti þeirri till. hv. nefndar út af fyrir sig. En þá er þess að vænta, að málið verði flutt fyrir almenningi hlutdrægnislaust og rjett skýrt frá efni þessa frv.

Veltur þar á miklu, hvernig hv. þm. flytja málið fyrir kjósendum sínum.

Jeg fyrir mitt leyti get alls ekki fallist á, að í brjefi stjórnar Berklavarnafjelags Íslands, sem hv. frsm. (BSt) gat um, sje óhlutdrægur málflutningur, og vegna þess, að hv. nefnd segist, í nál. sínu, vera samdóma þessu brjefi í flestum atriðum, þá átti jeg von á því, að hún tæki harðari tökum á frv. en hún þó hefir gert í dagskrártillögu sinni. Þegar í brjefinu segir, að frv. sje bæði hættulegt og ósanngjarnt, þá skyldi maður halda, að hv. nefnd, sem virðist samþykk þessum ummælum, vildi ekki hafa margar sveiflur á málinu, heldur leggja til, að frv. yrði felt þegar í stað. En þó er það nú svo, að enda þótt hv. nefnd virðist því samþykk, að frv. sje bæði ósanngjarnt og hættulegt, þá vill hún vísa því til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna um land alt. Mjer finst dálitið ósamræmi fólgið í þessu, því hvað á málið eiginlega að gera til sýslunefnda og bæjarstjórna, ef það er í sjálfu sjer svo fráleitt sem í brjefinu segir? Enginn þarf að ætla, að sýslunefndir eða bæjarstjórnir fari að semja ný frv. um þessi efni. Þær geta ekki annað en látið uppi álit sitt á frv., eins og það verður sent þeim til umsagnar. Jeg verð því að leyfa mjer að líta svo á, að enda þótt orð hafi fallið þannig í nál., þá sje hv. nefnd í rauninni þeirrar skoðunar, að ofmælt sje í brjefi Berklavarnafjelagsins, því annars verður niðurstaða hennar að mestu leyti gagnstæð forsendunum.

Í dagskrártill. hv. nefndar segir, að málið skuli sent sýslunefndum og bæjarstjórnum til umsagnar og skuli það síðan undirbúið og lagt fyrir næsta þing. Jeg vil benda hv. deild á, að þetta er ómögulegt.

Sýslunefndafundir eru sumstaðar þegar afstaðnir, sumstaðar standa þeir yfir þessa dagana og verða alstaðar haldnir svo snemma ársins, að engin tök verða á því, að fá álit þeirra á þessu máli í ár, eða fyrir næsta Alþingi. Þetta tvent, að undirbúa málið á ný fyrir næsta þing og hafa hliðsjón af umsögn sýslunefndanna við þann undirbúning, er því ekki hægt að sameina.

Ef þessi leið verður farin, sem jeg þykist vita að verði ofan á, úr því að hv. nefnd leggur einróma til, að svo verði gert, þá kostar það, að málið verður að bíða næstu tvö árin.

Í brjefi stjórnar Berklavarnafjel. er mikið gert úr því, að í frv. sje um nefskatt að ræða. Það er að vísu satt, að svo er að formi til, en heldur ekki meira, vegna þess, að efnaðri mennirnir eiga að sitja á hakanum, eiga ekki að fá greiddan styrk úr sjóðunum, nema nægilegt fje sje fyrir hendi. Þeir, sem efnaminni eru, eiga að ganga fyrir samkv. frv. Reynslan mun því verða sú, að þeir, sem meiri hafa efnin, leggja á þennan hátt fram fje til styrktar hinum fátækari í veikindum þeirra. Það er því ekkert annað en útúrsnúningur, þegar sagt er, að skatturinn samkv. frv. sje eingöngu beinn nefskattur. Auk þess má gæta þess, að ríkissjóði er ætlað að leggja 200 þús. kr. árlega til sjúkratryggingasjóðanna, og er það ekkert smáræði.

Náttúrlega má gera frv. óvinsælt meðal almennings, með því að skýra það svo, að það feli í sjer nefskatt. En þetta er bara ekki rjett. Reyndar má e. t. v. segja, að skatturinn sje að forminu til

lagður á sem nefskattur, en í raun og veru verður hann skattur frá þeim, sem efnaðri eru, til hinna fátækari, a. m. k. verður þetta svo á meðan sjóðirnir eru að vaxa. Jeg læt mjer því í ljettu rúmi liggja, þó að menn kalli þetta skattafrv. Það er ekki skattafrv. Það er frv., sem miðar að því, að safnað verði fje í sjóði, sem tryggi menn, fyrst og fremst hina efnaminni, gegn veikindum.

Við eigum ýmsa sjóði, sem safnað hefir verið með framlögum allra landsmanna, og þegar hafa komið að miklu liði, þó að þeir sjeu ekki gamlir. Þarf jeg ekki annað en minna á ellistyrktarsjóðina, Landhelgissjóðinn og Bjargráðasjóðinn. Tveir hinir síðartöldu eru ekki nema kringum 10 ára gamlir og eru þó farnir að gera stórmikið gagn. Eins og kunnugt er, er hjer á ferðinni frv. um að kaupa strandvarnaskip fyrir fje það, sem safnast hefir í Landhelgissjóðinn á einum 10 árum. Sömuleiðis liggur fyrir þinginu annað frv. um að verja fje úr Bjargráðasjóði öðruvísi en gert hefir verið hingað til, af því að þeim sjóði er vaxinn svo fiskur um hrygg, þótt ungur sje, að menn álíta, að hann geti þegar komið að töluverðu gagni.

Nú er það meiningin samkv. frv. þessu, að leggja árlega fyrir a. m. k. 50 þús. kr. af tekjum sjúkratryggingasjóðanna. Og sú kemur tíð, að þessir varasjóðir koma að liði, þó að jeg þykist vita, að það verði ekki fyrstu árin. Eftir 10 ár verða þeir orðnir ½ miljón, þó að vextir og vaxtavextir sjeu ekki reiknaðir, og eftir svo sem 14 ár verða þeir orðnir 1 miljón og þá munu þeir vissulega verða að miklu gagni og halda þó áfram að vaxa. Það er þessvegna alrangt, að kalla frv. þetta skattafrv.

Hv. nefnd segir, að hjer sje í raun inni um mikið mál og gott að ræða, sem hrinda beri í framkvæmd í framtíðinni. En hvernig á að taka á þessu máli, ef ekki einmitt með því að prófa sig áfram með litilli byrjun í fyrstu? Getur hv. nefnd sagt, hve mikinn skatt þurfi að leggja á árlega, ef um almennar sjúkratryggingar væri að ræða? Um það vantar allar skýrslur. Ef við því ekki byrjum smátt og fetum okkur áfram í máli þessu, þá er hætt við, að framkvæmd þessi kunni að dragast ærið lengi, en á þeim tíma gætum við verið búnir að safna allálitlegum sjóðum, án þess að landsmönnum væri verulega þungbært.

Það er rjett, að frv. þetta fer ekki fram á fullkomlega almennar sjúkratryggingar. Þess gat jeg líka við 1. umr., og þá tók jeg það fram, að hjer á landi vantaði allan grundvöll, sem hægt væri að byggja á, hversu há iðgjöldin skuli vera, ef um slíkar almennar tryggingar er að ræða.

Þegar stjórn Berklavarnarfjel. segir, að frv. sje eingöngu til styrktar fyrir ríkissjóð, þá er sannleikanum freklega snúið við. Það er ýmislegt fleira í brjefi Berklavarnafjelagsins, sem ástæða væri að gera athugasemd við, en til þess er ekki tími nú. Það er algerlega rangt, að Alþingi og stjórn sjeu sjúkratryggingarnar ekkert alvörumál. Þetta frv. er einmitt mikil tilraun í þá átt, að koma skipulagi á það mál, svo að við megi hlíta.

Og jeg verð að segja það um Berklavarnafjelagið, sem að því er jeg best veit er nýstofnað, að það talar með nokkuð miklum myndugleik við þing og stjórn, og jeg leyfi mjer að segja, að ennþá hefir það ekki gert neitt, sem rjettlætir það, að fjelagið talar hjer

eins og allur vandinn hvíli á herðum þess. Fjelagið gerir sjálfsagt gagn, en trúað gæti jeg því, að ríkið þyrfti að leggja því fje og lítið yrði um framlög annarsstaðar frá.

Það var sagt af frsm., að frv. væri beinlínis skattafrv. Það er það að sumu leyti og sumu leyti ekki. Það fjallar um stofnun sjóða til þess að standast kostnað af veikindum, með svipuðum hætti og á sjer stað um sjúkrasamlög. Það er einhliða skoðað, ef ekki er á annað litið en skattinn, sem frv. fer fram á.

Frsm. (BSt) fann því það til foráttu, að það væri enginn sparnaður fyrir þjóðina. En jeg spyr: Eru sjúkratryggingar yfirleitt sparnaður fyrir þjóðina? Sá kostnaður, sem af þeim leiðir, hlýtur einhversstaðar að koma niður, og hvar sem hann er tekinn, er ekki hægt að ræða um sparnað fyrir þjóðina í heild. Þá fyrst væri um sparnað að ræða, ef unt væri að gera þær ráðstafanir, sem drægju til muna úr sjúkdómum. Frsm. hjelt, að lítill afgangur yrði, þegar kostnaðurinn við styrk til berklaveikra væri tekinn frá. Jeg býst við því, fyrst í stað. En sú kemur tíð, að sjóðunum vex fiskur um hrygg og mikill afgangur verður, og það meira að segja í tíð núlifandi manna. Og frá mínu sjónarmiði er þetta það langbesta, sem hægt er að gera, að stofna sjóð, sem komið gæti eftirkomendum okkar að ómetanlegu gagni.

Það má vel vera, að berklavarnir sjeu hugsaðar sem sóttvarnir. En í framkvæmdinni er það svo, að mest er hugsað um að lækna sjúka. Jeg veit frá mörgum læknum, að þeir líta svo á, að til bóta yrði að samþykkja frv., og að það mundi á engan hátt skaða berklavarnir í landinu. Og jeg vil benda á, að margir sjúklingar liggja á landsins kostnað að nauðsynjalausu, af því að vottorð frá læknum og hreppsnefndum liggja fyrir, en ekki eru tök á að kynna sjer, hvort rjett er skýrt frá efnahag eða sjúkdómsástandi. Hefðu sýslunefndir og bæjarstjórnir þetta með höndum, í stað þess, að nú er það stjórnarráðið, þá mundi það sýna sig, að kostnaðurinn færi minkandi, vegna skarpara eftirlits kunnugra manna.

Frsm. sagði, að frv. næði ekki tilgangi sínum, en það er ekki rjett til orða tekið. Hann leggur annað í frv. en jeg. Mjer hefir aldrei dottið í hug að segja, að sjóðirnir gætu greitt allan sjúkrakostnað í landinu fyrsta kastið. En þeir fara vaxandi, móti því tjáir ekki að mæla.

Jeg held, að ekkert sje á móti því, að senda sýslunefndum og bæjarstjórnum málið til umsagnar. Í svörum þeirra mundu koma fram einhver ákveðin gögn, sem hægt væri að byggja á. Og jeg get vel ímyndað mjer, að mörg sýslunefnd og bæjarstjórn mundi hugsa sig vel um, áður en hún hafnaði frv., því að berklavarnalögin leggja það farg á marga sýslusjóði, að fullerfitt reynist að valda.

Í þessu brjefi frá Berklavarnafjelaginu er mikið talað um, hvílíkur skaði það sje, ef 14. gr. berklavarnalaganna falli niður. En jeg verð að segja, að einmitt þessi 14. gr. er einhver hin erfiðasta í framkvæmd í allri löggjöf vorri. Í henni er svo fyrir mælt, að þeir skuli styrks njóta og ókeypis legu, sem ætla megi, að bíði mikið efnalegt tjón af berklalegu sinni. Jeg vildi biðja hv. þingdeild að athuga þetta vel. Og þess

má geta, að þegar lög þessi voru samþykt, þá var mörgum þessi grein þyrnir í augum, sakir kostnaðar. En sá, sem samdi frv. til berklavarnalaganna, hinn sami, sem nú hefir ritað undir brjef Berklavarnafjelagsins, hann vill af eðlilegum ástæðum halda í frv. sitt, en útreikningar hans á kostnaðinum hafa ekki staðist.

Að síðustu vil jeg aðeins segja hv. nefnd það, að þótt jeg geti gengið að því, að frv. sje sent til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna, þá er jeg óánægður yfir því, að nefndin hefir látið fylgja frv. ónotaleg ummæli, sem hætt er við, að hafi áhrif á dóm sýslunefnda. Aftur á móti hefir hv. nefnd ekki bent á neinar nýjar leiðir, og verður því ekki annað sjeð en að hún ætli að sækja alt vit í sýslunefndir og bæjarstjórnir, og jeg er þess fullviss, að þær muni taka á málinu með skilningi, og víst er það, að minna af viti leggja þær ekki til málsins en hv. nefnd hefir gert.

Bjarni Jónsson: Jeg skal ekki vera myrkur í máli við hæstv. atvrh. um afstöðu mína til þessa frv., sem fer fram á að fella úr gildi 14. og 17. gr. berklavarnalaganna. Er það fljótsagt, að jeg tel það með öllu ófært, og það engu síður, þó fá skuli varnir þessar í hendur sjóðum, sem stofnaðir væri í því skyni. Hæstv. atvrh. taldi, að af því mundi leiða sparnað mikinn, og efast jeg ekki um það, að því er snertir peninga. En það mundi lítt reynast sparnaður um heilsu og líf landsbúa.

Það er mælt, að ekki bregður mær vana sínum, og ætla jeg, að svo mundi enn fara um örlæti og risnu hrepps- og bæjarsjóða sem fyr. Það verður viðlíka gaman að sjá, og þá er hríðefldir hreppstjórar þeysa á skaflajárnuðum og reka á undan sjer örvasa hreppsómaga. (**Trþ:** Tíðkast það vestur í Dölum?) Bæði á Ströndum og í Dölum. Það tíðkast alstaðar. Það er mannúð fátækralaganna.

Tilgangurinn með berklavörnunum er sá, að útrýma sýki, sem hefir breiðst út og heldur enn áfram að breiðast út, til meira tjóns fyrir þessa þjóð en tölum verði talið. Það væri sparnaður, ef slíkt tækist. Og til þess má ekki horfa í neinn kostnað.

Það er margt gott í 14. gr. berklavarnalaganna, en það er ókostur á henni, að þar er nokkuð minst á hreppstjóra og sveitastjórnir. Sakir þess ákvæðis hefir margur orðið að snúa aftur og enga bót fengið meina sinna.

Það liggur í augum uppi, að sýslurnar eru því vanfærari um að bera þennan kostnað sem fleiri þurfa hans með. Öll þjóðin á að borga þetta, á sama hátt og almennar sóttvarnir. Og þessar sjóðstofnanir mundu vafalaust verða til þess að draga úr aðgerðum í þessu máli, draga úr vörnunum. Jeg er því mótfallinn frv., en jeg er með hverjum þeim lögum, sem svifta sveitastjórnir allri íhlutan um berklavarnirnar.

Það er ekkert við því að segja, þó að stofnaðir sjeu sjóðir til þess að gegna augnabliks þörf, en það er oftrú á rausn og mannúð og skilning sveitastjórna, ef þess er vænst, að þær vinni upp 100 ára vanrækslu feðra vorra og langafa með því fje.

Björn Líndal: Jeg er ekki vanur að standa upp til þess að gera grein fyrir atkv. mínu, en jeg geri það þó nú. Jeg

skal þá strax lýsa því yfir, að jeg greiði atkvæði með rökstuddu dagskránni. Það er ekki brjef Berklavarnafjelagsins, sem hefir haft þau áhrif á mig, því jeg get tekið undir með hæstv. atvrh. (MG), að mjer finst það meira skrifað af kappi en forsjá og bera greinilega með sjer, að höfundur þess vill gera sjálfan sig betri í augum almennings en gott málefni.

Jeg skal taka það fram, að mjer líkar frv. ekki vel í mörgum atriðum; mjer líkar t. d. ekki 2. gr. og hvernig þeim álögum er háttað. Eigi að síður er jeg nefskatti fylgjandi á vissu aldursstigi, t. d. á ungt fólk. Það er flest jafnríkt af þeim auðæfum, sem mest er um vert, það á æskuþróttinn og þrekið. Það væri því sanngjarnt, að nefskattur til tryggingar gegn sjúkdómum og slysum væri lagður á fólk á aldrinum 16—30 ára, og mætti þá vel taka tillit til þess, hvort maður er ómagalaus eða ekki.

Það stappar nú nærri þjóðarböli, hve ungt fólk hefir mikið fje milli handa. Þess er fljótaflað og því er ennþá fljótar eytt, engum til gagns; oft því sjálfu til tjóns. Það er því siðferðilega rjett, að reyna að ná einhverju af því fje frá unga fólkinu, í þeim tilgangi, að reyna að koma í veg fyrir, að það verði öðrum til byrði, ef óhöpp og heilsutjón ber að hendi. Þetta gjald mætti svo að einhverju leyti miða við efnahag eftir 30 ára aldur.

Jeg vil taka það fram í sambandi við það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að áhrif sveitarstjórna í þessu máli mundu lítt reynast til bóta, ef þær fengju þar mestu um að ráða. Kostnaður við framkvæmd berklavarnalaganna er svo þung byrði á sveitarstjórnum, að þær mundu sennilega grípa hvert tækifæri, sem býðst, til þess að reyna að ljetta þessari byrði af sjer, án þess að athuga nægilega afleiðingarnar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Jeg hefi í rauninni ekki mikið að segja, því að þær athugas., sem hæstv. atvrh. (MG) gerði, áttu miklu fremur við álitsskjal stjórnar Berklavarnafjelagsins en till. allshn.

Hann sagði að vísu, að sjer hefði skilist sem nefndin hefði tekið málinu þunglega. Það er álitamál. Mjer líst svo sem nefndin hafi aðeins átt um tvo kosti að velja. Annar var sá, að ráða til að fella frv., hinn, að fara að eins og allshn. leggur til. Hitt kom ekki til mála, að samþ. slík lög fyrirhyggjulaust. Mjer virðist því nefndin hafi tekið betri kostinn, frá sjónarmiði hæstv. ráðherra (MG), af þeim, sem um var að ræða, enda kom hæstv. atvrh. að því síðar í ræðu sinni, að hann væri ekki óánægður með þessa afgreiðslu málsins.

Hæstv. atvrh. (MG) sagðist hafa átt von á, að nefndin, eða jeg sem frsm., tæki harðari höndum á frv. en jeg hefi gert, vegna þess, að í nál. stæði, að nefndin væri í flestum atriðum samþykk brjefi Berklavarnafjelagsins. Það stendur í nál. í f l e s t u m atriðum, en ekki öllum. Jeg get játað, að frá mínu sjónarmiði er um sumt í brjefinu svo, að of hart er að orði kveðið, og jafnvel ekki laust við, að kenni nokkurra öfga. Hvað snertir það, sem stendur í brjefi Berklavarnafjelagsins, að þessi breyting sje hættuleg og ósanngjörn, þá gat jeg ekki um, að öll nefndin væri samþykk því. En jeg tók fram, að nefndin væri öll samþykk brjefinu um það atriði, að þessi breyting væri ekki til sparnaðar fyrir þjóðarheildina.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að ómögulegt mundi reynast að framkvæma dagskrána til fulls, það er að segja, ekki hægt að fá álit bæjarstjórna og sýslunefnda fyrir næsta þing. Jeg held, að þetta sje vel hægt. Álit bæjarstjórna ætti að vera hægt að fá hvenær sem er, og sýslunefndir gætu vel haldið aukafund, til þess að ræða þetta mál. Það hefir oft verið gert áður, þegar landsstjórnin hefir lagt mál fyrir sýslunefndir. Í sjálfu sjer væri heldur ekki nauðsynlegt, að þetta væri búið fyrir næsta þing. Mætti vel við una, þó að það drægist um 2 ár.

Þá sagði hæstv. ráðh., að þessi skattur, sem farið er fram á, að lagður sje á þjóðina, væri ekki nefskattur nema að formi til, þar sem fátæklingar einir ættu aftur að njóta hlunnindanna. Jeg veit ekki, hvað er nefskattur, ef ekki þetta, að leggja á alla án tillits til efna. Það er auðvitað meiningin, að fátæklingar njóti styrksins, en það er lítil trygging fyrir því í frv., að hann lendi þar, sem þörfin er mest.

Í einum stað í athugasemd við frv. er talað um, að ekki veiti af að ná einhverju gjaldi í þessu skyni af fólki, sem fer landshornanna á milli og ekkert leggur fyrir. Það er satt, að ekki veitti af, að eitthvað af tekjum þessa flóks staðnæmdist því til gagns. En samkvæmt frv. er hætta á, að húsráðendur yrðu oft að greiða þetta, og óvíst, að þeir fengju nokkuð í staðinn. Þetta fólk sumt er horfið áður en nokkur veit af, og yrði þá húsbóndinn sjálfur að standa skil á nefskattinum.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að frv. miðaði að því, að safna í sjóð, er síðan yrði til styrktar sjúklingum. Fyrst um sinn mun þó ekki verða komist yfir meira en að styrkja berklasjúklinga. Mjer þykir vafasamt, að þessi sjóður aukist mjög ört. Það má búast við því, að kostnaður við berklavarnir aukist eftir því sem þjóðinni fjölgar. Því miður má gera ráð fyrir, að jafnmörg % verði haldin af veikinni og nú er. En þó að það reynist ekki svo, þarf það ekki að draga úr gildi berklavarnalaganna. Slíkar ráðstafanir býst jeg við, að ekki verki fyllilega gagnvart þeirri kynslóð, sem nú lifir, heldur verði það eftirkomendurnir, sem njóta.

Það, sem mjer finst ranglátast við að taka berklavarnakostnaðinn svona með nefskatti, er það, að samkvæmt berklavarnalögunum að öðru leyti ráða sjúklingar ekki sjálfir í hve mikinn kostnað er lagt. Þeim er skipað á hæli, og ef þeir eiga efni, verða þeir að standa straum af kostnaðinum sjálfir, án tillits til þess, hvort þeir hafa óskað sjálfir, að í þennan kostnað væri lagt.

Hæstv. atvrh. spurði, út af því, að nefndin taldi sig fylgjandi almennum sjúkratryggingum en ekki frv., hvernig við ætluðum að prófa okkur áfram, ef ekki á þann hátt, að byrja á því, sem smátt væri. Jeg hygg að vísu rjett að byrja í smáum stíl, en þó ekki á þann hátt, sem hæstv. ráðherra (MG) vill. Jeg held, að við ættum að byrja á því, að láta tryggingarnar aðeins ná til annara sjúkdóma, en undanskilja berklasjúklinga, af því þeim er nú ráðstafað á annan hátt. Þegar sjóðunum væri vaxinn fiskur um hrygg og þeir orðnir stórir og voldugir, gæti komið til mála að taka berklasjúklinga með.

Þá hjelt hæstv. ráðh. (MG) því fram, að þessi nefskattur, sem leggja ætti á þjóðina samkvæmt frv., væri ekki verulega tilfinnanlegur. Jeg játa, að hann

er það ekki svo mjög á þeim, sem litla fjölskyldu hafa og eru efnum búnir. En á fátækum mönnum væri þetta þung byrði. Jeg skal taka dæmi. Bláfátækur nágranni minn á 10 börn og sjer fyrir þeim án sveitarstyrks. Samkvæmt frv. ætti þessi maður að greiða 18 kr. í sjóðinn, 5 kr. fyrir sig, 3 kr. fyrir konuna og 1 kr. fyrir hvert barn. Þetta yrði talsvert tilfinnanlegt fyrir manninn. Má til samanburðar geta þess, að þó að útsvör sjeu í þessum hreppi nokkuð há, þá þykir ekki fært að leggja á þennan mann nema örlítið útsvar, svo þetta yrði miklu hærra. Jeg veit að vísu, að hreppsnefndum er heimilt að greiða gjaldið fyrir svona menn. En því er nú svo farið, sem betur fer, að sumum mönnum er óljúft að láta hreppinn borga fyrir sig, þó ekki sje það talinn sveitarstyrkur, og vilja heldur greiða sjálfir það, sem þeim ber.

Hæstv. atvrh. hjelt því fram, að þetta frv. væri ekki fremur skattafrv. en lög um sjúkrasamlög. En munurinn á þessu tvennu er mikill. Hjer eru lögð gjöld á einstaklingana, sem nú hvíla á ríkissjóði. En þegar sjúkrasamlög eru stofnuð, þá eru menn að tryggja sig gegn veikindum, sem ríkissjóður skiftir sjer ekki af. Þessu frv. fylgja engin aukin rjettindi eða hagsmunir fyrir alla jafnt, í hlutfalli við kvaðirnar.

Það er satt, að kostnaður við berklavarnir er orðinn mikill hjer, samanborið við gjaldþol þjóðarinnar. En jeg hygg þó, að við Íslendingar eyðum ekki meiru til berklavarna eða heilbrigðismála en aðrar þjóðir. Eftir upplýsingum, er landlæknir gaf allsherjarnefnd, verja Danir talsvert meiru fje til heilbrigðismála en við. Jeg hefi því miður ekki tölurnar, sem landlæknir gaf upp. En annar hv. nefndarmaður hefir þær, og gæti hann gefið upplýsingar um þetta.

Þá gat hæstv. atvrh. þess, að honum þætti vanta, að nefndin gæfi til kynna, hvað hún vildi láta samþykkja í þessu máli, þ. e. a. s., hvað sýslunefndir og bæjarstjórnir skyldu leggja til. Þetta er ekki rjett. Nefndin tekur fram í nál., að hún sje með almennum sjúkratryggingum, en álíti þetta frv. ekki ná þeim tilgangi nema að litlu leyti. Hún skilgreinir að nokkru, hvað hún á við með almennum sjúkratryggingum, og hún vill, að framtíðarskipulagið verði það, að menn sjeu trygðir gegn kostnaði, sem leiðir af hverskonar veikindum. Jeg skal taka það fram, að um sjúkratryggingamálið í heild sinni væri æskilegt að fá álit sýslunefnda og bæjarstjórna, en ekki eingöngu um þetta frv.

Jeg skal ekki fara út í það að svara hv. þm. Dala. (BJ) eða hv. þm. Ak., því að til þess er engin ástæða. Hv. þm. Dala. rjeðst ekki á nál. og virtist því samþykkur. En jeg verð að mótmæla kröftulega þeim ummælum, sem hann hafði um sveitarstjórnir, hvernig þær færu með þurfamenn. Hv. þm. (BJ) hefir kanske sjeð þetta í ungdæmi sínu í sinni sveit, en það er víst, að nú þekkist það ekki, að sveitastjórnir reki þurfamenn á undan sjer í frosti og hríð o. s. frv. Þetta eru ómakleg orð og algerlega staðlausir stafir, sem hv. þm. gæti með engu móti sannað.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki verða langorður. En hv. þm. Dala. (BJ) vildi jeg segja það, að jeg get ekki gengið inn á að fella burtu greinarnar, sem hann nefndi. Jeg gæti raunar gengið inn á að fella burtu 17. gr., en ekki þá 14. Annars held jeg,

að ræða hans hafi verið bygð á misskilningi. Öll önnur ákvæði berklavarnalaganna standa óhreyfð, svo að það fer alveg fyrir ofan garð og neðan, að aðrir en læknar geti haft áhrif á, hvaða sjúklingar leita sjer lækninga.

Út af ræðu hv. þm. Ak. (BL) þarf jeg ekki að taka annað fram en það, að ef hann hefir ekki annað við frv. að athuga en það, sem hann nefndi, þá gat hann hæglega bætt úr því með brtt. Jeg er alls ekki á móti því, að frv. fari til bæjarstjórna og sýslunefnda, en jeg vil, að málið sje rjett reifað.

Hv. frsm. (BSt) vildi ekki í seinni ræðu sinni undirskrifa álit Berklavarnafjelagsins. Í raun og veru er nefndin aðeins sammála um það, að málið eigi ekki fram að ganga nú, og að ekki sje rjett að taka berklakostnaðinn út úr. Um annað er nefndin og Berklavarnafjelagið ekki sammála. Jeg veit af viðtali við menn utan úr sveitum, að þeim þykir kostnaðurinn liggja þungt á sýslusjóðunum, og þykist jeg því vita, að sýslunefndirnar muni líta með sanngirni á þetta mál. En það er ekki rjett að lýsa frv. þannig, að það sje nefskattur og annað ekki.

Svo skal jeg víkja að þjóðarsparnaðinum. Hv. frsm. hafði það á móti frv., að það væri ekki til sparnaðar fyrir þjóðina. En menn verða nú veikir, hvað sem öll lög segja, og spurningin er aðeins um það, hvernig eigi að skifta kostnaðinum niður. Það virðist sanngjarnt, að allir leggi eitthvað af mörkum, til þess að mynda sjóð, er borið geti kostnaðinn. Þetta er grundvallarhugsunin, sem jeg vil, að fái að njóta sín, svo að landsmenn dæmi ekki um frv. á röngum grundvelli. Hv. frsm. gat þess, að komið gæti fyrir, að húsráðendur yrðu að greiða gjaldið fyrir kaupafólk sitt. Venjulega ætti þeim þó að vera í lófa lagið að halda eftir af kaupinu fyrir þessu gjaldi. Það er nokkuð annað um útsvör, þar sem upphæðin er ótiltekin. Þetta væri nokkuð líkt og um ellistyrktarsjóðsgjaldið, og jeg hygg, að ekki sje alltítt, að húsráðendur þurfi að greiða það úr eigin vasa.

Mjer skildist á hv. frsm., að hann efaðist um, að sjóður safnaðist. En það er ekki hægt að draga það í efa, þar sem lögákveðinn hluti á að leggjast til hliðar, svo að sjóðurinn hlýtur að aukast. Svo má vona, að berklavarnirnar hafi þau áhrif, að veikin minki, ekki síst þar sem fram er komið meðal, sem reynist gott, þó ekki eigi það við alla. Nýkomin erlend blöð segja, að það vinni sjer meiri og meiri orðstír.

Það má kanske segja, að þetta sje þungur skattur á fátæka menn, en yfirleitt er það samt ekki, að minsta kosti ekki í samanburði við veikindin sjálf, og einmitt þeir fátækustu fá tryggingunа strax. Og eins og hv. frsm. sjálfur benti á, má greiða gjaldið fyrir fátæklinga, án þess það sje talinn sveitarstyrkur. Og þótt þeir tækju ef til vill nokkuð nærri sjer að borga iðgjöld, finst mjer það ekki ósanngjarnt, þegar á það er litið, að þeir hafa forgangsrjett til að fá úr sjóðnum, ef veikindi ber að höndum. Hv. frsm. þótti ranglátur samanburðurinn við sjúkrasamlögin. Þar greiða allir jafnhá gjöld, og ríkissjóður leggur fram fje, en munurinn þar og hjer eftir frv. er sá, að þar á hver maður heimting á greiðslu, en hjer aðeins fátæklingar. Tel jeg vel hægt að bera þetta saman. Hann sagði og, að ekki væri hjer um almennar sjúkratryggingar að ræða. Það er alveg rjett, enda

tók jeg það fram, er jeg lagði frv. fyrir hv. deild. Æskilegast væri auðvitað, að allir væru trygðir, en meðan enginn fastur grundvöllur er, er ekki gott að vita, hvaða iðgjöld á að setja. Ókleift er að setja hátt iðgjald í fyrstu, og er jeg samþykkur hv. frsm. í því, að fara þurfi varlega í þessu efni, enda finst mjer frv. gera ráð fyrir því.

Jón Sigurðsson: Það er nú orðið alllangt síðan jeg kvaddi mjer hljóðs, og ýmislegt er búið að taka fram síðan, sem þá var ekki fram komið. Það hafa orðið töluvert langar umr. um þetta mál, og þótt jeg þykist ýmsum fremur hafa ástæðu til að tala um þetta mál, skal jeg reyna að vera stuttorður.

Nefndin hefir ekki treyst sjer til að laga galla þá, sem hún telur vera á frv., og í stað þess að benda á eitthvað, er til bóta mætti verða, hefir hún lagt fram brjef frá stjórn Berklavarnafjelagsins, sem ræðst mjög ósanngjarnlega á frv. Öll fyrri ræða hv. frsm. bygðist á þessu áliti, og þræddi hann það lið fyrir lið, en í seinni ræðunni dró hann nokkuð úr, og er það síst að lasta. Eftir því, sem þar kemur fram, er höfuðmótbáran gegn frv. sú, að það sje skattafrv. Í eðli sínu er hvert það frv., sem fer fram á gjald af almenningi, skattafrv. Í því tilliti er ekkert sjerstakt við þetta frv. En það er fyrst og fremst trygging fyrir fátæklinga, þeim er trygt að fá fjárhagslegan stuðning, þegar þeim ríður mest á.

Annað atriði er það, sem sætt hefir miklum andmælum, sem sje, að ákvæðin í 14. gr. berklavarnalaganna, um greiðsluskyldu ríkissjóðs og sýslusjóðanna, sjeu úr lögum numin. Telur nefndin þetta muni skaða berklavarnir landsins, en það er hreinasta fjarstæða. Berklavarnirnar skiftir þetta engu. Peningarnir eru jafngóðir, hvaðan sem þeir koma; það skiftir engu máli, hvort peningarnir falli fyrst í tryggingarsjóðinn, áður en þeir eru útborgaðir, eða borgaðir beint úr ríkissjóði og sýslusjóði. Í raun og veru er það ekki þetta, sem stjórn Berklavarnafjelagsins setur fyrir sig, þótt það komi ekki beinlínis fram í álitsskjali hennar, heldur grunur um, að greiðslur vegna berklavarnalaganna mundu ekki verða jafn-takmarkalausar og verið hefir. En síst verður það talið til ókosta þessa frv., að það kæmi í veg fyrir, að efnaðir menn gætu farið með fje úr ríkissjóði og sýslusjóðum eins og nú á sjer stað. Það er ekkert launungarmál, að nú kosta ríkis- og sýslusjóðir fólk, sem á jarðeignir og innstæður í sparisjóðum. Ef þetta er ekki misbrúkun, þá veit jeg ekki hvað misbrúkun er. En þetta er alt ágætt í augum nefndarinnar.

Í fyrra voru, segi og skrifa, 8 menn berklaveikir á öllu landinu, sem kostuðu sig að öllu leyti sjálfir, 3 voru kostaðir af líknarfjelögum. Þessu og öðru líku tel jeg alveg skaðlaust, þótt kipt væri í lag.

Þá er 4. atriðið í brjefi Berklavarnafjelagsins, að það sje ranglátt og hættulegt, að ætla sjer að færa berklakostnaðinn yfir á einstaklinga. Þar til er því að svara, að það var algerlega á valdi nefndarinnar að breyta þessu. Það var ekki annað en að hækka tillag ríkissjóðs upp í 3 kr. Þá hefði berklakostnaðurinn hvílt aðallega á ríkissjóði og sýslusjóðum, og við það hefði jeg ekkert haft að athuga. — Því miður er ekki hægt að skilja framkomu nefndarinnar á annan hátt en þann, að hún vilji lítið eða

ekkert fyrir þetta mál gera, og er það illa farið.

Jeg ætla ekki að minnast á ýms smávægilegri atriði, heldur snúa mjer að aðalmerg málsins.

Því hefir verið haldið fram, að skipulag frv. geri ráð fyrir, að aðeins fátækasti hluti manna fengi sjúkrakostnað greiddan. Það er alveg rjett, að meðan sjóðurinn er smávaxinn, getur það ekki orðið nema sá hluti manna. Og enda þótt tillag ríkissjóðs hefði verið hækkað, mundi ekki nema nokkur hluti manna geta notið þess styrks í byrjun. En spurningin er, hvert tillagið yrði, með þeirri breytingu, sem nefndin hefir hugsað sjer, sem sje, að allir væru trygðir og hver fengi sinn tiltölulega skerf. Er litlu á að byggja í því efni, og þá helst reynsla, sem fengin er með sjúkrasamlögunum. Það jeg þekki til, er reynslan sú, að tillagið, sem meðlimir sjúkrasamlaganna verða að greiða, er miklu hærra en hjer er gert ráð fyrir. Jeg er sannfærður um, að ef sú leið yrði farin, verður ekki hjá því komist að tvöfalda til þrefalda gjaldið, eða setja það 10—15 kr. á mann. En sje það tilfinnanlegt, eins og stungið er upp á í frv., og það getur það verið fyrir allra fátækasta fólkið, hvað mun þá verða, ef upphæðin er tvöfölduð eða meir? Og í mínum augum er þessi tillaga nefndarinnar, um að ekki megi fara af stað, fyr en almennri greiðslu til allra, sem greiða tryggingargjald, verði komið á, ekkert annað en tilraun til að slá ryki í augu almennings og slá málinu á frest um óákveðinn tíma. Jeg býst við, að 3 flokka megi telja í þessu máli: 1) þeir, sem í eðli sínu eru á móti málinu í hverri mynd sem væri, 2) þeir, sem ekkert vilja gera fyrir málið, fyr en þeir geta náð markinu í einu stökki, þ. e. fullkomnustu sjúkratryggingum, og 3) þeir, sem vilja byrja strax og smáfeta sig að markinu. Til þess flokks teljast stuðningsmenn þessa frv. Við teljum þetta mál svo mikilsvert fyrir okkar þjóðfjelag, að það sje rangt að bíða með hendur í vösum um ófyrirsjáanlega framtíð, þegar hægt er að koma því smámsaman í fulla framkvæmd á ekki löngum tíma, og hvernig sem fer um þetta frv. nú, þá mun reynslan sýna það, að þetta er einasta færa leiðin til að málinu verði komið í viðunanlegt horf. Það er fjarri mjer, að vilja halda því fram, að hvert atriði í frv. sje tvímælalaust hið eina rjetta, heldur, að þar sje í stórum dráttum bent á heppilegustu leiðina að rjettu marki.

Eitt af því, sem slegið hefir verið fram, er, að þetta muni verða til þess að draga úr framlögum einstaklinga til berklavarna, og í því sambandi hefir verið bent á, að safnað sje talsvert fje á Norðurlandi til heilsuhælis. En það er hreinn og beinn misskilningur, að ekki sje jafnmikil þörf á heilsuhæli og áður, hvort sem sjúkratrygging kemst á eða ekki. Þá er ennfremur í sama sambandi minst á Berklavarnafjelagið, og að þetta muni draga úr framkvæmdum þess. Hingað til hefir það ekki sýnt neinar framkvæmdir á því sviði. Það byrjaði á að sækja um 20 þúsund krónur úr ríkissjóði, og það eru líklegast og verða aðalframkvæmdirnar.

Hv. frsm. gat þess, og tók dæmi upp á það, að mönnum mundi reynast örðugt að borga, og tilnefndi fátækan mann, sem ætti 10 börn. Jeg þekki og dæmi þess, en þess ber vel að gæta, að einmitt þessir mennirnir verða styrksins aðnjótandi úr sjúkratryggingar-

sjóðunum. Hvernig færi fyrir þessum mönnum, ef veruleg veikindi bæri að höndum? Þeir yrðu að leita á náðir sveitarinnar. (BSt: Ekki, ef um berklaveiki er að ræða.) En það eru mörg önnur veikindi alt eins kostnaðarsöm — eða þá að góðir menn hlypu undir bagga.

Að endingu hlýt jeg að mótmæla ummælum hv. þm. Dala. (BJ). Jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að slík meðferð á þurfamönnum hreppanna eigi sjer engan stað hjer. Önnur eins lýsing og hann gaf, ef hún hefir átt að vera spegill af nútímaástandinu, er hin ósvífnislegasta árás á allar sveitarstjórnir þessa lands.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 153, frá allshn., samþ. með 17 : 6 atkv.

2. Laxaklak og ádráttarveiði.

Á 9. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og takmörkun á ádráttarveiði (þmfrv., A. 50).

Á 11. fundi í Nd., fimtudaginn 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pjetur Ottesen): Með frv. þessu er sýslunefndum heimilað að gera samþyktir um laxa- og silungaklak í ám og vötnum og um ádráttarveiði, og gert ráð fyrir, að um samþyktir þessar fari eins og venja er til um aðrar hliðstæðar samþyktir, en það verður þá í því tilfelli, er hjer um ræðir, á þessa leið:

Veiðieigendur á því svæði, sem samþyktin a að ná yfir, gera uppkast til samþyktar og gera það hlutaðeigendum kunnugt. Síðan senda þeir sýslunefnd uppkast þetta, og semur hún eftir því frv. til samþyktar. Skal síðan kvatt til fundar á svæði því, sem samþyktinni er ætlað að ná yfir, og hafa atkvæðisrjett á fundi þeim allir, sem veiði hafa til eignar eða afnota í þeirri á eða vatni, sem takmörkunin á ádráttarveiðinni á að gilda um og klakhúsið, eða húsin eru bygð sjerstaklega fyrir.

Sýslunefnd tiltekur fundarstað og útnefnir mann til þess að boða fundinn og stýra honum.

Verði frumvarpið samþykt með ⅔ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. En geri fundurinn aftur á móti breytingar á frv. sýslunefndar, fer um það eftir því sem nánar er ákveðið í frv. því, er hjer liggur fyrir.

Virðist stjórnarráðinu samþyktin koma í bág við grundvallarreglu laga og rjett manna, endursendir það samþyktina með synjunarástæðum, og verður þá að taka málið upp að nýju, en staðfestir ella, og gildir samþyktin upp frá því fyrir þá, er hlut eiga að máli.

Við flm. höfum valið þessa samþyktarleið, til þess að tryggja það svo vel sem kostur er, að í fyrsta lagi sje eigi gengið á rjett einstaklingsins framar því, sem almenningsheill krefst, og í öðru lagi að girða fyrir, að einstakir veiðieigendur geti skorist úr leik og neitað að styrkja fyrirtæki, sem þeir njóta þó engu síður en aðrir arðs af — þ. e. þess arðs, sem klakið veitir.

Eins og kunnugt er, hefir á síðustu tímum vaknað mikill áhugi fyrir því að koma á fót laxa- og silungaklaki, og hafa þegar orðið tiltölulega miklar framkvæmdir á því sviði. Þær framkvæmdir hafa bygst á framtakssemi og dugnaði einstakra manna, og það er þegar fengin nóg reynsla fyrir því, að hjer er um að ræða mikið þjóðnytjamál.

Það leiðir því af sjálfu sjer, að það verður að koma skipulagi á þetta mál, og það skipulag hlýtur að færast í það horf, að klakhúsin verði fjelagseign og starfrækt af fjelagi veiðieigenda. Slík klakhúsfjelög eru þegar stofnuð og í undirbúningi allvíða, en það, sem stendur þessum fjelagsskap, einkum og sjer í lagi fyrir þrifum, er það, að ekki er til í lögum nein heimild, er byggja megi á í þessu efni og gera samþyktir, er tryggja það, að enginn geti skorist úr leik, eins og jeg tók áður fram, með það að veita framkvæmdum í þessu efni hlutfallslegan stuðning við þann ávinning, sem klakið veitir.

Í 5. gr. frv., sem hljóðar um það, hvað fram skuli tekið í þessum samþyktum, er meðal annars gert ráð fyrir því, að kostnaði við að byggja klakhúsið skuli jafna niður á jarðareigendur, þannig, að miðað sje að nokkru leyti við landverð samkvæmt fasteignamati og að nokkuru leyti við stöðu jarðanna til veiðinnar, en árlegum rekstrarkostnaði skuli jafnað niður á sama hátt á ábúendurna. En þar sem svo stendur á, að veiðirjettur er seldur undan jörð á samþyktarsvæðinu, að þá skuli eigandi hans bera bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Á þennan hátt virðist okkur kostnaðinum sanngjarnlegast skift á hlutaðeigendur. En vitanlega verður í samþyktunum að kveða á um það, hvert skuli vera hlutfallið milli landverðsins og aðstöðu jarðanna til veiðinnar við kostnaðarniðurjöfnun.

Þá er hitt atriðið, sem heimilað er í þessu frv., að gera samþyktir um takmörkun á ádráttarveiði. Það byggist á því, að í sumum ám — og á þó helst við um tiltölulega vatnslitlar bergvatnsár — hagar svo til, að einstakir veiðieigendur hafa aðstöðu til þess að geta með ádráttarveiði dregið upp mikinn hluta af þeim laxi, sem í ána gengur, en af þessu leiðir, að aðrir veiðieigendur bera mjög skarðan hlut frá borði, og á það þó sjerstaklega við, þegar þannig hagar til, að hægt er að taka laxinn á þann hátt skamt frá árósunum.

Reynslan hefir þótt sýna, að þar sem svona er ástatt, þá veiti sú friðun, sem laxveiðalögin annars ákveða um þessa veiðiaðferð, ádráttarveiðina, enganvegin næga tryggingu fyrir því, að ýmsir veiðieigendur verði ekki, framar því sem góðu hófi gegnir, afskiftir þessum hlunnindum. Hjer er því lagt til í 2. gr. frv., að til þess að veiðin komi jafnar niður, þá sje heimilt að alfriða ána fyrir ádráttarveiði, þó ekki oftar en 2 daga í viku hverri, þann tíma, sem veiðin er stunduð.

Jeg skal játa, að þetta, um takmörkun á ádráttarveiðinni, er viðkvæmt mál, og erfitt að gera, svo að öllum líki. Sumum finst eflaust of skamt gengið í þessu efni, en öðrum of langt. En jeg efast ekki um, að hjer megi þó finna meðalveg, sem allir sanngjarnir málsaðiljar geti sætt sig við, og erum við flm. fúsir til samvinnu við hv. landbn., sem að sjálfsögðu fær mál þetta til meðferðar, um þetta og önnur ákvæði frv.

Jeg skal taka það fram, og getur það

þá um leið verið nefndinni til athugunar, að okkur flm. hefir verið bent á, að inn í frv. vanti ákvæði, þegar á skiftir sýslum og veiðrjettur í ánni skiftist milli tveggja sýslna. Það er að vísu rjett, að frv. gerir aðeins ráð fyrir einni sýslu og einni sýslunefnd, er framkvæmdir hafi þessara mála, en þegar svo stendur á, að tvær sýslur eiga veiðirjett í sömu á, verða þær báðar að ræða málið og afgreiða í sameiningu. Þetta eru aðeins smágallar, sem auðvelt er að lagfæra þegar í stað. Í lögin um samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám, frá 1912, vantar samskonar ákvæði. Þar hefir Alþingi algerlega yfirsjest að setja nokkur ákvæði, þegar svona stendur á, að veiðiá skiftir sýslum. Í 2. gr. þeirra laga er aðeins talað um samþyktir innan hverrar sýslu, og er því auðsætt, að þar er átt við eina og sömu sýslunefnd, en ekki tvær. En í 5. gr. þessa frv. er það þó skýrt tekið fram, að samþyktin nái til allra þeirra manna, er veiðirjett hafa í ánni, og hlýtur því samþyktarsvæðið að miðast við það. — Jeg vænti þess, að háttv. landbn. bæti úr þessum ágalla, og enda þá mál mitt með því, að gera að till. minni, að frv. verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 251).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er nú svo langt síðan, að mál þetta var til athugunar í landbn., að jeg hefi sjálfsagt gleymt ýmsu, sem jeg ætlaði að segja í sambandi við það. Jeg verð að biðja hæstv. forseta að virða á betra veg, þótt jeg ræði nokkuð alment um málið, þó 2. umr. sje, og veldur þar um, hversu efni þess er samtvinnað í hinum einstöku gr. frv.

Eins og frv. ber með sjer, er efni þess tvennskonar. Það er drepið á það í nál., að þegar slík lagaheimild, sem er annar aðalþáttur frv., er fengin, þá geti kostnaður við laxa- og silungaklak komið hlutfallslega jafnt niður á öllum þeim, er hagsmuna eiga að njóta af því. Nefndin álítur, að þetta sje rjettmætt og lögin geti komið að liði að því leyti. Og vegna þess, að stofnkostnaður og rekstrarkostnaður er ekki mikill, þá virðist ekki varhugavert að lögleiða heimild til þess, að þröngva mönnum til að taka þátt í kostnaðinum. Annars er nefndin ekki alveg eins sannfærð um nytsemi þessa eins og hv. flm. Jeg skal taka eitt dæmi: Það er hreppur, þar sem eru rúmlega 40 búendur og rúmlega 90 gjaldendur. Þar eru veiðiár tveim megin; rennur önnur á sýslumótum en hin á hreppamótum. Átta menn í hreppnum eiga veiðirjett í þessum ám. Síðastliðið vor var samþykt á fjölmennum fundi að koma upp klakhúsi í sveitinni. Var það gert, og varð stofnkostnaður um 400 kr. Þetta er í mínum hrepp. Mjer dettur ekki í hug að ætla, að við eigum meiri framtaksmenn en sagt er frá í greinargerð frv., en ef til vill erum við fjelagslyndari heldur en sumir aðrir, t. d. Skagfirðingar. Við skulum nú gera ráð fyrir, að slík heimildarlög sem þessi hefðu verið komin í fyrra, þá hefði legið næst að fá samþykt. En það hefði kostað miklu meiri fyrirhöfn og

fje heldur en þetta. Þó viðurkennir nefndin, að slíkt skipulag sem frv. gerir ráð fyrir gæti sumstaðar komið að notum, þar sem fjelagslíf er ekki mikið, eða menn horfa í litlar upphæðir, sem koma öðrum að notum án endurgjalds. Þessvegna vill nefndin, að málið fái betri undirbúning og verði síðan gert að lögum.

Við 1. umr. ljet hv. þm. Borgf. (PO) þess getið, að flm. hefði verið bent á, að í frv. vantaði ákvæði um, hvernig skipulaginu skyldi koma fyrir, þar sem veiðivatn er á sýslumörkum. Í nál. er vikið að þessu og að það mundi þurfa margbrotin ákvæði til þess að koma þessu við. Nefndin gat ekki fengið nein hliðstæð dæmi til þess að miða við. Leit hún því svo á, að best mundi, að stjórnin undirbyggi það. Skal jeg t. d. taka fram, að þar þarf ákvæði um það, hvort tvær sýslunefndir kæmu saman á fund til þess að ná samkomulagi, eða hjeldu sinn fundinn hvor, þegar um eina samþykt er að ræða fyrir tvær sýslur. Og það getur verið, að fleira þurfi að athuga, áður en frv. er gert að lögum.

Hinn þáttur frv., er jeg mintist á, er um ádráttarveiði. Í nál. er þess getið, að nefndin lítur svo á, að takmörkun á ádráttarveiði í ám og vötnum sje nægilega viðtæk í lögum nr. 5, 19. febr. 1886.

Þar sem segir í greinargerð fyrir frv., að ádráttarveiði geti gert mikið til að spilla veiði, þá á það ekki við nema sumstaðar, en vitanlega hefir altaf verið ágreiningur um, hve miklar eða viðtækar ættu að vera takmarkanir á veiðiaðferðum yfir höfuð í ám. Virðist þar vel stilt í hóf með laxafriðunarlögunum 1886, og það hefir sýnt sig, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að fá þeim breytt og fram hafa komið hjer á þingi á ýmsum tímum, hafa ekki náð samþykki. Og þótt á þinginu 1923 væri ákveðið að breyta um veiðiaðferð í Ölfusá, þá var það numið úr gildi árið eftir. Mótbárurnar hafa sjaldan náð lengra en það, að vera kvartanir frá þeim, sem ofar búa við árnar, og hræðsla um það, að hinir, sem neðar búa, muni ná of mikilli veiði. Jeg get trúað því, að á þessu geti borið í smáám í þurkatíð, að þá geti laxinn stöðvast neðar í ánum en vant er, vegna vatnsleysis, og þá geti þeir, sem þar búa, veitt meira.

Nefndin gat ekki fallist á, að nægar ástæður væru til þess að breyta í þessu efni og gera samþyktarákvæði um að takmarka veiði hjá einstökum mönnum, nema þá, að komið væri á samveiði allra veiðieigenda. (**PO:** Það er til þess ætlast í frv.) Jú, um ádrátt, en hann er ekki alstaðar í sömu ánni; algengust er ádráttarveiði næst ósum, en ekki efst.

Það mun vera sönnu næst, að óttinn við það, að einn veiði meira en annar, leiði oft til þess, að menn vilji fá lagabreytingu. En eins og gefur að skilja, er ekki hægt að bæta úr þessu með lagaákvæðum einum, heldur og með öruggu eftirliti.

Í sambandi við ástæðu nefndarinnar fyrir því, að afgreiða málið með dagskrá, tel jeg sjálfsagt, að heimildarlögin frá 30. júlí 1909 verði sameinuð slíku frv. sem þessu. Nefndin hefir einnig bent á, að það gæti komið til mála að taka ákvæði 6. gr. í lögunum frá 1886 upp í þetta frv., að heimila megi meiri friðun í einhverri á en yfirleitt er gert. Nær þetta þá til allra þeirra, sem land eiga að þeirri á.

Þá hefir og nefndin bent á, að komið gæti til mála að heimila hömlur á

veiði til klaks. Í laxafriðunarlögunum frá 1886 eru engar hömlur lagðar á þá veiði.

Eins og jeg gat um áðan, þá er ekki ólíklegt, að margt komi til greina í sambandi við þetta mál. Þessvegna hefir nefndin borið fram rökstudda dagskrá á þskj. 251, að vísa málinu til hæstv. stjórnar til athugunar.

Pjetur Ottesen: Eins og komið er, þýðir líklega ekki að fjölyrða um frv., því að það hefir verið dregið á langinn í nefndinni og dregið á langinn að taka það á dagskrá. Kemst það því ekki fram á þessu þingi, enda þótt það hefði fylgi til þess. 19. febrúar kom málið til 1. umr. Svo var það í mánuð hjá nefndinni, og síðan nál. kom eru nú liðnar 6 vikur. Þetta er því all-langur tími. Landbúnaðarnefnd hefir farið með þetta mál eins og fleiri landbúnaðarmál, að hún vísar þeim frá sjer og treystist ekki til þess að gera ákveðnar till. um þau. Það er þá fyrst og fremst þetta mál og svo frv. um innflutningsbann á heyi. Má og minna á tvö önnur mál. Hið fyrra um kynbætur hesta. Nál. í því máli kom fyrst í dag, en 7 vikur eru síðan nefndin tók við því. Hitt málið er um sölu á tilbúnum áburði. Því var vísað til nefndarinnar fyrir löngu, en ekkert farið að bóla á því enn.

Í nál., er hjer liggur fyrir, er viðurkent, að tilgangur frv. sje rjettmætur, að koma upp sameiginlegum klakstöðvum fyrir lax og silung. Í framsöguræðu sinni dró hv. þm. Mýra. (PÞ) úr þessu og sagði, að af því að kostnaður við slíkar klakstöðvar væri svo hverfandi lítill, þyrfti ekki slík heimildarlög. Nefndi hann þar sem dæmi klakhús á Mýrum. Kostnaðinn við það taldi hann 400 kr. og rekstrarkostnað í hlutfalli við það. Mýramenn þyrftu ekki að gera samþyktir, þeir væru svo fjelagslyndir. Út frá þessum forsendum dró svo hv. frsm. (PÞ) þá ályktun, að óþarft væri að skipa þessum málum með lögum.

En nú er einmitt því til að svara, að þó að dæmi það, er hann tók, sje í alla staði rjett, þá er vitanlegt, að annarsstaðar hefir laxa- og silungaklak verið rekið í svo miklu stærri stíl og með miklu meiri kostnaði, að full nauðsyn er á, að reglur sjeu settar um slíka starfsemi sem allra fyrst. Mjer er líka kunnugt um, að sumstaðar hefir komið til tals að byggja steinsteypt klakhús og vanda sem best til þeirra. Þau mundu kosta frá eitt til tvö þúsund krónur, og þegar t. d. margir búendur úr ýmsum hreppum stæðu að byggingu slíkra klakhúsa og starfrækslu þeirra, þá leiðir af sjálfu sjer, að þörf er á að geta með samþyktum trygt það, að allir þeir, sem hafa aðstöðu til að geta notið hagsmuna af klakinu, sjeu einnig skyldir að leggja nokkuð af mörkum til þess. Mönnum á ekki að geta haldist uppi að skerast úr leik og hlíðra sjer hjá að greiða kostnað við slíka framkvæmd í rjettu hlutfalli við aðra.

Það væri vitanlega æskilegast, að allur fjelagsskapur væri svo góður, að ekki þyrfti neinar samþyktir eða reglur til þess að tryggja jafna hagsmuni fjöldans, en reynslan hefir nú sýnt annað. Og þessvegna eru mörg hliðstæð dæmi, þar sem ýmiskonar samþyktir og reglur hafa verið settar til tryggingar þessu.

Þar sem samkomulag næst um þetta, þarf vitanlega ekki að grípa til samþyktanna, og samkomulag mun að sjálfsögðu nást um þetta í mörgum tilfellum, og þá sjerstaklega þegar um er að

ræða klakstöðvar, sem lítið kosta, eins og þá, sem hv. frsm. nefndi þarna vestur á Mýrum.

Jeg vil aðeins taka það fram, að hjer er um svo stórmerkilegt velferðarmál að ræða — laxa- og silungaklak komið á svo góðan rekspöl víða um land — að sjálfsagt er að draga ekki úr hófi fram að setja þá löggjöf, er vernda megi og tryggja sem best allar framkvæmdir þess. En á meðan slík löggjöf verður ekki sett, er ekki fyrirbygt, að hlaupið geti snurða á framkvæmdirnar og valdið misklíð og drætti á framkvæmd verksins, til tjóns fyrir alla hlutaðeigendur.

Jeg gat þess við 1. umr. þessa máls, að okkur flm. hefði yfirsjest að taka upp í frv. ákvæði um það, hvernig haga skyldi framkvæmdum samþyktarinnar um veiðiá, sem skifti tveimur sýslum, og skaut þá jafnhliða til hv. landbn. að samrýma þetta og skera af agnúana. Þessu hefir hv. frsm. (PÞ) ekki svarað nema með tómum útúrsnúningum. Jeg sje ekki annað en auðveldast hefði verið að ráða fram úr þessu með því að ákveða, að sameiginlegur sýslufundur hefði fjallað um málið. Og hefðum við flm. búist við, að þessi agnúi frv. yrði þess valdandi, að nefndin sæi sjer ekki fært að sinna því, hefðum við komið með brtt. En við treystum því, að hv. landbn. gæti ráðið fram úr jafn-vandalausu máli og vorum því grandalausir.

Þá mintist hv. frsm. (PÞ) á ádráttarveiði og virðist lítið fróðari um, hvernig henni hagar til á ýmsum stöðum, heldur en um annað í sambandi við þetta mál. Jeg hefi fyrir mjer dæmi af laxveiðiá, þar sem svo hagar til, að af ádráttarveiðinni getur meginið af öllum laxi, sem í ána leitar, fallið til einstakra manna. Með bættum tækjum mun venjulega hægt að taka meginið af þeim laxi, sem í þessa á gengur, strax niður undir sjó og stöðva þannig göngu hans lengra upp eftir. Og þetta er auðvelt í þurkasumrum, eða hvenær sem ekki er flug í ánni. Nú hagar svo til, að ofarlega í ánni er foss, sem ekki hefir verið laxgengur fyr en í fyrra, að hafist var handa með að sprengja hann. En það verk vanst svo seint, að menn vita ekki með vissu um árangur þess. Þó er talið víst, að laxinn geti nú óhindrað komist leiðar sinnar upp eftir ánni og alla leið í vötn þau, sem áin rennur úr, en þar hefir ennfremur verið komið upp klaki, og var fyrsta tilraunin með að klekja þar út gerð á síðastliðnu hausti. Er mjer sagt, að tilraunin hafi tekist vel.

Nú leiðir það af sjálfu sjer, að þar sem svona hagar til, að einn veiðieigandi hefir aðstöðu til þess með ádráttarveiði að ná meginhluta laxins, sem í ána gengur, að það er hart fyrir þá, sem ofar búa og hafa lagt í mikinn kostnað við að auka laxgengd í ána, að þeir beri lítið eða ekkert úr býtum fyrir sína fyrirhöfn. Allir hljóta að sjá og viðurkenna, að annað eins og þetta er mjög óeðlilegt.

Fleiri dæmi þessu lík munu sjálfsagt vera til víðsvegar um landið, en hinsvegar hagar vitanlega mjög misjafnlega til með veiði í ánum eða aðstöðu einstakra manna til veiða. Þessvegna fórum við þá leiðina, flm., að hafa þetta í samþyktarformi, svo að heimildin um takmörkun veiðinnar yrði aðeins notuð þar sem full þörf væri hennar. Því er mjer óskiljanlegt með öllu, hvað því getur valdið, að hv. landbn. vill ekki fallast á að veita hjeraðsstjórnum heimild til slíkra samþykta.

Síðan laxveiðalögin voru sett, en þau eru nú orðin nær 40 ára gömul, hefir útbúnaði við veiðarnar farið mikið fram, og það er ekkert undarlegt, þó af slíkum framförum leiddi það, að breyta þyrfti ýmsum ákvæðum þessara laga, svo sá jöfnuður á veiðinni, sem lögin stuðluðu að, miðað við þær kringumstæður, er þá voru, hjeldist framvegis, þrátt fyrir breytinguna, sem á er orðin nú.

Þá var það misskilningur hjá hv. frsm., sem hann að vísu leiðrjetti, er jeg skaut fram í ræðu hans, að ádráttarveiði væri aðeins stunduð neðarlega í ánum. En það hagar nú einmitt víða svo til, og svo er það um alt Borgarfjarðarhjerað, að það má engu síður koma við ádráttarveiði framarlega í ánum eins og við árósana, nema fremur sje. Svo er það t. d. með Laxá, Grímsá, Reykjadalsá, Flókadalsá og sjerstaklega þó Þverá, í hans eigin kjördæmi, að þar er einkum hægt um ádráttarveiði eftir því sem ofar dregur, og jafnvel best fyrir ofan alla mannabygð.

Viðvíkjandi hömlum þeim, er hv. frsm. benti á, að setja þyrfti um laxveiði til klaks, þá gæti verið athugavert, að þær hömlur yrðu svo víðtækar, að bannað yrði að veiða laxinn á haustin, þegar hann er í þann veginn að hrygna, því það gæti verið sama sem að banna alla klakhúsastarfsemi.

Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Það er þegar komið sem komið er, og örlög þessa frv. fyrirsjáanleg á þessu þingi. En hefði málið verið fyr á ferðinni frá hv. landbn., þá mundum við flm. hafa reynt að koma þessari dagskrártill. hennar fyrir kattarnef og fá frv. samþykt. En eins og nú er áliðið þingtímans, er vitanlega óhugsanlegt, að hægt sje að koma málinu fram.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg hafði ætlað mjer, í sambandi við annað mál, frv. um kynbætur hesta, að ávarpa hv. þm. Borgf. (PO) lítilsháttar fyrir hönd landbn., út af fyrirspurnum hans hjer nýlega um störf nefndarinnar, en held jeg hætti við það að mestu leyti, og get eins snúið mjer að þessu nú þegar.

Það er jafnan hægt um hönd að kasta illa sömdum og illa undirbúnum frv. inn í þingið og heimta svo, að nefndirnar vinni úr því og skili svo snemma áliti, að hægt sje að bjarga málinu áfram.

Ástæðan fyrir því, að svo lengi hefir dregist að skila áliti um afstöðu nefndarinnar til þessara tveggja frv., er sú, að bæði voru þau svo hroðvirknislega samin, að ekki var unt að lappa upp á þau, nema með ærnum tíma, og þurfti til þess aðstoðar að leita, bæði utan þings og innan. Hv. þm. hafa nú kanske sjeð, hvað orðið er úr hrossakynbótafrv. frá því, sem það áður var, og geta þá kanske farið nærri um, að einhvern tíma hafi það kostað, að koma því í það form, sem það hefir nú. Annars þykir það kanske undarlegt, að þetta þurfi helst að henda frv. þau, sem hv. þm. Borgf. er viðriðinn. En mjer hefir ekki komið þetta á óvart, því þetta er svo sem ekki einsdæmi á þinginu í vetur. Og jeg verð jafnvel að játa það, að jeg hefi stundum á undanförnum þingum leiðst til þess að standa með honum að ýmsum tillögum, sem mjer var sárnauðugt að gera, vegna þess, hvernig frá þeim var gengið, og síðar sjeð, að betur hefði verið ógert látið.

En af því að jeg er formaður landbn.,

þá hefi jeg ekki geð í mjer til þess að láta slíka vanskapninga sem þessi frv. hans eru ná fram að ganga, nema þá að gerbreyta þeim, enda er jeg svo skapi farinn, að jeg vil heldur leggja til, að frv. sje vísað frá en að Alþingi samþ. einhvern gallagrip, sem verður svo að fara að lappa upp á aftur á næsta þingi.

Annars hefi jeg litlu við að bæta það, sem jeg sagði áðan. Hv. þm. Borgf. (PO) tók flest það upp, sem hann hafði áður þulið við 1. umr. þessa máls, en aðeins með dálítið öðrum orðum og í breyttum tón. Hann dró það af orðum mínum, að úr því að við Mýramenn þyrftum ekki á samþykt að halda vegna þeirra klakhúsa, sem þar hafa verið bygð, þá líti jeg svo á, að hennar væri heldur ekki þörf annarsstaðar. Þetta er ekki alveg rjett; jeg sagði aðeins, að nefndin væri ekki alveg eins sannfærð um nauðsyn þessa, eins og hv. flm., en bæði í nál. og því, sem jeg sagði, er það viðurkent, að þetta geti orðið að einhverju liði. En það var einmitt vegna þess, að málið þolir bið, sem nefndinni fanst óþarfi að fara að tjasla við frv. hans og eyða miklum tíma í að lagfæra það, svo unt væri að bera það kinnroðalaust undir deildina, og komst að þeirri niðurstöðu, að afgreiða frv. svo sem hv. deild er kunnugt.

Um hitt, sem hv. þm. Borgf. mintist á, ágreining manna um það, hvort hentugt mundi að heimila meiri takmarkanir um ádráttarveiði, má altaf deila. Það hefir lengi verið deilt um hinar ýmsu veiðiaðferðir, svo hjer er ekki um neina nýlundu að ræða. Hann er aðeins á annari skoðun en jeg; það er alt og sumt, og það er vegna þessarar margumræddu Laxár, sem rennur um kjördæmi hans og hann getur ekki haft augun af.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta meira; býst við, að málið verði afgreitt eins og nefndin leggur til, úr því sem komið er. Það er ekki vegna þess, að nefndin vilji frv. illa, að hún hefir tekið þessa afstöðu, heldur með þeim forsendum, sem teknar eru fram í nál. Það, sem átt var við með hömlum á veiði til klaks, var ekki annað en það, að sett væri heimild í lög um takmarkanir á veiði eins seint á árstíma og nú á sjer stað. Og það er eftir bendingu frá meðnefndarmanni mínum, að minst er á þetta í nál. Því það er alveg sýnt, að síðan klakstöðvar komust á, hefir sumstaðar verið veitt of mikið, þegar komið var að klaki.

Jeg geri ráð fyrir, að væri heimildarlög til um þetta, að þau kæmi þá til framkvæmda þar sem þess virtist helst þörf.

Loks mintist hv. þm. Borgf. á, að kapp hefði verið lagt á að koma þessu máli fyrir kattarnef, með því að það hefði ekki komið frá nefnd í tæka tíð. Hann hefði eftir því ekki látið sjer fyrir brjósti brenna að koma því fram, þótt frágangur hefði ekki verið sem bestur.

Pjetur Ottesen: Hv. þm. Mýra. (PÞ) var óvenjulega skeleggur, er hann var að lýsa frágangi okkar flm. á þessu frv. og svo frv. um kynbætur hesta, sem við erum einnig flutningsmenn að. Frv. um kynbætur hesta er nú reyndar ekki verk okkar flm., heldur er það samið af hrossaræktarráðunaut Búnaðarfjelags Íslands, Theódór Arnbjarnarsyni, og um breytingar þær, sem komnar eru fram við þetta frv. frá landbúnaðarnefnd, sem hv. þm. Mýra. (PÞ) var ekki lítið hreykinn af, er það að segja, að þar rekur sig eitt á annars horn, og það svo,

að ekki getur komið til mála að samþ. þær tillögur, nema með verulegum breytingum, og er hjer þó varla um að ræða flaustursverk, því háttv. þm. Mýra. hefir nú setið yfir þessum tillögum í 7 vikur. En þó tókst ekki betur til en þetta. Annars eignaði hv. frsm., þm. Mýra., mjer einum heiðurinn af þessum málum og fleirum, sem til landbn. hefir verið vísað, og sem öll fjalla um mikilsverð búnaðarmálefni, en sem nefndin hefir ekki haft manndáð í sjer til að afgreiða frá sjer fyr en komið er að þinglokum. En afgreiðsla þessara mála er góð lýsing á starfsháttum hv. þm. Mýra. (PÞ) og vandvirkni, sem er í því einu fólgin, að koma engu í framkvæmd.

Hv. þm. Mýra. (PÞ) kvað það ekki í fyrsta sinni nú, sem jeg hefði flutt mál, sem eigi hefði verið sem bestur frágangur á, og hefði sjer orðið hált á því að flytja slík mál með mjer. — Jæja, við höfum flutt eitt mál saman; það var breytingin á samvinnulögunum. Við komum ekki málinu fram á því þingi, og fengum því áskoranir um að flytja það á ný. En þá sá hv. þm. (PÞ) að sjer og skarst úr leik um að flytja málið með mjer. En jeg ætla, að þar liggi alt aðrar ástæður til en þær, sem hann var áðan að brigsla mjer um, en jeg býst varla við, að hann kæri sig um, að jeg fari að rekja þær hjer.

Annars skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta. Hv. þm. Mýra. fyrirverður sig auðvitað fyrir dráttinn á þessum málum, sem vitanlegt er um, að er hans sök eins, og því hefir hann gripið til þess ráðs, að skella skuldinni á illan undirbúning frumvarpanna, sem ekki hefir við neitt að styðjast, enda var þess ekki að vænta, þó þeim hefði verið í einhverju ábótavant, að hann væri maður til að bæta þar neitt úr.

Um efni frv. þarf jeg ekki að ræða frekar, enda er það tilgangslaust, eins og því máli er komið.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg mintist ekki á, að jeg hefði verið meðflm. hv. þm. Borgf. (PO) að málum, svo að mjer þætti það nú betur ógert. Jeg hefi aðeins gefið í skyn, að jeg hefði áður hjer á þingi ljeð fylgi mitt till. hv. þm. (PO), sem svo er ástatt um, og átti jeg þar við breytingu á sveitarstjórnarlögunum. Annars kemur þetta málinu lítið við. Það er tekið fram í nál., að því er snertir efni frv., að lög um þetta geti vafalaust komið að liði, en að margra breytinga þurfi við. Það er t. d. sjálfsagt, þegar farið er að setja lög um takmörkun ádráttarveiði, að leita upplýsinga um það hjá veiðieigendum. Jeg held því fram, að þetta um ádráttarveiðina sje álitið hættulegra en það í reyndinni er. En hins verður einnig vel að gæta, að aðferðir þær, sem notaðar eru, sjeu ekki öðruvísi í framkvæmd en lög heimila.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 251, frá landbn., samþ. með 13 : 4 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Lærði skólinn.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík (þmfrv., A. 33).

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Sennilega hefi jeg átt minn hlut í ákúrum háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), er hann var að gefa þeim mönnum, sem hann taldi, að vildu drepa niður alla alþýðumentun í landinu. Jeg vil nú með frv. þessu sýna, að ekkert slíkt vaki fyrir mjer, þó að jeg vilji hafa tilhögun kenslunnar á annan veg en verið hefir hingað til.

Jeg hefi haldið því fram, ásamt mörgum fleirum, og trúi, að rjett muni vera, að hin lærða mentun eigi þegar að ganga á annan veg en hin almenna mentun. Jeg tel, að hjer sje um tvær greinar að ræða. Fyrst hina almennu mentun, sem byrjar á gagnfræðamentuninni, og fer svo eftir því, hvert hugur manna stefnir. Hvort menn fara þá í vjelstjóraskóla, stýrimannaskóla, búnaðarskóla eða annað, fer eftir því, hvað menn ætla að gera að lífsstarfi sínu. Þegar slík skólaganga er úti, er lokið hinni hagnýtu mentun. Slík braut verður því aldrei vísindabraut, heldur hagnýt þekking.

Hin greinin er hin lærða grein, sú grein, sem á að búa menn undir háskóla og vísindanám. Nú er svo háttað kenslunni, að þessum tveimur flokkum er blandað saman, þar til kemur upp úr 3. bekk gagnfræðaskólanna. Í þessi 3 ár, sem flokkar þessir eru látnir eiga samleið, er kenslan skemd fyrir báðum. Þeir, sem ætla að verða vísindamenn, verða þegar í byrjun að fá rökfasta kenslu, svo þeir læri að brjóta alt til mergjar. Hinir mega ekki vera að þessu, þeir þurfa að komast yfir sem mest á sem skemstum tíma. Jeg býst nú við, að allir, sem eitthvað hafa lært, hljóti að sjá, að þetta er rjett, og sömuleiðis, að óhjákvæmileg afleiðing af því að hafa þessa tvo flokka saman í þrjú ár,

verður sú, að fleiri verða þeir, sem leggja út á hina lærðu braut en þörf er fyrir, og fleiri en beinlínis er holt fyrir þjóðfjelagið, því að þá kemur fram hinn lærði öreigalýður. Þetta er ofurvel skiljanlegt, því að eins og allir vita, verður skólafólk samrýnt, þó að það sje skemri tíma saman en þrjú ár. Verður því löngunin sterk til að fylgja vini sínum áfram á mentabrautinni. Reyna því margir að klífa þrítugan hamarinn og stofna sjer í skuldavandræði, heldur en að þurfa að sitja eftir. Er það því laukrjett, sem hæstv. núverandi fjrh. (JÞ) sagði endur fyrir löngu, að þessi tilhögun verkaði eins og „háfur", veiddi menn til þess að halda áfram námi.

Þetta er því enginn sparnaður fyrir ríkissjóðinn, heldur beinlínis þjóðartjón, því að það er tjón fyrir alla, sem læra, að blanda þessum óskyldu flokkum saman. Það er lífsnauðsyn að greina þá í sundur.

Jeg legg því mikla áherslu á, að skólarnir verði tveir, og lærði skólinn verði gerður að samfeldum sex ára skóla, þar sem nemendur geti fengið góðan undirbúning undir vísindanám í háskóla, og er 6 ára tími síst of langur til þess, því að fæstir munu koma of vel undirbúnir til háskólanna. Gæti því verið fult eins hentugt að hafa undirbúninginn jafnvel ári lengri, og háskólanámið þeim mun styttra, eins og t. d. í Þýskalandi. Þar er undirbúningsnámið undir háskólana 8 ár. Til háskólanámsins gengur því styttri tími en víða annarsstaðar. Annars skal jeg ekki fara lengra út í þetta hjer; það yrði til þess að tefja málið of mikið. En þess vil jeg geta, viðvíkjandi gagnfræðaskólunum, sem hnýtt er aftan í lærða skólann hjer. Að það er síst sparnaður fyrir ríkissjóðinn, heldur beinlínis auka-eyðsla. Því að svo margir sækja til, að hverjum bekk verður að skifta í tvent og þrent, og þarf því fleiri kennara. Þessi fjöldi stafar að mestu frá gagnfræðadeildinni. Hana sækja að vísu menn af landinu öllu, en þó langflestir úr Reykjavík. Með þessu er skapað fullkomið misrjetti, því að á þennan hátt verða Reykvíkingar aðnjótandi ríkissjóðsstyrks til mentunar sjer, sem aðrir landsmenn fara á mis við. Auðvitað væri ekkert við þessu að segja, ef ríkissjóður treystist til að kosta alla fræðslu í landinu, jafnt barnafræðslu og háskólafræðslu og alt, sem þar er á milli. En þetta er ranglátt, á meðan slíku er ekki að heilsa og ástandið er eins og það nú er, að ríkissjóður lætur drjúpa úr náðarskálum sínum um 30 þús. kr. á ári til sex alþýðuskóla út um land, sem auðvitað hvergi nærri hrökkva til, en heldur uppi ókeypis fræðslu fyrir Reykjavík. Reykjavík á að fá sinn eigin skóla, eins og Strandasýsla sinn eiginn skóla, svo sem Núpsskólinn er fyrir sitt hjerað. Þvílíkir skólar út um land hafa ekki farið fram á annað meira en styrk úr ríkissjóði, og skóli Reykvíkinga á líka að fá hann, en ekki meira.

Ef sú breyting nær fram að ganga, að lærði skólinn verði framvegis samfeldur sex bekkja skóli, mundi það meðal annars hafa þann sparnað í för með sjer, að öll stundakensla dytti úr sögunni. Skólinn yrði góður, eins og hann var fyrir breytinguna, undirbyggi stúdenta til háskólanáms, án þess að tefja fyrir mentun annara landsmanna, eins og hann gerir í þeirri mynd, sem hann nú er. Að öðru leyti mun jeg ekki fjölyrða um fyrirkomulag skólans að sinni, því ef það, sem er aðalatriðið fyrir mjer, fullkomin greining gagnfræðaskóla og

lærðs skóla, nær fram að ganga, mun jeg geta teygt mig langt til samkomulags að öðru leyti.

Jeg vildi biðja hv. deild að lofa frv. þessu að fara sína leið, til mentmn., sem án efa ber gott skyn á mál þetta og leggur hið viturlegasta til. Jeg vildi aðeins geta þess, áður en jeg lýk máli mínu, að jeg hefi ekki sjeð mjer fært að fara fram á, að grískukensla yrði tekin upp aftur í skólanum, enda þótt mjer kunni að standa það nærri. Jeg er þess að vísu fullviss, að skólinn hefir sett ofan við missi grískunámsins, og nauðsyn á slíkri kenslu hefir leitt til þess, að skipaður hefir verið maður til kenslu í grísku við háskólann, enda þótt hann sje að vísu enginn háskólakennari. Hans hefir nú verið svo oft minst hjer í deildinni, að jeg ætla ekki að bæta við það, en benda mætti á það, að embætti hans yrði óþarft, ef slíkri kenslu væri haldið uppi í lærða skólanum. Um þetta atriði skal jeg þó ekki fara fleiri orðum, því jeg hefi, sem sagt, neitað mjer um að gera þetta að tillögu minni.

Jeg skilst svo við þetta mál, með ósk og von um, að það nái fram að ganga. Hún er ekki íslensk, sú stefna, er hjer hefir ríkt í skólamálum á síðustu árum. Það hefir verið alheimsstefna, sem er í því fólgin, að herma alt eftir öðrum, stefna, sem er einkenni apakattanna, enda þótt frændur þeirra, mennirnir, hafi eigi farið varhluta af henni. Hún hefir verið sótt til frænda vorra austan hafs, sem aldrei hafa verið leiðtogar Íslendinga í mentamálum. Þeir hafa glatað tungu sinni og bókmentum, en vjer höfum enn haldið hvorutveggju.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv., og til mentamálanefndar með 21 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 33, n. 146, 162).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mentmn. hefir ekki getað orðið sammála um þetta frv., en hún er þó sammála um að afgreiða það með svofeldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem búast má við, að meiri kostnað muni af frv. leiða en nú þykir fært að ráðast í, og vænta má, að fleiri gögn muni innan skamms fram koma um málið, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Það stendur nú svo á, að það er ekki líklegt, að sjeð verði í svo ríkum mæli fyrir gagnfræðamentun af þessu þingi, að nægja mundi þörfum Reykjavíkurbæjar, ef þessi breyting á mentaskólanum næði fram að ganga. Í öðru lagi er einn af kennurum mentaskólans erlendis nú sem stendur, og kynnir hann sjer fyrirkomulag kenslumála og ferðast í því skyni um mörg þjóðlönd, og er það álit mentmn., að rjett væri að styrkja hann til þessa ferðalags, svo hann nái betur tilgangi sínum með því, og telur nefndin rjettara að bíða heimkomu þessa manns, til þess að heyra þá álit hans um þetta mál. Er þetta ekki síður rjettmætt en hitt, að málum er hjer á þingi frestað meðan beðið er eftir nál. þeirra nefnda, sem um þau eiga að fjalla. Telur mentmn. mál þetta ekki

svo aðkallandi, að ekki megi það bíða nokkra hríð,

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að vísa þessu máli frá í þetta sinn með rökstuddri dagskrá. Þessvegna hefir nefndin ekki rætt verulega einstök atriði frv. Um aðalstefnu þess, hvort halda skuli tvískifting stúdentsprófsins eða taka upp forna siðinn, er nefndin skift.

Að þessu sinni væri rjettara, að umræður þær, sem nú fara í hönd, snerust sem mest eða eingöngu um dagskrártillögu nefndarinnar, en ekki um frv. sjálft. Verði dagskráin feld við þessa umræðu, þá kæmi fyrst til að ræða um frv.

Nefndin er sammála um að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, og vænti jeg því, að hv. deild ljái dagskránni samþykki sitt.

Klemens Jónsson: Jeg get ekki tekið undir með háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um það, að ekki ættu að fara fram almennar umræður um þetta mál nú. Því bæði er það, að jeg hefi borið fram brtt. við þetta frv. og kemst því ekki hjá að ræða það nokkuð alment, og svo er mál þetta þannig vaxið og svo merkilegt mál, að það verður að ræðast, og það ítarlega nú þegar.

Jeg get vel trúað því, að háttv. þm. þyki undarlegt, að jeg skuli koma fram með brtt. við frv., sem öll nefndin leggur til, að fella með rökstuddri dagskrá. En þrátt fyrir það, þó dagskráin yrði samþykt, sem jeg vil vona að verði ekki, þá vil jeg þó gera nokkrar athugasemdir um málið í heild sinni.

Jeg er sammála hv. flm. frv., þm. Dala., að þetta sje afar-þýðingarmikið mál, sem alls ekki má draga lengur að ráða fram úr. Þessi tvískifting mentaskólans, sem nú er, hefir nú staðið í 16 ár, og ætti því að vera fengin sæmileg reynsla fyrir ágæti hennar. En það er þó álit all-margra, að hún hafi alls eigi gefist vel. Jeg hefi heyrt marga koma með þá umkvörtun, að mentaskólinn væri lítið annað en barnaskóli og að stúdentar væru nú yfirleitt miklu ver að sjer en þeir voru áður. Jeg álít, að reynslan sje búin að sýna, að það sje rjettara, að skólinn verði aftur samfeld heild, eins og hann var áður. Jeg hefði getað fylgt háttv. flm. frv. talsvert lengra en frv. leggur til um breytingar á skólanum. T. d. hefði jeg vel getað verið með því, að kensla í grísku væri tekin upp aftur að einhverju leyti, við skulum segja í 3 efstu bekkjunum. Að minni reynslu hefir engin námsgrein haft meir mentandi áhrif á mig en grískan hafði á skólaárum minum, þótt erfitt væri að læra málið. Það er ekki málið eitt saman, heldur eru það einnig rithöfundar þeir, sem lesnir eru á því máli, er hafa svo mikið til síns ágætis. Það er alveg sjerstakur heimur, sem þeir fá að kynnast, er þá lesa í skóla. Jeg álít það verulegan mentunarskort, að hafa eigi lært grísku, hafa eigi lesið t. d. Hómer og aðra góða höfunda á frummálinu. Það má að vísu ávalt segja, að þá megi lesa í þýðingum. En þýðing, hversu góð sem hún er, er aldrei hið sama og frumtextinn. Þar við bætist það, að þó að til sje gullfalleg þýðing á Hómerskvæðum á íslensku, þá er hún nú ekki nema í örfárra manna höndum. Hún var sem sje gefin út fyrir ca. 90 árum síðan, sem skólaborðsrit, sem fyrir löngu er ófáanlegt orðið, og mun því ekki annarsstaðar að finna en í bókasöfnum, svo að aðgengilegt sje almenn-

ingi. Þeir, sem lesa vilja, verða því að fara á bókasöfnin, og mjer þætti gaman að vita, hversu margir þeir eru nú, stúdentarnir, sem það gera. (ÁÁ: Þeir munu jafnmargir nú sem áður).

Hv. þm. Dala. vill auka við kensluna í latínu, þó hann hafi ekki treyst til að taka upp grískuna. Þar er jeg honum algerlega sammála. Latínan var heimsmálið alt fram á miðja síðustu öld, og allar fræðibækur fyrri alda og miðalda eru á latínu. Brjef öll og skjöl frá miðöldum, og jafnvel síðar, eru einnig rituð á latínu. Það er varla hægt að kynna sjer til hlítar söguleg fræði, nema að kunna latínu. Eins og þetta horfir við nú hjer hjá oss, gæti vel svo farið í framtíðinni, að við, söguþjóðin sjálf, yrðum að leggja niður sagnafræðisiðkanir og sagnaritun, vegna þess, að enginn væri nógu vel læs á latínu. Jeg sje ekki betur en þetta stefni að hreinasta menningarleysi. Það mætti segja, að kensla sú, sem nú er veitt í mentaskólanum, ætti að nægja til þess að verða fær um að lesa ljetta höfunda á latnesku máli. Þetta má vel segja, en við athugun á þeirri reglugerð, sem nú gildir við mentaskólann, skal, fyrir utan það, sem fyrirskipað er að lesa í „prosa"-höfundum, svo sem Cicero, Liviusi o. fl., lesið eigi alllítið í „poesi" líka. Það skal lesa í Carmina Horatiusar, og einnig í brjefum hans. Þá skal og lesa í Ovidiusi, alls mörg hundruð vers. Væri eingöngu lögð stund á „prosa"-lestur í skólanum, mætti fremur vænta, að menn yrðu nokkurnvegin læsir á óbundið mál, en þegar einnig skal, þennan stutta tíma, lesa á annað þúsund vers í bundnu máli, er ekki annars að vænta en þess, sem er, að ekkert verður lesið til gagns eða hlítar. Væri þessu ekki þannig varið, gætum vjer vænst þess, að stúdentarnir ef til vill yrðu færir um að lesa okkar eigin sögurit, t. d. Historia ecclesiastica o. s. frv. Jeg hefi það eftir einum góðum mentamanni, sem son hefir átt í mentaskólanum, að ef sonur sinn hefði ekki verið látinn pæla í Horatiusi, hefði hann líklega getað orðið sæmilega að sjer í „prosa"-latínu, þrátt fyrir alt. En eins og nú standa sakir, vita stúdentar vart meira í latínu en þeir, sem gengu inn í 1. bekk lærða skólans fyrir 40—50 árum síðan.

Háttv. þm. Dala. mælti eina setningu nýlega hjer í þinginu á grísku: „Autos efa", og var ekkert undarlegt við, þótt þeir ekki skildu, sem ekki hafa lært. En mjer er þó nær að halda, að þó hann hefði sagt: „ipse dixit", mundu þeir stúdentar hafa verið til, er ekki hefðu skilið þessi einföldu orð.

Nefndin telur sjálfsagt, að sjá borgið gagnfræðakenslu í Reykjavík. Ja — jeg kannast nú ekki við neina s k y l d u í þessu efni. Það stendur eins nærri Reykvíkingum sjálfum. En hvað um það, það er til sæmilegur gagnfræðaskóli ekki fulla 10 km. hjeðan, í Hafnarfirði. Hjer eru 2 verslunarskólar, sem aðallega kenna gagnfræði, og fyrir stúlkurnar kvennaskóli. Svo það verður varla sagt, að Reykjavík sje gagnfræðakenslulaus.

Þá segir hv. nefnd, að þar sem einn mætur kennari við mentaskólann dvelji nú erlendis, og þar sem vafalaust megi vænta þess, að hann leggi margt gott til þessara mála, þá sje rjett að bíða heimkomu hans og taka enga ákvörðun um fyrirkomulag skólans, fyr en hann hefir verið spurður ráða.

Jeg efast ekki um, að þessi kennari

muni í utanför sinni leggja mikið kapp á að kynna sjer rækilega öll skólamál, og jeg veit, að hann er manna vísastur til að leggja gott til þeirra mála. Þó ætla jeg, að hann hafi fyrst og fremst í huga að kynna sjer kensluaðferðir erlendis, þar sem þær eru fullkomnastar. Jeg hefi þóst sjá það á fjárbeiðni, sem hann hefir sent þinginu, að einkum sjeu það kensluaðferðir, sem hann vill kynna sjer nánar. Og það er persónuleg von min, að einmitt þessi maður fái innan skamms tækifæri, embættisstöðu sinnar vegna, til þess að hrinda í framkvæmd ýmiskonar umbótum á sviði kenslumála vorra, sem hann hefir áhuga fyrir. En þar fyrir fæ jeg ekki sjeð, að þetta frv. þurfi að bíða heimkomu hans.

Þá kem jeg að brtt. minum á þskj. 162.

Þó að jeg gæti verið samferða hv. flm. (BJ) í aðalatriðum þessa máls, þá varð jeg þó forviða, þegar jeg sá, að hann hafði, að því er virðist, týnt tveim fræðigreinum úr frv., sem þarf og á að kenna við skólann, og það því fremur sem ætla má, að annari þeirra a. m. k. sje slept úr frv. af ásettu ráði, þar sem hann tók hana ekki heldur upp í frv. sitt í fyrra um sama efni. Þar á jeg við, að hann ætlar að útiloka kenslu í dönsku í lærða skólanum. Mig furðar stórlega á þessari till., þar sem svo náið samband er milli okkar og Dana, og einkum þegar þess er gætt, að þetta er mál sambandsþjóðar vorrar. Það stappar því nærri ókurteisi við Dani að sleppa alveg kenslu í þessu máli, sem altaf hefir verið kent í lærðum skólum hjer á landi, áratugum og jafnvel öldum saman. Og þegar í frv. er heimtuð kunnátta í dönsku máli til inntökuprófs í skólann, þá ber þess að gæta, að tæplega er heimtandi, að nemendur kunni dönsku sæmilega til inntökuprófs.

Þó nú að segja mætti, sem þó er ekki rjett, að dönskukensla í skóla þessum sje í sjálfu sjer ekki alveg bráðnauðsynleg, þá er sjálfsögð skylda að halda henni við að einhverju leyti, þegar af þeirri ástæðu, að enn eru lesnar í mentaskólanum kenslubækur á dönsku í ekki svo fáum fræðigreinum, a. m. k. er mjer fullkunnugt um, að svo er í sagnfræði að mestu leyti. Okkur, sem vorum í skóla fyrir 40—50 árum og lásum þá fjölda námsgreinir á dönsku, hefir sjálfsagt ekki komið til hugar, að svo langur tími liði, að við sama sæti í þessu efni. Þó er það svo, að enn í dag eru ekki allfáar kenslubækur, sem skólinn notar, á dönsku. En þá vil jeg spyrja: Hvernig eiga nemendurnir að læra fræðigreinir á dönsku, ef ekki er kend nein danska við skólann? Jeg býst við því, að hv. flm. (BJ) svari spurningunni þannig, að útrýma beri úr skólanum öllum dönskum kenslubókum. Reynslan hefir nú sýnt, að það verður ekki gert í einni svipan. Til þess þarf töluverðan tíma.

Þá kem jeg að hinni fræðigreininni, sem slept er í frv., landafræðinni. (BJ: Það hefir fallið úr af misgáningi). Þá skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, en get tekið þessa aths. hv. flm. sem góða og gilda vöru. Annars hjelt jeg kanske, að þar sem hv. flm. (BJ) er oft talsvert einkennilegur í hugsun og jafnvel frumlegur, að hann hafi viljað koma landafræðinni inn undir sagnfræðina og því ekki getið hennar sjerstaklega. (BJ: Nei.) Það gleður mig, að svo er ekki, og hefi jeg þá ekkert frekar við það að athuga.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi greint, hefi jeg leyft mjer að bera fram

brtt. í þá átt, að dönsku og landafræði verði bætt við tölu námsgreina skólans, og vænti jeg þess, að þær verði teknar til greina, ef dagskrártill. hv. mentmn. verður ekki samþ.

Að öðru leyti skal jeg geta þess, að jeg hefi dálitið að athuga við ýmsar gr. frv., sjerstaklega 9. gr., þó að jeg hafi ekki enn borið fram fleiri brtt. Einkum þykir mjer athugavert það ákvæði, að hámarkskenslutími kennara skólans skuli vera 24 stundir á viku. Þetta er að vísu æfagamalt ákvæði, en þess eru ótal dæmi, að fastir kennarar hafi kent 28—30 stundir á viku og jafnvel enn meira, og fengið aukaborgun fyrir. Í upphafi var svo litið á, að 24 stundir væru mjög hæfilegt og að kennarar ættu helst ekki að kenna fleiri stundir á viku, en reynslan hefir sýnt, að engin tregða hefir verið á því, að þeir kendu meira, ef von hefir verið um aukaþóknun.

Þess ber og að gæta, að þetta ákvæði var ekki sett að tilefnislausu í upphafi, meðan kennarar skólans áttu við mjög þröngan kost að búa, því alt fram á síðustu ár hafa kennarar verið verst launaðir allra embættismanna hjer á landi. Nú má segja, að þessu sje snúið við. Nú eru kennarar tiltölulega mjög vel launaðar, miklu betur en margir aðrir embættismenn, einkum þegar þess er gætt, að þeir hafa þriggja mánaða frí árlega. Og svo á aðeins að skylda þá til að kenna 4 stundir á dag. Eru ekki ótal aðrir embættismenn, sem verða að vinna 8, 10 og jafnvel 12 stundir á dag og bera þó ekki meira úr býtum? Jeg veit um marga, sem hafa orðið að leggja svo að sjer, og hafa gert það alt fram á efri ár æfinnar, er heilsuna þraut. En þessir kennarar eiga aðeins að kenna 4 tíma á dag og fá þó 3 mánaða frí, þar sem aðrir embættismenn fá ekki nema 14—20 daga frí á hverju ári.

Þó að jeg hafi ekki enn gert brtt. um að hækka hámarksákvæðið um stundafjöldann, þá getur meira en vel verið, að jeg flytji síðar till. í þá átt, og a. m. k. er ekki rjett að ákveða þetta hámark, en leyfa kennurunum síðan að kenna við skólann eftir vild — fyrir aukaborgun. Jeg var sammála þeim hv. þm., sem í gær töldu ekki til of mikils mælst, að barnakennarar kendu 36 stundir á viku, þar sem laun þeirra eru mjög sæmileg og þeir fá mikið frí árlega. Og af svipuðum ástæðum finst mjer hámarksákvæði 9. gr. þessa frv. of lágt.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að vænta þess, að brtt. mínar á þskj. 162 verði samþ., svo framarlega sem dagskrártill. hv. mentmn. verður ekki samþ., sem jeg tel ástæðulaust, vegna þess, að í þessu máli er eiginlega ekki eftir neinu að bíða. Jeg sje enga ástæðu til að fresta afgreiðslu þess að þessu sinni.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð við þessa umr. Það má nærri geta, að jeg myndi greiða þessu frv. atkv. mitt, ef jeg ætti sæti í þessari hv. deild, þar sem jeg bar fram mjög líkt frv. á þingi 1921, en sem þá náði ekki fram að ganga. Annars ætla jeg að geyma mjer að tala alment um þetta mál, þangað til við 3. umr., því að jeg trúi því alls ekki, að svo merkilegt mál verði felt með rökstuddri dagskrá, sem ekki hefir við betri rök að styðjast en þau, sem hv. mentmn. hefir fært fram. Mig stórfurðar á nál. hv. nefndar um slíkt mál, en vona þó, að annað geti ekki komið til mála en að frv. verði vísað til 3. umr. Þá mun jeg ræða málið frekar, þar sem þingsköp

mæla svo fyrir, að við 1. og 3. umr. skuli ræða málin alment, enda þótt dagskrártill. hv. mentmn. gefi að vísu tilefni til frekari umr. þegar við þessa 2. umr. málsins.

En vegna þess, að jeg gat ekki verið hjer viðstaddur við 1. umr., þá skal jeg nota tækifæri til að þakka hv. þm. Dala. (BJ) fyrir að hafa gerst flm. þessa frv.

Bjarni Jónsson:* Jeg get verið þakklátur tveim síðustu ræðumönnum, bæði hæstv. forsrh. (JM) og hv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem hefir að miklu leyti tekið af mjer ómakið að svara hv. mentmn.

Jeg skal geta þess, sem jeg skaut fram í umr. áðan, að landafræðin hefir fallið úr frv. eingöngu sökum ógætni, annaðhvort sjálfs mín eða prófarkalesarans. Jeg hefi altaf hugsað mjer, að landafræði yrði kend í skólanum eftir sem áður. En eins og hver maður skilur, þá er það aðeins málhreinsunartilraun að nota orðið eðlisvísindi yfir það, sem alment er kallað náttúruvísindi, en telja síðan upp það, sem í orðinu felst. Natura er latína, og þó að jeg vilji láta menn læra latínu, þá kæri jeg mig ekkert um, að latnesk orð sjeu tekin upp í íslensku.

Af ýmsum ástæðum hefi jeg slept dönskunni úr tölu námsgreina skólans. M. a. vegna þess, að þegar svo fámenn þjóð á að meta, hvernig hún skuli verja tíma sona sinna til málalærdóms, þá hygg jeg tímanum betur varið með því, að nema eitthvert stórmál fremur en mál smáþjóðar, sem tiltölulega fáir skilja. Jeg þóttist líka hafa gert dönskunni full skil með því að setja sem inntökuskilyrði í skólann sæmilega kunnáttu í sænsku, ríkisnorsku eða dönsku, sem eru að miklu leyti eitt og sama málið, eða a. m. k. svo skyld, að sá, sem skilur eitt þeirra sæmilega, skilur hin einnig. Jeg hefi lagt aðaláherslu á, að nemendur skólans fengju þar sæmilega tilsögn í stórmálunum, ensku, þýsku og frakknesku, málum, sem altaf geta komið þeim að miklu haldi síðar í lífinu.

En það, sem einkum vakti fyrir mjer, þegar jeg slepti dönskunni, var, að á þann hátt vildi jeg færa fram mótmæli gegn því höfuðhneyksli, að enn skuli kendar hinar og þessar námsgreinir á dönsku við mentaskólann. Nú eru í gagnfræðadeild skólans nær eingöngu börn hjeðan úr Reykjavík, og má það undarlegt heita, að í stað þess að laga málfæri barnanna, þá skuli skólinn veita þeim fullkomnun í málskemdum, með því að láta þau læra þungar kenslubækur á dönsku. Því að varla er annað hugsanlegt, þegar óþroskaðir unglingar eiga að gera grein fyrir þekkingu, sem þeir hafa aflað sjer í kenslubókum sínum, en að annað eða þriðja hvert orð, sem þeir nota, verði á því máli, sem kenslubókin er skrifuð á.

Þetta er því hin allra hagfeldasta aðferð til að skemma íslenska tungu á vörum hinnar upprennandi kynslóðar.

Mjer er kappsmál, að þessi leti og hugsunarleysi þings og þjóðar hverfi, og það verður að hverfa, þegar ekki verður lengur hjá því komist að nota íslenskar kenslubækur í skólanum.

Síðan Jón Ófeigsson, sem er góður og strangur kennari, fór að kenna dönsku við mentaskólann, hefir hann heimtað af nemendum sínum, að þeir lærðu meira í danskri en íslenskri bókmenta-

* Ræðum. (BJ) hefir ekki yfirfarið handrit skrifara að þessari ræðu nje síðari ræðum sínum í þessu máli.

sögu. Íslensk bókmentasaga er þar varla nefnd, en aftur á móti er lesin allstór bók í danskri bókmentasögu. Mjer er spurn: Hvað varðar okkur sjerstaklega um danska bókmentasögu? Ætli okkur væri ekki nær að líta eitthvað í bókmentasögu stórþjóðanna, ef við þykjumst kunna okkar eigin til fulls.

Jeg vildi líka hefja mótmæli gegn þessari vanvirðu.

Þessi till. mín sýnir engan skort á sanngirni eða hæversku í garð sambandsþjóðar okkar. Í frv. er dönskunni þegar sýnd langtum meiri kurteisi en sambandsþjóðin sýnir íslenskri tungu í skólum sínum. Mjer vitanlega er þekking á íslenskri tungu hvergi gerð að inntökuskilyrði í dönskum skólum. En alla þá stund, sem við sýnum dönskunni meiri kurteisi en Danir sýna íslenskri tungu, geta þeir með engum rjetti talið sjer móðgun sýnda.

En þetta ákvæði og ýmislegt fleira, sem í frv. stendur, er ekki þar skráð beinlínis í þeim tilgangi einum, að það verði að lögum, heldur var jeg svo djarfur, að gera mjer vonir um, að hv. mentmn. myndi lesa frv., og að færi gæfist á að kippa því í lag, sem áfátt þætti. Jeg býst t. d. við að geta greitt brtt. hv. 2. þm. Rang. (KlJ) atkv. nú, þegar jeg hefi framfært mótmæli gegn þeim svefni, sem ríkir í skólanum, að því er snertir viðhald íslenskrar tungu.

Hv. þm. (KlJ) talaði um ákvæði 9. gr. frv. um fjölda kenslustunda hvers kennara við skólann. Því er svo varið með þetta ákvæði, eins og flest önnur, sem ekki koma við meginatriði frv., að mjer er út af fyrir sig ekki kappsmál, að það nái óbreytt fram að ganga. Einkum mun jeg geta fallist á, að þessu ákvæði verði breytt í samræmi við efni annars frv., sem hjer er á ferðinni, um að auka vinnu annara kennara, ef það frv. verður að lögum. Þó vil jeg minna menn á, að 4 stunda kensla í lærðum skóla er sama sem 8—10 stunda vinna á sólarhring. Það er enganvegin rjett, þegar verið er að ræða um vinnutíma slíkra kennara, að telja þá aðeins fjölda kenslustundanna. Það verður ekki aðeins að ætla þeim tíma til að leiðrjetta stíla og búa sig undir hverja lexíu, heldur líka — og engu síður — til að halda við lærdómi sínum og auka hann, svo að þeir verði ekki aumir steingervingar, hver í sinni grein. Þá fyrst geta kennararnir notið sín, og þá fyrst verður kenslan að verulegu gagni.

Þeir tímar eru ekki til fyrirmyndar, þegar við, sem þá vorum kennarar lærða skólans, urðum að k e n n a 10—12 tíma á dag, ef við áttum að hafa nokkra von um að geta borgað svo mikið af skuldum, að við fengjum áfram matinn ofan í okkur. Slíkt örvar engan, heldur drepur allan dug.

Annars hefði jeg ekki minst á þetta atriði, ef ræða hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefði ekki gefið tilefni til þess.

Hv. nefnd hefi jeg hugsað mjer að gera sömu skil og hún hefir gert mjer. Við hana ætla jeg ekki að tala, að þessu sinni. Hún virðist halda, að af því gamall lærisveinn minn, sem nú er orðinn ágætur kennari, fer utan til þess að kynna sjer skólamál og lúka við þýska orðabók, sem jeg á sínum tíma útvegaði honum styrk til að semja, þá megi þetta frv. mitt ekki ná fram að ganga.

Jeg ætla að bíða heimkomu hans, en þá skal jeg líka svara hv. nefnd.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., fimtudaginn 19.

mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 33, n. 146, 162).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þar sem engar brtt. hafa komið fram og hæstv. forsrh. (JM) hefir látið þess getið, að hann æski ekki eftir að miklar umr. verði um málið fyrri en við 3. umr., þá skal jeg ekki verða til þess að eyða tíma þingsins að óþörfu. Vil jeg því f. h. nefndarinnar taka rökstuddu dagskrána aftur til 3. umr., þó mjer væri persónulega ekki á móti skapi, að frv. væri felt strax.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil geta þess, að samþ. var í mentmn., með öllum atkv. gegn mínu, að taka dagskrána aftur. Jeg vil nú samt ekki taka hana upp hjer aftur, en mjer finst ástæða til að ætla, að hún hafi nú verið tekin aftur vegna þess, að tvísýnt væri, að hún yrði samþ. Þótt jeg gengi inn á að fylgja dagskránni nú við 2. umr., þá sje jeg ekki ástæðu til þess að sitja eftir færi til þess að bregða fæti fyrir málið, og bind mig ekki við dagskrána, þótt hún komi fram við 3. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil benda á það, að hjer er aðeins um frest að ræða, og sje jeg ekki, að það hafi nokkra þýðingu, hvort dagskráin verður samþ. strax eða ekki fyrri en við 3. umr.

Magnús Jónsson: Jeg skal strax taka það fram, að jeg var ekki ánægður með rökstuddu dagskrána, en þó var það sök sjer, meðan hún var tengd við 2. umr., því jeg hafði hugsað mjer að geyma að koma með brtt. fyr en við 3. umr., með það fyrir augum, að þá væri útsjeð um það, hvort dagskráin yrði samþ. eða ekki. Því mjer fanst óþörf sú fyrirhöfn, að fara að tala fyrir þeim brtt., ef málið yrði svo afgreitt með rökstuddri dagskrá. En nú er þessi möguleiki farinn, og tel jeg það slæmt. Skildist mjer svo, að dagskráin væri aðeins tekin aftur við þessa umr. Verður maður að sætta sig við þetta og bera fram sínar brtt. samt sem áður.

En tilefnið, sem dagskráin gæfi til að ræða málið, er þá líka burt numið, og tel jeg það líka ver farið. Því þó það þyki góður siður, að hleypa fram hjá sjer málunum umræðulítið við 1. umr., þá er það engu síður góður siður, að rökræða þau við 2. umr.

Þar sem hv. flm. dagskrárinnar hefir snúist hugur um að láta bera hana undir atkvæði, þá vona jeg, að þeir lái mjer það ekki, þó jeg komi með einhverjar brtt. við 3. umr. En í raun og veru virðist nefndin vera klofin, þó samkomulag hafi fengist um að taka dagskrána aftur við þessa umr.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að koma með örstutta athugasemd eða öllu heldur fyrirspurn til hv. flm. frv. (BJ). Jeg er einn af þeim síðustu, sem voru nemendur í skólanum undir gamla fyrirkomulaginu og var einnig í honum meðan nýja skipulagið var að byrja. Jeg er því málinu allvel kunnugur. En jeg verð samt að játa, að jeg hefi ennþá ekki fyllilega getað ráðið það við mig, hverja stefnu jeg tæki í þessu máli. En það er mjer ljóst, að ef frv. nær fram að ganga, þá verður óhjákvæmilegt að sjá Reykjavík fyrir nýjum gagnfræðaskóla, því eins og kunnugt er, hefir mentaskólinn ekki aðeins verið stofnun til að búa menn undir embættisnám, heldur hefir hann einnig

verið gagnfræðaskóli fyrir bæinn. Þetta er því talsvert fjárhagsatriði, og þætti mjer gott að fá að heyra, hvernig hv. flm. (BJ) hugsar sjer, að hið nýja skipulag verði í framkvæmd, hverjar aðrar breytingar leiði af því og hvað hann geri ráð fyrir miklum kostnaði af þessu fyrir landið, eða hvort hann ætlast til, að Reykjavíkurbær beri kostnaðinn að nokkru leyti eða öllu. Jeg ætlast ekki til að hann svari þessu strax, fremur en hann sjálfur kýs. Jeg get vel beðið eftir svari til 3. umr.

Bjarni Jónsson: Hv. þm. (TrÞ) mun það fullkunnugt, bæði af því, sem jeg hefi sagt í þessu máli nú, og af því, sem jeg hefi haldið fram á fyrri þingum, að það hefir frá öndverðu verið skoðun mín, að lærð mentun ætti að vera sjerskilin frá öðru námi. Jeg hefi viljað, að af barnaskólafræðslunni tæki við gagnfræðamentun, sem krafist væri af öllum. Þeirri fræðslu eiga ungmennaskólarnir, sem í raun rjettri eru gagnfræðaskólar, að anna. Þessir skólar hafa verið stofnaðir af sýslufjelögunum með styrk úr ríkissjóði, sem numið hefir $^2/_5$ hlutum stofnkostnaðar. Það, sem þá hefir vantað á, hafa hjeruðin lagt til, annaðhvort af eignum rammleik eða með styrk góðra manna. Sama á hjer að gerast, því jeg sje enga ástæðu til að gera mun á því, hvort hjeraðið heitir t. d. Strandasýsla eða Reykjavík. Hinsvegar veit jeg ekki, hvaðan Reykvíkingum eru komin rjettindi fram yfir aðra landsmenn til þess að hafa gagnfræðaskóla kostaðan til fulls af ríkinu. Því vil jeg láta þá annast sjálfa gagnfræðamentun sína, með styrk frá ríkinu, í sama hlutfalli og aðrir slíkir skólar hafa hann. Slíkt hið sama ætti líka að gilda um gagnfræðaskólann í Hafnarfirði, sem ríkið kostar nú. Hjer er og styrktur kvennaskóli, sem er gagnfræðaskóli, en jeg ætlast til, að gagngfræðaskóli bæjarins yrði sóttur bæði af piltum og stúlkum. Hin sjerstaka kvenfræðsla, svo sem matreiðsla og hannyrðir, ætti þá að taka við að gagnfræðanáminu loknu, sem einskonar háskóli kvenna, á líkan hátt og verslunarskóli er það fyrir verslunarmenn, er þangað sækja sjermentun að gagnfræðanámi loknu. Myndi margt sparast við þetta fyrirkomulag, ekki síst á kennurum og stundafjölda mentaskólans. Teldi jeg ekki ólíklegt, að 10 heilum kennurum yrði færra á eftir.

Hvað fjárhagsatriði málsins snertir, þá skal það játað, að jeg hefi ekki rannsakað það reikningslega. En áhöld myndi verða um kostnaðinn af öllu skólahaldinu fyrir ríkissjóðinn eftir sem áður. Hjer er ríkisskóli, sem um leið er gagnfræðaskóli fyrir Reykjavík, en sem sakir húsnæðisskorts og íhalds í fjárveitingum er allsendis ófullnægjandi bænum. Í skólann komast aðeins 20—30 unglingar á ári, en þyrfti að vera 150—200, ef vel ætti að vera. Það er því hvorki heppilegt nje rjett að skeyta þannig saman gagnfræðaskóla og lærðan skóla, og ekki heldur rjett að taka Reykjavík út úr gagnfræðaskólakerfinu eins og gert hefir verið að undanförnu. En höfuðástæðan, sem fyrir mjer vakir, er þó sú, að aðskilja þessar tvær greinir mentunar, vegna þess, að þær geta ekki átt samleið.

Jeg ætlaði ekki að segja neitt um þetta mál nú, því að það verður nokkuð það sama og jeg sagði við flutning málsins; en það er aðeins af því, að hv. þm. Str. (TrÞ) var að spyrja mig, hvað jeg hugsaði frekar um skólamálin, að jeg sagði

þetta. Hinsvegar mundi jeg vel geta freistað þess, að gera sennilega áætlun um muninn, en jeg hefi ekki gert mjer það ljóst, hvort það verður ríkissjóði gróði eða tap, ef hægt er að tala um tap í sambandi við mentun. Jeg er viss um, að það munar ekki því, á hvora hliðina sem er, að það megi standa í vegi fyrir þessum sjálfsögðu umbótum á mentamálum landsmanna. Svo sje jeg það í hendi mjer, að svo framarlega sem hv. þm. hugsa eins og þeim er lagið og þeir hafa gáfnafar og rjettlætiskend til, þá stendur þetta altaf í vegi fyrir því, að koma gagnfræðakenslunni í rjett horf og gera öllum hjeruðum jafnhátt undir höfði, svo lengi sem þessir landskostuðu gagnfræðaskólar eru til og frá um landið.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get þakkað hv. þm. Dala. (BJ) fyrir glögg og greið svör, því að hann er ekki myrkur í máli. Jeg fann, að það var full ástæða til að spyrja, og það var nauðsynlegt að fá þennan lið inn í umræðurnar.

Það, sem á að gerast með frv., er að vísu á yfirborðinu það, að breyta kenslu í lærða skólanum, og jeg veit, að það er aðalatriðið frá sjónarmiði hv. flm. (BJ). En það er miklu meira, sem liggur hjer á bak við, því að afleiðingin af þessu verður stórkostleg breyting á fyrirkomulagi bæði þessa skóla og annara, og það er ekki eingöngu það, sem þarf að vega, hvað þetta kosti ríkissjóð. Það er líka um það að ræða, að flytja mjög mikið af þeim kostnaði, sem ríkissjóður ber nú, yfir á aðra, yfir á Akureyri, Hafnarfjörð og Reykjavík. Þessvegna segi jeg það, að mjer þykir mjög gott, að þetta hefir komið svo skýrt fram hjá hv. flm. (BJ). En jeg verð þó að gera kröfur til þess, að fá þetta nánar sundurliðað og athugað, hvernig þetta muni verka, því ef við samþykkjum frv. um lærða skólann, þá dregur það á eftir sjer alt þetta nýja skipulag. Jeg sje það t. d. í hendi mjer, að það verður að reisa gagnfræðaskólahús hjer í Reykjavík, því að jeg býst við, að hús lærða skólans verði notað fyrir hann sjálfan.

Hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að í þann skóla, gagnfræðaskólann, mundu Reykvíkingar þurfa að senda 150—200 manns árlega. Að undanförnu hefir ríkið lagt til $^2/_5$ parta af því, sem þarf til að reisa nýja hjeraðaskóla, og ætti þá Reykjavík að leggja til $^3/_5$. Jeg vil, áður en jeg stíg það spor, að greiða atkv. um þetta, fá hugmynd um, hvað þetta kostar ríkið, og mjer þykir ekki órjettlátt, að Reykjavík væri látin vita, hvað stendur til, að hún fái að vita af því, að hún eigi að leggja fram $^3/_5$ af því, sem þarf til að reisa skóla yfir 5—600 manns. Svo kemur rekstrarkostnaðurinn. Árið 1923 voru það $^5/_8$ hlutar af kostnaði hjeraðaskóla, sem ríkið borgaði. Í fjvn. höfum við talað um $^3/_4$. Það eru þá $^5/_8$—$^3/_4$, sem ríkið ætti að taka að sjer, en bærinn hitt. Það er langt frá því, að jeg sje að leggjast á móti þessu fyrirkomulagi nú þegar, en jeg vil fá það á pappirinn, hvað þetta er. Og hvernig fellur svo kvennaskólinn í Rvík við þetta? Á hann að hverfa inn í þennan skóla? Jeg vil benda á, að í hv. Ed. er nú frv. á ferðinni, þar sem á að gera hann að sjerstökum ríkisskóla. Svo eru aðrir skólar. Á að setja gagnfræðaskólann á Akureyri yfir á Akureyrarbæ og skólann í Hafnarfirði yfir á Gullbringu- og Kjósarsýslu? Loks á að svifta Norðlendinga þeirri sjálfstæðu mentastofnun fyr-

ir lærða menn, sem þeir hafa og hafa haldið fast um hingað til, að vonum. — Þurfa öll þessi atriði gaumgæfilegrar athugunar.

Nú er málinu svo komið, að hjer á að greiða atkv. um hinar einstöku greinar þessa frv., og svo eru margir aðiljar þessa máls út um land alt, sem þetta kemur mjög við; vildi jeg því með allri vinsemd skjóta því til hv. flm. (BJ), hvort ekki væri hægt að fresta atkvgr., til þess að nefndin og hann gæti lagt til gleggri upplýsingar í málinu, enda legg jeg sjerstaka áherslu á það, að áður en endanlega er greitt atkv. um þetta frv., þá liggi það ljóst fyrir, hvaða afleiðingar það hafi.

Bjarni Jónsson: Það er ekki alveg rjett, sem hv. þm. Str. (TrÞ) heldur fram, að þetta sje óaðskiljanlega sameinað. Jeg sagði, að þetta væri byrjunin til að koma rjettu fyrirkomulagi á fræðslumálin, því að það er mín skoðun, að þótt ríkið og hjeruðin í sameiningu kostuðu miklu meira til fræðslumála, væri það ekki nema rjett og holt, ef það kemur að notum, og enda miklu betra en að meira en helmingi af þessum mikla kostnaði sje sama sem kastað í sjóinn, til fræðslu- og kenslustofnana, sem gera ekki hálft gagn, og sumir hlutar landsins hafa ekkert gagn af, og skapa þar á ofan fullkomið misrjetti milli landshlutanna. Þeir fulltrúar, sem hjer sitja fyrir ýms hjeruð landsins, munu ekki óttast, þótt í kjölfar þessa frv. sigli gagnger breyting á fræðslufyrirkomulaginu, með þeim hætti, að öllum hjeruðum yrði gert jafnhátt undir höfði, og ekki skil jeg í því, að þeir sækist eftir því fyrir hönd sinna hjeraða, að þeirra rjettur sje fyrir borð borinn, en ofhlaðið undir sumar sveitir landsins. Hinsvegar veit jeg, að það er ekki hægt að meta til peninga það, sem af því hlýst, að margar mentastöðvar sje til í landinu og víðsvegar, því að sú höfuð-skemd, sem orðin er á fræðslumálum landsins, er sú hrörnun, sem þær mentastöðvar hafa liðið, sem til voru í hverju einasta prestakalli fyr á dögum, hrörnun frá þeirri starfsemi heimilanna, að fólkið lærði sjálft, til þess að geta kent börnum sínum. Og því meira sem ríkið kostar af skólum á einstökum stöðum, því meira dregst úr sveitunum sjálfur kjarni mentunarinnar, sem er starfsemi einstakra manna. En þær brtt., sem jeg hefi gert við frv. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), og sem jeg býst við að hann geti fallist á, það er einmitt vegurinn til þess að fjölga þessum menningarstöðvum í landinu og láta sem flest hjeruð landsins njóta þeirra geisla, sem þaðan hrísla út um hjeruðin. En þótt þessi stóra mentunarsól hjer, eins og gagnfræðaskólinn, sem skelt er neðan við lærdómsdeild hins almenna mentaskóla, sje bjartari sól, þá veit jeg, að þeir menn, sem koma frá útkjálkahjeruðum, mundu ekki sjá þá geisla, en mundu hinsvegar sjá þá í sínu eigin hjeraði, og ef jeg þekki hugsunarhátt sveitamanna, þá held jeg, að þær miðstöðvar menningarinnar mundu verða betri og leiða af sjer meira gagn þar en hjer.

En það er ekki alveg rjett, að þetta bindi hvað annað, því að það má svo vel byrja á því, að laga lærða skólann og láta hitt ráðast, hvernig menn greiða fram úr hinu. Annars eru fyrir þessari hv. deild tillögur frá hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og brtt. frá mjer, sem sýna, hvað á að gera. Hann vill hafa skólana fleiri

en jeg, að öðru leyti ber okkur ekkert á milli, því að það er í raun og veru sama úrlausn. Jeg vil hafa strangt aðgreint þessar tvær greinir mentunar, lærða mentun og almenna mentun, það veit jeg ekki, hvort hann vill. Það kemur fram við 3. umr. þessa máls.

Mjer skilst svo, að jafnvel þótt eiga mætti von á meiri fjárframlögum til menta í landinu en nú er, þá væri það ekkert óttaefni fyrir hv. þingmenn eða þjóð, þar sem sýna má með fullum rökum og viti hv. þm. Str. (TrÞ) og mín og fleiri manna, sem fengist hafa við skóla, gengið á skóla, og skynsamra manna, sem lært hafa af sjálfum sjer, að það er að allra dómi langtum meiri nytjar þess kostnaðar heldur en þess, sem nú er borgað til úr ríkissjóði. Það er ekki krónufjöldinn, sem notaður er, hann sker ekki úr um notin, heldur gagnið, sem af því leiðir. Það er skaði, að fleygja einni krónu í sjóinn, en það er ekki skaði, að kaupa góðan hlut fyrir tvær krónur. Og nákvæmlega sama kemur út, ef verið er að meta það, hve mikið eigi að leggja til menta í landinu. Annars verð jeg enn að segja það, að hjer í landinu er hlægilega litlu varið til menta og menningar þjóðinni, og því illa fyrir komið, sem varið er.

Jeg sje ekki, að það sje rjett hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að þessar hugleiðingar okkar þurfi að tefja þetta mál, heldur ættu þær þvert á móti í hugum hv. þm. og þjóðarinnar að knýja alla menn, sem þetta heyra eða lesa, til að gera þessar breytingar sem allra fyrst. Svo er hægt á eftir að leita úrræða gagnvart hinu, sem þá kallar að.

Tryggvi Þórhallsson: Það er stutt athugasemd. Jeg vildi aðeins taka fram, út af ræðu hv. þm. Dala. (BJ), að það var ekki það, sem mjer gekk til, að jeg vildi firra Hafnarfjörð, Reykjavík eða Akureyri þessum útgjöldum. Jeg skal ekki verða til þess frekar en hann að verja það, að ríkið eigi að bera þennan kostnað í staðinn fyrir bæina. Mjer er ósárt um, þótt þeim bæjarfjelögum blæði nokkuð. En jeg tel mjer rjett og skylt að heimta það, að fá að vita fyllilega, hvað af þessu leiðir fjárhagslega, hvað leiðir af því fyrir ríkissjóð, og hvað fyrir hjeruðin. Svo skal jeg taka mína ákvörðun á eftir. Alþingi á heimtingu á að fá fullar upplýsingar um málið.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Af því að hv. þm. Dala. (BJ) var að gefa í skyn, að okkar stefna í uppeldismálum væri nokkuð sama, vildi jeg ekki láta því ómótmælt. (**BJ:** Jeg sagði það ekki, jeg talaði um, að úrlausnin væri hin sama.) Jeg hygg, að það yrði þjóðinni til ógæfu, ef hann fengi að ráða miklu um fræðslumálin. Hann (BJ) vill afnema skólaskyldu barna, en innleiða skólaskyldu unglinga. (**BJ:** Jeg hefi ekki flutt neina till. um skólaskyldu unglinga á þessu þingi.) Nei, en það er alkunnugt, að það er stefna hv. þm. (BJ), og þetta frv. um lærðan skóla, sem hv. þm. hefir lagt hjer fyrir þingið, er í samræmi við þá stefnu. Mín stefna í málinu er að halda skólaskyldu barna, en láta skólagöngu unglinga vera frjálsa, og slíta svo ekki lærða mentun alveg úr sambandi við alþýðumentun, þar sem hv. þm. Dala. (BJ) vill láta latínuna kljúfa alt í sundur, svo að skólarnir skiftist í tvo flokka, lærða og ólærða. Jeg hefi jafnan verið í beinni andstöðu við þessa stefnu hv. þm. (BJ), og vildi

því ekki sitja undir hinu óverðskuldaða „lofi“ hv. þm. Dala.

Magnús Jónsson: Jeg sje, að það hefir verið hreinn óþarfi af mjer að vera að hætta við að tala alment um þetta mál, af því að það er auðsjeð, að hv. þm. ætla að ræða það alment, þegar jafnvel dauðir menn rísa upp til að ræða það á þann hátt, sem ekki á að vera, við þessa umr.

Jeg vildi þá víkja að því, að mig stórfurðar á þeim grundvelli, sem málið er nú komið út á, þegar menn ímynda sjer, að ef þetta frv. nái fram að ganga, þá leiði stórkostlegar byltingar af því í öllum fræðslumálum landsins. Ef fundið verður upp á því, að gera latínuskólann svipaðan því, sem áður var, þá á að leiða af því stóra byltingu, og mig furðar sannarlega ekki á því, þó að hv. þm. Str. (TrÞ), sem sjer svona stóra útsýn fram undan, þyki viðurhlutamikið að greiða atkv., án þess að fá að vita meira. (**TrÞ:** Jeg spurði, og fjekk svar.) Já, hv. þm. fjekk það svar, hvernig þetta vakir í framtíðinni fyrir hv. þm. Dala. (BJ), og það vissi jeg og hann og margir fleiri. En að frv. leiði af sjer, að þetta spor verði stigið, þótt það verði samþykt, álít jeg mikla fjarstæðu. Þetta mál er, eins og hv. þm. Dala. (BJ) lýsti yfir, alveg óskilt hinu, og það er svo fjarri því, að þetta vaki fyrir mjer og öðrum, að þessi breyting verði gerð á öðrum skólum. Þegar jeg greiði atkv. með þessu frv., vakir ekkert annað fyrir mjer en að gera latínuskólann heppilegri og hentugri fyrir þá, sem hann nota, en hann er nú, en gagnfræðaskólarnir geta verið eins og þeir eru; það kemur ekki neitt við þessu máli. Ef menn vilja breyta gagnfræðamentun manna, eins og hv. þm. Dala. (BJ) talaði um, sjerstaklega í þá átt að gera öllum hjeruðum jafnhátt undir höfði, þá má alveg eins gera það, þótt ekki sje búið að breyta að neinu mentaskólanum í Reykjavík.

Annars gæti maður farið út í það, hvort þessi skoðun hv. þm. Dala. (BJ) sje mjög heppileg. Jeg fyrir mitt leyti álít margt gott í henni, þótt hún sje ekki að öllu leyti rjett.

En það, sem hefir komið þessum umræðum um gagnfræðamentunina inn í þetta mál, er það, að ef skólinn verður gerður óskiftur, þá halda margir, að koma verði upp nýjum gagnfræðaskóla í Reykjavík. Reykjavík er nú að vísu ekki alveg gagnfræðaskólalaus. Hún hefir verslunarskólann, kvennaskólann og stýrimannaskólann, og svo á næstu grösum Flensborgarskólann, og hann mætti auka. Mjer fyndist ekkert að því, þó að næststærsti kaupstaður landsins hefði verulega stóran og góðan gagnfræðaskóla. En hjer er í raun og veru ekki að tala um að leggja niður neinn skóla, því að, ef rjett er athugað, þá hefir Reykjavík ekki gagnfræðaskóla, eins og nú er; því að enda þótt þrír bekkir hins almenna mentaskóla heiti gagnfræðaskóli, þá fara naumast aðrir í hann en þeir, sem ætla sjer að taka stúdentspróf; jeg hefi ekki fengið mjer töflu yfir það, hve margir hafa gengið í neðri deild skólans sem gagnfræðingar, en þetta var athugað árið 1921, og þá voru þeir ærið fáir. Yfirleitt kemur skólinn fyrir sjónir sem óskiftur lærður skóli, og það eins, þótt gerð hafi verið þessi skifting á honum, til mikils trafala fyrir þá, sem ætla að stunda nám við hann.

Jeg held þessvegna, að ef menn álíta

að eigi að breyta mentaskólanum, eigi að gera það án tillits til þess, hvað um gagnfræðamentunina verður. Ef Reykjavík þarf gagnfræðaskóla fyrir 150—200 manns á ári, þá þarf hún alveg eins að koma sjer honum upp eins og nú er, og jeg greiði því atkv. með frv. með þennan eina skóla í huga, en ekki með tilliti til annara breytinga. Og jeg held, að hv. þm. sje alveg óhætt að taka afstöðu til þessa máls, án tillits til væntanlegra breytinga. Eina afleiðingin af þessu þegar í stað verður sú, að skólanum verður kipt úr sambandinu við gagnfræðaskólann á Akureyri, og jeg get vel skilið, að ýmsum þyki það nokkur ókostur. En fyrir slíka smámuni má ekki leggja alt málið á hillu, ef menn á annað borð telja breytinguna til góðs.

Bjarni Jónsson: Jeg þakka þeim hv. þm. (MJ), sem síðast settist niður. Það getur verið, að það hafi ekki komið nógu skýrt fram hjá mjer, að jeg taldi hv. þm. Str. (TrÞ) ekki hafa rjett í því, að þetta mætti ekki sundurgreinast; það er eins og mönnum finnist, að ekki mætti gera annað, án þess að gera hitt um leið. En jeg vildi ekki sleppa tækifærinu, þegar hv. þm. (TrÞ) spurði mig, hvernig ætti að ráða fram úr þessu. Sjerstaklega vil jeg leggja áherslu á það, sem hv. 4. þm. Reykv. (MJ) sagði um þörf Reykjavíkur og hvernig Reykjavík er blandað inn í málið. Það er alveg rjett, að hún hefir sömu þörf fyrir gagnfræðaskóla, þótt þessi deild hafi verið skorin neðan af lærða skólanum, og Reykvíkingum er engin þægð í því, að börn þeirra dragist til að verða embættismenn, sem þeir hafa kanske ætlað að verða alt annað.

En jeg stóð upp til þess að gera athugasemd við orð hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann virtist skilja það svo, að jeg vildi blanda mjer saman við hann og vildi jafnframt í kenslumálaskoðunum njóta stuðnings af hans ágæti. Það var ekki meining mín, heldur vildi jeg segja það, að í frv. því, sem þessi hv. þm. (ÁÁ) hefði flutt, lægi fyrir úrlausn á gagnfræðaskólamálum landsins. En hitt sje jeg, að við mundum að líkindum ekki verða sammála um aðskilnað þessara mentagreina hjer í landinu, og af því að jeg bjóst ekki við að þurfa að kveða neitt fastar að, ljet jeg útrætt um þetta, án þess að jeg væri að skjóta mjer nokkuð undir hans verndarvæng. En þegar hann kveður það verða myndi þjóðinni til tjóns, ef jeg fengi að ráða í þessu máli, þá þykir mjer vænt um að heyra slíkt af vörum hans. Það er mjer næg sönnun þess, að jeg sje á rjettri leið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 : 3 atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 162 a samþ. með 14 : 4 atkv.

— 162 b samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4.—15. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 4 atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 207, 146, 215, 231, 269, 272).

Magnús Jónsson: Jeg hefi borið hjer fram brtt. á þskj. 215 og 269, sem jeg

býst við, að standi upp á mig að tala fyrir. Annars þykir mjer leiðinlegt, að hv. mentmn. skyldi taka aftur dagskrá þá, er hún bar fram við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, því að jeg hefði talið viðkunnanlegra að fá útgert um hana, áður en farið var að ræða einstök atriði þessa frv.

Brtt. þessar skifta ekki verulegu máli um aðalatriði frv. Þær eru flestar til þess að breyta upptalingu á námsgreinum, og geta því ekki valdið ágreiningi, því að jafnvel hv. flm. (BJ) hefir talið sig þeim samþykkan. Brtt. á þskj. 269 eru einungis til þess að leiðrjetta fyrri brtt., gera þær fyllri og ákveðnari.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem eru orðabreytingar. Það er nú farið að tíðkast allmjög hjer á Alþingi að vera með allskonar breytingar á orðum, þótt jafnvel þau hafi tíðkast í máli voru um langan aldur. Eins og hv. þm. sjá, ganga brtt. þessar út á það, að halda áfram ýmsum skólaorðum, sem tíðkast hafa í máli voru um langan aldur, orðum eins og t. d. „stúdent", „próf" o. fl. Annars held jeg, að við mættum ganga nokkuð langt í málhreinsun, ef við ættum að tína burt öll þau orð úr máli voru, sem ekki eru af strang-norrænum uppruna. T. d. segir Finnur Jónsson, að öll þau orð, sem byrji á „p", sjeu ekki norræn. Mættum við því ganga nokkuð langt, ef við ættum að útrýma þeim öllum. En hvað snertir orðið „stúdent", þá finst mjer, að við það sjeu bundnar svo margar endurminningar, að ógerningur sje að taka það burt úr málinu. Enda er jeg viss um, að þó að það væri gert, í lögum, þá færi enginn eftir því. Menn mundu aldrei fara að tala um „fullnemafjelag" og „fullnemahúfu". Það væri tilgangslaust að setja það í lög, það myndi enginn fara eftir því. Jeg held, að það yrði sama og þegar fara átti að leggja niður orðið „biskup", af því að það þótti minna um of á kaþólska trú, að erfitt yrði að festa önnur orð í málinu.

Ef brtt. þessar verða feldar, verður eigi að síður að samræma ýms orð í frv., sem beinlínis eru í ósamræmi hvert við annað. Þannig stendur t. d. í 5. gr. orðið „fullnemareynd", í 6. gr. „fullreynd", og í 14. gr. „viðtöku-r a u n"

Þá hefi jeg gert brtt., sem eru efnisbreytingar, þó að þær í sjálfu sjer snerti ekki aðalgrundvöll frv. Er þá fyrst, að í 3. gr. frv., eftir upptalningu námsgreinanna, legg jeg til, að gríska skuli vera ein af námsgreinum í máladeild. Mjer finst nefnilega, þegar búið er að skifta skólanum í stærðfræðisdeild og máladeild, þá verði að gera allmiklar kröfur til málakunnáttu þeirra, sem koma úr máladeildinni, og sje því ekki nema sjálfsagt að bæta við kenslu í þessu máli. Fyrir guðfræðisnema skiftir það miklu máli, að hafa numið undirstöðuatriðin í grísku, áður en þeir koma í háskólann, því að þó aldrei nema þeir fái dálitla kenslu í henni þar, þá er það miklu óþægilegra að fara að nema þá tungu, sem þeir jafnframt eiga að lesa fræðigrein á, ef þeir hafa ekki fengið einhverja undirstöðu í henni áður. Og eins og menn vita, er gríska hið fegursta mál, sem til er, og á henni hafa verið skrifaðar hinar bestu bókmentir. Og þrátt fyrir það, þó að hún hafi verið mál lítillar þjóðar, þá hefir útþensluafl hennar verið svo mikið, að hún lagði í rauninni undir sig heiminn um langan aldur, og enn er í öllum málum sægur af orðum, sem mynduð eru

úr grísku, eins og t. d. orðin „telefon", „grammofon" o. fl. Annars ætlaði jeg ekki að mæla með grískunni frá þessari hlið, heldur frá því, hversu mjög hún er „praktisk" fyrir guðfræðinga.

Þá hefi jeg gert brtt. við 12. gr., sem er töluverð efnisbreyting, þar sem jeg legg til, að hver fastur kennari skólans skuli fá frí frá kenslustörfum 10. hvert ár, og ríkið sjái um kenslu fyrir hann á meðan, honum að kostnaðarlausu. Það má vel vera, að mörgum þyki þetta mikið, og ógni kostnaðurinn, sem af því muni verða. En jeg hygg, að kostnaðurinn verði aldrei stórkostlegur. Því að ekki væri það meira en einn kennari á ári, sem þyrfti að láta kenna fyrir, og gæti sá kostnaður tæplega farið fram úr 3000 kr. Yrði hann því hverfandi og gætti lítið í jafnstóru skólabákni sem lærði skólinn er. Auk þess sem kenslan yrði miklu betri, því að það er mjög lýjandi að kenna altaf ár eftir ár sömu námsgreinarnar, og því hætt við, að mennirnir verði að hálfgerðum steingjörvingum við starfið, ef þeir fá aldrei tækifæri til þess að víkja sjer frá því og hressa sig upp. Þó nú vitanlega þörf sje fyrir, að allir fái einhverja hvíld frá störfum sínum, þá er víst, að kennararnir þurfa ekki síst uppörvunar og hressingar við.

Jeg vil því mæla hið besta með þessari brtt. minni, því að mjer finst ekki horfandi í svona lítinn kostnað, til þess að kennararnir verði hæfari til þess að rækja starf sitt.

Þá á jeg enn brtt., sem gengur í þá átt að fresta því um 1 ár, að lög þessi komi í framkvæmd. Og býst jeg ekki við, að hún orki tvímælis, því að það mun vera hið harðasta, að hægt sje að koma þeim í framkvæmd fyr en hjer er gert ráð fyrir. Til þess svo að samræma síðari part greinarinnar, er viðbótartill. á þskj. 269. Af öllum þessum breytingartill. legg jeg mesta áherslu á brtt. við 12. gr., því að jeg tel hana til svo mikilla hagsbóta fyrir skólann. En allar þessar brtt. eru mjer þó smáatriði hjá aðalgrundvelli málsins.

Út í meginatriði þessa máls skal jeg ekki fara langt nú, því að á þinginu 1921 var jeg frsm. eins hluta mentmn. í þessu máli, og gerði jeg þá grein fyrir afstöðu minni eins skýrt og jeg gat.

Lausnarorð nútímans er „kerfi". Alt er sett í „kerfi", og með þessu hefir margt stórmerkilegt áunnist. En hvorki þessi lykill nje neinn annar getur gengið að öllum skrám. Og mjer finst sannast að segja, að stundum haldi menn, að á öllum sviðum og alstaðar sje það lífsskilyrðið, að koma öllu í „kerfi". Í skólamálum hygg jeg, að mikið vafamál sje, hve langt á að fara í þessu, að setja skólana saman í skólakerfi, gera samband milli þeirra, láta alla eiga samleið, en heltast aðeins úr lestinni misjafnlega snemma, eftir því, hve mikið nám þeir vilja og þurfa að fá, eða hvort ekki sje heppilegra, að þar sjeu samhliða brautir sjálfstæðar.

Þetta leiðir mig út í það, að líkja þessu við vegagerð. Það mætti leggja veg þannig, að ekki þyrfti nema eina braut, sem allir gætu fylgst að á, en færu aðeins misjafnlega langt. T. d. lægi vegurinn hjeðan suður með sjó, og svo aftur upp í Mosfellssveit og þaðan austur fyrir fjall. Sá, sem ætlaði austur, yrði þá fyrst að fara suður með sjó og svo upp í Mosfellssveit. Þetta er að vísu dálítil skrípamynd, en enganvegin alveg fjarstæð, af því skólafyrirkomulagi, sem við nú höfum, með samglundrun milli

gagnfræðaskóla og lærðs skóla. Í báðum tilfellunum er best fyrir þann, sem langt ætlar að halda, að komast sem beinast, og ekkert vit að þvæla honum með hinum.

En svo er fleira, sem jeg hygg, að komi þarna inn í. T. d. það, að hjá okkur, eins og hvaða þjóð sem er, þá er sjálfsagt, að sem flestir leiti sjer gagnfræðamentunar. Það liggur því beint við, að haga gagnfræðaskólum svo, að þeir laði til sín svo marga sem frekast er unt. Þeir mega vel vera nokkurskonar vörpur eða veiðivjelar, því seint verður of mikið af gagnfræðamentuðum mönnum. En þegar slíkar veiðivjelar, sem gagnfræðaskólar eru og eiga að vera, eru tengdar neðan við lærðan skóla, eins og nú er hjer, þá fer ekki vel, því að afleiðingin af slíku fyrirkomulagi er sú, að það er hjer um bil einróma álit, að þeir sje ofmargir, sem lærða veginn ganga. Það er með rjettu talin plága í hverju þjóðfjelagi, að stúdentar verði of margir. Þar með er jeg ekki að segja, að svo þurfi eða sje mögulegt að stilla í hóf, að stúdentar sjeu nákvæmlega jafnmargir og svarar þeim embættum, sem þjóðfjelagið þarfnast. En hitt er víst, að of margir stúdentar eru plága fyrir þjóðfjelagið. Þeir eru búnir að eyða of miklum tíma í nám til þess að gerast búðarmenn eða bankaþjónar o. s. frv. Til slíks þykjast þeir of dýrir, og er þá stundum reynt að búa til eitthvert starf fyrir þá. Sem sagt, það er heppilegast fyrir þjóðina, að tala lærðra manna sje nokkurnvegin við hóf. En einmitt vegna þess hygg jeg, að sá skóli, sem safnar þeim mönnum, sem ganga eiga hinn lærða veg, megi ekki vera alt of aðgengilegur í byrjun, svo menn fljóti ekki inn í hann svo að segja ósjálfrátt, þannig, að þeir eru komnir inn á þessa leið áður en þeir vita af. Þannig er um gagnfræðaskólann á Akureyri, og þannig er það hjer. Úr efsta bekk barnaskólans fljóta nemendurnir inn í mentaskólann. Þeir dragast svo bekk úr bekk í gagnfræðadeildinni, því þar er námið mjög ljett, eins og vera á í gagnfræðaskóla. En þegar gagnfræðanáminu er lokið, þá er hert á í 3 efri bekkjunum, svo þeir eru mun þyngri en í gamla skólanum. Þetta hlutfall var alveg öfugt áður. Og jeg hygg einmitt best fyrir þá, sem ætla að verða stúdentar, að sá hluti vinnutímans, sem nú er ljettur, ætti að verða sem mest eldraun fyrir þá. En þegar þeir eru komnir upp í efri bekkina, þá eigi að ljetta á þeim. Þá hafa þeir fengið svo mikla undirstöðu í náminu, að þeir geta notað sjer sjálfstæði og sjálfræði og undirbúið sig undir háskólanámið, þar sem hver og einn verður að sjá svo mikið um sig sjálfur. Jeg tel það hafa verið höfuðkost gamla skólans, að hann var þungur framan af, en svo ljettist námið, svo margir tóku 5. og 6. bekk á einum vetri. Jeg var einn af þeim, sem lásu þessa bekki utan skóla, og get því ekki eins vel talað um þá af eigin reynslu. En jeg hefi heyrt menn segja, að þá hafi námið orðið þeim svo ljett, að þeir gátu þá fyrst farið að lesa fyrir utan námsgreinarnar, og notuðu margir sjer það geysimikið, sjer til hins mesta þroska. Hygg jeg, að í þessu megi sjá meginatriði þess, að mörgum finst, að stúdentar hafi verið þroskaðri áður, undir gamla fyrirkomulaginu, en nú er.

Þetta útilokast gersamlega með því fyrirkomulagi, sem nú er. Gagnfræðaskólinn verður að vera ljettur og aðgengilegur, en lærði skólinn verður að

gera miklar þekkingarkröfur, og meðan þeir starfa saman, hlýtur því námið í vissu falli að standa á öfuga endanum, ljett fyrst og þungt síðan, og bókaþræl-dómurinn mestur þar á námsbrautinni, sem hann á að vera orðinn minstur.

Þetta tel jeg megingallann á fyrirkomulaginu nú, auk þess tvíverknaðar, sem það hlýtur að hafa í för með sjer. Jeg efast ekki um, að það rætist, sem haft var hjer áður við umr. eftir mentamálanefnd þeirri, sem rannsakaði þetta mál, að verði þetta ráð ekki tekið, að gera mentaskólann að 6 ára lærðum skóla, þá liði ekki á löngu, að sú breyting verði gerð á lærdómsdeild skólans, að bæta við hana einu ári. Og þeir menn, sem nú spyrna á móti þessu frv., græða þá ekki annað en það, að skólinn verður gerður ári lengri en nú. Þau atvik geta náttúrlega legið til, að menn geti sætt sig við þetta. En jeg álít samt, að við megum ekki við lengri skóla en 6 ára, og því verði betra að gera skólann óskiftan. Og jeg skil heldur ekki, að Norðlendingar — ef það er aðalatriði fyrir þeim að bjarga sambandi gagnfræðaskólans á Akureyri við mentaskólann — sjeu nokkru nær, ef skólinn verður gerður einu ári lengri. Það mundi áreiðanlega ekki borga sig.

Þetta get jeg sagt, að sje aðalatriði fyrir mjer. Hitt er auðvitað stórt atriði, hvaða námsgrein eigi að leggja til grundvallar við skólann sem höfuðnámsgrein. Til þess hefir latínan verið talin hentugust, en það er ekki eins stórt atriði og hitt, hvort gera eigi skólann óskiftan. Það er eingöngu umhugsunaratriði, hvaða námsgrein sje hentugust sem prófsteinn á nemendur, hverjir dugi og hverjir ekki. Og eigi að sýna mönnum í tvo heimana, þegar í byrjun námsins, alvarlega og þroskandi, þá þekki jeg ekki neina námsgrein hentugri en latínuna. Ekki segi jeg það af ást á latínunni eða af því, að hún sje nauðsynleg til þess, að opna fyrir mönnum heim hinna latnesku bókmenta. Jeg hefi að vísu gaman af því oft að lesa latneskar bækur, hvað sem aðrir gera, en jeg segi ekki um það, að jeg mundi ekki hafa haft nóg af góðum bókum að lesa án þess. Hitt er víst, að latínan er svo fast og lögbundið mál, að ekkert annað mál er jafn-þroskandi fyrir nemendur og hún. Hún er líka mátulega óskyld okkar máli til þess, að ekki fari fyrir okkur eins og manninum, sem las stafsetningar-orðabók Björns Jónssonar, og sagðist ekki sjá þar neitt, sem hann ekki kannaðist við. Auðvitað þekti hann líka öll orðin, en skrifaði þau jafnvitlaust eftir sem áður. Þá er það einn kostur latínunnar, hvað óháð nám hennar er kennaranum, og er það ekki lítils virði, því þeir gefast vitanlega misjafnt. Það hefir oft verið nefnt á fundum, sem haldnir hafa verið um þetta mál, t. d. í stúdentafjelaginu hjer, að gera ætti náttúruvísindi að höfuðnámsgrein við skólann. En jeg býst við því, að ef kenna ætti náttúrufræðin eingöngu af bókum, þá mundi ekki auðgert að kenna þau svo, að þau yrðu nemendum til mikils þroska. Það er sagt um latínuna, að hún sje dautt mál og því hreinn óþarfi að læra hana. Í fyrsta lagi er það hrein fjarstæða, að menn eigi ekki að læra annað en það, sem komið geti að „praktiskum“ notum. Það yrði þá harla lítið, sem menn þyrftu að læra, ef ekki ætti að kenna mönnum annað en verkaðferðir, t. d. sýslumönnum og prestum o. s. frv. Nei. Það er víst, að menn læra og þurfa að læra margt, sem ekki er

hægt að benda á bein „praktisk“ not af. Og um það, hvort latínan sje dautt mál eða ekki, þá er það að vísu satt, að engin þjóð talar hana nú hreina. En jeg hygg, að hún lifi samt enn á svo margvíslegan hátt, að ekki verði sagt, að hún sje með öllu dautt mál eða okkur óviðkomandi. Ekki aðeins eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) tók fram við 2. umr., að fjöldi heimildarrita um sögu vora og bókmentir eru á latínu, heldur er líka á það að líta, að latínan var til skamms tíma alþjóðamál allra lærðra manna um Norðurálfuna. Og þó engin þjóð tali nú latínu sem sitt móðurmál, þá er hitt víst, að sú tunga, sem haft hefir slíkt vald alt frá dögum Rómverja fram til vorra daga, hlýtur að skilja eftir sig mikil og djúp spor.

Hjer er kvartað yfir stúdentafjöldanum. Jeg vil benda á það, að hann var nokkuð hóflegur áður, og virðist rjett, áður en leitað sje nýrra þjóðráða, óprófaðra, í þessu efni, að hverfa heldur að því fyrirkomulagi, sem áður hefir gefist vel.

Mótstaðan gegn þesu frv. virðist aðallega sprottin af hagsmunapólitík þeirra, sem vilja halda áfram að njóta sambands Akureyrarskólans og mentaskólans. En slíkt er fráleitt, því ef skólinn verður svo miklu betri við breytingu þessa, sem ástæða er að vona, þá er óhugsandi, að nokkur óski fyrir sig eða börn sín að fara í lakari skóla, þó nokkuru ódýrari yrði. Enda verð jeg að telja það beina skyldu, ef skólinn verður þannig tekinn úr sambandi við Akureyrarskólann og færður í það form, að þar verði allir þeir, sem stúdentar vilja verða, að nema alt sitt nám, að búa þá svo um skólann, að námið verði fjárhagslega bærilegt. Úrval að gáfum, en ekki úrval að efnum, á að ráða, hverjir ná stúdentsprófi og hverjir ekki.

Jeg mun svo ekki orðlengja meira að sinni. Brtt. mínar eru svo lítils verðar hjá frv. sjálfu, að hvernig sem um þær fer, mun jeg greiða því atkv. mitt og leggja þannig til alt, sem í mínu valdi stendur, að þessi breyting, sem hjer er um að ræða, nái fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Þegar jeg bar þetta mál fram, mintist jeg á það, sem mjer fanst vera höfuðatriði, og vil jeg ekki endurtaka það. En þó vil jeg í sambandi við eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem er mjer að mestu sammála, bæta því við, að jeg hefi valið latínuna sem höfuðnámsgrein af sjerstökum hagnaðarástæðum. Jeg gat um þetta, þegar jeg flutti málið, og get sagt það enn, að þó jeg hafi lesið latínu, þá hefi jeg aldrei skoðað hana sem sjerstakt kraftameðal, sem öllu tæki fram. Jeg mundi sjálfur helst kjósa stærðfræði til þess að kenna afleidd rök, og náttúrufræði til þess að kenna aðleidd rök og vekja eftirtekt. En það, að jeg hefi ekki valið þessar námsgreinir, er af ástæðu, sem jeg vona, að jeg geti fengið hv. þdm. til að skilja.

Til þess að kenna náttúruvísindi á þann hátt, sem jeg nú nefndi, þarf bæði fysiskt og kemiskt laboratorium, vel útbúið að áhöldum, og tíma til þess að nemendur geti lært þessi fræði verklega. Annars er ekkert gagn í þessu fremur en áður, þegar menn lærðu grasafræði, án þess að sjá nokkurt gras, og dýrafræði, án þess að þekkja nokkurt dýr. Slíkt er auðvitað öldungis ónýtt. Auk þess mundi þurfa framúrskarandi kennara, sem efasamt er, hvort hægt yrði að fá. Jeg veit t. d. ekki betur en

að nú sje svo ástatt við mentaskólann, að vegna þess, að maður dó nýlega, þá sje enginn til þess að gegna þessu starfi. Það mundi því sennilega lengi vanta mann í slíkt skarð við skóla, sem ætlaði að byggja alt námið á þessum vísindum. En ástæða sú, er jeg nefndi, og hv. þdm. ættu að geta skilið, er þessi, að rannsóknarstofur í efnafræði og eðlisfræði mundu verða reglulega dýrar stofnanir, og með því örlæti, sem hjer tíðkast, mundu aldrei fást þær fjárveitingar, sem þyrfti, og yrði svo þessi kensla og það, sem á henni yrði bygt, tómt kák. Þar á móti er latína skýrt mál og undarlega ljóst og glöggt, þó það sje allerfitt, og því vel til þess fallið að æfa gáfur og skilning nemanda. Og þar hafa menn kensluvenjur, mörg hundruð ára gamlar, sem ekki eru dauðar enn; við, sem nú erum fullorðnir, þekkjum þær. Það er ekki rent blint í sjóinn; við getum fengið menn, sem geta kent latínu. Annar höfuðkostur latínunámsins er sá, að ekki þarf annað en bæta við skólann málfræðingum, orðabókum og bókum til þess að lesa, svo að sá mikli kostnaður, sem breyting skólans eftir minu fyrra áformi hefði í för með sjer, hverfur að kalla.

En það, að jeg valdi latínuna í stað íslenskunnar, kom af þeirri ástæðu, að íslenskan er of ljett til þess að geta verið viðfangsefni fyrir unglinga að læra. Því allir Íslendingar hafa lært íslensku við knje móður sinnar svo vel, að ef kenna ætti hana til þroska unglingum, þá yrði að gera sömu kröfur og háskólinn gerir nú til cand. mag. Hitt má og nefna, að hjer eru engar kensluvenjur til, og jeg veit ekki, hvort völ er á svo góðum mönnum í þessari grein, að vert sje að ætla þeim að skapa þær venjur. Það eru því líkur til þess, að bæði kennarar og nemendur mundu leggja litla rækt við þetta nám, af því að þeim fyndist það of heimabakað.

Hjer hefi jeg fengið brú til þess að komast að brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Hann getur ekki sjeð það, að þetta frv. sje skrifað á tungu landsmanna. Hann vill hafa próf, stúdent o. s. frv., og það er undarlegt, að hann skuli ekki líka vilja hafa censora og explicandum og alt þvílíkt (ÁJ: Eða Goethe!) Jeg skil ekki, hvað hv. þm. meinar. Jeg held, að það snjói eitthvað úr öfugri átt. — Hv. 4. þm. Reykv. vill ekki hafa ársreynd nje sannreynd eða fullreynd, heldur stúdentspróf o. s. frv. Hann virðist ekki gæta þess, að stúdent er ekki annað en hluttaksorð nútíðar af studeo: jeg nem. Hitt er satt, að það er gömul venja að nefna þetta svo, og hefir ekki þótt taka því, að taka hjer upp nýyrði, en undarlega fá íslensk orð til yfir þetta. En jeg segi eins og Rómverjar hinir fornu: sigraðir menn verða að láta sjer alt lynda. Hjer þykir það glæpur að kenna menn til feðra sinna. Og það þykir líka glæpur að taka gömul mállýti úr tungunni og varpa þeim á brott. Jeg læt mjer þetta að kenningu verða, því Alþingi hefir ætíð sýnt það, að það er óþjóðlegasta stofnun, sem til er í landinu. Það eru ekki nema örfá ár síðan Alþingi ákvað, að gríska orðið „kilioi“ skyldi margfalda, en latneska orðið „mille“, sem er þýðing á hinu, skyldi deila. Jeg mundi ekki vilja hafa stærðfræði að höfuðnámsgrein í skóla, þar sem reikningur væri kendur á þennan hátt. Jeg býst við því, að mönnum mundi ógna alment, ef þeir vildu gera sjer þetta ljóst, t. d. muninn á kílómetra og millimetra, eftir orðanna hljóð-

an (**Trþ**: Þetta gera stórþjóðirnar!) Jú, það er svo sem sjálfsagt, úr því stórþjóðir gleypa við þessu, að þiggja þá ekki góð íslensk heiti. Jeg man eftir því, að að því var hlegið í mörg ár, er við Guðmundur Björnsson vorum hjer með till. um heitið hundstika í stað centimetra. Það var auðvitað sett í samband við hundana, en engum datt í hug, að það ætti skylt við hundrað. Nei. Svo hlógu þeir lengi að þessari hunda-fyndni sinni. Jeg skal játa, að jeg verð mjög glaður, ef mál þetta nær fram að ganga, þó ekki verði frv. á hreinni íslensku, ef menn vilja endilega hafa áfram þessi tökuorð, sem þeir virðast hafa svo gaman af að fóstra. Jeg læt það ekki standa fyrir, ef frv. nær að ganga fram óbreytt í höfuðatriðum.

Jeg skal þó geta um eina brtt. hv. 4. þm. Reykv. (MJ) við 12. gr. frv., þess efnis, að hver fastur kennari skuli eiga leyfi 10. hvert ár. Hjer er að ræða um sjálfsagða viðurkenning, og þarf jeg ekki að ræða frekar um það. En að jeg kom ekki með slíka till., stafaði blátt áfram af hugleysi. Jeg hugsaði um það mest, að gera frv. svo úr garði, að hv. þm. gætu samþykt það, en taldi, að það mundi verða erfiðara, ef þessi aukakrafa kæmi fram.

Þá er till. á þskj. 272, sem jeg er sömuleiðis feginn, að kom fram. Hún ræðir um heimavistir við skólann. Það hefir ætíð verið mitt áhugamál viðvíkjandi þessum skóla, að við hann væru heimavistir, þar sem þessir ungu menn, sem allir vinna að sama starfi, byggju undir sama þaki og gætu notið samvistanna til þess að skiftast á hugsunum, bæði í herbergjum og fundarsal, sem sjálfsagt er að fylgdi heimavistinni, eða hljóðfærastofu og söngstofu. Slíkt samlíf er meir mentandi en sjálfur lærdómurinn. Lærdómurinn án þess er eins og brauð án smjörs. Þetta samlíf, samfara lærdóminum, skapar metnað og kapp, sem er það afl, er oft dregur lengst áfram á mentabrautinni. Það tryggir þeim sæmilega bústaði, í stað þess að þeir verða nú að húka í þakherbergjum hingað og þangað út um bæinn, þar sem þeir hafa enga tryggingu fyrir, að ekki verði það þeim til stórtjóns, að þeir hafa nokkru sinni komið nálægt skólanum, því þá er það alveg undir heppni komið, hvort þeir lenda hjá góðu fólki eða ekki og hvort þeir missa heilsuna eða ekki.

Jeg er alveg viss um, að þetta er hið mesta gróðafyrirtæki, sem hægt er að leggja í. Er það nokkurskonar lífsábyrgð, og er jeg hv. þdm. þakklátur fyrir tillögur þeirra.

Þykist jeg nú hafa lýst því skýrt, hvað fyrir mjer vakir, og verður að ganga töluvert á í málinu áður en jeg taki til máls aftur.

Forseti (BSv): Jeg skal geta þess, að auk þeirra þingskjala, sem talin eru á dagskrá, er þskj. 146 einnig til umræðu.

Bernharð Stefánsson: Það er aðeins eitt atriði þessa máls, sem jeg vildi minnast á. En jeg er heldur ekki lærður maður, og treystist því hvorki til að tala grísku nje latínu, eins og þeir lærðu gera, þegar þeir tala um þetta mál.

Verði frv. þetta að lögum, er afleiðingin meðal annars sú, að sambandi milli gagnfræðaskólans á Akureyri og mentaskólans verður slitið. Getur engum blandast hugur um, að Norðlendingum og Austlendingum er gert erfiðara fyrir um nám með því. Liggur það

í augum uppi, hve erfiðara er fyrir Norðlendinga að senda syni sína og dætur til náms í Reykjavík, heldur en ef þeir geta látið þau læra svo að segja heima hjá sjer.

Jeg skal að vísu játa það, að brtt. á þskj. 272 á að bæta að einhverju leyti úr þessu og gera þeim ljettara fyrir, er fjær búa, þar sem farið er fram á heimavistir. En þótt jeg játi þetta, þá getur brtt. á þskj. 272 þó ekki bætt til fulls það tap, er Norðlendingar og Austlendingar verða fyrir með frv., því að þótt maður geri ráð fyrir, að heimavistir hjer yrði ekki dýrari en á Akureyri, þá er löng leið hingað og mikill ferðakostnaður. Og svo er hitt, sem er höfuðatriðið í mínum augum, að Reykjavík er ekki heppilegur staður fyrir unglinga, sem koma beint úr foreldrahúsum, því að þótt þeir komist í heimavistir, hefir reynslan sýnt, að ekki er alt fengið með því. En unglinga, sem eiga að ganga hinn svokallaða mentaveg, verður að senda hingað í 1. bekk, ef frv. þetta verður að lögum.

Í þessu sambandi vil jeg benda á það, að meðan biskupsstólar voru hjer tveir, á Hólum og í Skálholti, þá voru hjer líka tveir lærðir skólar. Og þótt jeg sje ekki sagnfræðingur, þá veit jeg þó það, að skólinn á Hólum var lagður niður að Norðlendingum fornspurðum og móti þeirra vilja. Var mikil óánægja út af þesssu og kröfur uppi um það, að úr þessu yrði bætt og skólinn settur á stofn aftur. Jeg hefi ekki sannanir við hendina nú um þetta, en hygg, að það sje rjett.

Þegar baráttan var hafin fyrir því, fyrir 1880, að koma upp alþýðuskóla á Möðruvöllum, var það ein ástæðan til þess, að henni fjekst framgengt, að skóli þessi ætti að vera sárabætur handa Norðlendingum fyrir Hólaskóla. En þá er skólanum var breytt, árið 1904, og hann gerður fullkomnari og settur í samband við mentaskólann, þá voru það aðeins fyllri sárabætur fyrir Hólaskóla.

Í frv. því, er hjer liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að taka aftur þessar bætur, er Norðlendingar hafa haft í nokkur ár. Sem Norðlendingur álít jeg, að það þurfi ríkar ástæður til þess að slíkt sje takandi í mál. Skal jeg að vísu játa, að jeg get fallist á sumar ástæður hv. flm., en svo veigamiklar get jeg ekki fundið að þær sjeu, að það rjettlæti slíkt ofríki gagnvart Norðlendingum, sem frv. fer fram á. Það má vel vera, að hver skóli sje heppilegri, ef hann er óskiftur. En ef nú á annað borð á að gera breytingu á skólanum hjer, þá verður önnur breyting að fylgja með, sú, að Norðlendingar fái þeirri kröfu fullnægt, að fá mentaskóla þar. Verði þetta mál knúð fram nú, eða hvenær sem það verður knúð fram, þá er jeg viss um, að það vaknar svo sterk hreyfing á Norðurlandi um að fá þar skóla, að það verður ekki hægt að standa á móti henni til lengdar. Það er að vísu hægt að drepa niður rjettlæti í bili, en ekki alveg.

Eins og málið liggur nú fyrir, get jeg ekki greitt frv. atkv. mitt. Jeg veit, að það hefir verið sagt, að einn lærður skóli nægði fyrir landið. Það kann nú að vera, en þótt frv. nái fram að ganga, býst jeg við því, að skólinn verði tvískiftur eða fleirskiftur, og er það í raun og veru sama og að hjer í Reykjavík væru 2 eða fleiri lærðir skólar.

Það má vera, að hv. þdm. þyki það

ekki koma málinu við, sem jeg hefi sagt um skóla í Norðurlandi. En með frv. þessu er slitið sambandi milli Akureyrarskólans og mentaskólans, og það eitt er ærið til þess, að jeg get ekki greitt frv. atkv.

Jeg skal svo ekki tefja tíma deildarinnar lengur, en mjer þætti fróðlegt að heyra nánara um það frá hv. þdm., er halda málinu fram, hvað þeir hugsa sjer að eigi að verða um Akureyrarskólann, ef breytingin kemst á. Jeg hefi heyrt á flm. málsins, að á Akureyri eigi að verða unglingaskóli, er ríkið eigi að styrkja að einhverju leyti, en annars eigi að kasta honum á Akureyri og nærliggjandi sýslur.

Þótt gagnfræðaskólinn á Akureyri sje ekki nefndur á nafn í frv., fer það þó fram á það, að eyðileggja hann, eða minsta kosti lama hann tilfinnanlega, og á það get jeg ekki fallist.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki fara langt út í málið frá almennu sjónarmiði. Jeg gerði það við 2. umr., og sje því ekki ástæðu til þess að gera það frekar. En jeg verð að leiðrjetta eitt atriði hjá mjer, um þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á Hómer. Hún er nú rjett 100 ára gömul, en það hefir farið fram hjá mjer, að endurútgáfa af þýðingunni er komin fyrir nokkrum árum. En henni hefir ekki verið tranað fram í glúggum bókaverslana, og er það þó merkilegt rit. En það stendur óhaggað, sem jeg sagði þá, að það er spursmál, hvort stúdentar muni nokkurntíma líta í hina íslensku þýðingu bókarinnar.

Jeg verð að taka það fram aftur, að mjer hefði þótt viðkunnanlegast, að stjórnin hefði sjálf borið fram frv. eins og 1921, og að því hefði fylgt greinargerð og kostnaðaráætlun. Ef til vill hefir stjórnin ekki gert þetta vegna fjárhags landsins, sem ekki þolir mikil og ný útgjöld. En þessu fylgir mikill kostnaður, eins og brtt. á þskj. 272 sýnir, sem jeg skal síðar minnast á. En þetta mál er svo þýðingarmikið, að ekki má dragast lengi að því sje ráðið til lykta. Það skiftir að vísu ekki miklu máli, hvort það verður einu árinu fyr eða síðar. Sumir vilja, að breytingin komi á 1927, aðrir 1928, og lengur má það ekki dragast, að skipulagi sje komið á þetta mál.

Þá skal jeg víkja að brtt. Jeg get fallist á flestar brtt. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 215. Þær eru aðeins orðabreytingar, og það er góð íhaldsstefna, að halda góðum og gömlum orðum, sem notuð hafa verið í skólanum, í stað nýrra heita, sem eru miður viðkunnanleg. Aðeins ein breyting er veruleg efnisbreyting, nefnil. 5. brtt. við 12. grein. Hann og hv. þm. Dala. (BJ) hafa lagt áherslu á það, að hún gengi fram. Sagði hv. þm. Dala., að sig hefði einmitt langað til að koma fram með slíka tillögu, en brostið hugrekki til þess. Jeg held þá, að það sje í fyrsta sinni, sem hann hefir brostið hug, því að áður hefir hann borið margt fram, sem meira hugrekki hefir þurft til. Jeg verð að segja það, að jeg sje enga ástæðu til þess, að kennarar við mentaskólann fái sjerstöðu fram yfir aðra kennara og embættismenn hjer á landi. Jeg fæ ekki sjeð, að þeir eigi sjer að kostnaðarlausu að fá lausn frá störfum 10. hvert ár, frekar en aðrir. Þeir hafa mest frí af öllum embættismönnum þessa lands, 3 mánuði á hverju sumri, en aðrir ekki nema 14—16 daga. Þetta er einnig kostnaðarsamt, því að það er ekki aðeins, að þeir fái frí, heldur þarf að fá aðra til þess að kenna í

stað þeirra. Öðru máli væri að gegna, ef allir embættismenn ríkisins fengi frí til hvíldar eða til þess að menta sig. En að fara að taka þessa menn eina út úr, tel jeg ástæðulaust, þar sem þeir hafa og miklu minna að gera en aðrir embættismenn.

Jeg ætlaði að bíða eftir því, að flm. að brtt. á þskj. 272 talaði fyrir henni, en get lýst yfir því, að jeg er henni samþykkur. Mjer hefir skilist, að heimavistir við latínuskólann hafi á sínum tíma verið afteknar vegna ótta við tæringu, og eftir tillögum Guðmundar Björnssonar landlæknis voru þær afnumdar. En nú eru heimavistir við aðra skóla, svo sem á Akureyri, Hvanneyri og víða, og hefi jeg ekki frjett, að þar hafi borið á neinni sýkingarhættu, svo að jeg hygg, að þetta sje aðeins grýla. Og jeg veit, að allir, sem þekkja til heimavista frá fyrri tíð, munu játa, að þær voru öflugt meðal til þess að efla skólalíf og nánara samband milli pilta. Nú er þetta alveg horfið, en ætti þó að geta haldist í 3 efstu bekkjunum, en varla mögulegt, að það geti haldist milli deilda. Það má vera, að eitthvert skólalíf sje í efri bekkjunum, en það er ekkert svipað og það var til forna, og í því á afnám heimavistanna mikinn þátt. En það er dýrt að koma á slíkum heimavistum, og ekkert yfirlit er til um það. Hafði jeg því búist við, að hv. flm. mundi gera grein fyrir því. Málið er því enn ekki eins vel undirbúið og það þyrfti að vera.

Þá ætla jeg að svara hv. 2. þm. Eyf. (BSt), þar eð hann beindi nokkrum spurningum til þeirra þm., sem væru stuðningsmenn þessa frv. Hann sagði, að ef frv. yrði að lögum, yrðu bæði Norðlendingar og Austfirðingar sviftir rjettindum þeim, er þeir hefðu haft, meðan próf frá gagnfræðaskólanum á Akureyri nægðu til inntöku í lærdómsdeild mentaskólans, og er það rjett, og enn talaði hann um hættu þá, sem stafaði af því, að menn á Norður- og Austurlandi yrðu hjer eftir að senda börn sín til náms til Reykjavíkur. En þetta er gömul saga, ævagömul, og ekkert nýtt við hana, því hún hefir svo oft verið sögð. Jeg veit ekki betur en að menn verði víðar að að senda syni sína og dætur til menta til Reykjavíkur, og mundi ekki vera til sami óttinn hjá fólki í þeim sveitum, sem senda börn sín til Akureyrar, til að mentast þar? Jeg man, að svo var, þegar skólinn var fluttur frá Möðruvöllum til Akureyrar, þá óttuðust menn mjög hin skaðlegu áhrif bæjarlífsins þar á nemendurna. Þetta er ævagömul saga, sem algengt er að heyra í sveitunum. Jeg rak mig nýlega á gamalt sendibrjef, svo gamalt, að það var um 300 ára, sem fjallar um þetta sama. Það var sýslumaður í einni sýslu landsins langt í burt, sem sendi dóttur sína suður til menta, í þá spillingarinnar Sódóma og Gómorra, sem menningarmiðstöð landsins þá var talin vera — Skálholt. Hann sendi dóttur sína suður þangað til að mentast þar undir handarjaðri biskupsfrúarinnar, og í brjefinu talar hann fagurlega um þetta, og biður biskup með mörgum orðum og fögrum að sjá um, að dóttir sín glepjist ekki í gleðskaparglaumi þeim og solli, er þar hljóti að vera. — Svona var álit almennings þá, og er sagan því ekki ný, og jeg geri ekkert úr þessari ástæðu. — Það er satt, að Norðlendingar hafa verið sviftir Hólaskóla hinum forna, gegn vilja þeirra, og er því ástæða til að menn sakni hans; en jeg vil benda á, að Norðlendingar

hafa þar orðið fyrir „injuria temporum“, svo jeg sletti latínu, eins og fleiri hafa gert. Skólinn var orðinn mjög ljelegur, sem von var, því varla er hægt að benda á einn einasta biskup, alla 18. öldina, á Hólum, sem verulega kvæði að í mentamálum, nema ef til vill einn, sem þó naut skamt við — en undir dugnaði og forsjá biskupanna var framför og þroski skólans að mestu kominn. En það er ekki hægt að benda á marga merka menn í seinni tíð skólans, sem hafi útskrifast þaðan. En þó eiga Norðlendingar alls eigi að gjalda þess; jeg vil eigi svifta þá neinum skóla; þvert á móti skal jeg verða meðal fyrstu manna til að efla skóla þeirra og jafnvel til þess að gera hann að lærðum skóla, ef efnin leyfðu, sem jeg býst varla við að verði á næstu árum, og þó verð jeg að álíta, að nóg sje til af stúdentum.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) spurði ennfremur, hvað ætti að verða af Akureyrarskólanum, ef þetta frv. yrði samþykt? Jeg býst að vísu við því, að hv. þm. Dala. (BJ) muni svara þessu, þar eð það stendur honum næst, en annars er spurningin óþörf, því það er auðvitað, að alt mun standa við hið sama og áður var; skólinn heldur áfram sem ríkisskóli, eins og áður. Auðvitað dettur hvorki mjer nje öðrum í hug, að skólunum verði kastað á bæinn eða sýsluna. Það kemur ekki til mála. En að öðru leyti geri jeg ráð fyrir, að hv. þm. Dala. (BJ) muni svara þessu ítarlegar.

Björn Líndal: Jeg þykist ekki geta komið mjer hjá því, að taka til máls, þar eð jeg á sæti í þeirri nefnd, er hafði mál þetta til meðferðar, og auk þess hefi jeg borið fram nokkrar brtt. við þetta frv.

Það skal hreinskilnislega játað, að jeg hefi oft fundið til þess, síðan jeg fjekk sæti hjer á hv. Alþingi, hversu mikill vandi fylgir vegsemd þeirri að vera þingmaður. Fyrir þingið koma oft mál, sem mjög miklu skifta framtíð þessarar þjóðar og ekki aðrir en sjerfræðingar í þeim greinum geta haft fulla þekkingu á, og þess er krafist af okkur þingmönnunum, að við greiðum um þau atkvæði, með eða móti, þótt við finnum sárt til þess, að okkur brestur mjög þekkingu til þess að dæma um, hvað hjer sje þjóðinni fyrir bestu. — Jeg játa það fúslega, að jeg hefi litla þekkingu á skólamálum, þótt jeg hafi sjálfur alllengi í skólum verið, og því er þetta mál eitt þeirra mála, er mjer er erfitt að greiða atkv. um. — Með þessum formála ætla jeg að gera grein fyrir mínu atkv. um þetta mál.

Mjer var frá upphafi illa við þá breytingu, sem gerð var á skólanum fyrir 20 árum síðan, og álít jeg, að skólinn hafi síst orðið betri síðan, og tel jeg, að þetta hafi verið spor í ranga átt. En jeg skal og fúslega játa, að mjer stendur einnig stuggur af öllum snöggum og gagngerðum breytingum, jafnt í fræðslumálum og öðrum málum, er miklu skiftir hag þjóðarinnar, hvernig skipað er. Þó að jeg sje ekki sjerfræðingur, þykist jeg þó bera nokkurt skyn á það, hver munur er á gagnfræðamentun og undirbúningsmentun undir vísinda-iðkanir. En þetta atriði hefir þegar verið nægilega útskýrt af öðrum, og læt jeg mjer nægja að vitna til þess. Mín skoðun er sú, að á þessu tvennu sje mikill munur, og að það sje alt annað, sem verður að leggja aðaláherslu á við gagnfræðanám en við undirbúning undir vísindamensku. Jeg tel hyggilegast,

hjer sem annarsstaðar, að kenna þeim unga þann veg, sem hann á að ganga, og unglingunum sjálfum best að velja sjer framtíðarveginn sem allra fyrst. Þangað til er ráð unglinganna mjög á reiki, og sá á kvölina, sem á völina. Og það verður áreiðanlega til þess, að fleiri ganga hinn svokallaða mentaveg en ella mundu, að þeir þurfa ekki að taka þá ákvörðun fyr en þeir eru komnir upp úr 3. bekk.

Jeg er fyllilega samþykkur þeim mönnum, sem telja of mikinn stúdentafjölda þjóðinni síður en svo til góðs. Þeir hafa dvalið of lengi við bókleg störf og eru því flestir orðnir lítt eða ekki færir til líkamlegrar vinnu, ef ekki fæst annað. Enda óska menn oftast að halda áfram, er þeir eru orðnir stúdentar, háskólinn stendur fyrir augum þeirra í einskonar töfraljóma og dregur þá til sín. Þó eru sumir, sem vilja aðeins fara þangað til að dvelja þar um stundar sakir, og væri þeim stundum betra að hafa hvergi farið; aðrir fara á háskóla af löngun til að stunda ákveðnar fræðigreinir. En verði þeir of margir, sem þá leið ganga, er hreinn voði fyrir dyrum, hvort heldur er um embættismannaefni eða vísindamenn að ræða, því það leiðir til þess eins, að þá verður til flokkur lærðra öreiga, sem eru aðeins til ógagns hverju þjóðfjelagi. Þessum mönnum hættir við að fara inn á skaðlegar brautir, til þess að geta haft ofan af fyrir sjer, lenda oft í ýmsu stjórnmálabraski o. fl., sem betur væri ógert. Það er vitanlega engu betra, að of mikið sje af lærðum mönnum en t. d. of margir skósmiðir o. s. frv. Jeg játa einnig, að jeg aðhyllist þetta frv. vegna þess, að það yrði sennilega til þess, að fækka þeim mönnum, sem færu þessa braut, er fram líða stundir; stúdentatalan mundi lækka. En jeg vil ekki flaustra þessu af. Jeg vil ekki gera neinar stórfeldar breytingar, nema sterkar líkur sjeu fyrir því, að ekki verði þessu öllu snúið öfugt við aftur, eftir örfá ár. Þetta mál þarf að undirbúa þannig, að þjóðin sjálf skilji nauðsyn þessarar breytingar. En ef það á að koma svo að segja aftan að þjóðinni með þessar stórbreytingar á skólanum, er hættara við, að hægt verði að æsa menn upp móti breytingunni og til þess að kippa öllu í sama farið aftur. Jeg vil því láta þetta mál fá annan og betri undirbúning, þannig, að þjóðin eigi kost á að ræða þetta mál á stjórnmálafundum og láta uppi álit sitt um það o. s. frv. Ennfremur þarf fjárhagshlið þessa máls meiri athugunar við. Mjer skilst, að ekki verði hjá því komist að styrkja Reykjavík til gagnfræðaskólahalds, eins og gert er um aðra skóla, t. d. á Akureyri, en hve mikill þessi kostnaður yrði, er alt órannsakað mál. Þá er enn, að jeg get ekki fylgt þessu frv., ef ekki fæst samþ. brtt. mín um heimavistirnar. Því miður get jeg ekki frætt háttv. 2. þm. Rang. (KIJ) um, hve mikinn kostnað þær mundu hafa í för með sjer, en hann verður allmikill, og nú vinst ekki tími til að gera áætlun um þetta. Að miða þetta við kostnað heimavistanna á Akureyri, er ekki hægt. Sá skóli var bygður á þeim tímum, er húsabyggingar voru miklu ódýrari en nú, og er því ekki hægt að miða við það, auk þess hagar í ýmsu öðruvísi til á Akureyri en hjer, er gerir það að verkum, að heimavistirnar verða þar ódýrari en þær munu verða hjer í Reykjavík. Það er rjett, sem hv. 2. þm. Rang. (KIJ) sagði, að heimavistirnar voru lagðar niður við lærða skól-

ann hjer vegna berklaveikishættu. Jeg var þá í skóla, og hefi jeg þann heiður, að hafa verið síðastur umsjónarmaður á Langaloftinu. Okkur fjell þá öllum illa að missa af heimavistunum, en þá var talin vera talsverð hætta af berklasmitun í skólanum, og því voru þær lagðar niður. Jeg er þess fullviss, að það er mikil nauðsyn á að taka aftur upp heimavistir við skólann. Fátækum piltum ofan úr sveitum yrði miklu hægara fyrir að stunda nám við skólann, ef heimavistir yrðu aftur upp teknar. Og það gagn, sem ungir námsmenn hafa af því að vera stöðugt samvistum hverir við aðra, undir handleiðslu og umsjón góðra kennara, er sjaldan metið eins mikils og vert er.

Þá er enn eitt atriði ótalið. Með samþykt þessa frv. yrði því sambandi slitið, sem undanfarin ár hefir verið milli Akureyrarskólans og mentaskólans í Reykjavík, er nemendur, útskrifaðir þar norður, hafa gengið inn í lærdómsdeild mentaskólans. Ef þessu sambandi yrði slitið, mundi verða óþægilegri aðstaða manna á Norðurlandi til að koma börnum sínum til menta, en úr þessu mætti bæta með því að koma á fót einhverri aukakenslu við Akureyrarskólann, svo nemendur kæmust þaðan fyrirhafnarlítið inn í neðstu bekki lærða skólans hjer í Reykjavík. Til þess að þetta verði og athugað, vil jeg láta fresta þessu máli. Verði ekki hægt að koma því við, að þessi aukakensla komist á fót við Akureyrarskólann, mun þar rísa sterk alda til að krefjast þess, að þar verði einnig settur lærður skóli, og er það sanngirnismál mikið. Aftur á móti fer jeg ekki dult með þá skoðun mína, að jeg álít þess enga þörf, að tveir lærðir skólar verði í landinu fyrst um sinn. Það er augljóst, að kostnaðurinn yrði margfalt meiri við þessa grein fræðslumálanna, ef skólarnir yrðu tveir, og við mundum með þessu baka okkur mikinn og óþarfan kostnað. Þá mundi naumast í bráð vera hægt að útvega nógu marga kennara til tveggja skóla, og segi jeg þetta ekki til að rýra álit þeirra kennara, sem nú eru, en þetta er mín sannfæring í þessu máli. Nú sem stendur er ilt að fá menn í kennarastöður, er hafi tekið embættispróf, og nú kenna víða við skólana ýmsir menn próflausir, þótt stundað hafi þeir þau fræði, er þeir kenna, og þó að þessir menn sumir kunni að vera fullgóðir kennarar, verður þó alment að telja meiri tryggingu fyrir góðri kenslu, er ræða er um mann með góðu prófi, heldur en þegar próflaus maður á í hlut.

Þá eru enn ótalin þau þroska- og siðferðisáhrif, sem vænta má, að skólarnir hafi á nemendurna, og er eigi hlaupið að því, að finna nógu marga menn, sem hafa þegið þá guðsgjöf, að vera sjerstaklega til þess fallnir, að kenna þeim ungu þann veg, sem þeir eiga að ganga. En það þarf að velja þá menn að skólunum, sem færir eru til þess að þroska hæfileika unglinga þeirra, sem þeir hafa undir hendi, sem eru færir um að gera þá víðsýnni og kenna þeim að temja sjer sjálfstæða hugsun og rannsókn viðfangsefna. Mjer er ekki grunlaust um, að nú tíðkist það við ýmsa skóla, að innræta mönnum ákveðnar skoðanir, bæði í stjórnmálum, viðskiftamálum og á öðrum hlutum, og er það ilt, ef satt er. Á þennan hátt gætu komið upp flokkar í þjóðfjelaginu, sem því gætu orðið hættulegir, flokkar, sem kent hefir verið að misskilja hver annars skoðanir, í stað þess að kenna þeim að reyna að skilja hverjir aðra. Þessi hlið fræðslu-

málanna er mjög athugaverð. Þótt gott sje og nytsamlegt að vita ýmislegt í náttúrufræðum, stærðfræði, sögu, málum o. s. frv., er þó meira um vert, að unglingarnir „líði eigi tjón á sálu sinni".

Skal jeg nú, eftir þennan inngang, sem orðinn er æðilangur, koma að aðstöðu minni til þessa máls.

Jeg vil vísa máli þessu til stjórnarinnar, með rökstuddri dagskrá eða öðru, til þess að það verði athugað, hvað kosta muni að koma upp nægilega mörgum heimavistum hjer í Reykjavík, og hvað muni kosta að koma upp aukinni kenslu við Akureyrarskólann, sem nægi til inntöku í neðstu bekki í lærða skólanum hjer; þá vil jeg heldur ekki gera of lítið úr því, hvað okkar besti skólamaður, sem nú er utanlands, leggur til þessara mála, þegar hann kemur heim aftur í sumar. Verði brtt. minar um heimavistirnar feldar, verð jeg að vera á móti þessu frv. Um aðrar brtt. gerir minna til. En þótt þessar brtt. verði samþyktar, þá er ekki þar með sagt, að jeg greiði atkv. með frv. Jeg endurtek það, að af því, sem jeg er þegar búinn að gera grein fyrir, vil jeg fresta þessu máli að sinni.

Hákon Kristófersson: Það var rjett, sem hv. þm. Ak. (BL) sagði, að þingmenn eru margir í vanda staddir, til að komast að niðurstöðu um þetta mál, og er það eigi óeðlilegt, að jeg og minir líkar sjeum í því meiri vanda staddir, er skólamennina sjálfa greinir svo á, að svo má kalla, að hver rífi niður annars skoðun í þessu máli. Það er því ekki óeðlilegt, að við sjeum hikandi, er þetta er orðið deilumál í deildinni. Jeg fyrir mitt leyti álít, að frv. fari í rjetta átt, en hitt er annað mál, hvort það er nógu vel undirbúið og svo frá því gengið, að það megi afgreiða það í því formi, sem það nú er í.

Brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., sýna best, að málið hefir ekki verið eins vel undirbúið frá hendi hv. flm. og æskilegt hefði verið, en jeg verð að halda því fram, að annað eins stórmál og þetta og annað eins menningarmál ætti helst ekki að koma frá öðrum en frá stjórninni sjálfri. Hvaða stjórn sem er ætti að hafa mun betri aðstöðu og gögn í hendi til að ganga betur frá slíku frv. en nokkur þm. — Þessi orð mín má þó ekki skilja svo, að jeg sje ekki fús til að viðurkenna það, að af einstökum þingmönnum tel jeg hv. flm. langfærastan til að bera fram slíkt mál sem þetta.

Þetta frv. er ekki nýr gestur, en jeg tek fram, eins og hv. þm. Ak. (BL) gerði, að þó þörf kunni að vera á því, að þessi breyting verði gerð, hefir þetta mál þó ekki verið athugað af þjóðinni eins og æskilegt mætti teljast, en til þess ber brýna nauðsyn, að bera það undir sem flesta hugsandi menn. Þá eru og brtt., sem eru til mikilla bóta á frv., og á jeg þar við brtt. 272, sem jeg býst við, að flestir muni fallast á. Þó kemur bæði fram í þeim, eins og í umræðunum, að þetta muni hafa mikinn kostnað í för með sjer, og einn mikilsvirtur þingmaður, hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir sagt, að samþykt frv. gæti vel orðið til þess, að ekki yrði þess langt að bíða, að óskir kæmu fram um annan lærðan skóla, og mjer heyrðist hann lofa þeim óskum fylgi sínu. Þó að þetta kunni ef til vill líka að vera nauðsynlegt, mun það þó mæta allmiklum andróðri. Það er oft, bæði innan þings og utan, talað um, að aðsókn til skólanna sje of mikil,

og þykjast menn nú hafa fundið ráð til að koma í veg fyrir þennan annmarka, og það er þetta frv., sem á að bæta úr þessu. Jeg deili ekki við þá, sem þetta segja, því vel getur verið, að svo sje. En jeg sje ekki betur en að málið sje að því leyti illa undirbúið, að óranns akað er, hversu mikið heimavistir fyrir 50 nemendur muni kosta. Þá er og fyrir því ráð gert, að nemendur njóti húsaleigustyrks að skaðlausu, þangað til þessum heimavistum verður komið á fót. Þetta ákvæði hlýtur svo að skiljast, að þeir eigi að fá styrk, sem svari því, er nemendur annars þurfa að greiða fyrir húsaleigu, ljós og hita, hjer í bænum. En ennþá vantar gögnin á borðið, hvað sá kostnaður verður mikill fyrir ríkissjóð. (**BJ**: Hann verður voðalegur!) Hv. þm. Dala. segir, að kostnaðurinn verði voðalegur, og má það vel vera, þó að jeg hinsvegar búist fremur við því, að hv. þm. hafi sagt þessi orð í skopi. (**BJ**: Já.) Jeg átti von á því, eftir afstöðu hv. þm. (BJ) til fjárhagsmála ríkissjóðs yfirleitt að dæma.

Hvernig sem á mál þetta er litið, þá sje jeg ekki, að nokkur þröskuldur sje settur í veg þess, þó að því verði enn slegið á frest um stund, á þann hátt, að því verði nú vísað til stjórnarinnar með það fyrir augum, að hún taki það enn til ítarlegrar yfirvegunar og leggi síðan fyrir næsta þing, ef hún telur ástæðu til þess. Jeg kann betur við þessa leið en að samþ. verði dagskrártill. á þskj. 146 og leyfi mjer því hjer með að leggja það til, að frv. verði vísað til stjórnarinnar, með skírskotun til þess, sem jeg nú hefi sagt. Enda er nú orðið svo áliðið þingtímans, að engin von er til þess, að frv. verði afgreitt að þessu sinni, ef ekki á að flaustra því einhvernvegin af. En jeg býst við því, að hv. flm. (BJ) uni því illa, að þessu hjartfólgna áhugamáli hans verði ekki sá sómi sýndur, að frá því verði endanlega gengið með þeirri alúð og vandvirkni, sem þingmenn eiga besta. Þessvegna kæmi mjer á óvart, ef hann yrði óáægður með þau úrslit, að málið skyldi rannsakað enn betur en gert hefir verið. Því það segir sig sjálft, að gott mál verður ekki nógsamlega ihugað, einkum þar sem skoðanir manna um það eru skiftar.

Hinsvegar fæ jeg ekki sjeð, eins og sumir aðrir hv. þm., að nokkra sjerstaka nauðsyn beri til að fresta afgreiðslu málsins vegna fjarveru eins ágætasta skólamanns okkar einnar. Jeg býst við því, að hjer heima sjeu nú svo margir áhugamenn í þessum efnum, að alt geti komið í dagsljósið, sem mælir sjerstaklega með og móti þeirri stefnu í skólamálum, sem í frv. felst.

Jeg skal játa, að mig brestur þekkingu til að tala um mál þetta á við og dreif, á þeim breiða grundvelli, sem það hefir nú verið rætt. En mjög kæmi mjer á óvart, ef þeir, sem hafa samúð með stefnu frv., geta ekki felt sig við till. mína, um að vísa því nú til stjórnarinnar eins og sakir standa, og ekki vil jeg trúa því, að málið sje orðið, eða verði nokkurntíma, sjerstakt flokksmál.

Forsætisráðherra (JM): Jeg fæ ekki skilið þá till., að vísa máli þessu til stjórnarinnar nú. Það er öllum hv. þm. vitanlegt, að jeg hefi áður, á þingi 1921, borið fram stjfrv., samhljóða þessu frv. og samkv. till. tveggja manna, sem höfðu rannsakað öll skólamál landsins, samkv. fyrirskipun Alþingis 1919. Þessvegna getur það varla þýtt annað, að vísa slíku frv. til stjórnarinnar, en að jafnframt

sje til þess ætlast, að hún beri það aftur fram í svipuðu formi á næsta þingi. Því getur hv. deild ekki búist við, að jeg færi að bera fram öðruvísi frv. í aðalatriðum um þetta mál. En máske vísan málsins til stjórnarinnar eigi að þýða það, að hún skeri sjálf úr.

Eins og kunnugt er, var skipulagi latínuskólans breytt árið 1904, með stjórnarráðstöfun. Og heimildin til slíkrar stjórnarráðstöfunar er enn fyrir hendi. Skipulag mentaskólans er nú bygt á reglugerð, en ekki lögum. Sama er að segja um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Jeg gat þess á þingi 1921, að jeg hefði skilið þingið 1919 svo, að það ætlaðist til, að skipulagi skólans yrði enn breytt á sama hátt, ef til kæmi, en þá ljet jeg þess jafnframt getið, að kostnaðarauki væri dálítill að frv. um lærða skólann, sem jeg lagði þá fyrir þingið, þar sem bæta þyrfti við 2 nýjum kennurum. Nú er sú ástæða horfin, þar sem miklu fleiri kennurum hefir verið bætt við mentaskólann síðan og kostnaður við breytinguna sjálfa ekki lengur af atriði. Að eins hyrfi úr sögunni gagnfræðaskóli fyrir Reykjavík, sem reyndar var ekki til fyrir 1904, og yrði bærinn því sjálfur að sjá sjer fyrir gagnfræðakenslu.

Ef málinu verður nú vísað til stjórnarinnar, mun eg því taka til yfirvegunar, hvort ekki muni rjett, að hún ráði því til lykta eins og henni þykir best henta.

Annars verð jeg að segja, að mjer finst miður ráðið af hv. deild, ef hún vill ekki samþykkja frv. þetta nú.

Eins og jeg sagði hjer á þingi árið 1921, þá eru áreiðanlega langflestir þeirra, sem mesta reynslu og þekkingu hafa á skólamálum, þeirrar skoðunar, að þessa breytingu eigi að gera á skólanum, en breytingin 1904 hafi verið óheppileg, og því ekki annað rjettara fyrir hendi en fara aftur í gamla farið. Og jeg held það sje ekkert vafamál, að sjálfsagt sje, að lærðaskólamentun stúdentaefnanna byrji þegar í stað, að afloknu barnaskólanámi, en gagnfræðingum verði sjeð fyrir mentun á annan hátt.

Bæði jeg og aðrir hafa svo oft talað í þessu máli, að jeg hefi þar litlu við að bæta. En þó vildi jeg mega lesa kafla úr ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ), sem frsm. mentmn. í þessu máli á þingi 1921. Hafi nokkuð á vantað, að jeg væri þess fullviss, að breytingin ætti fram að ganga, þá styrktist jeg í þeirri trú minni við að heyra orð hv. þm. (MJ). Það er svo oft, að dæmi kasta skýru ljósi yfir málin, a. m. k. hafa lögfræðingar oftsinnis orðið þess varir. Hv. þm. (MJ) segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það má líkja þessari skólamentun manna við það, þegar verið er að reisa hús frá grunni, enda er líking sú ekki ný; hún hefir verið notuð og margprófuð á ýmsan hátt og kemur mætavel heim í þessu sambandi.

Hugsum okkur, að tveir menn sjeu að reisa hús. Annar reisir sjer stórhýsi mikið; hinn byggir smátt, aðeins eina hæð. Nú er óhugsanlegt, að báðir mennirnir fari eins að við undirbúning og byggingu þessara húsa. Þegar lagður er grundvöllur undir hús, verður að sníða hann eftir því, hve háreist húsið á að verða. Það er heimska að kosta upp á of sterkan grundvöll undir litla húsið og eyða í hann ærnum tíma og firnum af fje. Þó er enn meiri heimska að reisa

hann veikan undir stórt og hályft hús. Hvorttveggja yrði til skaða báðum þessum húsum.

Eins má segja, að fari fyrir tveim mönnum, sem ætla að afla sjer mismunandi mentunar.

Annar vill „praktiska“ mentun, fyrir lífið. Hann vill verða vel mentaður á þann hátt, hvort heldur sem hann ætlar að verða bóndi, iðnaðarmaður eða skrifstofumaður. Hann vill geta fleytt sjer í tungumálum, þekkja söguna og vita eitthvað í náttúrufræði. Yfirleitt vill hann læra, til þess að verða hæfur maður í hvaða stöðu sem bíður hans að náminu loknu.

Hinn hugsar sjer að verða vísindamaður eða embættismaður, eða það, sem almennast er að kalla það, lærður maður. Því þó að flestir fari hjer inn í embætti, þá verður þó nám þetta að miðast við vísindanám, og undir það verður að leggja öðruvísi grundvöll en þann, sem hinn „praktiski“ maður byggir sína hagkvæmu mentun á.

Eftir að þessir menn hafa lokið barnaskólamentun sinni, er óhugsandi, að þeir geti átt samleið eða farið eftir sömu reglum.

Sá, sem lengra námið ætlar að stunda, verður að byggja sem allra traustastan grundvöll. Hjá hinum „praktiska“ er það í raun rjettri lokanám, takmark í sjálfu sjer, en hjá hinum er þessi þriggja ára skólamentun aðeins byrjun á undirbúningi þess náms, er hann ætlar að stunda næstu 12—14 ár. Hann verður að leggja sem traustastan grundvöll, og hann getur byrjað á honum breiðum með tilliti til námsgreinafjöldans, því hann veit, að fram undan er nægur tími til þess að reisa háa byggingu á slíkum grundvelli.

Þessvegna sýnist heilbrigð hugsun segja manni, að þessir tveir menn geti ekki orðið samferða þetta þriggja ára skeið, án þess að skaða annan eða báða.“

Þetta er, eins og hv. þm. tók fram, ekki ný samlíking, en fyrir mjer skýrði hún málið svo vel, að jeg minnist hennar ætíð síðan.

Og flestir mætustu skólamenn okkar munu vera á sömu skoðun. T. d. veit jeg ekki betur en sá kennari mentaskólans, sem nú er talað um að bíða eftir, hafi lýst skýrt og skorinort því áliti sínu, að breyting þessa frv. væri sjálfsögð og nauðsynleg.

Jeg veit líka, að þegar breytingin var gerð, árið 1904, voru mjög margir harðóánægðir, og t. d. mun þáv. skólastjóri mentaskólans hafa sagt við skólauppsögn, þegar síðustu stúdentarnir voru útskrifaðir undir gamla fyrirkomulaginu, að það væri í síðasta skiftið, sem lærðir stúdentar útskrifuðust frá skólanum.

Þetta kann nú að vísu að vera dálitið orðum aukið, en þó er víst, að nám í samfeldum 6 ára skóla hlýtur að verða notadrýgra en nám, sem ekki er samfelt. T. d. munu þeir, sem nú ganga í mentaskólann, verða að læra sagnfræði í þrennu lagi. Fyrst í barnaskóla, síðan í gagnfræðadeild, og enn á nýjum grundvelli í lærdómsdeild mentaskólans. Og hið sama má sennilega segja um ýmsar aðrar námsgreinir.

Jeg get ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til að bera svona mál sjerstaklega undir þjóðina. Mjer sýnist hv. þm. sjálfum vera fullörðugt að átta sig á því, og geri jeg því ekki ráð fyrir, að kjósendur verði vel færir um, að dæma í málinu á þingmálafundum. Þar að auki er málið ekki nýtt, heldur hefir þegar ver-

ið mikið rætt, bæði í blöðum og annarsstaðar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg verð að segja, að jeg get með góðri samvisku tekið undir ummæli þeirra hv. þm., sem telja vanda mikinn að greiða atkv. um þetta mál nú.

Sjerstaklega lít jeg að mörgu leyti svipuðum augum á málið og hv. þm. Ak. (BL). Þó sje jeg enga ástæðu til að ásaka hv. flm. (BJ) fyrir að bera frv. þetta fram. Jeg efa ekki, að stefna hans í skólamálum sje sprottin af fullkominni sannfæringu, enda hefir hann meiri reynslu að baki sjer í þessum efnum en flestir aðrir hv. þm., og í annan stað verður ekki um það deilt, að stúdentafjöldinn hjá okkur horfir til stórvandræða, og er hann vafalaust skipulagi skólamálanna að kenna. Það laðar of marga inn á hina svokölluðu mentabraut og hefir þegar sprengt utan af sjer mentaskólann, og er á góðum vegi með að gera háskólanum sömu skil. Þessvegna má ekki lengur dragast, að betra skipulagi verði komið á skólamál okkar.

Hv. þm. Dala. (BJ) hefir með frv. sínu bent á eina leið að þessu ákveðna marki, en þrátt fyrir það finst mjer málið eigi svo vel undirbúið, að hægt sje nú þegar að ráða því til lykta, og get jeg því ekki fylgt frv., hve feginn sem jeg vildi.

Það er skylda okkar þm., að breyta því aðeins skipulagi, hvort heldur á skólamálum eða öðrum málum, að breytingin verði fyrirsjáanlega til batnaðar. Okkur verður ennfremur að vera það fullkomlega ljóst, hvað sigla muni í kjölfar breytingarinnar.

Að því er þetta mál snertir, þá er mjer einkum ekki vel ljóst, hverjar fjárhagslegar afleiðingar samþykt frv. muni hafa.

Hv. þm. Dala. (BJ) svaraði þessu atriði nokkuð við 2. umr., en mjer skildist þá á honum, að hann ætlaði nú að gera enn fyllri grein fyrir fjárhagslegum afleiðingum breytingarinnar. Af þessu hefir þó ekki orðið ennþá, hvað sem því veldur. En eftir því, sem fram hefir komið í umr., þá má öllum ljóst vera, að í sambandi við mál þetta eru mörg fjárhagsleg atriði, sem skylt er að gera sjer grein fyrir, áður en gengið er til atkv. Það er skylda hv. þm., að gera sjer glögga grein fyrir fjárhagslegum afleiðingum frv., bæði að því er snertir bæjarfjelög og ríkissjóð.

Ef frv. verður samþ., þá er fyrsta afleiðingin, eins og hv. þm. Dala. (BJ) hefir vikið að, að í Reykjavík verður að koma sjerstakur gagnfræðaskóli, sem rúmi 450—600 nemendur. Í fjvn. hefir verið gengið út frá því, að ríkissjóður kosti byggingu slíkra skóla að $^2/_5$, en greiði $^3/_4$ rekstrarkostnaðar þeirra.

Jeg kysi nú að fá vitneskju um, hversu mikill þessi kostnaður yrði fyrir ríkissjóð, og ennfremur er það sjálfsögð skylda gagnvart Reykjavíkurbæ, að stjórn hans sje látin segja álit sitt á því, að bærinn reisi slíkan skóla að $^3/_5$ og kosti rekstur hans að $^1/_4$. Ekki hefir þetta verið gert. Önnur afleiðing frv. er sú, ef þetta á ekki að verða eintómt fálm, að Flensborgarskólinn hlýtur, að nokkru leyti, að hverfa yfir á bæjarsjóð Hafnarfjarðar, og þriðja afleiðingin sú, að nokkur hluti rekstrarkostnaðar gagnfræðaskólans á Akureyri kemur niður á Akureyrarbæ.

Nú finst mjer skylda Alþingis að láta þessa aðila vita og segja álit sitt um

svo afleiðingarikar breytingar, áður en stofnað er til þeirra.

Og enn er eitt atriði, sem einnig þarf að gefa gaum.

Það hefir komið fram brtt. frá hv. þm. Ak. (BL) og fleiri hv. þm., um að reisa heimavistahús við skólann, er rúmi ekki færri en 50 nemendur, sem fái þar ókeypis húsnæði, ljós og hita. En þangað til húsið verður fullbúið, eiga ekki færri en 50 nemendur að fá svo mikinn styrk, að þeir sjeu skaðlausir. Eins og sakir standa nú, geri jeg ráð fyrir, að húsnæði, ljós og hiti muni varla kosta öllu minna en 60 kr. á mánuði, til jafnaðar. Fyrir 50 nemendur verða þetta 27 þús. kr. á ári, sje gert ráð fyrir 9 mánaða skólavist. Þessa upphæð verður ríkissjóður að gjalda, þangað til heimavistahúsið verður reist.

En hvað kostar svo að reisa hús yfir 50 nemendur á baklóð mentaskólans? Hefir það mál verið rannsakað? Jeg er ekki að hafa á móti þessum áformum, þó að jeg krefjist þess, að það liggi ljóst fyrir, hvað allar þessar breytingar muni kosta. Jeg hefi beðið eftir upplýsingum hv. þm. Dala. (BJ) um þessi efni, en þar sem hann sagði áðan, að mikið yrði að ganga á til þess að hann tæki aftur til máls, þá ræð jeg af því, að hann sje ekki undir það búinn, að gefa nauðsynlegar skýrslur um kostnaðarhlið þessa máls. Þó jeg hafi annars mikla tilhneigingu til að fylgja minum gamla og góða latínukennara í þessu máli, þá vil jeg ekki stofna til svo víðtækra breytinga, án þess að athugað sje eftir föngum, hvað af þeim leiðir, einnig fjárhagslega.

Þá er eitt enn, sem leiðir af samþykt frv., en það er, að þar með verður slitið öllu sambandi milli gagnfræðaskólans á Akureyri og mentaskólans, og á þann hátt ónýttur sá vísir til mentaskóla, sem Norðlendingar þrá svo mjög að fá hjá sjer. Jeg skil vel, að Norðlendingum er þetta viðkvæmt mál, og veit, að þeir munu ekki una slíkum afdrifum til lengdar. Þeir eru kappsmenn miklir og hafa sótt fast, að fá stofnsettan mentaskóla í Norðlendingafjórðungi.

Fyrir nálega 1000 árum síðan var stofnsettur lærður skóli í þessum fjórðungi landsins, fyrir ötula forgöngu hins vitrasta manns, sem þá var uppi með þjóðinni. Og við vitum allir, að þær mentastofnanir, sem þar hafa starfað, hafa verið svo merkilegar og lagt svo margt gott af mörkum til menningar þjóðarinnar, bæði fyr og síðar, að á þeim grundvelli er erfitt að setja Norðlendinga enn skör lægra í mentamálum en gert hefir verið undanfarið.

Út frá öllum þessum hugleiðingum verð jeg að styðja till. hv. þm. Barð. (HK) um að vísa málinu til stjórnarinnar að þessu sinni.

En það vil jeg taka skýrt fram, að frá minni hálfu er það ekki gert með þeim forsendum, að hæstv. stjórn ráði málinu til lykta upp á eigin spýtur, að þinginu fornspurðu, enda vil jeg ekki trúa því, að það verði gert.

Að lokum vildi jeg segja eitt orð við hv. þm. Dala. (BJ), sem e. t. v. tekur illa upp fyrir mjer, að jeg skuli ekki geta gengið inn á að afgr. frv. hans nú þegar.

Vegna þess, hve mikið er talað um latínu og latnesk fræði, þá vil jeg minna hann á latneskan málshátt, sem heitir: festina lente. Jeg held, að hv. þm. væri rjett að lifa eftir því heilræði í þessu

máli. Og slíkt mál sem þetta á að koma betur undirbúið til þings en raun ber vitni um í þetta sinn.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla, að danskur málsháttur einn hljóði svo: „Jeg get heyrt margt, áður en eyrun detta af mjer.“ Þau sitja nú enn á mjer, þótt búinn sje jeg að hlusta á ýmsa visku hv. þm. í þessu máli, og hana allstrembna.

Hv. þm. Barð. (HK) vill vísa þessu máli til stjórnarinnar. Já, það er von! Áður en málið var svo undirbúið sem nú er það, greiddi þessi hv. þm. atkv. móti dagskrá þeirri, sem þá átti að fresta því með. Var stjórninni þá falið málið og milliþinganefnd sett í það. Hún hefir nú setið á rökstólum, gefið út frv. og fært ástæður sínar fyrir því.

Síðan hefi jeg borið þetta fram ár eftir ár. Og þær breytingar, sem jeg hefi gert á frv. nefndarinnar, eru mjer ekkert kappsmál. Þetta er því alveg sama frv. Og þessi undirbúningur hefir talist allsæmilegur hingað til.

Jeg verð ennfremur að segja, að þó vera kunni, að undirbúningur minn sje ekki mikill og þekking mín á kenslumálum bágborin, þá hefi jeg þó verið í latínuskóla og háskóla. Jeg hefi að vísu ekki tekið glæsileg próf, en hitt ætla jeg engan hafa efast um, að kunnátta hafi verið næg. Síðan hefi jeg fengist við kenslu alla æfi, alt frá því er Helgi heitinn bróðir minn byrjaði að læra að lesa. Ef þessi undirbúningur er ekki nægilegur til nokkurs skilnings á kenslumálum, þá öðlast jeg hann aldrei. Og á þessum undirbúningi hvílir mín skoðun, og frv. er afleiðing af honum og þeirri reynslu, sem jeg hefi fengið í kennarastarfi, er ræður því, að jeg lít þannig á þessi mál. Hv. þm. (HK) getur því varla talað um flaustur, og úr því hann fylgdi málinu 1923, þá samir varla að finna upp á því, að vísa því nú til aðgerða stjórnarinnar. Það myndi jeg því aðeins gera, að stjórnin fylgdi minni skoðun. En jeg á ekki þess kost, að stjórna stjórninni, svo sem flokksmenn hennar gera.

Þá vildi jeg beina fáum orðum að hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg mun ekki svara öllu, því að jeg heyrði það ekki. Svo var og um ræðu hv. þm. Ak. (BL).

Hv. þm. Str. (TrÞ) kvað þetta mál ekki nægilega undirbúið. En jeg segi: það er fullvel undirbúið. Það er bygt á áliti milliþinganefndar og þeirri litlu þekkingu, sem jeg hefi á kenslumálum. Hv. þm. vill ef til vill bera brigður á það, að hún hrökkvi langt. En jeg ætla þá að gerast svo djarfur að segja, að innan þessara veggja eru ekki þeir aðrir, er betur hafi vit á þessu en jeg, og að þeir, sem best vita, eru mjer sammála. Það er sanngjarnt, að hv. þm. (TrÞ) vill ekki breyta um skipulag, nema hann viti, að breytt sje til batnaðar. En það er ekki mjer að kenna, að hann veit ekki betur. Jeg hafði hann ekki undir minni hendi nema í 3. bekk, og hefði jeg haft hann 3 vetrum lengur, hefði hann og vafalaust vitað þetta. (**TrÞ:** Jeg verð þá að koma í grísku.) Þm. kann nú orðið allmikið í grísku og hefir fengið góðan vitnisburð. Annars kemur það ekki málinu við. En þetta, sem hv. þm. (TrÞ) segir, bendir til þess, að hann eigi bágt, því þekking hans segir honum, að hann eigi að vera þessu frv. fylgjandi. Í stað þess er hann að koma með allskonar spurningar til mín. Hann veit, að hann er jafnfær um að svara þeim og jeg, en hann vonar,

að jeg nefni einhverjar þær tölur, sem fæli þm. frá að samþykkja þetta. Hv. þm. (TrÞ) blandar saman tvennu gerólíku. Jeg sagði um daginn, að skólakerfið ætti að vera þannig, að lærður skóli væri, og tæki við af honum háskóli. Þá væru gagnfræðaskólar að auki í hverjum fjórðungi. Þetta þarf ekki að vera bundið hvað við annað. Tökum til dæmis gagnfræðaskólann í Reykjavík, þennan neðri hluta almenna mentaskólans. Hann fullnægir hvergi nærri Reykjavík, því það eru ekki nema um 20 manns úr bænum, sem komast í hann árlega. Þörf Reykjavíkur fyrir gagnfræðaskóla er alveg söm, hvort sem hún hefir þennan eða ekki, og væri um vilja bæjarbúa spurt, þá mundu svörin verða á þessa leið: Ef þið ætlið að gera eitthvað í þessu máli mjer til þægðar, þá þurfum við fyrst og fremst gagnfræðaskóla, sem tekur þrefalt eða fimmfalt fleiri unglinga en neðri hluti mentaskólans nú.

Og þetta er krafa, sem hlýtur að koma, ef mentaskólanum verður ekki breytt. Og af þessu myndi leiða meiri kostnað en af öllum grýlunum til samans, sem barið er við breytingunni. Hvernig hv. þm. Str. (TrÞ) komst að því, að Hafnarfjörður yrði að taka Flensborgarskólann og Akureyri gagnfræðaskólann þar, ef breytingin kæmist á, það er hlutur, sem jeg fæ ekki skilið. Það stendur í sambandi við alt annað frv. En þó slitið sje sambandi milli skólanna, geta þessir skólar staðið um aldur og ævi. Þetta er aðeins draumur. Hitt er aftur á móti rjett, sem hv. þm. (TrÞ) sagði, að heimavistanna verður að taka tillit til og þess kostnaðar, sem af þeim leiddi. En það er svo merkilegt mál, að þar má alls ekki horfa í neinn kostnað, því það varðar beinlínis heilsu og þroska unglinganna. Þegar jeg var í skóla, þá svaf jeg í Langaloftinu og nokkurn tíma í Litlaloftinu. Þá var lesið í bekkjunum. Þetta gekk vel. Og ef ekki þyrfti að taka hvert skot til gagnfræðanáms, þá er í skólanum sama rúm og var. Þarf þá ekki annað en að slá niður milligerðir þær, sem settar hafa verið milli herbergja á loftinu. Með tímanum þyrfti kanske að byggja hús. Hvað það kostaði, er ekki unt að segja að svo stöddu, enda er jeg þess fullviss, að þess myndi ekki þurfa í bráð. Hitt vita allir, að þetta fyrirkomulag myndi spara 12 kennara. Reikni menn, hvað mikið það er!

Að því er snertir Norðlinga og skólann þar, þá kemur hann ekkert við þeim breytingum, sem gerðar kynnu að verða á skólanum hjer. Þegar Norðlingar vildu fá lærðan skóla, var jeg á móti því, af því þeir ætluðu að bæta við 3 bekkjum og auka einum kennara við þá, er fyrir voru. Hitt var sýnt, að jafnmarga kennara myndi þurfa og hjer með einskiftum bekkjum. Jeg andmælti þessu eingöngu af sparnaðarástæðum, því þegar alt ymur hjer frá lofti til gólfs af sparnaðarhjali, þá þótti mjer lítið samræmi í því, að bæta við 4—5 nýjum embættismönnum.

Það er ekki jeg, sem hefi á móti, að til væru 2 eða jafnvel 3 lærðir skólar á landinu. En þá þarf að leysa frá buddunni. Og það er ekki jeg, sem fastast held í þann spotta. (**TrÞ**: Nei!) — Þm. segir nei, alldrýgindalega. En jeg segi drýgindalega: Það er ekki jeg. Hv. þm. (TrÞ) heldur, að jeg kunni ekki málsháttinn „festina lente“. En hefir hann ekki tekið eftir, að einmitt svo hefi jeg farið að.

Það eru mörg herrans ár síðan jeg flutti þetta fyrst. Síðan hefi jeg látið mjer lynda, að það væri tafið með heimskulegum mótbárum og ekki sagt hart orð í nokkurs manns garð. Er þetta gauragangur? 7—8 ára þolinmóð bið. Festina lente! Hafi þm. það sjálfur hugfast! Þó að hann hafi ekki beðið 6—7 ár, þá hefi jeg gert það, og ef allir eiga að bíða 6—7 ár, hver eftir annan, vænti jeg, að biðin verði svo löng sem töluröðin, og þurfa menn þá ekki að óttast, að mentun vaxi í þessu landi. Þetta er fyrirsláttur, alt saman fyrirsláttur.

En hversvegna? Eru hv. þm. hræddir við landsmenn? Þess þurfa þeir ekki, ef þeir láta frv. ganga fram. En vari þeir sig ella, því skoðun mín er drotnandi meðal fjölda fólks í landinu.

Það er fullkomin vanþekking, að vera á móti frv. Fyrirkomulagið, sem nú ríkir, spillir tíma og fje unglinganna um 3 ár. Að vilja halda í það, er að gera sitt til þess að drepa niður mentun og menningu í þessu landi.

Benda vil jeg hv. þm. á það, að ekki er það mín vegna, sem jeg flyt þetta frv. Jeg ætla ekki að verða kennari við þennan skóla. Þeir ljetu mig vera mörg ár um að koma hjer fram frv. um löggilta skjalþýðendur, af ótta við það, að jeg ætlaði mjer þann starfa. Jeg er heldur ekki verst staddur að kenna mínum eigin sonum, eins vel og nú tíðkast, gutlfræði þau, sem farið er með í þessu landi, og það annað, sem jeg ætla, að betra sje.

Hákon Kristófersson: Jeg tók svo eftir, að hv. flm. (BJ) vildi fá það út úr orðum mínum, að jeg vefengdi það, að hann hefði vel vit á kenslumálum. En þetta er ekki rjett. Jeg tók það fram áðan, eins og oft fyr, að jeg teldi, að hann væri einmitt mjög vel fær til þess að koma fram með hagkvæmar tillögur í skólamálum, að því leyti sem þau ekki snertu fjárhagshliðina. Hitt er annað mál, þótt jeg segði, að þetta mál væri ekki svo vel undirbúið, að mínu viti, að ekki mætti gera það betur. Eins förlaðist hv. þm. (BJ) sýn, er hann sagði, að jeg hefði brosað, er hann talaði síðast. Svo var alls ekki, og mun hann hafa litið til mín með helsti lítilli góðgirni, er honum fjellu þau orð af munni. Hann vildi beina því til mín, að jeg teldi það nýjasta í málinu vera kostnaðarhliðina. En það vill nú svo til, að engin kostnaðaráætlun liggur fyrir, og til þess hnigu orð mín, að einmitt með betri undirbúningi málsins til næsta þings eða svo mætti við því búast, að hægt væri að ganga til grunns, hvað þetta atriði snerti, svo að hv. þdm. vissu, um hvað þeir væru að greiða atkv. Eins og jeg tók áðan fram, er það síður en svo, að jeg vilji sýna þessu stórmerka máli nokkra vansæmd, og mjer er alls ekki ljóst, að það væri neitt rothögg á það, þótt framgangi þess sje frestað um eitt ár. Hv. þm. (BJ) sagði, að jeg hefði skift um skoðun í málinu og studdi orð sín með því, að benda á, að jeg hefði fyrir nokkru greitt atkv. á móti rökstuddri dagskrá, sem kom fram. En þetta sannar ekkert, að jeg hafi skift um skoðun. Jeg hefi ekki gert það, en það er eingöngu vegna þess nýja, sem nú hefir fram komið í málinu, að jeg kýs að fara þessa leið, sem jeg hefi lagt til. Hv. þm. var að ógna mjer og öðrum með reiði kjósenda. Jeg hefi nú sjeð þá hrislu svo oft reidda áður af hv. þm (BJ), að jeg hleyp ekki í kút við það. Annars skil jeg ekki, hvað hv. þm. (BJ) gengur til

þessa. Jeg hefi mælt með fullri vinsemd bæði um málið og hann í heild, og get ekki talið honum neinn vansa gerðan, þótt málinu sje nú vísað til hæstv. stjórnar. En það kýs jeg fremur en að verða að samþ. þá rökstuddu dagskrá, sem hjer lá fyrir.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki skilja, hvaða þýðingu það hefði, að fara þessa leið, en hinsvegar virtist mjer hann alls ekki vera á móti því, að svo væri gert. En jeg verð nú að segja, hvað mig snertir, að jeg treysti hæstv. stjórn vel, hjer sem í öðrum málum, og jeg býst við, að hún myndi rannsaka fyllilega, hvaða útgjaldaaukning þetta myndi hafa í för með sjer, en það er nú, að mínu viti, alveg órannsakað.

Hæstv. forsrh. benti á, að stjórnin hefði heimild til að breyta skólanum, án þess, að frv. væri samþ. Þá er mjer spurn: Því er verið að berjast um þetta mál þing eftir þing hjer í þingsalnum? Jeg verð að segja, hvað mig snertir, og jeg ætla, að svo sje og um marga aðra hjer, alveg að þeim ólöstuðum, að jeg hygg, að hæstv. stjórn muni hafa miklu meiri þekkingu til brunns að bera á þessum málum en við. Því væri jeg því fegnastur, að þurfa alls ekki að greiða atkv. um þetta mál, því að svo kynni að fara, að atkv. mitt fjelli ekki á rjettan hátt. Og eins og jeg sagði fyr, þá hefi jeg stungið upp á þessari leið, að vísa málinu til stjórnarinnar, af því að jeg álít því best borgið á þann hátt og hv. flm. (BJ) algerlega vansalaust, að svo sje að farið. Hv. flm. (BJ) benti á þann mikla sparnað, sem þetta mál hefði í för með sjer. Það sparaði heila 12 kennara, sagði hv. þm. (BJ). En eftir öllum sparnaðarrökum hans, trúi jeg nú illa,að svo mikill sparnaður hljótist af þessu. Jeg læt ekki segja mjer þá sögu, að þessum 12 kennurum sje umsvifalaust fleygt út á gaddinn af hv. þm. Dala. (BJ). Ætli þá færi ekki eitthvað að bóla á þeim háværu röddum, sem hjer hafa oft hljómað um þingfyrirheit og annað þesshättar? Ætli þess yrði ekki krafist, að þjóðfjelagið sæi á einhvern viðunanlegan hátt fyrir þessum mjög merku heiðursmönnum, veitti þeim nýjar stöður, þangað til þeir af einhverjum orsökum segðu sig þá sjálfir frá þeim Jeg finn enga ástæðu til að fjölyrða meira um málið. Jeg segi eins og hv. flm. (BJ), að hvað, sem mælt er í minn garð, læt jeg afskiftalaust. Jeg hefi sagt þessi fáu orð, sem jeg hefi látið falla, í fullri vinsemd og vildi engan styggja, síst hv. flm. (BJ), sem nú sem fyr ber málið fram af ærlegum umbótaáhuga, og á því engin ámæli skilin, hvorki frá mjer nje öðrum.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mjer þykir fyrir, að hæstv. forsrh. og kenslumálaráðherra (JM) er ekki viðstaddur í deildinni, því það var einkanlega vegna hans ummæla, að jeg fann mig knúðan til þess að taka til máls. Hæstv. forsrh. sagðist taka það svo, ef málinu væri vísað til stjórnarinnar, að hæstv. stjórn væri falið að gera það, sem henni sjálfri sýndist um breytingu á skólanum. En hvorki í umr. nje till. felst neitt, sem gefur minsta tilefni til, að þessi skilningur sje lagður í till. Á öllum þingum, sem hafa haft þetta mál til meðferðar, hefir ekki komið annað fram en að þingið vildi hafa valdið um þetta mál. Og þegar hæstv. stjórn á sínum tíma lagði fyrir þingið frv. um lærðan skóla, þá viðurkendi hún, að svo ætti að vera, að þingið hefði úrskurðarvald um málið.

Enda er svo um alla skólastarfsemi, að þingið ræður skipun hennar, en stjórnin setur aðeins reglugerðir um nánari framkvæmd laganna. Svo er og í öðrum löndum, að þjóðþingin ráða heildarskipun skólanna. Því sje jeg ekki, þar sem stjórnin hefir áður lagt fram frv. um lærðan skóla og hv. þm. Dala. (BJ) hefir nú borið frv. sitt fram á þinginu, að nokkur ástæða sje til að leggja annan skilning í þessa till. en þann, sem vant er, þegar málum er vísað til stjórnar. Menn gera það af nokkuð misjöfnum hvötum, sumir leggja slíkt til af því að þeir vilja eyða málunum, og svo mun vera um flesta í þessu máli. Aðrir vilja með þessu móti fá málin betur undirbúin. Annað en þetta tvent er ómögulegt að ætla, að liggi á bak við þessa till., fremur en aðrar slíkar.

Hæstv. forsrh. (JM) las upp part úr ræðu eftir hv. 4. þm. Reykv. (MJ). þar sem skólamentuninni var líkt við húsagerð. Virtist hann mjög ánægður með þá líkingu. En ef líkingin er talin fullnægjandi, verður að ætla, að þeir, sem aldir eru upp fyrst í barnaskóla, og þá gagnfræðaskóla, síðan mentaskóla og loks í háskóla, fái utan um sig hvert húsið á fætur öðru. Þarf ekki að svara slíku sem þessu. Hlýtur mörg vitleysan af því að spretta, þegar lífrænum hlutum er líkt við dauða hluti, og talið er, að allur sannleikur felist í líkingunni.

Hæstv. forsrh. ljet enn í ljós, að allir, sem vit hefðu á þessum málum, skoðuðu tvískiftinguna óheppilega og álitu betra að hverfa að fornu skipulagi. Jeg stend ekki hjer til þess að vötta það, að jeg hafi fremur öllum öðrum vit á þessum málum. En jeg vil benda hv. deild á það, að fleiri menn en þeir, sem í okkar landi búa, bera skyn á þessi mál og hafa um þau hugsað, og þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þessi tvískifting væri heppileg. Jeg veit ekki, hvernig þessu er varið í Noregi, en í Svíþjóð og Danmörku hefir þetta verið rannsakað vandlega, og þar mun ekki koma til mála, að tvískiftingin verði afnumin. Í móðurlandi þessa skipulags, Sviss, sem er rómanskt land, er þessari tvískiftingu haldið, og engar raddir heyrast þar gegn því, að svo verði framvegis. Þessi tvískifting er vaxin upp af hinu „demokratiska“ þjóðskipulagi, og því liggur nærri að taka Sviss og Norðurlönd til fyrirmyndar. Tvískiftingunni fylgja margir og ágætir kostir, m. a. sá, að ekki þarf að ákveða strax á barnsaldri lífsstarfið. Það er mikill ókostur, ef ákveða verður á 10—12 ára aldri, hvaða braut ganga skuli. Þá ákveða menn ekki lífsstarf sitt sjálfir, heldur foreldrarnir, og venjulega verður það þá efnahagurinn, sem ræður. Tvískiftingin ræður bót á þessu, og því er hún vinsæl annarsstaðar. Menn eiga að fara í skóla af því, að þeir sjeu vel til þess fallnir, en ekki af því, að þeir sjeu sendir af foreldrunum eða ríkum frændum.

Það hafa verið taldar til ýmsar námsgreinar, sem ekki þykja vel fallnar til þess að kenna í tvískiftum skólum, m. a. saga. Þar sje kent hvert yfirlitið eftir annað, eitt í barnaskólum, annað í gagnfræðaskólum og þriðja í lærdómsdeild. Jeg skal fúslega játa, að þetta er röng aðferð. En það fæst aldrei svo stórt yfirlit, að nægi óskiftum skóla. Í svona skólum á að lesa eitt yfirlit, sem hægt er að ljúka á 1—2 árum, og það má gera í gagnfræðadeildinni. Í lærdómsdeildinni

á svo að taka sjerstaka kafla sögunnar, en alls ekki nýtt yfirlit. Þessi námsgrein hefir helst verið tilfærð hjer gegn því, að tvískifta námi til stúdentsprófs, en hvergi annarsstaðar svo jeg viti, enda er sagan mjög illa til þess fallin, að sanna nauðsyn óskifts skóla. Þetta sífelda tal um námsgreinar, sem ekki þoli skiftingu, hefir við engin rök að styðjast. En það tæki of langan tíma að ræða hjer um hverja námsgrein rækilega. Það er annað miklu hættulegra, sem liggur til grundvallar fyrir þessari baráttu móti tvískiftum skóla. Það er þetta sífelda tal um gagnfræðamentun fyrir lífið, eins og gagnfræðamentunin sje aðeins fyrir þennan táradal jarðarinnar, en vísindanámið fyrir hina, sem geti lyft sjer upp í hæðirnar og hvergi þurfa að koma við jörðina. Svona tvískifting er ekki til í lífinu. Þetta er tóm bábilja og ekkert annað. Það sjest af því, að hvort sem menn ganga í barnaskóla eða gagnfræðaskóla eða mentaskóla, fer námið eftir sömu reglu. Það er verið að nema niðurstöður vísindanna og aðferðirnar til þess að finna þær. Árangur námsins fer ekki mest eftir því, hvort um er að ræða barnaskóla eða latínuskóla, heldur er mest komið undir ágæti kennaranna. Og þeir, sem best kenna, reyna fyrst og fremst að gera nemendurna sjálfstæða í hugsun, ala upp dómgreind þeirra og óhlutdrægni. En þetta er jafn-nauðsynlegt í öllum skólum. Þessi tvískifting milli gagnfræðanáms og vísindanáms, sem talað er um, er hvergi til. Jeg hefi gengið í gegnum barnaskóla, gagnfræðaskóla, lærdómsdeild og háskóla, og jeg gat ekki fundið, hvar vísindanámið tæki við af gagnfræði daglega lífsins. Mjer fanst námið áþekt alstaðar, og munurinn aðallega fólginn í því, hvernig kent var. En ágætir kennarar hafa alstaðar líka aðferð, í hvaða skóla sem þeir kenna. Við sjáum líka, að ekki urðu allir vísindamenn, sem bjuggu við gamla fyrirkomulagið. Nei, vísindamenn, sem ryðja brautir, verða ekki framleiddir með reglugerðum. Það stendur ekki í valdi neins þings, hvernig þeir verði til. Þar kemur til greina gáfnafar, sem ekki er háð neinni skólareglugerð eða lagastaf. Þetta er grundvöllur málsins, eins og það er hjer rætt. Og svo á latínan að vera aðalmeðalið til þess að ala upp sanna vísindamenn! Það er eðlilegt, að áhersla sje lögð á latínuna í rómönskum löndum. Og þó er ekki eins mikil áhersla lögð á hana þar eins og gert er ráð fyrir að hjer verði, eftir þessu frv. Latínan er að vísu klassiskt mál, en það hefir hvergi sýnt sig, að hún ein hafi skilyrði til þess að gera hugsandi menn úr nemendunum. Okkar þjóð hefir aldrei staðið á lægra menningarstigi en þegar latínan var hjer sem voldugust. Ef endilega þarf að hafa eitthvað til þess að greina lærða menn frá ólærðum, mætti notast við annað ódýrara, t. d. langar neglur, eins og hjá Kínverjum.

Latínan var eitt sinn gagnfræði, og þá var hún nauðsynleg, af því að lærðir menn töluðust við á því máli. Hún var ekki kend þá af því, að hún ein gæti skapað vísindi eða hugsandi menn, heldur af því, að hún var þá beinlínis gagnfræði. Latínan er göfugt mál, og þeir, sem hugsa mest um beygingar og endingar, níða auðvitað ensku og önnur þesskonar mál. En ef að er gáð, þá er málið meðal til þess að láta í ljós hugsanir. Og það mál verður að meta mest, sem best þjónar þeim tilgangi.

Jeg hefi einkum lesið ensku, og jeg

verð að segja, að jeg þekki ekkert mál, sem tekur enskunni fram um það, að lýsa öllu því, sem býr í hugskoti mannanna. Það er viðurkent, að enskar bókmentir eru miklu auðugri en latneskar bókmentir. Rómverjar voru engin sjerstök bókmentaþjóð. Hermenska og stjórnmál voru þar efst á baugi. Cato t. d. og fleiri höfðingjar fyrirlitu grísk áhrif, en Grikkir voru mikil bókmentaþjóð. Það er fásinna, ef miða á við göfgi bókmentanna, að hefja latínu til skýjanna, en níða enskuna. Þó að hægt sje að skrifa verslunarbrjef á ensku, þá rýrir það ekki gildi hennar. Og þótt ekki sje hægt að nota latínuna í þarfir viðskiftalífsins, þá verður hún þar fyrir engu ágætari.

Jeg held, að latína sje kend nægilega mikið hjer í mentaskólanum. Ef tíminn er notaður vel, hygg jeg, að nemendur geti öðlast sæmilegan skilning á venjulegu latnesku máli, þó að ekki sje varið til þess meiri tíma en nú er. Það er líka til vottorð frá hv. þm. Dala. (BJ) um, að stúdentar, sem til hans hafa komið eftir að nýja reglugerðin gekk í gildi, skilji sæmilega latínu. Jeg man, að þau ummæli voru höfð eftir Birni M. Ólsen, að stúdentar gamla skipulagsins gætu hvorki skrifað latínu nje talað, nema með þeirri fyrirhöfn, sem enginn leggur á sig ótilknúður af yfirvofandi prófi. Það var óánægjan með latínuna, sem ruddi henni úr vegi. Þá leit hún út í augum manna eins og ugla, sem allir vildu losna við. Nú er hún máluð upp eins og uglan hafi verið drotning, sem nú sje leyst úr álögum. En það er áreiðanlegt, að þó að hún yrði sett í hásætið aftur, mundi hún ekki sitja þar langvistum.

Inn í þetta mál er ruglað fullyrðingum um það, að latínuskólinn sje orðinn að barnaskóla og yngri stúdentar sjeu yfirleitt illa að sjer. Kemur hjer fram þetta vanalega, að eldri mennirnir eru óánægðir með yngri kynslóðina. Það er satt, að nemendur koma í skólann yngri að aldri nú en áður, og mætti kanske frá því sjónarmiði kalla neðri deildirnar barnaskóla. En þetta mundi ekki breytast, þó að latínan yrði sett inn aftur. Munurinn mundi verða sá, að aðgangur yrði greiðastur nemendum úr Reykjavík og frá efnaheimilum út um land. Það þarf engar sjerstakar gáfur til þess að læra undirstöðuatriði latínu, aðeins kennara til þess að troða í nemandann, en sú aukakensla kostar peninga. Jeg tel ekki æskilegt, að þessu sje kipt í gamla farið, enda væri það ekki hægt, hvernig sem breytt væri um námsgreinar. Alveg sama kvörtunin og nú heyrðist hjer um aldamótin. Þá voru nemendur farnir að koma heldur yngri í skólann en tíðkast hafði, og það var kvartað yfir því, að þeir væru óþroskaðir. Einmitt þá, þegar nemendur fóru að koma yngri í skólann og kvartanirnar urðu háværari, var gripið til þess ráðs að minka latínunámið, til þess að bæta úr þroskaleysinu og ljetta ófrjóu námi af nemendunum. Nú á að leiða hana inn í helgidóminn aftur, til þess að bæta úr því, sem henni var áður um kent.

Hafi það skipulag, sem nú er, reynst illa, þá er það þeim mönnum að kenna, sem með það hafa farið. Það er sagt, að rektor sá, er útskrifaði síðustu stúdentana eftir gömlu reglugerðinni, hafi þá látið svo um mælt, að þetta væri í síðasta skifti, sem hann útskrifaði lærða stúdenta. Þessi rektor var gamall maður og lærður, en ekki heppilegur til þess að innleiða nýja reglugerð, og jeg álít

óheppilegt, að ekki skyldi þá vera í rektorsstöðu yngri maður og hæfari til þess að innleiða þennan nýja sið. Hafi þetta fyrirkomulag heppnast illa, þá er þeim um að kenna, sem fyrir framkvæmdinni hafa staðið. En það er ekki mín skoðun, að það hafi reynst illa. Það má þó kanske bæta um það, t. d. með því að gera lærdómsdeildina að 4 ára skóla. Jeg býst við, að ekki yrði staðið á móti því. Í Sviss eru fyrst skólar fyrir börn 8—12 ára. Síðan taka við unglingaskólar til 15 ára aldurs. Þá er tekin ákvörðun um stöðu. Þar fyrir ofan koma svo allir sjerskólarnir, búnaðarskólar, iðnskólar, verslunarskólar o. s. frv. En svo er ein grein, sem býr undir háskólanámið, „gymnasiið", og er þar lögð áhersla á latínu eða stærðfræði. Stúdentar útskrifast svo venjulega um 19 ára. Þetta fyrirkomulag hefir reynst vel og mundi líka eiga vel við hjer.

Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. En það er auðfundið, að bak við þessar auknu kröfur um latínunám stendur þetta gamla viðkvæði, að öðruvísi var þetta í mínu ungdæmi — og heimur versnandi fer. Mönnum finst sín æska ágæt, og gera svo þær kröfur, að aðrir sjeu aldir upp eins og þeir. Það er auðvitað fallegt að unna endurminningum sínum frá æskuárunum, en það er hvorki sanngjarnt nje farsælt, að setja alla í þá spennitreyju, sem þá var við tímanna hæfi.

Tryggvi Þórhallsson: Það gleður mig, að hv. þm. Dala. (BJ) stendur hjer við hlið mína, því að það er eingöngu af kurteisi við hann, að jeg tek til máls, til þess að kvitta fyrir þann fagra vitnisburð, sem hann gaf hæfileikum mínum. Jeg er að vísu feiminn við að taka til máls, eftir öll þessi „præ", sem hv. þm. (BJ) gaf mjer, og líka fyrir þær námsgreinar, sem hann hefir ekki kent mjer. Annars hefi jeg fáu að svara. Það, sem jeg setti út á frv., var það, að það væri ekki nægilega undirbúið. Hv. þm. (BJ) vjek að því, og svaraði á einn veg. Hann vjek að undirbúningi kensluskipulags í mentaskólanum og talaði um, hve hann væri fær um að ganga frá þeim málum. Hann tók fram, að hann væri best til þess fær af þeim, sem hjer væru inni, og þar sagði hann ekki of mikið, því að hann er einn af okkar bestu kennurum. Jeg kvartaði heldur ekkert að þessu leyti. En málið hefir fleiri hliðar. Það hefir líka sína fjárhagshlið. Það hefir fjárhagslegar afleiðingar um skipun skólamála að öðru leyti. Jeg færði rök að því, að málið væri ekki nóg undirbúið að þessu leyti. Og þar sem jeg hefi gefið hv. þm. Dala. (BJ) svona góð meðmæli, að því er snertir skipulag kenslunnar, skal jeg taka fram, að jeg ber ekki eins gott traust til hans að því er snertir fjárhagshliðina. Jeg held því fram, að þar hafi honum skjátlast undirbúningurinn. Á þeim grundvelli fer jeg fram á, að málinu sje frestað. Annars verð jeg að segja það, að hv. þm. Dala. (BJ) er ekki eins hreinskilinn nú og oft áður, og ekki eins hreinskilinn og við 2. umr. Við 2. umr. málsins játaði hv. þm. Dala. (BJ), að ein afleiðingin af þessu væri gagnfræðaskóli í Reykjavík með 400—500 manns. Þá játaði hann, að þetta leiddi af sjer mikinn kostnað, en nú er orðið annað uppi á teningnum. Nú vill hann láta líta svo út sem þetta sje sparnaður. Hv. þm. Dala. (BJ) hefir tekið á sig nýjar myndir, sem fara honum illa. Fyrir hverja er hann að dansa? Við hverja er hann

að vingast, er hann breytir svo sjálfum sjer? Frv. er, eins og hann lýsti því, sparnaðarfrv. En það er þvert á móti því, sem það á að vera frá hans hálfu, því að sannarlega er hv. þm. Dala. ekki vanur að beita sjer fyrir sparnaðarfrumvörpum.

Fyrstu myndina tók hann á sig, þegar hann hjelt því fram, að heimavistirnar, sem gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 272, þyrftu ekkert að kosta. Jeg verð að segja, að jeg trúi betur sjálfum tillögumönnum, sem telja kostnaðinn mikinn, enda gerir tillagan ráð fyrir, að þangað til heimavistirnar komi til framkvæmda, skuli greiða nemendum, 50 að tölu, húsnæði, ljós og hita, og verður sú upphæð varla minni en 24 þús. kr. á ári.

Næstu myndina tekur hv. þm. Dala. á sig, þegar hann gerir ráð fyrir, að nemendum mentaskólans fækki niður í 100, en enginn gagnfræðaskóli komi í staðinn. Jeg trúi ekki, að hv. þm. Dala. sje alvara.

Þá tekur hann á sig þriðju myndina, er hann segir, að kennurum mentaskólans muni fækka um 12. Jeg spyr, eins og hv. þm. Barð. (HK): Hvað á að gera við þá, sem fyrir eru nú? Á að kasta þeim út á gaddinn? Jeg á bágt með að trúa, að hv. þm. Dala. sje orðinn svona mikill sparnaðarmaður. En af hverju segir hann alt þetta, þvert um hug sinn? Hann vill ekki þetta, og eitthvað hlýtur að liggja á bak við.

Jeg ætla að enda á því, að minna hv. þm. Dala. (BJ) á fræg orð, sem Snorri Sturluson leggur í munn Finni Árnasyni. Finnur segir við Þorberg, bróður sinn: „Ilt þykir mjer ofkvæni slíkt, að þora ekki fyrir konu sinni að halda einurð sinni.“ Og mjer þykir ilt, ef hv. þm. Dala., vegna mjög óeðlilegs bandalags, sem hann hefir gengið í í þessu máli, þorir ekki að halda einurð sinni fyrir þeim mönnum, sem honum eru fjarskyldastir um mentamálin.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið. Þær eru þegar orðnar nokkuð langar, enda er ekki að furða, þó að það taki eina dagstund eða svo, að ræða þetta mikilsverða mál, sem jeg hygg, að stórfeldari afleiðingar geti haft fyrir þjóðina en flest önnur mál, sem fyrir þessu þingi liggja.

Jeg hafði um tíma töluverða von um, að þingið, sem oft hefir sætt ámælum fyrir vinnubrögð sín, mundi hafa sóma af þessu máli, en nú virðist mjer sem ýmsir vilji fara að rifa seglin svo mjög, að vonlaust verði, að skipinu skili til hafnar í tæka tíð. Bæði hv. þm. Ak. (BL) og hv. þm. Barð. (HK) störfuðu nokkuð að þessu, og þótti enginn vegur að afgera málið. Það væri ekki nægilega undirbúið. Hv. þm. Str. (TrÞ) taldi margt, sem ekki væri búið að reikna út af afleiðingum þessa máls, og nú eru ljón á veginum alstaðar. En eins og ýms mál hafa verið afgreidd hjer á þingi, þykir mjer undarlega við bregða, ef þetta mál er illa undirbúið. Það er nú búið að vera hjer síðan jeg sat fyrst á þingi. 2 árum áður hafði stjórnin skipað nefnd til að undirbúa málið, og sú nefnd skilaði málinu greiðlega til stjórnarinnar, svo að hún gat undirbúið það af sinni hálfu. Síðan hefir það verið rætt í blöðum og á fundum. Það er engin von um, að málið verði neitt ljósara, þó að því verði vísað til stjórnarinnar. Hvers vænta menn eiginlega? Vænta þeir þess, að ný nefnd verði skipuð í málið, sem komist að annari niður-

stöðu? Nei, menn vilja bara vera lausir við málið enn einu sinni. (HK: Kostnaðurinn!) Jeg hefi engan aukakostnað heyrt nefndan, nema heimavistarkostnaðinn. Það eru öll ósköpin. En brtt., sem fer fram á heimavistir, er þannig útbúin, að ekki þarf að gera neitt í því máli fyr en 1928, en húsaleigustyrkur er tekinn upp í millitíð. Og allur þessi kostnaður þarf að koma hvort sem er. Að vísu eru hjer nokkrir menn að norðan, en þeim er ekki meiri vorkunn en öllum öðrum utan af landi, sem þurfa að stunda nám sitt hjer. Nei, það á að samþykkja frv. og þessa brtt. Þá er ekki hægt að komast hjá því, að rannsaka kostnaðarhliðina upp á víst. En sje eitthvert yfirlit gert nú, þykjast menn ekki geta bygt neitt frekar á því. Þingið hefir gert annað eins og það, að snúa aftur, ef því ofbýður kostnaðurinn. Jeg er alveg sannfærður um, að hvort sem nokkuð er samþykt nú eða ekki, verður nauðsynlegt að greiða utanbæjarnemendum húsaleigustyrk. En þegar hann er kominn á, má byggingin vera dýr, til þess að ekki borgi sig betur að reisa heimavistarskála við skólann, og fá um leið þá tryggingu og það aukna skólalíf, sem af því mundi leiða. Það er oft svo, að þegar gamlir menn sjá eftir einhverju, sem tíðkaðist í þeirra ungdæmi, en tíðkast nú ekki lengur, halda þeir ungu, að það sje einhver vitleysa og tómur hugarburður úr gömlu mönnunum. En engum blandast hugur um, að heimavistirnar hafi verið miklu betra og skemtilegra fyrirkomulag en nú er, og einmitt það, sem verið er að kyrja Akureyrarskólanum til lofs, eru heimavistirnar.

Mjer skildist á hv. þm. Str. (TrÞ), að hann vildi ekki samþykkja neitt í þessu máli, fyr en komin væri löggjöf um alt skólakerfi landsins og menn vissu upp á hár, hvernig alt ætti að vera. Það er eins og það sje einhver von um það hjá andstæðingum málsins, að þetta sje einhver alda, sem rís í svip, og svo lægi óveðrið aftur og þeir sitji eftir með sinn skifta skóla.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) spurði, hvað yrði um Akureyrarskólann. Þeir, sem reynt hafa að svara þeirri spurningu, hafa gert það hikandi, en jeg verð að segja, að jeg sje ekki annað en að skólinn geti haldið áfram eins og áður. Þar munu menn ljúka sínu prófi, þótt það próf veiti þeim ekki rjett til að ganga í lærdómsdeildina hjer. Það var sagt við mig í brjefi nýlega, að ef þetta yrði samþykt, mundi Akureyrarskólinn standa tómur. En hvar er þá öll dýrð hans og vegsemd, ef hann getur ómögulega staðist, nema í sambandi við lærdómsdeild mentaskólans? Hann var vel sóttur, áður en samband komst á þar í milli. Þetta bendir á annan möguleika. Það getur hugsast, að ekki liði á löngu áður en farið er að heimta, að kennarar hafi gagnfræðamentun, áður en þeir fái sína sjermentun í kennaraskóla. Fyrir norðan, í nánd við Akureyri, er fjöldi bænda og annara manna, sem tekið hafa gagnfræðapróf, og er hart, ef kennarinn er kanske nærri því fáfróðasti maðurinn í bygðarlaginu. Verði þetta, verða áreiðanlega full not af þessum skóla, þó að hann sje ekki ætlaður til að búa menn undir lærdómsdeildina hjer.

Menn geta nú gert það, sem þeir vilja í þessu máli, en skólinn verður áreiðanlega ekki lengi óbreyttur. Annaðhvort verður tekið þetta ráð, að gera skólann óskiftan, eða að lærða deildin verður lengd. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) mintist á

fyrirkomulagið í Svíþjóð. Jeg er ekki eins fróður og hann í því efni, en mig minnir, að þar sje fyrst 3 ára gagnfræðadeild, og síðan 4 ára lærður skóli. Með þessu móti verður skólinn svo langur, að þar má koma mörgu að, sem koma má að í 6 ára skóla, óskiftum. En höfum við efni á að tefja fyrir námsmönnum okkar, þó að ekki sje nema eitt ár, svo að þeir geti ekki sem fyrst byrjað að undirbúa sig undir sitt starf, áður en þeir setjast svo í þessi feitu embætti? En mjer er nær að halda, að komist ekki á 6 ára óskiftur skóli, verði ekki langt að bíða, þangað til hitt kemur upp.

Jeg heyrði ekki vel, hvað hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði um húsagerð í sambandi við líkingu mína um árið. En mjer heyrðist hann segja, að þar væri farið að eins og þegar kristall myndast og hvert lagið hleðst utan um annað. Nei, þannig byggir maður ekki hús. Menn byrja á því að leggja grunn, og ætíð er best að vita strax, hvað hátt maður ætlar að byggja. Það er alveg satt, að erfitt er að vita það. En hvar á maður að draga takmarkalínuna og segja: Nú er jeg ráðinn í því. Hv. þm. V.-Ísf. segir: við gagnfræðapróf. En sumir eru ekki ráðnir í, hvað þeir ætla að lesa, þegar þeir taka stúdentspróf, sumir taka heimspekispróf, og eru enn ekki ráðnir. Aðrir taka kandídatspróf, og sjá þá fyrst eftir öllu saman. Jeg veit ekki til, að nein óp hafi heyrst um, að erfitt hafi verið, meðan gamli latínuskólinn var, að ákveða, hvort þeir vildu í hann ganga eða ekki. Sumir hættu í 3. eða 4. bekk, og þóttu þá vel mentaðir menn. Og það er alveg víst, að ef maður hefir ætlað að byggja aðeins eina hæð, en ákveður svo að byggja 3—4 hæðir, þá verður maður að líða fyrir, að maður vissi það ekki strax. Marga, sem áður gengu í Möðruvallaskólann, langaði síðan til að halda áfram. Með eins árs undirbúningi gátu þeir svo sest í 3. bekk hjer (BSt: 2. bekk í hæsta lagi. — BJ: Við fórum þrír bræðurnir í 3. bekk.) En sá skóli bauð ekki eins góða mentun og Akureyrarskólinn gerir nú.

Hv. þm. V.-Ísf. vildi sýna fram á, að það væri enginn tvíverknaður, að menn læsu fyrst í 3 ár sögu og svo annað ágrip í önnur 3 ár. Um þetta er ekki til neins að deila. Hugsum oss 3 ára gagnfræðaskóla. Mundi það vera heppilegt, að læra hvert árið sitt ágripið af sögu? Nei, það á að velja söguna þannig, að hún endist sæmilega yfir alt tímabilið. Alveg eins er með náttúrufræði. Þegar menn halda áfram, hefðu þeir ekki þurft að vera búnir með nema 2 af þeim greinum náttúrufræðinnar, sem nú eru allar kendar. Það er því um tvíverknað að ræða í hjer um bil öllum greinum, nema tungumálunum. Að vísu getur góður kennari bætt nokkuð úr þessu, en þar fyrir er ekki sjálfsagt að hafa það svona.

Nei, þessi hv. þm. (ÁÁ) má aldrei heyra nefndan mun á lærðri mentun og gagnfræðamentun. Það má náttúrlega taka gagnfræðamentun í svo víðtækum skilningi, að öll mentun eigi að verða að gagni, en það er þó munur, hvort menn ætla að verða vísindamenn eða t. d. kaupmenn.

Sá maður, sem ætlar sjer í einhverja stöðu, honum er námið ekki nema grundvöllur undir eitthvað annað. En það er alt annað um þá menn, sem nema alment, þeim er námið bæði meðalið og tilgangurinn, og hjer er alls ekki um neinar kínverskar neglur að

ræða; það eru hin sönnu gagnfræði, sem hjer er verið að tala um. Annars er það víða uppi nú, að mönnum er illa við latínukensluna, af því að hún kippi hóp manna út úr öllum fjöldanum. En nú verða allir að vera eins. Enginn má lengur ganga í litklæðum, allir vilja ganga í gráu, og alt lífið á að vera grátt, óháðtíðlegt og andstyggilegt. Sú stefna er uppi nú, og það er eðlilegt, að hún geri vart við sig í mentamálum eins og annarsstaðar. Það er eins og menn haldi, að hjer eigi að fara að skapa einhvern nýjan aðal; en það er ekki verið að fara fram á neitt slíkt hjer. En þótt svo væri, að til væru menn, sem gætu gamnað sjer við vísindin, þá sje jeg ekki, að með því væri neinn skaði skeður, því að svoleiðis hafa margir menn verið hjá okkur; þeir hafa grúskað í fróðleiknum fyrir fróðleiksins skuld, þótt þeim hafi ekki komið það að gagni, þannig, að þeir hafi efnast á því.

Þá sagði hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að þessi skóli yrði fyrir Reykvíkinga, eins og hann hefði altaf verið. Jeg er hissa á þeirri skoðun hv. þm. (ÁÁ); minn tilgangur er einmitt sá, að Reykvíkingar skuli ekki fljóta jafn-sofandi inn í hann og þeir hafa gert. Jeg vil einmitt reyna þolrifin í mönnunum, með því að fá að sjá, til hvers þeir duga. En hvað það snertir, að ekki þurfi mikið til að læra latínu, þá get jeg sagt hv. þm. (ÁÁ) það, að margir menn hafa einmitt strandað á því, að þá vantaði gáfurnar til þess að læra latínu, og margir fjellu, bæði við inntökupróf og síðar, af því að hún var þeim mest þrekraun, og margir bestu mentamenn þessa lands hafa sagt mjer, að þeir hafi ekki þroskast í skóla yfirleitt af neinu eins og einmitt latínunáminu. En annars skal jeg þegar taka það fram, að þetta er ekki fyrir mjer neitt sjerstakt atriði, og ef menn geta fundið eitthvert annað eins heppilegt þroskameðal, þá skal jeg ekki sjá eftir því, þó að henni verði slept, því að val hennar var ekki af gagnfræðaástæðum, og það er alveg satt, að hún var meira gagnfræðanám áður, því að þá var öldin önnur, þegar menn byrjuðu nám sitt á því að stafa og læra svolítið í latínu jafnframt því, og svo var andlaust latínu-strit í gegnum allan skólann. En það er ekki verið að fara fram á neitt þessu líkt, og það er af því, að sá „praktiski" grundvöllur fyrir því, að þurfa að kunna latínu eins og sitt móðurmál, er fyrir löngu horfinn. En það er hverjum manni stórkostleg þrekraun að læra hana, og það mun fara svo nú, eins og áður, að margir menn fara svo úr skóla, að þeir hafa ekki lært hana vel. Þeir geta farið svo úr skóla, eftir sjö ára nám, að þeir skilji ekki latínu betur á bók en ensku, sem þeir hafa lært á miklu skemri tíma. Það er einmitt aðaltilgangurinn, að láta þá glíma við þessa þraut, og það ekki síst vegna þess, að hún gerir líka minni kröfur til kenslu, af því að þrautin liggur í henni sjálfri, og það jafnvel svo, að með slökum kennara gerir hún mikið gott. Jeg vildi óska, að þetta þing bæri gæfu til þess að gera þennan skóla að góðum sex ára lærðum skóla, og það er alls ekki af ást á latínunni, af ást á Reykjavík, nje af hatri til Akureyrarskólans, að jeg óska þess, heldur af því, að þá er stórkostlegt þroskaspor stigið í okkar kenslumálum. Með góðum kennurum, heimavist, góðu skólalífi og nægilegu eftirliti með því, sem aðkomumönnum hjer getur orðið hættulegt, og ennfremur með því, að vistin verði þeim

ekki of dýr, vildi jeg óska þess, að þetta þing gerði þessa breytingu á skólanum, því að það er áreiðanlegt, að það myndi ekki lastað af þeirri ástæðu. En hitt má náttúrlega athuga nánar, hvort menn vilja setja aðra aðalnámsgrein inn, ef mönnum finst latínan svo afskapleg grýla, að allir eru hræddir við hana.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla nú ekki að rekja þetta mál aftur, því að jeg hefi talað nægilega glögglega um það, enda hefir hv. 4. þm. Reykv. (MJ) rakið það nákvæmlega og hrakið gersamlega allar þær firrur, sem menn hafa komið með á móti því. Mjer þykir líka vænt um það, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) muni gefa vandlega út þessa ræðu, og er það gott, því að þeir, sem líta á hana, munu, þegar þeir taka öskjuna utan af, finna háskóla-skurnið yst, þá annað skurn, stúdents-skurnið, og innan í því ofboðlítið barnaskóla-ber og annað ekki, og sá, sem heyrir því haldið fram, að þing og stjórn geti ekkert gert til þess að greiða veg vísindanna, býst jeg við að þykist hafa heyrt nóg til þessa hv. þm. (ÁÁ) um kenslumál og þykist ekki þurfa að heyra meira, því að:

Gutta cavat lapidem non vi,
sed sæpe cadendo;
sic homo fit doctus non vi,
sed sæpe legendo.

Og það er ekki sama, hvað hann les og hvernig hann er látinn lesa. Svo sagði þessi hv. þm. (ÁÁ) það, sem jeg skildi sem elli-brigsl til mín, eða brigsl um það, að jeg væri orðinn gamall og hjeldi þessu fram vegna þess, að svo hefði það verið í mínu ungdæmi. En þetta kæmi vel á vondan, ef jeg hefði sagt, að hann væri eldri en jeg, en það gerði jeg ekki, og get jeg þó sjeð, að hann er í öllum skoðunum eldri en jeg, því að það er eins og maður heyri gamla konu rausa, þegar hv. þm. (ÁÁ) er að tala um þessi mál. Og mundi nú hv. þm. (ÁÁ) ekki nær að leita í spor mannsins, sem sagði, að það væri komið svo mikið hrafnsungamor af börnum, að ekki heyrðist mannsins mál. Það má líkja hv. þm. (ÁÁ) við fuglsunga, sem er að brjótast út úr skurninu, hann þykist þekkja alt og best vita, hvernig alt eigi að gera. Það ætla jeg þessa nýju stefnu okkar ungu manna, sem halda, að þeir geti komist erfiðislaust að allri visku veraldar. Jeg man eftir því, að ungur maður var eitt sinn að heimska mig fyrir það, að jeg hafði vasaklútinn í barmi mjer, þegar jeg var kjólklæddur, en ekki í erminni, eins og hann gerði og síður var að verða hjá ungum mönnum í Reykjavík. En þetta var ekki bygt á neinu öðru en því, að ungir menn þykjast vita alt og alt eigi að byggjast á þeim. Jeg get vel skilið það, að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) stóð upp og vjek sjer frá á meðan á ræðunni stóð, af því að hann hefir ekki þolað að heyra þetta.

Þá skildi hv. þm. Barð. (HK) það ekki, sem jeg sagði um kjósendur. Hv. þm. (HK) þóttist ekki skilja það, hvað jeg hefði verið að fara, þegar jeg var að tala um kjósendur í þessu sambandi. Eins og allir viti það ekki, að það er af hræðslu við kjósendur sína, sem hann ætlar að hverfa frá þessu máli, og þessvegna var jeg að reyna að gera hv. þm. (HK) það skiljanlegt, að hann þarf fremur að óttast kjósendur sína, ef hann hverfur frá því, sem rjett er í þessu máli.

Þá er næst hv. þm. Str. (TrÞ). Hann

lagðist mjög djúpt og ætlaði að sanna, að jeg hefði tekið á mig ýmsar myndir, eins og galdramenn fyrrum. Já, það er í rauninni satt, að jeg gaf honum áðan vitnisburð í námsgrein, sem jeg ekki kendi honum; jeg kendi honum ekki grísku; jeg mundi ekki eftir því, fyr en rjett eftir að jeg hafði slept orðinu, að hann var ekki undir minni hendi í þeirri námsgrein. Hv. þm. (TrÞ) var þann vetur í óláta-bekknum, sem allir vita, hversu hvasst var um um skeið. En hitt get jeg sagt, að hv. þm. (TrÞ) var góður námsmaður, og að jeg gaf honum oft góðan vitnisburð, þótt í öðrum námsgreinum væri en þeirri, sem jeg nefndi.

Svo er það fjárhagshliðin. Hv. þm. (TrÞ) sagði, að jeg hefði játað það við 2. umr., að þetta frv. hefði í för með sjer kostnað við gagnfræðaskóla í Reykjavík og á öllu landinu. Það sagði jeg aldrei, en það sagði jeg, sem mína skoðun, að slíkir gagnfræðaskólar ættu að vera, og það getur hv. þm. sjeð, að jeg hefi ekki ætlað að hverfa frá þeirri skoðun minni, því að jeg hefi borið fram brtt. við frv. hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). En hitt sagði jeg aldrei, að þetta frv. gæti ekki gengið fram, án þess að hitt frv. gerði það. Það má vel byrja á því að laga háskólann og lærða skólann. Svo geta menn gert eftir því, sem andinn blæs þeim í brjóst, vanrækt alla kenslu í landinu eða komið henni í gott horf. En það er engin afleiðing af því, sem mitt frv. fer fram á, umbætur á lærða skólanum. Það eina, sem breytingin snertir, er Reykjavík, að því leyti sem hún kemur nokkrum börnum að ókeypis kenslu þar. En það stendur, sem jeg sagði fyr, að það verður aðeins til góðs, að þetta fyrirkomulag, sem nú er, verður lagt niður, því að þá er það von mín, að hún vakni og sjái, hvers hún þarfnast. Því að hún þarf að fá þann skóla, sem hv. þm. (TrÞ) vill setja í samband við þetta frv., en hann stendur í sambandi við þörf Reykjavíkur, en ekki við frv. En það er svo langt í frá, að þetta frv. sje Reykvíkingum til nokkurs skaða, því að þeir myndu aðeins ranka við sjer og sjá, að þeir ættu eftir að koma miklu nauðsynjamáli í framkvæmd, því, sem hv. þm. (TrÞ) vildi kalla afmentunar-frumvarp. Já, jeg sje, að mín orð ganga aftur frá síðasta þingi, og að nú á að fara að nota þau við mig. En þetta frv. er borið fram í því skyni að bæta mentun og auka hana, en hinsvegar hefi jeg lýst yfir því, í umr. hjer um frv. hv. þm. V. Ísf. (ÁÁ), að jeg væri fylgjandi því, að gagnfræðaskólar kæmust á um alt land, og að það hvíldi á ungu fólki skólaskylda til að sækja þá, svo að það er helsti langt sótt, að brigsla mjer um afmentun. En jeg vil ekki vera afmentunarmaður með því að hræra öllu saman fyrir fólki.

Þá vildi hv. þm. (TrÞ) enn þá segja, að jeg hefði svarað sjer litlu um kostnaðarhliðina, og vil jeg þá strax segja hv. þm. (TrÞ) það, að þetta eru alt saman draumar, sem hann sagði um Akureyrar-, Reykjavíkur- og Flensborgarskólann, nema að því leyti, að ef ekki verður breytt til, þá kemur fram sterk krafa um það, að stækka skólann hjer vegna Reykjavíkur, og verður það afarmikill kostnaður.

Þá fór hv. þm. (TrÞ) að reikna, og fjekk út 24000 kr., sem það ætti að kosta að veita 50 piltum húsaleigustyrk í 9 mánuði á ári, en hvernig hv. þm. (TrÞ) kemur í hug að reikna hverjum manni 60 kr. á mánuði, þykir mjer undrum

sæta. Í húsi mínu eru tvö herbergi; þau hefi jeg leigt með ljósi og hita fyrir 40 kr. um mánuðinn. Þar bjuggu tveir stúdentar í fyrra og hefi jeg ekki orðið þess var, að þeir hafi í neinu kvartað yfir leigunni; en nú skal jeg gera hv. þm. það tillæti, að reikna 25 kr. í húsaleigustyrk á mánuði, það verður þá 11250 kr. á ári. Svona fór þá um það skrimsl, sem hv. þm. (TrÞ) bjó til. Svo hafði hann orð eftir hv. þm. Barð. (HK), sem mjer þóttu dálítið einkennileg. Jeg sagði, að það myndu sparast 12 kennarar, en það vita allir, að þar eru ekki 12 fastir kennarar, heldur mikið af tímakennurum, en það verður 12 kennara starf, sem menn losna við að greiða tímakaup fyrir. Og svo er hjer ekki um neitt þingloforð að tala. En það væri miklu nær að halda loforð, þar sem þau eru gefin, heldur en brigsla mjer um slíkt, þar sem þau hafa aldrei verið gefin. En um það, hvað hafi átt að liggja á bak við hjá mjer, þá vil jeg spyrja, af hverju hv. þm. (TrÞ) spyr um það. Er það siður hv. þm. (TrÞ) að bera fram mál, til þess að vingast við menn? En það er ekki minn siður. Jeg er vanur að láta það alveg lönd og leið, hvort betur líkar eða ver, en halda fram minni skoðun. En hv. þm. (TrÞ) getur sjeð, að þetta er alveg rjett, sem jeg hefi svarað honum, svo að hv. þm. þarf ekki að bregða mjer um neitt ofkvæni fyrir það. En jeg mætti kanske biðja hv. þm. (TrÞ) að hafa í huga þetta íhalds-orðtæki sitt, festina lente, og gleðja sig hægt.

Annars sje jeg tvo stóra flokka hjer fyrir mjer, sem ráða öllu hjer í þinginu, og er það mjög broslegt að horfa á viðureign þeirra, en hún er sú, að minni flokkurinn hefir í nær hverju máli þingsigur, vegna þess að stærri flokkurinn er ekki svo fylgispakur við sína stjórn, að dugi til þess að meina minni flokknum að hafa hvern þingsigurinn á fætur öðrum, og það er áreiðanlegt, að hv. þm. (TrÞ) hefir sína mótstöðu bygða á þeirri sigurvon, sem honum er í Jónasar-Íhaldinu; en það er þessi von, og svo þessi mikla og stóra stjórnarveltu-von, sem nú er yfir honum. (**TrÞ**: Hún er sjerstaklega bundin við annað.) Já, en jeg veit ekki, hvort það bregst hv. þm. (TrÞ), eða hefir hann þar ofkvæni?

Björn Líndal: Mig furðaði dálítið á ræðu hv. 4. þm. Reykv. (MJ), þar sem hann spurði um það, hvers menn væntu með því að bíða. Jeg held annars, að hv. þm. (MJ) hefði átt að vita það, því að það hefir verið margtekið fram af ýmsum hv. þm., að við væntum þess, að gerð verði nákvæm áætlun um allan þann kostnað, sem þessi breyting hlýtur að hafa í för með sjer. Við væntum þess, að horfið verði að því ráði, að byggja heimavistahús, en ekki að því, að veita húsaleigustyrk, því að það er mjög mikils virði í mínum augum, að heimavistirnar geti orðið að gagni, ekki aðeins fyrir þá, sem þar eiga að búa, heldur líka hina, sem aðkomnir eru, því að það mun verða svo í framtíðinni eins og áður var, að þeir safnast þangað í fritímum sínum, sem ekki eiga góð heimili eða venslafólk hjer í bænum. Jeg skoða það svo sem að þingið hafi skyldu gagnvart Reykjavík, að styrkja hana til góðs gagnfræðaskóla, og jeg vil líka láta halda einskonar sambandi við Akureyrarskólann. Jeg vil láta rannsaka þetta, og með allri virðingu fyrir hv. flm. málsins (BJ), þá lít jeg svo á, að

þótt hann sje vitur, þá sje hann ekki alvitur, og það er mín sannfæring, að best sje, að sem flestir vitrir menn ráði í þessu máli. En jeg vil segja hv. flm. (BJ) það í eitt skifti fyrir öll, með einbeitni og velvildarhug til málsins, að jeg vil mega treysta þeim, sem hlut eiga að máli, til þess, að vandað sje til þeirrar byggingar, sem hjer á að reisa. En ef málinu verður flaustrað af, þá veit jeg, að það verður mönnum í lófa lagið að byggja á því pólitískar æsingar, sem verða til þess, að breytt verður aftur til á næstu þingum, sem svo verður málinu algerlega að falli. (**BJ:** Menn falla ekki frá svo góðum málum.) Það hefir því miður oft komið fyrir, að menn hafa fallið frá hinum bestu málum. En hvað snertir fylgi mitt við stjórnarflokkinn, þá vil jeg segja hv. flm. (BJ) það, að jeg fylgi aldrei neinum stjórnmálaflokki svo fast, að jeg ekki meti mína eigin sannfæringu meira, þegar þetta tvent rekst á.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil svara hv. 4. þm. Reykv. (MJ) því, að þó að lærdómsdeildin yrði lengd um eitt ár, þyrfti ekki að lengja allan skólatímann um heilt ár fyrir því. Það mætti framkvæma þetta á þann hátt, að stytta gagnfræðadeildina um eitt ár, breyta þriðju deild gagnfræðaskólans í fyrstu deild lærdómsdeildarinnar. Þetta var því rangt ályktað hjá hv. 4. þm. Reykv. (MJ). Það er alkunnugt, að 4. bekkur mentaskólans er nú full-þungur, en 3. bekkur aftur á móti of ljettur. Þetta hefir mikla þýðingu í þessu máli. Jeg veit að vísu, að milliþinganefndin í mentamálunum hjelt, að lengja þyrfti skólann, ef tvískiftingunni væri haldið. En þetta var rangt hjá nefndinni. Á sama tíma sat nefnd í einu nágrannalandi okkar, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að tvískiftingin þyrfti engum töfum að valda. Það er satt, að menn byggja ekki hús hvert utan um annað, en hv. þm. (MJ) bygði líkingu sína þannig, að hún rjettlætti þessi orð mín. En nú hefir hann snúið þessu við, og vill nú byggja alt á sama grunninum, en vill aðeins hafa hæðirnar mismunandi margar. Þá hefði hv. þm. getað sparað sjer harmagrátinn um, að andi nútímans sje að gera alt grátt. Vísindamentun verður ekki grá þar fyrir, þó að hún geti átt samleið með alþýðumentun fram að fermingaraldri eða heldur lengra. Hv. þm. telst víst vilja hafa litklædda vísindamenn og gráa alþýðumenn. Það mætti leika hann grátt fyrir að halda svo gráar ræður.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 146, frá mentmn., tekin aftur.

Tillaga frá þm. Barð. (HK) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, JakM, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: BJ, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, BSv.

Einn þm. (ÁF) fjarstaddur.

2. Hvalveiðar.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um hvalveiðar (þmfrv., A. 165).

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Afbr. leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Ágúst Flygenring: Fyrir hönd flm. vil jeg óska þess, að frv. þessu verði vísað til sjútvn., að þessari umræðu lokinni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki fara mörgum orðum um aðalefni þessa frv. En það felur í sjer atriði, sem jeg verð að vekja athygli hv. nefndar á. Í núgildandi lögum eru skíðishvalir friðaðir, með þeirri undantekning, að hrefna hefir verið veidd. Og bæði á Eyjafirði, við Ísafjarðardjúp og Steingrímsfjörð hafa hrefnuveiðar verið stundaðar undanfarið, og oft með góðum árangri. En ef þetta frv. verður samþykt óbreytt, verur bannað að veiða hrefnur nema að fengnu sjerleyfi, og afleiðingin því sú, að þessir menn verða sviftir atvinnu sinni, því að þar sem þessi veiði er ekki nein uppgrip og fáir menn á hverjum báti, þá hygg jeg, að þeir fari ekki að kaupa sjerleyfi fyrir 500 krónur. Jeg vil beina því til flm., hvort ekki megi undanskilja hrefnuna, því að um þann hval gildir alt annað en um aðra hvali. Og jeg tel hart að gengið, ef nú á að svifta menn þessum atvinnuvegi. Mun jeg greiða atkv. gegn frv., nema þessi breyting fáist á því.

Sveinn Ólafsson: Þótt jeg sje meðflutningsmaður að þessu frv., þá er jeg ekki viðbúinn að hafa framsögu í málinu. En mjer finst jeg verði að hlaupa í skörðin fyrir háttv. 1. flm. (ÁÁ), sem er fjarverandi. Hv. þm. Str. var í vafa um tilgang flm. Hann var að tala um það, hvað fyrir flm. vekti um það, að banna hrefnuveiðarnar. Jeg get þegar svarað því fyrir mitt leyti, að jeg tel þessa hvaltegund eiga að vera alfriðaða. Ástæðan fyrir því er sú, að þessi hvalur er fiskimönnum þarfur og styggir oft síld í net í vogum og fjörðum, þar sem hún ella liggur í kyrð. Í mörgum verstöðvum hafa reyndir menn fullyrt þetta við mig, og sjálfur hefi jeg oft haft tækifæri til að sjá þetta. Síðan veiði reyðarhvala lagðist niður hjer við land, hefir oft verið hentugt tækifæri til að athuga þetta, af því að varla hafa sjest hjer aðrar tegundir skíðishvala. Austanlands hefir því oftlega verið hreyft af sjómönnum, að banna þyrfti veiði þessa hvals, og man jeg eftir 2 fundum, þar sem samþ. hafa verið till. í þá átt.

Aðaltilgangur þessa frv. er samt auðvitað ekki sá, að friða hrefnuna, heldur að gera það mögulegt, með hæfilegum takmörkunum, að veiða hval hjer við land og gera veiðina landsmönnum og ríkissjóði arðberandi. Það er sem sje löngu augljóst orðið, að hvalafriðunin hjer næstl. 11—12 ár hefir aðeins verið vatn á mylnu færeyskra hvalveiðamanna og annara, sem stundað hafa hvalveiðar hjer norðurfrá, en hefir jafnframt svift Ísland og Íslendinga öllum þeim hlunnindum, sem hafa má af hvalveiði. Friðunin leiðir alls eigi til þess, svo sem margir ætla, að vernda kynstofn hvalanna frá eyðingu eða fjölga þeim, meðan veitt er á norðurslóðum af ýmsum öðrum, heldur er hún eingöngu til hagsmuna útlendum hvalveiðamönnum og tryggir þeim veiðina betur og lengur en nokkuð annað. Þessi veiðidýr æxlast mjög seint og hljóta því að ganga til þurðar innan tíðar, eða verða svo fágæt, að veiðin borgar sig ekki.

Þess er rjett að geta hjer, að í Noregi er samskonar hreyfing vakin um hvalveiðaleyfi, en þar hefir veiðibann staðið um mörg ár. Nú er þar ákveðið að heimila hagnýting og veiði hvala á ýmsum svæðum strandarinnar, eftir sjerleyfi og með ákveðnum takmörkunum.

Fleira finn jeg ekki ástæðu til að taka fram, en óska þess, að frv. verði vísað til sjávarútvegsnefndar, að lokinni þessari umr., enda eigi ólíklegt, að fram komi þar einhverjar breytingar á því.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil undirstrika það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði um hrefnurnar. Mörgum hefir veiði þeirra orðið hjörg í búi, góður matur og ódýr. En þeir, sem stunda slíkar veiðar, mundu bíða skaða eigi alllítinn, ef tekinn væri af þeim veiðirjettur.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að fyrir sjer vekti það, með því að friða hrefnuna, að hún ræki síld að landinu. En hvað er svo sagt í greinargerðinni fyrir frv., að „hvalir geri usla í síldinni og hreki hana engu síður frá landi en að." Jeg held, að þetta sje satt. Að minsta kosti er það ósannað mál, að hrefnan hafi nein áhrif til bóta á síldveiðarnar. Um það segja menn sitt á hvað. En meðan engra sannana er hægt að afla um það, að hrefnudráp hafi áhrif á síldveiðarnar og síldargöngu, finst mjer engin meining í því að banna mönnum að drepa þær.

Annars er það rjett, að hvalveiðar hafa verið útlendingum, fremur en Íslendingum, til hagsmuna, því að þeir hafa drepið hvalinn fyrir sunnan, vestan og norðan — og þá sjerstaklega „finnhval".

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Str. (TrÞ) um það, hvort hrefnan skuli undanþegin, vil jeg benda til greinargerðar frv.

Það er nú fram komið, að allar aðrar þjóðir eru komnar inn á þá braut, að veita beri sjerleyfi til hvalveiða. Kostir sjerleyfis eru margir. Ríkið hefir þá, eftir því sem því sýnist, öll skilyrði til þess að skipa málunum eftir því, sem viturlegast þykir. Það getur lagt skatt á atvinnurekstur og gróða, eftir því, er því þykir hæfa. En eins og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, þá er það nú fullsannað, að hvalir hafa engin áhrif til bóta á síldargöngur. Bjarni Sæmundsson og norskir fiskifræðingar halda þessu hinu sama fram. Enda munu nú flestir sjómenn horfnir frá þessari bábilju. Árið 1923 breyttu Norðmenn löggjöf sinni í það horf, sem hjer er farið fram á. Það er vitanlegt, að hvalur var á síðasta sumri veiddur frá Færeyjum í hafinu milli Færeyja og Íslands alla leið upp að Austur-Horni. „Michael Sars" komst að þeirri niðurstöðu við rannsóknir í sumar sem leið, að hvergi í norðurhöfum væri hvalur meiri en í vestur af Íslandi. Til þess að vjer getum haft sama gagn af hvalveiðum og aðrir, er frv. fram komið. Jeg hygg, að frv. horfi til mikilla bóta frá því, sem nú er. Getur það orðið til þess, að fátæklingar í landinu fái góða og ódýra fæðu, eins og reynslan hefir orðið bæði í Noregi og Færeyjum, einstaklingar hagnist af veiðunum og ríkissjóður fái góðan hlut í tollum og sköttum.

Tryggvi Þórhallsson: Það er ljóst af umræðunum og því, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að flm. eru ósammála. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vill banna

hrefnuveiðarnar, en hv. þm. V.-Ísf. og annar til leyfa þær. Jeg vil enn lýsa yfir því frá minni hálfu, að ef skoðun hv. 1. þm. S.-M. verður ofan á, þá get jeg ekki fylgt frv.

Sveinn Ólafsson: Jeg tek aðeins til máls út af ummælum hv. þm. Str. Frá mínu sjónarmiði er atvinnuvegur sá, að veiða hrefnu, mjög lítilfjörlegur. Jeg veit það, að eystra hefir það gefist illa. 2 hrefnur hygg jeg að hafi veiðst á 2 árum, en í eitt skiftið lá við slysi eða manntjóni, því að skotbátnum hvolfdi, er hvalurinn dró hann á skutulfærinu. — Annars er fullkominn vafi á um það, að þessi hrefnuveiði sje lögleg. Um það hefir orðið ágreiningur, og engin ábyggileg lögskýring er þar til. Hvalafriðunarlögin gömlu undanskilja friðun tannhvali og önnur smáhveli. Með þetta fyrir augum hefir svo hrefnan verið heimfærð undir smáhveli, þótt hún sje oftast um 30 fet að lengd og því miklu stærri en flestir tannhvalir, að undanskildum búrhval.

Jeg hefi átt tal við lögfróða menn um þetta efni, þar á meðal sýslumann Sunn-Mýlinga, sem er glöggur og gætinn lögmaður, en þeir hafa verið mjög á báðum áttum um það, hvernig skilja bæri lögin, og þessi sýslumaður taldi lagaheimildina mjög vafasama, en eigi gerlegt að banna hrefnuveiðina eystra, af því að hún leyfðist eða liðist annarsstaðar.

Út af ummælum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), og fleiri manna, vil jeg taka það fram, að þótt jeg viti vel, að hvalir hafi ekki áhrif á síldargöngur alment eða reki síld af hafi til lands, svo sem margir hugðu áður, þá er ekki með því sagt, að hvalir geti ekki stygt síld og haft þannig áhrif á netaveiði. Alkunnugt er, að fiskur styggir síld og fælir hana í net, og eins er því varið um hver önnur dýr, sem elta hana eða fæla, og þar á meðal hrefnuna. Hitt er auðvitað gömul og úrelt kreddukenning, að hvalir reki síld á undan sjer. Þeir eru hraðfærari en aðrir fiskar, jafnvel hraðfærari en skriðadrjúg gufuskip, en síldin aftur tiltölulega mjög sein að synda. Þessvegna er það fjarstæða að tala um, að hvalir reki hana á undan sjer.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mjer fanst það ofmælt hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að hann vilji ekki fylgja frv., nema því aðeins, að hrefnan sje undanþegin friðun. Þeirri löggjöf, sem nú gildir um friðun eða ófriðun hrefnunnar, er í engu breytt, þó að þetta frv. verði að lögum. (ÁF: Alveg rjett!).

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg veit, að sumir líta svo á, að samkvæmt lagabókstafnum eigi hrefnan að vera friðuð, en í reyndinni hefir hitt orðið ofan á, og er hefð komin á það. Get jeg vel tekið í spaugi því, er hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að þetta sje hættulegur atvinnuvegur og lítils virði, bát hvolfdi í eitt skifti, en 2 hrefnur veiðist á ári, þegar best lætur. Jeg efa ekki, að reynslan hafi orðið þessi eystra. En norður í Steingrímsfirði hefir útkoman orðið öll önnur.

Jón Auðunn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð. Það er satt, að orðalagið í 1. gr. l. nr. 44, 13. nóv. 1903, er ógreinilegt, en þó þarf engum að blandast hugur um, að þar hlýtur að vera átt við

hrefnu í undantekningu um smáhveli. — Með leyfi hæstv. forseta vil jeg lesa upphaf nefndrar greinar:

„Allir hvalir, nema tannhvalir og smáhveli ....“ En hrefnan er einmitt skíðishvalur. Það hlýtur því að vera hjer átt við hrefnu, því að það er ekkert smáhveli til með skíði, nema hrefna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 165, n. 221).

Frsm. meirihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Meirihl. sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ. með smábreytingum. Fyrsta breytingin er sú, að hrefnur skuli vera undanskildar friðun. Reyndin hefir orðið sú um undanfarin ár, að hún er ófriðuð, þótt lögum samkvæmt sje hún friðuð. Og tæplega verður það talið nokkurt tjón, þó að lagabókstafur þessi falli úr gildi.

2. brtt. við 2. gr. er um það, að veita megi sjerleyfi þeim íslenskum ríkisborgurum einum, sem búsettir eru hjer á landi.

Í 4. gr. eru ákvæði um skaðabótaskyldu, sem teljast verður óþörf, því að hún hvílir á allri útgerð, enda er ekki sanngjarnt, að útgerð beri stærri ábyrgð á tjóni en sem nemur verði þess skips, sem tjóninu veldur.

Frsm. minnihl. (Jón Baldvinsson): Jeg er ósamþykkur sjútvn. um málið. Á síðasta þingi var borið fram frv. um hvalveiðar og samþykt lög um friðun hvala, er gilda skyldu til 10 ára. Nú vill meirihl. hv. sjútvn. gera nýja skipun á þessum málum, þannig, að einstakir menn geti fengið leyfi til þess að reka hvalveiðar gegn ákveðnu gjaldi.

Nú er það svo, að flestar þær hvalveiðistöðvar, sem hjer á landi voru og störfuðu til 1914, eru lagðar niður og mundi verða nokkur kostnaður að koma þeim upp á ný. Mjer finst því eðlilegast, að ríkið sjálft reki þessa atvinnu, ef hún er upp tekin á ný. Sje svo, að einstakir menn hefðu hag af að reka þessa atvinnu, þá ætti það engu síður að vera hagur fyrir hið opinbera. En jeg mundi samt ekki leggja til, að þessi atvinnurekstur yrði upp tekinn að svo stöddu. En jeg sje enga ástæðu til þess að fara að veita sjerleyfi, sem komi þó aðeins fáum mönnum að gagni. Sje á það litið sem atvinnubót, verður hún þó vísast lítil, og lítið verður líka það gjald, sem ríkissjóður kynni að fá fyrir leyfin. Jeg hefi ekki gert neitt sjerstakt nál., áleit þess ekki þurfa, en vildi aðeins segja þessi fáu orð.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki fara út í það, hvort rjett sje að leyfa þennan atvinnurekstur. En jeg vildi aðeins vekja athygli á því, að 2. brtt. hv. nefndar fer í bág við sambandslögin. Skilst mjer eftir brtt., að þetta leyfi til hvalveiða geti aðeins fengið þeir íslenskir ríkisborgarar, sem eru búsettir hjer á landi. Hinsvegar býst jeg við, að hv. nefnd hafi ekki viljað útiloka þá, sem eiga jafnan rjett, t. d. danskir ríkisborgarar búsettir hjer. Jeg vona, að hv. nefnd taki þetta til athugunar og taki málið af dagskrá eða fresti þessari brtt. til 3. umr.

Sveinn Ólafsson: Þessar brtt. hv. sjútvn. á þskj. 221 eru að vissu leyti viðeigandi. En jeg held, að hv. nefnd hafi skotist yfir að gera brtt. við 2. gr. frv., þar sem bannaður er flutningur hvala í land. Og ef þetta mál skyldi fara aftur til nefndar, til lagfæringar, þá þyrfti að athuga þetta:

„Bannað er að hafa hvalveiðistöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema til þess sje fengið sjerleyfi."

Hjer er vitanlega átt við hvali, sem skotnir eru, en ekki átt við að banna að flytja í land hval, sem fundinn er dauður, þótt setningin bendi til þess. Jeg tók ekki eftir þessu fyr en búið var að prenta frv.

Að því er snertir brtt. nr. 1 á þskj. 221, að undanskilja hrefnur friðun, þá get jeg ekki fallist á það. Þetta er eini skíðishvalurinn, sem hjer er staðbundinn. Það er fátt af honum, 2 og 3 sjást saman, sjaldan fleiri. Þetta er einnig sú tegund hvala, sem gagnlegust er og hefir verið síldveiðum, einkum meðan stunduð var lagnetaveiði. Þessir hvalir flakka um firði og víkur og styggja oft síld í net. Og það eru ekki einungis not að þessum flökkukindum, heldur einnig ánægja og prýði, því þeir eru oft á ferð, þegar ekki sjest nokkur kvik skepna á sjó, og eru veiðiviti.

Jeg get því ekki fylgt þessari tillögu hv. nefndar. Jeg veit, að hjer er ekki um neinn stórfeldan atvinnuveg að ræða, þótt leyfð væri veiði hrefnunnar, og mundi endast aðeins stutta stund. Það eitt ynnist við ófriðun hrefnunnar, að spilla þeim notum, sem að þessu dýri eru.

Um 2. brtt. skal jeg ekki ræða. Hæstv. atvrh. (MG) benti á, að hún væri ekki rjett hugsuð. Um þá 3. get jeg sagt, að jeg er henni samþykkur.

Viðvíkjandi athugasemdum þeim, er hv. 2. þm. Reykv. (JBald) gerði, skal jeg geta þess, að mjer er vel ljóst, að hvalveiðalögin frá 1914 voru aðeins til þess að firra ríkissjóð tekjum, en verndu ekki hvalinn. Ef tekjuauki á að verða að þessari veiði, þá verður að leyfa einhverjum að veiða. Það má ekki binda við íslenska ríkisborgara eina, því að það er ekki líklegt, að Íslendingar taki upp þessa veiði í svo stórum stíl, að mikið gagn verði að.

Það er ekki rjett hjá hv. þm., að þetta sje ekki umfangsmikil atvinna. Jeg man ekki, hve miklar tekjur voru af útfluttum hvalafurðum síðustu árin, sem stórhvalaveiði var stunduð hjer, en þær skiftu tugum þúsunda frá einni stöð. Ef tækist að fá útlendinga til að koma hjer upp myndarlegri hvalveiðistöð, í samvinnu við innlenda menn, þá ætti það að geta orðið álitlegur tekjuauki ríkissjóði. Sem stendur er friðun hvala hjer aðeins vatn á mylnu útlendinga, sem hafa stöðvar í Færeyjum og annarsstaðar í nánd við oss og sækja veiði sína í norðurhöf.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil aðeins þakka meirihl. hv. sjútvn. fyrir að hafa tekið til greina ummæli mín og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), um að undanskilja hrefnur friðun. Jeg er ekki sammála hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann veit, að þessi veiði er og hefir verið stunduð, þrátt fyrir skilning sumra á lögunum, sem ekki hefir orðið hinn opinberi skilningur. Það er og ekki rjett, að hrefna sje friðuð.

Hákon Kristófersson: Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir tekið fram margt af því, sem jeg vildi hafa sagt. Hvalveiðalögin eru yfirleitt okkur til tjóns, en útlendingum til gagns.

Jeg vildi beina þeirri spurningu til hv. nefndar, hvernig skilja beri ákvæðið í 2. gr. frv.

„Bannað er ... að flytja hval í land til hagnýtingar, nema til þess sje fengið sjerleyfi."

Mundi þetta ákvæði banna að flytja í land hval, sem finst dauður? Það á sjer oft stað, þegar Norðmenn stunda veiði hjer við land og „flensa" hvalinn ýmist utan við landhelgi eða inni við land. Það munu dæmi til þess, að Íslendingar hafi notað það af hvalnum, sem þeir, er veiddu, hafa ekki kært sig um. Jeg býst við, að út um bæi og bygðir landsins sje alment litið svo á, að vel megi nota hvalinn, þó að hann sje naumast talinn mannamatur hjer á Alþingi.

Hvað sjerleyfið snertir, þá er ekki líklegt, að innlendir menn stofni til þessara veiða, nema þá að mynda til þess öflug fjelög, en ekki líklegt, ef sjerleyfið væri bundið við 10 ár, að menn vildu leggja fje sitt í fyrirtækið og eiga svo á hættu, að leyfinu væri kipt burtu. Jeg veit eiginlega ekki, hvað hv. nefnd meinar með þessu. Ef sjerleyfi væri veitt, yrði að fá um það umsögn Fiskifjelagsins. Finst mjer gægjast hjer fram, eins og víðar, tilhneigingin til þessarar fáránlegu skriffinsku, sem virðist vera að taka þjóðfjelag okkar heljartökum.

Í 3. gr. frv. segir svo: „Ennfremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur." Hjer er eitt atriði, sem jeg er ekki viss um, hvernig nefndin meinar, hvort þetta á að vera aukaskattur eða hvort líka á borga aðra gildandi skatta. (ÁF: Að sjálfsögðu aðra skatta líka.) Hvað vakir þá fyrir nefndinni með að skattleggja þessi skip? Hyggur hún þessa veiði því arðsamari en aðrar? Engum dettur í hug að leggja sjerstakan skatt á togara. Þessi ákvæði miða að því að gera torveldara fyrir einstaka ríkisborgara að slá sjer saman til þess að reka þessa atvinnu. Hvort hrefnan er friðuð eða ekki samkv. gildandi lögum, skal jeg ekkert um segja, en þau orð hafa fallið hjá skynbærum mönnum, að svo muni vera, og verði því að nema þá friðun úr gildi. Með öðrum orðum, ef einhver brýtur lög, þá verður að nema þau úr gildi, af því þau hafa verið brotin. Jeg vildi helst óska, að engin hvalfriðunarlög ættu sjer stað. Þau ná ekki tilgangi sínum, hvort sem er. Útlendingar drepa hvalinn við strendurnar, án þess Íslendingar njóti nokkurs af. Þeir bara horfa á útlendinga taka frá sjer þá björg, sem þeim mætti sjálfum sennilega að miklu gagni verða.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg tek eindregið í sama streng og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að því er snertir 1. brtt. nefndarinnar, því að jeg álít hana óheppilega. Samkv. nál. er brtt. þessi fram komin með hagsmuni sjómanna fyrir augum, en jeg tel vafamál, að hjer sje um mikla hagsmuni að ræða. Jeg skal minnast á nokkra reynslu, sem fengin er í þessu efni við Eyjafjörð. Það eru örfá ár, líklega 4—5, síðan farið var að stunda þessa veiði þar. Maður sá, sem byrjaði, mun hafa hagnast vel á veiðinni fyrst í stað, en strax eftir að það varð kunnugt, hugðust margir að grípa upp fje með sama hætti, og hver báturinn eftir

annan var útbúinn til veiða. En smámsaman þvarr veiðin. Hrefnan var drepin eða stygð, og sumir bátarnir fengu ekkert nema tóman skaða. Síðastliðið sumar held jeg að enginn hafi haldið þar uppi veiði þessari, að minsta kosti mun ekkert hafa aflast, hvort sem tilraunir kunna að hafa verið gerðar. Bendir þetta glögt á, að hjer muni ekki vera um mikla hagsmuni að ræða og síst nokkur uppgrip. En svo er önnur hlið á þessu máli. Jeg veit, að það er álit gamalla og reyndra fiskimanna við Eyjafjörð, að útrýming hrefnunnar mundi hafa mjög slæm áhrif á síldveiði við fjörðinn í lagnet og með fyrirdrætti. Þeir telja margsannað af reynslunni, að þegar hrefnan fer um fjörðinn, þá stygg-ist síldin upp að löndunum, inn í víkur og voga, þar sem hægt er að veiða hana í lagnet og með fyrirdrætti. Jeg veit, að sumir draga þetta í efa, en sjómenn munu þó vera mjög á einu máli í þessu efni. Jeg játa, að jeg hefi ekki persónulega þekkingu á þessu, en jeg tel reynslu sjómannanna ábyggilega, enda skiljanlegt, að á löngum og þröngum fjörðum hafi hrefnan þessi áhrif á göngu síldarinnar. Hinsvegar er öllum ljóst, að mjög er mikilsvert við Eyjafjörð að ná í síld í beitu. Veltur það auðvitað á miklu, þegar nógur þorskur er úti fyrir. — Um þetta þýðir ekki að orðlengja. En jeg vil bæta því við, að eins og hrefnudrápinu er hagað á Eyjafirði, er veiðin mjög ómannúðleg. Eftir að búið er að festa skutulinn í hrefnunni, gengur langur tími í að murka úr henni lífið. Hún æðir dauðasærð fram og aftur, stundum hátt upp í dægur, uns hún verður uppgefin af eltingaleik og endurteknum skotum. Menn geta gert mikið eða lítið úr þessari ástæðu eftir vild. En mjer finst þetta þó fremur mæla með því, að þessari fallegu skepnu sje hlíft við svona ofsóknum, ekki síst, þar sem ef til vill um enga hagsmuni er að ræða við dráp hennar og jafnvel fremur tjón. Jeg mun hiklaust greiða atkv. á móti þessari brtt.

Ágúst Flygenring: Það er búið að taka fram margt af því, sem jeg vildi segja. Jeg vil þó til árjettingar geta þess, að flm. frv. hafa hugsað sjer, að með þessu frumv. væri stigið spor í þá átt að taka hjer upp hvalaveiðar, sem samkv. friðunarlögunum 1913 voru lagðar niður.

Það var almenn skoðun, áð nauðsynlegt væri að friða hval, vegna þess, að hann hefði áhrif til bóta á síldargöngu. En nú er staðhæft af þeim, sem reynslu hafa, að þetta sje á engum rökum bygt, og hvalurinn geri ef til vill fremur ógagn í þessu efni. Að því er hrefnuna snertir, sýnist ekki ástæða til þess að gera undanþágu með hana. Þessi skepna hefir orðið mönnum góð björg sumstaðar, en hefir hinsvegar engin áhrif til góðs á síldargöngu, ef til vill spillir fremur veiðinni. Mætti vísa til sjerstakra rannsókna um þetta efni. Þessi skepna lifir alls ekki á síld, heldur öðru æti, þó að stundum sje það samferða síldinni. Þessi almenna trú, að síld fylgi hvalnum, er því ekki nema hálfur sannleikur. Jeg man eftir því, að þegar jeg var á sjó fyrir nálægt 40 árum, var mjög mikið um hval í Kollál á Breiðafirði, sem er skamt norður af Snæfellsnesi, og komu þó ekki síður fiskileysisár þá en nú. Það gat ekki verið af því, að hval vantaði, því að nóg var af honum þar ætíð. Ef litið var út yfir Faxaflóa-grunnmiðin, sást stundum reykur við reyk, svo

mikið var þar þá af hval. Það má færa mörg rök að því, að fiskigöngur eru í engu sambandi við tilveru hvala. Sjest það m. a. af því, að fiskur hefir alls ekki minkað hjer, þó að hvölum væri nær því útrýmt. Þetta frv. er spor í áttina til þess, að hvalveiðar verði teknar upp aftur. Eru hjer sett að nokkru leyti sömu ákvæði og Norðmenn hafa í sínum lögum um þetta efni. Ef til vill væri rjettara að rýmka þetta meira. Það mundi ótvíræður hagur fyrir landsmenn, að taka þessa veiði upp aftur. Mikill kostnaður er því ekki samfara að reka hvalveiði. Ekki neitt í líkingu við botnvörpuveiðar. Það eru aðallega skotvopnin og sá útbúnaður, sem er dýr, og svo stöð, þar sem veiðin er hagnýtt. En jeg býst við, að slíkar stöðvar sjeu ekki mjög dýrar, að minsta kosti eru Norðmenn fljótir að koma þeim upp. Vana skotmenn þyrfti að fá, til að byrja með, en vjelar hygg jeg að ekki sjeu mjög dýrar. Það hefir verið talað um, að ótilhlýðilegt væri, að fyrir þetta væri greitt sjerstakt gjald. Jeg sje ekki, að það sje neitt ótilhlýðilegt, ef um arðsaman atvinnuveg er að ræða, þó að greitt sje fyrir örlítið gjald, úr því það á ekki að vera öllum heimilt. Með sjerleyfi verður veitt trygging fyrir því, að hæfilega margir stundi þessa atvinnu, og fyrir þá tryggingu er sanngjarnt, að eitthvað sje borgað.

Hvað brtt. snertir, þá þótti okkur rjettara að bera þær fram, til þess að ekki gæti orkað tvímælis um þau atriði, sem vikið hefir verið að áður.

Frsm. meirihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg skal ekki hefja neinar frekari umræður um till. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), en jeg tel rangt, að þessar veiðar komi aðeins fáum mönnum að gagni. Þetta getur veitt atvinnu talsvert mörgum mönnum og gefur auk þess kost á ódýrum matvælum. Jeg sje ekki betur en að þessi atvinnugrein geti verið jafngóð eða betri landsfólkinu en ýmisleg önnur starfsemi, sem nú er ekki við amast, og jeg veit, að hv. þm. (JBald) kann að meta það, að sjeð sje fyrir atvinnu í landinu. Það er líka rangt, að ríkið fái ekki nema þessar 500 kr. af hverjum bát. Ríkið fær mörg önnur lögmæt gjöld, inn- og útflutningsgjöld auk tekjuskatts. Virtist okkur því ekki ástæða til að leggja hærri sjerstakan skatt á þennan atvinnuveg. Það er heldur ekkert óeðlilegt við það, að leggja þennan skatt á, eins og hv. þm. Barð. (HK) hjelt fram að væri, þar sem miðað er við sjerleyfi. En fyrst um sjerleyfi er að ræða, verður auðvitað og að miða við ákveðinn tíma. Þá virtist hv. þm. Barð. (HK) halda því fram, að við kæmum með brtt. um að undanskilja hrefnuna, af því að gildandi laga-ákvæði væru brotin. En svo er ekki. Við komum með hana vegna þess, að *ekki er amast við* þessum lögbrotum. Það er tvent ólíkt. Að ekki er amast við brotunum, sýnir það, að menn telja ekki, að þau geri skaða. Það mælir margt með því, að fella úr gildi lög, þegar framkvæmd þeirra er niður fallin, því það bendir á, að þau sjeu orðin úrelt.

Mjer skilst á hv. þm. S.-Þ. (IngB), að honum sje sárt um hrefnuna, og sama kom fram hjá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Þeir tala um hrefnuna á sama hátt og áður var talað um öll stórhveli, meðan sú trú var almenn, að hvalirnir smöluðu síldinni upp að landi. En það hefir sýnt sig, að síldargöngur eru alveg

óháðar hvölum. Síldin er að elta átu, þegar hún kemur að landi. Það er átan, sem ræður ferð hennar, en ekki hvalurinn. Það má lengi deila um áhrif hvala á síldveiði, en jeg gat þess við 1. umr., að Norðmenn telja sildveiðina öruggari hjá sjer síðan stórhvelum fækkaði. Það getur alveg eins vel komið fyrir, að hvalir reki síldina frá landi eins og að. — Sumir hv. þm. hafa lagt áherslu á, að hrefnuveiði mundi ekki vera ágóðavænleg, enda væri hún að leggjast niður. En þá friðar hrefnan sig sjálf. En jeg skal játa það, að þar sem þessi skoðun er víða ríkjandi, að það eigi helst að friða hrefnuna, þá ætti að taka nokkurt tillit til þess, jafnvel þó að hægt væri að sýna með skýrum rökum, að þetta sje misskilningur, enda ekki fyrir að synja, að hrefnan geti haft nokkur áhrif til bóta á mjóum fjörðum. Það er rjett, að lofa þeim mönnum að fá sinn vilja og lifa í sinni trú, sem svo hugsa, jafnvel þótt hún væri ekki á rökum bygð, og þegar um atvinnuvegi manna og hagsmunavon er að ræða, er líka rjett að taka tillit til þeirra. En það er líka rjett að taka tillit til hinna, sem ekki vilja láta friða. Hvorttveggja mætti gera með því að ófriða hrefnuna yfirleitt, en gefa svo sýslufjelögum heimild til að friða hana fyrir sínu landi. Það er hvorttveggja nokkuð hart aðgöngu, að ganga alveg á móti skoðunum manna, á hvora hliðina sem er, fyrst þessi meðalvegur er til.

Út af ummælum hæstv. atvrh. (MG) vil jeg þakka honum fyrir þá bendingu, sem hann gaf nefndinni. En jeg sje ekki ástæðu til að taka málið fyrir það út af dagskrá, þótt hans skoðun reyndist rjett, því að 3. umr. er eftir, og nefndin getur athugað málið þangað til.

Það hafa einhverjir hv. þm. talað um, að þessi skekkja, sem hæstv. atvrh. (MG) benti á, lægi í brtt. við 2. gr. En það er ekki rjett, því að brtt. á aðeins við búsetuna, en búsetuskilyrði má setja bæði íslenskum og dönskum ríkisborgurum, þar sem sömu lög ganga yfir hvoratveggja, svo að gallinn, ef hann er einhver, liggur ekki í brtt., heldur í frv. sjálfu, þar sem stendur, að sjerleyfi geti íslenskir ríkisborgarar einir fengið. En þar sem nú frv. hefir gengið svona í gegnum eina umr. í þessari hv. deild, finst mjer, að það geti einnig gert það við 2. umr., svo má breyta því við 3. umr. En jeg skal játa, að mjer er ókunnugt um, hvort því er alstaðar hnýtt við í íslenskum lögum, þegar um sjerstök leyfi eða heimildir er að ræða, að þann rjett geti aðeins íslenskir ríkisborgarar fengið, „og aðrir, sem njóta sama rjettar", og eins er mjer ókunnugt um það, hvort Danir hnýta samskonar ákvæði við sín lög, en býst þó varla við því. Jeg tel líklegt, að það nægi, sem í frv. stendur, því að enginn lögfræðingur mundi verða í vandræðum með að útskýra þessi ákvæði í samræmi við 6. gr. sambandslaganna.

Jeg skal þá leyfa mjer að mælast til þess, að málið verði ekki tekið af dagskrá, þótt allar brtt. verði ekki bornar undir atkv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg óska þess ekki, að málið verði tekið út af dagskrá, en vildi óska, að brtt. yrði ekki borin undir atkv., því að jeg er í engum vafa um það, að hún á ekki að vera orðuð eins og hún er. Það er hjer tilgangurinn, að hafa búsetuskilyrði, en svo á að vera jafnrjetti milli danskra og íslenskra ríkisborgara, og meiningin

mun því vera, að þetta ákvæði um íslenska ríkisborgara nái einnig til danskra ríkisborgara. Jeg minnist þess, að ýmsum lögum, jafnvel þeim, sem nú hafa legið fyrir þinginu, er ábótavant í þessu, og jeg tel heppilegra að leiðrjetta það, því að annars gæti litið svo út sem verið væri að reyna að komast hjá þessu ákvæði sambandslaganna. Jeg vil því mælast til, að till. verði tekin aftur og löguð til 3. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Það má segja, að þær eru lífseigar, þessar erfikenningar, og það jafnvel þótt þær sje á engum rökum bygðar, og ekki síst í þessu máli. Það er kunnugt, að hvalafriðunarlögin voru samþykt yfirleitt af því, að sjómenn höfðu þá skoðun, að ef hvalirnir væri drepnir svo, að þeir kæmi ekki inn á fjörðu og flóa, kæmi engin síld. En reynslan hefir sýnt, að á þessum árum hefir síldveiðin verið meiri en nokkru sinni áður. Sama er að segja um hrefnuna. Nú á það að vera hún, sem orsakar það, að síldin gengur inn á fjörðu; hún næst ekki, ef hrefnan er drepin. En jeg held nú, að menn þurfi ekki að vera hræddir um það, að hrefnunni verði gereytt, þó leyft verði að drepa hana áfram, því að þeir, sem stunda sjó við Ísafjarðardjúp, segja, að þar sjeu fleiri hundruð hrefnur á hverju vori, og mönnum, sem hafa fengist við hrefnuveiðar, dettur ekki í hug að reyna að ná í hrefnur, sem hafa verið þar ár eftir ár, því að þær eru svo varar um sig, að ekki er hugsandi til að komast í sæmilegt skotfæri við þær. Og mig skal ekki furða á því, þó að hrefnuveiðin hafi ekki tekist á Eyjafirði, því að allir hvalir, sem lengi eru inni á fjörðum, eru mjög varir um sig. En að það eigi að friða hrefnuna vegna þess, að það hafi mistekist á Eyjafirði að drepa hana, nær ekki nokkurri átt, af þeirri einföldu ástæðu, að óvanir menn, sem fást við veiðar, tapa altaf á því. Danskir menn, sem hingað koma til þess að stunda hjer veiðar, tapa oft stórfje. En þetta er ekki nema eðlilegt, af því að þeir kunna ekki veiðiaðferðina. Að hrefnan styggi síldina, svo að hún gangi upp í víkur og voga, er ósannað. Menn halda þetta sama um hvalina, og eitt árið eftir að hvalirnir hurfu úr Ísafjarðardjúpi brá svo við, að þá var síldarleysisár, en aftur árin 1916 og 1918 voru geysimikil síldveiðiár. Og nú sjá það allir menn, að það er ekki af því, að hvalir gangi að landinu, að síldin veiðist; hún fer, eins og allar aðrar slíkar skepnur, eftir hitanum og ætinu í sjónum.

Við höfum því á stríðsárunum skaðað okkur um mörg hundruð þúsund krónur, því að ef hvalaveiði hefði þá verið leyfð, þá hefði margur maður fengið holla og góða fæðu fyrir mjög lítið, og hvölunum hefði ekki fækkað meir, því hvalveiðastöðvarnar á Færeyjum sækja mest af veiði sinni til Íslands, eða í kringum suðaustur- og suðvesturlandið. En hvað drápsaðferðina snertir, þá skal jeg fúslega viðurkenna, að hún er mjög hörð. Við sáum það oft á Ísafjarðardjúpi, að hvalveiðamennirnir voru marga tíma að vinna á hvalnum, því þeir draga bátinn oft fleiri tíma. En ef veiða á þessi dýr, þá er ekki hægt að veiða þau á nokkurn annan hátt, nema sprengikúlur sjeu viðhafðar. En í sambandi við síldveiðina, þá hygg jeg, að þeir, sem stunda síldveiði, hafi oft orðið varir við það, að hrefnan styggi síldina eins oft úr fjörðunum,

eins og inn í þá, og það er enginn vafi á því, að það er rjett, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að Norðmenn hjeldu fram, að síldin væri spakari og veiðin tryggari og jafnari síðan hvölunum fækkaði.

Jón Baldvinsson: Það er um þá till. mína að segja, sem jeg skaut fram, að ríkið ætti að taka þetta í sínar hendur, að jeg hjelt henni ekki fast fram, af því að jeg bjóst við, að reksturinn mundi ekki verða í stórum stíl, og því lítill ávinningur við það. En ef ríkið tæki þetta að sjer, myndi það naumast verða rekið víðar en á einum stað. En hitt er ótakmarkað, hvað má veita mörg sjerleyfi; og þá gæti svo farið, að svo margir rjeðust í þennan atvinnurekstur, að lítill ágóði kæmi í hvern hlut, og þá færi líklega svo, að þessi atvinnugrein legðist bráðlega niður aftur.

Það er rjett hjá hv. frsm. (ÁÁ), að það verða mörg fleiri gjöld en þessar 500 kr., sem renna í ríkissjóð. En jeg held samt, að það verði ekki mikið, og þykir mjer því líklegt, að ríkið hafi ekki mikinn hagnað af því, þótt þessi lög verði samþykt. Hinsvegar er það sennilegt, að þó að þetta eigi að binda við íslenska ríkisborgara eina, þá verði þeir ekki margir hjer á landi, sem vilja leggja í það að kaupa tæki til hvalveiða, svo að jeg býst við, að það yrði þannig, að Norðmenn kæmi inn, einhvern veginn grímuklæddir, heldur en að Íslendingar færi að kaupa þessi dýru skip og byggja hvalveiðastöðvar.

Annars benti jeg á það sama í nefndinni sem hæstv. atvrh. (MG) talaði um, að ákvæðið um, að sjerleyfi geti íslenskir ríkisborgarar einir fengið, rekist á sambandslögin. En mjer fanst þá, að hv. nefndarmenn liti svo á sem þetta gæti ekki komið til mála, þó að þeir vilji nú taka það til greina. Mjer virðist enginn efi á því, að þetta muni koma í bág við sambandslögin.

Frsm. meirihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil aðeins geta þess, út af orðum hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem virtist óttast það, að mörg sjerleyfi yrðu gefin út, að þessi leið er einmitt farin til þess að tryggja atvinnuveginn. Það er álit stuðningsmanna frv., að þetta geti ekki orðið tryggur atvinnuvegur, nema með sjerleyfum og þeim ekki mörgum. En hitt fanst okkur ekki rjett, að setja það í lögin, hve mörg sjerleyfi mætti veita, það verður að vera „konduite"-atriði. Það var að vísu rætt um það hjá okkur, að ekki mundi hyggilegt að veita meira en tvö sjerleyfi, annað fyrir Austurland, en hitt fyrir Vesturland, og ekki heppilegt að veita hvoru fjelagi leyfi til að hafa fleiri báta en svo sem þrjá. Og við þykjumst þess fullvissir, að þegar stjórnin veiti sjerleyfi, þá geri hún það með tilliti til þess, að atvinnuvegurinn geti orðið sem allra tryggastur og til langframa.

Ingólfur Bjarnarson: Mjer þótti rjett að taka það fram, af því að talað var um það, að ekki hefði verið amast við þessum lögbrotum hingað til, sem hrefnudrápið vitanlega væri, og því væri rjett að leyfa það nú, að jeg veit, að það hefir mikið verið amast við því við Eyjafjörðinn, að hrefnan væri drepin, af flestum, er þar hafa stundað síldveiði. En þeir hafa litið svo á, að það væri mikill vafi á því, hvort hrefnan væri friðuð, og jeg held, að sumir lögfræðingar hafi litið svo á, að ekki væri hægt að banna hrefnudrápið, vegna þess,

hvernig lögin eru úr garði gerð. En það er alveg víst, að mikið hefir verið amast við þessu, þótt ekki væri hægt að gera neitt við því. Annars þýðir líklega ekki mikið að tala um þetta. En hvað það snertir, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) var að tala um, að þeir á Eyjafirði myndu ekki hafa kunnað að veiða hrefnuna, þá er það fullyrðing út í loftið, sem ekkert gildi hefir; jeg geri ráð fyrir, að þeir kunni sæmilega til þeirrar vinnu, eftir því, sem hægt er. Og hvað þá fullyrðingu hv. þm. (JAJ) snertir, að hrefnan hafi engin áhrif á göngu síldar, þá finst mjer ekkert byggjandi á þeirri staðhæfing, því gagnstæð skoðun fiskimanna á þessu atriði byggist hreint og beint á reynslu þeirra manna, sem síldveiðar hafa stundað um langan tíma. Og jeg get á engan hátt gert meira úr staðhæfing hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) heldur en reynslu þeirra manna, sem hafa oft tekið eftir því, að þegar síldin liggur frammi í fjarðardjúpinu, án þess að nást í net, þá kemur rót á hana, ef hrefna fer um fjörðinn, við þann usla, sem þessi stóra skepna gerir, og er þá ekki nema eðlilegt, að síldin hrökkvi undan og færist nær landi. Annars þýðir ekki að karpa um þetta hjer. En jeg held því fast fram, að þessa brtt. eigi að fella.

ATKVGR.

Brtt. 221,1 samþ. með 12 : 9 atkv.

1. gr., svo breytt, sþ. með 14 : 1 atkv.

Brtt. 221,2 tekin aftur.

2. gr. samþ. með 19 : 2 atkv.

3. gr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Brtt. 221,3 samþ. með 15 shlj. atkv.

5. og 6. gr. (verða 4. og 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 18 : 1 atkv.

Á 50. fundi í Nd., föstudaginn 3. apríl, var frv tekið til 3. u m r. (A. 267, 281).

Frsm. meirihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Sjávarútvegsnefnd hefir borið fram þrjár brtt. við þetta frv.

Sú fyrsta er borin fram eftir óskum þeirra, sem vilja friða hrefnuna. Er sýslunefndum heimilað að friða hana með sjerstökum samþyktum, enda staðfesti atvrh. samþyktina.

Næsta brtt. miðar eingöngu að því, að gera skýrara það ákvæði frv., sem þar er um að ræða, en breytir í engu þeirri meiningu, sem í þessu ákvæði átti að felast. Síðasta brtt. er fram borin eftir bendingu frá hæstv. atvrh. (MG). Sumir nefndarmenn litu svo á, að þessarar breytingar væri ekki þörf, en af því að fram kom ósk um, að brtt. væri borin fram, þá var það gert.

(Niðurlag ræðunnar vantar hjá skrifaranum. — Ásg. Ásg.)

Atvrh. (Magnús Guðmundsson): Jeg skil hv. frsm. (ÁÁ) þannig, að því er snertir síðustu brtt., að ef fjelag á í hlut, þá megi ekki láta það fá þetta leyfi, nema það hafi heimild til að fá skip skrásett hjer. Jeg hefi ekkert við þetta að athuga.

Út af 1. brtt. skal jeg taka það fram, að mjer finst undarlegt, ef sumstaðar á að leyfa hrefnuveiði, en sumstaðar ekki. Það er óvíst, að samkomulag fáist um þetta milli hjeraða, en það fer þá ekki ver enn svo, að heimildin verður ekki notuð. Jeg ætla ekki að leggja á móti þessari brtt., en jeg efa samt, að rjett

sje að samþykkja hana, og held, að hún verði þýðingarlaus.

Hrefnan tel jeg, að ekki sje friðuð. Hún mun teljast til skíðishvala og vera minst þeirra, en svo er tiltekið í gildandi lögum, að tannhveli og smáhveli sjeu ekki friðuð.

Frsm. meirihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Út af síðustu ummælum hæstv. atvrh. skal jeg geta þess, að eftir núgildandi lögum eru allir skíðishvalir friðaðir.

Í sambandi við brtt. um friðun hrefnunnar, vil jeg benda á, að í Noregi hafa einstök fylki heimild til banna hvalveiðar algerlega fyrir sínu landi, og er þetta vegna skoðana fiskimanna þar á áhrifum hvala á síldargöngur.

Annars skal jeg geta þess, að sjútvn. felst á þann skilning, sem hæstv. atvrh. (MG) hefir látið í ljós á brtt. nefndarinnar við 2. gr., síðustu málsgrein.

Tryggvi Þórhallsson: Það mun að vísu vera svo, að nefnd sje heimilt að koma fram með slíka brtt. og þessi er, á þskj. 281, og sje lögð fyrir fundinn örfáum mínútum áður en atkvgr. fer fram. Í því skjóli hefir hv. sjútvn. gert þetta nú. En þetta er mjög óheppilegt, ekki síst, þegar um slíkt mál er að ræða sem þetta, og þm. hafa engan tíma til að átta sig á því. Jeg skammast mín ekki fyrir að játa, að jeg hefi ekki fullkomna þekkingu á þessu máli, en hefi haldið fram skoðun atvinnurekenda í mínu kjördæmi. Það var ósk nefndarinnar við 2. umr. málsins, að undanskilja hrefnur, en nú er komin fram ný brtt. um að banna hrefnuveiðar sumstaðar. Jeg get tekið undir með hæstv. atvrh. (MG) um það, að óviðkunnanlegt sje að hafa tvennskonar lög um þetta í landinu. Jeg býst við, að fyrir þá menn, sem mjer er skylt að vera á verði fyrir, hafi þetta ekki slæmar afleiðingar, en engu að síður vil jeg taka það fram, að slík vinnubrögð sem þessi eru ekki samkvæm anda þingskapanna, þótt þau kunni að koma heim við bókstafinn.

Frsm. meirihl. (Ásgeir Ásgeirsson): Enda þótt brtt. kæmi ekki fram við síðustu umr. þessa máls, var komin fram uppástunga á þessa leið í umræðunum sjálfum. Jeg álít ekki, að neinir þm. þurfi að óttast tillöguna, og svo framarlega sem heimildin er notuð í nokkurri sýslu, er það af því, að meirihlutinn óskar þess. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Str. (TrÞ) þurfa því ekki að óttast um sínar sýslur, þar sem friðun kemur vart til greina nema á mjóum fjörðum, eins og t d. Austfjörðum og Eyjafirði, en síst á Djúpinu eða Húnaflóa. Jeg sje því ekki ástæðu til að taka málið af dagskrá. Tillagan er ekki óþörf, heldur til þess að gera alla ánægða, bæði þá, sem vilja friða hrefnuna, og eins hina, sem eru á móti því.

ATKVGR.:

Brtt. 281, 1 samþ. með 15 : 5 atkv.
— 281, 2 a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 281, 2 b samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 4. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 287).

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 346).

Frsm. meirihl. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er komið frá Nd., eins og það er á þskj. 287. Sjútvn. Ed. gat eigi orðið sammála um þær till., sem gera ætti.

Eins og nál. meirihl., á þskj. 346, ber með sjer, sá meirihl. sjútvn. ekki ástæðu til að leggja á móti frv., af ýmsum ástæðum, sem að vísu eru ekki greindar í nál., en jeg mun víkja hjer að með nokkrum orðum.

Það, sem fyrst vakti athygli nefndarinnar, var það, hve greiðlega frv. hafði gengið gegnum hv. Nd. Frv. hafði litlum eða engum andmælum sætt þar. Þau andmæli, sem fram komu, beindust alls ekki gegn frv. í sjálfu sjer, heldur gengu þau út á það, hvort veiðar þessar væru reknar af ríkinu eða einstaklingum. En slíkt er algert aukaatriði í sambandi við þetta frv.

Nefndinni þótti því íhugunarvert, að leggjast á móti frv., er hafði svo eindreginn byr í Nd. Það mun hafa verið samþ. þar með 18 : 1 atkv. Það þurfti því sterk rök til að tefja framgang málsins að þessu athuguðu.

Eins og allir vita, er þetta mál eigi fram komið fyrir neina tilviljun, heldur vegna þess, að hjerlendir menn hafa áformað að sækja um sjerleyfi til hvalveiða, ef frv. verður að lögum. Það er svo um hvalveiðar, að þær munu hvergi fara fram með eftirliti hins opinbera. Það er því í fullu samræmi við löggjöf allra annara þjóða, að svo sje og hjer. Hvervetna tíðkast, að sjerstakt leyfi þurfi til að reka veiðar þessar og að gjald verði að greiða fyrir leyfið.

Sú hugsun, sem einkum liggur til grundvallar fyrir hvalafriðunarlögum, er sú, að hvalir greiði fyrir fiskigöngum, en dráp þeirra hafi gagnstæð áhrif. Þessu hefir verið fylgt fast fram sumstaðar hjer á landi. En á síðustu árum hafa fiskifræðingar, er rannsakað hafa fiskigöngur vísindalega, komist að þeirri niðurstöðu, að kenning þessi hafi eigi við rök að styðjast. Sjútvn. þótti tryggilegast að ná tali af vorum eina fiskifræðingi, Bjarna Sæmundssyni, áður en hún tæki frekari ákvarðanir, og kom hann á fund hjá nefndinni.

Hann sagðist þegar hafa látið þá skoðun uppi fyrir tuttugu árum, að hvalir hefðu engin gagngerð áhrif á fiskigöngurnar, og þeirri skoðun kvaðst hann fylgja enn. Fiskigöngur kvað hann einkum fara eftir átu í sjó, en átan færi hinsvegar eftir hitastigi og straumum. Þetta mun og vera álit helstu norskra fiskifræðinga.

Þá má og telja sitthvað, sem með því mælir frá almennu sjónarmiði, að ísl. ríkisborgurum sje leyft að drepa hval. Má þar fyrst telja atvinnu þá, er slíkar veiðar myndu hafa í för með sjer. Þá rynni og nokkurt sjerleyfisgald í ríkissjóð, fyrir hvalveiðaleyfi. Einnig myndi ríkissjóður fá útflutningsgjöld af þessari framleiðslu eins og annari. Þetta alt myndi geta orðið þjóðinni til verulegra

hagsbóta. — Eitt er þó ótalið enn, sem einna mest hefir þó verið lagt upp úr í Noregi í þessu sambandi, og er það hvalkjötið. Ef farið væri að stunda þessar veiðar hjer, ætti almenningur kost á þessari hollu og ódýru fæðu, sem af sjerfræðingum er talin jafnast á við nautakjöt að næringargildi.

Þetta er þá það helsta, sem mælir með því að veita slík sjerleyfi. Þar sem sækja yrði um slík leyfi í hvert skifti, er vart nein hætta á, að þau verði veitt svo taumlaust, að hætta geti stafað af. Ráðueytið myndi jafnan hafa spurnir af hvalveiðastöðvunum og geta haft eftirlit með þeim. Þess má og geta, að í Noregi hefir verið hallast að þessari aðferð á síðustu árum, að í stað algerðs banns hafi ráðuneytið heimild til að veita sjerleyfi með sjerstökum skilyrðum og gegn ákveðnu gjaldi.

Það, sem einkum hefir verið fundið að slíku leyfi, er það, sem jeg gat um fyr, að hvalir bæti fyrir fiskigöngum. Þessi trú er þó í rjenun, bæði hjer og í Noregi.

Síðan frv. kom fram, hafa, eins og kunnugt er, borist áskoranir til þingsins með og móti frv. Vitanlega hafa þær litið upplýst í málinu, og er sannast að segja erfitt að byggja á slíku. Það, sem hjer verður fyrst og fremst að treysta á, eru hinar vísindalegu rannsóknir. Eins og jeg hefi áður getið um, hefir nefndin aflað sjer álits eina vísindamannsins, sem til er í þessu efni á Íslandi. Þá hefir einnig verið leitað álits stjórnar Fiskifjelagsins, en svar hennar barst ekki í hendur nefndarinnar fyr en í dag, svo að ekki hefir unnist tími til þess að prenta það. Ætla jeg því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr því nokkur orð. Þar segir, að

„.... það sje yfirleitt álit fiski- og náttúrufræðinga, að hvalir hafi engin þau áhrif á göngu fiska, hvort sem er með ströndum fram, úti á rúmsjó eða inni á firði, er líklegt sje að geri til eða frá um aflabrögð, hvalirnir eru háðir sömu lögum og fiskarnir, þ. e. ástandi sjávarins og áhrifum hans á átuna, og verða að elta hana eins og síldin og ýmsir aðrir fiskar að sínu leyti, og sumir skíðishvalir eru beinlínis keppinautar þessara fiska um fæðu, og ræður það því að líkindum, að fækkun þessara hvala geti ekki talist hættuleg fiskiveiðum yfirleitt og síldveiðunum sjerstaklega, eins og líka reynsla vor um síðustu 40 ár ber ljósan vott um“

Ennfremur bætir stjórnin því við, að hún sjái ekki,

„að nein þau atriði sjeu í frv., er geti komið í bág við hag íslenskra fiskimanna“.

Að þessu athuguðu sýnast ekki vera næg rök fyrir hendi til þess að leggjast á móti frv., sem verjandi sjeu gegn hv. Nd., sem samþ. hefir frv. með miklum atkvæðamun. Jeg veit, að minnihl. nefndarinnar er á annari skoðun, og skal jeg ekki segja meira um málið, fyr en hann hefir gert grein fyrir afstöðu sinni.

Frsm. minnihl. (Ingvar Pálmason): Það hefir farið með þetta frv. eins og stundum hefir komið fyrir áður í sjútvn., að ekki hafa allir getað orðið á einu máli.

Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er, eins og tekið hefir verið fram, komið frá Nd. Jeg ætla ekki að fara mikið út í frv. sjálft, heldur leitast við að athuga, hvort knýjandi ástæður eru fyrir hendi til þess að Alþingi, sem síðastlið-

inn vetur framlengdi hvalfriðunarlögin andmælalaust, taki nú sinnaskiftum. Jeg tel rjett að rifja dálítið upp sögu hvalfriðunarlaganna, þó að jeg sje ekki vel fróður um það efni. Sú stefna, að banna hvalveiðar, mun vera jafngömul hvalveiðunum sjálfum. Strax munu heyrst hafa raddir um, að banna þyrfti hvaladráp. Hvalveiðar hafa verið stundaðar síðan 1880 og fram að 1914, og mun einna mest hafa verið veitt um aldamótin. Altaf voru raddir uppi, sem mótmæltu mjög veiðinni, og það tókst ekki að þagga þær niður, þó að hagnaður væri talsverður af þessari veiði, bæði fyrir þá, sem ráku, og fleiri. Eftir að kom fram yfir 1906—7 tók baráttan mjög að harðna, og háværar raddir heyrðust um, að afnema bæri veiðina með lögum. Þessu lauk svo með hvalfriðunarlögunum 1913, sem síðasta þing samþykti að framlengja. Jeg býst við, að legið hafi til grundvallar fyrir þessari lagasetningu fyrst og fremst þær kröfur, sem komu frá þjóðinni, um að afnema veiðina, og svo kann að hafa haft nokkur áhrif, að hvölum var farið að fækka, og því talið rjett að gera tilraun með, hvort hægt væri að fjölga þeim með friðunarlögum. Jeg hefi að vísu ekki kynt mjer umræðurnar um þetta í þingtíðindunum, en jeg hygg, að þetta hafi verið aðalástæðurnar. Ef þetta er rjett, virðist ekki fjarri lagi að athuga, að hve miklu leyti náðst hefir sá tilgangur, að fjölga hvölunum. Það er erfitt að sanna nokkuð í því efni, en jeg þori að staðhæfa, að á Austfjörðum a. m. k. er það alment álit sjómanna, að hvölum hafi fjölgað til muna. Það er áreiðanlegt, að hvalganga við Austfirði hefir verið meiri 2 síðastliðin ár en næstu 10—12 ár á undan. Lögin hafa þá að þessu leyti náð tilgangi sínum.

Þá er hin ástæðan, álit sjómanna, að rjett væri, að hvalafriðun næði fram að ganga. Það er full ástæða til að athuga, hvort þessi aðstaða hefir breyst síðan 1913. Um þetta er ekki hægt að segja neitt með fullri vissu, því að engin gögn hafa legið fyrir, sem hægt væri að draga ályktanir af. En þess hefir ekki orðið vart, að komið hafi fram neinar raddir um, að afnema bæri friðunarlögin eða breyta þeim. Og á síðasta þingi voru lögin framlengd til 10 ára. Landsmenn virðast hafa látið sjer það vel líka og engin mótmæli borið fram. Á þessu þingi kemur svo frumvarp þetta, að öllum óvörum, bæði þingmönnum og kjósendum. Jeg fer ekki út í það, að leggja dóm á rök fyrir þeirri skoðun sjómanna, að hvalir hafi áhrif á fiski- og síldargöngur. Vísindin neita því, að svo sje, en á þeim má ekki ofmikið byggja. Með allri virðingu fyrir vísindunum, þá er þess að gæta, að sú grein þeirra, sem að þessu lýtur, er mjög ung. Þá má einnig finna þess mörg dæmi í sögu vísindanna, að sumt það, sem þau eitt sinn telja sannað með óyggjandi rökum, reynist rangt síðar meir. Það liggur því nærri að segja, að hjá þeim sje eitt í dag og annað á morgun. Jeg ætla ekki að leggja neinn dóm á þetta atriði, en jeg lít svo á, að raddir almennings sjeu þungar á metunum í þessu efni, og jeg tel varhugavert, að Alþingi afgreiði svona lög að þjóðinni óafvitandi. Flm. frv. telja ekki ástæðu til þess fyrir okkur að friða hvalinn, til hagsmuna fyrir aðrar þjóðir. Með þessu er óbeinlínis viðurkent það, sem jeg hefi haldið fram, að hvölunum hafi fjölgað, því annars hefði ekki verið

talað um, að friðunarlögin væru til hagsbóta fyrir aðrar þjóðir. Mjer vitanlega er engin slík hætta fyrir dyrum enn sem komið er. Næstu hvalveiðistöðvar munu vera í Færeyjum, og eins og þær eru reknar nú, mun engin hætta á því, að veiði verði sótt upp til Íslands. Til sönnunar því má benda á, að fyrst voru hvalveiðar reknar hjer fyrir Vesturlandi, en stöðvarnar síðan fluttar til Austurlands, þegar hvalur reyndist meiri þar. Þetta bendir á, að hvalveiðar muni ekki verða sóttar hingað frá stöðvum í Færeyjum. Komið gæti til mála, að aðrar þjóðir sæktu hingað til hvalveiða frá svonefndum flotstöðvum. Það munu hafa verið gerðar einhverjar slíkar tilraunir við Grænland, en ekki, svo að jeg viti, hjer við Ísland. Jeg sje því ekki, að knýjandi ástæður sjeu til þess að afgreiða þetta frv. nú.

Þá skal jeg minnast á fjárhagshliðina. Jeg ber að vísu ekki mikið skyn á, hvað kostar að setja upp hvalveiðistöð með 5 bátum, en óhætt mun að segja, að eftir mælikvarða okkar Íslendinga kosti það stórfje. Þar að auki er þessi veiði, eins og raunar öll önnur veiði, talsvert áhættusöm. Jeg vil benda á, að við eigum áreiðanlega völ á miklu arðvænlegri fyrirtækjum, sem við gætum lagt fje okkar í, ef við á annað borð höfum það handbært. Má t. d. benda á eitt, síldarbræðslu-verksmiðjur, sem mundu gefa miklu meiri arð. Við höfum áreiðanlega nóg arðsöm verkefni til þess að setja fje okkar í. En varhugavert getur verið að láta slík fyrirtæki njóta mikilla ívilnana eða hagsmuna frá löggjöfinni, því þá er hætt við, að notað yrði útlent fje meira en góðu hófi gegnir. Jeg tel ekki rjett, og er viss um, að ekki vakir fyrir Alþingi, að gefa tilefni til að slík leið sje farin. Þingið hefir haft til meðferðar fleira en eitt lagafrumvarp, sem ganga í þá átt að stemma stigu fyrir því, sem kallað er „leppmenska“. En þeta frv. gæti leitt til slíks.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál að sinni. Jeg álít ekki rjett að fara að „diskútera“ um það á þessu stigi málsins, við hve mikil rök það álit sjómannanna hefir að styðjast, að hvalir hafi áhrif á fiski- og síldargöngur. Það er víst, að hve mikil eða lítil sem rökin eru, þá verður ekki þeirri sannfæringu útrýmt með lögum. Eins og jeg hefi áður tekið fram, verður að taka tillit til þess álits. Legg jeg því til, eins og nú standa sakir, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Jeg tel óhætt að segja, að þetta sje forsvaranlegasta afgreiðslan. Hitt, að lögleiða frv., án þess að gefa kjósendum minsta kost á að láta í ljós álit sitt, tel jeg nær því óforsvaranlegt. Jeg vil benda á, að á sínum tíma var þetta hitamál út um land, og jeg tel, að heldur ætti að forðast að koma af stað nýjum æsingum að ástæðulausu.

Jeg skal drepa á brjefið frá stjórn Fiskifjelagsins. Það verður að skoðast sem eigið álit stjórnarinnar, því að jeg veit ekki til þess, að hún hafi neitt umboð til þess að koma þannig fram fyrir fjelagsins hönd. Jeg veit ekki til þess, að málinu hafi verið hreyft neinstaðar á fundum út um land, og því verður þetta aðeins að skoðast sem álit stjórnar fjelagsins. Ef fjelagið alt stæði á bak við, væri meiri ástæða til þess að taka tillit til þessa álits.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar.

Frsm. meirihl. (Jóhann Jósefsson): Það hefði sennilega verið rjettara, að jeg hefði tekið það fram í fyrri ræðu minni, að meirihl. nefndarinnar vildi láta samþykkja frv. með lítilsháttar breytingum. En þær voru svo sjálfsagðar, að mjer láðist að geta um þær. Skal aðeins minna á, að þær eru tilgreindar á þskj. 346. Hv. Nd. hafði sjest yfir þetta.

Hv. 2. þm. S.-M (IP) hefir minst á það, sem fyrir honum vakir í þessu máli, þennan ótta um það, að ef til vill verði menn víðsvegar út um landið á móti þessu frv. Hv. þm. (IP) gat um, að það væri álit manna á Austfjörðum, að hvölum hefði fjölgað síðan friðunarlögin gengu í gildi. Þetta má vel vera. En hjer er, eins og hv. þm. kannaðist við, aðeins um álit manna að ræða, og það hlýtur altaf að vera heldur lauslegt til að byggja á.

Þá mintist hv. þm. á, að vísindin væru ekki ábyggileg í þessu efni. Það má kanske til sanns vegar færa. En þegar um er að ræða annarsvegar lauslegt álit, en hinsvegar rannsóknir fleiri ára, þá getur enginn vafi leikið á, hvort meira á að meta.

Þá kom hv. þm. (IP) með yfirlýsingu, sem mjer þótti kynleg. Hann sagði, að frv. kæmi að öllum óvörum. Nú er samþingismaður hv. þm. (IP) einn af flytjendum frv., og auk hans einn af helstu samherjum hv. þm. (IP) í Framsóknarflokknum. Og þó lýsir hv. þm. yfir því, að þetta hafi komið að honum óvörum. Það er óneitanlega einkennilegt, að hv. þm. skuli berjast á móti máli, sem samþingismaður hans flytur, og auk þess eru sumir samflokksmenn hans í hv. Nd. helstu stuðningsmenn þess. Okkur Íhaldsmönnum í þessari hv. deild er einatt brugðið um það, að við sjeum ekki í samræmi við Íhaldsmenn í hv. Nd. En þetta dæmi sýnir það, að við höfum ekki verið einir um þessháttar. Það getur alveg eins komið fyrir hjá öðrum hv. þm. og öðrum flokkum.

Hv. þm. (IP) vill vísa þessu máli til stjórnarinnar, og er það ánægjulegt, að heyra þá ósk fram borna af manni, sem er í andstöðu við stjórnina. Út af fyrir sig felli jeg mig fjarskalega vel við þessa ósk hv. þm. (IP); það er auðráðið af því, að hv. þm. treystir stjórninni vel í þessu máli, en á hinn bóginn er í frv. sjálfu ætlast til þess, að atvrh. veiti sjerleyfi og hafi úrskurðarvald um það; þar er stjórninni þegar treyst til að fara með þetta mál, svo að það getur alveg eins vel komið fram með frv. eins og með þeirri ósk, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) ljet í ljós, að málinu væri vísað til stjórnarinnar. En aftur er það ákaflega mikilsvert og ánægjulegt að heyra það frá manni úr andstöðuflokki stjórnarinnar, að hann vilji vísa máli, sem hann telur svo mikils varðandi fyrir alla landsmenn, til stjórnarinnar.

Hvað það snertir, að þetta mál hafi ekki verið rætt út um land og að óskir kjósenda liggi ekki fyrir í málinu, þá veit jeg satt að segja ekki, hvort það er hlutur, sem þurfi svo mjög að fárast yfir. Hv. þm. (IP) mintist á það, að þetta hefði verið mikið hitamál áður, sem það sjálfsagt hefir verið, og sje nú gengið út frá því, að svo yrði áfram, eins og öll ræða hv. þm. (IP) virtist benda á, yrði í mínum augum ástæðan fyrir því, að bera þetta undir kjósendur, ekki ríkari. Því að jeg tel ólíklegt, að þetta mál sjálft mundi vinna við það, það er, að það yrði betur og óhlutdræg-

ar upplýst, þó að það væri gert að æsingamáli í kosningastappi út um alt landið, því að inn í það myndi svo oft spinnast hreppapólitík og eiginhagsmunir, sem ekki geta orðið til annars en að rugla hugmyndir manna um það, hvað rjett sje í málinu sjálfu. Jeg er því andstæður hv. þm. (IP) í því, að jeg álít, að þegar ekki er hægt að sanna neitt þessa trú, sem hv. þm. segir, að hjer sje um að ræða, eða hafi verið um að ræða, gegn því, að hvalir væri drepnir, þá verð jeg að segja, að málið mundi ekki hafa nema ilt af því að verða gert að æsingamáli.

Þá veik hv. þm. (IP) að einu atriði í málinu, sem jeg í rauninni fór fram hjá í ræðu minni, sem sje, að aðrir væri farnir að taka frá okkur þessa veiði, og á meðan við meinuðum okkar eigin mönnum að drepa hvalina, væru aðrar þjóðir farnar að sækja þá heim að okkar bæjardyrum. Jeg vildi ekki staðhæfa neitt um þetta, af því að þær upplýsingar, sem jeg hefi fengið, eru ekki svo ljósar, að hægt sje að fullyrða neitt út af þeim. En jeg heyri, að hv. þm. (IP) hefir heyrt um það líka. En þá verð jeg að segja hv. þm. (IP) það, að það er ekkert því til fyrirstöðu, að útlendingar geti með flotstöðvum hagnýtt sjer hvalina hjer við land, hvort sem við bönnum okkar mönnum að drepa þá eða ekki. En hv. þm. (IP) vildi láta það bíða, að við slökuðum nokkuð á taumunum við okkar menn. Jeg sje nú ekki, að það sje rjettara hjá okkur að fara fyrst að leyfa Íslendingum að nota sjer hvalina við strendur landsins, þegar útlendingar eru farnir að draga þá til annara landa. Þessvegna finst mjer það ekki hættulegt, þó að stjórninni sje veitt heimild til að leyfa Íslendingum að setja upp hvalveiðastöðvar. Hv. þm. (IP) mintist á eitt atriði, sem sýnir það fyllilega, að ekki er hætt við, að stöðvar verði margar á næstunni; það var kostnaðurinn. Og það er víst alveg rjett, að bæði er kostnaðurinn mikill og atvinnan áhættusöm, eins og allur annar veiðiskapur, en það verður þá einmitt eðlilegur hemill á það, að það verði af mörgum mönnum óskað eftir þessu sjerleyfi.

Hvað snertir athugasemd hv. þm. (IP) um það, að þetta geti gefið ástæðu til leppmensku og að útlent fje kynni að geta slæðst inn í þessi fyrirtæki, þá sje jeg ekki, að það, út af fyrir sig, gefi neina ástæðu til þess að vera á móti því, að Íslendingar geti hagnýtt sjer þessa veiði. Það verður að vera með það eins og annað, sem íslenskir ríkisborgarar ætla sjer að starfrækja hjer, að stjórnin verður að sjá um það, að leppmenska geti ekki átt sjer stað. En þó að slík veiði væri rekin einhversstaðar frá Íslandi af Íslendingum sjálfum, með útlendu fje að einhverju leyti, af því að íslenskt fje skorti, þá get jeg ekki sagt, að mjer sje svo sárt um það, þótt fjeð fengist til þess einhversstaðar annarsstaðar að, ef fje væri ófáanlegt hjá innlendum lánsstofnunum. Þetta, með útlent fje og leppmensku, má ekki nota alstaðar sem grýlu, til þess að fæla menn frá að fylgja nauðsynjamálum.

Þá talaði hv. þm. (IP) um það, að stjórn Fiskifjelags Íslands hefði ekkert umboð frá hinum einstöku deildum Fiskifjelagsins til þess að leggja neitt til í þessu máli. Það skal jeg ekkert deila um við hv. þm. (IP); jeg býst ekki við, að stórn fjelagsins hafi aflað sjer þessa umboðs. En jeg tel, að hún

muni hafa við hönd sjer þá sjerfróðu aðstoð og þau gögn, sem hægt er í þessu máli, og hygg jeg, að hún myndi litlu bættari fyrir það, þótt hún fengi já frá einni deild Fiskifjelagsins og nei frá annari, eftir því, hvernig talað væri fyrir þeim. Ef á að fara eftir nokkru, þá á að fara eftir þeirri niðurstöðu, sem sjerfræðingar hafa komist að, við að rannsaka málið í fleiri ár. Þegar á þingi árið 1885 var lagt fram frv. með ákvæðum um hvalveiðar, og þá er það þegar tekið fram í greinargerðinni fyrir frv., að þessi skoðun og almenningsálitið á skaðsemi hvalveiðanna komi ekki heim við það, sem áður hafi verið álitið, og þá er þess ennfremur getið, eftir skýrslu frá Hammer skipsforingja, en það var árið 1886, að hann hafi álitið, að það hefði ekki nein áhrif á síldargöngur, hvort hvalir væri friðaðir inni í fjörðum á Íslandi eða ekki. Með tilliti til reynslu undanfarinna ára er víst óhætt að gera ráð fyrir, að þessar andstæðu skoðanir á hvalveiðunum og áhrifum þeirra á fiskigöngur haldi enn um nokkurt skeið áfram að rekast á, og hvorutveggja skoðunin eigi sína öruggu talsmenn, eins og áður hefir verið.

Þótt jeg hefði haft, af pólitískum ástæðum, sjerstaka löngun til að fylgja till. hv. 2. þm. S.-M. (IP), þá finst mjer ekki, að þau rök hafi komið fram, hvorki í ræðu hv. þm. (IP) gegn frv. eða frá öðrum, sem geti fengið mig ofan af því, að fallast á gerðir hv. Nd. og hv. samþingismanns 2. þm. S.-M. og flokksbræðra hans í Nd. í því, að leyfa þessu máli að ganga fram.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins örstutt athugasemd. Það er auðsjeð, að þetta mál hefir ekki verið athugað mjög grandgæfilega í hv. Nd., það sjer maður á því nál., sem þar hefir komið fram, og eins á því, hvað það hefir gengið fljótt í gegnum þá hv. deild, og það sýnist eiga að verða það sama hjer. Það nál., sem hjer er fram komið, er sannarlega ekki mjög upplýsandi fyrir þá, sem ekki þekkja til málsins. Sem sagt, jeg sje ekki betur, eins og sakir standa, en að málið sje ekki mjög athugað, og því er nú svo komið, að jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hv. frsm. minnihl. (IP), hvort hann ekki vill fresta þeirri till. sinni, að vísa málinu til stjórnarinnar, þannig, að málinu yrði lofað að ganga til 3. umr., svo að þeim mönnum, sem vilja afla sjer betri upplýsinga, gæfist kostur á því, og gætu þeir þá, eftir að hafa athugað málið betur, greitt atkv. um það. En um það, að þeir menn, sem ekki væri stuðningsmenn stjórnarinnar, gæti ekki vísað málum til hennar, er það að segja, að það er auðvitað, að hvernig sem menn standa gagnvart stjórninni, geta menn þó og hljóta að vísa málum til hennar. Jeg vil því greiða atkv. með málinu til 3. umr., en frekara fylgi mínu við málið ræður það, hverra upplýsinga jeg hefi aflað mjer í því, áður en greidd verða atkv. um það endanlega. En jeg vildi skjóta þessu til hv. frsm. minnihl. (IP), vegna þess, að jeg hygg, að það sjeu fleiri, sem munu vera svona á báðum áttum og hafi ekki getað athugað málið nægilega ennþá.

Frsm. minnhl. (Ingvar Pálmason): Jeg ætlaðist ekki til þess, að umr. yrðu mjög langar um þetta mál, og þóttist ekki gefa neina ástæðu til þess. En hv. þm. Vestm. (JJós) hefir fundið ástæðu til þess að nota fyrri ræðu mína til

að koma áhugamáli sínu að; hv. þm. (JJós) vildi benda mjer á, að till. mín væri traustsyfirlýsing til stjórnarinnar. Jeg verð að segja það rjett eins og er, að „litlu verður Vöggur feginn". Jeg sje ekki, að það sje neitt, hvorki traust nje vantraust, þó að málinu sje vísað til stjórnarinnar, og þó að jeg beri ekki mikið traust til núverandi stjórnar, álít jeg þó, að hún muni gegna almennum stjórnarstörfum, svo að sæmilegt sje, og held jeg, að hvernig sem menn eru í flokk settir, verði menn að gera það. Jeg sje því ekki, að hv. sessunautur minn (JJós) hafi neina ástæðu til að blanda þessu inn í málið, það gerir hvorki að flýta fyrir nje bæta skilning manna á því. Þá mintist hv. þm. (JJós) líka á það, að jeg væri í andstöðu við flokksbræður mína í hv. Nd. Já, það er rjett. En jeg lít líka svo á, að þetta eigi ekki að vera neitt flokksmál. En vera má, að hv. sessunautur minn (JJós) vilji gera það að flokksmáli.

Jeg kemst því miður ekki hjá að svara einstökum atriðum, sem liggja fyrir utan málefnið. Hvað það snertir, að þetta mál hafi verið og geti verið notað sem æsingamál, þá held jeg samt, að best sje að losna við allar æsingar út af því og hv. þm. eigi að ræða það með stillingu, en ekki að fara að valdbjóða eitthvað og segja: gerið þið svo vel, þetta verðið þið að hafa. Ef það er rjett hjá mjer, að meirihluti kjósenda sje óánægður með, að þetta frv. nái fram að ganga, þá er það áreiðanlega ekki besta leiðin að gera frv. að lögum, fleygja því í þá og segja: þetta verðið þið að hafa. Nei, jeg held, að flestir kjósendur sjeu ánægðir með þau lög, sem nú gilda, og mjer er ekki kunnugt um, að neinar raddir hafi komið fram um að breyta þeim lögum, sem samþ. voru á síðasta þingi. Þessvegna segi jeg, að ef einhver æsing verður út af þessu máli, þá er það ekki mjer að kenna eða þeim mönnum, sem vilja láta málið hafa sem rólegasta afgreiðslu í þinginu. Nei, við skulum ekki tala um æsingar, því að jeg held, að það gæti átt við hjer, sem oft hefir verið sagt, að þær væru aðeins öðrumegin; við skulum ekki láta þær verða báðumegin.

Þá mintist hv. þm. (JJós) á leppmensku, sem jeg að vísu gaf tilefni til, og sagði mig mótfallinn því, að útlent fje væri notað til slíkrar starfrækslu. Jeg er alls ekki mótfallinn því, að fje sje tekið að láni hjá útlendingum, en jeg er mótfallinn því, að útlendingar eigi fje í íslenskum fyrirtækjum og að arðurinn fari nær allur til þeirra. Því að jeg hygg, að útlendingar muni ekki vilja leggja til fje sitt fyrir sem næst einfalda bankavexti. Nei, jeg hygg, að það liggi oftast á bak við, að þeir vilji ná hagnaðinum af fyrirtækinu í sinn vasa. Svo er enn eitt atriði í þessu máli, það er atvinnan. Það verður mikil aukning við þá atvinnu, sem fyrir er í landinu, og jeg sje ekki neina ástæðu til með nýjum lagaboðum að gefa knýjandi ástæðu fyrir því, að leyfður verði innflutningur útlendra verkamanna. Þá mintist hv. þm. (JJós) lítillega á það, sem jeg drap á, brjefið frá stjórn Fiskifjelags Íslands, og benti á, að það væri mikið varið í það, að hún hefði sjerfræðing við hlið sjer. Já, jeg hefi áður vikið að þessu. En hitt fullyrði jeg, að stjórn fjelagsins skortir algerlega heimild til að koma fram fyrir hönd alls fjelagsins í þessu efni. Þá gróf hv. þm.

(JJós) upp umsögn skipstjóra eins frá árinu 1886, Hammer að nafni. En hverskonar maður var það? Mig minnir, að hann hefði verið skipstjóri á útlendu hvalveiðaskipi, svo að það er ekki mikil sönnun í þessu máli. Þá sagði hv. þm. (JJós), að það væri engin ástæða til að halda fram þeirri trú, sem menn hefðu á móti hvalveiðum, því að vísindin segðu alt annað. En mjer nægir að benda á það, að það er oft töluvert erfitt að aðgreina vísindi og trú, að minsta kosti vill það oft verða svo, á meðan þau eru ekki langt á veg komin, að þau byggjast talsvert á trú. Sem sagt, jeg sje ekki neina ástæðu til að fara frekar út í síðustu ræðu hv. frsm. meirihl. (JJós), því að þar kom ekki neitt fram, er geti haft nein veruleg áhrif á afstöðu hv. þm. til málsins.

Þá mæltist hv. 1. landsk. (SE) til þess, að jeg tæki till. mína, um að vísa málinu til stjórnarinnar, aftur til 3. umr. Jeg get ekki orðið við þeim tilmælum, af því að jeg lít svo á, að það eigi ekki að afgreiða málið út úr þinginu að þessu sinni, og hversvegna á þá að fresta atkvgr. um hana til 3. umr.? Jeg tel ekki rjett að gera það, því að ef hún ekki nær fram að ganga, þá fer frv. til 3. umr., en nái hún aftur á móti samþykki hv. deildar nú þegar, þá tel jeg það best svo, því að jeg sje ekkert við þetta mál unnið, annað en að eyða tíma og fje í það að ástæðulausu.

Sigurður Eggerz: Það er altaf mikið unnið við það í hverju máli, sem talið er mikils virði, að gefinn sje svo mikill frestur í því, að mönnum vinnist tími til að afla sjer þeirrar þekkingar, sem þarf til að rökstyðja atkvæði sitt. Og ef hv. þm. (IP) treystir málstað sínum, þá getur hann gert það. En jeg er ákveðinn í því að vísa málinu ekki nú þegar til stjórnarinnar. Hvað jeg kann að gera síðar, fer auðvitað eftir þeim upplýsingum, sem jeg kann að fá.

ATKVGR.

Tillaga frá 2. þm. S.-M. (IP) um að vísa málinu til stjórnarinnar samþ. með 9 : 5 atkv.

---

3. Aðflutningsbann á heyi.

Á 52. fundi í Nd., mánudaginn 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um aðflutningsbann á heyi (þmfrv., A. 293).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Afbr. leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg þarf að segja, þar eð frv. lýsir sjer sjálft. Tilgangur þessa frv. er að koma í veg fyrir það, að gin- og klaufasýki í búfje geti borist hingað til lands frá útlöndum með heyi. Þessvegna er þetta frv. fram komið, og ekki að ástæðulausu, því að í ýmsum nágrannalöndum vorum, t. d. í Danmörku og Skotlandi, er þessi veiki allmögnuð, en við höfum ávalt kappkostað að sporna við því, að hún gæti borist hingað. Þannig skal jeg nefna, að t. d. á einu sjerstöku sviði höfum við beitt ströngum reglum gegn því, að þessi veiki gæti borist hingað. Í búnaðarþinginu hafa oft komið fram tilmæli um

það, að leyfa að flytja hingað til lands kynbótahrúta frá Skotlandi, og er enginn vafi á, að þetta mundi verða sauðfjárræktinni til góðs og gefa mikinn arð, en dýralæknir hjer í bæ hefir ávalt haft á móti því, að þetta yrði leyft, og hefir því stjórnin aldrei þorað að veita undanþágu í þessu skyni, er svo mikil hætta gæti af þessu stafað, enda þó að svo ætti frá þessu að ganga, ef til hefði komið, að öll sýkingarhætta mátti heita útilokuð. En sama sýkingarhættan getur stafað af heyi, enda þótt mesta hættan stafi ávalt frá lifandi skepnum. Það bann, sem hjer er farið fram á að verði í lög leitt, tekur þó eigi til Noregs, því að þar er þessi veiki ennþá ekki til, og meðan svo er, má leyfa innflutning á heyi þaðan, ef með þarf. Nú er orðið svo áliðið þessa þings, að þess er varla að vænta, að þetta frv. nái að ganga í gegnum þingið og verða að lögum. En jeg vil þó koma þeim rekspöl á þetta mál, að það verði athugað nú á þessu þingi, svo því yrði greiðari gangan fram næsta ár, og legg jeg til, að frv. þessu verði vísað til landbn.

Sigurjón Jónsson: Hv. flm. frv., þm. Str. (TrÞ), hefir lýst svo tilgangi þessa frv., að það væri fram komið til þess eins, að sporna við því, að þessi slæma veiki á búfje bærist hingað til landsins, og vona jeg, að sá sje tilgangurinn aðeins, eins og hann hefir skýrt frá. En í þessari hv. deild hefir áður komið fram tillaga um að leggja tolla á erlent hey, til þess að vernda heysölu bænda til sjávarþorpanna. Jeg vona þó, að hitt sje aðeins tilgangurinn nú, að verjast þessari veiki, en jeg vil skjóta því til þeirrar nefndar, sem þetta mál fær til athugunar, að ekki getur komið til mála að banna heyinnflutning frá þeim löndum, sem heilbrigð eru í þessu tilliti, svo sem t. d. Noregi, en þaðan er nú aðallega flutt inn hey hingað til lands. Jeg skýt því til væntanlegrar nefndar, að taka það til athugunar, hvort ekki sje rjett að heimila frjálsan innflutning á heyi frá þeim löndum, sem dýralæknar upplýsa, að veikin sje ekki til í. Jeg vænti því, að nefndin athugi það, hvort ekki væri rjettara að hafa heyinnflutninginn alfrjálsan frá þeim löndum, sem veikin er ekki til í.

Magnús Jónsson: Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) hefir þegar sagt nær alt það, sem jeg vildi sagt hafa. Ef það er tilgangur þessa frv. að girða fyrir, að þessi illa veiki flytjist hingað, sem dýralæknar telja að geti átt sjer stað á þennan hátt, þá finst mjer, að lögin ættu heldur að vera í því formi, að þau væru heimildarlög til að banna innflutning á heyi frá þeim löndum eða landshlutum, sem að dómi dýralæknis mættu teljast varhugaverð. Hitt virðist hreinn óþarfi, að setja bannlög og leyfa aðeins undanþágur. Reynslan sýnir t. d., að sá heyinnflutningur, sem átt hefir sjer stað undanfarandi frá Noregi, hefir engar hættur haft í för með sjer. Jeg vil því benda væntanlegri hv. nefnd á þetta, hvort eigi sje rjettara að hafa þessi lög í heimildarlagaformi, heldur en hrein bannlög, eins og frv. er orðað.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Það er aðeins fátt eitt, sem jeg þarf að taka fram, er jeg heyri, að allir hv. ræðumenn vilja láta athuga frv. í nefnd. Jeg heyrði á ræðu hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að hann grunaði um tilgang okkar flm. frv., og var það ekki að ástæðulausu,

því að bæði jeg og aðrir flm. þessa frv. vildum tolla erlent hey, en fengum því ekki framgengt, og var það mál felt fyrir okkur. En nú hefir þetta bæst við, að fullkunnugt er orðið, að hætta getur stafað af heyinnflutningi, og mætti því eigi minna vera en að það yrði þó látið eftir okkur, að athuga þetta mál í nefnd. Í frv. er alt vald í þessu efni lagt í hendur stjórnarinnar, og ætti hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), sem er stuðningsmaður hennar góður, ekki að hafa neitt við það að athuga, úr því að jeg treysti henni til þess.

Magnús Torfason: Það er aðeins bannheimildin, sem jeg ræði um. Jeg álít, að það eigi að samþykkja þetta þegar á þessu þingi, og er engin ástæða til að draga þetta mál; þetta er bláber heimild, sem aðeins verður notuð í nauðsynjum landsins. (**MJ:** Frv. skipar fyrir um bann, ef hætta er á ferðum.) Jeg álít enga hættu í því, að leyfa innflutning með ráði dýralækna, og vitanlega verður að treysta stjórninni til að fara svo með þessi lög sem rjett er að vænta af hverri stjórn, og getur ekkert orðið deiluatriði í þessu frv., nema ef það væri viðurlögin í 2. gr. frv., um að hey sje upptækt o. s. frv. Þó býst jeg varla við, að það atriði geti skift máli.

ATKVGR.:

Frv. visað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 12 shlj. atkv.

Á 68. og 69. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 1. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 2. maí, var frv. enn tekið til 2. u m r. (A. 293, n. 369).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Eins og sjá má á greinargerð fyrir þessu frv. á þskj. 293, og reyndar er áður kunnugt, þá eru næmir dýrasjúkdómar oft á ferð í nágrannalöndum okkar. Það er einnig kunnugt, að hjer á Íslandi hafa verið gerðar nokkrar varúðarráðstafanir til þess að verjast þeim. Flm. frv. hafa vakið athygli þingsins á þessari hættu og fara fram á að banna innflutning á heyi.

Aðalefni frv. er í 1. gr., sem fer fram á að banna heyflutning til landsins, þó með heimild fyrir stjórnina til undanþágu. Ákvæði greinarinnar eru nákvæmlega hin sömu og í lögum nr. 7, 17. mars 1882, um bann gegn innflutningi á kvikfje. Þó var nefndinni það ljóst, að hjer var ólíku saman að jafna, heyi og alidýrum.

Nefndinni virtist því sjálfsagt að leita álits dýralæknis um þetta mál. Og eins og sjá má af áliti nefndarinnar, kom hann á fund með nefndinni. Hann taldi útlent hey að vísu ekki vera með öllu hættulaust, en færði rök að því, að aðrir hlutir gætu einnig verið hættulegir. Gerði hann dálitla upptalningu slíkra hluta og áleit ekki rjett að samþ. 1. gr. frv. óbreytta. Hann áleit ekki rjett að setja með lögum ákveðið bann með undanþáguheimild, heldur setja heimildarlög til þess að banna innflutning, þegar sjerstök hætta var á ferð.

Skal jeg leyfa mjer að lesa hjer upp tillögur dýralæknis, þær er snerta breytingu á 1. gr. og hann telur þurfa.

„Landstjórninni skal heimilt, samkv.

till. dýralæknis í Rvík, að banna innflutning á hráum sláturafurðum af dýrum, hverju nafni sem nefnast, mjólk, heyi, hálmi, alidýraáburði og brúkuðum pokum undir fóðurmjöl og fóðurblöndur, ásamt innihaldi pokanna, frá öllum löndum, þar sem smitandi alidýrasjúkdómar geisa, þeir er hætta getur verið á að flytjist til landsins með nefndum hlutum.“

Hann ljet það sem sagt í ljós, að vart væri rjett að gera frv., eins og það er orðað, að lögum. Og ef nefndinni sýndist að leggja það til, að frv. yrði samþ., þá að gera þær breytingar á því, sem till. hans fer fram á.

Hann áleit innflutning á heyi ekki hættulegan eins og nú standa sakir, en heimildarlögin um bann gætu komið að miklu liði, ef hætta væri á ferð.

Nefndin er á sömu skoðun um þetta. Að hún tók ekki þann kost, að breyta frv. samkv. till. dýralæknis, orsakaðist af því, að hann taldi till. sína geta verið ófullkomna, sakir ónógs umhugsunarfrests. Hann vildi sameina eldri ákvæði við ný, ef út í þetta væri farið. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú, að málið þurfi betri undirbúning, og leggur til að því sje vísað til hæstv. stjórnar, sbr. nál.

Jeg skal bæta því við, að nefndinni er þetta ekki kappsmál, og skal jeg láta ósagt um það, hvernig nefndarmenn greiða atkv., ef tillaga hennar verður ekki samþ.

Tryggvi Þórhallsson: Ef mjer væri tamt að semja mig að siðum útlendinga, þá mundi jeg hafa komið í morgun með svart band um handlegginn, og annað til vara í vasanum, til þess að syrgja þess tvö börn mín, frumvörpin tvö, sem nú virðast eiga að sæta sömu örlögum. En hitt væri mjer nær skapi, að taka upp fornan sið, og skarta sem til víga. Og það skal nú ekki fara svo, að þetta frv. mitt verði drepið umræðulaust eins og hitt í gær, frumvarpið um bann gegn áfengisauglýsingum. Þau eru bæði þörf og góð og ranglega drepin. Það í gær var um það, að forða mannfólkinu frá hinum görótta drykk, sem er áfengi. Þetta er um það, að forða búnfjenaðinum frá einni hinni voðalegustu sýki, sem til er. Og jeg hefði mikla löngun til að fara allhörðum orðum um þá landbúnaðarnefnd, sem leggur á móti þessu frv. En jeg vona hinsvegar, þó að jeg deili á hv. frsm. (PÞ), að við getum setið meir of sáttir saman á eftir fyrir því.

Jeg álít afar-óviturlegt að afgreiða málið á þann hátt, sem nefndin leggur til. Áður en jeg bar frv. fram, ráðfærði jeg mig við dýralækni, og hann sagði, að gin- og klaufasýki gæti stafað af innflutningi heys. Sama segir hann við nefndina. Eigi að síður vill hún eiga það á hættu, að þessi sýki vofi yfir landinu eitt árið enn, og ástæðan, sem færð er til, er sú, að hætta geti stafað af fleiru. Auðvitað getur hætta stafað af fleiru. En það er þó æðimikill munur á hættu af t. d. hálmi og mjólk. Við gefum að vísu ekki kúnum hálm og mjólk, en kýr eru oft fóðraðar í sömu húsum og aðrir gripir, er þetta útlenda hey fá. Og jeg efa ekki, að t. d. kúm hjer í bæ sje oft gefið þetta útlenda hey. Svo get jeg ekki viðurkent, að ekki megi byrgja hættulegasta brunninn strax. Nefndin hefði getað bætt því inn í, sem þurfa þótti, og ekki látið alla hættuna vofa yfir. Þessa hefði nefndin átt að gæta, og mig furðar á, að dýralæknir skuli taka svona í

þetta mál, einkum ef litið er á framkomu hans í öðru máli.

Sú er saga til þess:

Þess hefir margoft verið leitað, að mega flytja inn skoska hrúta. Þetta er mjög gróðavænlegt, þó að jeg ekki hirði um að fjölyrða um það. Búnaðarþingið hefir tvívegis óskað þessa, og sjerfróður maður, Jón bóndi á Bessastöðum, ætlaði að gera tilraunina í Bessastaðanesi, þar sem alveg hefði mátt einangra fjeð.

Í hvorttveggja sinnið strandaði þetta mál á tillögum dýralæknis, og jeg hygg, eftir því sem jeg hefi síðar kynt mjer það mál, að það hafi verið viturlega ráðið, áhættan hafi verið ofmikil.

Því kemur mjer það kynlega fyrir, að hann tekur svo dauflega í þetta mál, þar sem allir vita, hve mikil hætta vofir yfir. Jeg skil ekki, hvorki frá hans hálfu nje nefndarinnar, hversvegna ekki má byrgja hættulegasta brunninn í tíma.

Jeg get bætt því við, að þegar jeg flutti þetta frv., hafði jeg lesið í útlendu blaði, að giskað væri á, að klaufasýkin hefði borist til ákveðins hjeraðs í Danmörku með heyi. Síðan hefi jeg lesið í útlendum blöðum, að talið sje víst, að veikin hafi borist til þessa hjeraðs með heyi, og tjónið er orðið stórkostlegt. Því harðna jeg í sókn þessa máls, og jeg vildi óska, að þingið bannaði algerlega að flytja inn hey frá þeim löndum, sem þessi ógurlegi sjúkdómur ríkir í. Norðmenn hafa afskaplega stranga löggjöf um þetta. Liggur 10 þús. kr. sekt við brotum. Út frá þessu sætti jeg mig ekki við, að vísa málinu til stjórnarinnar, nema þá, að hún lýsi yfir og lofi því, að ekki verði flutt inn hey frá sýktum löndum. Jeg sje ekki, hvað er því til fyrirstöðu, að gengið sje formlega frá þessu nú. Jeg vil beina því til nefndarinnar, hvort hún vill ekki athuga þetta betur til 3. umr. Það er enginn vafi á, að hjer vofir yfir stórhætta.

Frsm. (Pétur Þórðarson): Það er víst, að við hv. flm. og jeg, stöndum hjer dálítið ójafnt að vígi, því mjer hefir síst komið í hug að skreyta mig til víga. Nefndin getur ekki gert að því, hvað kann að hafa skolast til hjá dýralæknunum í áliti hans á þessu máli, en henni fanst liggja beinast við að byggja einkum á áliti hans. Hann varð við beiðni nefndarinnar um að koma á fund hjá henni, og þá varð ekki vart neins tíveðrungs um það, hvað hann vildi leggja til. Hann kom með skrifaða tillögu á fundinn, sem fór í þá átt, að ekki yrði lagt innflutningsbann á hey. Jeg get ekki betur sjeð en að álit dýralæknisins sje eina ábyggilega heimildin, sem nefndin gat farið eftir. Jeg ber auðvitað ekki brigður á, að hv. flm. (TrÞ) hafi leitað álits dýralæknis áður en hann flutti frv., og hann þá látið í ljós, að hætta gæti verið fyrir hendi. En hann var þó á því við nefndina, að ekki þyrfti að ákveða þetta svona eindregið. Jeg veit, að þýðingarlaust er að deila um þetta, og jeg gat um áðan, að nefndinni væri þetta ekkert kappsmál, heldur bygði algerlega á þessari heimild, sem hún taldi besta. Hv. deild verður að ráða fram úr, hvora leiðina skal velja. Jeg skal geta þess, að dýralæknirinn mun hafa minst á það í viðtali við nefndina, að hann væri reiðubúinn til þess að gefa stjórninni ráð um aðflutningsbann, ef einhver sjerstök hætta sýndist yfirvofandi, og mun hann þar hafa átt við, ef næmir sjúkdómar geysuðu í nágrannalöndunum. En tillögur hans

bygðust á því, að eins og stæði væri ekki mikil hætta á ferðum. Nefndin getur auðvitað ekkert um það dæmt, hvort heyið er hættulegast af því, sem komið getur til greina, að einhver hætta stafi af. Vel má vera, að svo sje. Um það verður hver að hafa sitt álit. Annars þýðir ekki að orðlengja þetta. Hv. deild verður að skera úr, hvaða leið skuli farin í þessu máli.

Tryggvi Þórhallsson: Það er rjett hjá hv. frsm. (PÞ), að þetta mál ætti ekki að þurfa langar umræður. Það er aðallega eitt atriði úr ræðu hans, sem jeg þarf að minnast á. Mjer virðist alls ekki um það að ræða, að jeg hafi annað eftir dýralæknum en nefndin. Mjer skilst, að hann hafi sagt báðum það sama, að hey gæti smitað. Það, sem ber á milli, er, hvaða ályktun skuli dregin af ummælum dýralæknisins. Hv. frsm. (PÞ) vildi engan dóm á það leggja, hvort heyið væri hættulegast eða annað. Það virðist þó liggja í augum uppi, að í því muni mest hætta fólgin, þar sem það kemur fyrir vitin á nautgripunum, en mjólkin ekki eða hálmurinn. Þá sagði hann, að ástæða væri til þess að gera ráðstafanir, ef sjúkdómurinn tæki að geisa. Hjer þarf ekkert e f, því að sjúkdómurinn geisar nú þegar ytra. Fyrir tveimur árum var gerður stórfeldur niðurskurður í Skotlandi vegna klaufsýki, og hún er þar enn.

Magnús Torfason: Eins og hv. deild kannast við, var jeg máli þessu fylgjandi og vildi, að það yrði afgreitt af þinginu af sömu ástæðum og hv. þm. Str. (TrÞ) tók fram. En þegar málið kom í nefnd, og eftir að nefndin hafði talað við dýralækni, þóttist jeg sjá, að engin tök yrðu á að koma málinu gegnum þetta þing. Þó að það kynni að komast gegnum þessa hv. deild, mundi það stranda í Ed. Jeg áleit því heppilegra fyrir málið, að því yrði vísað til stjórnarinnar, með þeirri áskorun, sem er í nál., að undirbúa lög um þetta fyrir næsta þing. En það kom fram í umr., að dýralæknirinn taldi engin vandkvæði á, að gefin yrðu út bráðabirgðalög strax og hætta væri á ferðum. Nú gengur munn- og klaufasýki í Danmörku, svo að líklega væri rjett að banna innflutning strax. Yfirleitt tók dýralæknirinn vel í að vinna að því, að brunnurinn yrði byrgður. Vegna þessara ummæla hans sá jeg ekki ástæðu til þess að gera ágreining í nefndinni.

Jón Sigurðsson: Jeg vildi benda á, að þessi ummæli dýralæknis, sem fram hafa verið tekin af hv. frsm. (PÞ) og hv. 1. þm. Árn. (MT), eru í raun og veru lítils virði. Hvernig getur dýralæknirinn sagt um, hvenær hætta er á ferðum. Jeg býst ekki við, að hann fylgist svo vel með innflutningi á heyi, að hann viti, hvaðan það kemur, hvort það kemur t. d. frá hjeruðum í Danmörku eða Skotlandi, þar sem sýkin geisar, eða frá heilbrigðum hjeruðum. Þetta er því alt sagt út í bláinn. Hættan er yfirvofandi og hefir verið það. Þó að við höfum sloppið að þessu, er ekki víst, að svo verði altaf. Annars hafði jeg gert mjer von um að þetta frv., þó ekki fyndi það náð fyrir augum nefndarinnar, yrði sett í viðunandi búning, svo að taka mætti það upp á næsta þingi. En þessu virðist nefndin hafa fallið frá. Það eru engar líkur til þess, að frv. verði að lögum á þessu þingi. En það ætti að vera óhætt að lofa því til 3. umr., ef

þá væri hægt að breyta því í það horf, að sem flestir gætu felt sig við.

Halldór Stefánsson: Jeg held, að ekki beri hjer eins mikið á milli og lítur út fyrir. Það er helst í því fólgið, að mismunandi skilningur er lagður í álit dýralæknis. Jeg legg þann skilning í álit hans, að hann telji ekki hægt að ábyrgjast, nema hjer kunni að vera hætta á ferðum, en sú hætta sje ekki meiri að því er snertir hey, heldur en sumar aðrar vörur, t. d. brúkaða poka og ýmsar tegundir umbúða, fóðurblöndur o. fl. Við vitum, að dýralæknirinn hefir verið allra manna strangastur um að banna innflutning þess, sem hætta gat af stafað, svo að mörgum hefir þótt nóg um, og mintist hv. þm. Str. (TrÞ) á innflutning lifandi fjár í því sambandi. Mjer finst ekki ástæða til þess að ámæla okkur, sem enga sjerþekkingu höfum á þessum hlutum, þó að við treystum áliti dýralæknis, sem kunnur er að því að vilja banna innflutning þess, sem hætta gæti stafað af. Við byggjum líka á reynslunni. Hey hefir verið flutt inn óhindrað undanfarið, og engin sýki með því borist. Það er hvorki sannað, að sýkin geti borist með heyi, nje að skilyrði sjeu fyrir hana hjer. Yfirleitt ber hjer lítið á milli. Við viljum, að þessu sje frestað um eitt ár og jafnframt athugað, hvort ekki gæti verið um fleiri vörutegundir að ræða, sem ástæða væri til þess að banna innflutning á. Við sjáum ekki ástæðu til þess, að taka eina þessara vörutegunda út úr, ef um margar er að ræða, sem hætta gæti stafað af. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er alveg ófullnægjandi, ef taka á tillit til álits dýralæknis.

Bjarni Jónsson: Það má sýnast undarlegt að flytja hey til Íslands. Jeg veit ekki annað en þetta land sje svo grasgefið, að hjer ætti að vera nóg hey, þó að fleiri skepnur væri. En þetta er víst ekki af þeim toga spunnið, heldur af því, að þeir, sem við sjávarsíðuna búa, eiga auðveldara með að fá útlent hey en innlent, vegna þess, hve samgöngur innanlands eru illar. Munurinn liggur í þessu, þó að undarlegt sje, að flutningur innanlands er dýrari. Jeg held, að rjett væri, að þeir, sem búnaðarmálin hafa með höndum, reyndu að auðvelda þennan flutning svo, að þeir, sem kaupa þurfa hey, gætu fengið það áhættulaust.

Það er auðsjáanlega þjóðaróhagur að gjalda fje út úr landinu fyrir vörur, sem hægt er að fá innanlands. Það er nóg af vörum, sem þarf að flytja að, þó að þær gangi frá, sem hjer má framleiða gnægð af, svo sem hey og mjólk.

Auðvitað er hart að banna mönnum að flytja inn hey, þegar það fæst með betri kjörum en innanlands, því að mikið getur legið við, og það er því aðeins geranda, að eitthvað sje gert til þess að auðvelda flutninga innanlands. Það sjest af áliti dýralæknis, að innflutningur á heyi getur verið hættulegur, vegna sjúkdóma, sem flytjast kynnu. Klaufasýki er t. d. mjög háskaleg veiki. Jeg get því ekki annað en lagt þessi óþægindi á þá, sem við sjávarsíðuna búa, til þess að firra almenning hættu. Fjárkláðinn stafaði af innflutningi kvikfjár frá öðrum löndum, sem gerður var í góðu skyni og af þeirri speki, að allir aðrir kynnu betur að búa á Íslandi en þeir, sem hafa búið hjer í 1000 ár. Jeg vil spyrja hv. landbn., af hverju hún fer ekki eftir tillögum dýralæknis, þar sem hann hefir lagaskyldu til að að-

gæta þetta, og ætti það nú þegar að vera sett í lög. Jeg vil því fara að eins og dýralæknirinn hefir lagt til, að samþykkja frv. við þessa umr. og breyta því síðan í hitt horfið undir 3. umr. Þá er enginn skaði orðinn og ekkert bráðabann við að flytja inn hey, ef sannanir eru fyrir því, að það komi ekki frá löndum, sem hafa þessa sýki. Frá Noregi mundi vera óhætt að flytja það, en aftur á móti er gin- og klaufasýki landlæg bæði í Danmörku og Skotlandi. Þaðan mætti því aldrei flytja inn hey, og væri slíkt eftirlit, að ætíð þyrfti að sýna stjórninni, hvaðan ætti að kaupa heyið, mætti hafa eftirlit, án þess að gera nokkur óþægindi. Með þessu móti mætti forðast hættuna, án þess að banna mönnum þessi nauðsynjakaup. Jeg mun því greiða frv. mitt atkv. til næstu umr., í von um, að þá komi hv. nefnd með brtt. eftir tillögum dýralæknis og þetta geti orðið að lögum á þessu þingi.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að dýralæknirinn hefði sagt það sama við sig og nefndina viðvíkjandi hættunni. En það getur verið munur á, hvernig það er sagt. Annars er það ekkert kappsmál, að nefndin fylgdi dýralækninum alveg í þessu efni, en með tillögum sínum leggur hann á móti frv., eins og það er. Í viðbót við þetta kemur það, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) hefir bent á, að þessar framkvæmdir kæmu ekki til, fyr en sjerstök hætta væri á ferðum. Þetta ætlast dýralæknirinn ekki til að komi til framkvæmda, fyr en honum þykir ástæða til, eins og álykta má af tillögum hans. Jeg skal enn taka það fram, að það er ekkert kappsmál fyrir nefndina að koma sínum tillögum fram, og vill hún leita samkomulags við hv. flm. og aðra, sem vilja, að málið gangi fram, og skal jeg því fyrir hönd nefndarinnar taka aftur, til 3. umr., tillöguna um að vísa málinu til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Tillagan á þskj. 396, frá landbn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 12 : 3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj.atkv.

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 293, 396).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Við 2. umr. þessa máls þóttist jeg hafa gert grein fyrir, hvað fyrir nefndinni vakti í þessu efni. En að öðru leyti var nefndinni ekki kappsmál, hvernig um málið færi, og tók því aftur till. sína við þá umræðu. En nú hefir hún, til samkomulags við hv. flm., komið sjer saman um að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá. Leggur nefndin það til, að málið sje afgreitt til hæstv. stjórnar með svofeldri rökstuddri dagskrá:

Með skírskotun til heimildar í lögum nr. 8, 18. maí 1920, skorar deildin á stjórnina að banna — nema sjerstakt leyfi stjórnarinnar komi til í hvert sinn — innflutning heys og annars varnings, sem sýkingarhætta munn- og klaufsýki getur stafað af, og að undirbúa fyrir næsta þing, í samráði við dýralækna landsins, lög-

gjöf til varnar slíkri hættu framvegis, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Lög þau, sem hjer er vitnað til, eru stutt, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa 1. gr. þeirra, þar sem aðalefni þeirra er dregið fram:

„Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af."

Það er ljóst, að þessar vörur, sem sýkingarhætta getur stafað af, eru þær vörur, sem dýralæknir taldi upp fyrir nefndinni á dögunum, er hann átti tal við hana um frv. Það er því innan handar fyrir hæstv. stjórn, með þessari lagaheimild, að fyrirbyggja þá sýkingarhættu, sem hv. flm. frv. og aðrir eru hræddir við, sem ekki er óeðlilegt. Mun jeg svo ekki orðlengja meir um þetta að sinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er hræddur um það, að þessi lagaheimild, sem hjer er átt við, eigi við sýkingarhættu fyrir menn, en ekki dýr. Að vísu kvað það hafa komið fyrir, að menn hafi sýkst af þessari veiki, munn- og klaufsýki, en það er þó víst heldur sjaldgæft. (**MJ:** Hvernig ætli hún lýsi sjer í klaufunum á þeim?) Því getur hv. frsm. (PÞ) sjálfsagt best svarað, en jeg verð að segja, að jeg hefi gaman af að heyra, hvernig hv. flm. frv. taka þessari merkilegu dagskrá hv. landbn.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get gjarnan sagt við þetta tækifæri, að batnandi manni er best að lifa. Afgreiðsla hv. landbn. á þessu máli er stórum betri nú en við 2. umr., ef hún þá fær staðist, þessi dagskrá. Hinsvegar mundi jeg óska þess, að hæstv. atvrh. vildi tala dálítið skýrar um málið en hann gerði. Jeg fyrir mitt leyti mun geta sætt mig við dagskrána, ef hæstv. stjórn treystir sjer til þess að nota þessa lagaheimild þannig, að náist tilgangur okkar flm. frv., að fyrirbyggja til næsta þings þá sýkingarhættu, sem stafar af innflutningi heys. Mín afstaða til þessarar dagskrár er þá undir því komin, hvort hæstv. atvrh. (MG) telur sig hafa vald og vilja til þess að ráðstafa málinu þannig, að okkar tilgangi sje vel og tryggilega náð.

Pjetur Ottesen: Jeg get sagt það sama og hv. þm. Str. (TrÞ), að ef hæstv. stjórn treystir sjer til þess, sem jeg þó naumast býst við, að ráða fram úr málinu á þessum grundvelli, þannig, að okkar tilgangur náist, þá vil jeg sætta mig við það. En um leið vil jeg leyfa mjer að flytja skriflega brtt. við dagskrá hv. landbn., svohljóðandi: Orðin „nema sjerstakt leyfi stjórnarinnar komi til í hvert sinn" falli burt.

Eins og kunnugt er, þá geisar þessi hræðilega munn- og klaufasýki í næstu löndum, og því, meðal annars, full þörf strangra öryggisráðstafana gegn sýkingarhættunni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg tel, að ekki sje hægt að nota í þessu tilfelli lögin frá 1920, sem dagskráin vísar til. Þau lög voru sett vegna sýkingarhættu manna, en ekki dýra, og þótt svo kunni að vera, að menn geti sýkst af þessari umræddu veiki, er ómögulegt að telja hana meðal drepsótta á mönnum, og við þær eiga lögin frá 1920 eingöngu.

Sigurjón Jónsson: Mjer skilst, að ef dagskráin verður samþ., eins og hún er nú orðuð, með brtt. frá hv. þm. Borgf. (PO), þá sje þar með bannaður innflutningur á heyi frá öllum löndum, jafnt þeim, sem engin sýkingarhætta í þessu tilfelli getur stafað frá, svo sem Noregi. Jeg vil vekja athygli hv. þm. (PO) á því, hvort ekki sje ástæða til þess, að gera hjer undantekningar; annars er hjer um algert aðflutningsbann að ræða.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Úr því að hæstv. atvrh. (MG) sjer sjer ekki fært að banna aðflutning á heyi samkvæmt lögunum frá 18. maí 1920, þá telur nefndin rjettara að taka dagskrártill. aftur, og geri jeg það hjer með. Það, að jeg tek dagskrána aftur, er einkum af því, að ef það gæti komið til mála, að framkomnar brtt. við hana yrði samþ., þá vil jeg heldur, að frv. verði samþ., heldur en að dagskrá verði samþ., sem bannar allan innflutning á heyi, hvort sem um sýkingarhættu getur verið að ræða eða ekki.

Jakob Möller: Það er alveg auðsætt, að hjer er verið að reyna að nota að einhverju leyti óttann við þessa munn- og klaufasýki til þess að koma á aðflutningsbanni á heyi. Jeg veit, að þessi sýki gengur í Danmörku, en hinsvegar veit jeg ekki til þess, að það tíðkist, að flytja hingað hey frá Danmörku, nema þá hverfandi lítið. Það kann einnig að hafa komið fyrir, að hey hafi verið flutt hingað frá Skotlandi. Þó hygg jeg, að það hafi eingöngu verið gert í sambandi við útflutning hrossa, til fóðurs handa þeim milli landa, og það hey sje aldrei sett á land hjer.

En ef á að banna innflutning á heyi frá hvaða landi sem er, undir þessu yfirskini, þá er það tóm blekking, að tala hjer um land, sem enginn heyinnflutningur er frá. Hey er flutt hingað aðallega frá Noregi, en þar er þessi sýki ekki til, og því engin ástæða til þess að banna heyflutning þaðan, a. m. k. ekki á þessum grundvelli. Jeg bið hv. þdm. að athuga það vel, að þetta frv. kemur fram upp úr því, að það var felt hjer í deildinni að setja hey í vörutoll, svo þungan, að hann mundi hafa valdið svo mikilli verðhækkun á heyi, að hann hefði — að viðbættum verðtolli, sem þá hefði einnig lagst á — þegar verkað sem aðflutningsbann. Þessi saga málsins er mjög eftirtektarverð. Ef frv. hefði komið fram að ógefnu tilefni að þessu leyti, þá mundi jeg hafa skoðað hug minn um það, hvernig jeg ætti á það að líta. En nú er jeg ekki í neinum vafa um það, að deildin á að fella málið. Mjer hefði þótt fyllilega nógu vel um hnútana búið hjer, að heimila stjórninni að banna, eftir till. dýralæknis, innflutning á heyi frá þeim löndum, sem þessi umrædda sýkingarhætta getur stafað frá. Það mundi stjórnin geta, þó að hún notaði ekki lögin frá 18. maí 1920. En jeg held nú jafnvel, að hún muni geta notað þessi lög um almenna sýkingarhættu til þess að banna innflutning á heyi. Sýkingarhætta fyrir búfje er engu síður alvarleg en sýkingarhætta fyrir menn. Auk þess er það rjett, að menn geta fengið, þó ekki sje klaufasýki, þá þessa munnsýki, þannig, að jafnhliða þeim faraldri í búfje eru jafnan einhver tilfelli á mönnum. Sem sagt, jeg legg hina mestu áherslu á það, að þar sem hey er flutt hingað aðallega frá Noregi, þá sje engin ástæða til þess

að banna innflutning á heyi þaðan á þessum grundvelli, þar sem munn- og klaufasýkin er ekki þar í landi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg varð að ganga út, og ef til vill þessvegna hefir skotist fram hjá mjer, hvernig hæstv. ráðh. (MG) hefir snúist við dagskránni, og skal jeg því láta þá hlið málsins afskiftalausa í bráð. En jeg get ekki látið hjá líða að taka til máls út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann er fullur af tortrygni og ætlar að greiða atkv. á móti frv. af tómri tortrygni. Hann sagði, að ef frv. hefði komið fram á venjulegan hátt, þá mundi hann hafa skoðað hug sinn vandlega um málið. En nú setur hann það beint í samband við till. um toll á aðfluttu heyi, þó að hann viti, að hvorugur þeirra manna, sem fluttu þá till., um verndartoll á heyi, sje flm. þessa frv. Hitt hefi jeg tekið hjer fram áður, að ástæðan til þess, að jeg flutti þetta frv. hjer, var sú, að jeg las um það í dönsku blaði, að þessi sýki, gin- og klaufasýki, mundi að öllum líkindum hafa borist með heyi í eitt vist hjerað í Danmörku, og síðar var hert á þessu og það talið alveg víst, að hún hefði borist í hjeraðið á þennan hátt. Nú er það kunnugt, að þessar bakteríur eru mjög lífseigar, ef lífsskilyrði eru góð, svo að hv. þm. (JakM) þarf ekki að þessu leyti að vera mjög tortrygginn. Hann þarf því síður að vera tortrygginn gagnvart þessu máli, ef svo er sem hann segir, að hey sje aðallega flutt inn frá Noregi. Því verði lögin samþ., þá verður innflutningi þessum hagað eftir dýralæknis ráði, og mun þá ekkert verða því til fyrirstöðu, að hey verði flutt hingað frá Noregi, af því að gin- og klaufasýkin er þar ekki. Hitt veit hv. þm. (JakM), að hey hefir verið flutt inn hingað frá Skotlandi, hvað eftir annað, en það liggur eins beint við að flytja hey þaðan hingað eins og frá Noregi. En í Skotlandi er þessi sýki landlæg, eins og kunnugt er. Mjer finst því málið liggja þannig fyrir, að engin ástæða sje til þess að tortryggja þá menn, sem að því standa. Þeir menn, sem óttast það, að þeir fái ekki nóg hey frá útlöndum á þennan hátt, mega vera vissir um það, að dýralæknir mun leggja til að leyfa innflutning á heyi frá Noregi. Hinsvegar mega þeir ekki lá það, þó að þeir, sem telja sig eiga að gæta hagsmuna bændanna, vilji sporna á móti því, að inn sje flutt hey frá Skotlandi, þar sem þessi sjúkdómur geisar. Því að hver sem hugsar um það stórkostlega tjón, sem af því gæti hlotist, ef sýkin bærist hingað, getur ekki verið lengi í vafa um það, að slíku beri að sporna á móti af öllum mætti.

En sem sagt, ef hæstv. atvrh. sjer sjer fært að nota dagskrána með tilliti til laganna frá 1920, þá mun jeg greiða atkv. með henni, en annars mun jeg stuðla að því, að frv. nái fram að ganga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er búinn að lýsa yfir því, að jeg sjái mjer ekki fært að nota í þessu tilfelli lagaheimildina frá 1920, og vegna þessarar yfirlýsingar minnar hefir hv. frsm. (PÞ) þegar tekið dagskrá sína aftur. Jeg sje nú líka, að hv. þm. Str. (TrÞ) er að lesa umræðurnar um lögin frá 1920, og mun hann þá sjá það sjálfur, að þessi lög eiga hjer ekki við.

Forseti (BSv): Mjer hefir verið afhent rökstudd dagskrá frá hv. þm. Borgf. (PO), sem er öldungis samhljóða

dagskrá hv. frsm. (PÞ), sem hann hefir nú tekið aftur, að því frátöldu, að brtt. hv. þm. Borgf. (PO) er þar tekin upp. Dagskráin hljóðar svo:

Með skírskotun til heimildar í lögum nr. 8, 18. maí 1920, skorar deildin á stjórnina að banna innflutning heys og annars varnings, sem sýkingarhætta munn- og klaufsýki getur stafað af, og að undirbúa fyrir næsta þing, í samráði við dýralækna landsins, löggjöf til varnar slíkri hættu framvegis, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessi dagskrá er þá jafnframt til umræðu.

Jakob Möller: Þar sem hæstv. atvrh. (MG) hefir nú lýst yfir því, að ekki sje hægt að nota lögin frá 1920, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að samþykkja nú dagskrá hv. þm. Borgf. (PO), og best að losna þannig við málið. En hinsvegar hlýtur það þá að liggja í samþ. dagskrárinnar, að eitthvað verði gert í því að varna því, að þessi veiki berist hingað með heyi, og lægi þá líklega næst, að stjórnin gripi til bráðabirgðalaga, til þess að heimila sjálfri sjer þá ráðstöfun. Jeg held, að þá sje málinu vel borgið, svo hv. þm. (PO) megi vel við una, hafi tilgangurinn ekki verið sá, að koma undir öllum kringumstæðum í veg fyrir innflutning á heyi.

Viðvíkjandi ræðu hv. þm. Str. (TrÞ) skal jeg segja það, að jeg gruna hann ekki svo mjög um græsku í þessu máli, þannig, að það hafi vakað fyrir honum að nota óttann við þessa sýkingarhættu til þess að koma í veg fyrir það, að hey flyttist til landsins. En hitt er jeg viss um, að frv. á þessu að þakka mikið af fylgi sínu hjer í deildinni. Verði frv. samþ., þá er auðsjeð, að það verkar sem algert bann. Því þó að hægt sje að fá undanþágu, þá eru á því miklir erfiðleikar, þar sem menn af öllum landshornum verða að sækja um leyfi til stjórnarinnar og hún að snúa sjer til dýralæknis. Þetta eru að mestu óþarfir örðugleikar, því að það er auðsjeð, að þessi sýkingarhætta er mjög lítil, ef hún þá er hugsanleg. Eins og kunnugt er, hefir hjer verið flutt hey inn áratugum saman og ekki komið að sök. En þó að þessi innflutningur mæli á móti því, að hættan sje mjög mikil, þá skal jeg vitanlega ekki þvertaka fyrir það, að hún sje hugsanleg. En þótt sóttkveikjan geti borist milli hjerða í Danmörku, þá er ekki víst, að hún þoli svo langan flutning sem hjer er um að ræða. Enn skal jeg taka það fram, að sóttkveikjan getur á sama hátt borist með ýmsum öðrum hlutum en heyi, svo að það er svo sem ekki tekið fyrir alla sýkingarhættu með þessu frv. Hún getur borist í hálmi og ýmsu fóðri, t. d. fóðurkökum. Hinsvegar er það að athuga um höft á innflutningi heys, að það mundi verða mjög erfitt fyrir menn í ýmsum sjávarþorpum hjer á landi, t. d. á Vestfjörðum, að afla fóðurs, því að jeg hygg, að bændurnir í sveitunum sjeu yfirleitt ekki færir um að miðla þeim því fóðri, sem þeir þurfa handa skepnum sínum.

Forseti (BSv): Þá hefir hv. þm. Borgf. (PO) tekið aftur dagskrá sína.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil ekki rengja það, sem hv. þm. Str. (TrÞ) hefir sagt eftir útlendu blaði, sem hann treystir. En við þurfum að fá mikið hey á ýmsum tímum og annað fóður. Í Noregi eru gerðar þær ráðstafanir, að

það er hjer um bil ómögulegt, að veikin berist þangað. Þar eru varðmenn á landamærum og ýmsar aðrar ráðstafanir gerðar. Jeg hygg því, að óhætt muni vera að flytja hey frá Noregi. En vera má, að það sje ekki óhætt frá Skotlandi, en jeg veit þó til þess, að hey hefir komið þaðan til landsins, þó að það hafi kanske ekki komið í land, nefnilega með skipum, sem sækja hesta. En þetta frv. á þskj. 293 gengur nokkuð langt, og væri heppilegra, að tilgreind væru þau lönd, sem flytja mætti hey frá, svo að almenningur vissi um það og ekki þyrfti að sækja um undanþágu í hvert skifti; það yrði erfitt, og menn gætu sætt sektum án þess að vilja brjóta. Bæði hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Mýra. (PÞ) hafa tekið aftur sínar rökstuddu dagskrár, en út af því, sem fram er komið, vildi jeg bera fram svohljóðandi dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin með bráðabirgðalögum banni innflutning á heyi frá þeim löndum, þar sem gin- og klaufasýki er landlæg, ef það að áliti dýralæknis er nauðsynlegt til að fyrirbyggja sýkingarhættu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Jeg held, að hv. deild hafi komist að þeirri niðurstöðu, að rjettast sje að ganga að till. nefndarinnar, þeirri, sem hún bar fyrst fram. Sýnilega gætir helst til mikils kapps hjá sumum hv. þm., að halda því fram, að ekki þurfi að fá undanþágu. Hæstv. forseti mun minnast þess, að jeg fyrir hönd nefndarinnar tók till. hennar aftur við 2. umr. til þessarar umr., en úr því að hæstv. atvrh. (MG) sjer ekki fært að taka dagskrártill. til greina, tek jeg hana aftur, en legg það til, að upphaflega till. nefndarinnar verði samþykt. Jeg held, að eftir það, sem búið er að tala um þetta mál hjer í deild, sje það rjettasta leiðin í málinu.

Pjetur Ottesen: Hæstv. forseti gat þess, að jeg hefði tekið aftur mína dagskrá, en það gerði jeg, eftir að hæstv. ráðh. (MG) hafði lýst því yfir, að hún gæti ekki samrýmst lögunum. En áður hafði jeg ekki heyrt yfirlýsingu hans um þetta. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir nú borið fram þriðju dagskrána, en jeg felli mig illa við það, að vera að gefa stjórninni undir fótinn með að gefa út bráðabirgðalög. Það er vafasamur hlutur, og alls ekki heimilt, meðan þing stendur.

Þar sem allvíða kennir nauðsynja á að hafa vakandi auga á innflutningi á heyi, sökum sýkingarhættu búpenings, þá verður slíkum ráðstöfunum best við komið hjer með því að samþ. frv., en hitt er óforsvaranlegt, að skella skolleyrum við þeirri hættu, sem búpeningi landsmanna getur stafað af því, ef sýkin bærist hingað, og því fremur ber að fresta ekki slíkum ráðstöfunum sem innflutningur á útlendu heyi er undir flestum kringumstæðum ónauðsynlegur.

ATKVGR.

Rökstuddu dagskrárnar frá landbn. og frá þm. Borgf. (PO) teknar aftur.

Tillagan á þskj. 396, frá landbn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 15 : 6 atkv.

Rökstudda dagskráin frá þm. N.-Ísf. (JAJ) kom ekki til atkvæða.

Lagafrumvörp tekin aftur.

1. Vegalagabreyting [Borgarnes- og Eyjafjarðarbrautir]

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum nr. 41, 4. júní 1924 [Borgarnes- og Eyjafjarðarbrautir] (þmfrv., A. 42).

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Jeg ætla mjer ekki að tala langt mál við 1. umr. þessa máls, enda get jeg að mestu leyti látið mjer nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, sem frv. fylgir; meðfram vegna þess, að þegar vegalögin voru til umr. í þessari hv. deild í fyrra, þá flutti jeg brtt., sem fór í mjög líka átt og þetta frv., sem nú liggur fyrir. Þó verð jeg að geta þess, að jeg verð að líta svo á, að á þingi 1923 hafi komið fram yfirlýstur þingvilji um það, að þá er vegalögin yrðu endurskoðuð, yrði viðhaldi flutningabrautanna ljett af sýslusjóðunum, en hann lagður á landsjóðinn. Þessu til stuðnings læt jeg mjer nægja að minna á orð þau, sem tilfærð eru í greinargerð frv. úr nál. samgmn. Ed. frá því ári. Í fyrra lagði svo hv. landsstjórn fyrir þingið frv. til vegalaga, samkv. þessum þingvilja, er kom fram árið áður, og var það frv. síðan samþ. af þinginu. Í þessum nýju vegalögum eru allar flutningabrautir landsins teknar upp í tölu þjóðbrauta, nema Eyjafjarðarbrautin og partur af braut í Borgarfirði. En jeg get ekki sjeð, að ástæða hafi verið til að skilja þessar tvær brautir eftir, frekar en aðrar, því ekki má berja því við, að þessar brautir komi ekki að almennum notum, heldur sjeu þær aðeins fyrir innanhjeraðsmenn, því slíkt mætti með sama rjetti segja um ýmsar þær brautir, sem teknar voru í tölu þjóðvega í fyrra. Eftir því, sem jeg þekki til staðhátta, sje jeg ekki, að t. d. brautin fram Skagafjörð komi meir þjóðinni í heild að notum en brautin fram Eyjafjörðinn.

Annað atriði, sem jeg líka benti á í fyrra, er það, að samkv. núgildandi vegalögum eru allar flutningabrautir afnumdar sem sjerstakur flokkur vega, en í sömu lögum er og ákveðið, að sýslurnar ráði því sjálfar, hvað þær telja til sýsluvega og hvað ekki. Nú hafa hlutaðeigandi sýslufjelög ekki enn að minsta

kosti tekið þessar tvær brautir upp í tölu sýsluvega, og eru þær þessvegna, sem stendur, í rauninni enginn löglegur vegur. En með því að leggja þessar brautir í fyrstu fyrir ríkisfje, hefir löggjafarvaldið viðurkent, að þeirra þurfi með. Þingið getur ekki skipað sýslunum að gera þær að sýsluvegum. Því er mjög óviðfeldið og óviðkunnanlegt að skilja brautirnar eftir í slíku greinaleysi, eins og það lægi næst fyrir að eyðileggja þær með öllu.

Skal jeg nú ekki orðlengja um þetta frekar, enda tóku menn ekki illa brtt. mínum í fyrra, heldur virtist það helst standa gegn því, að þær næðu fram að ganga, að menn voru hræddir um, að lögin í heild yrðu ekki samþ. í hv. Ed., ef breytingar yrðu á þeim gerðar. Nú er ekki um slíkt að ræða, og vonast jeg því fastlega eftir, að hv. þd. og hv. samgmn., sem að líkindum fjallar um frv., taki því vel og verði nú fús til að bæta úr þessu misrjetti, sem Eyjafjarðarsýsla og þær sýslur, sem standa að Borgarfjarðarbrautinni, urðu fyrir í fyrra.

Vænti jeg þess, að málið fái umræðulítið að ganga til 2. umr., og legg jeg til, að því verði vísað til hv. samgöngumálanefndar.

Hákon Kristófersson: Jeg mun ekki fjölyrða um málið á þessu stigi þess. Aðeins vildi jeg geta þess, að mjer virðist hv. flm. (BSt) trauðla geta vitnað til yfirlýsts þingvilja með því að benda á nál. samgmn. Ed. 1923. Lít jeg svo á, að þó yfirlýsing komi frá einhverri einstakri nefnd, þá sje engin sönnun fyrir því, að meirihluti þingsins sje á sama máli. Vil jeg því nota tækifærið til að mótmæla þeim skilningi, sem mjög hefir verið haldið fram af sumum þm., að yfirlýstur vilji einstöku nefnda væri sama og þingvilji. Hitt er að vísu satt, að stjórnin hefir stundum farið í ýmsum ráðstöfunum sínum eftir nefndasamþyktum. Meira að segja hefir það komið fyrir, að stjórnin hefir álitið sjer heimilt að greiða af hendi fjárhæðir úr ríkissjóði samkvæmt vilja einstöku nefnda, án þess að samþykki þingsins kæmi til. En ekki hefir það ætíð reynst til heilla. Er það mjög varhugaverð aðferð, sem ekki hefði átt að eiga sjer stað, að liðist hefði.

Mjer hefir skilist af umr., bæði í máli hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að framkoma samgmn. Nd. í fyrra í þessu máli hafi verið sprottin af hræðslu við það, að vegalögin yrðu feld, ef þessar og aðrar breytingar næðu fram að ganga. Má vera, að eitthvað sje hæft í þessu, en ekki er það allskostar rjett. Get jeg um það borið, því jeg átti sæti í nefndinni. Verð jeg að slá því föstu, að nefndin hafi að lokum bundið sig allmikið við till. vegamálastjóra, eins og jafnaðarlega er sjálfsagt. Kom hann með ákveðnar till. að því er snerti breyting á vegalögunum, og mælti hinsvegar gegn þeim breytingum, er hann var mótfallinn. Hallaðist svo nefndin að því að lokum, að fylgja þeim brtt., er hann taldi nauðsynlegar og hann var samþykkur, en öðrum ekki.

Segi jeg þetta ekki gegn þeim till. sem hjer liggja fyrir. Um þær fæ jeg að líkindum færi á að ræða síðar, þar sem þetta mál mun koma til þeirrar nefndar, er jeg á sæti í. En hitt ætla jeg, að verði svo breiðar dyr opnaðar sem menn nú vilja, þá sje ekki ólíklegt, að fleiri fylgi í kjölfarið. Annars er mjög undarlegt, að menn koma nú á þessu þingi

með breytingar á þessum lögum, sem eru ekki eldri en frá þinginu í fyrra.

Ágúst Flygenring: Jeg vil aðeins vekja athygli hv. þm. á lítilli brtt., sem jeg hefi leyft mjer að bera fram við þetta frv. Mætti að vísu eins nefna hana viðbótar- eða viðaukatill. eins og brtt., því með henni er farið fram á að setja nýja málsgrein undir A. 6. Jeg fór fram á það sama í fyrra, en þá náði það ekki samþ. hv. þd., því að menn vildu ekki hrófla við vegalagafrv. frá upphafi. Óþarfi er nú að orðlengja um þetta. Það er ekki svo stórt atriði, þar sem aðeins er farið fram á, að þjóðvegurinn sje lengdur frá Keflavík, svo að hann teljist ná suður í Garð, eða rjettara sagt, að ríkissjóður taki við viðhaldi þessa vegspotta eins og hins. Þetta er í rauninni algerlega sjálfsagt, því eins og rækilega var bent á í fyrra, þá hefir þessi sýsla orðið illa úti, þegar bygðir hafa verið vegir í öðrum hjeruðum, enda alkunnugt, að hún hefir notið minst allra sýslna landsins til vegabóta. En hjer skal ekki út í það farið, en á hitt aðeins bent, að þær sveitir, er hjer eiga hlut að máli, hafa orðið fyrir svo þungum búsifjum sakir botnvörpuveiðanna, að þær hafa lítið sjer til lífsviðurværis annað en litla grasnyt og garðrækt. Leit svo út um eitt skeið, að fólkið yrði að flytja burt, og hefði orðið að gera það, ef þessi vegur hefði ekki verið lagður fyrir frjáls samskot og hreppsfje — hrepps, sem í rauninni ekkert á nema tómar skuldir. Nú lifir fólkið þarna sem sagt mest á því að selja mjólk til Reykjavíkur, og er því þessi vegur beint skilyrði fyrir því, að þarna haldist bygð áfram. Liggur að vísu í hlutarins eðli, að frá sjónarmiði því, sem liggur til grundvallar núverandi vegakerfi, á vegurinn að ná suður í Sandgerði. En af því að hv. þm. vita, að jeg er svo mikill sparnaðarmaður, þá fer jeg ekki fram á meira en hjer er gert í till. í þetta sinn. Býst jeg við, að allir verði sammála um till. og sýnist, að það sje aðeins ánægja fyrir þingið að bæta með þessu vegaviðhaldi upp það tjón, er þessir hreppar hafa orðið fyrir, sakir vanrækslu á strandvörnunum, sem því miður hafa mjög svo verið vanrækt.

Forseti (BSv): Jeg verð að minna menn á, að þetta er 1. umr. þessa máls og biðja þá að snúa henni ekki upp í 2. umr.

Jón Sigurðsson: Jeg mun ekki mæla mörg orð að þessu sinni, og stend ekki upp til að tala gegn þeim till., er hjer liggja fyrir. Það er næsta eðlilegt, að þær eru fram komnar, og sumar sjálfsagðar, eins og vegamálum vorum er nú komið. Hinu vildi jeg skjóta til hv. samgmn., að íhuga rækilega, hvernig nú er komið vegamálunum. Því að mjer sýnist svo sem sumar sýslur hafi komið svo laglega ár sinni fyrir borð, að þær hafa enga sýsluvegi, allir aðalvegir þeirra orðnir að þjóðvegum, en aftur stynja aðrar sýslur undir þeirri byrði, sem sýsluvegir þeirra leggja á þær. Teldi jeg æskilegt, að hv. nefnd kynti sjer þessa hlið málsins betur en gert var á síðasta þingi. Jeg hafði ekki ætlað mjer að bera fram brtt. við vegalögin, en er jeg sje þetta frv., er hjer liggur fyrir, og aðrar breytingar, sem komnar eru fram í líka átt, mun jeg vart geta varist þess, að koma með brtt., þar sem

ákveðnar óskir hafa borist um það frá kjördæmi mínu. En sem sagt, jeg teldi æskilegt, að hv. nefnd athugaði þá hlið málsins, sem jeg drap á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 42, 48, n. 121).

Ágúst Flygenring: Það er nú orðið sýnilegt, að það getur ekki orðið, að frv. þetta verði samþ., fremur en nokkurt hinna, og væri því rjettast að taka þau öll aftur í þetta sinn. Að minsta kosti tek jeg brtt. mínar aftur og fer ekki að fara í nein hrossakaup um þær, þó að aðrir hv. þm. sjeu þess ekki ófúsir með sín frumvörp.

Bernharð Stefánsson: Þó að mjer þyki það leitt, þá get jeg ekki tjáð hv. nefnd neinar þakkir fyrir það, hvernig hún hefir tekið í þetta mál.

Mjer skilst það að vísu, að nefndin gat með engu móti mælt með öllum þeim vegalagafrv., sem fram eru komin. En þá var að mæla með þeim frv., sem eru rjettmæt, eins og mitt frv. er, en leggja á móti hinum. Hitt sje jeg ekki, að rjett sje að vísa rjettmætum kröfum á bug, af því að aðrar órjettmætar eru bornar fram. Hefði hv. nefnd átt að reyna a. m. k. að gera einhvern greinarmun á rjettu og röngu.

Mjer finst, að hv. nefnd hefði átt að mæla með jafn-sjálfsagðri kröfu og þeirri, að Eyjafjarðarbrautin yrði tekin í tölu þjóðvega. Jeg verð að líta svo á, að Alþingi 1923 hafi gefið loforð um, að allar flutningabrautir skyldu teknar í tölu þjóðvega. Með vegalögunum frá í fyrra var svo þetta loforð efnt, nema hvað Eyjafjarðarbrautin og partur af Borgarfjarðarbrautinni voru settar hjá. Hefði raunar verið sjálfsagt að bæta úr þessu nú.

Vegalagafrv. þau, sem hjer hafa verið borin fram, hafa flest farið fram á það, að gera sýsluvegi að þjóðvegum. Hefði jeg með alveg eins miklum rjetti getað gert slíkar kröfur fyrir mitt kjördæmi, t. d. hvað snertir veginn frá Dalvík að vegamótunum. En jeg hefi ekki farið fram á neitt þesshátt, heldur aðeins, að Eyjafjarðarsýsla nyti jafnrjettis við aðrar sýslur um flutningabrautir.

Því er haldið fram í nál., að Eyjafjarðarbrautin sje innanhjeraðsbraut. En þó svo kunni að vera, þá hefi jeg sýnt fram á það áður, að svo er einnig um ýmsar aðrar brautir, sem gerðar voru að þjóðvegum í fyrra, t. d. Skagafjarðar- og Hvammstangabrautir. Ef hv. nefnd hefði verið alvara með að gæta samræmis í þessu efni, þá hefði hún annaðhvort átt að leggja til, að þessar brautir yrðu teknar úr tölu þjóðvega, eða þá að mæla með því, að Eyjafjarðar- og Borgarfjarðarbrautirnar væru gerðar að þjóðvegum, eins og hinar. Annað er ósamræmi.

Þá eru ummæli vegamálastjóra, sem hv. nefnd byggir álit sitt á. Hann heldur því fram, að þessi tvö hjeruð, Eyjafjörður og Borgarfjörður, hafi ekki orðið fyrir neinu misrjetti í fyrra, og bendir í því sambandi á, að Hvítárbrautin hafi

þá verið tekin í þjóðvegatölu. Já, það er nú skárri rjettarbótin hvað Eyfirðinga snertir!

Mjer finst satt að segja, að Eyfirðingar hafi ekki borið svo riflegan hlut frá borði hingað til, með styrk úr ríkissjóði til vega, að ástæða hafi verið til að setja þá hjá þessvegna.

Það liggur að vísu þjóðvegur þvert yfir sýsluna, en sá vegur er þó ekki langur. Það var byrjað á að byggja þann veg fyrir rúmum 20 árum, en því verki hefir þokað fremur hægt; af honum er ekki akbraut nema um 15 km. enn.

Enda þótt jeg hafi bæði áður og nú sýnt fram á rjettmæti þessa máls, þá þykist jeg þó sjá, til hvers muni draga um forlög þess nú. Það mun eiga að fara í sömu gröfina og hin frv. Jafnvel hv. sessunautur minn (PÞ), sem var meðflm. þessa frv., leggur nú á móti því, ásamt öðrum hv. nefndarmönnum. Jeg mun því taka þann kost, að taka frv. aftur.

2. Vegalagabreyting [Upphjeraðsvegur].

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Upphjeraðsvegur] (þmfrv., A. 49).

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Halldór Stefánsson): Með vegalögunum, sem samþ. voru af þinginu í fyrra, voru flutningabrautir feldar niður sem sjerstakur flokkur vega. Flutningabrautirnar höfðu, svo sem sagt var, verið áður sjerstakur flokkur vega, sem lagðir voru á alþjóðarkostnað um stærri og fjölbygðari hjeruð landsins. Hafði verið byrjað á suður- og suðvesturlandinu, líklega af nokkuð eðlilegum ástæðum, og mun hafa verið búið að leggja þær, í meiri og minna mæli, um flest stærri hjeruð landsins, nema Fljótsdalshjerað og hinar stærri bygðir í Norður-Þingeyjarsýslu.

Grundvallarhugsun vegalaganna nýju fyrir ákvörðuninni um legu þjóðveganna um landið var sú, að þeir lægju alfaraleiðir um hjeruð og á milli hjeraða, þar sem fjölfarnast er, með álmum til stærri kaupstaða og hafnarstaða. Með þjóðvegum voru þá ekki taldar flutningabrautir, sem lágu eingöngu innan hjeraða, ef þær fjellu ekki inn í þetta kerfi. Með þessari skilgreining var lega þjóðvegarins rökstudd. Með þessum skilningi voru lögin samþykt.

Nú á þessu þingi hafa þegar komið fram ýmsar brtt. við vegalögin, brtt., sem allar brjóta í bág við þessa grundvallarhugsun vegalaganna, að því er þjóðveginn snertir. Nú liggja hjer fyrir brtt., sem ganga út á það, að flutningabrautir og vegir, sem eingöngu liggja innan hjeraða, verði teknar upp í tölu þjóðvega. Ef nú á að fara inn á þá braut, að grundvallarhugsun vegalaganna verði þannig raskað, sem þessar brtt. fara fram á, verður að gæta þess, að jafnrjetti haldist milli einstakra hjeraða í þessu efni. Með þetta fyrir augum höfum við þm. N.-M. borið fram þetta frv. um breytingu þá á vegalögunum, sem það fer fram á.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni eða ganga inn á einstök atriði við þessa um-

ræðu, en vil mælast til, að frv. verði, að aflokinni þessari umr., vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 49, n. 121).

Halldór Stefánsson: Við myndum ekki, flm. þessa frv., hafa orðið fyrstir til að bera fram frv. til breytinga á vegalögum þeim, sem samþ. voru á síðasta þingi. En þegar fram voru komin allmörg frv. til breytinga á þeim til þess eins, að ljetta af hjeruðunum viðhaldskostnaði flutningabrauta, sem þegar er búið að leggja um ýms hjeruð, og auk þess raska þeirri grundvallarhugsun, sem ákvörðunin um legu þjóðveganna var bygð á, þá þóttumst við ekki geta setið hjá, án þess að bera fram frv., sem gengi í sömu eða líka átt, og reyna með því að fyrirbyggja meira misrjetti eða misvægi á milli hinna einstöku hjeraða en þegar er orðið.

Undanfarið hefir á grundvelli hinna eldri vegalaga verið unnið að því, að leggja flutningabrautir um stærstu og fjölbygðustu hjeruð landsins. Auðvitað var ekki hægt að vinna það alt í senn, og var nú eftir, er vegalagabreytingin var gerð, að leggja slíkar brautir um Fljótsdalshjerað, til þess að það nyti jafnrjettis við hin ýmsu önnur hjeruð í þessu efni.

Aðstöðumunurinn er þessi: Við eigum eftir að fá okkar innanhjeraðsflutningabraut til jafns við hin ýmsu önnur hjeruð. Hinir aðrir hafa fengið sínar brautir, en vilja skorast undan að hafa viðhald þeirra. Við myndum þykjast góðu bættir, ef við fengjum flutningabraut til jafns við aðra, þótt við yrðum að kosta viðhaldið.

Þótt við þykjumst þessa fullvissir, að frv. okkar þoli fyllilega samanburð við hin önnur frv., er fyrir liggja, um rjettmætar ástæður, búumst við hinsvegar ekki við, að það eitt verði samþ. eða fái aðra afgreiðslu en hin vegabreytingafrv. Og þar sem þau af þeim, sem afgreiðslu hafa fengið, hafa ýmist verið feld eða tekin aftur, þá lýsi jeg yfir því, fyrir hönd okkar flm., að við tökum frv. þetta aftur.

---

3. Vegalagabreyting [Landbraut og Fljótshliðarvegur].

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Landbraut og Fljótshliðarvegur] (þmfrv. A. 57).

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Klemens Jónsson): Það er nú ekki af sömu ástæðum, að jeg kem fram með þetta frv. og hv. þm. N.-Ísf. lýsti með frv. sínu. Hann kvað vegalögin vera svo gloppótt, að úr yrði að bæta, enda hefði undirbúningur þeirra í fyrra ekki verið svo góður sem skyldi. Þessu get jeg ekki alveg slept að mótmæla. Jeg

þykist þess fullviss, að vegamálastjóri, sem aðallega undirbjó þetta mál, hafi gert það mjög rækilega og síst vanhugsað. Ástæður mínar fyrir þessu frv. eru þær, að jeg þykist sjá, að nú sje að verða sú skoðun ríkjandi meðal þingmanna, að það sje skylda ríkisins að styðja eða jafnvel taka alveg að sjer fjölfarnar innanhjeraðsbrautir. En sje svo, þá ber síst að undanskilja þær tvær brautir, sem langfjölfarnastar eru á landi hjer, að því er snertir utanhjeraðsmenn og útlendinga. Mjer finst mikið mæla með þeirri skoðun, að ríkið kosti þessar brautir, og þær fremur en ýmsar aðrar, sem aðallega eru farnar af innanhjeraðsmönnum. Um hina fyrri er það að segja, að hún er nú mikið farin af Reykvíkingum og útlendingum, síðan það fór að tíðkast, að ganga upp á Heklu. Því þótt fara megi aðra leið, þá er þessi venjulega valin. En nú er hún í slæmu ástandi, eins og eðlilegt er, þar sem hrepparnir, eða öllu heldur eingöngu einn hreppur, Landmannahreppurinn, hefir orðið að kosta hana hingað til að mestu, því aðeins örfá ár eru síðan að hún var tekin upp í tölu sýsluvega, og er hún nú að hálfu hreppsvegur, en að hálfu sýsluvegur. Jeg viðurkenni, að með því að taka Holtaveginn upp í tölu þjóðvega, þá hefir mikilli byrði verið ljett af þessu sýslufjelagi. En þetta var fyrst gert fyrir ári síðan, og þá var sýslan djúpt sokkin í skuldir, einkum sakir kostnaðarins við þessa löngu braut, svo að lítils er enn að vænta, að hún geti lagt af mörkum til viðhalds þeirri braut, sem hjer um ræðir.

Um hina brautina er það að segja, að það fer árlega í vöxt, að þeir Reykvíkingar, sem vilja njóta náttúrufegurðarinnar, leita austur í Fljótshlíð og á Þórsmörk. Um þetta þarf ekki að ræða. Allir vita, að fögur er Hlíðin og svipmikil og einkennileg kvað Mörkin vera, en þar hefi jeg ekki komið. En víst er um það, að fólkið streymir til þessara staða á hverju sumri, og nú er að vísu slarkfær bílvegur austur í Hlíð, og þó ekki meir en hálfa leið um hana sjálfa. Úr þessu þarf undir öllum kringumstæðum að bæta, svo að greiðfært sje fyrir þá Reykvíkinga og útlendinga, sem njóta vilja hinnar miklu náttúrufegurðar. Því held jeg, að það sje rjett, sem jeg bendi á í greinargerðinni, að það verði að telja sjálfsagðara að taka þessa vegi í þjóðvega tölu en flestar innanhjeraðsbrautir annarsstaðar, því þær eru fjölfarnastar og liggja til staða, sem fólkið á að fá að sjá.

Fjölyrði jeg svo ekki meira, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 20 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 57, n. 121).

Klemens Jónsson: Jeg get að miklu leyti borið sömu ástæður fram fyrir þessu frv. mínu á þskj. 57 og hv. 1. þm. N.-M. (HStef) fyrir sínu. Jeg sá, að hjer voru fram borin nokkur frv.,

sem fóru fram á það, að gera fjölfarna innansveitarvegi að þjóðvegum. Jeg bjóst við, að sú alda væri að vakna hjer í deildinni, að koma þessu í framkvæmd. Og ekki var hvað síst ástæða til, að svo yrði gert við vegi þá, sem um ræðir í frv. mínu, þar sem þeir eru flestum öðrum fjölfarnari hjer á landi.

En er til samgmn. kom, varð það þegar ljóst, að ekki var hægt að taka alla þessa vegi upp í tölu þjóðvega, og það því síður, er augljóst þótti, að fleiri kæmu á eftir.

Lög um þetta efni hefðu ekki getað orðið annað en pappírsgagn, því augljóst þótti, að ríkissjóður gæti ekki reist rönd við þeim kostnaði, er af þessu leiddi á næstu áratugum. Það er óhætt að fullyrða.

Af þessum ástæðum fanst mjer, eins og öðrum nefndarmönnum, rjettast, að láta öll frv., er gengu í þessa átt, fara í sömu gröfnia. Jeg átti fyrir mitt leyti hægt með þetta, þar sem af Rangárvallasýslu hefir nýlega verið ljett miklum kostnaði af viðhaldi Holtavegarins, og vegna þess, að jeg hefi nýlega frjett, að stjórnarráðið hafi staðfest samþykt þaðan um sýsluvegasjóð, og getur þá fengist lögmæltur styrkur úr ríkissjóði.

Jeg vona, að hv. deild kunni að meta það, að hjer hefir engin hreppapólitík komið til greina hjá okkur nefndarmönnum, þótt við bærum fram 4 frv. um þetta efni, höfum við allir — af þeim ástæðum, er jeg hefi þegar greint frá — sætt okkur við að horfa á eftir þessum afkvæmum okkar niður í gröfina. Menn munu þegar hafa skilið á orðum mínum, að jeg tek frv. aftur.

4. Vegalagabreyting [Vesturlandsvegur].

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Vesturlandsvegur] (þmfrv., A. 59).

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það mun nú engan undra, þótt nokkrar brtt. komi fram við vegalög þau, er samþykt voru á síðasta þingi, því undirbúningur þeirra var með þeim hætti, að brátt mátti búast við breytingum. Eins og jeg gat um á þinginu í fyrra, þá hefði verið eðlilegast, að vegalagafrv. hefði verið borið undir sýslunefndir og þær látnar segja álit sitt um það, áður en það fengi samþykki þingsins. Því var nú ekki að heilsa, og því er von, að víða komi að till. um að breyta og bæta.

Jeg skal nú ekki fjölyrða um þær brtt., sem hjer eru bornar fram af okkur þm. Vestfirðinga, aðeins segja, að eins og kunnugt er, munu Vestur-Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýsla hafa einna minst gagn af því vegakerfi eða vegalögum, er nú gilda, og þó hafa sýslurnar lítils eða einskis styrks notið frá ríkissjóði til að styðja að vegagerðum á landi, eða til þess að bæta samgöngur á sjó. Í Norður-Ísafjarðarsýslu er um enga þjóðvegi að ræða á landi. Sjórinn er þar þjóðbrautin, þó illa hafi gengið að koma háttv. deild í skilning um það í sambandi við styrk til Djúpbátsins. En hjer er um leiðina frá Ísafirði til Dýrafjarðar að ræða, og hún mun ein af fjölfarnari leiðum, svo ekki sje meira

sagt. Þörfin er því brýn, að sá vegur sje sæmilega greiðfær En þess ber að gæta, að hjer er og um póstleið að ræða, og þar sem flestar póstleiðir voru næstum alveg þræddar upp í tölu þjóðvega í fyrra, þá er kynlegt, að þessari skyldi vera slept og ætlast til, að sýslufjelögin hjeldi henni við, án nokkurs styrks úr ríkissjóði.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um málið, en leyfi mjer að leggja til, að því, að lokinni umr., verði vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til samgöngumálanefndar með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 59, n. 121).

Jón Auðunn Jónsson: Það eru alveg sjerstakar ástæður, sem til þess liggja, að farið er fram á þá breytingu, er í frv. felst. Hjer er alls ekki um innansveitarveg að ræða, heldur um veg á milli hjeraða, og slíkir vegir hafa alstaðar verið teknir í þjóðvega tölu, nema hjer. Þar að auki er vegur þessi mjög fjölfarinn. En eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hefir þegar sagt, kom samgmn. sjer saman um að leggja á móti öllum frv. En hinsvegar er jeg sannfærður um það, eins og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði um sitt frv., að þetta frv. gengur aftur á hverju þingi, uns það verður samþykt. En þrátt fyrir það tek jeg frv. aftur að þessu sinni.

---

5. Vegalagabreyting [Skeiðabraut].

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 [Skeiðabraut] (þmfrv., A. 64).

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Við flm. þessa frv. mundum ekki hafa komið fram með það á þessu þingi, ef ekki væru fleiri slík á ferðinni. En þessi vegur er vafalaust fjölfarnastur þeirra vega, sem á þessu þingi er farið fram á, að teknir verði í tölu þjóðvega. Þrjár sveitir nota veginn, auk allra þeirra ferðamanna, sem fara til Gullfoss og Geysis og inn í Þjórsárdal.

Þar sem þessi vegur er svona fjölfarinn, virðist sanngjarnt, ef ljetta á að miklu leyti vegaviðhaldi af sýslunum, að hann fylgist með.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en legg til, að því verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgöngumálanefndar með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 64, n. 121).

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal ekki tefja umræðurnar. Jeg get að mestu skirskotað til þess, sem aðrir flm. hafa sagt hjer um þessi frv.; einkum til ræðu hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að við myndum ekki hafa borið þetta frv. fram, ef ekki hefðu verið komin fram fleiri frv. í þessa átt, sem áttu sist meiri rjett á sjer en þetta.

Jeg mun ekki nú víkja að þeim ummælum vegamálastjóra, sem standa í nál., að sist sje ástæða til að ljetta viðhaldi vega af Árnessýslu meira en búið er. Jeg mun tala um það síðar, er fjárlögin koma til umræðu. En hitt er flestum kunnugt, að landslagi í Árnessýslu er svo háttað, að góðir vegir eru þar ekki til, öðruvísi en bygðir. Nú stendur til að leggja veg um neðanverða sýsluna, sem búist er við að kosti 180 þús. krónur. Aðrir vegir, sem þegar eru lagðir, hafa verið mjög dýrir, og ekki síður viðhald þeirra. En að þessu mun jeg víkja síðar.

En jeg get þegar lýst yfir því, að í samráði við hv. meðflm. minn (MT) tek jeg frv. aftur.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Varalögregla.

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um varalögreglu (stjfrv., A. 32).

Á 15. og 16. fundi í Nd., dagana 24. og 25. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var frv. enn tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Það er talin lögskylda hjá öllum siðuðum þjóðum, að aðstoða löggæslumenn við framkvæmd embættisstarfa þeirra, meira eða minna berlega lögmælt borgaraskylda. Tilfinningin um þessa borgaraskyldu er ekki jafnrík hjá þjóðunum. Það hefir jafnan verið talið svo, að hún væri einna ríkust hjá Bretum, Engilsöxum, en síður hjá Norðurlandabúum. En skylduna hygg jeg samt, að flestir viðurkenni.

Á þessari almennu skyldu byggir þetta frumvarp. Er hjer gerð tilraun að koma því skipulagi á, að efla og styrkja löggæsluna í landinu, sem er og hefir verið alla daga næsta ónóg.

Jeg skal að upphafi viðurkenna það, að það skipulag, er frumvarpið hefir fyrir augum, er ekki að öllu sanngjarnt. Það er nefnilega farið fram á það, að úr hópi margra manna megi kveðja til tölulega fáa til þess að inna af hendi skyldu, endurgjaldslaust, sem í rauninni hvílir á öllum.

Til skýringar því, hvernig ráðuneytið hefir hugsað sjer framkvæmdina eftir þessu frv., ef að lögum yrði, skal jeg taka fram það, sem hjer segir, og hefi jeg þá Reykjavík fyrir augum.

Jeg geri ráð fyrir því, að kvaddir yrðu 100 eða innan við 100 manns til þess að ganga í liðið, og þeir æfðir í því, sem lögregluþjónar þurfa einkum að temja sjer, og kent það, sem þeim er ómissandi að vita. Það er auðvitað, að hjer getur ekki verið að tala um mikinn lærdóm, ekki um skólagang, eins og lögregluþjónar erlendis fá, í sjerstökum skólum fyrir þá.

Forstöumaðurinn þyrfti að kynna sjer þetta erlendis og kenna síðan frá sjer. Auðvitað tæki þetta nokkurn tíma frá þeim, sem til væru kvaddir í fyrstu, en síðan varla sem teljandi sje. Það er auð-

vitað, að ekki má búast við, að allir þeir, sem kvaddir verði, yrðu til taks í einu, er á þyrfti að halda. Það má búast við vanhöldum. Kostnaður yrði nokkur við þetta fyrir ríkissjóð. Varalögreglumenn þyrftu helst að vera, að minni hyggju, að öllu svo út búnir sem hinir föstu löggæslumenn bæjarins; þó má vera, að einkennisbúningur þyrfti ekki að vera alveg eins. Hvað sá útbúningur myndi kosta, get jeg ekki sagt, en til þess að segja ekki of lítið, mætti nefna 20—25 þús. krónur. Húsrúm þyrfti, til þess, að varalögregluliðið kæmi saman í til æfinga. Árlegan kostnað vil jeg áætla 8—10 þús. kr., og tel vel í lagt. Þegar litið er á, að bæjarsjóður Reykjavíkur leggur fram undir 100 þús. kr. til löggæslunnar í bænum, þá ætti það ekki að vera of mikið til mælst, að ríkissjóður legði til svo sem jeg nú hefi sagt.

Eins og jeg tók fram áðan, er sá hængur á þessu, að hin almenna skylda er lögð á fáa endurgjaldslaust, en jeg hefi þá trú, að auðið myndi að fá nógu marga hæfa menn til að ganga nauðungarlaust undir slíka lögskyldu.

En þegar til þessa liðs þarf að taka, af því að lögreglustjóri telur hina föstu löggæslumenn ekki einhlíta, hvað þá? Því á ekki að verða örðugt að svara. Þar virðist mjer frumvarpið skera glögglega úr. Þegar lögreglustjóri telur sig þurfa aðstoðar varalögreglu við, þá fer hann til forstöðumanns liðsins og segir til, hvers hann óskar. Það er lögreglustjóri og hann einn, sem ræður því, hvort varalögregla verður notuð eða ekki, hvar og að hve miklu leyti. Með öðrum orðum, löggæslumönnum bæjarins fjölgar í bili, eftir því sem lögreglustjóra þykir við þurfa, innan takmarka tölu tilkvaddra varalögreglumanna. Lögreglumenn gætu þá orðið t. a. m. eftir því, sem jeg hefi hugsað mjer þetta, 70—90 manns í stað 12—15 venjulega. En hver ætti svo að stjórna þessu sameinaða lögregluliði? Þar um segir frv. ekkert. Það mætti hafa það með ýmsu móti. Það gæti verið látið á vald lögregulstjóra, að ákveða þetta. Það mætti kveða á um þetta í lögunum sjálfum, eða í tilskipun. En það hygg jeg, að alt lögregluliðið ætti að vera undir einni yfirstjórn, og það eitt er fyllilega samræmilegt frumvarpinu, þar sem ætlast er til, að varalögregluliðið sje til vara, til aðstoðar hinu fasta lögregluliði, til viðbótar því.

Það hefir mikið verið talað um ríkislögreglu út af þessu frumvarpi. Mjer er að vísu ekki vel ljóst, hvað meint er með ríkislögreglu í umræðunum um það mál hjer. Jeg gæti trúað því, að það væri eitthvað svipað ríkislögreglu Dana, sem um ræðir í lögum Dana nr. 364 frá 30. júní 1919, og lögum nr. 365 frá sama degi.

Ríkislögreglan er skipuð föstum starfsmönnum einum saman, og hún er ekki bundin við ákveðið bæjarfjelag, hennar umdæmi er alt landið. Hún á sjerstaklega að rannsaka um framda glæpi og rekja feril lögbrjóta. Ennfremur á hún að gæta laga um aðkomumenn og ferðamenn, og loks aðstoða bæjar- og sveitar-lögreglumenn, ef með þarf, til þess að gæta öryggis, friðar og reglu. Hjer mundu bannlögin talin með. Ef sett væri á stofn slík ríkislögregla hjá oss, þá væri sneitt fyrir þann ágalla, sem jeg viðurkenni að sje á frv., en um það þýðir alls ekki að tala. Kostnaðurinn við það yrði alt of mikill.

Jeg vona, að hv. þingdeildarmönnum

hafi skilist það, að aðalatriðið í þessu máli er fyrir mjer það eitt, að lögreglumönnum verði fjölgað svo hjer í bænum, að friður og regla verði trygð sem best, og að það verði gert á þann hátt, að ríkissjóði verði ekki ofþyngt.

Jeg hefi talað einungis um Reykjavík, því að auðvitað er aðstaðan hjer alt önnur en annarsstaðar, í höfuðstað landsins, með yfir 20.000 íbúa. Það má vel vera, að nauðsynin sje ekki mjög rík í öðrum kaupstöðum landsins. Þó hygg jeg, að einhverja varalögreglu eða aðstoðarlögreglu þurfi á Siglufirði.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en vil leyfa mjer að vísa til greinargerðar frumvarpsins og æskja þess, að því, að lokinni umræðu, verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

Tryggvi Þórhallsson: Undir þinglokin í fyrra munu ýmsir þingmenn hafa orðið varir við frv. áþekt þessu, sem nú er borið fram af hæstv. stjórn. Það voru þá ungir Íhaldsmenn, sem þessa hugmynd báru fram. Þeir áttu meðal annars tal við mig um hana, en jeg tók lítt mark á og gaf lítinn gaum. Jeg skoðaði þetta sem ungs manns gaman, sem engin alvara yrði úr. Reyndist og svo í það skiftið. Jeg bjóst við, að aldrei skyti því upp aftur.

Jeg heyrði svo ekki af um hríð. En aftur fóru að berast sögur um mál þetta, og nú var sjálf landsstjórnin orðuð við. Mjer datt ekki í hug að trúa því. Það hefir legið það orð á hæstv. forsrh. (JM), að hann sje varfær maður. Jeg vildi ekki trúa því að hann — eins og nafnkendur þingmaður orðaði það einu sinni — færi í þá veiðistöð á gamals aldri.

Fregnirnar urðu enn ákveðnari. Utan af landi bárust mjer brjef, og einnig hjeðan úr bænum bárust mjer áskoranir um að fara að skrifa á móti málinu í blað mitt. En mjer datt ekki í hug enn að festa trúnað á þennan orðróm. Jeg neitaði alveg að ræða þetta mál í blaði því, sem jeg stjórna. Jeg vildi ekki gefa þeim ungu og óvarfærnu mönnum byr í seglin, um óskynsamlegt mál, með því að ræða við þá opinberlega og taka þá alvarlega. Jeg vildi ekki taka þátt í því, að auka æsingar að óþörfu. Jeg ályktaði sem svo, að því fyr fjelli mál þetta og umtal alveg niður og ynni því minna tjón, því minni gaumur sem því yrði gefinn.

Fullyrt var í eyru mín rjett fyrir þing, að sjálf landsstjórnin bæri slíkt frv. fram. Enn trúði jeg ekki og vildi ekki trúa. Jeg trúði því ekki fyr en jeg sá það svart á hvítu, er frv. var útbýtt hjer í deildinni. Þá varð jeg að játa, gagnvart þeim, sem jeg hafði þangað til mælt í gegn, að jeg hafði haft oftraust á varfærni hæstv. forsrh. Hann hafði látið leiðast til þess að fara í þessa veiðistöð á gamals aldri.

Þeir munu aðrir, flestir eða allir, sem blöðum eiga að stjórna á landi hjer, hafa beitt annari aðferð en jeg. Flestöll önnur blöð landsins hafa þegar rætt þetta mál, og dagblöðin mjög mikið. Og það er þegar komið í ljós, sem fyrirsjáanlegt var. Málið er þegar orðið mikið æsingamál, og þó er aðeins um byrjun að ræða. Af henni verður það þegar ráðið, að úr getur orðið eitthvert mesta æsingamál, sem hafist hefir á landi hjer. Það getur orðið upphaf nýrrar Sturlungaaldar á Íslandi. Og það er sjálf landsstjórnin, sem viðinn ber á bálköstinn.

Æsingaeldurinn logar þegar dátt í

kaupstöðunum. Fundarsamþyktir um málið drífur að úr öllum áttum. Fyrir eru í kaupstöðunum harðandstæðir, pólitískir flokkar. Er síst bætandi á þann eld, sem er í milli.

Mjer virðist ljóst, bæði af blöðum og viðtali við marga menn, að auk allra annara muni undantekningalítið allir sjómenn og verkamenn snúast einhuga gegn þessu frv. Þeir telja, að þessu liði sje sjerstaklega stefnt gegn sjer, og gegn fjelagsskap þeirra — en þó að sá stjettafjelagsskapur hafi sína galla, er hann þó alviðurkendur um öll lönd. Þeir telja, að þetta lið eigi að verða einskonar pólitískur lífvörður Íhaldsins. Þykir mjer ekki ólíklegt, að þeir geti hengt hatt sinn á einhver ógætileg ummæli af Íhaldsmanna hálfu í þá átt, því að slík ummæli hefi jeg einnig heyrt úr þeirri átt. Er ekki að undra, þótt blóðið hitni, er menn gera sjer slíkar hugmyndir.

Á þessum grundvelli er málið rætt, og verður. Áfram mun stefna eins og nú horfir. Getur engum dulist, hvað er fram undan. Og það er landsstjórnin sjálf, sem viðinn ber á bálköstinn.

Jeg mun nú víkja að kjarna málsins, fyrra meginatriði þess og langsamlega aðalatriðinu, sem því veldur, að jeg mun einhuga leggjast á móti því. En jeg tek það þegar fram, að þetta mál er svo yfirgripsmikið og getur orðið svo afleiðingaríkt, að í þetta sinn get jeg ekki vikið nema að fáu.

Vil jeg þá fyrst að því víkja, hversu stórkostlegur eðlismunur er á almennri herskyldu, eins og hún er í flestum nágrannalöndum okkar, og á þessari varalögreglu eða ríkislögreglu, sem stofna á á landi hjer með þessu frv.

Þar sem almenn herskylda er, verður herinn, og hlýtur að verða, spegilmynd sjálfrar þjóðarinnar. Sú pólitíska stjórn, sem með völdin fer í hvert skifti, hefir enga íhlutun um það, hverjir þangað veljast. Allir heilbrigðir menn á vissum aldri eru í herinn kvaddir, úr öllum stjettum og flokkum. Í vel upplýstum löndum verður slíkur her til hins mesta öryggis. Hann getur aldrei orðið handhægt verkfæri ákveðinnar stjórnar eða stjórnmálaflokks, til misbeitingar gegn borgurunum eða stjórnarskipun landsins.

Alt öðru máli er að gegna um varalögreglu, eins og þá, sem gert er ráð fyrir með frv. þessu. Hjer er pólitískri stjórn gefið alveg ótakmarkað vald til að velja svo háa eða lága tölu manna sem henni gott þykir í þetta lið, og vopna það með þeim tækjum, sem henni gott þykir. Það liggur í augum uppi, að ekkert er því til fyrirstöðu, að slíku pólitísku, vopnuðu úrvalsliði getur hin pólitíska stjórn beitt eftir því sem henni gott þykir og öldungis eins og henni býður við að horfa. Allar dyr eru opnar fyrir landsstjórnina að misbeita þessu liði gegn borgurum og stjórnarskipun landsins.

Þetta atriði hefir komið fram í umræðum þeim, sem þegar eru orðnar um málið. Þetta er sannleikurinn í mótmælum sjómanna og verkamanna, er þeir mótmæla þessu liði, sem til er stofnað af stjórn, sem þeim er andstæð í pólitískum efnum, að þetta getur orðið, að ekkert er því til fyrirstöðu, og að sumu leyti liggur beint við að ætla, að þessu liði eigi að stefna gegn þeim.

Jeg geri nú ráð fyrir, að Íhaldsmenn gefi þessum orðum lítinn gaum, er þau koma frá íslenskum andstæðingum þeirra í stjórnmálum — eins og þeir

munu vera flestir sjómennirnir og verkamennirnir, sem varalögreglunni hafa mótmælt. Jeg vil benda á, að fleiri mæla hið sama um þetta höfuðatriði þessa máls, og það sá aðili, sem jeg hygg, að íslenskir íhaldsmenn muni taka fult tillit til, því að sumir þeirra a. m. k. eru vanir að taka allmikið tillit til þess aðila. En það dæmi er frá sambandsþjóð okkar, Dönum.

Þar fara nú með stjórn jafnaðarmenn, studdir af verkamönnum. Meðal margra annara nýmæla ber sú stjórn fram frumvarp um það, að afnema almenna herskyldu í Danmörku og leggja niður herinn. Í stað hersins á að koma ríkislögregla, alveg samskonar og á að stofna hjer á landi með frv. þessu, en þar er talan ákveðin, að í henni eigi að vera 7000 menn.

Mikið hefir verið rætt um stofnun þessarar varalögreglu dönsku, og vitanlega af öllum flokkum. Mun jeg aðeins eitt af því nefna, og með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa hjer upp þýðingu á grein, sem um þetta mál birtist í merkasta blaði íhaldsmannanna dönsku, Berlingske Tidende, 18. ágúst síðastl. Greinin er rituð af háttstandandi manni í danska hernum (oberstlöjtnant O. Bölck). Farast honum svo orð, þeim mikilsvirta danska íhaldsmanni:

„Þá er Danmörk leggur niður vopnin, eiga 7000 lögregluhermenn, sem til þess eru kvaddir, að koma í stað hersins. Þeir eiga að taka að sjer þann hluta af verkefnum hersins, sem við kemur friði inn á við. Það á að kveðja þá til aðstoðar, er svo stóð á áður, að herinn var kvaddur til aðstoðar, til hjálpar, er óeirðir voru innanlands. Nánar er ókunnugt um nám þeirra, skipulag o. fl., en það mun mega telja víst, að þeir eigi að fá nokkra æfingu um vopnaburð, að nokkur hluti þeirra eigi að vera ávalt að starfi, en nokkur heimsendur, en reiðubúinn að bregða skjótt við til athafna. Sjeu þeir bornir saman við herinn, sem við höfum nú, er munurinn annnarsvegar sá, að nám þeirra er lítilfjörlegra og óbrotnara, og hinsvegar — og einkum — sá, hvernig þeir eru kvaddir í herinn.

Þá er her hvílir á grundvelli almennrar herskyldu, er hann hluti þjóðarinnar. Hinar ýmsu stjettir og stjórnmálaflokkar eiga hlutfallslega rjetta tölu fulltrúa. Hin jafna skifting innan hersins er því óháð, hvaða stjórnmálaflokkur er við völdin í hvert sinn. Slíkur her er því trygging fyrir því, að skipulag þjóðfjelagsins haldist, hann veitir öryggi gegn byltingahneigð, en það mun reynast erfitt að hafa hann að verkfæri um að fremja stjórnarbyltingu.

Gerum nú ráð fyrir, að Danmörk leggi niður vopnin, en jafnframt verði að því ráði horfið, að koma upp þessum 7000 lögregluhermönnum. Liggur nærri að ætla, að nálega eingöngu yrðu þeir fengnir úr hóp hinna miður vel stæðu í þjóðfjelaginu, einkum úr hópi hinna atvinnulausu. Naumast mun tjá að gera miklar kröfur til þekkingar fram yfir þá, er fæst í almennum barnaskólum. Eins og ástæður eru nú, er vart hægt að efa, að þessi her myndi að langsamlega mestu leyti fá „social-demokratiskan“ lit, verða „rauður“ lífvörður. Stofnun hans myndi verða upphaf einveldis „socialdemokrata“, eftir rússneskri fyrirmynd. Þessir rauðu „Prætorianar“, í höndum rauðrar stjórnar, er starfa í þjóðfjelagi, sem hefir lagt niður vopnin, munu geta troðið undir fótum sjer-

hverja tilraun til andstöðu og komið á því ástandi í landi, sem óþekt er og kvíðvænlegt. Og væri einhver þröskuldur á framsóknarvegi flokksins (t. d. landsþing, konungur eða því um líkt), munu „Prætorianarnir" vera hið hentugasta verkfæri um að ryðja úr vegi. Því að þessi „her" er ágætlega fallinn til stjórnarbyltingar.

Beri nú svo við, samkvæmt eðli stjórnskipulagsins, að stjórn „socialdemokrata" færi frá völdum, og við tæki íhaldssamari stjórn, hvernig myndi þá fara um „Prætorianana" Væri nú „socialdemokratar" í andstöðu og stofnuðu til nýs fundar á Grænatorgi, með æsingaræðum og götuóeirðum á eftir, sem lögreglan rjeði ekki við — gæti það þá ekki dottið honum í hug, lífverðinum rauða, að fara sínar eigin leiðir með hinum æsta skríl, og stofna til aðgerða, sem okkur hinum væru óþægilegar?

En sleppum nú alveg hinum pólitíska lit á þeim, sem og er á núverandi stjórn — ávalt mun vera ástæða til að vænta hættu og óróa frá „Prætoriönunum". Áður langt liði, myndi þeim verða ljóst, hversu mikið vald þeim er í hendur selt. Sjerhver ný stjórn mun um það spyrja, hver sje afstaða „Prætoriananna" — og leita eftir hylli þeirra, ef á þarf að halda. Þeir munu mynda fastan fjelagsskap, og þar sem þeir einir hafa í hendi sjer að beita valdi, munu þeir geta borið fram kröfur sínar og sett skilyrði með slíkum myndugleika, að erfitt verður að komast fram hjá. Verði kröfum þeirra hafnað, er ástæða til að óttast, að þeir stofni til hermenskueinveldis og lífi og láti eins og þeim býður við að horfa, á landsins kostnað, á meðan á einhverju er að lifa. Því að: hver getur komið í veg fyrir það? — „Prætorianarnir" í Róm afsettu (myrtu) keisara, og nefndu til nýja keisara. Og þar voru þó „legíónirnar", sem beita mátti gegn þeim. Við höfum ekkert." —

Þessi ummæli hins danska íhaldsmanns þykja mjer öll merkileg. Að meiningunni til heimfærast þau algerlega hjer hjá okkur.

Aðstaðan er að vísu ólík að því leyti, að í Danmörku situr jafnaðarmannastjórn og hjer situr íhaldsstjórn, en báðar vilja þær koma upp samskonar varalögreglu. Og svo ber svo einkennilega við, að íhaldsmennirnir dönsku og verkamennirnir hjer eru sammála um að snúast á móti — en bændaflokkarnir í báðum löndunum munu samhuga um andstöðuna.

Meginatriðið, sem öllum þessum andstæðu aðilum kemur saman um, er þetta:

Það er stórhættulegt fyrir stjórnskipulag landsins að gefa pólitískri stjórn vald til (takmarkað í Danmörku, en ótakmarkað á Íslandi) að velja lið og vopna það. Ekkert er því til fyrirstöðu, að þessu liði verði beitt gegn borgurunum og stjórnarskipun landsins.

Í Danmörku segja íhaldsmennirnir: Jafnaðarmannastjórnin velur í það atvinnulausa jafnaðarmenn.

Hjer er ekkert því til fyristöðu, að í liðið verði valdir atvinnulausir eða -litlir íhaldsmenn — því að nóg er af þeim — og að pólitískir kosningasmalar verði gerðir að launuðum yfirmönnum.

Tryggingin er engin, á hvorugum staðnum, að ekki verið þannig að farið.

Hvað getur af hlotist?

Það er með öllu ófyrirsjáanlegt. En íhaldsmaðurinn danski lýsir því alveg rjettilega, hvað getur af hlotist. Alveg óþolandi ástand getur af hlotist. Lýð-

frelsi, sjálfsákvörðunarrjetti þjóðarinnar er stofnað í hættu. Það getur blasað við annað tveggja: Ítalskur fascismi eða rússneskur bolsivismi! (BL: Er hann ekki góður?) Það má vel vera, að hv. þingmanni Akureyrar þyki það, en mjer þykir hvortveggja kosturinn jafnafleitur.

Þetta á alment við um öll lönd, og þetta á einnig við hjá okkur.

Og þegar annar hinna harðandstæðu pólitísku flokka í bæjunum — hvor sem er — vill skapa sjer sjerstaka aðstöðu gagnvart hinum, með því að koma sjer upp slíku liði, þá er það alveg fyrirsjáanlegt, hversu miklar æsingarnar verða. Þá er beinlínis kallað á mótstöðuna frá hinum flokknum.

Hvað blasir þá við í þjóðfjelaginu? Því verður ekki lýst, og það verður ekki sjeð fyrir. En æsingarnar, sem þegar eru hafnar hjer, benda í áttina, hvað getur orðið.

Það er jafnófyrirsjáanlegt, hvað úr þessu getur orðið, eins og hvað kann úr að verða, ef snjór losnar efst í hárri, snarbrattri, snjóþungri fjallshlíð. Það getur orðið úr því ægilegt snjóflóð, sem eyðir bygðina. — Í þessu tilfelli er það ekki lítið, sem um er losað.

Það er sjerstaklega alvarlegt spor á allar lundir, þetta, sem nú á að stíga hjer. Við höfum verið vopnlaus þjóð, Íslendingar, öldum saman. Nú á að leggja það á landsstjórnarinnar vald, hversu hún vopnar útvalinn flokk. Ef nú verður vopnast á móti? Hvernig mun það reynast? Við kunnum ekki með vopn að fara, Íslendingar. Hún er nógu heit, barátta flokkanna í kaupstöðunum, þó að landsstjórnin fái þeim ekki vopn í hendur.

Jeg vil að síðustu í þessu sambandi beina nokkrum mjög alvarlegum orðum til stuðningsmanna hæstv. stjórnar. — Jeg sje, að þeir brosa sumir, en jeg verð að segja, að mjer er síst hlátur í hug. Jeg vil beina þessari áskorun til ykkar: Hlustið á hin rökstuddu andmæli skoðanabróður ykkar í Danmörku! Því að jeg vil með engu móti trúa því, að þetta varalögreglumál sje orðið flokksmál hjá ykkur.

Jeg er að vísu ekki skoðanabróðir ykkar og get aldrei orðið Íhaldsmaður. En jeg viðurkenni, að hjá íhaldinu er oft og á að vera gætni og varfærni. Íhaldsflokkurinn á að slá skjaldborg um það stjórnskipulag, sem ríkir í landinu. En vilji hann gera það, þá má hann allra síst gefa þeim öflum byr undir báða vængi, sem kunna að vera til í þjóðfjelaginu og að því vilja vinna, að koma öllu í bál og brand og umturna skipulagi þjóðfjelagsins.

Jeg vil mjög alvarlega mælast til þess af ykkur, að þið hjálpið til að fella þetta frumvarp nú þegar, til þess að stemma þegar á að ósi. Því fyr sem þetta mál er kveðið niður, því betra. Því minna tjón hlýst af því, að stofnað var til þessa óviturlega ráðs. Því minni æsingar og beiskja mun af þessu hljótast. En tjónið er þegar orðið nokkuð og það þarf tíma til, að yfir sljettist.

Sú hlið þessa máls, sem jeg nú hefi rætt um, er aðalhlið málsins. En jeg verð og að víkja að annari, því að þó hún sje ekki eins ískyggileg, þá er hún engu að síður svo alvarleg, að fram hjá henni má með engu móti ganga. Það er kostnaðarhliðin. Vjek hæstv. forsætisráðherra nokkuð að þeirri hlið, en mjög lauslega, og þegar lítið er á frumv., sem vitanlega fyrst og fremst ber á að líta, þá verður ekki bygt á ummælum hans.

Landsstjórnin hefir haft það við orð, að hún vildi spara fje ríkisins. Það var samhuga vilji flokkanna á síðasta þingi, að láta fjárlögin í hvert sinn sýna sem rjettasta mynd af afkomunni. Og enn hefir landsstjórnin haft við orð, að greiða ætti lausaskuldir ríkisins á fáum árum.

Hinsvegar ber þessi sama landsstjórn fram þetta frv. Og frá þessu frumvarpi er þannig gengið, að jeg hika ekki við að fullyrða, að aldrei fyr hefir nokkur stjórn á Íslandi beðið Alþingi um eins rúmt og alveg ótakmarkað vald til að nota fje ríkisins, án þess að Alþingi geti, a. m. k. í fyrstu, haft um það nokkurt íhlutunarvald. Svo ótakmarkað vald biður stjórnin Alþingi um, bæði til þess að mega nota fje og til þess að mega leggja kvaðir á einstaka borgara, að hvern mann, sem um hugsar með athygli, hlýtur að reka í rogastans.

Í fyrsta lagi biður stjórnin um vald til þess, að mega kalla í þjónustu sína hvern mann, í öllum kaupstöðum landsins, sem hún vill til þess velja, á aldrinum frá 20—50 ára. Engin takmörk setur frumvarpið fyrir því, hversu oft eða hversu lengi hún má halda þeim í þessari þjónustu. Alt er þetta undir geðþótta stjórnarinnar komið.

Í öðru lagi biður hún um vald til að mega stofna 7 ný, launuð embætti, forstöðumanna eða yfirvaralögreglumanna, og engin takmörk eru fyrir hinum öðrum nýju, launuðu embættum, sem hún má stofna, undirforingjanna. Engin ákvæði eru um, hversu hálaunaðir þessir menn eiga að vera. Alt er það komið undir geðþótta stjórnarinnar.

Í þriðja lagi biður hún um ótakmarkaða heimild um allan útbúnað þessa hers, eða liðs: vopn, „tæki“ allskonar, einkennisbúninga, æfingar og æfingaskóla. Kostnaður við þetta alt er algerlega kominn undir geðþótta stjórnarinnar.

Um alla fjármálahliðina gildir það eitt, sem segir í 5. gr. frumvarpsins: Allan kostnaðinn greiðir ríkissjóður.

Sömu dagana sem við ræðum þetta frumvarp stjórnarinnar sitjum við sumir á fundum í fjárveitinganefndinni.

Ótal erindi og fjárbeiðnir berast til okkar. Atvinnuvegirnir kalla á margháttaðan stuðning. Nú þurfa bændurnir mikinn stuðning um að koma nýju skipulagi á útflutning aðalframleiðsluvörunnar. Sjómennirnir þurfa aukna gæslu hinna dýrmætu fiskimiða. Vegi og brýr er beðið um, lífæðar fyrir hjeruðin. Vita er beðið um, til þess að tryggja líf sjómannanna á hafinu. Óteljandi fjárbeiðnir berast til okkar úr öllum áttum. Með blóðugu hjarta verðum við að neita um margt — alt of margt — vegna hins þrönga hags ríkissjóðs.

Sömu dagana biður landsstjórnin um svona altakmarkalausa heimild til þess að nota fje ríkissjóðsins, — hún vill koma á nýju skipulagi, sem enginn veit, hvort kostar tugi eða hundruð þúsunda króna.

Hversu ógurlega stingur þetta í stúf?

Jeg tel það tvímælalausa skyldu okkar þingmannanna, gagnvart þeim kjósendum landsins, sem hafa trúað okkur fyrir umboði sínu, að reyna að gera okkur grein fyrir, hver kostnaður muni af þessu verða. Og við megum ekki með neinu móti miða við ummæli hæstv. forsætisráðherra um það, því að enginn veit, hver verður forsætisráðherra eða í stjórn, þá er þetta á að framkvæma.

Við höfum ekki leyfi til að miða við annað en frumvarpið, eins og það liggur fyrir.

Jeg hefi reynt að gera mjer grein fyrir þessu, en jeg játa afdráttarlaust, að það er ekki hægt að fá neinn fastan grundvöll að standa á.

Það, sem fyrst verður þá að reyna að gera sjer grein fyrir, er það, hversu margir liðsmenn muni verða í þessari varalögreglu. Það er erfitt. Hæstv. forsætisráðherra gerði ráð fyrir 100 mönnum í Reykjavík einni, en jeg verð að segja, að jeg get alls ekki bundið mig við orð hans, eins og áður er sagt, jeg verð að miða við frumvarpið og það ástand, sem þetta skipulag leiðir af sjer. Nú er það vitanlegt, að stofnun varalögreglunnar leiðir af sjer æsingar. Hún kallar á mótstöðuna. Sjómenn og verkamenn telja henni stefnt gegn sjer. Eigi varalögreglan að reynast örugg, verður því að gera ráð fyrir miklu meiri styrkleik hennar en nú þyrfti að gera. Jeg þykist fara lágt út frá þessum forsendum, er jeg áætla tölu liðsmanna alls 1000, 500 í Reykjavík og 500 í öllum hinum kaupstöðunum 6 til samans. Jeg gæti alveg eins gert ráð fyrir hærri tölu eins og lægri— því miður. Því að ef á annað borð er farin þessi leið, þá má þetta lið með engu móti verða yfirbugað.

Þá er um útbúnað mannanna og hann einan, því að ekki dettur mjer í hug að fara út fyrir ramma frumv. og gera ráð fyrir launum handa þessum mönnum. En útbúnaðurinn kostar mikið fje, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði.

Næst liggur að bera saman við útbúnað lögregluþjónanna í Reykjavík. Jeg hefi aflað mjer, að jeg hygg ábyggilegra upplýsinga um, hvað hann kostar:

Lögreglumenn fá þennan fatnað:

Frakka fyrir c.	285 kr.
Kápu c.	125 —
Einkennisbúning c.	255 —
Húfu c.	35 —
Samtals c.	700 kr.

Ef slept væri annari yfirhöfninni, kápunni, kostaði fatnaður c. kr. 575, og virðist mega gera ráð fyrir, að slíkan fatnað legði ríkið varalögreglunni til.

Þá eru „tækin“. Jeg geri ekki ráð fyrir nema tveim. Kylfu, sem mun kosta um 15 kr., og byssu, sem vart getur kostað minna en 300 kr. Þetta eru samtals 890 kr. Þetta er á mann. Og eftir er að jafna launum yfirmanna á mann, æfingakostnaði, skotfærum til æfinga o. fl., o. fl. Mjer þykir það engin fjarstæða að áætla það 110 kr. á mann. Þá er kostnaðurinn orðinn 1000 kr. á mann. Og ef liðsmenn eru 1000, þá verður allur kostnaður fyrsta árið ein miljón króna.

Jeg nefni aðeins þessa tölu. Mjer dettur ekki í hug að halda fram ákveðinni upphæð. Hún getur verið bæði of há og of lág. En jeg legg áherslu á, að þetta er alt á svo ruggandi grunni, að með öllu er ómögulegt að fá fast undir fætur.

En jeg spyr: Er það leyfilegt af landsstjórninni að bera fram slíkt frumvarp — jafnvel fjárhagshliðarinnar einnar vegna? Og vera að tala um að spara í sömu andránni og borga lausaskuldir!

Jeg segi þetta alveg óverjandi. Jeg kalla það ofdirfsku af landsstjórninni að fara fram á það, að Alþingi afhendi henni svo gersamlega valdið til að fara með fje landsins.

Jeg beini aftur orðum mínum mjög alvarlega til stuðningsmanna stjórnarinnar, því að jeg veit, að a. m. k. sumir

þeirra vilja sýna fulla gætni í fjármálum: Virðist ykkur ekki blasa við hjer iskyggilegt útsýni um fjárhagsafkomu ríkissjóðsins?

Jeg segi fyrir mig, að verði úr framkvæmd þessara laga, þá virðist mjer blasa við kollvörpun allra vona um fjárhagslega viðreisn þjóðarinnar. Fjárhagshlið þessa máls er ein nægileg til að dæma það til dauða. Og þó er hin hliðin, sem áður getur, enn ægilegri.

Jeg fer nú senn að ljúka máli mínu. En þó vil jeg enn víkja að fáum atriðum.

Það er á allra vitorði, hvert er tilefni þessa frumvarps.

Með stækkun kaupstaðanna og hinum gríðarmikla vexti sjávarútvegarins hefir aðstaða manna hvers til annars, í bæjunum, breyst stórkostlega frá því, sem áður var hjer á landi. Hjer dregur til sömu stjettaskiftingar sem orðin er erlendis. Vinnuveitendur og vinnuþiggjendur standa í tveim harðandstæðum flokkum, sem hafa við næsta ólík kjör að búa og eiga gagnstæðra hagsmuna að gæta. Aðrar þjóðir eru farnar að læra að finna ráð til að sjá við þeim vandræðum, sem af þessu geta hlotist, en við Íslendingar kunnum ekki að taka á þessum málum enn.

Jeg játa hiklaust, að í beinu og óbeinu sambandi við þetta ástand hafa komið fyrir þeir viðburðir á landi hjer, sem ekki áttu að koma fyrir og með engu móti mega koma fyrir, og það er skylda okkar, þjóðfjelagsins vegna, að finna ráð til að koma í veg fyrir þá.

Mjer þykir sjálfsagt að víkja að því máli, sem sjerstaklega vakti umtal af þessu tæi, málinu rússneska drengsins, sem stendur í sambandi við þetta, af því að þáverandi aðalforingi verkamanna heitti þar aðstöðu sinni. Jeg hef fordæmt það tiltæki áður og fordæm enn, og ilt var til þess að vita, að fleir flæktust í það mál.

En jeg vil minna á það, sem var a vitorði allra í þessum bæ, að það va ekki skipulagið á lögreglu bæjarins, sem þá brást, heldur voru það mennirnir sem þá brugðust. Slíkt smámál sem þetta í rauninni var, átti fulltrúi lög reglustjóra vitanlega að annast. Ef sá maður hefði haft meðal-karlmanns hjarta, þá hefði ekkert úr orðið og al gengið eins og í sögu. Það var samhuga álit alls Reykjavíkurbæjar.

Lögreglan hefir nú vald til þess að fá aðstoð borgaranna, þá er sjerstakar ástæður ber að höndum. Um þau atvik, sem komið hafa fyrir hingað til, og farið hafa miður úr hendi en skyldi, er það að segja, að ef lögreglustjórn hefði verið góð, hefði altaf verið nægilegt að hafa þá baktrygging.

Að koma upp sjerstöku liði, sem pólitísk landsstjórn hefði vald til að velja ótakmarkað, eftir sínu höfði, til þess að hindra, að slíkt komi fyrir aftur, það er áreiðanlega ekki rjetta ráðið. Af því hlýst ekkert annað en það, að kveikja nýtt hatur og hrinda af stað öflugri mótstöðu.

Ráðið er hitt: að efla og styrkja hina opinberu lögreglu landsins. Að setja yfir hana góða og örugga lögreglustjóra. Og ekki síst hitt: að setja viturleg lög, sem að því miða að semja sættir í deilumálunum milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda.

Þá hefði landsstjórnin unnið þarfara verk, ef hún hefði hnigið að þessu ráði. Við eigum að læra af reynslu annara mentaþjóða í þessu efni og feta í fótspor þeirra. Við eigum að reyna að finna

skipulag um dómstól, sem skeri úr deilumálum verkamanna og vinnuveitenda. Við eigum að eignast opinberan sáttasemjara í slíkum málum, eins og aðrar þjóðir eiga. Við eigum yfirleitt að eignast alhliða löggjöf um þessi mál. Til slíks verks hefði landsstjórnin fengið einhuga stuðning mikils hluta Alþingis.

Jeg hefi það fyrir satt, enda er það allra mál, að sjómennirnir íslensku sjeu bestu sjómenn í heimi. Jeg efa ekki, að þegar á alt er litið, muni verkamennirnir íslensku vera einna best mentaðir verkamanna í heiminum.

Jeg tek ekki þátt í þeim leik, að vopna lið, sem þeir — með rjettu að nokkru leyti a. m. k. — gætu talið, að stefnt væri á sig. Jeg á ekki samleið með öllum þorra þeirra um stjórnmálaskoðanir. En með engu móti vil jeg varpa til þeirra þessum hanska. Jeg vil síst af öllu greiða veg þeirra manna og gefa þeim mönnum vopn í hendur, sem kunna að vera til á þessu landi og vilja leiða verkamannastjett Íslands inn á hinar hættulegustu brautir. En jeg hygg, að þetta frumvarp stefni skemstu leið í þá átt.

Jeg vil ekki efa, að tilgangur hæstv. stjórnar, með því að flytja þetta frumv., sje sá, að vilja gera tilraun til að tryggja friðinn í landinu. En jeg er sannfærður um, að þessi leið stefnir til ófriðar, en ekki friðar, meiri ófriðar en verið hefir á landi hjer síðan á Sturlungaöld.

Mjer er tamt að vitna til fornra rita. Sigurður Nordal prófessor hefir ritað merkilega um kvæði, sem hann hyggur, að hafi verið ort á Íslandi fyrir nálega 1000 árum. Það er merkasta kvæði, sem ort var í germönskum heimi í fornöld, sem við þekkjum, og eitt hið merkasta kvæði, sem ort hefir verið. Á tímamótum heiðni og kristni er það ort, þá er enginn vissi, hvor yrði yfirsterkari, forn siður eða nýr, og hálfur heimurinn stóð á öndinni af hræðslu við heimsslit. Kringumstæðurnar áttu sinn þátt í að skapa hið stórfelda kvæði í huga skáldsins. Hann sá sýnir: tortíming veraldar og aðra nýja rísa upp.

Jeg vil heimfæra eina vísuna til þessa tækifæris, því að í sambandi við rekstur þessa máls er mikil alvara fram undan. Sambúð Íslendinga á næstu tíð er mjög undir því komin, hvernig úr verður ráðið þessu vandamáli. Jeg ætla að ljúka máli mínu með ósk um, að ekki rætist sýnin Völu-Steins, er hann fór um þessum orðum:

Bræðr munu berjask
ok at bönum verðask,
munu systrungar
sifjum spilla;
hart er í heimi
hórdómur mikill,
skeggöld, skálmöld,
skildir klofnir,
vindöld, vargöld,
áðr veröld steypisk;
— mun engi maðr
öðrum þyrma.

Jón Baldvinsson: Þegar Íslendingar fengu viðurkent sjálfstæði sitt 1918, og Ísland varð fullvalda ríki, var um það send tilkynning til flestra eða allra annara ríkja í heimi, og í þeirri tilkynningu var það tekið fram, að landið væri æfinlega hlutlaust í ófriði. Þetta þótti rjett að gefa til kynna, til að sýna, að Ísland væri herlaust land og hjer byggi friðsöm þjóð, sem aldrei myndi taka þátt í herbúnaðarósómanum, og fram á allra síðustu tíma veit jeg ekki til þess, að nokkrum manni hafi dottið í hug, að

Íslendingar færu að búa til her til þess að fara með hernað, hvorki gegn öðrum þjóðum nje til þess að berjast innbyrðis.

En Adam var ekki lengi í Paradís. Ekki eru liðin sex fullveldisárin, þegar íslenski „militarismínn“ skýtur fyrst upp kollinum á Alþingi Íslendinga. Það var á fyrsta ári innlendu Íhaldsstjórnarinnar, því herrans ári 1924, að stjórnin ljet fara þess á leit við eina eða fleiri þingnefndir, að þær tækju til fósturs og uppfæðingar þennan frumburð Íhaldsstjórnarinnar íslensku, frumvarp til laga um stofnun varalögregluliðs, mjög líkt að orðalagi og efni eða nákvæmlega eins og frv. það, sem hjer liggur fyrir. Þetta var rjett fyrir þinglokin í fyrra, og undirtektirnar munu hafa þótt svo daufar, að ekki hefir þótt líklegt, að það kæmist í gegn á þeim stutta tíma, sem þingið átti eftir að sitja.

Stjórnin hirti því krógann aftur, og hefir hann nú í 9 mánuði, eða fullan meðgöngutíma, nærst við brjóst Íhaldsstjórnarinnar.

Það er því ekki í neinu fljótræði, að málið er borið fram. Efni þess og orðalag er orðið þaulhugsað, og fyrir þá sök er ástæða til þess, að taka það alvarlega og gera sjer grein fyrir því, hvernig þetta myndi reynast í framkvæmdinni, og þar er ekki á öðru að byggja en orðalagi frumvarpsins og þeim skýringum, er á því eru gefnar í athugasemdunum við frv. En áður en jeg vík að því, vildi jeg fara nokkrum orðum um þá nýju braut, um þá nýju stefnu, sem þetta frv. markar í íslenskri löggjöf, með hliðsjón af því, sem fram fer hjá öðrum þjóðum.

Her og herbúnaður þýðir það, að fara í stríð. Kapphlaup stórþjóðanna í vígbúnaði eftir síðustu aldamót leiddi til hinnar ægilegustu styrjaldar, sem sögur fara af. Þjóðirnar stundu undir kostnaðinum, en samt var haldið áfram að kasta meira og meira fje í þessa ógnarhít, og þær raddir, sem bentu á, að þetta myndi enda með skelfingu, voru kæfðar niður með illu eða góðu. En þegar mesta ófriðarvíman var af þjóðunum runnin, þá opnuðust augu fleiri og fleiri fyrir því, að svo búið mætti ekki lengur standa, og síðan hefir hver afvopnunarráðstefnan rekið aðra. Hitt er satt, að árangurinn af þessum ráðstefnum öllum er ekki eins mikill og vænta mætti, og veldur þar tortryggnin mestu um. Hernaðarsinnarnir blása að þeim kolunum, að ekki dugi að draga úr vígbúnaðinum, því að þessi eða hin þjóðin sitji á svikráðum o. s. frv. En þó að árangurinn sje lítill, þá er hann þó nokkur. Sumar smáþjóðirnar eru í þann veginn að varpa af sjer vígbúnaðar- og hermensku-okinu, og er þar skemst að taka dæmi af sambandsþjóðverri, Dönum, sem nú hafa til meðferðar á löggjafarþingi sínu lagafrumvarp um að afnema herskyldu og ljetta af sjer að mestu þeim þunga útgjaldalið, sem árlega fer hjá þeim í herinn. Í Svíþjóð er hið sama uppi — algerð afvopnun — þótt það dragist sennilega lengur en í Danmörku, enda er þar af meiru að taka.

Ástæðurnar fyrir afvopnuninni eru fyrst og fremst að sýna, að þessar þjóðir vilji ekki stuðla að ófriði, og svo í öðru lagi að ljetta af almenningi þeim ógnarútgjöldum, sem vígbúnaðurinn gleypir. Þar að auki má heita, að menn sjeu sammála um það, að þótt þessar smáþjóðir reyttu sig inn að skyrtunni um fjárframlög til herbúnaðar, þá væri þeim engin vörn í herbúnaði sínum, ef

eitthvert stórveldanna rjetti út klóna eftir þeim.

Þannig er þá stefnan í þeim löndum, sem við höfum langmest farið eftir í löggjöf vorri, fullkomin afvopnunarstefna, og við Íslendingar höfum verið svo lánsamir hingað til, að við höfum verið lausir við hernaðarósómann, bæði þá siðferðilegu spillingu, sem víða hefir af honum leitt, og það fjárhagsböl, sem vígbúnaðarbagginn hefir verið þjóðunum. Við erum svo lausir við það, að hvergi er með einum staf í allri okkar löggjöf ráð fyrir því gert, að hjer á landi verði lögleidd herskylda, en 71. gr. stjórnarskrárinnar leggur mönnum alment á herðar að verjast innrásarher.

Hjer er því tekin upp algerlega ný stefna í íslenskri löggjöf, stefna, sem aðrar þjóðir keppast við að kveða niður, og hjer er engin hæverska höfð, heldur er hjer farið fram á að lögleiða víðtækari herskyldu en sennilega þekkist í nokkru öðru ríki, nema þá á ófriðartímum. Það er þessi stefna, sem Íhaldsstjórnin íslenska beitir sjer fyrir. Hún verður sjálfsagt „fræg" fyrir, líklega heimsfræg, en jeg öfunda hana ekki af þeirri frægð.

Frumvarpið sjálft er takmarkalaust — fyrir utan það, sem það er takmarkalaust vitlaust. Orðalag þess opnar upp á gátt víðara valdsvið fyrir ríkisstjórnina yfir lífi og limum landsmanna en þekkist í nokkrum öðrum lögum.

Landsstjórninni er heimilað að koma á fót sveit varalögregluliðs, svo fjölmennri, sem henni sýnist. Hún getur kvatt menn svo langan tíma til hernæfinga, sem henni sýnist; hún getur látið skipa flokksstjóra og herforingja eftir þörfum.

Hún getur ráðið eftir vild, hvaða „tæki" eða hergögn eru notuð. Hún ræður því, hvort það eru hríðskotabyssur, sem nota á, handsprengjur, byssustingir, skammbyssur, fallbyssur, kylfur, rýtingar, sverð, korðar, axir eða blátt áfram axarsköft; með öðrum orðum: alt, sem nota þarf í bardaganum, og kostnaðurinn er líka ótakmarkaður og á vitanlega að greiðast af ríkissjóði.

Í athugasemdunum og skýringunum, sem þessu frv. fylgja, er ekki að neinu leyti dregið úr hinum víðtæku ákvæðum. Þvert á móti er alt frv. skýrt í allra víðustu merkingu, sem framast er unt.

Greinargerðin byrjar á því, að rekja ástæðurnar til þess, að þetta frv. er fram komið, og lýsa því sjálfsagða verkefni hvers þjóðfjelags, að halda uppi lögunum. Það sjeu „aðallega fastir, skipaðir lögreglumenn", sem löggæslu hafa á hendi á hverjum stað. En svo kemur það í aths., að löggæsluliðið sje of fáment og ófullnægjandi „jafnvel til daglegra starfa", og ekkert sjeð fyrir óvæntum atburðum, og að framkvæmdarvaldinu hafi frá upphafi sögu vorrar verið að þessu leyti mjög ábótavant og sje það enn.

Jeg ætla nú ekki að fara út í það, hvort framkvæmdarvaldinu hefir í upphafi sögu landsins verið ábótavant eða ekki, en líklega mun það þó sönnu næst, að vopnaburður og hermenska forfeðra vorra hafi verið stærsta orsök þess, að landið misti sjálfstæði sitt.

En ef löggæsluliðið er nú of fáment og ófullnægjandi til daglegra starfa, þá stafar það ekki af öðru en því, að kaupstaðirnir, sem eiga að hafa löggæsluna á hendi hver hjá sjer, leggja of lítið fje af mörkum til hennar, og sje tilfinnanleg vöntun í þessu efni — sem þó er

alls ekki fullyrt í aths. frv. — þá er ekki nokkur minsti efi í því, að kaupstaðirnir myndu leggja fram meira fje til löggæslunnar og taka til hennar nægilega marga lögregluþjóna eða eftir því, sem þörfin heimtaði.

Þá eru það þessir svo nefndu „óvæntu" atburðir, sem mikið er talað um í aths. frv., en hæstv. forsrh. (JM) gleymdist að skýra, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði. Það er vitanlega hægt að hugsa sjer atburði, þar sem hið fasta lögreglulið væri eigi einhlítt. En jeg get ekki sjeð, að það sje nein afsökun fyrir stjórnina eða ástæða til þess að bera fram frv. um almenna herskyldu.

Það vill nú einmitt svo til, að löggjöfin hefir gert ráð fyrir þessum „óvæntu" atburðum, því að auk varnarskyldunnar í 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem jeg mintist á áðan, þá er í lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, veitt heimild til að skipa lögreglulið, sem annaðhvort er sjerstaklega leigt til þess eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt, og kausptaðirnir munu flestir, ef ekki allir, hafa notað sjer þessa heimild og sett ákvæði í lögreglusamþyktirnar, sem leggja borgurunum alment þá skyldu á herðar að aðstoða lögregluna, þegar hún þarf á mannhjálp að halda, eða m. ö. o. þegar óvæntir atburðir koma fyrir.

Og til þess að sýna, að hjer sje enginn vafi, skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 9. gr. í lögreglusamþykt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, frá 14. nóv. 1895, en samþykt þessi er sett samkvæmt áðurnefndum lögum frá 3. jan. 1890. Þessi grein í lögreglusamþyktinni hljóðar á þessa leið:

„Lögregluvaldið getur krafið sjer til aðstoðar sjerhvern fulltíða karlmann, sem nærstaddur er, til að afstýra óspektum og annari óreglu á almannafæri, og hefta þá, er slíku valda, og eru allir skyldir til að hlýða því boði."

Jeg geri ekki ráð fyrir, að neinn deili um, að Seyðisfjarðarkaupstaður hafi haft fulla lagaheimild til þess að setja þetta í lögreglusamþykt kaupstaðarins; eins og menn sjá, er hjer mjög víðtæk skylda lögð á borgarana til þess að aðstoða lögregluna.

Það er Magnús Stephensen landshöfðingi, sem staðfestir lögreglusamþykt þessa, og það hefði hann tæplega gert, ef það væri ekki lögum samkvæmt.

Í lögreglusamþykt Reykjavíkur, sem er að vísu miklu yngri, eða frá 19. apríl 1919, er samskonar ákvæði tekið upp og í Seyðisfjarðar-samþyktinni. 11. gr. í lögreglusamþykt fyrir Reykjavík hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, er þeir kunna að biða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka."

Þarna er sama ákvæðið tekið upp og jeg las áðan. Báðar þessar greinar skylda borgarana til að veita lögreglunni aðstoð, hvenær sem kallað er.

Auk þess hafa hinir kaupstaðirnir tekið upp í sínar lögreglusamþyktir samskonar eða samhljóða ákvæði. Í lögreglusamþykt fyrir Akureyrarkaupstað er ákvæði þetta tekið upp í 11. gr. Sömuleiðis er samskonar ákvæði að finna í 11. gr. lögreglusamþyktar fyrir Ísafjörð og 11. gr. lögreglusamþyktar

yrir Siglufjörð, en báðar þessar reglu-erðir eru frá 15. júní 1920, og loks r samhljóða ákvæði að finna í 10. gr. ögreglusamþyktar fyrir Hafnarfjörð rá 14. des. 1908.

Þessvegna er svo fjarri því, að ekki je sjeð fyrir þessum „óvæntu" atburð-m, sem hæstv. stjórn verður svo tíð-ætt um í aths. frv. Í löggjöf allra kaup-staðanna hefir einmitt verið tekið fult illit til þeirra, eins og jeg hefi nú þegar ýnt fram á með nægum rökum.

Í aths. frv. er að því vikið, „að nokk-ur þörf sje vara- eða viðbótar-löggæslu á öðrum stöðum en í kaupstöðunum", en eðlilegast að „byrja" þar. Af þessu má fyllilega ráða það, að það sje ætlun stjórnarinnar að lögleiða herskyldu mjög bráðlega einnig utan kaupstað-anna, og verður þá ekki langt að bíða, að herskyldan nái til allra landsmanna.

Hjer er heldur ekki sú afsökun fyrir hendi, að í löggjöfinni sjeu engin á-kvæði, sem geri ráð fyrir aðstoð við löggæslu í sveitunum. Í reglugerð fyrir hreppstjóra frá 29. apríl 1880 — það er í 11. og 12. gr. — eru ákvæði, sem svara til þeirra, sem jeg hefi áður bent á í lögreglusamþyktum kaupstaðanna. Þetta er þar að auki staðfest í mjög langri og ítarlegri ritgerð eftir Einar háskólaprófessor Arnórsson, „Með-ferð opinberra mála", er kom út sem fylgirit Árbókar Háskóla Íslands árið 1919. Hann segir þar berum orðum, að það orki ekki tvímælis, að mönnum sje alment skylt að veita lögreglunni lið, hvenær sem þess sje krafist, og þessa skoðun styður háskólaprófessorinn með því að vitna í reglugerðina frá 1880, svo og lögreglusamþykt Reykjavíkur frá 1919, og nefnir einmitt þær sömu grein-ar, er jeg hefi vitnað í.

Það er því hreinasta fjarstæða, að til þess að halda uppi góðri reglu í landinu þurfi á herskyldufrv. stjórnarinnar að halda. Það eru fyrir hendi nægilega skýr lagaákvæði til þess að sjá fyrir þeim „óvæntu" atburðum, sem frv. talar um.

Það hefir líka farið vel á þessu, og ekkert á því borið hingað til, að ekki væri unt að halda uppi lögum og reglu, að minsta kosti þar og á þeim sviðum, sem framkvæmdarvaldið hefir sýnt fullan vilja og einurð á því að halda uppi lögum og góðri reglu, enda er það mála sannast, að íslensk alþýða er svo löghlýðin og friðsöm, að ekki þarf að setja á stofn slíkt herbákn og hjer er um að ræða, til þess að halda henni í skefjum.

Eftir frv. að dæma nær herskyldan til allra karlmanna á aldrinum frá tví-tugu til fimtugs. Þ. e. m. ö. o. þrjátíu ára herskylda fyrir alla karlmenn á þessum aldri. Hjá mestu hervaldsþjóð-um heimsins mun herskyldan ekki vera nema 3 ár, og þykir fulllöng, svo að allir kvarta. En Íhaldsstjórnin íslenska vill tífalda hana og setur með því heims-met í herskyldu.

Mjer telst svo til, að eftir frv. nái herskyldan til um 7 þús. manna. Ef mannfjöldi kaupstaðanna er nálægt 34 þús., þá verður um það bil fimti hver maður í hernum. En nái herskyldan til allra landsmanna — eins og virðist að vera vilji stjórnarinnar samkvæmt aths. frv. — þá mundi herliðið íslenska verða um 20 þús. Til samanburðar mætti að eins nefna það, að í Danmörku varð fasti herinn aldrei yfir 60 þúsundir. Ef Danir hefðu viljað fylgja Íhaldsstjórn-inni íslensku og taka hana til fyrirmynd-ar um hermál, þá gætu þeir haft 600 þús. manna her undir vopnum.

En þó að herinn verði nú ekki nema tæp 7 þús. eftir mannfjölda kaupstaðanna, þá er þó ekki útilokað, að við töluna bætist drjúgur hluti þeirra manna, er dvelja í kaupstöðunum lengri eða skemri tíma. Það er sem sje gert ráð fyrir því í frv. og í aths. stjórnarinnar skýrt á þá leið, að það geti verið „hagkvæmt“ að „grípa til manna, er dvelja í kaupstaðnum“.

Eins og kunnugt er, kemur t. d. hingað til Reykjavíkur á vetrarvertíðinni mesti fjöldi sveitamanna úr hjeruðum austan fjalls, ofan úr Borgarfirði, og víðar að af landinu, og flestir þessara manna eru í atvinnuleit og dvelja hjer stundum alt að því 3 mánuði; þessvegna þykir það „hagkvæmt“ að heimila að taka þá í herinn. Og þó að þeir þyrftu að vera í heræfingum svo sem einn eða tvo mánuði af tímanum, ætti það svo sem ekki að gera þeim mikið til. Hæstv. dómsmálaráðherra (JM), eða öllu heldur hermálaráðherra, tók það einmitt fram í ræðu sinni, að æfingarnar, sem frv. talar um, gætu orðið miklar. Þetta gæti vitanlega orðið góður undirbúningur fyrir sveitapiltana, þegar herskyldan verður lögleidd um land alt. Þá hafa sveitirnar þegar vel æfðum mönnum á að skipa, er gætu orðið til mikillar hjálpar og sjálfsagðir foringjar í herliði sveitanna.

Jafnvel gesti, sem eru aðeins á snöggri ferð í kaupstöðunum, getur herforingjaráðið tekið í herinn, ef því býður svo við að horfa, og það getur líka orðið drjúg viðbót við þá tölu, sem fyrir er. Og þó að gestunum yrði haldið við heræfingar í kaupstöðunum eitthvað lengur en þeir ætluðu sjer eða þyrftu annara hluta vegna að dvelja þar, þá dugar þeim lítið að mögla. Og ef þeir skyldu strjúka, þá verður þeim vitanlega stefnt fyrir herrjett, og geta menn þá farið nærri um, hvaða refsing muni bíða slíkra manna.

Hæstv. dómsmálaráðherra (JM), sem hjer eftir má eins vel nefnast hermálaráðherra í þessu sambandi, skipar forstöðumann í hverjum kaupstað. Það eru yfirhershöfðingjarnir eða „generalarnir“, og verða þeir 7 að tölu. Þeir ráða svo aftur flokksstjóra eða undirforingja, sem þó líklega verða mismunandi hátt settir, en ósennilegt að geta sjer til, að þeir geti orðið færri en hálft fjórða hundrað. Hefði hver þeirra þá 20 manna flokk til umsjónar og æfinga, og mun það verða nægilegt verkefni hverjum flokksstjóra. Loks mundi þurfa 1 sveitarforingja fyrir hverja 10 flokka, og yrðu þeir þá 35. Sveitarforingjarnir mundu að metorðum ganga næst yfirhershöfðingjunum og ættu sennilega sæti í herforingjaráðinu.

Þá er í aths. frv. gert ráð fyrir umsjón með útbúnaði, og er þar vitanlega átt við hergögnin, vopnin o. fl. Slíkt bákn sem þetta mundi ekki komast hjá því að hafa sjerstaka skrifstofu, þar sem skráning hersins færi fram. Hæstv. forsrh. (JM) vjek nokkuð að þessu í ræðu sinni. Er því varla hugsanlegt að gera ráð fyrir færra en tveim skrifurum á skrifstofuna, bæði til að skrásetja þá, sem herskyldir eru, og sjá um reikningshaldið, því að ekki má ætlast til, að sjálfir „lautinantarnir“ hafi tíma frá sínum störfum til þess að annast um skriftirnar. Einnig mundi það vera óhjákvæmilegt, að reisa allmyndarlegan hermannaskála og ryðja svæði, þar sem æfingar herliðsins gætu farið fram.

Í 3. gr. frv. er heimilað að greiða herforingjum þóknun, og í aths. við þessa

grein er það sagt, að forstöðumanni verði að launa. Hjer er því um fast embætti að ræða, enda styðst það einnig við það, er hæstv. forsrh. (JM) sagði áðan. En flokksstjórum eða undirforingjum á að greiða þóknun, sem ráðherra ákveður, þ. e. hermálaráðherrann.

Það er því auðsætt, að hjer er ekki um neitt smáræðis bákn að ræða, er setja á á stofn, og, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) benti rjettilega á í sinni ræðu, þá á allur kostnaður við þetta að greiðast af ríkinu. Hann benti einnig á, að kostnaður þessi gæti orðið allmyndarleg upphæð, er ríkissjóð munaði dálitið um að snara út á ári. Jeg hefi reiknað hann á dálitið annan veg og komist nokkuð hátt líka, enda er auðsætt, eftir frv. að dæma og skýringunum við það, að allur herkostnaðurinn getur orðið ærið mikill, og þó hefi jeg alls ekki gengið hóti framar en orðalag frv. gefur tilefni til.

Eitt helsta stórvirki hæstv. stjórnar í fjármálunum hefir verið það, að hún hefir bætt nýrri grein inn í fjárlögin, þar sem hún segir, að talið sje saman það fje, sem gangi til almennrar styrktarstarfsemi í landinu. Öll útgjöld þessarar greinar — það er 17. gr. — nema 458.500 krónum samtals.

En verði nú þetta frv. samþykt, sem hjer er nú til 1. umr., þá sje jeg ekki betur en að hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) og hæstv. hermálaráðherra verði að setjast niður við að semja nýja grein, sem bætt verði svo inn í fjárlögin. Og í þessari nýju grein yrðu þá talin öll þau gjöld, sem fara eiga til hermálanna.

Jeg er ekki í fjárveitinganefnd deildarinnar, en jeg hefi þó reynt að gera mjer nokkra grein fyrir því, hvað þetta herskyldufrv. myndi auka útgjöldin, ef það yrði að lögum. Og mjer finst þá, að þessi nýja grein fjárlaganna hljóti að verða eitthvað á þessa leið:

Til hermála er veitt:

1. Laun 7 hershöfðingja 70.000
   Jeg geri sem sje ráð fyrir, að úr því að þessir menn eiga að halda uppi lögum og reglu í landinu, þá komi ekki til mála að bjóða þeim lægri laun en hæstarjettardómendunum. Sveitarforingjum verður varla bjóðandi minna en 4 þús. kr. hverjum, og verður þá
2. Þóknun til 35 sveitarforingja 140.000
3. Þóknun handa 350 flokksstjórum 350.000
4. Skrifstofukostnað verður ekki unt að áætla minni en að miða hann við, að þar sjeu tveir menn, og svo fyrir húsnæði, og verður það þá 15.000
5. Húsgögn, allar byssurnar og það, sem þeim fylgir, ... 100.000
   Jeg skal játa, að jeg hafði algerlega gleymt einkennisbúningi hermannanna, en hv. þm. Str. (TrÞ) hefir komist að þeirri niðurstöðu, að hann myndi kosta allálitlega upphæð, og get jeg fallist á það. Ætla jeg því að fylgja dæmi hans og áætla hann á þessa leið:
6. Búningar handa foringjum og merki handa liðinu 1.000.000
   Það er ekki heldur ætlast til, að herforingjar gangi mörg ár í sömu fötunum. Liðs-

foringjar eru kunnir að því að vilja vera vel til fara, ganga stroknir og fágaðir; myndi því óhætt að ætla þeim búning á ári. Hæstv. forsrh. (JM) virtist og leggja talsvert upp úr þessu í ræðu sinni áðan, að foringjarnir þyrftu að fá búninga. — Þá hefi jeg gert ráð fyrir, að senda yrði utan nokkra menn, er stunduðu hernaðarnám við herskóla þar, svo að þeir gætu búið sig undir starf sitt. Þetta er líka í samræmi við það, sem hæstv. forsrh. (JM) benti á. Þennan utanfararstyrk get jeg ekki áætlað lægri en stúdentum er nú veitt til náms við erlenda háskóla:

7. Handa foringjum, til þess að sækja erlenda herskóla ...	20.000
8. Ýmisleg útgjöld alt að	15.000
Þetta verða þá samtals kr.	1.710.000

eða á átjánda hundrað þúsunda króna, og þó er þetta áætlunarupphæð, og ekki tekið tillit til hermannaskálans, sem óhjákvæmilegt yrði þó að byggja, og yrði eflaust ekkert smásmíði, ef hann ætti að rúma alla hermennina til æfinga, þegar veður væru svo ill, að ekki væri hægt að halda uppi útiæfingum. Og ekki heldur er hjer gert ráð fyrir æfingasvæðinu, sem hlýtur þó að kosta mikið, því að bæði hlýtur það að verða viðáttumikið, og tæplega að gera ráð fyrir því, að það kosti ekki talsvert að ryðja það.

Þessi útgjöld eru þá það há, að tekjur af tóbakseinkasölunni og tóbakstollurinn hrekkur ekki nándarnærri til þess að greiða hann. Það verður að grípa til vörutollsins líka.

„Útbúinn í oddaklið
ekki mátti standa við“,

segir í gamalli vísu, og á það við hæstv. ráðh. (JM) í þessu máli, því að lögin eiga að öðlast gildi „þegar í stað“.

Nei; það má svo sem engin töf verða á því, að frv. þetta verði að lögum. Það er sagt svo í aths. um frv., að vegna þess, hversu framkvæmd laganna muni þurfa langan undirbúning, þá sje um að gera, að frv. verði samþykt þegar í stað. Við verðum að flýta okkur að grípa hnoss þetta sem allra fyrst. Raunar er dálítill galli á gjöf Njarðar, sem mönnum má vera óblandið sorgarefni(!). Hæstv. forsrh. (JM) gat þess, að ekki væri víst, hvort lögin gætu komið jafnsnemma til framkvæmda í öllum kaupstöðum landsins. Auðvitað er þetta þó á valdi stjórnarinnar, eins og annað, sem frv. þessu við kemur, og er þá þess að vænta, að einstakir kaupstaðir verði ekki lengi afskiftir því dýrmæti(!), sem alt þetta hernaðarbrask hefir í för með sjer.

En sleppum öllu gamni.

Manni verður næst að spyrja: Til hvers á að stofna her þennan? Fyrir því hefir hæstv. forsrh. (JM) enga grein gert. Það eitt er vitanlegt, að fyrst stofna á her, þá á að fara í stríð. Það eru einu afleiðingar frv., sem menn vita nokkurnvegin fyrirfram. Það var yfirleitt lítið á upplýsingum hæstv. forsrh. að græða, en hvar sem frv. þetta er rætt manna á milli, og þegar þeir fáu menn, sem hafa getað fengið sig til að bera í bætifláka fyrir það eða a. m. k. talið sig fylgjandi því að lögleiða slíka herskyldu í einhverri mynd, hafa verið spurðir í þaula um, til hvers nota ætti herinn,

þá hefir síðasta vígi þeirra jafnan verið að vitna í kaupgjaldsdeilur, sem orðið hafa hjer í Reykjavík á síðustu árum. Við slík tækifæri á að nota her þennan. Annað verkefni hafa formælendur málsins ekki fundið handa honum. Það er því sennilega rjett tilgáta hv. þm. Str. (TrÞ), að til þessa máls sje stofnað í þessu skyni. En eins og frv. liggur fyrir, er til þess ætlast, að allar framkvæmdir samkvæmt því fari eftir geðþótta hæstv. stjórnar, og þar sem hún hefir haft mál þetta til athugunar nú um alllangan tíma, og þar sem ætla má, að hún vilji fá þetta fyrirkomulag, úr því að hún ber frv. fram, þá finst mjer næsta lítið á upplsýingum hæstv. forsrh. (JM) að græða.

Þó er víst hægt að taka það trúanlegt, sem reyndar kom enganvegin ákveðið í ljós, að hann sjálfur ætlist ekki til, að fleiri menn verði teknir í ríkisher þenna hjer í Reykjavík en nálægt 100. En sannast að segja er slíkt fyrirkomulag öllu verra en hin almenna herskylda, sem í frv. felst, eins og það nú er orðað, því að það er gefið, að samkv. hinum viðtæku og takmarkalausu heimildum, sem landsstjórn eru gefnar í frv., þá er henni innan handar að tryggja pólitiskum fylgifiskum sínum hvert einasta rúm í 100 manna sveit. Henni verður í lófa lagið að haga þessu alveg eins og henni þóknast. Og hverju geta menn ekki trúað um hæstv. landsstjórn? Halda menn, að hún velji pólitíska andstæðinga sína í sveit þessa? Nei; það þarf enginn að halda. Þessvegna eru þær skýringar hæstv. forsrh. (JM), sem hann vildi láta draga úr hernaðarhættunni, sem af frv. stafar, jafnvel enn verri en þó að þetta ógeðslega frv. yrði samþykt eins og það nú er. Það yrði þokkalegt ástand í landinu, ef stjórnin fengi leyfi til að koma sjer upp sveit vopnaðra fylgismanna sinna, sem hún gæti síðan notað til þess að halda völdum svo lengi sem henni sýndist. Það er í rauninni ekkert annað en „fascismi“ eftir ítalskri fyrirmynd, sem stjórnin vill koma hjer á, eftir þessum skýringum hæstv. forsrh. (JM), þó að skýringin hafi sennilega verið gefin í því skyni að gera frv. aðgengilegra. Nei; þá er þó skárra að skömminni til, að öllum verði gert að skyldu að taka þátt í heræfingunum en að valin sveit flokksmanna landsstjórnarinnar verði látin ein um „löggæsluna“.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að friði og reglu yrði betur borgið í landinu, ef her yrði stofnaður, svo sem í frv. segir. Jeg er alveg viss um, að hið gagnstæða verður uppi á teningnum. Jeg held líka, að hæstv. forsrh. hafi grun um, að svo muni verða, og hefi jeg stundum verið að velta því fyrir mjer, hvernig á því stæði, að hann skuli hafa tekið í mál að bera frv. þetta fram. Þykist jeg vita, að þar muni áhrifamiklir menn standa á bak við, sem vilja fá eitthvað fyrir sig gert. Vil jeg því vona, að frv. sje í þeim tilgangi einum fram borið, að það verði drepið tafarlaust; hæstv. forsrh. (JM) hafi hugsað sjer að gera það svo úr garði, að ómögulegt væri fyrir þingið að fallast á það, og er það honum mikil afsökun.

Hæstv. forsrh. (JM) talaði nokkuð um hina brýnu þörf aukinnar lögreglu í Reykjavík og á Siglufirði, og tók það jafnframt fram, að í rauninni þyrfti hennar ekki við annarsstaðar sem stendur. Mjer er spurn: Hversvegna á þá að lögleiða þessa almennu herskyldu um alt land, úr því að það er þarflaust? Mjer þætti dálítið fróðlegt að heyra,

hvernig hæstv. forsrh. (JM) hugsaði sjer framkvæmd aukinnar lögregluverndar, t. d. á Siglufirði. Það er rjett, að þar gengur á ýmsu um síldveiðatímann, og getur oft komið fyrir, að lögreglan fái ekki við neitt ráðið, jafnfámenn og hún er þar nú. En jeg er viss um, að hæstv. landsstjórn hefir að öllu leyti á valdi sínu að afstýra því, að óspektir keyri úr hófi fram á Siglufirði, jafnvel þó að margir útlendir sjómenn sjeu þar í landgöngum í einu. Það er ekkert annað en að láta loka áfengisútsölunni, eins og hefði átt að gerast hjer í Reykjavík dagana, sem amerísku herskipin lágu hjer á höfninni í sumar er leið. Það er besta lögregluvernd, sem Siglufjörður getur fengið, að stjórnin fortaki með öllu, að þar sje selt áfengi, eins og íbúar kaupstaðarins hafa farið fram á. Þessa leið hefði hæstv. stjórn átt að reyna áður en hún lagði þessa frumvarpsómynd fyrir þingið og telur sig vilja bæta með því löggæslu í landinu.

Nei, það er sýnilegt, að fyrir hæstv. stjórn vakir ekki eingöngu að bæta löggæsluna eða koma á friði í landinu. Það er stríð, sem hún vill hafa, því að annars vildi hún ekki stofna her.

Jón Kjartansson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að taka til máls við þessa umr., þar sem jeg býst við, að frv. verði vandlega athugað í nefnd þeirri, er jeg á sæti í, og að mjer gefist því síðar tækifæri til að ræða það nánar. En þar eð hv. þm. Str. (TrÞ) þurfti af gömlum vinskap að beina til mín nokkrum orðum, fann jeg mig knúðan til að segja nokkur orð. Hann ásakar mig fyrir framkomu mína sem fulltrúa lögreglustjórans hjer í Reykjavík, í hinu svonefnda Ólafsmáli, sem allir munu kannast við. Jeg ætla mjer ekki að afsaka mig hjer, og síst fyrir þessum hv. þm. (TrÞ), því að hann er allra manna síst bær að dæma um gerðir mínar eða annara, sem afskifti höfðu af því máli. Það mátti ef til vill skilja ummæli hans svo, að jeg hafi einn ráðið úrslitum þess máls. En þar er of mikið gert úr áhrifum mínum, sem þm. gerir víst óviljandi. Jeg vann að þessu máli undir stjórn lögreglustjóra sjálfs, sem hver annar liðsmaður lögreglunnar. Það er fjarri mjer, að jeg vilji ásaka nokkurn í sambandi við umrætt mál. Til þess er jeg því of kunnur, að jeg veit, að það er ekki hægt. En hitt ætti jafnvel hv. þm. Str. (TrÞ) að geta skilið, að hversu góðum vilja sem 12—14 menn eru gæddir, og hversu vel sem þeir gera skyldu sína, þá fá þeir engu áorkað, þegar á þá er ráðist af heilum hópi manna. Og þetta dæmi er satt að segja lærdómsríkt, til að sýna, hvernig þeir leiðtogar eru, sem tekið hafa stjórn alþýðu þessa lands í sínar hendur, og sem veigra sjer ekki við að gangast fyrir því, að jafnvel heill pólitískur flokkur geri árás á lögregluna. Annars er hjer hvorki staður nje stund til þess að deila um framkomu mína í þessu máli, enda kemur slíkt frv. ekkert við. En úr því að hv. þm. (TrÞ) beindi orðum sínum til mín, þá get jeg ekki stilt mig um að láta í ljós undrun mína yfir ræðu hans, þeirri, sem hann flutti hjer áðan. Mig undrar það stórlega, að hann, sem þykist víst vera fulltrúi bænda, skuli telja sjer samboðið að lepja upp ósóma þann, sem staðið hefir undanfarið í blaði Alþýðuflokksins um þetta mál. Þar hefir því verið haldið fram, að tilgangurinn með frv. þessu sje eingöngu sá, að berja á alþýðu

þessa lands og jafnvel myrða hana. Slík ummæli eru svo mikil ósvifni, að það er hneykslanlegt, að fulltrúi bænda skuli hafa þau eftir sorpblaði hjer í þingsalnum.

Bæði þessi hv. þm. (TrÞ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildu halda því fram, að óþarft væri að setja þessi lög, vegna þess m. a., að lögreglan hefði þegar fulla heimild til að kveðja menn sjer til aðstoðar, þegar henni þurfa þykir. Þetta er að vísu rjett, en þó furðar mig á því, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) a. m. k. skuli bera fram þessi mótmæli gegn frv. Honum ætti þó að vera það vel kunnugt, að í þau fáu skifti, sem lögreglan í Reykjavík hefir kvatt sjer menn til aðstoðar, þá hafa þeir verið svívirtir úr hófi fram, og það einmitt af flokksmönnum hv. þm. (JBald), fyrir það eitt, að gegna skyldu sinni. Hefir þetta jafnvel gengið svo langt, að menn, sem hafa verið fjelagar í verklýðsfjelagi hjer í bænum, hafa umsvifalaust verið reknir úr því, vegna þess, að þeir neituðu ekki að gera skyldu sína í þessu efni. Það hefir því mjög mikla þýðingu fyrir borgarana sjálfa, að til sje fast lið, sem lögreglan geti kvatt sjer til aðstoðar, þegar þörf krefur, í stað þess að verða að kveðja hina og þessa menn í hvert skifti, sem eitthvað kemur fyrir.

Störf lögreglunnar eru margvísleg og mörg þeirra eru mjög óþakklát, og því erfitt að kveðja menn til þeirra, hvenær sem vera kynni. Menn vilja t. d. ekki ráðast á vin sinn eða vini sína af fúsum vilja, og er því slík aðstoð oft látin í tje með hálfum huga. Og ekki bætir það úr skák, að reynslan hefir sýnt, að ekki hefir tekist að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem óhlýðnast hafa kvaðningu lögreglunnar. Þessu verður ekki kipt í lag, nema stofnað verði fast lið, sem lögreglan gæti gripið til, þegar hún fær ekki við ráðið — lið, sem starfar samkvæmt embættisskyldu.

Þessu frv. hefir einnig verið blandað saman við kaupgjaldsdeilur. Jeg get strax lýst yfir því, að jeg fyrir mitt leyti skal vera fús til að vinna að því, að sporna við þeim í framtíðinni. Það er nógu mikið tjón, sem hefir þegar af þeim hlotist, þó að reynt verði að koma í veg fyrir þær framvegis. En jeg veit ekki betur en að sú einasta tilraun, sem gerð hefir verið hjer á Alþingi, til að sporna við deilum þessum, hafi einmitt mætt einna snarpastri mótspyrnu af hendi hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem þó mun vilja telja sig fulltrúa verkamanna hjer í þinginu. Hv. þm. Str. (TrÞ) mintist á gerðardóm í þessu sambandi. Jeg skal ekkert um það segja, að svo stöddu, hversu heppileg sú aðferð kunni að vera, en rjett er, að það mál verði athugað. Hinsvegar skal jeg skjóta því til hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að eins og jeg í fyrra bauð honum að flytja með honum till. um stofnun fasts milliþingumanns í kaupgjaldsþrætum, eins er jeg enn reiðubúinn til að fylgja honum eftir megni, ef hann vill beita sjer fyrir því máli.

Bernharð Stefánsson: Jeg vildi aðeins leyfa mjer að gera örlitla fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM). Eins og eðlilegt var, stakk hann upp á því, að frv. þessu yrði vísað til nefndar, og það er einmitt nefnd, sem jeg á sæti í.

Nú hefir mjer skilist, eftir því sem jeg hefi getað kynt mjer mál þetta, að kaupstöðum landsins sje með lögum heimilað að setja sjer lögreglusamþyktir, og ennfremur, að lögreglunni sje lög-

heimilt að kveðja borgarana sjer til aðstoðar, til þess að halda uppi lögum og rjetti. Nú vil jeg spyrja, hvort hæstv. forsrh. (JM) álítur ekki, að kaupstöðum landsins sje fullheimilt að taka upp í lögreglusamþyktir sínar ákvæði um stofnun varalögreglu, ef þeir telja þess þörf. Mjer skildist á hæstv. forsrh. (JM), að meiningin með frv. þessu væri ekki sú, að koma upp almennri ríkislögreglu um land alt, heldur miklu fremur, að stofnuð verði varalögregla í einstöku bæjum, er skuli, þegar þörf krefur, hjálpa hinni reglulegu lögreglu til þess að halda uppi lögum og velsæmi. Verkefni þessarar varalögreglu verður því ekki það, að vera almenna ríkisvaldinu til styrktar, að því er mjer skilst. Mjer hefir því fundist, að það lægi óneitanlega næst bæjunum að sjá sjer fyrir varalögreglu, hver fyrir sig, ef þeir þykjast þurfa hennar við, eða þá að auka lögregluna á annan hátt. Það, sem einkum mætti ef til vill hafa á móti þessu, er, að þeim væri það ekki kleift, kostnaðarins vegna. En mjer virtist kostnaðaráætlun hæstv. forsrh. (JM) vera svo lág, að jeg gat ekki sjeð, að bæ eins og t. d. Reykjavík væri ókleift að standa straum af þeirri varalögreglu, sem hann kynni að óska að fá, ef treysta má áætlun hæstv. forsrh. En þó að svo væri nú, að Reykjavík og aðrir bæir landsins gætu ekki kostað nægilegt lögregluefirlit, þá er til annar vegur en sá, að ríkið stofni og kosti að öllu leyti fasta varalögreglu, en sá vegur er, að bæirnir fái einhvern styrk úr ríkissjóði til þessara hluta, ef þeir þurfa og kæra sig um. Það er töluverður munur á því, að bæirnir auki lögreglustyrk sinn, eða að ríkið geri það á þann hátt, sem í frv. segir. Bæði er það, að síður er ástæða til að láta sjer detta í hug, að lögregluSveitir bæjanna verði pólitiskar, og í öðru lagi má gera ráð fyrir, að gætilegar verði farið í sakirnar, að leggja út í þann kostnað, sem af aukinni lögreglu leiðir, ef bæja- og sveitafjelögin eiga sjálf að taka ákvarðanir um þessi mál og bera kostnaðinn að miklu eða öllu leyti. Það hefir verið svo, síðan lögregla var fyrst stofnuð hjer á landi og síðan bæir urðu fyrst til, að þeir hafa sjálfir borið allan kostnað við lögregluefirlit sitt, að því undanskildu, að ríkið hefir lagt til valdsmanninn, lögreglustjórann, sem hefir þá jafnframt haft önnur og margskonar störf með höndum. Finst mjer því, að töluvert ríkar ástæður verði að vera fyrir höndum, ef breyta á þessu gamla skipulagi, sem hefir óneitanlega gefist vel, yfirleitt. Þær ástæður verða að vera veigameiri en sú ein, þó viðurkent væri, að lögreglan væri of fámenn í einstaka kaupstað og að þar þyrfti að auka hana.

Það var svo að skilja á hæstv. forsrh. (JM), að tæplega væri þörf aukinnar lögreglu annarsstaðar en í Reykjavík, og svo í kaupstað, sem er innan kjördæmis míns, Siglufirði, um síldveiðatímann. Jeg tel líklegt, að þar sje þörf aukinnar lögreglu þennan tíma ársins, en jeg býst við, að komast mætti af með örfáa menn í viðbót við þá, sem nú eru. En það þyrftu sennilega að vera fastir starfsmenn. Fæ jeg ekki betur sjeð en að ríkinu væri miklu nær að veita Siglufirði einhvern styrk til aukinna lögregluvarna en að verja ærnu fje til þess að koma upp slíkri varalögreglu sem í frv. felst. Ef uppþot verða, eða ef útlendingar vaða uppi með einhvern ósóma, t. d. fullir, tekur það tíma að smala saman þessum varalögreglu-

mönnum út um allan bæ. Það er sennilegt, að á þeim stað muni ekki veita af sterkari fastri lögreglu en þar er nú, yfir allan síldveiðatímann að minsta kosti. En ólaunuð varalögregla býst jeg ekki við að komi þar að notum.

Þetta var nú ekki nema fyrirspurn til hæstv. stjórnar, og ætla jeg ekki að fara frekar inn á þetta mál. En þó verð jeg að segja það, að yfirleitt líst mjer illa á þetta fyrirkomulag, sem stungið er upp á í frv., og get alls ekki fallist á það, þó að jeg á hinn bóginn viðurkenni fúslega, að það gæti átt sjer stað, að lögreglulið bæjanna þurfi að auka.

Forsætisráðherra (JM): Það er dálítið örðugt að tala við hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um þetta mál. Þeir hafa skapað inn í frv. alt annað en í því felst. Báðir tala þeir um h e r, sem vitanlega hvergi nokkursstaðar kemur nærri þessu frv., og ekki er heldur talað um vopnaða lögreglu í frv. Jeg verð að segja, að það hafa orðið mjer dálítil vonbrigði, hvernig aðstaða þessara hv. þm. er, sem jeg þó vissi, að voru móti málinu. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði þó mjög hógværlega og ekki með neinum ósköpum, þar sem hv. þm. Str. hefir látið mjög óðslega. Get jeg því rætt rólega við hv. 2. þm. Reykv., en jeg er í hreinustu vandræðum, hvernig jeg á að svara bændafulltrúanum. Hann var að tala um barnaskapinn í því, að fara á stað með þetta mál; en jeg ætla ekki á þessu stigi málsins að deila um einstök atriði frv. sjálfs, tel ekki ástæðu til þess við 1. umr. Má vera, að breyta megi því á einhvern hátt, og má semja um það við hv. nefnd. Það, sem er aðalatriðið í þessu máli — og það vil jeg segja skýrt — er ekkert annað en að gera tilraun til þess að gera lögregluna öflugri í kaupstöðunum, sjerstaklega Reykjavík. Jeg skal ekki segja, hvort tilraunin á þennan hátt er hönduleg eða ekki; þar um má auðvitað deila. Ekki skal jeg heldur um segja, hvort þessi heimild, sem stjórnin fengi, væri of víð eða ekki. Ef þinginu sýndist svo, má takmarka hana. Það er þessvegna ekki svo mjög frv., sem um er að ræða, heldur það atriði, hvort löggæslan er nógu sterk, eða hvort þurfi að auka hana. Hv. þm. Str. hefir sjálfur sannað, í vel skrifaðri grein, að lögreglan sje ónóg. Að vísu var greinin líka árás á stjórnina, en greinin var svo skynsamlega rituð, að þessu leyti, og árásin heldur ekki eins óskapleg og annars er vant. Hann sagði meðal annars, að ótækt væri, að láta lögregluna bíða eftir því, að safnað sje liði meðal borgaranna, ef eitthvað ber snögglega að höndum. Þetta er rjett. Þetta vildum við komast fyrir, með því að stofna reglulega lögregluþjónasveit, til þess að vera til vara, og ekkert annað. Þetta er aðalatriði frv.

Hv. þm. sagði, að reyna ætti að fyrirbyggja, að þetta yrði álitið pólitískt. Nú er vitanlegt, að þetta er ekki strax komið í framkvæmd, og þessi stjórn getur alls ekki vitað, hvort hún er að búa í hendur á sjálfri sjer eða einhverri annari stjórn. Svo það væri óviturlegt af stjórninni, ef hún hjeldi, að hún gerði þetta til að hlúa að sjálfri sjer. Vitanlega er óvíst, hvernig núverandi stjórn fer með þetta mál, þegar til framkvæmda kemur. Jeg vil minna á það, að notkun liðsins er ekki lögð undir stjórnina; stjórnin kemur ekkert þar nærri og hef-

ir ekkert að segja í því, hvort liðið er notað eða ekki. Það er lögreglustjóri, sem ákveður það á embættisábyrgð.

Jeg veit ekki, hversvegna hv. þm. Str. (TrÞ) var svo æstur í málinu; ef til vill vegna þess, að hann var því talsvert fylgjandi í fyrra; og í slíkum kringumstæðum þurfa menn að æpa hátt, til þess að menn taki ekki eftir því, sem á undan er komið. Er það svipað og sagt er um suma presta — jeg á ekki við hv. þm. Str. — að ef þeir að einhverju leyti gangi af sínum trúarsetningum, sjeu þeir allra manna háværastir móti því, sem þeir fylgdu áður. Hv. þm. talaði mikið um, hvað sjer hafi verið erfitt að trúa, að slíkt kæmi frá stjórninni, þar sem hann nefndi þann einn kost við mig — sem honum hefir þó ekki orðið fjölyrt um á síðari árum — að vera gætinn. Frv. þetta er fram komið einmitt af því, að jeg vildi vera gætinn, með því að byrgja brunninn á ð u r en barnið er dottið ofan í. Hv. þm. hafði skrifað upp ræðu sína áður en jeg talaði þessi fáu orð; þessvegna talaði hann um alt annað. Jeg tel ekki þurfa að leggja áherslu á það við aðra, að það er alls ekki farið fram á neitt herlið, ekki farið fram á neitt, nema viðbótarlögreglu. Verkamenn og sjómenn hafa mótmælt varalögreglu, og finst mjer það ekki óeðlilegt, eins og málið er túlkað fyrir þeim. Það er eðlilegt, að þeir og aðrir mótmæli, að farið væri að stofna herlið. Hv. þm. sagði, að blað sitt hefði ekki rætt um þetta frv. Jeg hefi einmitt heyrt, að þar hafi verið kveðið upp úr með það, að hjer væri verið að stofna herlið. Þó ekkert hefði verið minst á þetta annað, er það nóg til að koma af stað mótmælum.

Nú skal athuga þessa mótbáru frá hálfu bænda. Því það er víst fyrir þeirra hönd, sem hv. þm. (TrÞ) talaði. Getur verið, þótt ólíklegt sje, að ýmsir þeirra verði eins og „konservativir“ í Danmörku, sem gerast æfir út af varalögreglunni, eins og „socialista“-stjórnin vill hafa hana. En jeg get imyndað mjer, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi rjettilega sjeð, að það er nákvæmlega sama stefna hjá okkur eins og flokksbræðrum hans í Danmörku. En við höfum ekki farið eins langt.

Jeg gat þess, að hjer væri auðvitað ekki að ræða um neinar heræfingar, heldur yrðu þeir menn, sem, ef á þyrfti að halda, yrði bætt við bæjarlögregluna, æfðir í því, sem lögregluþjónar alsstaðar um heim eru látnir læra. Jeg hefi altaf talað um lögregluþjóna, en hvergi um her. Því er óleyfilegt að fara að tala um fallbyssur eða vjelbyssur, þegar verið er að tala um lögreglu. Efast jeg ekkert um, að hv. þm. viti, hvernig lögregluþjónar á Norðurlöndum alment eru útbúnir, svo jeg þarf ekki að svara honum um það atriði. Hv. þm. Str. vitnaði í danskt blað, „Berlingske Tidende“. En jeg veit ekki, hvort það er full sönnun, þótt eitthvað sje sagt í andstæðingablaði um stjórn, sem menn vilja burtu sem allra fyrst, þótt gott blað sje. Jeg á ekkert útistandandi við hið núverandi danska ráðuneyti, og þótt það sje jafnaðarmannastjórn, virðist mjer það ráðuneyti hafa farið gætilega yfirleitt — engar umbyltingar — og verið fremur íhaldsamt, eftir atvikum. Jeg er ekkert hræddur við það, þótt það komi fyrir, að frv., er jeg ber fram, hafi nokkra líking við frv. nefnds ráðuneytis.

Það kemur ekki til mála, að fara að stofna herlið, en að styrkja lögregluna getur ekki skaðað aðra en þá, sem ætla

sjer að brjóta lögin. Það getur ekki hjá löghlýðnum mönnum kallað á neina rjettmæta mótstöðu, og yrði það til að kalla á mótstöðu, vil jeg segja, að þá er best að fá hana sem fyrst. Jeg er ekki hræddur við þann skaða, sem hv. þm. (TrÞ) sagði þegar orðinn af þessu máli. Fjárhagslega hlið málsins sagði hv. þm. lítilsverða hjá ýmsu öðru, sem hann útmálaði. Hv. þm. Str. telur þá heimild, sem veitt er stjórninni í frv., of ótakmarkaða. En það get jeg sagt hv. þm., að þó hann ætti að taka við stjórn, væri jeg ekkert hræddur við að gefa honum þessa heimild. Hún er ekkert ótakmarkaðri en stjórninni er veitt oft og einatt. Þegar um svona heimildir er að ræða, er ekki gert ráð fyrir, að þær sjeu veittar beint vitskertum mönnum. Því það væru vitskertir menn, sem skipuðu þá stjórn, sem verði einni milj. kr. til að klæða lögregluþjóna landsins. Jeg held, að kostnaðaráætlunin sje fullrífleg, og að núverandi stjórn myndi ekki fara lengra en nú hefi jeg sagt, bæði um tölu varaliðsins og kostnað. En væri þingið hrætt um að stjórnin misbrúkaði heimildina, þá er hægurinn hjá að setja varnagla, m. a. með því að binda það, að ekki yrði notað meira fje en veitt væri á fjárlögum. Hv. þm. (TrÞ) mintist á, viðvíkjandi búningnum, að lögregluþjónar ríkisins þyrftu að hafa tvær dýrar kápur. Ætli ekki mætti sleppa annari? Jú, jeg held, að það megi sleppa annari kápunni — og öllum kápum. Einkennisbúningurinn mætti vera einfaldur og ódýr, þyrfti ekki að kosta nema tæpar 100 kr. Annars vil jeg sleppa að ræða um kostnaðaráætlun hv. þm., því hún var gerð út í loftið og fjarri öllu lagi. Skal þó minnast á hana, þegar jeg sný mjer að hv. 2. þm Reykv.

Jeg skildi ekki í fyrstu, hversvegna hv. þm. Str. (TrÞ) rjeðst svo geist að lögreglustjórafulltrúanum, sem var 1921; jeg mundi ekki í bili, að það var hv. þm. V.-Sk. (JK); en jeg skil nú, til hvers þeir refar voru skornir. Ekki var á hann ráðist af hv. þm. eftir viðburðina 1921, en sýnt sanngjarnlega fram á, að lögreglan var ekki nógu sterk. Nú talar hv. þm. (TrÞ) aðeins um skort á einbeitni. Það var ekki skipulagið, sem brást, heldur var lögreglan alt of fáliðuð, eins og hv. þm. (TrÞ) benti þá á.

Alt tal hv. þm. um, hvað hættulegt væri að leggja svona pólitískt vopn í hendur nokkurrar stjórnar, væri svaravert, ef hjer væri að tala um að leggja nokkurt vald í hendur nokkurrar stjórnar. Valdið er látið í hendur lögreglustjóra, með því að gefa honum kost á að bæta við í lögregluna. Hv. þm. (TrÞ) var að tala um, að rjetta ráðið í þessu efni væri gerðardómur, og væri það ágætt, ef hægt væri að koma því fram. Skyldi jeg verða mjög fús til að taka höndum saman við hv. þm., jafnvel þó hann bæri fram málið, ef skynsamlega væri að því farið. En sá galli er á, að annar aðilinn, sem hefir mikið að segja — verkamannastjórnin — vill ekki hafa nein lög í þessum efnum, eftir því sem sýnst hefir. Verður því tvísýnt um gagn af lögum um gerðardóm, ef þessi aðili felst ekki á, að gerðardómur verði notaður. En ef samningamöguleikar kynnu að vera, held jeg nú, að jeg vildi heldur eiga að semja við hv. 2. þm. Reykv. (JBald) en hv. þm. Str. (TrÞ).

Færi nú svo, að stjórnin bæri fram frv. í þessa átt, á jeg mjer engan hlut vísari en það, að hv. þm. Str., þótt hann hefði hvatt til þessa á þingi áður, mundi standa upp æfur og segja: Þetta skul-

um við drepa á augabragði. En sem sagt, væri hægt að koma á viturlegri löggjöf um þetta atriði, sem fyrirbygði verkföll, skærur og kaupdeilur milli verkamanna og verkkaupenda, væri það ákjósanlegt. Það hefir verið reynt að gera hjer á þingi áður, en skjótlega verið skorið niður; hv. þm. Dala. (BJ) flutti frv. um það fyrir nokkru.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að sjómannastjett og verkamannastjett þessa lands væru efalaust bestu og best mentuðu stjettir í heimi og löghlýðnustu. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. (TrÞ) telji bændur einnig standa á nokkuð háu menningarstigi. En ef nú þessar stjettir standa öðrum framar að löghlýðni og öðrum borgaralegum dygðum með þjóð vorri, þá ættu eftir því þeir, sem ganga gegnum mentaskóla, og t. d. skipstjórar, að vera feykilega ólöghlýðnir, því jeg þekki ekkert tímabil í sögu þessa lands, sem sýni, að Íslendingar hafi yfirleitt verið eða sjeu löghlýðnari en aðrar þjóðir. Það hefir nýlega verið sagt í „Degi", að Íslendingar væru fjarskalega ólöghlýðnir. Nú er náið nef auga, og tekur hv. þm. (TrÞ) þessi ummæli líklega trúanleg. Hitt er eflaust rjett, að sjómenn og verkamenn, sem Íslendingar yfirleitt, sjeu allvel að sjer, kynið gott o. s. frv., en löghlýðnir eru þeir ekki umfram aðrar þjóðir. Það er ekki vanþörf á varalögreglu af þeim ástæðum. Jeg veit vel, að það hefir verið haft á orði, af útlendum ferðamönnum, að Íslendingar væru svo löghlýðnir, að hegningarhúsið, þetta eina, sem til væri, stæði tómt. En jeg get sagt hv. þm. Str. það, að nú a. m. k. er langt frá því, að þetta sje svo. Það er auk heldur svo fult, að ómögulegt er að koma þar fyrir þeim mönnum, sem þar eiga að vera. (BJ: Búa þeir ekki á hótelum bæjarins?) Það hefir stundum orðið að koma þeim fyrir á „Hernum" og víðar. Annars þýðir ekkert að tala um stjettir manna í þessu sambandi. Menn fæðast með sömu eiginleikunum, svona upp og ofan, hvort sem þeir eru í heiminn bornir í verkamannastjett eða hverri stjett annari. Það skyldi þá vera, að þessir ungu kommúnistar væru búnir að prjedika verkamannastjettinni löghlýðni.

Hv. þm. Str. þurfti ekki að hafa eins langan formála og hann hafði fyrir vísunni: Bræðr munu berjask —. Það var heill fyrirlestur. Þá vísu þekkir hvert mannsbarn, enda minnir mig, að jeg hafi nýlega sjeð hana í „Alþýðublaðinu".

Að svo stöddu mun jeg ekki tala meira við hv. þm. Str. (TrÞ). En hvað snertir hv. 2. þm. Reykv. (JBald) get jeg verið stuttorður. Hann var altaf að tala um her og herskyldu. Jeg er búinn að svara þessu og get ómögulega verið að endurtaka það. Hjer er vitanlega ekki verið að fara fram á neina herskyldu, heldur aðeins sjerstakt skipulag, sem á að losa fjöldann frá þeirri skyldu, að aðstoða lögregluna, og leggja hana á fáa menn. Jeg mintist lítillega á það áður, að skoðanabræður hv. 2. þm. Reykv. (JBald) í Danmörku litu nokkuð öðruvísi á þetta en hann. Þeir eru ekki hræddir við að hafa vopnaða lögreglu þar, og álíta það ekki neitt hættulegt, enda býst jeg við því, að stjórn þeirra muni t. d. fara skynsamlega með þá lögreglu, ef hún þarf til hennar að taka.

Þá sagði hv. þm. (JBald), að Íslendingar hefðu jafnan verið lausir við hernaðarósómann. Það er nú svona og svona. Hjer hafa verið farnar herferðir, og er síst ástæða til þess að æskja eftir slíku

ástandi. Enda er alls ekki um slíkt að ræða hjer. Hjer á ekki að stofna neinn her og ekki að hafa neinar heræfingar, heldur eingöngu æfingar og kenslu eins og venja er um lögreglulið. Um „vopnin“ er það að segja, að skraf hv. þm. (JBald) um þau á líklega að skoðast sem gaman, og skal jeg því ekki fara frekar út í það.

Þá minnir mig hv. þm. (JBald) segði, að ef bæjarstjórn þætti löggæslan of fámenn, þá mundi hún auka hana. Jeg býst við, að svo verði í þessu tilfelli, eins og stundum fyrri, að þá þykist bæjarstjórn hafa takmarkað fje til slíks. Jeg get látið þess getið, að bæjarsjóður hjer í Reykjavík leggur til lögreglunnar um 90 þús. kr. á ári, og mun það vera hjer um bil eins mikið og bærinn þykist geta lagt fram til þeirra hluta; að minsta kosti komu til mín menn frá bæjarstjórn, til þess að vita, hvort ekki væru tiltök, að ríkið styrkti bæinn til þess að auka lögregluna. Að vísu mun ekki þurfa mikið lið til daglegrar löggæslu, en þó mun koma fyrir, að það hafi reynst heldur lítið, þótt ekki sje hægt að segja, að neinir sjerlegir atburðir valdi.

Þá skildist mjer hv. þm. (JBald) efast um það, að framkvæmdarvaldið hefði nokkru sinni reynst of veikt hjer á landi. Jeg hjelt, að enginn gæti efast um slíkt, því það er alkunna, að um langan tíma mátti kalla, að hjer væri ekki til neitt framkvæmdarvald, sem heitið gæti. Þá talaði hv. þm. um það, að safna mætti liði, ef á þyrfti að halda í einstökum tilfellum. En hjer er hann í andstöðu við hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg verð að fallast á það, sem sagt var vel og skynsamlega í Tímanum 1921, að það væri ilt, þegar æsing væri vöknuð milli stjetta, að safna þá liði úr annari stjettinni. Það er mjög hætt við, að á slíkt yrði litið sem stjettabaráttu. Þá talaði hv. þm. (JBald) um það, að hjer væri engin þörf á löggæslu, því íslensk alþýða væri svo löghlýðin og friðsöm. Jeg verð nú að segja, að jeg þekki, enn sem komið er, lítinn greinarmun á íslenskri alþýðu og öðrum mönnum í þessu landi. Jeg neita því ekki að vísu, að bólað hafi á nokkurri stjettagreiningu meðal þjóðarinnar á síðustu tímum, en sú greining hefir enn ekki sett mark sitt á þjóðina, sem betur fer. Hjer er alþýðumannssonurinn embættismaður, kaupmaður, stórútgerðarmaður, og sonur embættismannsins verkamaður o. s. frv. Mjög lítill hefir stjettamunurinn verið hjer til þessa, og er það sagt þjóð vorri til hróss.

Hv. þm. (JBald) talaði um, að hjer væri gert ráð fyrir 30 ára herskyldu í frv., en í þeim löndum, sem hafa almenna herskyldu, væri herskyldan aldrei lengri en 3 ár. Þessi samanburður er eins mikil fjarstæða og hugsast getur. Þetta væri þá fyrst samanberandi, ef þessir menn í varalögreglunni hefðu æfingar í þrjú ár, og væru síðan skuldbundnir til þess að gegna kalli, hvenær sem til þyrfti að taka. Því hv. þm. ímyndar sjer líklega ekki, að þegar hermenn hafa æft sig í þrjú ár við vopnaburð, þá verði þeir ekki kvaddir framar til vopna, þó stríð komi. Slíkt er fjarstæða, sem hv. þm. hefði getað látið vera að koma með.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði talað um það, að æfingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir, mundu taka mjög mikinn tíma. Jeg sagði ekkert um það, hve langan tíma þær mundu taka. En jeg býst við, að þær taki dálítinn tíma,

stund úr degi einu sinni til tvisvar í mánuði.

Svo kom kostnaðaráætlunin. Jeg skal ekki fara að mótmæla tölum hv. þm., svo sem 70 þús. kr. fyrir húfur o. s. frv. Jeg geri ráð fyrir því, að þm. skilji, að þó forstöðumaður liðsins í Rvík fái nokkur laun, þá verður ekki um full laun að ræða, heldur aðeins nokkra þóknun. Annars var þessi útreikningur hv. þm. dálítið undarlegur, því að jeg fann ekki betur en að hann blandaði saman árlegum kostnaði og stofnkostnaði, legði stofnkostnaðinn, sem hann setti svo háan, að ekki er einu sinni svara vert, við árlega kostnað, og teldi síðan hina samlögðu tölu árlegan kostnað. Jeg geri fastlega ráð fyrir því, að hv. þm. (JBald) sje betur að sjer í reikningi en svo, að hann láti sig slíkt henda við sín daglegu störf. En þetta, með 2 miljónir o. s. frv., getur ekki verið alvarlega meint.

Þeim kom og saman, hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um það, að óþarfi væri að auka við lögregluna hjer í Rvík. — Skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa klausu úr blaðinu „Tímanum“ frá 26. nóv. 1921:

„Óhætt er að fullyrða, að slíkir atburðir sem þessir hefðu hvergi getað borið við á Íslandi annarsstaðar en í Reykjavík. Það er nú öllum ljóst orðið, að það er mikil nauðsyn á því, að hafa öfluga lögreglu í bænum, sem nýtur bæði virðingar og trausts bæjarbúa. Það er ljóst nú, að lögreglan var ekki nógu öflug og einbeitt .... Það er nauðsyn að búa svo um hnútana, að slíkt komi ekki fyrir oftar. Og það á að gera með nægilega öflugu lögregluliði.“

Það er einmitt þetta, sem blaðið talar um, sem stjórnin vill reyna að gera með þessu frv., án þess að leggja of mikil gjöld á ríkissjóð til þessa. Og sje hv. þm. Str. alvara að fylgja því, sem hann hefir sjálfur sett fram, þá er stjórnin fús til þess að athuga þær tillögur, sem hann kynni að koma með í sama augnamiði. En ef hann vill fella frv., án þess að setja eitthvað líkt í staðinn, þá verður hann að játa, að hann sje horfinn frá því, sem hann hlýtur þá að kalla sína fyrri villu.

Mjer hefir helst skilist á hv. þm. (TrÞ), að hann vilji nú neita því, að hjer hafi komið fyrir þeir atburðir, sem sýni, að lögreglan hafi ekki verið nógu öflug. Þó vildi hann ekki beint neita því, að henni hefði eitthvað verið ábótavant 1921, en hann vildi kenna hv. þm. V.-Sk. (JK) um það. Það er gott fyrir hv. þm. (TrÞ) að geta náð til Jóns Kjartanssonar á þennan hátt. — En jeg verð að líta svo á, að þeir atburðir, sem hjer hafa orðið, sýni, að þörf er fyrir öflugri lögreglu en kostur hefir verið á að undanförnu. Skal jeg nú skýra frá þessum atburðum, eins og þeir hafa verið skjalfestir, með fullu hlutleysi til beggja hliða.

Sumarið 1923 kom upp kaupdeila milli sjómannafjelagsins hjer og útgerðarmanna. Átti þá að gera út eða senda á fiskiveiðar botnvörpung, er hjer lá við hafnarbakkann, með ráðnum hásetum fyrir lægra kaup en sjómannafjelagið krafðist. Ef jeg man rjett, taldi sjómannafjelagið útgerðarmenn hafa einhliða sett niður kaupið og sig beitta rangindum. Áður en skipið lagði út, þurfti að setja vatn í það. — Það var orðið vitanlegt, að sjómannafjelagið ætlaði að hindra það með valdi, svo að útgerðarmaður skipsins beiddist aðstoðar lögregluliðsins til þess að fyrirbyggja, að vatnstakan og ferð skipsins yrði

hindruð. Lögreglustjóri varð við þessari beiðni og fór til með lögregluþjónana og nokkra tilkvadda menn að auki, til þess að varna því, að vatnstakan yrði hindruð. Er vatnstakan byrjaði, gerði mannfjöldi, undir forustu stjórnar sjómannafjelagsins, árás á skipið og lögregluna, og varð nokkurt handalögmál og barsmíð milli þeirra og lögregluliðsins og aðstoðarmanna þess, en það lítur svo út sem formaður sjómannafjelagsins hafi þá þegar sjeð missmíði á því, að beita lögregluna valdi, því að hann leitar að fyrra bragði samtals við lögreglustjóra, og verður það að samkomulagi, að ekki skuli það hindrað, að vatni sje dælt í skipið. Svo var farið til þess. En það hafa verið ýmsir þeirra manna, er safnast höfðu þangað að og tekið þátt í árásinni, er ekki voru ánægðir með þetta samkomulag, því eftir litla stund byrjaði önnur árás, og var þá beitt enn meira ofbeldi en áður, og lögregluþjónarnir barðir, en þó enn meira aðstoðarmenn lögreglunnar, og varð að hætta við vatnstökuna. Einn aðstoðarmaðurinn meiddist talsvert á höfði, en annars held jeg, að ekki hafi orðið veruleg meiðsli. Það kemur í raun og veru ekki við þessu máli, hvorir hafi haft rjettara í kaupdeilunni. Jeg ímynda mjer, að hvorirtveggja hafi þóst hafa rjett; sjómenn hafa þóst rangindum beittir, en útgerðarmenn, er þá áttu þröngt í búi, þóst bjóða þau kjör, er þeir frekast gætu. Og þótt það sje vel skiljanlegt, að sjómenn, og aðrir, sem líkt stendur á fyrir, verði gramir, er kaupkröfur, sem þeir álíta sanngjarnar og hinar lægstu, er þeir geta unað við, ná ekki fram að ganga, vegna þess, að aðrir undirbjóða þá, má þeim ekki leyfast að rjúfa friðinn, þann frið, sem er ríkisvaldsins fyrsta og fremsta skylda að vernda.

Jeg hefi minst á þennan atburð til þess að sýna, hve löggæslan, eins og hún nú er, er ónóg og vanmegna, ef uppþot kemur fyrir.

Í fyrravetur eða vor kom fyrir uppþot, sem dálítið var líkt þessu, og enn sýnir vanmátt lögreglunnar, og skal jeg ekki lýsa því frekara. Það er hv. þm., sem hjer voru saman komnir þá, vel kunnugt. En því nefni jeg það, að jeg tel þar miklu síður verið hafa afsökun en í hitt skiftið. Þá settu verkamenn upp kaupið og hindruðu með valdi að aðrir ynnu, ekki aðeins þá, sem vildu vinna fyrir lægra kaup, heldur hindruðu þeir jafnvel fasta starfsmenn frá því að vinna, eða menn, sem ekki komu til greina um undirboð í kaupi.

Þá skal jeg enn minnast á eitt landskunnugt uppþot. En í því faldist að minni hyggju ekkert það, er mildað geti dóm löghlýðinna manna um slíkt atferli. Hingað flyst erlendur drengur, 15 ára, frá Rússlandi. Læknir telur hann haldinn af augnsjúkdómi, er hætta geti verið á að smiti, og landlæknir telur, að það þurfi að vísa dreng þessum úr landi. Eftir tillögum læknanna lagði jeg svo fyrir, að drenginn skuli flytja úr landi, eins og jeg var skyldur til. Ráðamaður drengsins var Ólafur Friðriksson, einn aðalforingi jafnaðarmanna hjer þá; kom hann til mín, er honum hafði verið gert kunnugt um úrskurð þennan, og sagði, að drengurinn yrði ekki látinn fara, nema greitt yrði úr ríkissjóði sem svaraði 3 ára framfæri hans. Jeg má segja, að nefndar voru 1200 kr. á ári, eða 3000 kr. í einu lagi. Jeg svaraði, að jeg teldi ekki heimilt að greiða þetta fje úr ríkissjóði, en kvaðst ekki efast um, að sam-

skot fengjust handa drengnum, og kvaðst jeg fús að styðja að því. Ólafur Friðriksson neitaði því, og sagði, að jeg skyldi sjá, hvernig þetta mál stæði, er hann hefði skrifað um það 2—3 blaðagreinar. Jeg sagði, að það yrði þá að skeika að sköpuðu. Síðan gerði Ólafur samtök um að koma í veg fyrir, að drengurinn færi, og þegar lögreglan kom til þess að sækja hann, var hann tekinn af henni og hún barin. Það heyrðust háværar raddir þá um það, að þetta væri að kenna klaufaskap og ónytjungshætti lögreglustjóra og lögregluþjóna. Slíkir dómar heyrast oft víðar en hjer um lögreglumenn. En jeg held, að ef lögreglan hefði gengið lengra í þetta skifti, þá hefði hlotist verra af. Það sýndi sig greinilega í þessu ástæðulausa uppþoti, að lögreglan var of fámenn.

Þegar drengurinn var tekinn, var engin veruleg mótstaða veitt. Að vísu voru fyrir í húsi því, er drengurinn var í, nokkrir menn, svo sem til varnar. Það var reyndar búið að segja, að þeir væru vopnaðir — ja, þeir höfðu einhver prik, en þeir notuðu þau ekki. Þeir sáu sitt óvænna, af því að lögregluliðið — að viðbættu aukalögregluliði — var nógu sterkt. Skynsemin fjekk nú yfirhöndina hjá flestum, og menn sáu, að uppþot var óskynsamlegt. En þessi atburður virðist mjer sýna ljóslega, að lögreglan er allsendis ófullnægjandi, og mjer finst það skylda hv. deildar að athuga, hvernig best verður úr þessu bætt, hvað sem einstakir menn segja. Jeg vona a. m. k. um hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hann sannfærist af orðum hv. þm. Str. (TrÞ) um, að vert væri að tala um málið á þeim grundvelli, sem hann hefir bent á, úr því að skoðanabræður hans í Danmörku hallast á þá sveif.

Jeg endurtek það, hvað sem gert verður við þetta frv., að jeg álít mjög óvíst, að hægt verði að fá aðstoð, þó á liggi, með því að safna liði, sem ekki er lögskipað. Þetta er fremur óvinsælt starf, og það hefir líka sýnt sig, að aðstoðarmenn verða jafnaðarlega fyrir meira hnjaski en lögregluþjónarnir sjálfir, og er það kanske eðlilegt, þegar þess er gætt, að af öllum almenningi a. m. k. mun litið svo á, að lögregluþjónarnir sjeu aðeins að gera skyldu sína. Það er einhvernvegin í meðvitund manna, að þessir menn eigi ekki að verða fyrir ofbeldisverkum, og er þá hinum síður hlíft, sem aðkomnir eru og ekki hafa embættisskyldu þar til.

Fáir menn, vel æfðir, hafa miklu meira að segja en miklu fleiri óæfðir. Það verður að brýna fyrir lögregluþjónunum, að þeir fari ekki lengra en alveg nauðsynlegt er. Þess er vandlega gætt annarsstaðar, og eru aðeins sumir þeirra látnir hafa kylfur, en aðrir gæta þess, að þær sjeu ekki misbrúkaðar. Æfðir menn eru venjulega rólegri, og svo kynni einkennisbúningurinn að hafa nokkur áhrif. Það er ilt og ófært, að safna stjett á móti stjett. Aðalatriðið í þessu máli er, að þing og stjórn geri einhverjar þær ráðstafanir, sem tryggja frið í landinu.

Það var talað um, að það væri verra að hafa fáa lögreglumenn í þessu liði en marga hermenn. Það skil jeg ekki. Hjer er um ekkert annað að ræða en töluviðbót við þá lögreglu, sem er fyrir. Hvað snertir þörf á viðbótarlögreglu á Siglufirði, þá minnist jeg þess, að í öðru höfuðmálgagni Framsóknarflokksins stóð í haust, að þar væri þörf á öflugri lögreglu. En það mætti kanske skípa þeim málum öðruvísi þar en hjer.

Jeg skal nú hlífa hv. deild við lengri

tölu að sinni. Jeg verð þó að svara hv. 2. þm. Eyf. fáum orðum. Hann spurði, hvort bæjarstjórnir hefðu heimild til að setja á stofn varalögreglu. Til þess hafa þær ekki heimild meiri en þá, að kalla á viðstadda menn. Heimild hafa þær ekki, að minni hyggju, til þess, sem farið er fram á í þessu frv., svo ekki er hægt að fara þá leið, nema slík heimild sje getin með lögum. Annars hefi jeg góða von um, að hv. þm. (BSt) geti verið með málinu, eins og hann hefir tekið í það, þó að hann ef til vill geti ekki fallist á frv. óbreytt. — Skal jeg svo ekki fara frekar út í þetta að sinni.

Umr. frestað.

Á 21. og 22. fundi í Nd., dagana 27. og 28. febr., var frv. tekið til framh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var frv. enn tekið til framh. 1. umr.

Forseti (BSv): Þetta er framh. 1. umr. — Háttv. þm. V.-Ísf. er fyrstur á mælendaskrá og tekur til máls.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg vil mælast til þess við hæstv. forseta, að jeg þurfi ekki að taka til máls nú þegar, ef hæstv. forsrh. (JM) getur ekki verið viðstaddur, því að jeg þarf að beina til hans nokkrum fyrirspurnum.

Forseti (BSv): Þar sem nú hæstv. forsrh. (JM) er bundinn við umræður í efri deild, sje jeg ekki annað hægt en taka mál þetta út af dagskrá að þessu sinni, en mun taka það tímanlega á dagskrá næsta dag.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var framhaldið 1. umr. um frv. (A. 32).

Ásgeir Ásgeirsson: Þó ekkert væri annað en það, að þetta ríkislögreglumál hefir ekki verið lagt fyrir þjóðina áður en það var borið fram hjer á þingi — þá bæri af þeirri ástæðu einni saman að vísa því frá að þessu sinni. Öll stórfeld mál á að ræða með þjóðinni í stjórnfrjálsu landi, áður en þau eru lögð fyrir löggjafarþingið. Þjóðarviljinn er bakhjarl löggjafarinnar, og þó einkum framkvæmdarvaldsins. Það er ekki það, sem fyrir þjóðina á að leggja, hvort það sje þessi virðulega samkoma, sem á að setja lög í landinu, eða einhverjir flokkar — jafnaðarmanna eða aðrir. Um það munu allir á eitt sáttir, að löggjafarvaldið er í höndum þingsins og að framkvæmdarvaldið á að sjá um, að lögum sje hlýtt. Um það er ekki ágreiningur í þessari háttvirtu deild — enda ætti sá maður hingað ekkert erindi, sem á annan veg hugsaði. Um hitt er ágreiningurinn: hvernig framkvæmdarvaldinu skuli háttað — og hjer er gerð svo viðurhlutamikil tillaga um breyting á skipulagi framkvæmdarvaldsins, að nauðsyn bar til, að tillagan væri rædd til hlítar áður en hún væri fram borin á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Í frv. er svo ákveðið, að ríkislögregla „skuli sett í hverjum kaupstað á landinu — eftir því, sem við verður komið", og í athugasemdunum er þess getið, að rjettast sje, að lögin gangi þegar í gildi, til að flýta fyrir framkvæmdum þeirra. En á framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra var ekki að heyra, að hugsað væri til framkvæmda annarsstaðar en í

Reykjavík og e. t. v. á Siglufirði. Liggur því næst að ætla, að háttv. þm. annara kaupstaða — háttv. þm. Akureyrar, Ísafjarðar, Seyðisfjarðar, Vestmannaeyja og Gullbringu- og Kjósarsýslu — sem allir eru stuðningsmenn stjórnarinnar, hafi látið hana á sjer skilja, að þeirra kjördæmi sjeu ekki þurfandi fyrir þessi friðindi — og ráðherrann þá, eins og rjett var, beygt sig fyrir því. Umsagna kaupstaðanna, eða bæjarstjórna þeirra — sem að mestu annast löggæsluna — hefir ekki verið leitað, og er hæstvirtri stjórn því skyldara að taka fult tillit til fulltrúa þeirra hjer á þingi. En það má segja, að ekki blási byrlega fyrir frv., þegar flm., hæstv. forsætisráðherra, er þegar í framsöguræðu sinni falinn frá að nota þá heimild til fulls, sem hann æskir eftir að fá hjá þinginu.

Um Siglufjörð er það að segja, að háttv. 2. þm. Eyf. hefir þegar tekið til máls og látið á sjer skilja, að Siglfirðingar æski ekki eftir þeim „umbótum", sem í frv. felast. Það er alt annað, sem Siglfirðingar hafa óskað eftir. Þeir sendu í fyrra til þingsins almenna áskorun um, að vínverslun landsins þar á staðnum yrði lögð niður. Það er sú eina „löggæsla", sem þeir hafa óskað eftir. Í áskoruninni segja þeir svo: „Síðan áfengissalan var sett hjer niður, er daglegum friði vor Siglfirðinga spilt svo — að minsta kosti að sumrinu til — að óviðunandi er framvegis. Hávaði og friðarspjöll ölvaðra manna hafa keyrt svo úr hófi fram, að sóma bæjarins og velferð borgaranna er teflt á fremsta hlunn". Þessu svaraði hæstv. forsætisráðherra svo, að hann skyldi taka málið til athugunar, „því", eins og hann sagði, „mjer er ekki kært að hafa útsölustaði vínanna fleiri en beinlínis er nauðsynlegt vegna samninganna við Spánverja". Þetta var vel mælt, og væntu Siglfirðingar nokkurrar úrlausnar, þar sem ekki er líklegt, að nauðsyn bæri til, samkvæmt Spánarsamningnum, að hafa útsölustaðina tvo á Norðurlandi, en ekki nema einn í öðrum fjórðungum. Nú vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðherra, hver niðurstaðan hafi orðið og hvort ekki megi vænta bráðra framkvæmda — því jeg vona, að niðurstaðan hafi ekki orðið sú, að nauðsyn bæri til — vegna tekna ríkissjóðs af áfengissölu — að hafa útsölustaðina sem flesta, en hinsvegar ætli stjórnin fúslega að láta Siglfirðingum í tje ríkislögreglu, til að skakka leik hinna ölvuðu manna, sem með framferði sínu eru að reisa við fjárhag ríkisins. Ef Siglfirðingum er veitt ósk þeirra, þá eru vandræði þeirra leyst, án þess að stjórnin þurfi þeirra vegna nokkura heimild til að setja á laggirnar hið mikla lögreglubákn, sem farið er fram á. Kann að vera, að ríkið gerði rjett í því, að styðja þá til að fjölga lögregluþjónunum um 2–3 að sumrinu, en það er óskylt mál því frv., sem hjer ræðir um.

Þá er Reykjavík ein eftir. Það liggja hvorki fyrir málaleitanir frá bæjarstjórn, lögreglustjóra nje neinar umsagnir þeirra — nje fundarsamþyktir, er sýni, að hjer sje almenningsósk á ferðum. Þvert á móti. Það, sem borist hefir hjeðan og annarsstaðar að af landinu, eru mótmæli ein. Það fylgir frv. ekki ein áskorun frá einum fundi í einu einasta kjördæmi. Einn af þm. Reykjavíkur hefir þegar tekið til máls — og ekki mælt frv. bót. En nú fáum við vafalaust að heyra ummæli hinna Reykjavíkurþingmannanna, sem allir eiga sæti í þessari háttv. deild, og vitanlega hafa hugsað mál þetta itarlega. Ef

þeir þegja, þá er sú þögn ekki samþykki, heldur miskunnsemi stuðningsmanns við stjórn sína — og vildi jeg þá skjóta því til hæstv. forsrh., hvort ekki væri varlegast að taka frv. aftur. Það væri án efa besta lausnin á málinu. Ef ekki koma ákveðnar kröfur, einbeitt ósk um ríkislögreglu, í þeirri mynd, sem til er ætlast í frv., þá hefir frv. engan bakhjarl. Þá er þjóðarviljinn í römmustu andstöðu við frv. En þjóðarviljinn á að vera uppspretta löggjafarinnar, og hann er í þessu efni óumflýjanlegt skilyrði fyrir framkvæmdinni.

Hæstv. forsrh. dregur enga dul á, að orsakirnar til þess, að frv. er fram borið, eru atburðir, sem orðið hafa hjer í Reykjavík á seinni árum. Jeg hefi að vísu heyrt út í frá þá vörn fyrir frv., að þjóðfjelag vort sje svo varnarlaust gagnvart útlendum ofbeldismönnum, að svo búið megi ekki standa. Er þá vísað til Tyrkjaránsins og Jörundar hundadagakonungs, þó seint sje nú að grípa til varnar gegn honum. En þá væri hjer um hervarnir að ræða, og býst jeg við, að hæstv. forsrh. vilji ekki heyra það, enda hefir hann ekki flutt þessa vörn fyrir frv. Væri og landið alt jafn-berskjaldað fyrir, þó einhver liðsafli væri hjer fyrir í Reykjavík. Er og þessi ótti óþarfur, þar sem enski flotinn hefir friðað höfin svo vel, að öryggið er meira fyrir þá, sem á sjó ferðast en hina, sem fara á landi, hvað yfirgang snertir. Enski flotinn er að þessu leyti okkar mikla vernd, þó að hún sje orðin svo gömul og sjálfsögð, að við gerum okkur oft ekki grein fyrir því. Það er sagt, að þeir smáfuglar sje óhultastir, sem hreiðra sig í nánd við örninn, og svo er um okkur og England. Það er því óþarfi að ala á þessum kvíða. — Hæstv. forsrh. taldi aftur aðalorsök þess, að frv. er fram borið, uppþotið, sem varð út af rússneska drengnum fyrir nokkrum árum. Hann var þá sjálfur dómsmálaráðherra, og tók fast í taumana. Það dugði. Það er þessvegna undrunarefni, að nú skuli, eftir mörg ár, flutt frv. til stórbrotinna breytinga á löggæslunni í tilefni af atburðum, sem ekki sprengdu það kerfi, sem við þá bjuggum við og höfum altaf búið við. Þar var um uppþot að ræða, sem reyndist auðvelt að yfirbuga, þegar framkvæmdarvaldið tók rögg á sig. Það hefðu að líkindum aldrei vandræði af hlotist, ef það hefði fyr trúað á mátt sinn. Þar var um enga bylting að ræða, heldur uppþot. Það var rangt, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) ljet um mælt, að þar hafi heill stjórnmálaflokkur ráðist á lögregluna. Byltingu er hjer óþarfi að óttast. Það er ilt verk og óþarft, að espa sjálfan sig og aðra upp í byltingaróttа, þegar ekki einu sinni þeir, sem mesta samúð hafa með þjóðfjelagsbyltingum í öðrum löndum, telja neinar líkur til, að hjer geti orðið bylting, nema hún sje á undan gengin í Englandi og á Norðurlöndum. En þess verður langt að bíða, að þar sporreisist þjóðfjelögin. Það er gott nágrenni við þjóðir, sem standa svo framarlega að stjórnmálaþroska. En í þessu liggur öryggi vors þjóðfjelags: í nágrenninu við þessar þjóðir og þó helst í vorum eigin hjörtum. Erfðavenjur þessa vors litla þjóðfjelags og forn festa ætti eitthvað að hrökkva og þola annað eins og það, að við eignuðumst 30 togara. Guð hjálpi okkur þá, þegar stórðnaðurinn heldur hjer innreið sína, og sú skrílmyndun,

sem honum hefir víðast fylgt! Íslensku þjóðfjelagi ætti ekki að vera hætta búin, því að hjer er enginn skríll til, eða rjettara sagt, hjer er skríllinn ekki stjett út af fyrir sig, því að aldrei verður hjá hinu komist, að nokkur skríll sje til í öllum stjettum.

En það er tvent, sem jeg vildi vikja nánar að í sambandi við þetta uppþot. Annað eru vopnin, sem þar var gripið til. Hæstv. forsrh. telur það „gamanyrði", að tveir hv. þm. hafa gert ráð fyrir vopnaburði í sambandi við ríkislögregluna. En hvað liggur nær en að hugsa sjer það — enda er rúm heimild í frv. fyrir alt slíkt — þegar byssur voru notaðar í uppþotinu fræga? Hæstv. forsrh. segir að vísu, að gert sje ráð fyrir, að það sjeu ekki brjálaðir menn, sem eigi að framkvæma lögin. En er það ekki einnig siður óbrjálaðra ráðherra, að óska ekki eftir víðtækari heimildarlögum en gert er ráð fyrir, að einhverntíma þurfi að grípa til? Heimildarlög þessi standa, þó að hann víki frá völdum, og þá er það heimildin, sem gildir, en ekki ræða hans um það, hvernig hann ætli að nota hana. Þetta er einn höfuðgalli frv., hvað það er víðtækt. Það er svo víðtækt, að þó að það sje að vísu ekki lög um, að hjer skuli dreginn saman her í landinu og æfður, þá er það þó aldrei ofmælt, að það sjeu heimildarlög um að stofna her í landinu, ef þeirri stjórn, sem að völdum situr, býður svo við að horfa. Hæstv. forsrh. segir að vísu, að skotvopn komi þar ekki til mála, því liðið eigi að vera búið að hætti annarar lögreglu. — En hvar var þá heimildin til að fá varaliðinu, sem tók Ólaf Friðriksson höndum, byssur í hendur? Var það gert, án þess að nokkur heimild sje til þess í lögum? Jeg óska eftir skýru og ákveðnu svari! Því annaðhvort hefir það verið gert í heimildarleysi, eða það er full ástæða til að ætla, að tilgangurinn hafi verið sá, er frv. um ríkislögreglu var samið, að liðið yrði æft í vopnaburði. Jeg segi þetta ekki til að veiða hæstv. forsrh. í neina gildru. Tilgangur minn er sá einn, að ljá mitt lið til að koma í veg fyrir vopnaburð í framtíðinni, en ekki að hengja fortíð ráðherrans á gálga. Mjer væri það svar ljúfast, að hjer á landi megi engum fá vopn í hendur, nema atvinnulögreglunni í nauðvörn og svo landhelgisvörðum. Svo ættu íslensk lög að mæla fyrir. Eggvopn og skotvopn ættu hjer að vera bannfærð. Og þó er ekki nauðsyn, að það standi neinstaðar í lögum. Það hafa um langan aldur verið óskrifuð lög — og óskrifuð lög, helguð af venju og sögu, eru sterkari en þau lög, sem samþykt eru á þingum. Það hefði verið óhætt í uppþotinu að treysta þessari venju, í stað þess að láta tortryggnina fá sjer vopn í hendur. Því jafnvel þó tortryggnin hefði verið á rökum bygð, þá er almenningsálitið enn hjer svo óspilt, að sá maður, eða flokkur manna, sem fyrstur verður til að beita eggvopni eða skotvopni í viðureign milli þegnanna, er þegar, því samkvæmt, búinn að bíða ósigur. — Þetta þykir kanske full-kristilegt. Því það er nú svona, að jafnvel þó ásakanir um kristindómshatur sjeu farnar að tíðkast í kosningadeilum, þá velta sumir samt vöngum, ef í þjóðmálum á mest að treysta á gott innræti þegnanna. En þetta er nú samt svona hjer á landi. Í fjelagsmálum geta menn valið sjer sínar þroskabrautir — og þeim þjóðum, sem á þetta þora að treysta, mun verða að trú sinni.

Hitt annað atriðið viðvíkjandi því uppþotinu, sem frv. er aðallega bygt á, sem jeg vildi spyrja hæstv. forsrh. um, er það, hvernig á því hafi staðið, að lögreglan gat ekki komið fram vilja sínum? Var það af því, að hún var of mannfá? Eða var það af því, að hún dignaði, þegar á hólminn kom? Hæstv. ráðh. (JM) hefir kveðið upp úr um það, að uppþot þetta sje aðalorsök frv. Mjer er því næst að halda, að ef lögreglan hefði dugað en ekki dignað í það skifti, þá hefði þetta varhugaverða frv. aldrei komið fram. Það er almennings álit hjer í bæ, að lögreglustjórinn hafi ekki verið vaxinn því verkefni, sem hann í þetta sinn átti að leysa af hendi. Jeg segi þetta ekki til að gera honum svívirðing. Það þarf engin minkun að vera, þó hann sje til annars betur fallinn en stýra liði og standa í mannraunum. Við erum svo gerðir, margir nútíðarmenn. Þetta er auk þess staðfest af forsætisráðherranum sjálfum, sem sá sjer ekki annað fært en setja annan í hans stað. Þannig skýrði hæstv. ráðh. (JM) þá magnleysi reykvísku lögreglunnar. Og mun ekki sama skýringin rjett, enn þann dag í dag? Það dugar ekki annað en hreinskilni og einurð, ef leysa á slík mál sem þessi. Það er of dýrkeypt, að ætla að bjarga Reykjavík frá einurðarlítilli lögreglustjórn með jafn-umfangsmikilli heimild og felst í frv. stjórnarinnar. Ráðið er ofureinfalt, og verður tekið fyr eða síðar: að gera skifti milli lögreglustjórnarinnar og tollgæslu eða innheimtumannsstarfans. Það er vissulega nóg starf fyrir einn mann, að eiga að bera ábyrgð á innheimtu um 5 milj. kr. fyrir landssjóð. Í sama mund gæti hann verið tollstjóri landsins, á líkan hátt og póstmeistari er yfirmaður póstmálanna. Núverandi lögreglustjóri mun vera hinn duglegasti skrifstofumaður og skyldurækinn innheimtumaður, og væri ekki nema hagur fyrir landið, að hann nyti sinna krafta ótruflaður á því sviði, sem hæfileikar hans best njóta sín. Lögreglustjóri þarf aftur að vera einarður, ótrauður og þó gætinn. Jeg hefi trú á því, að hægt væri að fá slíkan mann, sem borgararnir bæru fult traust til. Hann þyrfti að kynna sjer erlendis löggæslu, svo að hann gæti komið góðu skipulagi á lögreglu bæjarins og verið sjálfur foringi hennar. Reykjavíkurlögregluna þarf að gera svo úr garði, að hún standi á sporði útlendri lögreglu. Lögreglustjóri þyrfti að kynna sjer meðferð kaupdeilumála í nágrannalöndunum, því við slík mál mun frv. að nokkru leyti miðað — og er þess að vænta, að einkum reyni á lögreglustjóra, lægni hans og festu, í slíkum málum. En jeg er ekki hræddur við kaupdeilumálin hjer í bæ, ef samþykt verður frv. um sáttasemjara, sem við tveir deildarmenn munum bera fram hjer í deildinni, og einarður en gætinn lögreglustjóri fæst til að fara með framkvæmdarvald ríkisins. Það er sennilega einskis manns ætlan, að neinum flokki manna sje leyft að stofna rjer ríki í ríkinu; landslögum verða allir að hlíta. En þar fyrir ber skylda til að fara með ríkisvaldið gætilega, eins og hvert annað vald, og beita því ekki við fyrsta tækifæri, er ógætinn atvinnurekandi heimtar vernd fyrir „skrúfu"-brjóta — kanske í þeim tilgangi einum, að koma af stað uppþoti — heldur bíða þess, að sáttasemjari hafi unnið sitt starf, og vera síðan á verði um hagsmuni þjóðfjelagsins og gæta þess, að engum haldist ólög uppi. Jeg er ekki hræddur við þessi mál, ef skyn-

samlega er að farið. En þá væri ástæða að óttast, ef frv. stjórnarinnar væri samþykt eins og það er fram borið, og enginn sáttasemjari lögskipaður. Jeg tel það ekki ofmælt hjá hv. þm. Str., að ekki væri óttalaust um, að það gæti orðið upphaf nýrrar Sturlunga-aldar. Mjer virðist, bæði af frv. og sumum ummælum jafnaðarmanna, ekkert hóf á tortrygninni í garð andstæðinganna, en hún er hjer rót alls ills. Alþýðublaðið hefir talað um „að myrða saklausa verkamenn", og frv. er því líkast sem það væri borið fram eftir samskonar atburði og rauðu byltinguna á Finnlandi eða þrælastríðið í Bandaríkjunum. Og þó er hin göfugasta barátta á slíkum stöðum eftir þesshátta atburði jafnan fólgin í því, að berja niður alla ofstjórn, sem ætíð reynist sama og óstjórn, og hverfa aftur til þess skipulags, sem byggir öryggi þjóðfjelagsins aðallega á innræti þegnanna, en ekki ofríki. En hjer í þingdeildinni er svona frv. flutt undir yfirskyni friðains, þó vitanlegt sje, að allur liðssamdráttur miðar til ófriðar. Það hefir verið sagt, að þetta sje að byrgja brunninn áður en barnið detti ofan í — þó það sje miklu líkara hinu, að hjer sje grafinn brunnur, sem betur færi, að ekki aðrir en stjórnin dytti ofan í.

Sú þjóð er á heljarþröm, sem ætlar að búa um sig rjett eins og bylting sje á hverju augnabragði að brjótast út. Kósakkalöggæsla er undanfari bolsivismans. Það á hvorttveggja jafnlítið erindi hingað til okkar lands. Mjer er sama, hvað svona liðsdráttur er kallaður: varalögregla, herlið eða hvað — hann er brot á erfðavenjum okkar, hættuleg braut að halda út á. Slíkir liðsflokkar hafa það eðli að stækka og stækka, það hleðst utan á þá, þeir vekja mótþróa og er beitt oftar og oftar, hver svo sem tilætlunin er í upphafi. Það eru engar ýkjur að líkja þeim við málalið á friðartímum í löndum, sem enga herskyldu höfðu, svo sem Englandi og Bandaríkjunum. Slíkar herdeildir voru jafnan varðar með nauðsyninni á að halda uppi lögum í landinu og tryggja borgarana. Og þó var af ákafa barist á móti aukning „friðar"-hersins í þessum löndum, á Englandi í margar undanfarnar aldir, alt frá dögum Stuartanna, og í Ameríku alla síðastliðna öld. Í Bandaríkjunum var málalið um aldamótin ekki nema um 27 þús. manns — í landi, sem hafði 70 milj. íbúa, stóriðnað og fólk af öllum þjóðum! Það er ólíku saman að líkja, Bandaríkjunum og voru litla bændalandi, þar sem flestir eru frændur og rásin milli stjettanna svo ör, að stjettamunur getur hjer varla heitið nokkur. Og þó var þessi varalögregla Bandaríkjanna hjer um bil 1 maður á hverja 2500 íbúa. En hjer í Reykjavík á að setja 1 á hverja 200, til að byrja með, og mun það þó fljótt aukast, ef á kemst. Og þó á ekkert land jafnmikið undir, að góður friður haldist, eins og þetta litla land, og sennilega ekkert land betur trygt af innræti þegnanna og góðu nágrenni en okkar land. Við eigum að standa eins fast á móti öllum liðsdrætti og England og Bandaríkin stóðu áður á móti herskyldunni, og treysta mest þeirri vernd, sem liggur í brjósti hvers góðs borgara. Það er eðli lýðræðisins, að treysta á borgarana, en harðstjórnar, að treysta á herafla. Það er enginn barnaskapur að treysta á borgarana, því jafnvel þó menn sjeu hlaðnir vopnum, þarf samt að treysta innrætinu, til þess, að þeim verði rjettilega beitt. En þó vopnum eða liðsafnaði væri

beitt — beitt með fullum árangri — þá skapar það aldrei meiri frið en er í Kötlu, þar sem ólgan neðan að kastar af sjer farginu að ofan með ósköpum, þegar ísinn er orðinn hvað þykkastur. Þetta er eðli allrar ofstjórnar. Spekt og friður fæst ekki með liðsafnaði í þessu landi, heldur er það þrek og atorka lögreglustjórnar og dómsmálaráðherra, sem heldur við friðnum og virðingu þegnanna fyrir rjettvísinni. Enn bíða hæstv. ráðh. (JM) mikil verkefni. Því það er ekki það, sem að hefir verið á seinni árum, að framkvæmdarvaldið hafi ekki verið nægilega liðsterkt — eins og haldið er fram í ástæðunum fyrir frv. — heldur hitt, að því er of slælega beitt. Þess munu finnast mörg dæmi, þó jeg hirði ekki hjer að telja. Í því starfi mundi ráðherrann hafa samúð og fylgi allrar þjóðarinnar, að styrkja og efla framkvæmdarvaldið og dómsvaldið til að gegna skyldu sinni. Það er fleira en kaupdeilur, sem gefa þarf gætur. Til þessarar umbótastarfsemi þarf engan liðsafla, heldur þrek og festu og umsjón í sínu starfi.

Þjóðskipulagi voru er engin hætta búin af þegnunum — þó sumir sjeu farnir að lýsa því eins og það sje einhver hjallur, sem sífelt sje að hrynja. Ef Framsóknarmaður beitir sjer móti afnámi tóbakseinkasölunnar, gefur það hv. þm. V.-Sk. (JK) tilefni til að ásaka Framsóknarflokkinn um, að hann vilji kollvarpa þjóðskipulaginu. Þeir hafa ekki mikið traust á þjóðskipulaginu, sem svo tala! Þeir hafa ekki komið auga á, að sá grundvöllur, sem „demokratiskt" stjórnskipulag er bygt á, er ekki aflið í vöðvanum nje eggin í vopnunum, heldur er það trúin á manneðlið. Við sitjum hjer á rökstólum, kosnir af þegnum ríkisins. Skynsemi þeirra og samvisku er treyst til að vera uppspretta hollrar löggjafar, og svo er einnig um framkvæmdarvald og löggæslu, að það byggist mest á ágæti þegnanna, og því næst á festu og einbeitni lögreglunnar, sem skamt mundi annars hrökkva. Hin mikla varalögregla þessarar þjóðir, her hennar og floti, sem hingað til hefir dugað, er: dómgreind, drengskapur og ættjarðarást þeirra manna, sem sent hafa okkur á þetta þing, hvort sem þeir teljast Íhalds-, jafnaðar- eða Framsóknarmenn. Þeirri varalögreglu ber oss að treysta, hjer eftir eins og hingað til.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að segja nokkur orð, til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu um þetta mál. Það hefir verið siður margra þingskörunga á liðnum tímum, og vil jeg feta í þeirra fótspor í þessu efni. Jeg þarf ekki að vera langorður, því jeg ætla hvorki að tala um Ólaf nje guð almáttugan, enda fæ jeg ekki betur sjeð en að hvorugur þeirra komi þessu máli nokkuð við. Það er óþarfi fyrir menn að hafa Ólaf stöðugt á milli tannanna í sambandi við þetta mál. Hann má gjarna vera í friði, því hjer ræðir ekki um ráðstafanir gegn liðnum atburðum, heldur er hjer um mál að ræða, sem snertir framtíðina. Eins býst jeg við því, að guð almáttugur fái sjálfur sjeð sjer farborða, hjer eftir sem hingað til. Hann hefir alt fram til þessa ekki verið upp á þing þetta kominn.

Jeg hefi tekið eftir því síðan farið var að tala um varalögreglu, að talsverður úlfaþytur hefir verið gerður gegn þeirri hugmynd. Margar fundarsamþyktir hafa verið gerðar til mótmæla, og eitt blað hjer í bænum, Alþýðublaðið er það kall-

að, hefir flutt mikið og langt mál á móti því, að varalögregla verði stofnuð. Það er athugandi, að öll þessi skrif og allar þessar ályktanir eru bygðar á því einu, að stofnun þessarar fyrirhuguðu varalögreglu sje beint gegn alþýðu þessa lands.

Ef orðið „alþýða" er hjer notað í venjulegum skilningi, þá þýðir það ekkert annað en alt það fólk, sem þetta land byggir, og sjá þá allir, hversu heimskuleg þessi staðhæfing er. Og ef hjer er verið að gera greinarmun á öllum almenningi í landinu og þeim fáu embættismönnum, sem til eru, þá verður hið sama upp á teningnum. Engum getur dottið í hug, að þeir vilji stofna lögreglulið til höfuðs öllum almenningi landsins. En ef hjer er verið að freista þess, að afbaka merkingu þessa gamla, rammíslenska orðs og kalla verkamenn eina alþýðu þessa lands, þá verður skiljanlegra, hvað þessir menn meina. En staðhæfing þeirra um að varalögreglu eigi að stofna gegn verkamönnum er jafn-heimskuleg fyrir því. Því fari nú svo, að frv. þetta nái fram að ganga, þá er vafalaust, að meira en helmingur þessa varalögregluliðs verður einmitt úr flokki verkamanna. Má því eins vel snúa dæminu við, þannig, að hjer eigi að stofna lögreglusveit verkamanna, og sýnist mjer, að þeir eigi síst að vera hræddir við slíka sveit, er gæti laga og rjettar í landinu, ef í nauðir rekur. Enda munu öll þessi skrif vera runnin undan rifjum örfárra manna, og er þá engu líkara en þeir hyggi til ófriðar, og vilji fyrirfram vikja úr vegi þröskuldi þeim, sem þá yrði á leið þeirra, lögregluvaldinu. Jeg segi ekki, að þessu sje þannig varið, en ekki er það með öllu ósennilegt. Öll mótmælin eru bygð á því, að varalögreglan sje stofnuð á móti sjerstakri stjett, sem þó er engin sjerstök stjett, að öðru leyti en því, að hún vinnur fyrir daglaunum, í stað þess að flestir embættismenn hafa föst árslaun, og enn aðrir hafa engin ákveðin laun fyrir störf sín, heldur vinna fyrir sjálfa sig, eins og t. d. bændur, sem þó eru „alþýðumenn" engu síður en verkamenn.

Jeg skil ekki alt þetta veður, sem gert hefir verið út af jafneinföldu máli sem tillaga um stofnun ríkislögreglu er.

Jeg þarf ekki að minna þá hv. þm., sem sagnfróðastir eru, á þann sannleika, að þetta land misti sjálfstæði sitt vegna þess, að engin var til ríkislögreglan. Vegna þess, að alt framkvæmdarvald vantaði í hinu forna íslenska riki, fjell það undir erlend yfirráð. Og í raun og veru stöndum við enn í sömu sporum. Hjer er ekki til neitt framkvæmdarvald, ef nokkur verulegur mótþrói rís. Víðast hvar á landinu er einungis einn lögreglustjóri, og í hæsta lagi annar maður honum til aðstoðar, sem eiga að standa á móti heilum hópi manna, ef til þess kæmi. Allir sjá, að slíkt getur ekki blessast, nema þar, sem við sjerstaklega löghlýðna menn er að eiga. Jeg hefi að vísu sjeð Halldór sál. Daníelsson ganga einan á móti 20—30 norskum sjómönnum, sem óðu með rýtinga um götur Reykjavíkur, og reka þá niður á bryggju og um borð. En það kom til af því, að þessir sjómenn voru löghlýðnir, en það eru ekki allir.

Ýms önnur mótmæli, sem komið hafa fram gegn frv. þessu, get jeg fallist á. Sjerstaklega skilst mjer, að þessi lögregla verði of kostnaðarsöm fyrir ríkissjóð, og enda fyrirkomulagið að ýmsu öðru leyti ekki svo gott sem skyldi. Jeg kysi fremur, að lögregluliði þessu yrði

skipað með öðrum hætti, og get jeg því greitt frv. atkvæði til nefndar, í því skyni, að það taki þar breytingum til batnaðar.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) drap nokkuð á fyrirkomulag, sem jeg mundi heldur kjósa að hafa á ríkislögreglu, sem sje, að hún verði lögð undir stjórn lögreglustóranna, sem eru embættismenn ríkisins. Þeir stjórna nú því lögregluliði, sem kaupstaðirnir hafa komið sjer upp fyrir eigin reikning, og ættu engu síður að geta stjórnað lögreglu, sem ríkið kæmi upp og kostaði. Þetta yrði ódýrara og í alla staði heppilegra, að hinir föstu lögreglustjórar hefði einnig á hendi formensku ríkislögreglunnar. Þá mætti og skifta embætti lögreglustjórans í Rvík, enda kemur hvort eð er að því innan skamms. Í Rvík býr nú um ⅕ hluti allra landsmanna. Þangað eru langmestar siglingar og koma þangað því fleiri erlend skip en til nokkurrar annarar hafnar á landinu. Er því tími til kominn að lögreglustjóraembættinu verði skift þannig, að tollgæsla verði höfð sjer, en löggæsla falin öðrum embættismanni. Að þessu leyti er jeg sammála hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), og geri jeg því ráð fyrir, að hann greiði frv. þessu atkv. til nefndar, eins og jeg ætla að gera. (ÁÁ: Þetta er óskylt mál.) Hv. þm. (ÁÁ) má kalla þetta hvað sem hann vill, en við erum sammála um, að þessu megi breyta, og má því ætla, að hann gangi ekki í berhögg við sjálfan sig, með því að hafa á móti því, að þessi hlið málsins verði athuguð í nefnd. En það vil jeg segja hv. nefnd, sem frv. fær til meðferðar, að mitt atkvæði gildir ekki lengur en til 2. umr., ef jeg verð ekki ánægður með frv., eins og nefndin skilar því frá sjer.

Hverjum manni ætti að vera það ljóst, hversu mikil þörf er hjer ríkislögreglu eða varalögreglu, þó ekki komi til, að grípa þurfi daglega til hennar. Lögregluvaldið þarf að geta gripið til manna sjer til aðstoðar, sem hafa fengið æfingu í öllum þeim listum, sem lögreglumenn þurfa að kunna, manna, sem kunna að fara með verkfæri þau og vopn, sem lögreglu eru nauðsynleg. Þetta er fyrst og fremst nauðsyn vegna virðingar þeirrar, sem skylt er að bera fyrir lögreglunni. Því við hvað á ríkisvaldið að styðjast, ef það er talin sjálfsögð dygð, að sýna lögreglunni litilsvirðingu? Það er rjett, að til varalögreglu mun sjaldan, eða vonandi aldrei, þurfa að grípa gegn innlendum mönnum, og legg jeg því ekki mikla áherslu á þessa hlið málsins. Landsmenn eru yfirleitt friðsamt fólk, og þó að þeim kunni á stundum að renna í skap, svo að lögreglan þurfi að skakka leikinn, þá hljótast ekki af því mannvíg eða ilska, enda þekkir hjer nálega hver maður annan. En gagnvart útlendingum er full nauðsyn ríkislögreglu, til þess að þeir beri virðingu fyrir löggæslu landsins. Menn geta ímyndað sjer, hvort útlendir togaraskipstjórar myndu leyfa sjer að taka formann strandvarnarbáts, og jafnvel sýslumann, og flytja þá til útlanda, eins og ekkert væri, ef þeir bæru snefil af virðingu fyrir löggæslu þessa lands. Vernd sú, sem við njótum undir verndarvæng breska heimsveldisins, eins og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) orðaði það, verður harla litils virði, þegar ofstopafullir og ólöghlýðnir þegnar þessa heimsveldis sækja okkur heim.

Hvað á að gera, ef 20—30 útlendingar, þó engin hafi vopn, önnur en skammbyssur, koma hingað, bregða sjer upp í stjórnarráð og vísa landsstjórninni á

dyr? Hvar á almenningur þá að leita verndar? Ef til vill hjá þessum 14 lögreglumönnum, sem til eru í Reykjavík og hafa verið barðir sundur og saman? Eða ætla menn að ganga á hólm við vopnaða ofstopamenn með lófunum einum, eða jafnvel hendur í vösum? Nei, það, að erlendar þjóðir viti, að slíkt gæti komið fyrir í sjálfstæðu ríki, er ekki til þess fallið að vekja traust á landinu eða verða því til álitsauka. Og það er víst, að enginn græðir á slíku ástandi, hvorki auðvaldið, sem svo er kallað, nje því síður allur almenningur. Því er ekki hægt að neita, að nokkrir menn gætu komið og „annekterað" landið með lítilfjörlegum byssuhólkum að vopnum, ef ekki er ríkislögregla til varnar. Auðvitað má vel vera, að einhverjir trúi því, að drottinn almáttugur komi þessari þjóð sjerstaklega til varnar, ef í nauðir rekur, en enga von hefi jeg um það. Í styrjöldinni miklu ákölluðu allar þjóðir drottinn og báðu hann um hjálp, til þess að drepa sem allra flesta óvinanna. Það varð nú ekki annað sjeð, en að allir fengju þessar óskir uppfyltar, eða a. m. k. gekk öllum vel að myrða fjandmennina.

Það má að vísu vel vera, að þeir frelsisgarpar, sem hæst tala á móti ríkislögreglu, ætli sjer að hlaupa til dönsku strandvarnabátanna, sem hjer eru, og biðja þá um hjálp, ef eitthvað blæs á móti. En það hefir bara aldrei verið svo um samið, að Danir ættu að veita okkur slíka hjálp, og því ekki að vita, hvort þeir kærðu sig nokkuð um það.

Nei, við eigum sjálfir að sjá okkur fyrir nauðsynlegum lögreglustyrk, enda er sjálfs höndin hollust, þar sem annarsstaðar. Það væri viturlegra en að þurfa að hlaupa um borð í erlend skip og biðja um hjálp, ef til þess kæmi, að hin reglulega lögregla fengi ekki við neitt ráðið.

Yfirleitt er mjer alveg óskiljanlegur allur þessi blástur út af þessu máli, sem ekki er beint gegn neinum ákveðnum mönnum eða flokkum, heldur á aðeins að sýna, að vernd ríkisins sje einhvers virði. Ríkislögreglan á að sýna mönnum, að það er holt að vera góður þegn, en ilt að vera illur þegn. — Að öðru leyti mun jeg ekki skifta mjer frekar af þessum umr.

Jón Kjartansson: Að svo stöddu vil jeg ekki blanda Ólafsmálinu svokallaða inn í umr. þessar, þó að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) gæfi tilefni til þess. Annars þykir mjer nokkuð undarleg framkoma þessa hv. þm. (ÁÁ) og hv. þm. Str. (TrÞ) í máli þessu. Hv. þm. Str. gaf fyllilega í skyn, að nú væri engin þörf á varalögregluliði, a. m. k. í Reykjavík, *af því að sá fulltrúi lögreglustjóra, sem var*, þegar Ólafsmálin voru á ferðinni, væri nú látinn af þeim starfa. Hann vildi m. ö. o. kenna mjer um það, að nokkurntíma hafi orðið þörf á varalögreglu hjer í bænum. Og nú kemur hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og segir, að mál þetta verði leyst með því einu, að núverandi lögreglustjóra Reykjavíkur verði vikið frá embætti.

Það er ekki ný bóla, að menn heyri slíkar dylgjur um ágætustu embættismenn þjóðarinnar, en þó er það í meira lagi óviðkunnanlegt, að þeim sje kastað fram hjer í þingsalnum, alveg órökstuddum.

Það gæti annars orðið mörgum hv. þm. lærdómsrík lexía, ef þeim væri bent á, hvernig framkoma borgaranna er oft og tíðum, þegar þeir eru kvadd-

ir til að gegna skyldu sinni og koma lögreglunni til hjálpar. Og það má læra margt í þessu efni, einmitt af hinu margumtalaða Ólafsmáli. Þá var mjer t. d. sagt, að núverandi hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefði boðist til þess að gerast sjálfboðaliði, til styrktar lögreglunni. Hvort hann hefir síðar fengið skipun um að ganga í aðstoðarlögregluliðið, sem þá var stofnað, eða ekki, er mjer ókunnugt, en hitt er víst, að hann kom ekki á hólminn, þegar til kom. (ÁÁ: Jeg bauðst ekki að gerast sjálfboðaliði, og fjekk heldur enga skipun.) Jeg sel sögu þessa ekki dýrari en jeg keypti hana, en framkoma ýmissa annara borgara var þá, sem oftar, mjög svipuð þessu. Það vill sem sje oft brenna við, að menn eru nógu fúsir á að siga lögreglunni til hvers sem vera skal, en eru svo öllu seinni á sjer að koma henni til aðstoðar, þegar á herðir og þeir eru til kvaddir, sem þó er borgaraleg skylda hvers manns. Þetta kom einmitt svo ofur-glögglega í ljós í Ólafsmálinu. Og þá kom einnig annar agnúi á núverandi fyrirkomulagi í ljós, en hann var sá, að aðstoðarmenn lögreglunnar höfðu engin einkenni, svo að þeir, sem voru tregir til fylgdar, gátu með hægu móti skotið sjer bak við mannfjöldann og látið sem ekkert væri. Það er svo sem auðvitað mál, að flestir kjósa helst að sitja hjá, þegar slík tilfelli koma fyrir. Svona gæti jeg nefnt mörg dæmi.

Þó ekki sje nema um viðureign lögreglunnar við drukna menn að ræða, þá eru þess dæmi, að borgararnir hafi ánægju af að horfa á, að lögreglan væri ofurliði borin, án þess að hafast nokkuð að til hjálpar. Svona er aðstaða lögreglunnar nú, og lægi nær, að menn lærðu að hjálpa henni, þegar þörf krefur, en að kasta hnútum að mönnum, sem altaf gera skyldu sína. Jeg þekki alla lögreglumenn Reykjavíkur og veit, að þeir gera altaf skyldu sína. (ÁÁ: Það var forsætisráðherra, en ekki jeg, sem setti nýjan lögreglustjóra í Ólafsmálinu.) Mjer skildist á hv. þm. (ÁÁ), að hann teldi mál þetta leyst með því, að víkja lögreglustjóra Reykjavíkur frá embætti og fá öðrum það í hendur.

Hv. þm. (ÁÁ) var að bera saman aðstöðu lögreglunnar hjer og í öðrum löndum. En hver er munurinn? Hjer í Reykjavík er 14 manna lögreglusveit, sem hefir ekkert fast lið að baki sjer og á undir högg að sækja, að borgararnir veiti henni þá aðstoð, sem þeim þó ber skylda til. Erlendis eru lögregluveitirnar margfalt liðsterkari og hafa þó ætíð örugt lið að baki, ef í harðbakka slær. Þetta er mikill munur. Aðstaða lögreglunnar hjer þolir engan samanburð við aðstöðu hennar víðasthvar annarsstaðar.

Annars hygg jeg, að vart muni hægt að fá betri lögreglustjóra en einmitt er nú hjer í Reykjavík, einkum með tilliti til þess, hversu lögregluþjónarnir eru fáir og eiga erfiða aðstöðu. Þegar svo er ásatt, verður lögreglan að keppa að því, að stilla til friðar í hverju máli; hún verður að forðast alt, sem getur orsakað óeirðir. Hún verður þá oft að ganga lengra til þess að halda friðnum heldur en hún mundi annars gera, ef hún hefði öflugt lið. Væri liðið öflugt, mundi hún oft láta skríða fyr til skarar og bæla niður með valdi allar tilraunir til slíkra óeirða.

Áður en jeg sest niður, vil jeg undirstrika það, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði,

að það er alls ekki aðalatriðið, að þetta frv. gangi fram eins og það er. Jeg tel nauðsynlegt að breyta því. En mjer finst sjálfsagt, að það gangi til nefndar og fái þar að athugast til hlítar. Jeg álít það skyldu þingsins. Að lögregluvaldið í landinu sje trygt og örugt, er stórmál, sem varðar alla þjóðina.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend upp vegna þess, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) var að lýsa eftir afstöðu þm. Reykjavíkur og annara kaupstaða-þingmanna til þessa máls. Jeg held, þar sem jeg er 1. þm. Reykvíkinga, að það standi næst mjer að svara.

Hv. þm. tók sjer leyfi til að segja það, að ef við, kaupstaða-þingmenn, ekki ljetum í ljós hjer í hv. deild fylgi við þetta frv., ætlaði hann að líta svo á, að við værum því ekki sinnandi. Þegar jeg heyrði hv. þm. segja þetta, datt mjer ekkert annað í hug, en að hann hefði gleymt, hvar hann er staddur, og mint, að hann væri suður í kenslustofu í kennaraskólanum. Þar hefir hann máske þennan rjett, að ef einhver ekki svarar, megi hann leggja fyrirfram ákveðinn skilning í þögnina. Hjer í hv. deild hefir hv. þm. ekkert slíkt vald. Við erum fullkomlega einráðir um það, hvort við tökum til máls til þess að mæla með svo sjálfsögðu máli eða ekki. Jeg verð að segja, að við erum ekkert lakari þingmenn, þó við stöndum ekki upp hver á eftir öðrum — eins og sumir úr Framsóknarflokknum hafa gert í þessu máli — og spinnum lopann klukkutímum saman að þarflausu. En hv. þm. (ÁÁ) segi jeg það, að hann hefir engan rjett til að byggja sjer neina skoðun um okkur kaupstaða-þingmenn á því, hvort við tökum til máls við 1. umr. málsins eða ekki.

Úr því jeg er staðinn upp, ætla jeg að minnast ofurlítið á atburð, sem gerðist hjer fyrir 18 árum síðan, sem sýndi það, hvaða álit merkustu og mætustu lögfræðingar í landinu höfðu á þessu málefni. Það var þá verið að skifta bæjarfógetaembættinu hjer í Reykjavík, sem alt fram að þeim tíma hafði í sjer sameinuð 3 núverandi embætti, borgarstjóraembætti, bæjarfógetaembætti og lögreglustjóraembættið. Efnin voru ekki mikil, og þótti ýmsum kostnaðarsamt að ráðast í þetta. Jeg veit, að sá mæti maður, er jeg nú nefni, misvirðir það ekki, þó jeg segi skoðun hans á málinu — maðurinn er núverandi dómstjóri hæstarjettar, Kristján Jónsson, þá bæjarfulltrúi. Álit hans var, að bærinn ætti að fara fram á, að landið tæki að sjer kostnaðinn við lögregluna. Því það væri óeðlilegt, að löggæsla landsins væri sveitarstjórnarmál, eins og reyndar er enn í dag, að öðru leyti en því, að ríkið leggur til einn mann í hverju umdæmi og greiðir honum mjög lítilfjörlega þóknun — einn hreppstjóra í hverja sveit á landinu. Hann sagðist álíta, að fyrsta skylda hvers ríkis væri að sjá um að halda uppi lögum ríkisins og greiða kostnað við það. Bæjarstjórnin gerði samþykt um þetta, að landið tæki að sjer kostnað við lögregluna, en ekki hefir af því orðið. Jeg er ekki að kvarta fyrir mitt kjördæmi, þó það borgi kostnaðinn eins og aðrir kaupstaðir. En jeg verð að segja, að mig stórfurðar á því, eins og hv. þm. Dala. (BJ), að þegar fram kemur meinlaus tillaga um það, að ríkisvaldið auki dálítið við, til að tryggja lögreglulið sveitafjelaga og

kaupstaða, þá er risið upp móti því með klukkutímalöngum ræðum, hverri eftir annari, rjett eins og farið sje fram á einhverja óhæfu, sem sje algerlega nýmæli í veröldinni. Jeg get ekki annað sjeð en það sje öldungis eðlilegt og sjálfsagt, að eftir að þetta land er orðið sjálfstætt ríki, verði það að koma upp einhverju því valdi, sem komi í staðinn fyrir það vald, sem áður var, ef í harðbakka sló, meðan við vorum í nánu sambandi við annað ríki. Þá höfðum við vald þess ríkið að að hverfa og til að kalla, ef á þyrfti að halda. Nú er þetta ekki lengur. Nú verðum við að vera sjálfum okkur nógir á þessu sviði eins og öðrum. Undarlegur er hugsunarháttur þeirra manna, sem ekki vilja líta við tillögum um, að skipulag komist á þessi mál á fremur einfaldan og kostnaðarlítinn hátt fyrir ríkissjóð.

Jeg geri ráð fyrir, að óþarft sje að ræða frv. mikið við 1. umr., geng að því alveg vísu, að því verði vísað til 2. umr. og til nefndar. En jeg vil þó minnast örlítið á fjárhagsatriði málsins, ekki til þess að gefa hv. nefnd neinar leiðbeiningar um það, því jeg efast ekki um, að hún sje þess vel fær, að sníða þessu þann stakk, að hvorki sje ríkissjóði ofviða kostnaðurinn eða tillögurnar rýrðar, svo að gagnslausar verði. Við fyrri hluta þessarar umræðu hafa heyrst alveg fáráanlegar tölur frá hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Sá fyrnefndi var með 1 milj., en hinn með 2 milj., meira að segja sem árlegan kostnað við að framkvæma þetta frv. Jeg hjelt, að við, sem sæti eigum í þessum sal, væru allir vaxnir upp úr því, að bera fram aðrar eins öfgar. Vildi jeg benda hv. 2. þm. Reykv. á það, að þýði svona tölur nokkuð, þá hljóta þær að þýða það, hvernig hann og hans flokkur mundi vilja framkvæma slík mál, ef þeir sætu við stjórn og heimildin væri þeim í hendur fengin. Annað getur það ekki þýtt.

Jeg er ekki í nokkrum vafa um, að þetta mál vakir, þangað til á því fæst viðunanleg lausn, hvort sem það verður í tíð þessarar stjórnar eða ekki. Kæmi mjer ekki óvart, þótt forlögin ættu eftir að leika þann kímileik með hv. andstæðinga málsins, að þau legðu þeim á herðar framkvæmd þessa máls. En mjer er ant um fjárhag ríkissjóðs, og vil jeg því biðja þessa flokkaforkólfa — lendi þetta á þeirra herðum — að yfirgefa þessar öfgafullu fyrirætlanir, sem þeir hafa lýst með sínum óskaplegu tölum.

Jakob Möller: Það er þannig ástatt um mína afstöðu til þessa máls, að þó jeg að vísu vilji ekki neita því, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að nauðsyn væri á því, að styrkja lögregluvaldið í landinu, þá held jeg, að þetta mál, eins og það er borið fram og eins og það er rökstutt, sje tæplega tímabært. Það hefir snúist þannig í höndum hæstv. stjórnar, að jeg tel litla von um, að framgangur þess geti orðið til þess að tryggja frið í landinu. Jeg er fullkomlega sammála hv. þm. Dala. (BJ), að ríkislögregla eða aukning lögreglu — sem jeg tel nauðsynlega — hún eigi alls ekki að vera stofnuð frekar gegn einni en annari stjett í landinu. En hæstv. stjórn hefir nú tekist svo óhönduglega með framburð málsins, að það er trú mikils hluta landsmanna, að þessi varalögregla eigi að stofnast til höfuðs vissri stjett. Ekki aðeins vegna þess, sem í frv. felst, heldur hafa hjá formælanda frv. fallið

þau orð, sem ómögulegt er að skilja á annan veg. Því þegar hann er að leiða rök að því, hve nauðsynlegt sje að styrkja lögregluvaldið í landinu, vitnar hann til atburðar, sem sannar, að hann hefir haft í huga, að mest knýjandi nauðsyn til þessa væri að hafa hemil á vissum stjettum í landinu. Meðan hæstv. stjórn hefir ekki gert sjer sanngjarnari grein fyrir þörf varalögreglu eða borið gæfu til að bera frv. fram á haganlegri hátt en hún hefir gert, held jeg, að málið sje ekki tímabært og eigi alls ekkert erindi til nefndar.

Þegar sá atburður varð, sem bent var á sem fyrstu sönnun fyrir nauðsyn varalögreglu, var hæstv. forsrh. (JM) líka forsætiráðherra. Ef hann hefði komið með frv. þá á næsta þingi, þá hefði það legið öðruvísi fyrir. En þegar frv. kemur nú, fyrst og fremst sem afleiðing síðari ára viðburða, sem hæstv. forsrh. hefir getið, þá verð jeg að kalla það óheppilega valinn tíma fyrir frv.

Hv. þm. Dala. (BJ) talaði um nauðsyn þess, að styrkja lögregluvaldið til þess að efla virðingu annara þjóða fyrir lögreglu landsins. Það er nauðsynlegt, að aðrar þjóðir beri virðingu fyrir lögreglu landsins. En það er miklu nauðsynlegra, að þjóðirnar beri virðingu fyrir því, hvernig haldið er uppi lögum landsins að öðru leyti, ekki síst gagnvart annara þjóða mönnum. Hvernig hefir nú hæstv. stjórn tekist að halda uppi lögum landsins gagnvart þeim? Á meðan stjórn ríkisins lætur það óátalið, þegar erlendir menn gera sig seka í tvímælalausum glæp gagnvart landsmönnum, án þess hún hreyfi hönd eða fingur til að koma fram refsingu, held jeg, að ekki sje ástæða til, að fá henni í hendur aukna lögreglu. Jeg skoða hana ekki færa um að takast þann vanda á hendur að stjórna þeirri lögreglu. Þessvegna greiði jeg atkvæði á móti því, að frv. fari til 2. umr.

Forsætisráðherra (JM): Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) virtist álíta það höfuðgalla á þessu máli, að frv. þetta hefir ekki verið borið undir þjóðina.

Jeg hefi aldrei heyrt það fært sem ástæðu móti máli á þingi, að ekki væri búið að ræða það á þingmálafundum. Aldrei held jeg, að jeg hafi heyrt þm. ganga lengra í því að skjalla kjósendur, að ekki megi hreyfa sig með nokkurt stórmál fyr en búið er að taka það til athugunar á þingmálafundum. Aftur á móti hefi jeg oft heyrt, að ekki megi ráða slíkum málum til lykta fyrri. (**ÁÁ:** Þetta er einmitt það, sem jeg sagði.) Þessi þjóðarvilji, sem maður heyrir svo oft nefndan, er, eins og Matthías segir, það, sem margir tala um, en fáir skilja. Ef þjóðarviljinn væri móti þessu frv., með þeim skilningi, sem jeg legg í það, þá er málinu nokkuð hætt. En mótmælin frá verkamönnum sanna ekkert í þessu efni, nema það, að þeir vilja ekki hafa hjer vopnað herlið. Þau sanna alls ekki, að þeir sjeu því mótfallnir, að bætt sje við lögreglu landsins.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) var að finna það að frv., að gert sje ráð fyrir, að varalögregla geti komið í hverjum kaupstað. En það stendur í frv.: „eftir því, sem verður við komið". Jeg sagði í fyrri ræðu minni, að jeg hjeldi ekki að þyrfti nauðsynlega að auka lögreglulið annarsstaðar en í Reykjavík og ef til vill á Siglufirði. Jeg kannast því alls ekki við þessa „vendingu", sem hv. þm. talaði um og taldi eiga rót sína í því, að þm. annara kaupstaða hefðu ekki álitið

slika lögreglu nauðsynlega í sínu kjördæmi. Jeg get sagt hv. þm. það, að jeg hefi alls ekki átt tal við þá um þetta, vegna þess, að jeg bjóst við, að lögreglu þyrfti að styrkja fyrst og fremst í Reykjavík, og, eins og annað aðalblað Framsóknarflokksins hefir sagt: á Siglufirði. Það er því ekki rjett, að jeg hafi fallið frá neinu.

Hv. þm. kvað ekki þurfa annað en banna útsölu víns, og spurði, hvernig farið hefði um málið, sem rætt var í fyrra, hvort stjórnin vildi ekki leggja niður vínsölu á Siglufirði, og hvort stjórnin mundi geta fallist á það, að hafa aðeins einn vínsölustað í hverjum landsfjórðungi. Hv. þm. hlýtur að vita, að það er hvergi gert ráð fyrir að hafa vínsölu annarsstaðar en í kaupstöðum, en á hinn bóginn í þeim öllum. Jeg hefi lýst því yfir áður, að jeg treysti mjer ekki til að láta leggja niður vínsöluna á Siglufirði.

Hv. þm. talaði um það, að engin beiðni eða áskorun lægi fyrir frá bæjarstjórn Reykjavíkur um að auka lögregluliðið. Það er rjett. Engin bein áskorun hefir komið fram um að stofna varalögreglulið, eins og farið er fram á hjer, en beiðni hefir komið frá bæjarstjórn Reykjavíkur um það, að ríkissjóður legði fram fje til aukningar lögreglu.

Jeg hefi áður sagt það, að það er ekki beinlínis þetta frv., sem jeg er að tala fyrir, heldur það markmið, sem jeg vildi ná með frv.: að efla lögregluna.

Hv. þm. (ÁÁ) hafði heldur hófleg ummæli í ræðu sinni og talaði að nokkru leyti á þeim grundvelli, er jeg bygði á í fyrri ræðu minni. Þó tók hann gönuhlaup, þegar hann fór að tala um heráhlaup, ræningja o. s. frv. Orðið „lögregla“ er svo þekt, og allir menn vita, hvað með því er meint, að það er furðulegt að misskilja frv. á þann hátt, að hjer sje farið fram á her. Hjer hefir, sjálfsagt af ráðnum huga, verið lagður í frv. allur annar skilningur en leyfilegt var. Á Norðurlöndum er, að því er jeg þekki til, lögregla alls ekki vopnuð, nema ef einstakir lögregluþjónar eru sendir til að handsama hættulega menn. Það hefir því frá upphafi verið rangt og óleyfilegt að leggja þann skilning í frv., sem ýmsir hv. þm. hafa þó leyft sjer. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um það, að jeg væri að halda uppi vörn fyrir frv. Já, að vísu. En jeg hefi margtekið það fram, að jeg haldi ekki fast á frv. á þann hátt, að það þurfi endilega að verða samþykt óbreytt. Jeg legg aðaláhersluna á, að reynt sje að ná því takmarki, er til er ætlast með frv.

Þá þótti mjer hv. þm. (ÁÁ) gera nógu mikið úr því, að við hefðum hreiðrað oss undir vængjum arnarins. Jeg held, að við höfum aldrei kært okkur um það, að treysta mjög mikið á vernd annara sterkari þjóða, enda vill það reynast sumum þjóðum nógu dýrt.

Hv. þm. (ÁÁ) sagði, og bar mig fyrir því, að uppþotið 1921 væri aðalástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði ekki annað en það, að sú reynsla, sem þá hefði fengist um það, að lögreglan væri ónóg, væri meðal annars orsök til þess, að frv. væri fram komið. Ástandið væri þannig. Það hefði sýnt sig. Og jeg nefndi nýleg dæmi þess, að lögreglan væri vanmegna, ef nokkuð bæri út af verulega.

Hv. þm. (ÁÁ) talaði líka um það, hvað sú heimild væri rúm, sem lögin veittu stjórninni, og taldi, að það hefði

meðal annars vakið andúð gegn þeim. Mintist hann í því sambandi á málalið. Jeg held nú, að ef einhver lærisveinn hans hefði talað um málalið í líku sambandi, þá hefði hann fengið slæma einkunn. Málalið fær mála, en hjer er ekki um neinn mála að ræða. Það hafa fleiri hv. þm. talað um þessa rúmu heimild, eins og aldrei hefði þekst slíkt í lögum hjá okkur. En það er öðru nær. Jeg get mint hv. þm. á mörg lög, sem sett voru á stríðsárunum, þar sem stjórninni var gefið svo að segja vald yfir öllum eignum landsmanna. Henni var t. d. heimilað að kaupa skip fyrir margar miljónir kr. Jeg get líka nefnt önnur lög, sem hafa gefið stjórninni miklu meira vald en þetta, t. d. brúalög, sem heimila stjórninni að byggja brýr fyrir margar miljónir, húsabyggingalög, sem heimila henni að byggja hús fyrir fjölda miljóna kr., takmarkalaust. Líka lög, sem heimila stjórninni að láta leggja síma fyrir margar miljónir kr. — alt utan fjárlaga. Þá vil jeg líka minna á það, að ekki er langt síðan að ekki síst hv. Framsóknarflokkur vildi láta þingið samþykkja lög um að gefa stjórninni heimild til að byggja vita fyrir margar miljónir kr., alt fyrir lán og utan fjárlaga. Það þýðir því ekki að segja, að það sje óþekt, að veitt sje jafn-víðtæk heimild og sú, er felst í þessu frv.

En það, sem er örðugast í þessu máli, er það, að vera neyddur til þess að tala um atriði, sem ekki á að þurfa að vera ræða við þessa umræðu, því að það, sem finna má að frv. nú, stendur til bóta við meðferð þingsins, svo að hjer er í rauninni ekki um annað að ræða en það, hvort menn vilji efla lögregluna nokkuð eða ekki. Þeir, sem eru því mótfallnir, verða á móti frv., en hinir, og þar á meðal hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem vilja einhverja breytingu á skipun lögregluliðsins, t. d. skifting þess í toll- og lög-gæslu, ættu að lofa frv. að ganga til nefndar, til íhugunar og þeirra bóta, sem þeir telja þurfa, svo að þeir geti ljeð því endanlegt atkvæði sitt til fullrar samþyktar.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) fer í rauninni miklu lengra en jeg í vopnaburði. Mjer skildist, að hann ekki hafa neitt á móti því, að atvinnulögreglan, sem hann kallaði, bæri vopn, og eins þeir, sem strandvarnir hafa nú.

Jeg held, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hafi beint til mín fyrirspurn um það, hvernig á því hefði staðið í uppþotinu 1921, að lögreglan kom ekki fram vilja sínum (þ. e. í fyrra skiftið), og hvort lögreglan hefði þá gert skyldu sína. Jeg var ekki í bænum þann dag, sem uppþotið var, og get því ekki um þetta sagt af eigin sjón eða raun, en örðugt að dæma um slíka hluti eftir sögusögn annara, og dómur almennings löngum óábyggilegur um þesshátt atburði, þar sem hiti er á báðar hliðar. Jeg sagði það áður og segi það enn, að ástæðan til þess, að ekki varð framkvæmd á í fyrra skiftið að taka drenginn, var að minni skoðun sú, að lögreglan var of fámenn. Hana vantaði það öryggi, sem því fylgir, að vita af styrkleika sínum. Líka verður að taka tillit til þess, að mikil æsing var í mönnum, eins og oft vill verða, þegar þannig lagaðir atburðir koma fyrir. Jeg játa það, að um það var talað þá hjer í bænum, að lögreglan hefði ekki verið nógu einbeitt. En jeg hefi komist á þá skoðun síðan, og held að það sje rjett álitið, að ekki hafi átt að ganga frekar fram af hálfu lögreglunnar en gert var í fyrra

skiftið, vegna þess, hve fámenn hún var. Jeg álít enga ástæðu til þess að segja um lögreglustjóra, að hann hafi ekki gert skyldu sína þá, eins og ætíð endranær. Og það var alls ekki af því, að lögreglustjóra væri vantreyst, að annar maður var fenginn til þess að vera fyrir því liði, sem kvatt var til hjálpar lögreglunni, heldur vildu þeir, sem í þann flokk gengu, hafa sjerstakan foringja. Það er því alls ekki rjett, að lögreglustjóri hafi þá verið settur af, heldur var skipaður varalögreglustjóri honum til aðstoðar. Jeg get annars sagt hv. þm. (ÁÁ), að það mun vera næsta sjaldgæft, að lögreglustjóri, sem hefir jafn-umfangsmiklum störfum að gegna, fari sjálfur út til þess að sefa svona uppþot. Og þó að lögreglustjóraembættinu yrði skift, yrði erfitt að fá lögreglustjóra, sem ekki hefði meiri eða minni skrifstofustörf. Þótt núverandi lögreglustjóraembætti væri skift, þyrfti lögreglustjórinn nýi eflaust að vera lögfræðingur. En til þess út af fyrir sig að stjórna varaliðinu þarf ekki lögfræðing. En það mætti máske skifta embættinu, og fá lögreglustjóra æðsta vald yfir varalögreglunni, ef það þætti hentara, og eins mætti ganga svo frá, að liðið væri valið af lögreglustjóra.

Eins og jeg hefi oft tekið fram, er jeg fús til samvinnu um allar breytingar á frv., sem horfa til samkomulags, stefna að því marki, er frv. gerir, og hægt er að framkvæma vegna kostnaðar. En um hitt þykir mjer kenna óþarfa hræðslu, ef menn vilja fella frv. þegar, án þess að lofa þinginu að athuga það rólega í nefnd.

Jeg álít ekki nægilegt að skifta lögregluliðinu í tollgæslu og löggæslu. Hjer þarf meiri breytinga við. Og hv. þm. (ÁÁ) athugar ekki, eða vill ekki athuga, að við stöndum í raun og veru á sama grundvelli. Jeg óska eftir því, að lögreglan sje styrkt. Hv. þm. vill það líka, þó að hann sje ekki með því, að það sje gert á þann hátt, sem jeg legg til í frv. Jeg veit, að hv. þm. talar hjer um vopn, bara af því að hann hefir gaman af að heyra sína eigin mælsku, því að í frv. er alls ekki gert ráð fyrir neinum vopnaburði.

Þá komst hv. þm. (ÁÁ) inn á að tala um kaupdeilur í sambandi við frv., og sagði, að í þeim málum yrði að nota lögregluvald með gætni. Jeg held, að það sje nú svo viðurkent um allan heim, að það ætti ekki að þurfa að minna á slíkt hjer í þingsalnum. Jeg veit ekki, hvað skaðsamlegra er en það, ef einstökum stjettum gæfist ástæða til þess að álíta opinberu valdi beint á móti sjer í slíkum málum. Mjer þótti því vænt um, er hv. þm. sagði, að lögreglan ætti ekki annað að gera en það, að varna því, að óeirðir yrðu út af kaupdeilum. Það á hún að gera. Og ef einhver aðili biður um lögregluvernd undir þeim kringumstæðum, þá á ekki að hlaupa til í neinu fljótræði. Hjer erum við hv. þm. (ÁÁ) samdóma, svo það er óþarfi að tala frekar um slíkt. Mín stefna með þessu frv. er sú sama og hann ljet í ljós, sem sje sú, að setja fasta embættislögreglu við hliðina á atvinnulögreglunni, sem aðeins sje notuð eftir tillögum lögreglustjóra, en ekki að stjórnin hafi neitt með hana að gera. En hvað snertir lög um milligöngu eða gerðardóm í sama augnamiði og í öðrum löndum, þá er jeg ekki eins vongóður og hv. þm. (ÁÁ), að auðið sje

með sliku að setja niður allar deilur. Það hefir oft sýnt sig, að sáttasemjarar hafa ekki komið miklu til leiðar.

Hv. þm. sagðist ekki treysta mikið á lögreglu í þessu efni, heldur á innræti manna og þegnskap. En því þá að hafa nokkra lögreglu? Ætli það stafi ekki af því, að mönnum hafi reynst framferði borgaranna misbrestasamt og þörf á lögreglu, að hún er talin nauðsynleg í öllum siðuðum löndum?

Hv. þm. (ÁÁ) talaði oft stillilega, en þó stundum af nokkurri æsingu. Jeg tek það fram, að sumir hv. þm. hafa talað af meiri æsingu móti þessu frv. en sjálfir jafnaðarmenn, sem þeir þó telja, að frv. sje einkum stefnt að. Hjer hefir jafnvel verið talað um það, að setja stjórnina af fyrir að flytja frv. þetta. Jeg hefi nú lesið það, sem skrifað hefir verið í Alþýðublaðið um málið, og fyrir utan skraf þess um vopnaburð o. s. frv., þá hefir það rætt málið af miklu meiri stillingu en hv. þm. Str. (TrÞ) og jafnvel hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ).

Hv. þm. (ÁÁ) sagði, að „demokratisk" þjóð gæti ekki notað slíkt fyrirkomulag sem frv. gerir ráð fyrir. Jeg sje nú ekki, hvað slíkt kemur „demokrati" við. Jeg held, að slíkar þjóðir hafi löngum notað lögreglulið og jafnvel herlið. Annars væri gott að fá skýringu á því, við hvað hv. þm. á með þessu sjerstaka „demokrati".

Hv. þm. (ÁÁ) talaði um ofstjórn, sem alstaðar snerist í óstjórn. Við Íslendingar höfum að þessu ekki þolað mikil harmkvæli af völdum ofstjórnar, hvað sem verða kann, þegar tímar líða.

Hv. þm. Dala. (BJ) talaði um það, og eins hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að það væri kanske rjettast og best, að skifta lögreglustjóraembættinu og láta nýja lögreglustjórann fá meira lið. Jeg get vel fallist á, að þetta megi athuga í nefnd, ef frv. kemst svo langt.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) töluðu um, að það væri ekki tímabært að bera fram þetta frv. nú. Sjerstaklega lagði hv. 3. þm. Reykv. áherslu á þetta, en jeg hefi ekki fengið rök fyrir hversvegna. Það hefði þá átt að gerast af þessari stjórn 1922. Það er nú vitanlegt, að jeg var ekki einu sinni þingmaður þá, og auk þess var fyrirsjáanlegt, að jeg yrði þá á þinginu að láta af stjórn, svo að það er dálítið ósanngjarnt að bregða mjer um, að hafa ekki borið frv. fram þá. Ef frv. ætti að vera borið fram aðeins vegna atburðarins 1921, þá er ekki hægt að bera mjer á brýn, að það komi of seint, þar sem þetta er fyrsta þingið síðan 1922, sem jeg bý lagafrumvörp undir þing. En hvað það snertir, að þetta hefði átt að bera fram á öðrum tíma, þá hefði líklega verið rjettast að bera fram eitthvert slíkt frv. þegar eftir 1918, þegar sambandslögin voru gerð. En það var ekki gert þá, og þýðir ekki að fást um það hjeðan af.

Mjer datt ekki annað í hug, úr því að þeir hv. þm. úr Framsóknarflokknum, sem hjer hafa talað, hafa lagt svo mikla áherslu á að leggjast á móti frv., en að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mundi fylgja þeim, svo að jeg kippi mjer ekkert upp við það. En jeg hjelt, að hann færi ekki að ráðast svona tilefnislaust á stjórnina. Jeg hjelt, að hann fyndi það band á sjer, af sínu veglega embætti, að hann færi ekki að ástæðulausu að hefja harðar árásir á stjórnina.

Jakob Möller: Hæstv. forsrh. (JM) var svo stuttorður í svari sínu til mín,

að mjer finst rjettast að svara strax, því sem hann sagði. Hann var stuttorður, en óvenjulega gagnorður. — En orð hans hafa ekki áhrif á mig. Það get jeg fullvissað hann um.

Út af því, sem hann sagði, að hann hefði ekki efast um, að jeg yrði á móti frv., af því að Framsóknarflokkurinn er það, þá er best, að jeg segi honum og hv. deild, að úr því að jeg hefi heyrt einn góðan og eindreginn stuðningsmann stjórnarinnar segja, að frv. þetta væri alveg eins og vitlaus maður hefði samið það, þá verður Íhaldið að virða mjer til vorkunnar, þó að jeg telji það ekki beinlínis skyldu mína að fleyta því til 2. umr.

Það má vel vera, að um einhverja skyldutilfinningu geti verið að ræða hjá stuðningsmönnum hæstv. stjórnar, þegar hæstv. forsrh. leggur fram slíkt frv. En gagnvart mjer á stjórnin engan rjett, hvorki siðferðislegan nje vegna stöðu minnar, til að krefjast þess, að jeg styðji þetta frv.

Að öðru leyti vil jeg minna hæstv. forsrh. á það, að hann hefir ekki svarað neinu af því, sem jeg sagði viðvíkjandi afstöðu minni, en hún er bygð á því, sem þessi flokksmaður hans sagði. (**BL:** Vill ekki hv. þm. nefna nafn þess manns?) Jeg skal segja hv. þm. Ak. það, en hjer nefni jeg það ekki. (**BL:** Svo það er þá ekki jeg.) Það er hvorki hv. þm. Ak., nje nokkur, sem hjer er inni.

En það, sem jeg vildi leggja áherslu á, er það, að þó að frv. væri þann veg úr garði gert, að það hefði mátt fara í nefnd, þá hefir hæstv. forsrh. tekist svo óhönduglega flutningurinn, að ómögulegt er að verjast þeirri hugsun, að til þessa sje stofnað gegn ákveðnum flokki. Þegar stjórninni, auk alls annars, ferst svo óhöndulega, finn jeg ekki hvöt hjá mjer til að bjarga frv. til 2. umr.

Jeg skil vel, að hæstv. forsrh. ætlaði að láta þessar tvær sprengjur nægja á mig. En hann veit vel, að jeg fylgi ekki Framsóknarflokknum í öllum málum, og það er líklegast, að þessar sprengjur springi framan í hann sjálfan.

Hitt veit jeg, að stjórnarflokkurinn ætlar að láta kúga sig til þess að koma þessu máli fram. — En jeg læt engan kúga mig, hvorki til þess nje annars.

Magnús Torfason: Jeg þykist vita, að jeg standi sjálfsagt upp í óþökk hæstv. dómsmálaráðherra.

Í svari sínu til hv. 3. þm. Reykv. ljet hann eins og hvíla ætti einhver bönd á hv. þm. (JakM) gagnvart stjórninni. Jeg get þá hugsað mjer, að hæstv. dómsmálaráðherra líti svo á, að jeg, sem heita skal einn af undirmönnum hans, ætti því fremur að láta vera að segja eitt orð, sem heitið gæti árás á stjórnina.

Jeg mótmæli algerlega slíkum skilningi.

Þegar jeg stend hjer sem þingmaður, er ekki valdsmaðurinn í mjer. Jeg vil hafa fult frjálsræði til að tala eins og hver embættislaus maður hefir.

Það sem gerði sjerstaklega, að jeg áleit mjer skylt að tala í þessu máli — enda þótt það geti ekki talist óviðeigandi, þar sem jeg er eini lögreglustjórinn í deildinni — var það, að hæstv. forsrh. brýndi einn þm. með því, að hann væri nokkurskonar trúníðingur, af því að hann hefði verið með aukinni lögreglu áður, en gæti ekki verið með þessu frv. nú.

Það stendur eins á fyrir mjer. Jeg hefi hrópað á aukna lögreglu, en engan byr fengið. Jeg vil láta auka lögregluna í landinu og að ríkið leggi eitthvað af mörkum til þess, en á annan hátt en þetta frv. gerir ráð fyrir. Jeg hefi óskað eftir, að tollgæslan í landinu væri styrkt, en við því hefir verið skelt skolleyrunum. Jeg lít svo á, að fá mætti talsverða varalögreglu innan þess flokks embættismanna, sem af ýmsum ástæðum eiga að vera til hjálpar, þegar eitthvað er á seyði. T. d. mætti gera tollþjónum að skyldu að vera í varalögregluliði, ef á þyrfti að halda. Ekkert lægi heldur nær en að nota brunaliðið, því sannreynt er, að ekkert lið er vænna til að stöðva uppþot. Í stórborgum ytra hafa menn hætt við að senda herlið á vettvang, en sent í þess stað brunalið með sprautur, og það hefir dugað. Þetta ætti hæstv. dómsmálaráðherra að gera.

Skal jeg svo snúa mjer að frv.

Verð jeg þá að byrja á því, að í munni hæstv. dómsmálaráðherra er eins og þetta sjeu tvö frumvörp. Fyrst kemur stóreflis fíll, og svo verður þetta að agnarlítilli mýflugu.

Þetta er nú sitthvað. En þó er hægt að sjá á aðalákvæðum frv., hvað meint er með því.

2. gr. byrjar þannig:

„Allir karlmenn, sem eru fullra 20 ára að aldri, en ekki yfir fimtugt, eru skyldir að ganga í varalögreglusveit þá, er í þeim kaupstað er, þar er þeir eiga heimili eða dvelja um tíma — —“.

Frv. er þá þannig úr garði gert, að það nær ekki aðeins til búsettra manna, heldur líka til þeirra, er dvelja um tíma í kaupstaðnum. Með öðrum orðum: Þeir hv. þingmenn, sem yngri eru en fimtugir, geta átt von á því, að verða dregnir í þessa varalögreglu hjer í Reykjavík. Það gæti verið gróflega þægilegt, ef svo stæði á í deildinni, að ylti á 1—2 atkv., t. d. ef vantraustsyfirlýsing væri á ferðinni. Hefði hæstv. dómsmálaráðherra, eins og hann lætur, ætlað að mynda þetta lið smámsaman, mundi t. d. hafa staðið í frv., að menn, sem væru 20—25 eða 30 ára, skyldu ganga í liðið. Þá væri líka öðru máli að gegna. Þetta er nóg til að sýna, að frv. skaut svo miklu lengra og hærra en dómsmálaráðherra vildi vera láta í ræðu sinni.

Jeg verð að vera alveg á móti þessum stóra flokki, af ástæðum, sem hjer hafa verið taldar í deildinni, og sem jeg tel fullnægjandi og nenni ekki að taka upp aftur. Jeg verð líka á móti 100 manna flokki, því hann yrði skoðaður sem klíkulið. Í stað þess að gera gagn, mundi hann vekja andstöðu og æsingar. Verkamenn mundu mynda varnarsamband og þetta svo hlaða utan um sig. Jeg er líka á móti þessu vegna þess, að þetta er algerður óþarfi. Jeg get lýst því yfir, að merkur Íhaldsmaður, sem jeg má ekki greina nafn á — til þess er enginn rjettur, nema með leyfi viðkomanda — hefir sagt mjer, að engin þörf væri á því að auka lögregluna í því skyni að standast verkmannasamtök, því að skipulag vinnuþiggjenda væri svo fast og örugt. Jeg get vel trúað þessu, enda er talsverð reynsla fyrir því. Móti þessu mælir ekki atvikið, sem gerðist á hafnarbakkanum.

Það, að lögreglan lá þá undir, var ekki af því, að ekki væri hægt að halda uppi rjetti. Góðir og greindir menn hafa sagt, að þeir, sem viðstaddir voru, hafi ekki v i l j a ð hjálpa henni. En af hvaða ástæðu? Af því að lögreglustjóri þessa bæjar þykir ekki vel til foringja fallinn

— að þeim mæta manni ólöstuðum, eins og síra Sigurður heitinn í Vigur var vanur að orða það. Þarna er ástæðan fyrir því, að frv. kemur fram og í þessari mynd.

Mál manna hjer er það, að ekkert þýði að styrkja lögregluna hjer, meðan núverandi lögreglustjóri hefir embættið. Því að hvað marga menn sem hann hefði, mundi hann altaf bíða ósigur.

Frv. ber þess líka ljósan vott, að þessi er ástæðan. — 3. gr. segir svo:

„Dómsmálaráðherra skipar forstöðumann varalögreglusveitar, eftir tillögum lögreglustjóra."

Hið eina vald, sem lögreglustjóri hefir, er þá að gera tillögur um, hver sje forstöðumaður. Honum er ekki ætlað að vera það.

Jeg sagði áðan, að jeg vildi styrkja tollgæsluna og daglega löggæslu. Við því er skelt skolleyrunum og ekkert gert. Fyrir því er líka ástæða. Það er vegna þess, að vitanlegt er, að mikill hluti lögbrjóta eru Íhaldsmenn og flokksmenn stjórnarinnar, og við þeim má ekki hreyfa. Þeim stendur á sama um þessi daglegu lögbrot; þótt einn og einn lögregluþjónn sje dreginn ofan í forina, það á svo sem að standa á sama. Af því er frv. sniðið svo. Varalögreglan á að vera gegn pólitiskum brotamönnum, en ekki daglegum lögbrjótum.

Þessvegna lít jeg svo á sem þetta sje eitthvert hið mesta skaðafrumvarp, sem fram hefir komið; það hefir kveikt mikinn eld og er að kveikja mikinn eld, sem ekki verður slöktur fyr en á bálkesti næsta kosningadags.

Eitt atriði enn er stórathugavert í máli þessu. Í 5. gr. er ákvæði um, að kostnað allan við framkvæmdir eftir lögum þessum skuli greiða úr ríkissjóði. Jeg sje ekki betur en að hjer eigi hreint og beint að hlunnfara Alþingi, með því að setja hjer upp stóra varalögreglu, og ekki spyrja þingið, hvað það vildi veita til þess. Annars hefði verið bætt við orðunum „samkvæmt fjárlögunum", eins og víða er gert í lögum.

Jeg verð að segja það, að mig furðaði mjög, er jeg sá framan í þetta frv., að hæstv. dómsmálaráðherra skyldi hafa gert það að sínu frv. Jeg sá líkt frv. í fyrra læðast hjer með bekkjum, og var þá á móti því, og sagði, að ekki kæmi til mála, að stjórnin ansaði slíku, að minsta kosti ekki meðan núverandi dómsmálaráðherra sæti við völd. Jeg vissi ekki, að hann væri svo hermannlega vaxinn. Er jeg sá frv., varð jeg hlessa á því, hve mikill mannrati jeg væri, að þekkja hann ekki betur en svo. En nú sje jeg merki þess, að jeg hefi þekt hann vel. Hann var ekki fyr búinn að opna munninn í deildinni en hann var kominn á harða flótta frá frv. Hann bjó sjer strax bakvígi í málinu og var þegar kominn út í ystu dyr þess. Þá þekki jeg hann. En þegar svo hæstv. dómsmálaráðherra fór að segja frá hrakförum lögreglunnar, datt mjer í hug, að sjaldan hefi jeg heyrt nokkura skýrslu láta eins mikið ósagt af því, sem þurfti að segja. Jeg efa það ekki, að sagan er sönn, svo langt sem hún náði, en jeg er viss um, að sjaldan hefir verið gefin út skýrsla, sem hefir gefið rangari mynd af því, sem hún átti að gefa. Undir þeirri þulu datt mjer í hug, hver myndi vera dýpsta ástæðan til þess, að hæstv. dómsmálaráðherra bar frv. fram. Áreiðanlega var eitthvað, sem knúði hann til þess. Ekki er hann vanur að hætta sjer um of, hæstv. dómsmálaráðherrann. Og þá, meðan rollan var upp lesin, fann

jeg, að dýpsta ástæðan var, að leiða hugann frá því, hvernig dómsmálastjórnin hefir farið honum úr hendi, sjerstaklega síðan hann síðast tók við völdum. Vjer vitum allir, að hún hefir orðið okkur til hneisu, ekki einungis inn á við, heldur hefir hún einnig valdið hneisu út á við. Og það verð jeg að segja, þótt jeg standi hjer við hliðina á hv. þm. Dala. (BJ), að ekkert tel jeg hættulegra sjálfstæði þessa unga ríkis en ef vjer fáum orð fyrir að geta ekki haldið uppi lögum og rjetti í okkar eigin landi, þótt aðeins sje við örfáa menn að eiga.

Það er enginn vafi á því, að mál þetta á ekkert erindi hingað, nema aðeins eitt: það, að seinka og spilla fyrir því, að hjer komist á stofn veruleg ríkislögregla. Þá fyrst, þegar þessi alda er fallin, sem reist var með frv., er tími til að tala um ríkislögreglu. Mín skoðun er sú, að fyrst og fremst eigi lögreglan hjer í landi að afla sjer virðingar með daglegri breytni sinni, og pólitísk lögregla standi í því sambandi við hana, að þýðingarlaust er að setja upp pólitíska lögreglu, ef hin daglega lögregla er ekki í heiðri höfð.

Loksins skal jeg lýsa því yfir, að jeg greiði ekki af hræðslu atkv. á móti þessu frv til nefndar. Heldur af hinu, að jeg er viss um, að það á ekkert annað erindi en að þvælast þar fyrir og tefja. Það kemst aldrei út úr þinginu.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. mars, var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 32).

Ásgeir Ásgeirsson: Háttv. þm. V.-Sk. (JK) tók sjer fyrir hendur að verja mann, sem ekki hefir verið ráðist á, og engin þörf var að verja. Því að það getur ekki talist skerðing á nokkurs manns æru, þó að sagt sje, að hann sje ekki vel til foringja fallinn. En það er öllum bæjarmönnum kunnugt, að núverandi lögreglustjóri hjer er það ekki. Og það er ennfremur öllum vitanlegt, að bæjarstjórnin hjer gerir engar endurbætur á lögreglunni, fyr en skift er um stjórn hennar. Það var því alger óþarfi fyrir háttv. þm. V.-Sk. (JK), að vera að reiðast sliku, og það því fremur, er jeg gat þess, sem er af öllum viðurkent, að þessi maður er til margra annara starfa stórvel fallinn, og einmitt þeirra starfa, þar sem hans er sjerstaklega þörf. Jeg þykist vita, að hann í hjarta sínu finni það sjálfur, að hann er ekki til lögregluforingja fallinn.

Þá fór þessi háttv. þm. að tala um hermanns-æru mína. Um hana hefir hann líklega lesið í Morgunblaðinu þá sögu, er hann sagði. En jeg vil vara hann við að leggja of mikinn trúnað á það, sem í því blaði stendur. Annars hefi jeg fyrir nokkru rekið aftur þennan uppspuna, í Tímanum, og nenni ekki að eltast við hann oftar, enda er mjer ekki svo mjög sárt um hermanns-æru mína, því að jeg hefi aldrei fengið svo mikið sem tækifæri til að flýja, eins og hv. þm. V.-Sk. (JK).

Hæstv. fjrh. virtist hafa fyrtst mjög við mig, er jeg óskaði að fá að vita um vilja þingmanna Reykjavíkur í þessu máli. Jeg hefði í upphafi átt að láta þess getið, sem ráðherrann í rauninni gat sagt sjer sjálfur, að þar átti jeg ekki við hann, því að jeg taldi auðvitað, að hann væri frv. þessu fylgjandi, þar sem það er stjórnarfrumvarp. Mjer skildist á hæstv. ráðherra, að hann ósk-

aði hervarna í landinu, til þess að vernda sjálfstæði þess, og koma í stað danska hersins, sem vjer eigum litla stoð í, síðan sambandslögin gengu í gildi. Sömu trúar var háttv. þm. Dala. (BJ). En svo langt gekk hæstv. forsrh. (JM) ekki. Hann vildi engin vopn hafa, að því er hann sagði. Er því skoðun þeirra og hans ekki sambærileg. Annars má okkur vera það fyllilega ljóst, að við eigum mikið undir nágrannaþjóðum okkar í þessu efni, og þó einkum Englendingum. Er því óþarft að láta svo mikið af fullveldinu, að það sje jafnörugt og ágætt, hvað sem í skerst, og jafnvel þó sólin hverfi af himninum. Jeg lýsti ekki eftir skoðun hæstv. fjármálaráðherra (JÞ) í þessu máli, heldur þeirra þingmanna Reykjavíkur, sem eru ekki flutningsmenn frumvarpsins. Nú hafa tveir þeirra talað, og báðir á móti frumvarpinu. Er því aðeins einn eftir (MJ). Þó jeg hafi ekki, eins og hæstv. ráðherra tók fram í gær, kröfurjett til þess að fá að vita um þetta, hefi jeg þó rjett til að mynda mjer skoðun um, hvorumegin þeir eru, sem ekki svara. Þó jeg geti gert þá ályktun um nemendur mína, að þeir viti ekki, þegar þeir svara ekki, þá dreg jeg alt aðra ályktun af þögn þingmanna, sem láta fyrirspurnum ósvarað. Og svo framarlega sem háttv. 4. þm. Reykv. (MJ) lætur ekki í ljós skoðanir sínar um þetta mál, geri jeg ráð fyrir, að hann sje því andstæður.

Jeg sje nú ekki, að ástæða sje til að hafa miklu lengri umræður um þetta mál nú, þar sem fyrst og fremst lítur út fyrir, að andstaðan gegn því sje nú orðin svo mögnuð, að því sje engin lífs von, og í öðru lagi hefir hæstv. forsrh. (JM) lýst yfir því, að honum sje ekki sárt um frv. sjálft, heldur aðeins um anda þess, og hafði jeg raunar vakið athygli á því í fyrri ræðu minni. Þar sem nú hæstv. ráðherra er fallinn frá frv. sínu, getur hann ekki ætlast til, að við, andstæðingar þess, greiðum atkv. með honum og flokki hans, því ef ekki þyrfti annað en falla frá frv. sínum, til þess að afla þeim fylgis í þinginu, þá mætti flestu fram koma.

Það eru tvær grundvallarstefnur, sem hjer er deilt um. Önnur er sú, sem í frv. felst. Hún leiðir til hervarna, og er því hættuleg braut fyrir okkur að ganga inn á. Hin stefnan er, að reyna af fremsta megni að bæta þá lögregluna, sem við eigum við að búa, án þess þó að fjölga lögreglumönnunum umfram það, sem efnahagur leyfir. En bæta má hana á margan hátt. Með því t. d., að skifta embætti lögreglustjóra, skilja tollheimtuna frá lögregluefirlitinu. Einnig mætti bæta hana með því að setja lögregluþjónum aldurstakmark. Þegar „andi" frumvarpsins tekur á sig þessa mynd, mun sú raun á verða, að þá fær það marga fylgjendur.

Jeg sje ekki, að ástæða sje til að eyða fleirum orðum að frv., þar sem enginn hefir enn talað með því af heilum hug.

Sigurjón Jónsson: Það er ekki vani minn að standa upp til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu. En svo mjög er orðið vafið utan um þetta mál, af andmælendum þess, að jeg get ekki látið vera að lýsa afstöðu minni til þess.

Háttv. andmælendur hafa haldið fram svo miklum firrum og þyrlað upp svo miklum reyk, að varla sjest til málsins sjálfs. Varalögregla sú, sem frv. gerir ráð fyrir, og sem mjög skýrðist við flutningsræðu hæstv. forsrh. (JM), er nú að mestu horfin sjónum ræðumanna.

En í stað þess er alt fult af vopnum og herliði. Í því eru hæstbjóðendur þeir hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og háttv. þm. Str. (TrÞ), og sóma þeir sjer þar vel hvor við annars hlið. Í þessu róti hefir því og verið haldið fram, að frv. þetta miðaði að því að fóttroða það þjóðskipulag, sem nú er. Það er því ekki ofsögum sagt, að lítið eygi til kjarna málsins.

En þá fyrst kastar tólfunum, þegar háttv. 1. þm. Árn. (MT) er kominn nauðugur í þennan her, kvaddur þangað til þess að varna honum að greiða atkv. um ánugamál sín hjer í háttv. deild. Alt þetta sýnir, hversu fáránlega háttv. andmælendur hafa mist sjónar á málinu.

Jeg sje nú ekki annað en það eitt liggi til grundvallar fyrir frv. þessu, að stjórninni finnist löggæsla þjóðarinnar of veik. Fyrir þessu hefir hún fært rök, og nefnt dæmi máli sínu til sönnunar, og kemur því með tillögur til Alþingis um það, hvernig hún hugsar sjer það gert á ódýrastan og hagkvæmastan hátt, að ráða bót á þessu.

Það er því mín skoðun, að það sje beinlínis skylda löggjafanna að athuga þessar tillögur. Jeg hika því ekki við, að greiða frv. þessu atkvæði til 2. umr., til þess að það verði athugað í nefnd. Og komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að löggæslan í landinu sje ekki nógu trygg, þá er það beinlínis skylda hennar að koma með tillögur um að tryggja hana, ef hún getur ekki fallist á það fyrirkomulag, sem liggur til grundvallar í frv. þessu.

Af framansögðu bæði þori jeg að greiða máli þessu atkvæði til nefndar og hefi enga tilhneigingu til þess að fara refilstigu, til þess að koma mjer hjá því.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg stend ekki upp til þess að dást að dirfsku hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) eða til þess að leiðrjetta misskilning. Heldur stend jeg upp til þess eins, að sýna hæstv. forsrh. (JM) tilhlýðilega kurteisi, því að hann eyddi ¾ úr klukkustund til þess að tala við mig um daginn, og er því ofur-eðlilegt, að eitthvað af þeirri ræðu hafi gefið [illegible] efni til andsvara. En það er að bera í bakkafullan lækinn að bæta á fyrir hæstv. stjórn í þessu máli, því að sá mælir, er henni hefir þar mældur verið, er þegar orðinn „troðinn, skekinn og fleytifullur".

Með ræðu hæstv. forsrh. (JM) var fyrst fyllilega upplýst, hver tilgangurinn er með frv., og mun jeg víkja að því nokkru nánar síðar.

Tvent mjög merkilegt hefir nú sýnt sig. Hæstv. forsrh. (JM) hefir látlaust hröklast lengra og lengra undan, og af því reginundanhaldi gaf hv. 1. þm. Árn. (MT) góða mynd í gær, er hann talaði um fílinn og mýfluguna. Jeg get lýst því enn frekar. Hæstv. forsrh. er nú kominn svo langt frá þeim stað, er hann upprunalega flutti frv. frá, að hann sjest þaðan ekki einu sinni í góðum stjörnukíki. Hitt er það, að aldrei hefir nokkur ráðherra átt erfiðari aðstöðu til að verja mál en hæstv. forsrh. í þessu máli. Jeg hefi að sönnu ekki setið lengi á þingi, en jeg hefi langa stund fylgst vel með því, sem þar hefir gerst, og jeg tel, að mjer sje óhætt að fullyrða, að aldrei hafi jeg orðið heyrnarvottur að meiri hrakför en þeirri, sem hæstv. forsrh. hefir nú farið. Þessu til staðfestingar skal jeg aðeins minna á það, að hæstv. forsrh. hefir í örvæntingu sinni gripið til þess varnarráðs, sem mjög er tvísýnt

og hættulegt. Er hann fann, hversu illa hann var settur, greip hann til þess óyndisúrræðis, að hafa í hótunum við þá embættismenn, sem undir hann eru settir og hjer eiga sæti. Öðruvísi gat hvorki jeg nje aðrir skilið orð hans til hv. 1. þm. Árn. (MT) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Að æðsti maður landsins leyfir sjer þetta, er alveg ófyrirgefanlegt, og greinilegri þrotayfirlýsingu um varnir er ekki hægt að gefa.

Út af þessu, hve auðsjeð er, hversu hæstv. forsrh. stendur hjer völtum fæti, verð jeg að játa, að jeg hefi annað veifið sárkent í brjósti um hann, og haft hálfgert samviskubit út af að verða að kasta fleiri steinum í þá vörðu. En enginn þingmaður má leyfa sjer að hugsa á þann hátt. Þegar æðsti maður landsins ber fram jafn-óhæfilegt mál og hjer um ræðir, og gera má ráð fyrir, að allstór flokkur fylgi, þá er það bein skylda þingmanna að taka hart á slíku og ráðast á það eins grimmilega og kostur er á. Þessvegna verður, þó að vesæl sje vörnin af stjórnarinnar hálfu, þar sem flokkur hennar stendur að einhverju leyti að baki, að taka alvarlega á þessu máli og berjast gegn því með fullri alvöru og festu.

Jeg vík þá fyrst að því aðalatriði, sem upplýst er, og það er það, hvert er tilefni til þess, að málið er flutt, og hvert stefnt er með því. Það er nú endanlega upplýst, af ræðu hæstv. forsrh., þeirri, er hann hjelt á eftir minni, að beint er stefnt gegn samtökum verkamanna. Þegar hæstv. forsrh. í annari ræðu sinni taldi upp dæmi um það, sem undanfarið hefði farið aflaga í lögreglumálum, og lögreglan ekki náð að rækja svo starf sitt sem skyldi, þá voru það eingöngu dæmi, sem snerta beint eða óbeint stympingar út af kaupgjaldsmálum. Með öðrum orðum: hæstv. forsrh. hefir greinilega játað, að þessi lögregla eigi að bæla niður kaupgjaldsþræturnar. Þarna er komið að kjarna málsins, og verður ljóst í því sambandi, hvernig leiðir skilja.

Vandaspurningin, sem til grundvallar liggur, er sú, hvernig ráða eigi fram úr verkamannamálunum, svo að ekki hljótist vandræði af. En hjer skilja leiðirnar. Hæstv. forsrh. segir: Það á að stofna varalögreglu, sem með valdi bælir niður deilurnar. Það á að stofna til liðsdráttar, flokks, sem valinn er af pólitískri stjórn, koma á fót stjettaher, jafnvel þó að þjóðfjelaginu geti stafað hætta af slíkum flokki — til þess að berja verkamanna-óeirðirnar niður með valdi. Þetta er stefna hæstv. forsrh. (JM). Og jeg skal ekki neita, að hægt væri að ná takmarkinu með þessum hætti. Ef liðið er nógu öflugt, getur það barið niður andstæðingana. En til þess að það geti tekist, þá kostar það áreiðanlega stórfje, og ekki aðeins það, heldur og ógurlegan ófrið, nýja Sturlungaöld. Og afleiðingar þess eru algerlega ófyrirsjáanlegar. Jeg sagði, að þetta gæti tekist, að bæla niður mótspyrnu verkamanna á þennan hátt, en það getur líka alveg eins mistekist. Hvað verður þá? — Jeg segi: Jeg vil ekki þessa leið hæstv. forsrh. (JM), heldur vil jeg aðra leið, þá, að í fyrsta lagi sje hin opinbera lögregla efld. Jeg hefi fyrir löngu viðurkent, að þess þyrfti með, og það var rangt hjá hæstv. forsrh., er hann sagði, að jeg hefði ekki viðurkent það í fyrri ræðu minni. Eins og jeg hefi áður sagt, það segi jeg nú aftur, að þeir viðburðir, sem komið hafa fyrir og sýna ólöghlýðni manna ljóslega, mega ekki endurtaka

sig. Í öðru lagi verðum við að fá ötul yfirvöld, sem geta veitt lögreglunni öfluga stjórn. Í þriðja lagi verðum við að feta í fótspor annara þjóða og læra af þeirra reynslu, hvernig með skynsamlegri verkamannalöggjöf má leysa þessa hnúta. Þetta má skoða nánar. Tvent hefir síðar komið fram hjer á þingi, sem fer í þessa átt. Fyrst það, að hv. þm. Dala. (BJ) ber fram frv. um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum. Jeg ætla ekki að drepa á einstaka liði þess. En í höfuðatriðunum mun það rjett. Og milli þess frv. og aðferðar stjórnarinnar er regindjúp. Því að það, sem hæstv. stjórn vill bæla niður með ofbeldi, vill háttv. þm. Dala. (BJ) jafna með lögum og rjettdæmi. Og þetta höfuðatriði er rjett. Það á að reyna að koma í veg fyrir ógæfuna með lögum og rjettdæmi, en ekki með ofbeldi. Annað spor, sem stigið hefir verið af þessu tæi, er frv., sem jeg og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) höfum samið, um sáttasemjara í þessum deilum. Slíkt hefir gefist prýðilega utanlands, og það er alveg sjálfsagt að reyna það hjer.

Nú hefi jeg að nokkru lýst leiðunum og því, sem á milli ber. Báðir vilja frið og löghlýðni, því jeg neita því ekki, að það sje ósk hæstv. stjórnar, að svo megi verða. En leiðirnar eru svo gersamlega ólíkar. Og jeg er jafn-sannfærður um, að leið hæstv. forsrh. leiðir til ófriðar, eins og jeg er fullviss um það, og reynsla annara þjóða sannar það, að sú leið, sem við hv. þm. Dala. (BJ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) viljum fara, er sú eina rjetta. Annars verð jeg að segja það, að það er æðihart, að einstakir þm. og þingnefndir skuli þurfa að standa í því, að semja slíka löggjöf, því slíkt er sjálfsagt verk landsstjórnarinnar. Og vilji hún ekki læra af svo merkilegum dæmum og reynslu annara þjóða, og hafa það sjer til fyrirmyndar, þá gef jeg ekki mikið fyrir málaundirbúning hennar.

Í sambandi við þetta kjarna-atriði málsins, er jeg nú ræði um, kom hæstv. forsrh. að háðulegum orðum um mig sem bændaþingmann. Það lá í orðum hans, að af því að jeg væri fulltrúi fyrir bændakjördæmi, þá varðaði mig lítt um þetta, og ætti ekki að vera „æstur“ út af þessu máli. Öðru máli væri að gegna um hv. 2. þm. Reykv. (JBald). En jeg verð nú að segja það, að bændur landsins varðar næsta mikið um það, hvernig þeim málum er skipað, sem snerta ástandið í bæjunum. Því að frá bændunum á að koma sú skynsemi og það pólitíska vald, sem setur niður deilur bæjarbúa. Þeir vilja enga kúgun þola, hvorki af bæjarvaldi Íhaldsins nje af bæjarvaldi verkamanna í kaupstöðunum. Þessvegna risu dönsku bændurnir, eða vinstrimenn, jafneinbeittir og dönsku íhaldsmennirnir, sem jeg áður lýsti, gegn þeirri viðleitni „sosialista“-stjórnarinnar, að koma á pólitískri ríkislögreglu þar í landi. Og jeg er líka viss um, að íslensku bændurnir eru jafnandvígir því, að fá hjer pólitíska ríkislögreglu Íhaldsins í Reykjavík. Þeir vilja enga pólitíska kúgun bæjarvaldsins, hvaðan sem hún kemur, heldur bæði öfluga opinbera lögreglu og heilbrigða löggjöf um að setja niður deilurnar. Því er eins farið í okkar þjóðfjelagi sem öðrum á þessum tímum, að því stendur mest hætta af bæjarlífinu, stjettabaráttunni þar, að tveir harðsnúnir flokkar borgaranna standa hver gegn öðrum. Og það tel jeg eitt af stærstu verkefnum bændanna, sem einnig hefir stórkostlega þýðingu fyrir landbúnaðinn, að þeir kosti kapps um að koma þar skipu-

legi á, að þeir með skynsemi og sínu pólitíska valdi verndi stjórnarfyrirkomulagið fyrir hættunni beggja öfgastefnanna. Þessvegna var það, að I. C. Christensen, hinn kunni, danski bændaforingi, hótaði því gegn yfirgangi „socialista" í Kaupmannahöfn, að flytja þing og stjórn til Jótlands. Og jeg er ekki í vafa um, að íslenskir bændur myndu ekki fremur þola, að stjórn og þing væri háð pólitískum herflokki í Reykjavík, en kjósa heldur að flytja það burt, t. d. á Þingvöll.

Í sambandi við umtalið um atburð þann, sem hjer hefir oft verið nefndur í umr., dró hæstv. forsrh. upp umslag, tók úr því eitt blað af Tímanum og fór mjög mjúkum höndum um það. Las hann úr því nokkuð, en því miður ekki alt, sem jeg hefði óskað. En hann fór mjög vinsamlegum orðum um vit mitt og skynsamleg ummæli, sem þar kæmu í ljós. Jeg er honum einkar þakklátur fyrir það. En jeg vil skjóta því að hæstv. forsrh., að það er miklu oftar, sem skynsamleg ráð koma frá mjer í Tímanum, og ætti hann að athuga það betur en hann gerir og reyna að bera gæfu til að fara oftar eftir þeim. Hann gerir það því miður alt of sjaldan; annars farnaðist honum betur. En hæstv. forsrh. fór dálítið rangt með. Hann sagði sem sje, að í umræddri grein heimtaði jeg öflugri og meiri lögreglu, en að nú væri jeg horfinn frá því ráði. Þetta var rangt. Jeg sagði afdráttarlaust, að jeg vildi fá betri og meiri opinbera lögreglu. Jeg ber enn fram sömu skynsamlegu till. í málinu, og því ætti hæstv. forsrh. (JM) að gæta þess, að fara eftir þeim.

Jeg ætla svo að víkja að öðru höfuðatriði þessa máls, sem jeg einnig talaði um í fyrri ræðu minni — kostnaðarliðinni. Þar get jeg látið mjer nægja færri orð, en jeg vil strax benda á, að þar er líka margt upplýst nú eftir umr. Hæstv. forsrh. (JM) dró mjög dár að þeim tölum, sem jeg nefndi, sagði það „alt út í loftið". Hann mátti gera það; jeg gat þess sjálfur, að það væri afarerfitt að áætla þetta, og tölurnar væru reistar á lausum grundvelli. Jeg tók fram, að þær gætu verið of háar, og þær gætu verið of lágar. Skal jeg koma að því síðar.

En jeg vil benda á það, að jeg reisti áætlunina eða tölurnar aðallega á tvennu. Í fyrsta lagi á útbúnaði liðsins, í öðru lagi, hversu fjölment það yrði. Þetta skal athugað nánar. Hvað útbúnað liðsins snertir, þá bygði jeg kostnaðaráætlun mína í því efni á þeim kostnaði, sem er við útbúnað lögregluþjóna hjer í bæ. Það er ekki hægt að finna neinn betri mælikvarða. Það var ekki rengt, sem jeg sagði um það, hvað hann kostaði, enda dró jeg meira að segja úr því, að því er varalögreglu snertir, og verður sá liður áætlunar minnar vart vefengdur.

Hinn liðurinn var byssan. Hæstv. forsrh. hneykslaðist á því, að jeg nefndi byssu. Að vísu játa jeg, að hann mintist ekki á hana, en hún hefir nú dregist inn í umr. Er það að ástæðulausu? Jeg ætla ekki, því að í það eina skifti, sem menn hafa hjer verið saman kvaddir til aðstoðar lögreglunni, og það vildi svo vel til, að það var undir stjórn hæstv. forsrh. (JM), þá var þeim fengin byssa í hönd, og hún hlaðin. Og meira að segja: Það var útbúinn spítali hjer í bænum, í Goodtemplarahúsinu hjer alveg við hliðina, til þess að taka við

særðum mönnum, svo síst er hægt að efa, að búist var við, að byssurnar yrðu notaðar. Jeg segi: úr því að þá var farið svo að þá, er þá goðgá að geta þess til, að þessu varalögregluliði verði slík vopn fengin? Nei — jeg verð að segja, að báðir áætlunarliðir mínir, að því er útbúnaðinn snertir, virðast standa á föstum grundvelli.

Hinn liðurinn er um tölu liðsins. Jeg áætlaði, að það yrði í fyrstu 500 manns hjer í Reykjavík og 500 manns annarsstaðar samtals. Jeg játaði, að þetta væri alveg óvíst, en síðan hefir ýmislegt nýtt komið fram, sem hefir upplýst þetta. Það er nú sannað af ræðu hæstv. forsrh., að varalögreglunni er stefnt gegn verkamönnum, og það sannar aftur það, sem jeg hjelt fram, að með þessu væri kallað á mótstöðuna. Afleiðingin af þessari játningu hæstv. forsrh. hlýtur að verða sú, að ókyrðin og óróinn vex meðal verkamanna, enda er það ekki óeðlilegt. Hvernig verður því mætt? Eftir ráði hæstv. forsrh. er aðeins ein leið fær, sú, að auka liðið. Það verður alveg óumflýjanlegt að fjölga varalögreglunni. Þessvegna segi jeg: Því lengra sem farið er út á þessa braut, því meira hleðst utan um þetta. Hvar lendir síðast? Jeg veit það ekki, en geta má til lauslega, að ekki muni veita af 1000 manns. Í þessu ljósi verð jeg að segja það, að áætlun mín þarf ekki að vera nein firra. Jeg skal viðurkenna, að hún er að nokkru í lausu lofti bygð, nú sem áður. Enginn getur sagt með neinni vissu, hvort hún ætti ekki fremur að vera hærri en lægri.

Þá er þriðja atriðið í sambandi við fjárhagshliðina, sem stendur óhrakið eftir mína fyrri ræðu. Jeg benti á hina takmarkalausu heimild, sem stjórnin fengi með lögunum, til þess að nota fje. Jeg endurtek það, að aldrei hefir nein stjórn beðið um jafn-takmarkalausa heimild til að eyða peningum, nje til að skerða persónulegt frelsi manna. Jeg ætla mig minni það rjett, að æfilangt fangelsi geti verið 16 ár í lengsta lagi. En með þessum lögum vill hæstv. stjórn leggja á menn 30 ára herskyldu. Því er ekki hægt að mótmæla, enda hefir hæstv. forsrh. ekki reynt það, að með þessu er farið fram á, að Alþingi veiti stjórninni næstum ótakmarkaða heimild til að ausa út fje utan fjárlaga, 100 þús. kr. á einu ári, eða ef til vill heilli miljón, af ríkisfje, og auk þess nálega takmarkalaust vald yfir persónulegum athöfnum einstaklinganna.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kom að þessu, enda varð hann að gera það, úr því að hann stóð upp. Hann hefir undanfarið talað svo mikið um sparnað og hve nauðsynlegt væri að borga lausaskuldirnar. Hann vildi smjúga hjá þessu á mjög undarlegan hátt. Hann sagði, að enginn vissi, nema svo færi, að einmitt við Framsóknarmenn yrðum til þess að framkvæma lögin. Þessi ástæða var satt að segja dálítið hlægileg. Eina afsökun hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir henni er sú, að hann var bersýnilega reiður, og var þessvegna, kanske í þetta eina skifti á liðnum æfiferli, dálítið fljótfær. En út af þessu vil jeg aðeins segja honum tvent. Ef við eigum að framkvæma lögin, þýðir það, að við eigum að komast í meirihluta til þess að geta myndað stjórn. En fari svo, þá getið þið alveg sparað ykkur þetta fje. Því að þá verða lögin aldrei framkvæmd. Nei — við afnemum þau. Við veljum aðrar leiðir að markinu, sem jeg hefi áður lýst.

Annað liggur líka í þessum ummæl-

um hæstv. fjrh. (JÞ). Þessi vissa hans um það, að við Framsóknarmenn eigum að framkvæma lögin, er feigðarspá um sjálfan hann. Í orðum hans liggur það, að hann býst ekki við að verða langær í ráðherrasessi. Jeg er ekki að kvarta undan því, að svo kunni að fara; jeg er einmitt að óska þess, að hæstv. fjrh. væri nú einu sinni spámannlega vaxinn. Það er heldur ekki svo undarlegt, að hæstv. fjrh. sjái eigin feigð, eða gruni hana, eins og öll frammistaða stjórnarinnar hefir verið, og þó einkum eftir að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir sjeð frammistöðu hæstv. forsrh. (JM) í þessu máli.

Að lokum vil jeg aðeins segja örfá orð í garð hæstv. forsrh. Hann kvartaði mjög undan mjer í ræðu sinni, og það hvað eftir annað. Jeg verð að játa, að jeg er ekki miskunnsamari en það, að jeg er ekkert sárhryggur yfir því. Jeg tek það sem vott þess, að mjer hafi tekist vel að ráðast á hinn illa málstað. Hæstv. forsrh. kvartaði sjerstaklega undan þeim tíðindum, sem jeg flutti frá Danmörku, hvað verkamannastjórnin þar væri að gera og hvernig íhaldsmenn tæki í það. Hann reyndi ekki að mæla gegn því, hæstv. ráðherra, sem jeg tilfærði eftir hinum danska skoðanabróður hans. En hæstv. forsrh. tók hitt ráðið, það, að hæla verkamannastjórninni dönsku. Hann taldi gott að vera henni sammála, og vildi fúslega fá samvinnu við hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg verð nú að segja, að þetta lof hæstv. forsrh. Íhaldsins á Íslandi (JM), um dönsku jafnaðarmannastjórnina, kom úr hörðustu átt. Hún kemur mjer þó ekki einkennilega fyrir eyru, þessi mikla vinátta höfundar Íhaldsins á Íslandi í orði í garð dönsku jafnaðarmannastjórnarinnar. Hann hefir, hæstv. forsrh., stundum fengið orð fyrir að hann „hallaðist“ að jafnaðarmönnum, og hinum og þessum öðrum, og mönnum er enn í fersku minni, er símað var hingað í vor sem leið um hina miklu samúð hans og jafnaðarmanna, og þann „innileikans blæ“ er komið hefði fram í samsæti í Kaupmannahöfn. Íhaldsmönnum hjer hefir eflaust þótt þetta slæmt, en jeg veit þó ekki, hvort það hefir verið þessvegna, að altalað var, að forsætisráðh. hafi ekki fengið að sigla með frumvörp stjórnarinnar á konungsfund. Ekki er það ósennilegt, að ískyggilegt hafi þótt að sleppa höfði Íhaldsins íslenska í þessar vingjarnlegu klær danskra jafnaðarmanna!

Já, svo var það þetta mikla lof um dönsku stjórnina og það, að hún væri íhaldssöm, sjerstaklega kirkjumálaráðherrann. Jeg vil minna menn á það, að ekki er til nema einn pólitiskur flokkur, er heldur slíku fram, að jafnaðarmenn sjeu íhaldssamir. Það eru kommúnistar, sem það gera — og svo einn maður að auki: hæstv. forsrh. Íslands, höfuð Íhaldsins íslenska. Annarsvegar hefir hann látið til leiðast að ganga svo langt að bera fram annað eins frv. og þetta, er stefnir að því, að beita hörku við verkamenn landsins, en á hinn bóginn gengur hann langt í því, að smjaðra fyrir útlendum jafnaðarmönnum. Hafi hann þann sóma af, sem verðugur er.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af fjárhagsatriði þessa máls vil jeg benda á það, að hv. þm. Str. (TrÞ) endurtók í ræðu sinni nú fjarstæður þær, er hann hafði haldið fram áður, þar sem hann segir, að með frv. þessu sje farið fram á það, að verja mörgum hundruðum

þúsunda króna á ári úr ríkissjóði, utan fjárlaga. Þessi hv. þm. hefir þó, sem aðrir þingmenn, unnið eið að stjórnarskránni, en hann hefir áreiðanlega ekki kynt sjer vel þann eiðstaf, sem hann er bundinn við.

Jeg vil benda hv. þm. Str. á það, að lesa 37. gr. stjórnarskrárinnar, og þótt ákvæðum hennar hafi ef til vill ekki verið eins vel framfylgt og skyldi á undanförnum árum, þá hefi jeg ekki látið neitt tækifæri ónotað til að brýna fyrir mönnum, að þeim beri að fylgja. Þetta hlýtur hv. þm. Str. að muna frá síðasta þingi.

Um lög þau, er samþykt eru á hverju einstöku þingi og hafa útgjöld í för með sjer, er tekin upp sjerstök grein í fjárlögum, er heimilar þau gjöld það ár, en samkvæmt stjórnarskránni ber svo skylda til þess að taka útgjaldaliðina inn í fjárlögin fyrir eftirfarandi ár. Hitt er ekki gert, að taka inn í fjárlög fjárveitingar, er óstaðfest lög kunna að hafa í för með sjer. Og þegar hv. þm. Str. hefir lært þetta, mun hann hætta að hræðast það, að samþykkja einföld lög, af þeirri ástæðu, að þau hafi í för með sjer fjáreyðslu utan fjárlaga. (**Trþ:** Jeg efast ekki um, að það sje hægt á fjáraukalögum.)

Mjer finst, að það hefði hæft þessum hv. þm. betur að tala siðsamlegar en hann gerði um þau atriði, er ekki snerta þetta mál. Jeg verð að segja það, að mjer finst virðingu þessarar samkomu freklega misboðið, er maður, sem hefir hlotnast sá heiður, að ná þingkosningu, leyfir sjer að kalla á hlátur tilheyrenda með öðrum eins ummælum og þeim, að forsætisráðherra ríkisins hafi ekki fengið að sigla með frumvörpin á konungsfund. Jeg verð að segja, að mig iðrar þess, að hafa gefið atkvæði mitt þeim forseta, er lætur slíkt orðbragð óátalið. En jeg skal ekki ræða frekar um það mál; það er ekki mitt, að dæma um gerðir forseta.

Eins get jeg verið fáorður um það, er háttv. þm. Str. sagði um gamanyrði mín í gær um forlög andstæðinga þessa máls. Þótt jeg hefði þau orð þar um, er jeg hafði þá, er það alls ekki víst, að meðferð þessa frv., er það er orðið að lögum, lendi á Framsóknarflokknum. En færi svo, að hann tæki við stjórn, þætti mjer ekki ólíklegt, að það ætti fyrir honum að liggja að koma á slíku valdi í ríkinu (**Trþ:** Ekki með ofbeldi.) — til þess að halda ofbeldi niðri.

Hv. þm. Str. fór mörgum orðum um það, að þessu ætti að beita í kaupdeilumálum. En eins og þegar hefir verið tekið fram, er það alls ekki hlutverk lögreglustjórna að taka hlutdeild í kaupdeilumálum, en sjeu einhverjir menn, er þykjast órjetti beittir — og það kemur í sama stað, af hverju slíkt stafar — þá verður lögreglustjórn að hindra það, að nokkur maður geti tekið það, sem hann telur rjett sinn, sjálfur með ofbeldi. Þetta er alt annað en að blanda sjer í kaupdeilur.

Mjer er kunnugt um það, að í hvert sinn, er fregn berst um það hjeðan út um land, að lögreglan hafi verið borin ofurliði, hafa bændur staðið höggdofa af undrun út af því, að þetta skuli geta átt sjer stað. Og það þurfa ekki mörg slík dæmi að gerast til þess, að kröfur bænda um það, að sæmd þjóðfjelagsins sje borgið, verði svo háværar, að þingmenn verði að sinna þeim. (**Trþ:** Það hefir enginn talað um annað, en sinna þeim.) Það er gott að fá þessa játningu. En til hvers er þá alt þetta

mas? Í síðustu ræðu sinni sagði hv. þm. Str.: „Við munum afnema þessi lög, þegar við komumst í meirihluta.“ Hann bjóst við því, að frv. þetta yrði að lögum, áður en „Framsókn“ tæki við völdum. Jeg skal ekki dæma um það, hvað hv. þm. er spámannlega vaxinn, þótt hann hafi gaman af að tala um aðra menn á þann hátt. En jeg tel ekki neina feigðarspá um mig í ummælum hans, og tel stjórnina muni vera fastari í sessi, ef hún kemur frv. þessu fram nú þegar á fyrsta þingi. En jeg hefi aldrei ætlað mjer að verða ellidauður í þeim sessi, er jeg nú skipa, og mig langaði ekki til þess, að taka að mjer fjármálaráðherraembættið. En jeg taldi, að þá hefði verið svo ástatt, að enginn maður mætti draga sig í hlje, en öll *mín ilöngun stefnir í alt aðra átt en* að sitja yfir stjórnarstörfum og þingþrefi, og vona jeg því, að jeg losni hjeðan með heiðri sem fyrst. (**Trþ:** Sömuleiðis!).

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf ekki að tala mikið við hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hv. þm. gaf upplýsingar um það fyrir hönd bæjarstjórnarinnar hjer, að hún vildi ekki aukna lögreglu fyr en lögreglustjóraskifti yrðu. Jeg veit ekki, hvað hann hefir fyrir sjer í því. Jeg tel það vítavert, að vera að tala enn um hervald, eftir því sem umræður hafa verið í þessu máli, enda gefur frv. ekkert tilefni til þess.

Jeg hefi aldrei talið það neitt höfuðatriði í þessu máli, að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt. Þar sem það er nú ekki annað en heimild, er fylla þarf með tilskipun, mætti vel setja þau ákvæði, er ætluð eru tilskipun, inn í frv. sjálft. Og það er ekki rjett, að jeg sje horfinn frá frv., eða þeim grundvelli þess, að byggja á hinni almennu skyldu manna að aðstoða lögregluna. Þessu hefi jeg lýst áður, og hver, sem les frv., hlýtur að sjá, að þetta, og ekkert annað, er það, sem frv. byggist á.

Jeg ætla ekki að fara frekar út í þetta atriði, en hitt verð jeg að segja, að slíkum rangfærslum eins og fram komu í ræðu hv. þm. V.-Ísf. átti jeg ekki von á úr þeirri átt. Jeg hefði vel trúað ýmsum öðrum til þess að fara með slíkt fleipur, en tæplega honum.

Þegar hinn umtalaði atburður varð hjer 1921, voru hjer vissulega miklar æsingar, sumpart endurómur af róstum erlendis, og það var trú manna, að flokkur sá, er upphafsmanni fylgdi, mundi ætla að nota vopn til þess að verja rússneska drenginn. Jeg trúði því að vísu ekki, en því var býsna alment trúað hjer í bænum. Þessvegna hafði lögregluliðið nokkrar byssur. En vitanlega átti aldrei að bera vopn gegn þessum mönnum, nema því aðeins, að þeir væru vopnaðir og neyttu vopna. Þetta atriði á ekkert skylt við þetta mál. Frv. ber það með sjer, að hjer er aðeins um að ræða aðstoðarlið, er lögreglustjórar geti gripið til, þá er í harðbakka slær. Vopnun er þessu alveg óviðkomandi.

Hv. þm. V.-Ísf. sagði, að jeg viðurkendi það, að skoðanir okkar færu nokkuð saman í þessu máli. Þetta er rjett og ekki rjett, rjett að nokkru leyti. Hv. þm. sagði, að eigi þyrfti nema lítla viðbót við það lögreglulið, sem nú er, og mætti treysta á innræti manna. Hann viðurkennir þá, að nokkra viðbót þurfi. Og hann sagði líka, sami hv. þm., að mest riði á því, að skifta um lögreglustjóra hjer í Reykjavík. Hver er kominn til að segja það, að nýr lögreglu-

stjóri verði betri heldur en sá, er nú er? Jeg tel það mjög óvíst. Núverandi lögreglustjóri er að mínu viti mjög samviskusamur embættismaður, og jeg tel hann góðan embættismann. Jeg er ekki farinn að sjá, að öðrum tækist betur en honum stjórn þessa embættis.

Jeg er viss um, að það er ekki rjett haft eftir mjer, að jeg hafi verið að tala um anda frv. Hitt sagði jeg og segi enn, að höfuðtilgangur frv. er sá, að efla lögreglu í landinu. Hv. þm. kvaðst ekki vilja vera harður við mig. Það læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, og jeg sje ekki, að slíkt hafi nokkuð að segja fyrir mig, hvorki til nje frá. Hitt verð jeg þó að segja, að framkoma hans sem þm. er sæmileg, og er það meira en sagt verður um suma af þeim þm., er um þetta mál hafa talað.

Hv. þm. Str. hóf ræðu sína í prjedikunartón, enda samdi honum það vel, þar sem hann hefir verið prestur áður. Að vísu finst sumum, að lítið hafi gætt prestsins nú á seinni árum, en gott er það, ef vænta mætti afturhvarfs.

Rangt er það hjá hv. þm. (TrÞ) að segja, að jeg hafi hröklast í máli þessu. Þegar í upphafi skýrði jeg frá því, hvað stjórnin öll — eigi aðeins jeg — meinti með frv., og þetta veit hv. þm. ósköp vel. Hitt veit jeg, að hjer var á ferðinni í fyrra líkt frv., en það kom ekki fram opinberlega.

Það er vesalmannlegt af hv. þm. að hæla sjer af því, að mótstöðumenn hafi farið hrakfarir. (**TrÞ**: Ekki fyrir mjer!) Jeg býst við, að hv. þm. hafi meint það. En jeg vona, að aðrir kunni að meta það.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að jeg hefði gripið til þess, að hafa í hótunum við embættismenn út af þessu máli. Jeg ætla ekki að tala um það nú, en kem að því síðar. En sami hv. þm. var tvívegis að tala um samviskusök. — Sumum hefir sýnst, að samviskan svæfi vel í þeim herbúðum, og jeg þori varla að vona til þess, að hún vakni í svip.

Sami hv. þm. kom að því, hver tilgangur minn hefði verið með frv. þessu. Jeg þarf ekki að svara slíku; það hefir hæstv. fjrh. gert fyrir stjórnarinnar hönd. En mjer er spurn: Hvernig ættum vjer eftir frv. þessu að blanda ríkinu inn í kaupdeilur? Það er hvergi gert ráð fyrir því. En það er dálítið misjafnt, hvernig hægt er að blanda sjer í slíkar deilur, eða óeirðir, er út af þeim rísa. Það mundi þó hver stjórn, og af hverjum flokki sem hún er skipuð, telja skyldu sína, er svo stendur á, að reyna af fremsta megni að hindra skemdir á eignum og fjármunum manna og sömuleiðis að vernda þá menn, sem vilja vinna. Og þetta mun vera hið eina, sem lögregla á að gera í þessum efnum.

Þar, sem betra skipulag er en hjer á fjelagsskap verkkaupanda og verkseljanda, er auðveldara að hafa fullkominn hemil á slíkum málum. Víða eru nærri því föst lög, beggja vegna, bæði hjá verkamönnum og vinnuveitendum, hvernig fara skuli með kaupdeilumál. T. d. þykir víða sjálfsagt, að gefa gagnaðilja einhvern frest, hvort sem verkfall eða verkbann stendur fyrir dyrum. Og eins og hv. þm. V.-Ísf. drap á, er ekki gott að setja neinar ákveðnar reglur um það, hvernig lögreglan skuli haga sjer, þegar slík mál ber að höndum. Það er komið undir mörgum atvikum. En aðalatriðið er það, að lögreglan á vitanlega ekki að skerast í kaupgjaldsdeilur upp úr þurru, en hinsvegar getur komið fyrir, að hún þurfi

að vernda annanhvorn málsaðila, þegar slík tilfelli ber að.

Jeg geri varla ráð fyrir, að hv. þm. Str. (TrÞ) sje því kunnugur, hvernig farið er með slík mál erlendis, en jeg þykist vita, að einum hv. þm. a. m. k. sjeu þessi mál mjög kunn, hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Það nær vitanlega ekki nokkurri átt, að með stofnun varalögreglu sje stefnt á móti samtökum verkamanna sjerstaklega.

Jeg veit, að hv. þm. Str. á bágt með að sleppa því, að tala um þann ranga skilning, sem hann leggur í frv. þetta, og þessvegna talar hann mikið um stjettaher, sem eigi að berja á verkamönnum o. s. frv. En setjum nú svo, að alt það lið, sem frekast má kalla saman samkv. frv., verði kvatt til æfinga, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) vill endilega gera ráð fyrir, þá skilst mjer, að í því liði verði menn af öllum stjettum, og sennilega ekki hvað fæstir verkamenn. En um þetta er óþarfi að ræða, því að stjórnin ætlast alls ekki til slíks.

Hv. þm. (TrÞ) segist vilja efla lögregluna hjer á landi, en ekki á þann hátt, sem í frv. segir. Þó vill hann ekki hleypa frv. lengra til frekari íhugunar og lagfæringar, ef mönnum býður svo við að horfa. Látum svo vera. En þá verður þessi yfirlýsing hans að skoðast sem loforð um, að hann ætli seinna að benda á góð ráð til þess að ná því marki, sem frv. stefnir að. Og þá mun jeg ekki fara að eins og hv. þm. (TrÞ) nú, að fella það frv., en bera síðan fram annað í sömu átt.

Hv. þm. talaði um ýmsar leiðir til að skera úr kaupgjaldsdeilum, sem gefist hefðu vel erlendis. Satt að segja held jeg, að mörg þau ráð hafi gefist svona upp og ofan, stundum vel, en oft ekki komið að liði. Það er rjett, að í Danmörku hefir sáttasemjari stundum gert nokkurt gagn. Frv. um gerðardóm í kaupgjaldsþrætum hefir verið borið fram hjer á Alþingi áður, en ef til vill fær frv. það, sem nú er fram komið, betri viðtökur en fyrra frv.

En þó að eitthvað slíkt yrði sett á stofn, sáttasemjari, gerðadómur eða því um líkt, þá er það ekki einhlítt og þörfin á varalögreglu hin sama. Því hvaða leið sem farin verður, þá er ekki þar með hægt að fyrirbyggja, að kaupdeilur komi fyrir, með öllum þeim vandræðum, sem af þeim g e t a hlotist. Hv. þm. (TrÞ) má vera viss um, að ef úrskurður gerðardóms t. d. þykir vilhallur, eða í einhverju ekki rjettur, þá er hætt við, að honum verði ekki hlýtt af þeim, sem þykjast misrjetti beittir. Og það er ómögulegt að búa svo um hnútana, að ekki verði e. t. v. sagt, að einhverjum sje gert rangt til.

Hv. þm. (TrÞ) talaði um, að það væri hart, að þingmenn skyldu þurfa að semja frv. um þessi efni, í stað þess, að stjórnin gerði það. Mig minnir nú satt að segja, að það sje ekkert nýtt, að þingmenn beri fram frv. hjer á Alþingi, og hv. þm. Str. (TrÞ) ekki síður en aðrir. Annars býst jeg við, að hv. þm. (TrÞ) hafi tekið upp frv. um sáttasemjarann nú, til þess að finna sjer eitthvað til afsökunar fyrir að vera á móti þessu frv.

Jeg kannast alls ekki við, að hafa haft háðuleg ummæli um hv. þm. (TrÞ), síst fyrir það, að hann væri fulltrúi bænda hjer á þingi, og vísa jeg því á bug umælum hans hjer að lútandi. Hún var dálítið spaugileg, þessi hótun hv. þm. (TrÞ), sem líklega heldur, að

hann sje orðinn annar I. C. Christensen, um að koma með bændur til að skakka leikinn, og enn að flytja Alþingi upp í sveit, ef verkamenn og vinnuveitendur hjer í bænum halda sjer ekki í skefjum. Jeg hjelt, að hann vildi þá flytja það alla leið norður á Strandir, í viðurkenningarskyni við þá, sem hafa sent hann á þing. En þar sem hann nefndi aðeins að flytja þingið til Þingvalla, þá er jeg ekki viss um, að það verði alveg laust við alla verkamenn og vinnuveitendur, þó að það verði flutt þangað. (Trþ: Þá er að flytja það norður á Strandir).

Þá var hv. þm. (Trþ) voðalega hreykinn yfir samanburðinum við Danmörku, og gerði mikið veður út af því, að jeg skyldi ekki telja ótækt að stofna varalögreglu, þar sem bændur og íhaldsmenn í Danmörku vildu ekkert hafa með hana að gera. Fyrst er því að svara, að jeg hefi aldrei talið mjer skylt að skrifa skilyrðislaust undir alt, sem danskir íhaldsmenn segja. Auk þess er sá hængur á þessum samanburði, að danskir bændur og íhaldsmenn vilja halda í herinn, vilja ekki láta afnema hann og fá eingöngu varalögreglu í staðinn. Er því hjer ólíku saman að jafna.

Hv. þm. (Trþ) var svo óheppinn að segja, að hann óskaði, að jeg vildi einhverntíma oftar fara eftir skynsamlegum tillögum Tímans, og viðurkendi þar með, að jeg hefði farið eftir þeim í þessu máli. Öðruvísi voru orð hans ekki skilin. En þegar jeg nú er í samræmi við yfirlýsta, skynsamlega skoðun Tímans í þessu máli, hvað skeður þá? Þá rís einmitt ritstjóri Tímans, hv. þm. Str., upp öndverður á móti og segir till. minar óalandi; ekki einu sinni þess verðar, að þær sjeu athugaðar í nefnd. Það vantar ekki samræmi þeim megin.

Um kostnaðinn samkv. frv. þessu ætla jeg ekki að tala við hv. þm. (Trþ), heldur hitt, að hann sagði, að jeg hefði hneykslast á því, að nefndar væru byssur í sambandi við varalögreglu. Nei, jeg hefi aldrei hneykslast á því. Það gæti meira en vel komið fyrir, að einhver stjórn vildi fá varalögreglunni skotvopn í hendur. Í Þýskalandi t. d. hefir lögreglan daglega skammbyssur að vopnum, og notar hún þær oft. En á Norðurlöndum er þessu ekki þannig varið, og er harla óliklegt, að sá siður verði hjer upp tekinn, sem ekki þekkist meðal annara Norðurlandaþjóða.

Jeg hefi ekki viljað stinga neinu undir stól, heldur segja það, sem jeg meinti, þegar jeg flutti frv. þetta. Það getur meira en vel verið, að öflugrar lögreglu þurfi með, til þess að skerast í leikinn, ef óeirðir spretta upp af kaupdeilum, eins og yfirleitt, ef óeirðir ógna friði og öryggi borgara þjóðfjelagsins. Það getur komið fyrir, að lögreglan þurfi að sefa á báðar hliðar.

Jeg skil varla, hvað hv. þm. (Trþ) meinar, þegar hann er að tala um, að mikið muni hlaðast utan um þessa heimild, sem frv. fer fram á, og hann kallar takmarkalausa. Jeg vil benda á samanburð minn fyr í þessu máli, í sambandi við ýmsar aðrar heimildir, sem stjórnin hefir samkv. öðrum lögum, eins og jeg drap á í gær.

Það er vitanlega fákunnátta hv. þm. (Trþ) í lögum, sem veldur því, að hann talar um 16 ára lífstíðarfangelsi, en það er tiltölulega saklaus villa, samanborið við ýmsar aðrar, og ætla jeg því að leiða hjá mjer að fjölyrða um það atriði.

Jeg kannast alls ekki við, að hafa kvartað undan ummælum hv. þm. (Trþ) eða undan tíðindum þeim, sem

hann flutti frá Danmörku. Mjer þótti miklu fremur vænt um, að hann mintist á þessi dönsku deilumál. Jeg hafði ekki hugsað mjer að blanda þeim inn í þessar umr., en fyrst það hefir verið gert, þá skal jeg taka það fram, að mjer virðast þær deilur fremur snúast hv. 2. þm. Reykv. (JBald) í óhag, þar sem þær sýna, að skoðanabræður hans í Danmörku eru á líkri skoðun í þessu og stjórnin hjer.

Mjer hefir oft verið borið á brýn, að jeg stæði nálægt skoðunum jafnaðarmanna í ýmsum málum. Og það er rjett, að jeg hefi altaf viðurkent, að margar till., sem jafnaðarmenn hafa borið fram, hafi verið spor fram á við, enda hafa þær unnið sigur í mörgum löndum. Það, sem fyrir fáum árum þótti óalandi, hefir nú hlotið viðurkenningu svo að segja alls hins siðaða heims. Enda er það ekki sjaldgæft, að íhaldsmenn og jafnaðarmenn taki höndum saman í ýmsum málum og hrindi þeim í framkvæmd, þó að þeir annars standi oftast andspænis hvorir öðrum í stjórnmálum. Það þarf því engan að undra, þó að jeg hafi oft viðurkent ýmislegt af áhugamálum jafnaðarmanna og staðið nærri skoðunum þeirra í ýmsum málum, þó að jeg hinsvegar kannist ekki við, að hafa skjallað þá eða smjaðra fyrir þeim, eins og hv. þm. Str. vildi gefa í skyn.

Nú talar hv. þm. (TrÞ) um, að bændurnir sjeu þeir einu, sem geti bjargað þjóðinni. Í fyrri ræðu hans voru það sjómenn og verkamenn. Á skammri stund skipast veður í lofti.

Þá breiðir hv. þm. (TrÞ) sig mikið yfir þann innileikans blæ, sem á að hafa verið á ummælum mínum um dönsku jafnaðarmannastjórnina. Jeg skal kannast við, að jeg hefi sýnt þessari stjórn fulla kurteisi, og enda hefi jeg ekki annað en gott til hennar að segja. Viðskifti vor við það ráðuneyti hafa verið hin vinsamlegustu. Hví skyldi jeg þá ekki tala vinsamlega um það.

Það er rjett, að jafnaðarmannastjórnir hafa setið við völd í Svíþjóð, Danmörku, Englandi og jafnvel víðar, og hefir ekki borið á því, að þær stjórnir hafi verið byltingagjarnar eða reynt til að umsteypa þjóðskipulagi þessara landa. Að því leyti má segja, að þessar stjórnir hafi verið íhaldssamar, enda hafa þær verið úr flokki hinna gætnari og íhaldssamari jafnaðarmanna.

Nei, — það er alls ekki hlægilegt, að sýna stjórn vinsamlegs ríkis fulla virðingu og vinsemd, hverrar pólitískrar skoðunar sem hún er. Ef nokkuð er hlægilegt í þessu sambandi, þá eru það ummæli hv. þm. Str.

Hv. þm. (TrÞ) sagði, að jeg hefði líklega ekki fengið að sigla með stjórnarfrv. á fund konungs. (**TrÞ**: Jeg sagðist hafa heyrt þetta.) Já, það sagði Gróa gamla á Leiti líka. Ólýginn sagði henni. Mjer er alveg óskiljanlegt, að þessi hv. þm. (TrÞ) skyldi fara að finna að þessu. Jeg gat betur skilið einn hv. þm. í hv. Ed., sem drap á þetta atriði þar, ekki alls fyrir löngu. Jeg get sagt hv. þm. (TrÞ) það í fullri einlægni, að jeg ákvað mjög snemma að sigla ekki sjálfur með stjórnarfrv. að þessu sinni. Þegar í utanför minni síðastl. vor ljet jeg þess getið, að jeg óskaði eftir að þurfa ekki að fara þessa ferð, til þess eins, að bera nokkur stjfrv. upp fyrir konungi. Jeg fæ ekki sjeð, að brýn nauðsyn beri til þess, að forsrh. taki sjer 6 vikna ferð á hendur, til þess eins, að framkvæma hálftíma verk, sem hægt er að fram-

kvæma með skriflegri tillögu. Það er satt, að það er nýr siður að sigla ekki með eitthvað af stjfrv., en það er alls ekki nýr siður, að mörg stjfrv. sjeu send á þann sama hátt, er farið var með öll frv. nú. Það kemur fyrir árlega. Jeg get því ekki annað en undrast stórum, þegar þessi hv. sparnaðarþm. (TrÞ) fer að finna að þessari ráðstöfun, sem einkum var gerð í sparnaðarskyni. (**TrÞ:** Jeg var ekki að finna að þessu.) Hversvegna fjölyrðir hv. þm. (TrÞ) svo mikið um þetta atriði? Var það einungis til að koma að sögunni, sem ólýginn hafði sagt honum?

Annars þykir mjer leitt að þurfa í hverju máli að fara um alla heima og geima. En jeg er stundum neyddur til þessa af ýmsum hv. þm., sem eiga bágt með að halda sjer að málefni því, sem er til umræðu í hvert skifti.

Þá þarf jeg ofurlítið að svara hv. 3. þm. Reykv. (JakM).

Það er alveg óþarfi fyrir þennan hv. þm., að vera að afsaka sig, þótt hann fylgi Framsóknarflokknum í mörgum málum; a. m. k. er það óþarfi gagnvart mjer. Jeg hefi engar kröfur til hans að gera í því efni, enda hefi jeg aldrei borið traust til hans. Hitt, sem jeg sagði við hv. þm. (JakM), að jeg hefði vonast eftir því, að hans veglega embætti legði nokkur bönd á hann, þannig, að framkoma hans gagnvart stjórninni væri sæmileg, þarf máske skýringar við.

Jeg skal þá fyrst taka það fram, að jeg tel það talsvert athugavert, að forstöðumenn hvors bankans sem er hjer, taki mikinn þátt í hinum pólitísku deilum. Peningamálin eiga að vera hlutlaus, og menn eiga að geta treyst því, að flokkadeilurnar komist ekki inn fyrir dyrnar á bankastjóraherbergjunum. Þessa hefir ekki verið gætt sem skyldi, og jeg er ekki að ásaka neinn flokk sjerstaklega fyrir það, en niðurstaðan hefir verið sú, að bankarnir hafa verið dregnir inn í flokkabaráttuna, engum til gagns, en til tjóns fyrir marga. Nú vil jeg ekki halda því beinlínis fram, að bankastjórar megi ekki sitja á þingi; en ef þeir eiga þar sæti, þá tel jeg, að staða þeirra eigi að leggja bönd á þá. Það er yfir höfuð áhugamál allra banka, að þeim sje haldið fyrir utan pólitík, því að þeir verða að vinna mikið saman við hverja stjórn, sem er í landinu, enda er það svo mjög áríðandi fyrir þjóðfjelagið. Nú veit jeg ekki, hvort menn telja það líklegt til góðrar samvinnu, að bankastjóri og ráðherra ausi hvor annan auri í þingsalnum, en gangi síðan upp í stjórnarráð, til þess að semja um mestu vandamál þjóðarinnar. Jeg álít, að þessi aðstaða eigi að leggja þau bönd á, að þeir komi sæmilega fram hvorir gagnvart öðrum, þó ágreiningur sje í öllum málum.

Jeg hefi áður látið í ljós skoðun mína um það, hversu veglegt jeg teldi embætti það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir nú. Þegar lögin um það embætti voru á ferð í hv. Ed., sagði jeg meðal annars þessi orð:

„En þess verður að gæta, að það kemur því aðeins að gagni, að valinn verði til starfans maður, sem nýtur almenningsálits, maður, sem er bæði glöggur og einarður, og ekki síst óháður peningastofnunum landsins og öðrum. Ef vel tekst valið, getur orðið ómetanlegt gagn að eftirlitinu, en aftur á móti, ef illa tekst val mannsins, verður þetta að engu liði, nema síður sje."

Forsætisráðherra þáverandi lýsti því yfir, að hann væri algerlega samþ. þessu,

og jeg taldi það sem loforð um, að eftir þessu yrði farið.

Út frá þessari skoðun minni hefði jeg talið æskilegast, að eftirlitsmaðurinn sæti ekki á þingi, væri utan við flokkadeilurnar, eins og t. d. hæstarjettardómendur eru nú. Má vera, að sú skoðun mín sje ekki rjett, að hann megi alls ekki sitja á þingi. En hins þóttist jeg mega vænta, að sæti hann á þingi, þá legði embætti hans þau bönd á hann, að hann væri ekki að nauðsynjalausu sjerlega illvígur í garð hverrar stjórnar sem væri. Að hann mætti ekki vera í andstöðuflokki stjórnarinnar eða t. d. bera fram vantraust, það hefir mjer aldrei dottið í hug. Aðeins að hans framkoma gagnvart stjórninni ætti að vera fullkomlega þingleg og sæmileg. Getur verið, að aðrir líti öðruvísi á þetta. En þetta er mín skoðun, og það, sem jeg lýsti yfir sem skilyrði þess, að jeg gæti samþ. frv. um eftirlitsmanninn.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Árn. (MT). Hann tók upp þykkjuna fyrir hv. 3. þm. Reykv. (JakM), af því jeg ljet það í ljós, sem jeg nú hefi lýst, að jeg hefði vonast eftir, að sá hv. þm., vegna hinnar veglegu stöðu sinnar, gætti fulls velsæmis í andstöðu sinni gegn stjórninni. Og hv. 1. þm. Árn. þóttist skilja það, að jeg mundi ekki síður heimta það sama af honum. En hv. þm. skjátlast algerlega í þessu efni og í öllu tilliti. Fyrst er nú það, að jeg tel hans embætti, þó virðulegt sje, á engan hátt saman berandi að þýðingu við embætti hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og alt aðrar ástæður fyrir því, hversvegna jeg hefi sagt þetta við hv. 3. þm. Reykv., ástæður, sem alls ekki koma til greina, er talað er um sýslumannaembætti, eða að minsta kosti í svo miklu minna mæli. Svo er jeg alveg sannfærður um, að hv. 3. þm. Reykv. þykir það enginn greiði, að hv. 1. þm. Árn. sje að verja hann. Hv. 3. þm. Reykv. gerir það miklu betur sjálfur.

Og hv. 1. þm. Árn. (MT) má ekki ofmetnast svo, að hann haldi, að jeg vilji jafna þeim saman, hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og honum. Þótt við hv. 3. þm. Reykv. sjeum óvinir, eða rjettara sagt, hann sje hatursmaður minn, þá vil jeg alls ekki jafna þessum tveim mönnum saman. Mjer hefir ekki dottið í hug að búast við, eða nefna það, að þessi hv. þm., 1. þm. Árn. (MT), komi sæmilega fram í hv. deild. Það væri mikil ósanngirni að ætlast til velsæmis af þessum hv. þm. í þingdeildum. Slíka ósk myndi hv. þm. (MT) ekki einusinni skilja.

Ræðu hv. 1. þm. Árn. mun jeg annars svara fáu einu. Hún var mestmegnis óþokkaleg árás á mig persónulega, og að nokkru leyti á mig sem dómsmálaráðherra. Gersamlega órökstuddar dylgjur. Hann sagði, að jeg gerði landinu ósóma, bæði inn á við og út á við, sem dómsmálaráðherra. Slíkum orðum svara jeg alls ekki. Þó má vera, að jeg svari, ef hv. þm. reynir að koma með nokkur rök í þessu efni.

Það, sem hv. þm. talaði um frv., var hvað á móti öðru. Stundum virtist hann ekki telja neina nauðsyn á viðbót við lögregluna hjer, en annað veifið var hann að tala um varalögreglu, öðruvísi fengna en frv. gerir ráð fyrir, nefnilega fjölgun tollþjóna, og hafa þá fyrir varalögreglu. Enn að hafa brunaliðið fyrir varalögreglu, og endaði svo með því að gefa í skyn, að er þetta frv. væri úr sögunni, þá ætlaðist hann til, að upp risi ríkislögregla. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hv. þm. ætlist til þess, að nokkur maður telji slíkan vaðal svaraverðan.

Hv. þm. (MT) talaði um það annað veifið, að það væri óþarfi, að lögregla þyrfti nokkuð til að koma, þótt einhver órói yrði út af kaupdeilum; samtökin væru svo öflug meðal vinnuveitenda, að verkamenn gætu ekki á unnið.

Þetta er alveg fáránleg staðhæfing. Sumir, sem hlustuðu, hjeldu þetta vera mismæli, en jeg býst við, eftir öðru hjá hv. þm. (MT), að þetta hafi verið í alvöru mælt. Það sanna er, að fullkomið skipulag og samtök á sjer stað meðal verkamanna, en meðal vinnuveitenda er varla hægt að tala um slíkt, að minsta kosti svo, að lag sje á. Ummæli hv. þm. um þetta atriði eru alveg öfug.

Þá sagði hv. þm., og með miklum móði, að einhver Íhaldsmaður, sem hann var svo göfugur að vilja ekki nefna, hefði sagt sjer, að menn hefðu ekki komið til hjálpar lögreglunni við vatnstökuna við hafnarbakkann, af því að þeir hefðu ekki viljað það. Jeg held, að hv. þm. hefði verið óhætt að nefna manninn. Þetta er það, sem allir vita, og það, sem við hv. þm. V.-Sk. (JK) höfum sagt.

Hv. þm. bar það ekki beint upp á mig, að jeg hefði sagt pósitivt rangt frá atburðunum, sem jeg nefndi í ræðu minni, en skýrslan hefði verið röng vegna þess, hverju jeg hefði slept. Það hefði verið til þess ætlandi, að hann segði það, hverju jeg hefði slept, er gerði skýrsluna ranga.

Árásir hv. þm. á Íhaldsflokkinn ætla jeg að leiða hjá mjer, að svo vöxnu máli. Jeg furða mig ekki á því, þótt hann sje smánaður af andstæðingum. Hann hefir af hv. þm. verið talinn kominn í stað Heimastjórnarflokksins, og jeg lít svo á einnig; og það hefir verið sjerstaklega einkenni þessa flokks að framkvæma, gera eitthvað. Hinir, sjerstaklega Framsóknarflokkurinn, hafa eiginlega ekkert sjerstakt einkennilegt, og ekki mikið fyrir sig að bera annað en vaðalinn.

Þá held jeg, að hv. þm. (MT) hafi sagt eitthvað í þá átt, að lögreglan hjer væri sjerstaklega til þess að halda uppi og dylja glæpi Íhaldsmanna. Jeg þarf væntanlega ekki að láta þess getið, að slíkum fáránlegum fúkyrðum svara jeg ekki. En máske segir hv. þm., hvað hann á við með þessu.

Hv. þm. sagði, að jeg hefði horfið alveg frá frv., og að lögreglustjóri kæmi ekki nærri því, sem til væri ætlast með frv., en hefði aðeins tillögurjett um þá, sem ættu að stjórna liðinu. Í aths. frv. er það sagt með beinum orðum, að það væri alls ekki ætlast til, að nota varalögregluna, nema þegar lögreglustjóri vildi.

Loks skal jeg láta þess getið, að ræða hv. 1. þm. Árn. (MT) sannar að nokkru leyti — og þó á sundurleitan hátt — tvö atriði í fyrri ræðu hv. þm. V.Ísf. í þessu máli, nefnilega það, hvað treysta mætti á innræti, og hitt, að það mundi vera nokkur skrill til í öllum stjettum.

Annars ætla jeg ekki miklu að svara persónulegum árásum þessa hv. þm., nje annara hv. þm. Jeg ætla að láta nægja að gera það með ofurlitlum vísustúf:

Eina kann jeg vísu:
ari sat á steini.
Aðra kann jeg vísu:
ari sat á steini.
Öll er sem ein sje:
ari sat á steini.

Magnús Torfason: Jeg verð að segja það, að mjer kemur dálítið á óvart, hvað hæstv. dómsmálaráðherra (JM) er

afskaplega vondur við mig. Því jeg þóttist einmitt hafa verið svo dæmalaust góður við hann í ræðu minni, jeg var sem sje altaf að verja hann. Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að frv. væri eins og vitlaus maður hefði borið það fram. Ræða mín gekk m. a. út á það, að það væri öðru nær en hæstv. dómsmálaráðherra væri vitlaus maður, heldur væri frv. gert að vel yfirveguðu ráði frá hans hendi.

Í minni ræðu var aðeins eitt atriði, sem verulega snerti hann sem dómsmálaráðherra. Jeg sagði eitthvað í þá átt, að dómsmálastjórnin hefði sett niður frá því hann tók við stjórn síðast. Og það stend jeg við. Hygg jeg það vera mál allflestra á þessu landi, þeirra, er vit hafa á og til þekkja. — En hafi hæstv. dómsmálaráðherra þótt jeg vera eitthvað harður í sinn garð, mátti hann sjálfum sjer um kenna. Ef hann hefði hagað orðum sínum í gær eins og hann hagaði orðum sínum nú í ummælum sínum um hv. 3. þm. Reykv. (JakM), þá hefði jeg ekki tekið þau til mín. En það gerði hann einmitt ekki. Hann sagði það nú, sem hann vildi þá hafa sagt. En það get jeg sagt hæstv. dómsmálaráðherra, að þegar jeg kom út úr þessum sal, vildi jeg skoða þetta, sem hann sagði, á mýkstan hátt í hans garð, af þeim, sem um töluðu, og hefi jeg næg vitni að því. Hæstv. dómsmálaráðh. talaði alls ekki um, að þm., sem eru embættismenn, ættu að haga sjer sæmilega gagnvart stjórninni, heldur, að það ættu að vera b ö n d á þeim. Í því sambandi sagði hann, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefði ausið á sig auri. Jeg varð alls ekki var við, að þessi hv. þm. (JakM) gæfi neina ástæðu til þess, að vera borin á brýn ósæmileg framkoma. Þessvegna gat jeg ekki litið öðruvísi á en að þingmenn, sem eru embættismenn, ættu að vera bundnir á klafa — eftir skoðun hæstv. dómsmálaráðherrans.

Það er eitt, sem mjer þykir vænt um að komið hefir hjer fram. Nú hefir þessi hæstv. dómsmálaráðherra leyst frá munninum og haldið þá skammaræðu, sem líklega munu tæplega finnast dæmi til hjer á Alþingi Íslands. Og þá er að athuga, hvaða sakir eru gagnvart þeim manni, sem slíkur lestur er haldinn yfir.

Jeg get staðfest með þingtíðindunum, að jeg hefi altaf gengið á snið við hæstv. dómsmálaráðherra. Ekki af því, að jeg hafi talið mig svo sjerlega bundinn vegna stöðu minnar, heldur vegna þess, að jeg vissi það, að ef jeg færi að ráðast á hann, mundi ef til vill verða litið svo á, að jeg þættist eiga mín í að hefna. Það vildi jeg ekki láta á sannast. Það hefir ætíð farið svo, að hafi einhverjir gert mjer rangt til, hefir þeim hefnst sjálfum, án míns tilverknaðar; svo hefir og farið í þetta sinn.

Jeg verð að segja, að mjer þykir hæstv. dómsmálaráðherra vera nokkuð hvumpinn, ef hann telur sig ausinn auri í þessari umr., og þá sjerstaklega með tilliti til þess, hvernig hann stendur að vígi. Hann stendur hjer sem höfuð þess stjórnmálaflokks, sem ár eftir ár og dags daglega hefir ausið menn auri. Og síðast á þessu þingi hafa þeir þingmenn, sem ekki eru samþykkir stjórninni í hverju máli, verið ausnir auri hvað eftir annað, og yfir höfuð helt yfir þá óbótaskömmum. En jeg get sagt hæstv. forsrh. (JM) það, að jeg hefi aldrei nokkurntíma svarað einu orði því, sem ausið hefir verið á mig. Hvern dóm sem hann leggur á mig, hefi jeg þó litið svo á, að

það sje langt fyrir neðan mig að fást við slíka menn. Jeg hefi aldrei skrifað eitt einasta orð í blöð, þess efnis, að ráðast á menn persónulega, hversu miklar sakir sem mjer hafa verið gefnar, og það fyrir mín bestu verk, sem mjer hafa blætt tugir þúsunda fyrir.

Þá hefi jeg nægilega svarað hæstv. forsrh. En því vildi jeg beina til hans, að hann má ekki gleyma því, að ef á að fara með hann eins og hann fór að mjer, þá treysti jeg mjer til að hella yfir hann svo miklum skömmum, að hann stæði aldrei upprjettur eftir — og það með fullum rökum. Því það er margs að minnast, og það er langt að minnast. En jeg ætla ekki að hafa mig til þess, og mun aldrei gera.

Þá var hann að tala um óþokkalega árás og dylgjur. Jeg þóttist nú segja þessa einu setningu, sem jeg tók upp hjer áðan, fullgreinilega, og mátti hann vel skilja, hvað jeg meinti.

Þá kvað hæstv. dómsmálaráðherra mig hafa sagt, að hann væri að hylja glæpi Íhaldsmanna. Það hefi jeg aldrei sagt. En mjer fórust orð á þá leið, að þeir menn, sem mest brjóta lög hjer í landi, það væru menn úr hans flokki. Og það ætla jeg að standa við. Þetta er heldur ekki nema eðlilegt, þar sem Íhaldsflokkurinn sem heild hefir verið andvígur bannlögunum, og úr þeirra flokki er prjedikað, að bannlögunum beri ekki að hlýða. Meirihluti bannlagabrjótanna er úr hans flokki.

Þá endaði hæstv. dómsmálaráðherra ræðu sína þannig, að hann vildi telja mig til skrílsins í minni stjett. Jeg þakka ummælin. En það vill svo til, að hann er ekki einn dómari um það, hvernig jeg hefi staðið í minni stöðu. Ef jeg er kallaður skríllinn í sýslumannastjettinni, þá held jeg það geti kanske orðið misjafnir dómar um suma aðra.

Loks vil jeg enda mál mitt með því að rifja upp, að jeg hefi sjeð mann, ekki óskyldan hæstv. forsrh. (JM), þannig á sig kominn — og jeg skal taka það fram, að það var ekkert augnabliksástand, heldur langvarandi, „króniskt" ástand — að engum, sem sá hann slíkan, hefði dottið í hug að telja hann til annarar tegundar af mönnum en þeirrar, sem forsrh. vildi áðan bendla mig við.

Forseti (BSv): Mjer þykir nú gerast þörf þess, að benda háttv. þdm., sem til máls taka, á það, að gæta betur hófs í orðum sínum og teygja eigi mál sitt úr hófi fram. Jafnframt vil jeg biðja hv. áheyrendur að hafa hjer engan hávaða í frammi.

Jón Baldvinsson: Það hefir kent allmikils hita í umræðum, og er það að vonum. En einkum virðist sem dálítil æsing hafi gripið hæstv. ráðherra, sem hjer hafa talað. Fyrir lítilli stundu síðan vildi hæstv. fjrh. (JÞ) knjesetja hæstv. forseta (BSv) fyrir fundarstjórn hans. En hæstv. forsrh. (JM) ljet í gær orð falla, sem ekki urðu skilin öðruvísi en sem ógnun til þeirra embættismanna, sem hjer sitja. En sem betur fer hefir ekkert tillit verið tekið til slíks.

Það er ekki margt, sem jeg hefi að athuga í ræðum hv. þm., sem hjer hafa talað. Aðalmótmælin gegn ræðu minni hafa komið frá hæstv. forsrh. (JM), enda er það hann, sem einkum heldur uppi vörn í þessu máli. En þó vil jeg, áður en jeg sný mjer að honum, víkja að ummælum einstakra þdm. Verður þá fyrst fyrir hv. þm. V.-Sk. (JK). Talaði hann snemma í málinu, og virtist ræða

hans mest kveinstafir út af því, að honum hefði ekki verið hælt nógu mikið í ræðum manna hjer, fyrir afrek sín sem fulltrúi lögreglustjóra. Að öðru leyti voru skoðanir hans hinar fáránlegustu, sem vænta mátti, og ekki laust við, að hann kendi „grunns“ og jafnvel, að búið væri að draga hann í „þurkví“ í þessu máli.

Ein firran hjá þessum hv. þm. stóð í blaði hans í dag, þar sem svo virtist sem hann hefði fundið nýtt verkefni handa varalögreglunni, e. k. verðlagsskrásetningu, þ. e. að setja verð á vörur kaupmanna. Virðist rjett, að liðið þiggi nafn af þessu starfi og heiti kaupmannalið.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði hjer alllangt erindi í gær, og virtist hann vera ákaflega reiður yfir þeirri andstöðu, sem frv. sætti. Virtist honum hún næsta óskiljanleg. Þá vildi hann sem fjrh. fetta fingur út í áætlun mína um kostnað þann, sem leiða mundi af frv., og taldi hana engri átt ná. En sje svo, þá er það engum að kenna öðrum en sjálfri hinni hæstv. stjórn, sem enga áætlun hefir samið fyrir hinni afarvíðtæku heimild til fjáreyðslu, sem í frv. felst. Í áætlun minni var hvergi farið út fyrir þann ramma, sem frv. sjálft heimilar. Þvert á móti. Og hæstv fjrh. (JÞ) mætti þykja vænt um, ef hann hefði ætíð haft jafngóðan grundvöll til að gera á áætlanir sínar og jeg hafði í þessu tilfelli. Mjer skildist hæstv. fjrh. (JÞ) halda því fram, að kostnaðurinn mundi ekki nema yfir 6—7 þús. kr. (JÞ: Nei!) Ef hæstv. ráðherra hefir ekki nefnt þessar tölur, þá bið jeg afsökunar. En hæstv. forsrh. (JM) nefndi tölu svo lága, að hin lítilfjörlegasta framkvæmd þessara laga hlyti að fara þar langt fram úr.

Hv. þm. Dala. (BJ) gerði grein fyrir atkv. sínu, og kvaðst a. m. k. mundu fylgja frv. til nefndar. Jeg gat ekki búist við betra af honum. En það kom líka nokkuð nýtt fram í ræðu hans. Hann gekk sem sje út frá því, þvert á móti því, sem hæstv. forsrh. vill láta í veðri vaka, að þessi varalögregla eigi að vera vopnuð. Það kom fram hjá honum, að hann átti við vopnað lið, er hann var að tala um það í sambandi við það, að ræningjar gengju á land. En allir ættu að sjá, að lítið gæti orðið um varnir, þrátt fyrir það, þó hjer yrði stofnsettur allur sá her, sem frv. framast leyfir, og útbúinn með skammbyssur og rýtinga, ef hjer lægju herskip, sem gætu skotið á bæinn. Það er því fjarstæða ein, er hv. þm. (BJ) talaði um varalögregluna sem vörn gagnvart útlendingum. Slíkt er eingöngu gert til þess að villa fyrir um hinn eiginlega tilgang frv.

Jeg ætla, að jeg hafi þá ekki mikið frekar að athuga við ræður einstakra hv. þm. Þó vil jeg drepa á ummæli hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um bæjarstjórn Reykjavíkur. Jeg tel það ofmælt hjá honum, er hann sagði, að hún vildi engar umbætur gera á skipun lögreglunnar, meðan núverandi lögreglustjóri hjeldi embætti. Jeg veit ekki betur en það hafi verið talsvert mikill hluti bæjarstjórnarinnar, sem hefir viljað bæta lögregluna. Og þó að þetta, er hann sagði, kunni að hafa heyrst, þá má ekki af því ályktа, að lögreglustjóri Reykjavíkur sje óhæfur til síns embættis.

Þá kem jeg að hæstv. forsrh. (JM). Hann byrjaði andmælaræðu sína á því, að kvarta yfir því, hve erfitt væri að tala við okkur hv. þm. Str. (TrÞ) um þetta mál. Það er ekkert undarlegt, því að hæstv. forsrh. (JM) vill, eins og aðr-

ir, sem þessu frv. mæla bót, gera úr því alt annað en sjálft frv. ber með sjer. Það er því ekkert undarlegt, þó að hæstv. forsrh. gangi illa að verja frv., og það hefði hann átt að sjá áður en hann flutti það hjer inn í deildina. Það er að vísu rjett, að frv. má breyta frá því, sem það er nú fram flutt. En þegar á að greiða um það atkvæði nú, þá er ekki hægt að taka til greina loðin ummæli hæstv. forsrh., heldur falla atkvæðin um frv. og þá stefnu, sem í því birtist, eins og það liggur fyrir.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að aðaltilgangur frv. væri sá, að gera lögregluna hjer í Reykjavík öfluga; en til þess þarf sannarlega ekki jafn-víðtæka heimild og stórkostlegt herskyldufrv. eins og það, sem hjer er sett af stað. Til þess þarf ekki nema fáa menn og dálítið fje úr bæjarsjóði, og jeg er viss um að bæjarstjórn mun gera það, ef hún sjer þess brýna þörf.

Þá var hæstv. forsrh. ennfremur að segja það, að stjórnin ætti ekkert að segja um notkun þessa liðs. En á hún ekki að skipa foringja liðsins? Jeg sje ekki betur en frv. geri svo ráð fyrir, og hæstv. forsrh. hefir mjer vitanlega ekki hallast að öðru frekar. En ef forsrh. skipar manninn, þá er jeg ekki í neinum vafa um það, að hann mun skipa þann mann einn, er hann veit, að gera muni vilja stjórnarinnar í öllu og ræður þá menn eina í liðið, sem hann veit, að gera hennar vilja. Jeg veit að vísu, að þessi hæstv. núverandi stjórn verður ekki eilíf, en hún getur ráðið hjer um nokkurn tíma enn, og með skipun þessa liðs getur hún ráðið því, hvers taum það dregur. Það er því rangt hjá hæstv. forsrh. (JM), að stjórnin ráði ekki miklu um liðið. Sú stjórn, sem stofnar liðið, ræður miklu um það, úr hvaða flokki mennirnir eru.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að verkamenn og sjómenn mótmæltu frv., vegna þess, hvernig það hefði verið túlkað fyrir þeim. En jeg sje ekki, að það hafi verið túlkað öðruvísi en hann hefir nú túlkað það sjálfur hjer í þessari hv. deild.

Það hefir verið ein vörn hæstv. forsrh. (JM) og fleiri formælenda þessa frv., að það sje eins og lögreglufrv. hinnar „socialistisku“ stjórnar í Danmörku. En það er þvert á móti. „Socialistarnir“ í Danmörku eru að afnema herskyldu hjá sjer með sínu frv., en íslenska stjórnin er að innleiða herskyldu. Lögregluher Dana á að verða 6 þúsundir manna. Lengra treystist stjórnin ekki að ganga í bráð í því að afnema herinn. Hún setur hjer millistig. En hún kýs minna böl, til að losna við hið meira. Þessi tala er ekki hærri en sú, sem íslenska stjórnin hugsar sjer fyrir kaupstaðina íslensku, sem þó eru 100 sinnum mannfærri en Danmörk. Allir sjá, að hlutfallsleg tala fastra lögregluþjóna í kaupstöðum landsins væri — eftir frv. dönsku stjórnarinnar — ekki hærri en 70. Hjer munar því mjög miklu.

Hæstv. forsrh. (JM) var að hæla dönsku stjórninni fyrir það, hvað hún væri íhaldssöm. Jeg veit nú ekki, hversu þakklát hún mundi vera hæstv. forsrh. fyrir þessa lýsingu, ef henni yrði kunnugt um hana. En úr því að Íhaldsráðherranum finst til um þetta höfuðeinkenni, þá ætti hann fyrir hönd íslensku stjórnarinnar að flytja hjer á Alþingi eitthvað af þeim merkilegu umbótatillögum í þjóðfjelagsmálum, sem danska stjórnin flytur nú á ríkisþinginu. Jeg fer nú að halda, að jeg eigi vís-

an hauk í horni, þar sem stjórnin er og Íhaldsflokkurinn, þegar hjer kemur fram frv. mitt um að banna næturvinnu. En þó að það frv. sje harla smávægilegt hjá ýmsu, sem danska stjórnin ber fram til verndunar og hagsbóta fyrir alþýðu, þá treysti jeg samt valt á stuðning Íhaldsins. Jeg held, að skraf hæstv. forsrh. (JM) í þá átt hafi verið tómur fyrirsláttur.

Það hefir dregist hjer inn í umræðurnar, hvernig ætti að miðla málum í kaupdeilum milli verkamanna og atvinnurekenda, og hefir verið talað bæði um gerðardóm og sjerstakan sáttasemjara. Það er rjett, að verkamenn hafa löngum sett sig á móti því, að hafðir væru lögákveðnir gerðardómar, og liggja til þess ástæður, sem jeg nenni ekki að rekja hjer. En hitt er víst, að verkamenn telja sjer vinning að því, að til sje maður, þegar deilur rísa, sem reyni að grípa inn og leiða aðilja saman, ef auðið mætti verða að koma á sættum. Hefir slíkt oft reynst vel og víða verið reynt, t. d. í Danmörku. En í sjálfu sjer er ekki nema eitt meðal til að jafna slíkar deilur, en það er að nema burtu það atriði, sem deilan stendur um. Á hvern hátt það megi verða í þessu umrædda tilfelli, skal jeg ekki fara út í að sinni.

Hæstv. forsrh. talaði um það, að hann þekti ekki til þess, að Íslendingar væru löghlýðnari en aðrar þjóðir, og vildi sanna það með því, að hegningarhúsið væri fult af föngum, og jafnvel eitthvað af slíkum mönnum í gistihúsum borgarinnar. En það er þó ekki langt síðan að þar var enginn maður. Og það var ekki fyr en yfir þyrmdi með bannlagabrotin, sem þróast hafa svo dæmalaust vel undir stjórn hæstv. forsrh. (JM), að hegningarhúsið stendur troðfult. Og veitti víst ekki af að byggja vænt tugthús í viðbót, ef það ætti að rúma alla sökudólgana.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að frv. ætti að losa fjöldann undan þeirri skyldu, er á borgurunum hvíldi, að veita lögreglunni aðstoð. Ef þessi orð eru góðgjarnlega skilin, þá ætti að liggja í þeim, að menn ættu ekki framar að vera skyldir með lögum til þess að aðstoða lögregluna. En þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðherra, því að í frv. er ekki gert ráð fyrir að fella úr lögum eldri ákvæði um þetta. En sje hitt meining hans, að það eigi aðeins að taka vissa, útvalda menn í varalögregluna eða herinn, þá finst mjer það mikið verra heldur en nokkru sinni almenn herskylda. Það væri háskalegt í mínum augum.

Hæstv. forsrh. (JM) vildi vefengja það, er jeg sagði, að við værum lausir við hernaðarósómann. Herferðir voru farnar áður hjer á landi, sagði hæstv. ráðherra, og vitnaði aftur í fornöld. En nú sagði jeg einmitt, að vopnaburður og hermenska mundi hafa átt mestan þátt í því, að Íslendingar mistu frelsi sitt til forna. En nú erum við lausir við hernaðarósómann og höfum lengi verið, að undanskildu því, þegar hæstv. forsrh. (JM) ljet fara herförina forðum gegn rússneska munaðarleysingjanum.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að það væru takmörk fyrir því, hve miklu fje bæjarsjóðir gætu kostað til löggæslu. Það er rjett; bæjarsjóðir hafa takmarkað fje að verja til slíks, en þó mundu þeir vissulega geta varið enn nokkrum þús. kr. til þess, ef þörf gerðist. En svo

virðist, sem hæstv. forsrh. áliti, að engin takmörk sjeu fyrir því, sem ríkissjóður geti lagt fram í þessu skyni.

Þá upplýsti hæstv. forsrh. (JM), að menn úr bæjarstjórn Reykjavíkur hefðu komið til sín og óskað eftir styrk úr ríkissjóði til lögreglunnar hjer. Eins og margt fleira í ræðu hæstv. forsrh. var þetta ónákvæmt frá skýrt og loðið. Mjer er þetta vel kunnugt úr bæjarstjórn Reykjavíkur, og veit, að hún hefir litið svo á, að ríkissjóði bæri að leggja fje fram til lögreglunnar hjer, ekki af því, að bærinn hefði ekki skyldu til þess að annast löggæsluna sjálfur, heldur vegna hins, að talsvert kveður að því, að lögregluþjónar þurfa oft að gegna ýmsum störfum í ríkisins þágu, sem ekki koma löggæslu við. Og það er með tilliti til þessarar þjónustu, sem bæjarstjórn hefir farið þess á leit, en ekki vegna almennrar löggæslu. Þetta er því rangt hjá hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. var að gera að gamni sínu, líkt og hv. þm. Dala. (BJ), og ljest ekki kunna að gera grein á alþýðu og öðrum mönnum hjer í landi. Jeg held nú samt, að þetta frv. beri ljósan vott þess, að hann kunni fyllilega að gera mun á alþýðu og útgerðarmönnum að minsta kosti.

Hæstv. forsrh. kvað það vera fjarstætt allri skynsemi, að tala hjer um 30 ára herskyldu. En hvað segir sjálft frv.? Ef hæstv. forsrh. (JM) kallar þetta vitleysu, þá er það staðfesting á því, er einn hv. þdm. sagði, að frv. væri eins og það hefði verið samið af vitlausum manni.

Í seinni ræðu sinni vildi hæstv. forsrh. gera lítið úr því, hvern tíma æfingarnar tækju, og var hann þó margbúinn að taka það fram, að liðið þyrfti að vera vel æft. Þetta er því hvað á móti öðru og stangast, eins og svo margar röksemdir hans í þessu máli. Hann var líka að hugga menn með því, að fást mundi nóg af ungum og áhugasömum mönnum í liðið, sem gengi í það af fúsum vilja, án þess að beita þyrfti skyldukvöðinni. Þetta eru líklega sömu ungu mennirnir, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að gengið hefðu hjer um þingbekki í fyrra til þess að fá menn til að styðja þetta mál. Sje það þetta, sem vakir fyrir hæstv. forsrh., þá verður þetta líklega einskonar áhugalið hæstv. stjórnar, menn, sem langar í tuskið. En líklega tryggir það samt ekki friðinn í landinu. Það gæti verið varhugavert, ef þessir ungu áhugamenn ættu hagsmuna að gæta í deilum, sem að höndum kynnu að koma. Það gæti orðið til þess, að þær yrðu harðari og alvarlegri. Þess var ekki gætt í þeim atburðum, sem hæstv. forsrh. (JM) var nýlega að tala hjer um.

Hæstv. forsrh. (JM) vefengdi það, að forstöðumaður liðsins ætti að hafa full laun. Það stendur þó fullum stöfum í aths. fyrir frv. Það er gert ráð fyrir því í frv., að forstöðumaður taki laun eftir samkomulagi við ráðherra. Þetta á sjálfsagt að vera valinn maður, með fullum launum. Þetta er þýðingarmikið og ábyrgðarmikið starf, og verður ekki haft í hlaupavinnu eða hjáverkum — nema ef einhver útgerðarmaðurinn þættist geta þetta í frístundum sínum — en það þætti nú kanske ekki sem heppilegast.

Þá vildi hæstv. forsrh. vefengja kostnaðaráætlunina, og hefi jeg svarað því. Það er ekki rjett, að jeg hafi lagt saman stofnkostnað og árlegan kostnað. En jeg gerði ekki ráð fyrir húskostn-

aði, og má þó búast við, að ráðh. þykist þurfa að koma upp hermannaskálum a. m. k.

Þá kem jeg að merg þessa máls. Það kom fram, þegar hæstv. forsrh. var píndur til sagna, að hann hefir eingöngu í huga deilur verkamanna og atvinnurekenda. Hann nefndi aðeins dæmi um slíkar deilur, auk Ólafsmálsins 1921. Þegar hann er búinn að skýra frv. á þennan veg, er ekkert undarlegt, þó að menn áliti, að því sje stefnt gegn verkamönnum.

Verkamenn þóttust hafa fulla vissu fyrir því, að þessu væri stefnt gegn sjer. Því miður er sú vissa staðfest með orðum hæstv. forsrh. sjálfs. Eiginlega verður ekki annað dregið af orðum hans en að það sje meining hans, ef deila kemur upp, að láta herlið skera úr og skakka leikinn. Það þarf víst ekki að segja ráðherranum, sem er svo fróður um ýmislegt, sem gerist erlendis, að þar er það alveg að leggjast niður, að herlið sje notað til slíkra hluta. Það þykir ekki lengur rjett, og stefnir alt að því nú, að láta lögregluna leiða slíkt hjá sjer.

Eftir atvikum verður að ætla, að þessari lögreglu sje beint gegn verkamönnum. En ef atvinnurekendur gera verkbann? Ætlar þá Íhaldsstjórnin að senda lögregluna heim til þeirra og neyða þá til að koma vinnu af stað? Ef hugsað væri um fullkomið jafnrjetti, ætti þetta að koma fram. Þegar lögreglan var notuð erlendis í kaupdeilum, þá einmitt sýndi það sig margoft, að atvinnurekendur gerðu leik til þess að fá uppþot, til þess að fá tækifæri til að kalla á lögregluna. Það væri ákaflega handhægt fyrir atvinnurekendur hjer, ef verkfall stæði yfir, að láta til málamynda fara að flytja salt eða eitthvað annað milli húsa niðri á hafnarbakka og reyna þannig að koma af stað vandræðum, sem spilti fyrir málstað verkamanna. Það er svo sem ekki að efa, hvernig það yrði túlkað, þegar Morgunblaðið færi að segja frá. Nei, þessar deilur eru viðkvæmar, og það þarf gætni á báðar hliðar. Jeg aðeins spyr: Óttast ekki hv. þm., að þegar búið væri að nota lögregluna einu sinni eða tvisvar til þess að sprengja samtök verkamanna, óttast þeir þá ekki samtök verkamanna á móti, og að tveir gagnstæðir flokkar myndist? Jeg aðeins spyr hæstv. forsrh., og óska, að hann taki þetta til athugunar.

Þetta er engin hótun frá minni hendi. Jeg aðeins bið menn að athuga, hvað líklegt væri, að koma mundi fram.

Þrátt fyrir þessa túlkun hæstv. forsrh. á frv., játar hann þó, að hættulegt sje að safna stjett á móti stjett. En það er einmitt það, sem hann er að gera, og mjer finst hann furðu bíræfinn, að neita því.

Það, sem unnist hefir við þessar umræður, er margt. Það hefir unnist, að hæstv. ráðherra hefir algerlega gengið frá frv. stjórnarinnar og enginn hefir verulega mælt því bót. Það sýnir, hversu óforsvaranlegt frv. er. Þeir, sem sömdu frv., hafa þó fært það í þann búning, sem stjórnin óskaði. Hún hefir treyst á mátt og vald í þinginu til þess að koma því fram. Hún hefir treyst því, að hún gæti haft flokksmenn sína auðsveipa og fylgispaka, og unnið sjer viðbótarfylgi með hótunum um embættismissi o. s. frv. Nú sýnist alt ætla að bresta, og hún reynir að gera sem minst úr öllu saman, dregur saman seglin meir og meir, er á stöðugum flótta og fer sífelt minkandi.

Meðferðin á þessu máli minnir á þjóðsögurnar um umskiftingana. Hæstv. forsrh. (JM) hefir farið eins að og sagt er um álfkonurnar; þær tóku ferlegan risa og þæfðu hann, þar til hann var orðinn að litlu barni. Varalögreglufrv. er ferlegur risi, og hæstv. forsrh. hefir nú verið að reyna að hnoða það saman og gera það sem allra minst. Jeg vona nú samt, að þó að hæstv. forsrh. sje búinn að gera þessa töfra, þá takist honum ekki að koma þessari ófreskju inn í mannheima, undir því yfirskini, að þetta sje lítið og saklaust barn.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., fimtudaginn 5. mars, var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 32).

Sveinn Ólafsson: Það hafa nú þegar allmargir hv. þm. gert grein fyrir atkv. sínu, og þessvegna hygg jeg, að það verði ekki talin goðgá, þótt jeg geri hið sama, og það því síður sem jeg verð að greiða atkv. á móti þessu frv.

Hæstv. forsrh. (JM) ögraði andstæðingum sínum í þessu máli með því, að þeir bæru ábyrgð á þeirri óreglu og lögbrotum, sem framin kynnu að verða framvegis vegna vanmættis og mannfæðar lögreglunnar, ef frv. yrði felt. Jeg skal ekkert um það segja, hver áhrif þessi ögrun hæstv. forsrh. hefir haft á aðra þingdeildarmenn, en hjá mjer vakti þessi ögrun ákveðna mótstöðu gegn þessu frv., og var í raun og veru ákvarðandi. Eftir hliðstæðri ályktun liggur næst að segja, að stjórnin beri þá einnig persónulega ábyrgð á öllu því misferli, sem leiddi eða leiða kynni af því, ef þetta frv. yrði samþ. Það er sem sje ekki neitt launungarmál lengur, að frv. stefnir að því einu að koma hjer á fót „pólitiskri" lögreglu, lögreglu, sem myndi vekja beiskustu andúð hjá öllum almenningi, jafnvel hinna allra löghlýðnustu borgara. Með þessu frv. hefir hæstv. stjórn lagt inn á hættulega leið, bæði fyrir sig og almannafriðinn, og hefði þessi leið betur ófarin verið.

Eftir frv. er lagt tortryggilega mikið vald í hendur stjórninni, sem alt getur ákvarðað með konunglegri tilskipun, eftir geðþótta sínum, og á að vera óbundin af lögunum, því að frv. þetta afmarkar nær ekkert verksvið stjórnarinnar. Það er að vísu eigi sjálfsagt, að ætla stjórninni misbrúkun þessa valds, en möguleikinn til þess blasir við.

Kostnaðarhliðin á þessu máli er að mínu áliti ekki sú þýðingarmesta, en þó mjög varhugaverð, og um hana gefur frv. engar bendingar. Stjórnin virðist því um þetta eins og annað að vera óbundin, og getur lagt fram úr ríkissjóði hvaða upphæð sem vera skal til styrkingar lögreglu, þar sem henni þóknast.

Eins og kunnugt er, hefir allur kostnaður við lögregluefirlit í bæjum hingað til eingöngu hvílt á viðkomandi bæjarfjelagi, að því frátöldu, að ríkið hefir greitt laun lögreglustjóra, samkvæmt lögum um það efni frá 1890, lögum, sem að vísu eru aðeins heimildarlög, en að rjettu lagi ættu að vera alment skipandi um þessa hluti. Er í sjálfu sjer ekkert óeðlilegt að hugsa sjer, að ríkið tæki einhvern frekari þátt í kostnaði við slíka löggæslu, þar sem hann reyndist mjög þungbær, og þá eftir ákveðnum hlutföllum. En með varalögreglu þeirri, sem hjer er að stefnt, mundi verða dregið úr hvöt bæjanna til að annast þetta lög-

reglustarf, er ríkið stæði að baki og hægt væri þannig að koma af sjer kostnaðinum og skjóta ábyrgðinni yfir á herðar þess. Má jafnvel búast við því, að löggæslan í landinu yrði lakari, eftir að ríkið þannig væri búið að taka hana að sjer. Mjer virðist leið sú, sem samþyktarlögin 1890 benda á, sú eðlilegasta, og ef auka þarf lögreglustyrk einhversstaðar, þá sje eftir þeim einsætt að gera það.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) benti rjettilega á það, að t. d. hjer í Reykjavík og jafnvel víðar mætti nota brunaliðið til aðstoðar lögreglunni; auk þess eru ýms fjelög vel til þess fallin að skyldast til slíkrar lögregluaðstoðar, svo sem fjelög fimleikamanna, skátafjelög o. s. frv. Jeg sje ekki neitt því til fyrirstöðu, að bæjarfjelögin legðu slíka kvöð á þessa menn, og þó svo væri, að þetta hefði einhvern aukinn kostnað í för með sjer, þá ætti hann ekki að verða meiri en af föstu lögregluliði, enda eftir framansögðu ætti þá að vera gerlegt að fá einhvern tilstyrk af ríkisfje, er kostnaður yrði ofvaxinn bæjarfjelagi. Um þetta eru líka fordæmi til, og er skemst að minnast fjárframlaga úr ríkissjóði 1921 til kostnaðar við lögregluframkvæmdir hjer í bænum.

Jeg veit annars ekki til þess, að komið hafi frá neinum bæ á landinu nokkur ósk um að auka við lögregluna, eða umsókn um styrk vegna kostnaðar við hana, nema ef telja skyldi hjer úr Reykjavík. Jeg held því ekki, að það þurfi að gera því skóna fyrst um sinn, að önnur bæjarfjelög biðji um þetta, nema ef til vill Siglufjörður. Jeg gæti eins vel búist við því, ef lög yrðu sett hjer um varalögreglu, að niðurstaðan yrði sú, að þau röskuðu einmitt þeim almannafriði, sem þeim er ætlað að tryggja og varðveita.

Það hefir af ýmsum fylgismönnum frv. verið talin ótilhlýðileg frekja af Framsóknarflokknum, að vilja fella frv. þegar frá 2. umr. og girða þannig fyrir, að það nái að komast í nefnd. En jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að jeg lít svo á, að heppilegustu úrslit þessa máls væri þau, að frv. fari ekki lengra en komið er. Jeg sje ekki í þessu frv. annað en reiddan hnefa þess hluta Íhaldsins, sem hefir hina stærri vinnuveitendur að baki sjer, gegn verkalýðnum og öðrum, sem eru í andstöðu við það. Því fer mjög fjarri, að jeg treysti hnefarjetti þess til að skapa frið og löghlýðni. Athugaverðustu viðsjár í voru þjóðfjelagi eru einmitt deilur milli óbilgjarnra vinnuveitenda annars vegar og ofstækisfullra verkamanna á hinn bóginn, og jeg sje eigi betur en að það sje einmitt skylda Framsóknarflokksins að reyna að standa milli þessara elda og draga úr illum afleiðingum þeirra, sem ætíð eru viðbúin. Jeg ætla ekki að taka þátt í þeim skattyrðingum, sem hjer hafa staðið um þetta mál, og jeg ætla heldur ekki að ýfast neitt frekar við hæstv. stjórn fyrir það, að hafa borið hjer fram þetta frv. Jeg get að mestu leitt hjá mjer hnjóðsyrðin til vor, andstæðinga frv. En þó var það eitt atriði, sem hæstv. forsrh. (JM) hraut af vörum í gær, sem jeg get ekki alveg leitt hjá mjer, og sem jeg álít, að hæstv. forsrh. hefði fremur átt að láta ósagt. Hann var sem sje að tala um mennilegar framkvæmdir Íhaldsins, og kvað svo að orði, að andstöðuflokkarnir hefðu aðeins lagt til þvaðrið og tafirnar. Þetta álít jeg, að hefði mátt vera ómælt, því jeg tel það muni orka mjög tvímælis,

hvort nokkrar sjeu þær framkvæmdir Íhaldsflokksins eða stjórnar hans, sem ástæða sje fyrir hæstv. ráðherra að tala svo drýgindalega um; að minsta kosti er sjálfshólið óviðfeldið. Jeg fór að spyrja sjálfan mig, hvað mundi liggja bak við þessi drýgindalegu orð hæstv. forsrh. (JM). Jeg veit ekki, hvort jeg hefi hitt á það rjetta, en mjer datt í hug, hvort það mundi t. d. geta verið röggsemi stjórnarinnar í Krossanesmálinu fræga, sem hann miklaðist svo mjög af; eða hvort það væri framkvæmd aðflutningsbannsins á óþarfavarningi næstliðið sumar, eða eitthvað þesshättar. Jeg held það sje ekki beinlínis ástæða fyrir hæstv. forsrh. að vera að flagga með þessar röggsamlegu framkvæmdir Íhaldsstjórnarinnar. Jeg held, að traustið á henni vaxi lítið við það, og þögnin um þær sje affarasælust.

Í stuttu máli sagt hefi jeg ekki getað felt mig við, að rjett væri að eyða jafnmiklum tíma og gert hefir verið, til að ræða slíkt mál sem þetta, ef hægt væri að breiða yfir það með góðu móti. Eftir þær umræður, sem þegar hafa staðið um málið, mun þetta vera orðið eitt með allra dýrustu málum þessa þings. Jeg skal engu spá um afdrif frv., en jeg hefi þegar látið í ljós, hver jeg óska að þau verði, og jeg mun einksis láta ófreistað til að flýta fyrir þeim afdrifum.

Bjarni Jónsson: Jeg á ekki gott með að skilja, hversvegna hv. þm. eru sífelt að blanda afstöðu þessara stóru þingflokka inn í umræðurnar. Það er hvort sem er á hvers manns vitorði, að núverandi stjórn á tilveru sína Framsóknarflokknum að þakka. Honum var boðin í fyrra samvinna í því skyni, að gamla stjórnin sæti áfram, en tók hinn kostinn, sem kunnugt er. Það er því hans eigin stjórn, sem nú situr við völd, hversu mjög sem hann hamast nú gegn henni.

Annars skil jeg alls ekki í þessum málalengingum um frv. þetta við 1. umr. Hvað er það eiginlega, sem á milli ber? Hjerna sitjum vjer þrír í röð, og höfum allir talað um málið og erum allir sammála um, að auka þurfi lögregluna. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði ennfremur, að auka þyrfti lögregluna í landinu. Hv. þm. Str. (TrÞ) ljet einnig mjög ákveðin ummæli falla í þessa átt. Hæstv. forsætisrh. (JM) sagðist mundi fylgja næstum hverju frv., sem miðaði að því, að auka löggæsluna í landinu. Hvað er þá eðlilegra en að málið fái að ganga til nefndar, þar sem andstæðingarnir geta komið sínum brtt. að?

Hjer virðist aðalatriðið vera það, hvort fella eigi frv. einungis af því, að það er stjfrv. Jeg gæti skilið þetta, ef til stæði að fella stjórnina. En nú er ekki því til að dreifa. Jeg fyrir mitt leyti, heiti því, að greiða atkv. á móti frv. við 2. umr., ef það kemur ekki frá nefndinni í þeirri mynd, sem jeg kýs.

Jeg ætla hvorki að skemta mjer nje öðrum hjer, með því að tala um málið í sama tón og sumir aðrir. Jeg vildi aðeins drepa á tvö eða þrjú atriði.

Mig rak, satt að segja, í rogastans, þegar jeg heyrði af munni andstæðinga frv., að hjer væri verið að stofna lið gegn einni stjett manna í landinu. Þetta er svo mikil ósvífni og brot á öllu velsæmi, að slíkt má ekki vera óátalið. Hversvegna er þá verið að ræða þetta mál dögum saman, í stað þess að drepa það þegjandi, eins og slíkt frv. hefði átt skilið? Um það hefðu allir flokkar

átt að vera samtaka, hefði verið um slíkt hneyskli að ræða. Annars held jeg, að andstæðingar frv. trúi ekki þessu sjálfir. Jeg fyrir mitt leyti gæti enga sjerstaka stjett nefnt til þessa, fremur annari, en hv. andstæðingar þessa máls hafa nefnt til þess verkamannastjettina, daglaunamennina. Hvenær hafa þeir stofnað þjóð og riki í hættu með ólöghlýðni? Það hefir að vísu verið vitnað til tveggja slíkra atburða, en bæði var það, að hjer var eigi um nein ósköp að ræða, enda var fyrirstaða hins fámenna lögregluliðs lítil eða engin. Annars eru verkamenn stiltir menn og hógværir, engu síður en vjer hinir. Og þar við bætist sú staðreynd, þótt menn vilji máske ekki viðurkenna hana, síðan menn fóru að vera hálfir austur í Rússlandi, að verkamenn eru feður, bræður og frændur embættismanna, kaupmanna og útgerðarmanna. Hver stjettin grípur hjer svo inn í aðra, að þær verða stundum vart aðgreindar. Auðvitað eru til óróaseggir innan daglaunamannanna, eins og í öllum öðrum stjettum, einkum þegar menn eru hálfdruknir. Við aldrukna menn hefir lögreglan oftast nær ráðið.

Verkamenn eru ekki ólöghlýðnari en aðrir menn, nema síður sje. Það er því bein móðgun og ósvifni við þá, að segja, að þeir muni koma upp varnarliði gegn varalögreglu, ef hún verður sett á fót, og þá kastar tólfunum, ef fulltrúar verkamanna sjálfra verða til þess, að halda þessum óhróðri á lofti. Jeg man nú að vísu ekki, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi látið sjer þetta um munn fara, enda þótt það hafi óspart verið gefið í skyn af ýmsum öðrum. Ef verkamenn koma hjer upp varnarliði, þá yrði það til að hjálpa öðrum, en ekki gegn löggæslunni í landinu.

Það er þetta tvent: að stjórnin leggi fyrir þingið frv. þess efnis, að stofna her til höfuðs einni stjett í landinu, og hitt, að verkamenn muni stofna til samtaka gegn lögreglu ríkisins, sem er hvorttveggja svo ósvífið og óviðeigandi, að engum ætti að detta slíkt í hug. Og auk þess, að það er bein móðgun við verkamenn að ætla þeim slíka firru, þá er það ekki síður langt gengið, ef þetta á að vera hótun til vor hinna þm., sem erum, eins og allir vita, fremur ístöðulitlir og verðum fljótt hræddir, svo að það er ekki rjett að nota sjer það.

Jeg ætla þá að víkja að hinu og þessu í ræðum þeirra hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Þeir sögðu, að jeg hefði gert ráð fyrir, að lögreglan væri vopnuð. Þetta er ekki rjett. Jeg sagði aðeins, að lögreglan ætti að vera vopnuð eins og gerðist um lögreglu í öðrum löndum. Annars skil jeg ekki í því, hve hræddur hv. þm. V.-Ísf. er við vopnaða lögreglu. Hann vill líklega heldur, að lögreglan segi við sökudólgana, eins og í vísupartinum stendur:

> Biddu hjerna, maður minn,
> meðan jeg sæki handjárnin,

eða eitthvað svipað virðist vaka fyrir honum.

Annað eins gæti þó komið fyrir sem það, að drukkin skipshöfn af erlendu skipi ryddist hjer á land og gerði usla. Lögreglan má samt ekki hafa neitt í höndunum. Það er líklega trú hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) á innræti útlendra manna, sem hefir hjer áhrif á skoðun hans.

Eins og önnur þing, leggur þetta þing, er nú situr á rökstólum, ýmsar kvaðir og kröfur á þegnana, bannar þeim og býður, en þess verður að gæta, að þau rjettindi verða að koma á móti, að þegn-

arnir sjeu óhultir fyrir ofbeldismönnum.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um „arnarvæng Englands“. Ekki skal því neitað, að stór er hann, en hætt er við, að hann verði skjóllitill, ef það væru Bretar sjálfir, sem vjer ættum að verjast. Hv. sami þm. sagði, að margar smáþjóðir yrðu að gera sjer að góðu að lifa í skjóli við her stærri þjóða. Eftir þessu ætti Ísland að verða verndarríki (protektorat) Englands. Endirinn hlyti að verða sá, þótt ekki hefði verið ætlast svo til í upphafi.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að það væri hin mesta fjarstæða, að varalögreglan kæmi að gagni, ef ræningjar kæmu að landi. Mátti skilja á ræðu hans, að fyrst og fremst væri einurðarleysið gagnvart útlendingum svo rótgróið, að enginn myndi hreyfa hönd nje fót gegn þeim, og í öðru lagi myndu ræningjar þessar koma hjer á „dreadnaughts“ eða öðrum stórdrekum, sem skytu á kauptún og kaupstaði. Hv. þm. ætti þó að vera kunnugt, að Ísland hefir lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu. Hann átti auðsjáanlega erfitt með að komast fram hjá þessari ástæðu, og því ljet hann þessa fáránlegu skoðun í ljós. Það, sem jeg átti við, var auðvitað það, að komið gæti fyrir, að ein eða tvær skipshafnir færu á land til ráns eða annara óspekta. Lögreglan á fyrst og fremst að verja oss gegn slíkum útlendingum, og þá einkum verkamenn sjálfa. Allar óeirðir koma harðast niður á fátæku mönnunum, sem veitist lífið nógu örðugt, þótt þeir fái að lifa í friði.

Jeg er ekki fróður í Íslandssögu, og skal ekki heldur þreyta neina með tilvitnunum þaðan. En ekki held jeg að lengi þurfi að leita þar, til að finna þar næg dæmi þess, að margt hefði betur farið en gert hefir með þjóð vorri, hefði verið til öflug ríkislögregla, sem háð hefði fjeránsdóma og framið aðrar opinberar athafnir, þar sem þess þurfti við. Þetta gæti verið þeim til athugunar, sem fróðir eru í Sturlungu.

Mig myndi ekki taka sárt, þótt frv. þetta fjelli nú þegar, ef hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) kemur jafnharðan fram með frv. það, sem hann lofaði að koma fram með um þetta efni. En þar sem jeg er ekki viss um efndir á því, mun jeg greiða atkv. með þessu frv. til nefndar og 2. umr.

Magnús Torfason: Jeg fjekk í gær leyfi hjá hæstv. forseta til að bera af mjer sakir, en vjek hinsvegar ekki að ræðu hæstv. dómsmálaráðh. (JM) að því leyti, er hún snerti málið sjálft.

Þess þarf heldur ekki með, nema að litlu leyti, því að hann reyndi ekki að hrekja neitt af því, sem jeg hafði sagt um aðalatriði þessa máls. Það eina, sem hann reyndi að bera fram til varnar, var það, að forstöðumaður varalögreglunnar ætti að vera undir lögreglustjóra gefinn. Í því sambandi sagði hann, að jeg hefði alls ekki lesið aths. við frv. Um 3. gr. frv. segir svo í aths.: „Forstöðumaður hefir á hendi stjórn varalögregluliðsins og umsjón ....“ Þetta er einmitt full sönnun fyrir mínu máli, því að þótt svo sje að sjálfsögðu tekið til orða í aths. um 1. gr., að varalögreglan eigi að vera lögreglustjóra til aðstoðar, þá sje jeg eigi betur en hin aths., sem jeg tilfærði, taki öll tvímæli af um þetta.

Þá var annað, sem mjer þótti kynlegt í ræðu hæstv. forsrh. (JM). Það er, hvernig hann hefir tekið till. þeirra, sem að vísu vilja auka löggæslu í landinu,

en eru þó ósamþykkir frv. stjórnarinnar. Hann hefir gert alt sitt til að gera allar þessar till. að vítleysu, og þá hafa mínar tillögur ekki farið varhluta af þeirri viðleitni hans. Jeg mintist meðal annars á tollþjóna og aukna tollgæslu. Hæstv. forsrh. (JM) veit líka að jeg hefi jafnan haldið því fram, að auka beri tölu tollþjóna, því að sú stjett þarf að vera það vel skipuð, að hún geti öðruhvoru rannsakað skip nákvæmlega, svo enginn, sem varning flytur inn í landið, geti verið óhultur fyrir tollskoðun. Hvað fjárhagslega hlið þessa eftirlits snertir, þá er jeg viss um, að það margborgar sig beinlínis, og einnig óbeinlínis, í auknum tolltekjum, þar sem það kemur í veg fyrir, að lögbrot sjeu framin. En það, að fyrirbyggja lögbrot, vænti jeg einmitt að sje næst skapferli hæstv. dómsmálaráðh. (JM). Samt hefir hann ekkert gert til að bæta þessa grein lögreglunnar.

Að lokum verð jeg að fara nokkrum orðum um síðustu hnúturnar, sem hæstv. forsrh. (JM) kastaði til mín. Hann kvað skríl vera í öllum stjettum, og fór það ekki leynt, að hann taldi mig vera skríl í sýslumannastjettinni. Jeg veit ekki, hvort hann hefir hjer átt við embættisfærslu mína, en hvað sem því líður, liggur ekki í lausu lofti það hugboð mitt, að hjá þessum yfirboðara mínum, hæstv. dómsmálaráðh., hafi jeg í embættisfærslu minni einskis styrks átt að vænta. En undarlega kom mjer þessi ásökun hans fyrir sjónir, þar sem mjer vitanlega hefir okkur ekkert á milli borið út af embættisrekstri mínum. Jeg hefi meira að segja ekki ákveðið kæru í neinu stórmáli, nema bera það undir hann, og býst jeg við, að það þyki einkennilegt um mann, sem ekki hefir verið stjórninni sjerlega leðitamur. En hafi hann átt við embættisfærslu mína, verð jeg að vita hæstv. forsrh. (JM) fyrir það, því að þar gerir hann sig ótvírætt sekan í þinghelgisbroti, þegar hann ræðst hjer á mig sem embættismann. Jeg sit hjer sem hver annar þingmaður, embættislaus, og þyki honum mjer fara mín embættisfærsla miður úr hendi, þá er honum innan handar að fara venjulega embættisleið. Hvað annars snertir embættisfærslu mína yfirleitt, þá get jeg sagt frá því, að jeg hefi í fórum mínum vottorð frá gömlum yfirboðara mínum, Júlíusi heitnum Havsteen amtmanni, og má af því vottorði ráða, að hann myndi ekki hafa talið mig vera skríl í sýslumannastjett. Þessi látni ágætismaður hefir þó fengið þann vitnisburð hjá þjóð sinni, að fáir munu væna hann um að hafa gefið slíkt vottorð, ef honum hefði ekki fundist jeg eiga það skilið.

En nú hefir hæstv. dómsmálaráðh. (JM) orðið tíðrætt um innræti ýmsra hv. þm., og má vel vera, að hann eigi við „privat"-líf mitt, þegar hann telur mig vera skríl minnar stjettar. En þá kastar fyrst tólfunum. Mjer er það minnisstætt, frá því er jeg var drengur, að einum þm. varð það á, að bregða öðrum um, að hann hefði svikið stúlku. Sá maður beið þess ekki bætur í hugum alþjóðar langa stund, og sá eftir þessu skjótræði sínu alla æfi. — Annars býst jeg líka við, að sje skríll hjer inni í sölunum, og skuli það metið eftir „privat"-lífnaði manna, þá muni hæstv. forsrh. (JM) ekki hljóta sjerlega háan vitnisburð.

Það, sem mjer hefir þótt merkilegast

í öllum þessum umræðum, er í stuttu máli sagt það, að verið er að mynda nýjan þingtón úr sæti forsætisráðherrans. Og orðin, sem þaðan hrutu til mín, eru í fylsta samræmi við aðra framkomu hæstv. forsrh. (JM) í þessu máli. Hann hefir óspart látið orð falla um „barnaskap“ hv. þm. og um „heimsku“ þeirra, dróttað að sumum, að þeir væru „trúníðingar“, gert skop að þingmannshæfileikum þeirra, og ráðist að „innræti“ þeirra. Jeg tel ekki vel til fallið, að sá siður, að viðhafa slík orð, sem jeg nefndi, skuli vera innleiddur úr sæti hæstv. forsrh. (JM). Þá hafði hans gamli húsbóndi, sá er lengst hefir setið hjer í forsætisstól, og sem mynd er af hjer í salnum, alt annan sið. Hann sagði aldrei móðgandi orð til nokkurs manns, jafn-skapmikill sem hann þó var, því að hann kunni að meta, hvað hann skuldaði stöðu sinni og hvílíka virðingu hann átti að bera fyrir henni. Það væri æskilegt, að hæstv. forsrh. (JM) kynni eins vel að meta sína stöðu. Jeg skal líka í þessu sambandi taka dæmi frá sambandsþjóð vorri, Dönum, því að jeg vænti þess, að hæstv. forsrh. (JM) muni telja flest gott, er þar gerist. Svo var mál með vexti, að maður einn, sem verið hafði ritstjóri um aldarfjórðung fullan og greitt hafði mótstöðumönnum sínum öllu þyngri högg en dæmi þektust til í því landi, hann komst í ráðherrastöðu. En þá breytti hann svo um tón, að hann er talinn með prúðustu mönnum í þeirri stöðu. Jeg veit, að hæstv. forsrh. (JM) hefir miklar mætur á danska ráðuneytinu, og því muni honum vera ljúft að taka það sjer til fyrirmyndar.

Hæstv. forsrh. (JM) taldi mig hafa verið með óþokkalega árás á sig. Jeg vil því til svars taka það fram, að jeg finn enga ástæðu til að draga neitt úr þeim orðum, sem jeg hefi látið falla í þessu máli. Jeg held því fram ennþá, sem jeg hefi áður tekið fram, að frv. þetta sje fram komið til að leiða huga manna frá lögregluhneykslum. Það er vitanlegt, að dómsmálastjórnin hefir sett mjög niður á síðari árum, og má hún vel vita, að jeg er ekki einn um þá skoðun. Jeg hefi m. a. fengið áskoranir frá þingmálafundum í mínu kjördæmi um að veita þessu efni sjerstaka athygli. Þennan pólitíska dóm er mjer rjett og skylt að bera fram, án minsta tillits til þess, að jeg er embættismaður.

Þegar hæstv. forsrh. (JM) telur það goðgá, að jeg felli dóm um hann hjer í hv. deild, þá vil jeg aftur til samanburðar bregða mjer til Danmerkur. Það ber líka svo vel í veiði, að hæstv. forsrh. (JM) vitnaði sjálfur í ræðu sinni til danska ráðuneytisins og taldi það ihaldsamt. En það átti í deilum út af helgisiðareglunum, sjerstaklega skírnarsiðunum, og í því máli hjelt Pastor Poulsen, fyrv. kirkjumálaráðherra, ræðu í þinginu, þar sem hann ber kirkjumálaráðherranum á brýn, að hann hafi „sveget og svigtet alle sine Idealer“. Þetta er margfalt þyngri dómur en sá, er jeg leyfði mjer að fella yfir hæstv. forsrh. (JM). Það var því áreiðanlega ekki jeg, sem hljóp á mig í gær.

Eitt var það, sem ræða hæstv. forsrh. (JM) bar ljóslega með sjer, það, hversu óslökkvandi hatur hann ber til mín. Það var enginn sjerstakur velvilji, sem kom fram í ræðu hans í garð hv. 3. þm. Reykv. (JakM), en þó var það smáræði hjá því, sem jeg varð fyrir hjá honum. En jeg skil þetta vel. Það er nefnilega algild regla um alla þá menn, sem ekki

eru stórmenni, að þegar þeir hafa gert einhverjum manni rangt til, þá ala þeir upp í sjer hatur til hans. Sjálfur þóttist hæstv. forsrh. (JM) gera það af velvild til mín að taka í lurginn á mjer, kvaðst gera það til þess að jeg ofmetnaðist ekki. Jeg veit ekki, hvernig jeg á að skilja þetta; en næst er að halda, að hann með ræðusnild sinni hafi þóst drepa virðingu mína og álit hjer á þinginu. En þar hefir honum algerlega mistekist. Og hræðilega skjátlast honum, ef hann hefir svo mikið álit á ræðumannshæfileikum sínum, að hann heldur, að sjer nægi aðeins að opna munninn, til að knjesetja smælingja eins og mig. Þessi ræða hans var þó ekkert bráðræðisverk, því hann hefir „sofið upp á" hana yfir nóttina, en þó er hún áreiðanlega sú langsamlega heimskasta ræða, sem haldin hefir verið á hinu háa Alþingi að þessu sinni — svo jeg noti hans eigin tón. Alt, sem hann hefir gert í þessu máli, síðan það kom fram, hefir verið örþrifaráð, sem hann hefir gripið til, vegna þess, að hann veit, hvað málstaður hans er frámunalega ljelegur.

Björn Líndal: Þessar umræður hafa nú staðið í fjóra daga, og þó jeg hafi margsinnis fundið ástæðu til að tala, þá hefi jeg altaf horfið frá því aftur, því að jeg vildi mjög ógjarna lengja umræðurnar fram úr hófi, sjerstaklega eins og þessar umræður hafa snúist.

Jeg hefi verið á mörgum fundum um dagana. Jeg hefi verið á æsingafundum, bæði í sveit og kaupstöðum, þar sem verið hafa til umræðu hin mestu hita- og æsingamál. Jeg hefi verið á strákafundum, þar sem stráksleg hefir verið talað um stráksleg hluti og hjegómleg um hjegómamál. Jeg hefi meira að segja verið staddur þar, sem brjálaðir menn hafa átt í orðasennu. En aldrei hefi jeg hlustað á ræður líkar sumum þeim, sem hjer hafa verið fluttar í þessu máli á sjálfu Alþingi Íslendinga.

Jeg hefi aldrei fyrri hlustað á jafnsvívirðilegar dylgjur, aldrei verið viðstaddur, þar sem loftið hefir verið eins blandað heift og hatri og hjer, aldrei heyrt óþokkalegri skammir nje ósvífnari rangfærslur. Undir öllu þessu hefi jeg setið þegjandi, miklu lengur en sætt hefir verið. En lengur nenni jeg ekki að sitja undir slíkum lestri, án þess að leggja orð í belg.

Hjer, þar sem valinn maður ætti að skipa hvert rúm, hjer, þar sem þjóðin væntir, að fegurstu hugsjónir hennar og framtíðardraumar rætist og göfugustu hugsanirnar ættu að vera hugsaðar, þar slappast nú hver heiðarleg taug í hverjum góðum dreng í manndrápsveðri úlfúðar og rógburðar. Og eigi íslensk þjóð sjer nokkurrar viðreisnar von, þá verða allir góðir menn að taka höndum saman um það, að hjer verði umskifti á. Hingað og ekki lengra!

Mjer þykir rjett að taka það fram, að þó að jeg verði, vegna þingskapanna, að ávarpa þá menn, sem hjer hafa staðið fremstir í því að gera þjóðinni minkun, sem „háttvirta þm.", þá meina jeg ekki meira með því, en þegar hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talar um drengskap eða hv. þm. Str. (TrÞ) um sannleika. Þeir, sem hjer hafa lengst komist í ósómanum, eru þeir hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og hv. 1. þm. Árn. (MT). Við þann síðarnefnda vil jeg sem minst tala, og enn minna um hann. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) verður að segja það til afsökunar, að hann er í þeim flokki, að ekki verður sagt, að hann sigli undir fölsku flaggi. Sá

flokkur er best þektur að æsingum, stóryrðum, rógi og rangfærslum, eftir blöðum hans að dæma. Öðru máli er að gegna með hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. þm. Str. (TrÞ), sem báðir eru guðfræðingar, annar lærimeistari kennara, og hinn maður, sem hefir gert tilraun til að verða uppfræðari íslenskra presta og er nú ritstjóri að blaði, sem illu heilli hefir komist inn á of mörg heimili þessa lands. Á þessum mönnum hvílir því meiri siðferðisleg ábyrgð en á flestum öðrum þingmönnum, meiri en ætla má, að þeir hafi gert sjer grein fyrir sjálfir, eftir framkomu þeirra hjer í hv. deild að dæma. Og þetta eru menn, sem þykjast vera að sporna við því, að „Grimsby-lýðurinn", sem þeir nefna svo, nái yfirtökum í þessu landi, en til hans telja þeir kaupstaðabúa og sjómenn. Þeir þykjast vilja sporna við því, að unglingarnir úr sveitinni siðspillist í kaupstöðunum. En eru þeir sjálfir þessum óspilta æskulýð til fyrirmyndar? Hjer á pöllunum er nú fult af áheyrendum, og margir ungir. Sennilega eru sumir þeirra nýlega komnir hingað úr sveit. Hvað læra þeir hjer af þessum hv. leiðtogum sínum? Geta þeir lært af þeim að haga sjer eins og siðuðum mönnum sæmir? Nei, af þessum mönnum læra þeir einmitt það, sem ungum mönnum er allra skaðlegast að læra, og það er ódrengskapur, undirhyggja, ósannsögli og yfirskin guðhræðslunnar.

Það var vel farið, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) mintist á næstu kosningar. Jeg hefi oft verið við kosningar riðinn, en aldrei neinar, þegar meiri uggur og ótti hefir verið í mönnum en við síðustu kosningar. Atvinnuvegirnir voru í afturför og menn sáu, að svo búið mátti ekki vera. Ríkisfjehirslan var tóm og bæði ríkissjóður og einstaklingar í botnlausum skuldum. Gengi peninga okkar fjell meira og meira. Þjóðinni var það því lífsspursmál, að sem best tækist til með þingmannavalið að þessu sinni. Og eftir kosningarnar var naumast unt að segja annað með rjettu en það, að þjóðin hafði ástæðu til þess að vera sæmilega ánægð með úrslitin. Jeg veit ekki, hve miklar vonir kjósendur hafa gert sjer um þá þingmenn, sem hjer hafa lengst vikið frá vegi sæmilega góðs og heiðarlegs þingmanns, en hitt veit jeg, að jafnvel þær litlu vonir, sem jeg gerði mjer um þessa menn, hafa orðið sjer tilfinnanlega til skammar. Í stað þess að tala í einlægni og alvöru um alvarlegustu mál þjóðarinnar, eyða þeir mörgum dögum þingsins til þess að reyna að æsa þjóðina upp á móti því, að unt verði að halda uppi lögum og reglu í landinu. Þeir eru að æsa þjóðina til þess að virða að vettugi og brjóta þau lög, sem þeir sjálfir eru að setja, og þiggja borgun fyrir.

Það eru einmitt þessir menn, er blása mest að ófriðarkolunum og stjettahatrinu. Þeir halda klukkutímalangar ræður um þetta mál, eða öllu heldur í sambandi við þetta mál, ekki til þess að tala um það af nokkru viti, heldur til þess að ráðast á vissa menn í landinu. Þeir hafa barist með hinum ódrengilegustu og verstu vopnum og saurkasti. Og þegar þeir hafa dögum saman ausið ærumeiðingum og illgirnislegustu aðdróttunum yfir hæstv. forsrh., þá hneykslast þeir á því, að hann skuli loks neyðast til þess að gjalda þeim dálítið líku líkt. Þeir vita, að ljett er að sigra heiðarlegan mann með ódrengilegum vopnum, meðan þeir hika við að grípa til sams-

konar vopna sjer til varnar. En það má brýna svo deigt járn að það biti um síðir. Og ef þeir eru beittir þeim sömu vopnum og þeir sjálfir beita, þá geta leikslokin orðið önnur en þeir ætlast til.

Einhver fáránlegasta fjarstæðan, sem heyrst hefir í þessu máli, er sú, að hjer sje verið að stofna til blóðsúthellinga. Jeg hefði naumast getað trúað því, að slík regin-vitleysa væri sögð hjer á Alþingi, ef jeg hefði ekki heyrt það sjálfur.

Halda þessir hv. herrar, að þeir geti til lengdar talið nokkrum heilvita manni trú um það, að stofnað sje til blóðsúthellinga og bróðurvíga með aukinni lögreglu og löggæslu í landinu? Nei, það eru þeir sjálfir, sem stofna til bróðurvíga með því að æsa til stjettahaturs. Það eru þeir, sem eru að setja Kainsmerkið á enni þessa þings. Nú mundi jeg særa þessa hv. þm. við drengskap þeirra, ef þeir ættu nokkurn drengskap til — **(Forseti, BSv** (hringir): Jeg vil áminna hv. þm., að haga orðum sínum sæmilegar!) — Þetta, sem jeg er nú að segja, er hreinasta barnahjal í samanburði við orðbragð ýmsra annara þm. Þeir vita, að það er hættulegur leikur að kynda glóðum heiftar milli stjetta í þessu landi, og jeg vil vara þá við því, að fara lengra í því en orðið er. Sá eldur getur að lokum brent þá sjálfa.

Jeg hefi ánægju af því, að hv. forseti skyldi setja ofan í við mig. Jeg hefi þá ekki til einskis upp staðið, ef hv. þm. gættu betur hófs í ræðum sínum eftir en áður. Jeg vil enda mál mitt með því að geta þess, að jeg er alþýðuættar og alinn upp við fátækt. Jeg er of kunnugur basli og erfiðleikum alþýðunnar til þess að jeg geti annað en viljað henni vel. Það má ef til vill telja alþýðu trú um það, að jeg sje hjer vargur í vjeum. Mjer fellur það sárt, ef þetta tekst. En hitt þætti mjer sárara, ef það yrði rjettilega um mig sagt, að jeg viki hársbreidd frá sannfæringu minni til þess að reyna að komast hjá upplognu ámæli. — Jeg styð þetta mál, vegna þess að jeg veit, að allri þjóðinni er það fyrir bestu, að þetta land sje bygt með lögum.

Jakob Möller: Jeg þarf aðeins að gera örstutta athugasemd út af síðustu orðum hæstv. forsrh. til mín í gær, þótt þau væru ekki eins hastarleg og í fyrradag. Hann byrjaði á því að segja, að óþarfi væri fyrir mig að afsaka það, að jeg fylgdi Framsóknarflokknum í þessu máli. Það hefði vitanlega verið hreinn óþarfi, enda gerði jeg það ekki. Jeg segi ekki eða geri hjer á þingi, það sem jeg þarf að biðja afsökunar á, og jeg neita því, að jeg hafi talað ósæmilega í garð hæstv. stjórnar nje annara. Jeg var ekki alveg viss um það, hvað hæstv. forsrh. átti við, er hann var að tala um framkomu mína, en það hefir líklega helst átt að vera það, að staða mín væri svo virðuleg, að hún krefðist sæmilegrar framkomu af mjer. Jeg ber það óhræddur undir hv. þdm., hvort framkoma mín á þingi hafi verið sæmileg eða ósæmileg. Öðru þarf jeg svo ekki að svara hæstv. forsrh., en vildi vikja nokkrum orðum að málinu, sem hjer er til umr.

Jeg sagði í fyrstu ræðu minni, að ómögulegt væri að sjá annað en að það ætti að koma upp lögreglufloklki gegn vissum stjettum. Hæstv. forsrh. mótmælti þessu, en í öðru orðinu hefir hann þó, með þeim dæmum, sem hann hefir tekið, til að sýna, að þörf væri á varalögreglu, játað þetta rjett, enda hljóta allir að sjá, hvað liggur á bak við. Í því

efni vil jeg minna hæstv. forsrh. á ummæli hans í gær um atburðinn hjer á hafnarbakkanum í apríl í fyrra. Það er ekki hægt að skilja hann öðruvísi en svo, að varalögreglan eigi að skerast í leikinn í kaupdeilum. Og það er einmitt þessi andi frv., sem gefur mönnum hugmynd um það, til hvers refarnir sjeu skornir, en hann kemur einnig í veg fyrir það, að frv. verði samþ. á þessu þingi, því að það getur aldrei gert annað en ilt eitt, verði það að lögum.

Jeg sný mjer þá til vinar míns, hv. þm. Dala. (BJ). Í ræðu hans kom fram sú játning, að hann hefði átt að greiða atkv. á móti frv. umræðulaust, og þá auðvitað miklu frekar eftir umræður þær, sem fram hafa farið. Því að hann sagði, að ef varalögregluna ætti að setja til höfuðs einhverri ákveðinni stjett, þá væri engin önnur sæmileg meðferð á málinu. En einmitt í þessum löngu umræðum hefir hv. þm. fengið margendurteknar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um, að aðalhlutverk varalögreglunnar ætti að vera, að skerast í leik í kaupgjaldsdeilum, gegn öðrum aðilanum.

Jeg tel ekki, að það þurfi að stofna lögreglulið þessa vegna, þó að jeg af öðrum ástæðum telji nauðsynlegt að efla lögregluna. En þetta gerir það að verkum, að frv. verður ekki samþ. nú. Það hefir þegar vakið nóga úlfúð.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) hafði það eftir mjer, að jeg hefði sagt, að frv. væri ekki svo undirbúið, að það mætti samþykkja. Þetta er ekki rjett; undirbúninginn hefði mátt bæta í nefnd. Það er flutningur málsins af hendi hæstv. forsætisráðherra, sem gerir það óalandi og óferjandi til nefndar. En af því að jeg játa, að þörf sje á aukinni lögreglu, þá hefi jeg hugsað mjer, í stað þess að greiða atkv. á móti frv., að bera fram svolátandi rökstudda dagskrá:

Með því að deildin lítur svo á, að það sje ekki nægilega rannsakað, á hvern hátt affarasælast muni að styrkja lögregluvaldið í landinu, eða hve mikinn kostnað slíkt fyrirkomulag sem frv. ter fram á muni hafa í för með sjer, en það einnig að öðru leyti næsta óákveðið í aðalatriðunum, þá telur deildin rjett að fela stjórninni málið til vandlegri íhugunar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Í dagskrá þessari er vikið að því, að gera þurfi ákveðnari tillögur en gert hefir verið. Líka er vikið að því, að fyrri hluti frv. þurfi að vera svo ákveðinn, að kostnaðarhlið málsins verði ljós. Það er að vísu rjett hjá hæstv. fjrh., að hægt er að taka upp í fjárlög slíkar greiðslur, en það er eldgömul venja, að stjórnin leyfir sjer að greiða það fje, er henni sýnist, þótt ekki sje næg fjárveiting fyrir í fjárlögunum um það efni.

Líka hefi jeg vikið að því í dagskránni, að málið er ekki nógu vandlega undirbúið og yfirvegað, enda er það viðurkent af hæstv. forsrh. sjálfum. Frv. tekur aðeins til, að hjer í landi skuli stofna varalögreglu, en ekkert meira. Get jeg ekki sjeð, að neinum stuðningsmanni hæstv. stjórnar geti fundist sjer misboðið með því, þótt stjórnin athugi málið nánar og komi fram með rækilegar tillögur í því síðar.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta hina rökstuddu dagskrá.

Forseti (BSv): Dagskrá þessi er þá einnig til umræðu hjer í deildinni.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla hv. þm. Ak. Þess þarf ekki með. Við áttum nýlega í orðasennu um tóbakseinkasöluna; hann nefndi Kaifas og jeg nefndi Júdas, og nú nefndi hann Kain. Mætti halda svo lengi áfram, Heródes, Pílatus o. fl., eru enn ótaldir! En jeg skal hætta þeim leik. Skapsmunir þingmannsins (BL) mega ekki við því. Jeg mun ekki heldur leggja fram vottorð hæstv. forsrh. um þinglega framkomu mína. Veit, að hann muni á þingi eða annarsstaðar, sem flokksbróðir, draga úr ótta þeim, sem gripið hefir hv. þm. Ak., og nærri stappar geðveiklun. Mjer leið ekki vel, meðan á ræðu hv. þm. stóð; ekki vegna þess, að jeg reiddist mín vegna, heldur af því, að mjer til þessa hefir verið persónulega vel við þennan mann, þrátt fyrir tortrygni hans og geðofsa.

Jeg bað um orðið til þess að leiðrjetta mishermi hjá hæstv. forsrh. og hv. þm. Dala (BJ). Hæstv. forsrh. hafði eftir mjer, að jeg teldi hættulegt og erfitt að byggja á hervaldi annara þjóða. Jeg vil ekki kalla þetta útúrsnúning nje rangfærslur; það getur eins vel stafað af misskilningi. Jeg hjelt því fram, að lega landsins í nágrenni við England og Norðurlandaþjóðirnar væri mikil trygging fyrir okkar litla ríki, og geri það að verkum, að við þurfum ekki að óttast sjórán. Hinar miklu verslunarþjóðir hafa á öllum öldum gert sjer far um að friða höfin, og smáríkin hafa notið þess, að búa í skjóli þeirra.

Hinar síðari aldir hefir breska ríkið verið nokkurskonar lögregla á hafinu, og tekist að lokum á síðustu öld að alfriða flest höf heimsins. Þetta hefir auðvitað hina mestu þýðingu fyrir oss. Vjer þurfum ekki að halda uppi landvörnum, nema vegna fiskiveiða í landhelgi, — og kemur það sjer, þar sem vjer erum fámenn þjóð. Þetta megum vjer vel sjá sjálfir, og er það oss til engrar vanvirðu. Mig undrar það stórum, að nokkur skuli hafa sig til að andmæla þessari staðreynd. Getur það ekki komið til af öðru en „þjóðlegum" hjegómaskap eða tilhneiging til að andmæla öllu, sem andstæðingurinn segir.

Nú sagði hvátt. þm. Dala. (BJ) í ræðu sinni, að varalögregla ætti ekki að vera til að verjast innlendum árásum, og erum við báðir sammála um, að þess sje ekki þörf. En hann virtist telja slíka lögreglu, sem þá væri rjettara að nefna her, nauðsynlega til varnar gegn erlendum árásum og yfirgangi útlendra manna.

Máske hv. þm. Dala. álíti oss ekki geta verið fullvalda ríki, þrátt fyrir krossana, sendiherra o. fl., nema við hefjum stríð líka? Nú hefir hann nýlega lýst því fyrir oss, hvernig einn lögreglustjóri, sem nú er fyrir skömmu látinn (Halldór Daníelsson), rjeðst gegn hóp af druknum útlendingum og stökti þeim á flótta, einn og óvopnaður, með því valdi, sem ávalt er drýgst — hinum andlega þrótti og myndugleika, og er engin sú gáfa, er lögreglustjórum kemur betur að vera gæddir en einmitt þessi.

Þá vil jeg ljúka þessum orðum mínum með örfáum athugasemdum, sem jeg ætla að beina til hæstv. dómsmálaráðherra (JM). Það, sem best verður gert í þeim málum, er frv. snertir, er það, að sjá um, að því lögregluvaldi, sem þegar er til í landinu, verði beitt sem best og notað til fullnustu. Fyrir það yrði þjóð vor hæstv. dómsmálaráðherra þakklátari eftir en áður. Yfir því hefir allmjög verið kvartað, einkum utan af

landi, að löggæslan hafi versnað hin síðari árin; hefði henni hrakað eftir það, að amtmannsembættin voru lögð niður, en þó stórum versnað hin allra síðustu ár. Ef hæstv. dómsmálaráðherra megnar að reisa við álit lögregluvaldsins og vekja traust almennings til löghlýðni og árvekni þeirrar lögreglu, sem nú þegar er til í landinu, þá myndi hann þar með vinna betra verk en þó hann með fortölum sínum gæti fengið þingið til að setja þúsund manna ríkislögreglu — enda væri það altaf ilt verk — og hljóta alþjóðarþökk að launum.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. dómsmálaráðherra (JM) ætla jeg ekki að svara neinu að þessu sinni. Það er að vísu ýmislegt, sem okkur ber á milli, en þessari síðustu ræðu hæstv. ráðh. var svo í hóf stilt, að jeg þarf eigi að svara henni. Háttv. þm. Ak. (BL) ætla jeg heldur ekki að svara neinu; hann tókst það á hendur, að vanda um fyrir oss deildarmönnum, um orðbragð og hegðan alla, en hann var svo óheppinn, að hann varð sá eini þm., sem hæstv. forseti fann sig knúðan til að ávíta fyrir ósæmilegan munnsöfnuð og óþinglegt framferði. Jeg verð að segja hið sama og háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að mjer leið illa, meðan háttv. þm. Ak. (BL) hjelt þessa ræðu sína, og af hvaða ástæðum það var, geta aðrir háttv. þm. getið sjer til.

En það var hæstv. fjrh. (JÞ), sem jeg þarf að svara nokkrum orðum; því hann hefir sýnt mjer þann sóma að standa óðar upp, er jeg settist niður, til þess að andmæla mjer, enda hefi jeg oftar haft þann heiður, að geta hleypt dálitlu fjöri í hann. Það var um fjárlagahlið þessa máls, sem hæstv. ráðh. (JÞ) talaði í minn garð, vildi kenna mjer þingsköp og taldi mig næsta ófróðan. Hæstv. fjrh. (JÞ) er eldri maður og þm. en jeg, og því fór ekkert illa á því, að því leyti, er hann fór að kenna mjer þingsköp og önnur fræði þingmanna. Hann gerði þetta með allmiklum þótta, eins og honum er lagið, og var því líkast, að þar kendi sá, er valdið hefði — enda er hann mjer eldri miklu. En þó held jeg, að hver óbreyttur þm. mundi hafa staðið betur að vígi en hæstv. fjrh. um að setja sig í kennarasætið í þessum efnum. Jeg hefi hjer fyrir framan mig Alþingistíðindi frá 1921 (D. 581), og sje þar, að háttv. þm. (JÞ) hefir þá verið vittur fyrir þingsafglöp í meira lagi; hann hefir þá meira að segja orðið að biðja um fyrirgefning á þingsafglöpum sínum (Alþt. 1921, D. 590).

Svo hefi jeg í öðru lagi fyrir mjer B-deild Alþingistíðindanna frá í fyrra, og sje þar, að í umræðunum um fjárlögin hefir forseti Nd. úrskurðað 2 till. frá hæstv. fjrh. (JÞ) fara í bág við og vera móti anda stjórnarskrár ríkisins, og því vísað þeim frá. Þannig hefir hæstv. fjrh. (JÞ) einnig viljað fremja tvö stjórnarskrárbrot (Alþt. 1924, B. 1116). Svona er hann nú að sjer, kennarinn minn í þingsköpum! Og þó að jeg sje að mun yngri maður en hann, get jeg vart litið upp til hans með þeirri alvöru eða virðing, sem vænta mætti um kennara minn, eftir þessar hrakfarir hans.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að játa það, að mjer hefir ef til vill ekki skilist fullkomlega, hvað háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) átti við, er hann talaði um hið erlenda hervald, sem við lifðum í skjóli við. Síðan talaði hann um, að það væri

lega landsins, sem okkur hlífði, og skilst mjer þá, að það sje hafið, sem hlífi okkur, en ekki erlendur her. Enda mundi það fljótt sýna sig, ef við værum í nánara nágrenni við hið erlenda hervald, að þá mundi skjól þess minna haldkvæmt. Það er því rjett hjá háttv. þm., það er hafið, sem hefir verið okkar hlífiskjöldur, en eigi erlent hervald. Hann taldi þess eigi þörf, að óttast sjóræningja, eins og hjer var fyrrum alment. Jeg talaði heldur ekkert um sjóræningja. Það voru skipshafnir af fiskieða flutningaskipum, sem jeg átti við, að vaðið mundu geta uppi, vopnaðir eða öðruvísi, og orðið okkar 14-manna lögreglu ofurefli, og það hygg jeg, að erlendar þjóðir mundu ætla okkur væri ekki ofætlandi að hjálpa okkur sjálfir í þeim efnum. Setjum svo, að við færum að kvarta, t. d. við bresku stjórnina, yfir því, að ein eða tvær enskar skipshafnir hefðu vaðið hjer uppi með óspektum og við ekki ráðið við þær. Hvort mundi ekki Bretinn verða smáskrítinn, núa úr augum sjer stýrurnar, horfa á oss og spyrja, hvort þ e t t a væri hið nýja, fullvalda, íslenska konungsríki, sem þannig væri háttað, að geta ekki af sjálfsdáðum haldið uppi lögum og reglu í landinu? Hvað viðvíkur sjóræningjum, getur þetta að nokkru leyti rjett verið, sem jeg sagði, því kæmi upp nýr ófriður erlendis og barist yrði um yfirráð siglingaleiðanna, er það þá nokkuð óliklegt, að slíkt geti átt sjer stað? Hvað viðvíkur þessari ensku lögreglu á hafinu, þá þekki jeg ekki til þess, þótt háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) segi, að við höfum notið góðs af henni. Hitt man jeg, að „róstugt var í Rifi, þá ríki Björn þar dó", og hafa Englendingar aldrei haft hjer lögreglu á sjó okkur til varnar. Og þessi eftirlitsskip þeirra, sem hjer hafa verið á sveimi umhverfis landið, munu helst hafa það hlutverk að vinna, að sjá um, að hin íslensku strandvarnarskip hafi ekki um of hendur í hári enskra lögbrjóta á fiskimiðum okkar. Jeg get því ekki skilið annað en að háttv. þm. (ÁÁ) hafi sagt þetta í saklausri einfeldni. En jeg fullyrði, að sú skoðun, sem hann þá hjelt fram, leiddi til þess, að beðið yrði verndar erlends hervalds. Það er annars all-undarlegur orðinn, allur þessi vefur út af þessu ríkislögreglufrv. Allir háttv. þm. virðast vera sammála um það, að vjer verðum að hafa lögreglu á sjó, til að berja á innlendum og erlendum fiskiskipum. Ekki hefir það heyrst, er ákveðið var með lögum að kaupa eða leigja skip til strandgæslunnar, að það væri eingöngu ætlað til þess að berja á íslenskum sjómönnum. Sama gegnir um þessa auknu lögreglu á landi. Henni hefir aldrei verið ætlað annað hlutverk en að halda í skefjuma innlendum og erlendum lögbrjótum. Að henni sje stefnt gegn ákveðinni stjett manna, nær ekki nokkurri átt. Í frv. sjest ekkert, er rjettlæti slíka skoðun, enda geri jeg ráð fyrir, að hæstv. forsrh. (JM) muni neita slíkum áburði. Væri þá og þetta frv. beint brot á stjórnarskrá ríkisins, og munu allir treysta forseta vorum til að sjá við því og vísa slíku frv. frá, ef svo freklega skyldi brjóta lögin. En það er sjálfsagt mál, að ríkið eigi sjer lögreglu. En á sama má standa, hvaða frv. það verður, sem um þetta efni fer til nefndar. Gerir því ekki til, þótt þetta verði drepið, ef annað frv. kemur strax í staðinn. Jeg sje enga ástæðu til að

fresta þessu máli, nema ef vera skyldi þá, að menn vildu ekki lægja sig og játa, að þeir hefði farið of geist af stað til að andmæla þessu frv. stjórnarinnar. Jeg tel það ófært, að hafa enga lögreglu, sem ríkið ráði yfir, því þótt bæjarfjelögin hafi lögreglu nokkra, þá leggur ríkið aðeins til lögreglustjórana, sem eru þeir einu menn er það ræður yfir, til þessa starfs, og er það algerlega ófullnægjandi.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) gerði aths. við ræðu mína, sem að vísu er lítil þörf að fara að mótmæla. Hann hjelt því fram, að jeg hefði sagt, að mjer væri erfitt að tala í þessu máli. Jeg sagði aldrei neitt í þá átt, að mig mætti skilja svo. En jeg sagði, að jeg ætti erfitt með að rökræða við hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Str., því að þeir töluðu um alt annað en frv. það, sem hjer er til umr., ætti við.

Það er ekki vert, að orðlengja mikið um málið nú. Það hefir ekki neitt nýtt komið fram hjá andmælendum, ekkert annað en það, sem margbúið er að hrekja.

Það á ekki, eftir frv., að stofna ríkislögreglu, heldur aðeins varalögreglu, til viðbótar þeirri bæjarlögreglu, sem fyrir er. Ríkisstjórnin á ekki að ráða yfir varalögreglunni, heldur ræður lögreglustjóri því, hvenær til hennar er tekið.

Hv. þm. (JBald) gaf það í skyn, að jeg mundi ekki geta fylgt frv. hans um næturvinnu, af því að það hafi komið frá sjer, jafnaðarmanninum. Jeg held jeg hafi sýnt þessum háttv. þm. það áður, að þetta er röng getsök í minn garð, og nægir mjer að benda honum á lög um vinnu á togurum, vökulögin, sem jeg var meðmæltur þegar í byrjun. Jeg hefi ávalt tekið afstöðu til mála, án tillits til, hvaðan þau kæmu inn í þingið. Hvað snertir þetta frv. um næturvinnu, tel jeg athugunarvert, hversu langt skal gengið í takmörkunum á vinnutíma, en að því er sunnudagavinnu snertir, þá væri æskilegt, að hún væri takmörkuð meir en nú er.

Hv. þm. fjelst á, að það mundi geta orðið örðugt að koma fram lögmæltum gerðardómi, ef annarhvor aðilja væri ófús að hlíta dóminum. Annars get jeg látið þá háttv. 2. þm. Reykv. og þm. Str. eigast við um þetta atriði, því vel getur verið, að þetta komi samt að einhverju gagni. En einnig þetta kemur lítt við því máli, sem hjer er til umræðu. Þá taldi háttv. þm. (JBald), að bannlagabrotin hefðu þróast, síðan Íhaldsstjórnin tók við völdum. Tilraunir hv. þm. (JBald) til að ráðast á stjórnina fara nú að verða broslegar. Það er satt, að síðan hefir verið hegnt fyrir miklu fleiri brot en áður, en það er engin sönnun fyrir, að brotin hafi í sjálfu sjer verið fleiri á þessu tímabili. Þá sagði háttv. þm. (JBald), að jeg hefði skýrt rangt frá samtali við mig af hálfu manna úr bæjarstjórn Reykjavíkur um fje úr ríkissjóði til lögreglu í bænum. Háttv. þm. hlýtur að eiga bágt með að segja um þetta, því hann var alls ekki meðal þeirra manna, sem komu til mín frá bæjarstjórninni. Jeg hefi aldrei talið ósanngjarnt, að ríkið legði fje til lögregluhalds í bænum.

Háttv. þm. (JBald) var að tala um, að jeg heði látið pínast til sagna, um tilgang frv. Jeg veit ekki, hví háttv. þm. segir þetta. Jeg tók það þegar fram, í framsöguræðu minni, hvað jeg meinti með því, og hefi ávalt staðið á sama grundvelli síðan. Jeg sagði, að ef hv.

þm. (JBald) ætti við það, sem jeg hefði sagt í annari ræðu minni, þá vissi jeg ekki til, að jeg hefði nokkuð talað af mjer í þeirri ræðu. Yfirleitt held jeg, að jeg hafi ekkert sagt óvart í þessum umr. Hv. þm. (JBald) ræddi málið að nokkru leyti á þeim grundvelli, sem jeg hafði lagt í framsöguræðu minni. Sagði hann, að enda þótt ekki yrði stofnsett nema 100 manna lögreglusveit hjer í Reykjavík, þá væri henni eigi að síður stefnt gegn samtökum verkamanna. Jeg hefði þegar í upphafi getað sagt, að varalögreglu þyrfti aðeins að stofna gagnvart uppvöðslusömum útlendingum og upphlaupum, sem einstakir óeirðarfiknir menn stofnuðu til. En það er ekki til neins að loka augunum fyrir þeim sannleika, að eins og málum er nú komið, þá geta svo alvarlegar óeirðir sprottið upp í sambandi við kaupdeilur á einhvern hátt, að hið venjulega lögreglulið reynist ekki nógu öflugt til þess að skakka leikinn.

Jeg hefi altaf tekið það skýrt fram, að ekki geti náð nokkurri átt að stofnun varalögreglu sje beint gegn kaupkröfum verkamanna, eða yfirleitt gegn nokkurri ákveðinni stjett í landinu. Slíkt er vitanlega hin mesta fjarstæða. En ýmiskonar óeirðir geta á margan hátt brotist út í sambandi við kaupdeilur og undir öðrum svipuðum kringumstæðum. Hv. þm. (JBald) gat þess rjettilega, að aðrar þjóðir gættu hinnar mestu varfærni í því, að blanda lögreglunni í slíkar deilur, en viðurkendi hinsvegar, að þau tilfelli gætu komið fyrir, að nauðsyn bæri til að vernda líf og eignir manna, þegar svo stæði á. Ennfremur viðurkendi hann, að svo gæti borið til, að almenningsþörf krefðist þess, að lögreglan yrði látin vernda menn, sem vildu vinna, t. d. að járnbrautarflutningum eða öðru, sem alþjóð manna væri jafnnauðsynlegt, enda þótt annars stæði yfir verkfall.

Við skulum t. d. hugsa okkur, að bakaraverkfall bæri að höndum, og öll þau vandræði, sem af því hlytist, að almenningur gæti ekki fengið brauð. Jeg býst við því, að þá myndi ekki þykja rangt að veita þeim mönnum lögregluvernd, ef með þyrfti, sem vildu vinna að allra nauðsynlegustu brauðagerð handa almenningi. Jeg tek þetta ekki fram vegna ummæla hv. 2. þm. Reykv. (JBald), því að hann virtist skilja þessi mál fullkomlega, heldur vegna ummæla ýmissa annara hv. þm., sem hafa æst sig upp á móti frv., án þess að athuga, hvað fyrir getur komið, bæði í sambandi við kaupdeilumál og í fjöldamörgum öðrum tilfellum. Og mjer þótti vænt um, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald), gagnstætt ýmsum öðrum hv. þm., hafði ekki í hótunum um gagnsamtök verkamanna, ef varalögregla yrði sett á stofn. Viðvíkjandi spurningu hans í því sambandi, hvort stjórnin gæti ekki hugsað sjer, að til mótsamtaka yrði stofnað, ef varalögregluliði yrði beitt gegn sjerstökum stjettum, þá er því að svara, að jeg gæti hugsað mjer, að svo færi, ef grunnhygni fær að ráða á báða bóga. En því má ekki gera ráð fyrir.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) talaði mikið um, hversu dýrar þessar umr. væru orðnar. Jeg verð nú að segja, að ef hann hefir fundið sárt til þessa, þá hefði hann getað látið vera að tala í málinu. Honum hefði sjálfsagt eins fyrir því gefist tækifæri til að láta vilja sinn koma í ljós við atkvgr.

Hv. þm. (SvÓ) sagði það vera mjer að kenna, eða framkomu minni hjer í

hv. deild, að hann hefði snúist öndverður gegn frv. þessu. Sagði hann, að jeg hefði ögrað þeim hv. þm., sem á móti því eru, með því að segja, að þeir yrðu að bera ábyrgð á því, sem aflaga færi, ef frv. næði ekki fram að ganga. Þá ákvað hann að vera á móti frv. Ætli þeir verði nú margir, sem leggja trúnað á þessa játningu hv. þm.?

Annars sagði jeg, að hv. þm. yrðu að bera ábyrgð gerða sinna í þessu máli sem öðrum, gagnvart kjósendum sínum. Þeir skulu varlega treysta því, að kjósendur, sjerstaklega til sveita, þakki þingmönnum sínum eða virði það við þá, þó að þeir bregði þegar í stað fæti fyrir þessa tilraun til að bæta löggæslu í landinu. Jeg hefi ekki ögrað hv. þm. með afleiðingunum, en trúað gæti jeg því, að þeim, sem greiða atkv. á móti því, að þessu máli verði sint, komi sú atkvgr. að litlu liði á kosningabálinu, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um. Að öðru leyti sagði þessi hv. þm. (SvÓ) fátt, sem ekki var margbúið að segja áður. Það var búið að slá því fram áður, að nota mætti brunaliðið í Reykjavík til varalöggæslu. Þessi till. hefir komið til umr. í bæjarstjórninni, og að því er jeg best veit, voru menn þar á einu máli um, að ekki gæti komið til mála, að nota slökkviliðið til slíks, einkum vegna þess, hve hætt væri við að tæki þessi eyðilegðust, ef þau væru notuð til að bæla niður óeirðir og uppþot, svo sem varalögregla ætti að gera. Þar að auki er ekki sem best hægt að treysta á slíka aðstoð brunaliðsins, því að hvernig sem á stæði, yrði það að hverfa frá, ef eldsvoða bæri að höndum.

En hv. þm. (SvÓ) sagði annað, sem nýstárlegt var að heyra. Hann vildi láta nota skátasveitirnar hjer til varalöggæslu. Nú er það svo, að í skátasveitunum eru nær eingöngu drengir á aldrinum 12—16 ára og svo stúlkur á svipuðu reki. Jeg veit ekki, hvort hann heldur, að stúlkur á þessum aldri sjeu vel fallnar til lögreglustarfa. (ÁÁ: Ætli þær sjeu ekki einmitt best til þess fallnar?) Hv. þm. V.-Ísf. heldur að svo sje, en alvarlega er varla hægt að ræða slíkar till. lengi. Þá nefndi hv. þm. (SvÓ) fimleikaflokkana. Það er að vísu ofurlítið nær sanni, en þó hygg jeg, að slíkt geti tæplega komið til mála.

Jeg ætla ekki að deila við hv. þm. um framkomu stjórnmálaflokkanna að sinni. Til þess gefst sennilega betra tækifæri síðar. Þó sje jeg ekki ástæðu til að draga nokkuð úr því, sem jeg sagði áður um það atriði. Hv. þm. (SvÓ) sagði, að tímanum væri illa varið með umr. þessum, og má þá segja, að brögð eru að, þá börnin finna.

Jeg verð að vera ofurstuttorður við hv. 1. þm. Árn. (MT), enda veit jeg varla, hvort jeg á að svara ræðu þeirri, sem hann hjelt hjer í dag. Hann vildi halda því fram, að jeg hefði sagt, að till. annara væru vitleysa. Jeg var svo varkár að skrifa hjá mjer, það sem jeg ætlaði að segja við hann í síðustu ræðu minni, og leyfi jeg mjer að vísa til þess. Jeg ætla yfirleitt óhræddur að láta hv. þdm. og aðra dæma um árás hans og svar mitt, dæma um það, hvor okkar eigi sök á því, að nokkur orð hafa fallið millum okkar, sem ekki komu máli þessu við. Jeg sagði ekki, að till. hv. þm. (MT) væru vitleysa, en hitt sagði jeg, að það, sem hann lagði til þessa máls, hefði verið hringlandi, hefði verið hvað á móti öðru, og ekki gott að henda reiður á því.

Hv. þm. (MT) talaði um, að jeg hefði

gert ósæmilega árás á sig og þóttist hafa skilið orð min svo, að jeg hefði ráðist á sýslumannsstarfsemi hans. Jeg sagði, að ræða hans hefði sýnt nokkuð, hver rök væru fyrir tveim atriðum, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) drap á í ræðu sinni hjer á dögunum, sem sje, hversu óyggjandi væri að treysta innræti manna og svo hinu, að nokkur skrill væri í öllum stjettum. En hvað ljet hv. þm. sjer sæma að segja um mig í gær? Og hvernig heldur hann, að menn hafi tekið þau ummæli upp fyrir honum? Ef hann nú þorir að láta þau standa óhögguð í þingtíðindunum, þá skal jeg ósmeikur bíða dóms almennings um framkomu okkar í máli þessu. Og svo talar þessi virðulegi þm. um brot á þinghelginni! Það er víst brot á þinghelginni, að svara svæsnum árásum, sem honum þóknast að hefja gegn mönnum, gersamlega að ástæðulausu? Nei, það vill oft brenna við, að þeir tala mest um Ólaf konung, sem hvorki hafa heyrt hann nje sjeð. Þeir geta talað hæst um þinghelgina, sem minst virða hana.

Þá bar hv. þm. (MT) mjer á brýn, að jeg hefði talað mikið um barnaskap þingmanna og heimsku, og jafnvel látið þau orð falla, að þeir væru trúníðingar, sumir hverjir. Auðvitað hefi jeg aldrei sagt eitt orð, sem skilja mætti á þennan hátt. Jeg er alveg viss um, að jeg hefi aldrei sagt, að hv. þm. væru heimskir. Jeg álít það svo ósiðlegt, að viðhafa slíkt orðbragð hjer í þingsalnum, að jeg veit, að jeg hefi ekki gert mig sekan í því, enda er það gömul venja, að þess sje krafist af þingmönnum, að þeir noti ekki svo óþingleg orð í umr. Jeg minnist þess heldur ekki, að hafa talað með lítilsvirðingu um hæfileika hv. þm., en hitt má vel vera, að jeg hafi fundið að framkomu sumra þeirra í þessu máli, og fæ jeg ekki sjeð neitt athugavert við það.

Hv. þm. (MT) talaði um það með fjálgleik miklum, að landshöfðinginn sálugi, Magnús Stephensen, hafi aldrei talað kuldalegt orð til nokkurs manns. En hvernig var tónninn í ræðum manna, þegar þeir töluðu til hans? Hann var a. m. k. ekki líkur þeim tón, sem hv. þm. (MT), og enda ýmsir aðrir hv. þm., hafa leyft sjer að tala í til mín.

Hvernig gat hv. þm. (MT) annars dottið í hug, að jeg haldi, að jeg sje ræðuskörungur? Jeg get sagt mönnum það hreinskilnislega, að það er ættgengt í minni ætt, að eiga fremur örðugt með að koma fyrir sig orði. Og jeg hefi alla tíð orðið að berjast við þennan erfiðleika, enda hefir mjer aldrei dottið í hug, að jeg væri mikill ræðumaður. En þó lítur út fyrir, að mjer hafi, í þetta sinn, tekist fullsæmilega að skýra frá því, sem mjer bjó í brjósti, því að annars hefði hv. þm. (MT) varla dottið ræðusnild í hug.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefi jeg engu að svara, því að hann sagði fátt eða ekkert, sem bæði hann og aðrir hv. þm. höfðu ekki margsagt áður. Hann var að vísu dálítið rólegri nú en í gær, og er síst ástæða til að svara honum fremur þessvegna. Jeg nenni ekki að endurtaka enn, hvað stjórnin ætlast fyrir með frv. þessu. Það er jeg margbúinn að taka skýrt fram. Hv. þm. (JakM) talaði mikið um vitleysu í sambandi við mál þetta. Jeg vildi mælast til, að slík orð væru sem minst notuð, því að það er leiðinlegt, að þurfa að hlusta á þau hjer á þessum stað. (**JakM:** Jeg hafði þau eftir flokksmanni hæstv. ráðherra.) Já, hv. þm. (JakM) ljet þess

getið, að hann hefði þetta orðbragð eftir „ónefndum".

Eftir alt, sem hv. þm. (JakM) hafði sagt um þetta mál, verð jeg að segja, að þá fyrst varð jeg hissa, þegar jeg sá dagskrártill. hans. Mjer hefir skilist á honum, að lífsnauðsyn væri að ráða niðurlögum frv. gersamlega þegar í stað, en það væri ekki meining hans, að sama stjórnin, sem hefir borið frv. fram, ætti að taka málið til íhugunar á ný og bera það fram á næsta þingi.

Í rauninni er það mjög svo vingjarnlegt af hv. þm. (JakM), að treysta stjórninni svo vel, og að því leyti get jeg verið ánægður með till. hans. Hún þýðir þá ekki annað en að málið verður ekki afgreitt á þessu þingi, og í sjálfu sjer er það ekki svo mjög hættulegt. Það hefir hvort eð er þolað lengri bið hingað til. En það er athugandi, að enda þótt frv. verði hreinlega felt nú, þá getur stjórnin eigi að síður athugað málið til næsta þings og þá tekið tillit til þeirra aths., sem komið hafa fram við þessar umr. og mark er takandi á. Það getur stjórnin, hver svo sem afdrif frv. verða nú. En eftir alt, sem á undan er gengið, átti jeg alls ekki von á, að slík tillaga kæmi frá þessum hv. þm. (JakM).

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefi jeg litlu að svara. Hann talaði um, að lögfræðingar hefðu orð á því, að allri löggæslu hjer á landi hafi hrakað síðan amtmannsembættin voru lögð niður. Það getur vel verið, að eitthvað sje til í þessu, og skal jeg ekki deila um það. Jeg hefi oft haft orð á því, hversu örðugt sje, fyrir hvaða stjórn sem er, að gæta laganna eins vel og nauðsynlegt væri. Og í síðustu launamálanefnd var talsvert um það rætt, hvað gera ætti til að auka löggæslu í landinu, þó að engar ákveðnar till. kæmu frá nefndinni í þá átt.

Öðru hefi jeg ekki að svara, og læt hjer staðar numið, í þeirri von, að þurfa ekki að taka oftar til máls við þessa umr.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 3. þm. Reykv. (JakM) feld með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JakM, BSv.

nei: JÞ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, ÁÁ, BJ, BL, HK, JAJ, JBald, JK, JS.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, PO, BSv.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT.

Frv. vísað til allsherjarnefndar með 15 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., fimtudaginn 16. apríl, mælti

forseti (BSv): Mjer hafa borist frá nokkrum þingmönnum svohljóðandi áskoranir:

. . . . . .

2. „Vjer undirritaðir leyfum oss að fara þess á leit, að frumvarp til laga um varalögreglu verði tekið á dagskrá eigi síðar en laugardaginn 18. þ. m.

Neðri deild Alþingis, 16. apríl 1925.

Tryggvi Þórhallsson. Magnús Torfason. Ásgeir Ásgeirsson. Klemens Jónsson. Ingólfur Bjarnarson. Þorleifur Jónsson."

Samkvæmt þingsköpum geta atkvgr. um þessar áskoranir ekki farið fram fyr en í byrjun næsta fundar.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, mælti

forseti (BSv): Þá eiga að koma til atkv. kröfur um að taka tvö mál á dagskrá. Er þá fyrst að ganga til atkv. um það, hvort taka skuli á dagskrá frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tollaga nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög. — Samkvæmt þingsköpum á að greiða atkvæði um þetta umræðulaust.

Jakob Möller: Jeg vil fyrir hönd þeirra, sem flutt hafa þessa kröfu, falla frá henni, ef forseti vill taka málið sem fyrsta mál á dagskrá næstkomandi mánudag.

Forseti (BSv): Jeg get lýst yfir því, að jeg býst við að taka þetta mál fyrst á dagskrá næstkomandi mánudag. Og ef jeg má sjálfur ráða, þá tek jeg frv. um varalögreglu annað mál á dagskrá þann sama dag.

Tryggvi Þórhallsson: Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. forseta, get jeg fallið frá kröfunni.

Forseti (BSv): Þar sem flm. hafa fallið frá kröfum sínum, koma tillögurnar ekki til atkvæða.

Á 60., 67. og 68. fundi í Nd., dagana 20., 29. og 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 32, n. 319 og 363).

Frsm. meirihl. (Bernharð Stefánsson): Þegar þetta mál var til 1. umr. hjer í deildinni, þá urðu svo miklar umr. um það, að jeg hygg, að flest hafi þá komið fram, sem um það þarf að segja, bæði með og móti. Jeg mun því ekki verða mjög langorður, og get að mörgu leyti látið nægja að vísa til nál. meirihl. allshn. á þskj. 319. Eins og þar er tekið fram, þá gat allshn. ekki orðið sammála um þetta mál; meirihl. hennar getur ekki annað en ráðið hv. deild til að fella þetta frv., en minnihl. ræður til að samþ. það, þó með gagngerðum breytingum.

Þótt við, sem erum í meirihl. nefndarinnar, leggjum til, að frv. þetta verði felt, þá vil jeg leyfa mjer að fullyrða það, að við viljum stuðla að því engu síður en aðrir, að í þessu landi sje haldið uppi lögum og rjetti. En við lítum svo á, að lögum og rjetti verði ekki betur borgið, þó að þetta frv. yrði samþ., og að það sje hægt að tryggja rjettaröryggi í landinu án slíkra lagabreytinga. Í þessu frv. er farið fram á að stofna varalögreglu, sem sje til taks „þegar sjerstaklega stendur á“ og lögreglulið bæjanna reynist of fáment. Hvað hina venjulegu löggæslu snertir, þá er það auðvitað mál, að varalögreglan, ef hún kemst á, getur ekki með neinu móti aðstoðað við hina daglegu löggæslu, sem þarf í kaupstöðum landsins, ekki heldur við önnur verk því skyld, t. d. tollgæslu. Ef því hinni daglegu löggæslu í bæjunum, tollgæslu og öðru slíku, er áfátt, þá mundi samþykt þessa frv. ekki

á nokkurn hátt bæta úr því. Eina ráðið til að bæta ástandið að þessu leyti, mundi án efa vera það, að fjölga hinu fasta lögregluliði, sem í bæjunum er. Það er tekið fram í nál. meirihl., að við teljum, að vel gæti komið til mála, að ríkið styrkti bæina að einhverju leyti til þess að auka og bæta lögregluliðið sitt, vegna þeirra starfa, sem lögreglan hefir á hendi fyrir ríkið.

Að því er virðist, er nú tilgangurinn með þessu frv. heldur ekki sá, að bæta hina venjulegu löggæslu í bæjunum nje tollgæsluna, heldur hitt, eins og stendur í greinargerð frv., og líka er tekið fram í nál. hv. minnihl., að þessi varalögregla á aðeins að vera til taks, þegar alveg óvanalega stendur á. En þetta, að óvanalega standi á, þannig, að lögreglan eigi einhverra hluta vegna örðugt með að framkvæma starf sitt, getur altaf komið fyrir; en ef það kemur fyrir, þá vill svo vel til, að í núgildandi lögum eru ákvæði, sem leggja þá almennu skyldu á herðar borganna að koma lögreglunni til hjálpar, ef hún þarf á að halda. Og í raun og veru er okkur, sem meirihl. nefndarinnar skipum, ekki kunnugt um, að þessi hjálp, sem lögreglan þannig getur fengið, hafi ekki reynst nægilega vel hingað til. Jeg veit, að það hefir verið bent á ein þrjú atvik, sem komið hafa fyrir hjer á landi, sem eiga að sanna hið gagnstæða; en þessi atvik eru svo sjerstaks eðlis, að jeg álít, að á þeim verði ekki mikið bygt, hvað þetta snertir. Jeg skal ekki fara frekar út í það nú, en vík ef til vill að því að einhverju leyti síðar.

Ef þessi varalögregla yrði sett á stofn, þá er það ómótmælanlegt — enda játað af hæstv. dómsmálaráðherra (JM), sem hefir lagt þetta frv. fram — að hjer væri um harðræði og nokkurt ranglæti að ræða gagnvart þeim mönnum, sem í varalögregluna væru kvaddir, að einstakir menn væru teknir þannig út úr og þeim gert að skyldu að þjóna í þessari lögreglu, lögð þessi skylda á herðar fram yfir aðra borgara landsins. Það sjá allir, að það er ekki rjettlátt. Það er mikið talað um persónulegt frelsi nú á dögum, og það virðist svo sem hv. stuðningsflokkur stjórnarinnar leggi töluverða áherslu á, að ekki megi með löggjöfinni skerða það, og það er eitt með öðru talið skerðing á persónulegu frelsi, að þurfa að kaupa tóbak í landsverslun, en mega ekki kaupa það hvar sem manni sýnist. En jeg verð að segja, að það, að vera kvaddur til fastra lögreglustarfa án tillits til vilja mannsins sjálfs, það finst mjer vera miklu meiri skerðing á persónulegu frelsi heldur en nokkuð annað, sem ennþá hefir verið í lög leitt hjer á landi. Auk þessa liggur það í augum uppi, að æfingar og annað starf í lögreglusveitinni mundi eyða allmiklum tíma, og þá er mjög hætt við, að það, að vera kvaddur í lögregluna, mundi valda mjög óþægilegri truflun á atvinnu hlutaðeigenda. Jeg get hugsað mjer það, að hvaða atvinnurekendur sem væru yrðu ófúsari til að taka þá menn í þjónustu sína og gjalda þeim sæmilegt kaup, sem væru í varalögreglu og gætu átt á hættu að vera kvaddir frá störfum, er minst varði, hvernig sem á stæði fyrir vinnuveitendum. Það gæti áreiðanlega komið sjer mjög bagalega. Og jeg tel víst, að það yrði til þess, að þeir menn, sem í varalögreglu yrðu, ættu ekki sama aðgang að atvinnu yfirleitt eins og aðrir menn.

Það má líka benda á það í þessu sambandi, að skyldukvöð sem þessi kæmi

áreiðanlega í bág við hugsunarhátt þjóðarinnar. Skal jeg í því sambandi aðeins minna á þegnskylduvinnuna. Hún átti að vera skylduvinna í þágu ríkisins, til þess sumpart að framkvæma ýms nauðsynleg verk og sumpart átti þegnskylduvinnan að vera einskonar uppeldismeðal ungra manna. Það orkar ekki tvímælis, að tilgangurinn með þegnskylduvinnunni, þannig skilinn, er að mörgu leyti göfugur og góður; en þetta, að leggja slíkan fjötur á einstaklinga þjóðarinnar, er svo óvanalegt hjer á landi, að þegar þegnskylduvinnan var borin undir þjóðaratkvæði. Þá var það mjög mikill meirihl. hennar, sem algerlega neitaði slíku, vildi ekkert með þegnskylduvinnu hafa.

Þá er að taka það fram, sem reyndar var talsvert vikið að við 1. umr. málsins, að varalögreglan, ef hún kæmist á, mundi kosta mikið fje. Þessu þýðir ekki neitt að neita. Fyrst og fremst mundi stofnkostnaður verða talsvert mikill, einkum ef þetta lögreglulið væri nokkuð í líkingu við það, sem frv., eins og það fyrst lá fyrir, gaf tilefni til að ætla að hún yrði. En þó brtt. hv. minnihl. yrði samþ., og þannig yrði sett á stofn lítil varalögreglusveit með 100 manns í Reykavík og 10 í hverjum hinna kaupstaðanna, samtals 160 manns, þá mundi stofnkostnaðurinn verða talsvert hár samt. Það var tekið fram við 1. umr., og því hefir ekki verið mótmælt, að einkennisbúningur lögregluþjóna Reykjavíkur kostaði um 700 kr. handa hverjum, og ef maður margfaldar það með 160, verður útkoman 112 þús. kr. Jeg skal ekki segja, hvernig þessir varalögreglumenn yrðu klæddir, en mjer finst rjett að gera ráð fyrir, að þeir yrðu klæddir eins og aðrir lögregluþjónar. Jeg sje í nál. hv. minnihl., að hann gerir ráð fyrir því, að einkennisbúningur þessara lögreglumanna mundi ekki kosta nema 45 kr. handa hverjum. En jeg skal bíða með að leggja beinlínis dóm á þetta, þangað til hv. minnihl. hefir gert grein fyrir því atriði; en það má vera skrítinn einkennisbúningur, sem ekki kostar nema einar 45 kr. Þó jafnvel væri hægt að ganga inn á, að þessi lögregla mundi ekki nota eins dýran einkennisbúning og aðrir lögregluþjónar, þá get jeg ekki skilið, að þetta nái nokkurri átt. Að minsta kosti er jeg hræddur um, að þá þyrfti oft að endurnýja þennan búning.

Þá eru tækin. Það veit enginn hvað átt er við með þessum „tækjum“, eða hvað þau myndu kosta; en eitthvað myndu þau kosta. Laun yfirmanna gerir hv. minnihl. ráð fyrir að væri ekki nema lítilfjörleg þóknun. En jeg býst við, að þótt byrjað væri þannig, myndi fljótlega þykja þörf að auka þau, og þau myndi nema töluverðri fjárhæð. Yfirleitt er nú frv. sjálft, eins og það liggur fyrir, í svo lausu lofti, hvað þetta snertir, að það er ómögulegt að gera neina áætlun um, hvað þetta myndi kosta í framkvæmd, en hitt er vitanlegt, að það myndi kosta fje, og það töluvert mikið fje, meira fje til dæmis heldur en veitt er til heilsuhælis á Norðurlandi. Og fyrir þá, sem álíta að þetta mundi verða gagnslítið, eða gagnslaust, eða til ógagns, er það skiljanlegt og afsakanlegt, þó þeir vilji ekki fórna miklu fje til annars eins.

Það er ákaflega hætt við því, að líkt færi með þessa varalögreglu eins og sumt annað, sem er sett á laggir hjer

á landi, að þó byrjað sje í smáum stíl og litlu eytt fyrst, þá vill kostnaðurinn fljótt aukast. Og fljótlega mundi ýmislegt hlaðast kringum þessa stofnun; og sem sagt, það er enginn kominn til að segja það nú, hvað þetta myndi koma til með að kosta á endanum. Frv. gerir ráð fyrir, að þeir óbreyttu varalögreglumenn starfi að æfingum og lögregluþjónustu kauplaust. Jeg tel alveg óhugsandi, að slíku ranglæti yrði beitt til lengdar, að borga þessum mönnum ekki neitt, enda leggur hv. minnihl. einmitt það til, að mönnunum verði greidd ofurlítil þóknun. Og þá kemur hún til viðbótar kostnaðinum. Og eins og jeg sýndi fram á áðan, má búast fyllilega við því, að menn þessir mundu líða töluverðan skaða á atvinnu sinni, vegna þessarar kvaðar; og þá skil jeg ekki í öðru, en að þegar tímar líða, verði á það litið, svo að þessi þóknun, sem þeir fengju, mundi fara vaxandi og nema allmiklu. Mjer þætti ekki ólíklegt, þó ekki sje beinlínis hægt að staðhæfa það, að eftir nokkur ár myndi kostnaður af hverjum varalögreglumanni ekki verða undir 1000 kr. á ári. Það er í sjálfu sjer ekki mikil þóknun til manns, sem þannig er þrælbundinn við ákveðið starf, þótt hann fengi t. d. 500 kr. þóknun á ári, eða þar um bil. Og þá er hætt við, að aðrar 500 kr. á mann færu til viðhalds einkennisbúninga og tækja og til annars kostnaðar, sem leiddi af því, að halda uppi þessum flokki.

Þá skal jeg að síðustu vikja að því, sem einna mest var talað um, þegar málið var til 1. umr., sem sje, að komist varalögreglan á, þá er það alveg handvíst, að hún myndi verða óvinsæl frá byrjun og ekki njóta þess trausts, sem hverri lögreglu er nauðsynlegt.

Orsakir til þessa eru þær, að margir líta svo á, að varalögregluna eigi að stofna g e g n sjerstakri stjett. Jeg veit, að það ber enginn á móti því, að þannig er litið á. Þá mundi þessi stjett — verkamenn og sjómenn — sjálfsagt skoða varalögregluna sem andstæðing sinn, settan sjer til höfuðs, í staðinn fyrir að treysta henni, að hún mundi halda uppi lögum og jafnrjetti meðal borgara landsins. Jeg skal ekki neitt fullyrða um það, að þessi skilningur sje rjettur, að þetta hafi verið hugsun þeirra, er frv. fluttu. En það verð jeg samt að taka fram, að flutningur málsins var á þann veg, að hann gaf nokkurt tilefni til þessa skilnings, því þegar hæstv. dómsmálaráðherra (JM), sem var flutningsmaður málsins, var við 1. umr. að tala um verkefni varalögreglunnar, þá virtist það sjerstaklega eiga að vera það, að henni ætti að beita gegn samtökum ákveðinnar stjettar í landinu. Af því að málið er af mörgum skilið á þessa leið, þá gæti nú svo farið — og það vildi jeg gjarnan biðja fylgjendur þessa máls að athuga — að af því leiddi einmitt það gagnstæða við það, sem þeir ætla sjer að ná. Þeir ætla sjer án efa að skapa öryggi í þjóðfjelaginu og frið; en það gæti svo farið, að einmitt af því leiddi óeirð og ófrið. Jeg er þó ekki að spá neinu í þessa átt. En jeg býst við því, eftir því, hvernig málið er flutt, og eftir þeim dómum, sem það hefir fengið, að alþýða manna mundi alls ekki treysta varalögreglunni til þess að gera rjett. Það mætti náttúrlega svo fara, og er vonandi, að svo yrði, ef varalögreglan kæmist á, að hún með tíð og tíma gæti áunnið sjer álit. En í byrjun mun hún áreiðanlega ekki njóta trausts almennings.

Það hefir beinlínis komið fram, að ætlunin með því, að setja varalögreglu á stofn, væri sú, að bæla niður — eins og það er orðað — óeirðir út af kaupgjaldsdeilum. En — kaupgjaldsdeilur eru nú án efa einkamál þeirra, sem deila. Því skal ekki neitað, að óeirðir geta orðið út af þeim deilum, eins og öðrum deilum, sem þjóðfjelagið þarf að láta til sín taka á einhvern hátt, en það mun mega fullyrða, enda reynsla allra annara þjóða, sem lengra eru komnar áleiðis, að það þarf að fara mjög varlega í þeim málum. Og það er eins og fornkveðið er: Sjaldan veldur einn, þá tveir deila, og því enganvegin víst, að rjetturinn sje altaf öðrumegin. Og jeg hygg, að skynsamlegra væri og í alla staði heilladrýgra að reyna að finna einhver ráð, sem gætu fyrirbygt slíkar deilur, heldur en að búa til svipu, til að berja þær niður með illu. Það getur ekki gefist vel til lengdar. Í þessu sambandi vil jeg minna hv. þdm. á, að nú liggur einmitt fyrir þinginu frv., sem allar líkur er til að geti komið að mun betri notum í þessu efni en varalögregla.

Niðurstaða meirihl. er því sú, að varalögreglu þurfi alls ekki með undir vanalegum kringumstæðum, enda er það játað af þeim, sem annars eru frv. fylgjandi; að varalögreglan verði langtum of dýr í samanburði við það gagn, sem af henni getur hlotist; að þeir menn verði bersýnilega ranglæti beittir, sem verða kvaddir í væntanlegt varalögreglulið.

Það er útilokað, að þessi varalögregla verði kvödd til aðstoðar, nema í alveg sjerstökum tilfellum, nefnil. þeim, að margir menn bindist samtökum gegn lögum og rjetti í landinu, eða m. ö. o. geri uppreisn. En jeg tel, satt að segja, ákaflega ólíklegt, að íslensk alþýða geri uppreisn í náinni framtíð, og því óþarft fyrir ríkisvaldið að búast til varnar gegn slíkum ímynduðum byltingum. En ef til þess kæmi einhverntíma, sem vonandi verður þó aldrei, að uppreisn brytist út, þá er jeg hræddur um, að þessi varalögregla, einkum „litla varalögreglan", sem hv. minnihl. vill stofna, muni reynast alveg gagnslaus til að bæla niður uppreisn.

Jeg skal ekki fara langt út í sagnfræði, en þó get jeg ekki gengið fram hjá því, að sagan sýnir, að uppreisnir geta alveg eins og miklu fremur brotist út í löndum, þar sem hervaldið er ríkt. Yfirleitt man jeg ekki til, að getið sje um alvarlegar uppreisnir annarsstaðar en þar, sem hervaldið hefir verið öflugt, en þó hefir sú raunin oft orðið á, að uppreisnarmennirnir hafa yfirbugað ríkisherinn, svo ekki er hann alveg einhlýtur. Jeg gæti best trúað því, að þar sem ekkert hervald er til, eins og t. d. hjer, sje alveg trygt, að engin uppreisn verði.

Þó að jeg hafi nefnt hjer hervald og her í sambandi við varalögregluna fyrirhuguðu, þá ætla jeg ekki að „kalla" hana her, því það lætur illa í eyrum. En það, sem gefur tilefni til að líkja henni við her, er, að bæði í aths. stjórnar við frv. og í nál. hv. minnihl. er beinlínis tekið fram, að hún eigi að koma í stað hervalds annara þjóða. Þar er þess getið, að annarsstaðar sje til vald, sem sje sterkara en lögregluvaldið, en þetta vald vanti hjer á landi, en úr því eigi þetta frv. að bæta. Þessvegna er varalögreglunni ætlað að hafa samskonar þýðingu í okkar þjóðlífi sem herinn hefir hjá öðrum þjóðum.

Um brtt. hv. minnihl. á þskj. 363 ætla jeg ekki að tala nú, að öðru leyti en því, sem jeg hefi vikið að þeim í sambandi við málið í heild. Ætla jeg að geyma mjer frekari aths. við þær, þangað til hv. frsm. minnihl. hefir talað fyrir þeim. Þó skal jeg þegar játa, að brtt. eru virðingarverðar að því leyti sem þær miða að því, að draga úr því ranglæti, sem þeir menn yrðu fyrir, sem í þessar sveitir yrðu teknir, þar sem brtt. gera bæði ráð fyrir því, að takmarka þjónustutímann, og eins, að mennirnir fái þóknun fyrir starf sitt. En þrátt fyrir það lítur meirihl. svo á, að grundvöllur frv. sje rangur, og þessvegna sje ekki hægt að byggja á honum trausta byggingu, sem þjóðinni mætti að gagni verða. Getur meirihl. því ekki ráðið hv. deild annað en að fella frv., þrátt fyrir viðleitni hv. minnihl. til að bæta það.

Að svo mæltu get jeg lokið máli mínu að sinni.

Frsm. minnihl. (Jón Kjartansson): Þegar mál þetta var til 1. umr. hjer í hv. deild, virtist í rauninni enginn ágreiningur vera um það, að nauðsyn bæri til að efla löggæsluna í landinu á einhvern hátt. Menn greindi ekki heldur á um, að sú skylda hvíldi á ríkisvaldinu, að gæta rjettaröryggis í landinu, sjá um, að borgarar þjóðfjelagsins geti öruggir treyst því.

Um þessi tvö atriði voru menn sammála, að því er virtist, en lengra náði samkomulagið ekki. Má það þó undarlegt heita, þar sem þetta er aðalatriði málsins. Hitt er miklu meira aukaatriði, hver leið er til þess valin, að ná settu marki.

Um leið og hæstv. forsrh. (JM) flutti þetta frv. hjer í hv. deild, lýsti hann skýlaust yfir því, að hann legði enga sjerstaka áherslu á, að sú leið yrði nákvæmlega þrædd, sem í frv. segir. Hæstv. forsrh. kvaðst vera fús til að styrkja hverjar aðrar till. í þessu efni, er menn kynnu að gera og hagkvæmar þættu, aðeins ef takmarkinu yrði náð, að efla löggæsluna í landinu, án þess að íþyngja ríkissjóði um of. Ennfremur lýsti hæstv. forsrh. því, hvernig hann hugsaði sjer fyrirkomulag og framkvæmd á þeirri varalögreglu, sem stungið er upp á í stjfrv. En umr. hjer í hv. deild fóru mjög á víð og dreif, og langt út fyrir þau takmörk, sem hæstv. forsrh. hafði markað með skýringu sinni á frv. Umr. snerust mest um það, hvað hugsanlegt væri að láta framkvæma samkv. frv., ef það yrði óbreytt að lögum.

Ef hv. andmælendur frv. hefðu getað rætt málið á þeim grundvelli, sem hæstv. forsrh. lagði í framsögu sinni, þá hefðu menn ekki þurft að hlusta á staðhæfingar þeirra um, að hjer ætti að koma upp hundruð, eða jafnvel þúsund manna hersveitum, sem kostuðu ríkissjóð miljónir árlega. Hv. andmælendur frv. vissu mætavel, að sá var aldrei tilgangur hæstv. stjórnar, að koma á fót slíku liði sem þeir drógu upp mynd af hjer við 1. umr.

Minnihl. allshn. álítur mál þetta svo mikilsvert, að það eigi fram að ganga, og í þeirri von, að hv. þdm. vilji ræða málið í alvöru, hefir hann fært frv. í þann búning, sem hæstv. stjórn ætlaðist til að það yrði í framkvæmdinni. Vill minnihl. því vona, að hv. deild ræði málið eins og það nú liggur fyrir, en hætti að bera fyrir sig allskonar fjarstæður um vopnaðan her o. s. frv.

Eins og hæstv. forsrh. tók fram, er

varalögreglu einkum, og máske eingöngu, þörf hjer í Reykjavík. Ætlast minnihl. til, að í Reykjavík muni nægja 100 manna sveit, og er það einnig í samræmi við uppástungu hæstv. forsrh. (JM). 100 röskir menn, vel samæfðir og undir góðri stjórn, fá ótrúlega miklu áorkað, og jeg er viss um, að sú sveit mun nægja í flestum og öllum venjulegum tilfellum.

Minnihl. er þeirrar skoðunar, að ekki sje þörf á að stofna varalögreglulið í öðrum kaupstöðum landsins, nema ef vera kynni á Siglufirði, og einnig hefir verið bent á Ísafjörð. Jeg skal ekkert fullyrða um nauðsyn varalögregluliðs á þessum stöðum, en þó að þess þurfi þar með, þá þarf það ekki að vera fjölment, enda er gert ráð fyrir, að 10 manna sveitir muni nægja. Annarsstaðar ætlast minnihl. ekki til, að varalögregla verði stofnuð, og telur þess heldur enga þörf.

Jeg vil geta þess hjer, að verði frv. samþ. með brtt. minnihl., þá lít jeg svo á, að starfsvið varalögreglunnar verði ekki einskorðað við það lögsagnarumdæmi, sem hún aðallega starfar í. Þetta er lögreglulið, sem ríkisvaldið hefir til umráða, og þessvegna ekkert því til fyrirstöðu, að það verði notað fyrir utan sitt staðar-lögsagnarumdæmi. T. d. get jeg nefnt, að sjálfsagt má senda varalögreglulið Reykjavíkur til Hafnarfjarðar, út á Seltjarnarnes o. s. frv., ef þar verða óeirðir, eða hremma þarf smyglaraskip o. fl. þesshátar, og lögreglan þar á staðnum eigi reynist nægileg.

Í 2. gr. stjfrv. ert sú kvöð lögð á alla karlmenn á aldrinum 20—50 ára, að gegna kvaðningu í varalögreglu, og þessi skylda hvílir ótakmarkað á mönnum, innan áðurnefndra aldurstakmarka, ef sjúkdómar eða önnur slík forföll eru ekki fyrir hendi. Þessu vill minnihl. breyta. Í fyrsta lagi vill hann færa aldurshámarkið niður í 40 ár, í stað 50 ára. Það er að mörgu leyti óheppilegt, að lögreglumenn sjeu mjög gamlir. Mun best vera, að þeir sjeu einmitt á aldrinum 20—40 ára.

Í öðru lagi leggur minnihl. til, að skylda hvers einstaklings til að gegna varalögreglustörfum verði takmörkuð við 5 ára tímabil. Þessi takmörkun er í samræmi við ýms önnur ákvæði í gildandi lögum, þar sem kvaðir eru lagðar á herðar borgaranna, að gegna ýmsum störfum til almenningsþarfa um vissan tíma. Má þar t. d. nefna hreppsnefndarstörf, skóla- og fræðslunefndarstörf og mörg önnur samskonar störf.

Í stjfrv. er svo til ætlast, að varalögreglumenn fái enga þóknun fyrir starfa sinn, að undanskildum forstöðumönnum og flokksforingjum. Þetta finst minnihl. ekki sanngjarnt ákvæði. Þar sem sú kvöð er lögð á fáa borgara þjóðfjelagsins, að taka þátt í aukinni löggæslu sjerstaklega, með kvaðningu í varalögregluliðið, þá þykir minnihl. órjettmætt, að þeir fái enga þóknun fyrir starf sitt. En þar sem minnihl. býst við, að örsjaldan þurfi að grípa til varalögreglunnar, þá lítur hann svo á, að þóknunin þurfi ekki að vera föst laun, heldur sje rjettara að sníða hana við tímann, sem gengur til starfans. Er þar að sjálfsögðu bæði átt við þann tíma, sem gengur til æfinga og undirbúnings, og svo tímann, sem gengur til lögregluverkanna sjálfra.

Mjer þykir leiðinlegt, að hv. frsm. meirihl. (BSt) skyldi ekki geta rætt málið á þeim grundvelli, sem minnihl.

nú hefir lagt með brtt. sínum, heldur skyldi hann enn koma með órökstuddar staðhæfingar um, að kostnaðurinn muni skifta hundruðum þúsunda árlega. (BSt: Þetta er ekki rjett hermt!) Ef hv. þm. (BSt) álítur, að kostnaður við hvern varalögreglumann verði ekki undir 1000 kr. árlega, þá nálgast allur kostnaðurinn hundruð þúsunda. En auðvitað nær þetta ekki nokkurri átt.

Jeg skal nú skýra ofurlítið nánar, hvernig minnihl. ætlast til, að kostnaðarhliðin líti út, ef varalögregla verður sett á stofn.

Til æfinga fer að sjálfsögðu langmestur tími fyrsta árið, en úr því mun sáralítill tími ganga til þeirra. Minnihl. hyggur það hagfeldast, að varalögreglumenn fái einhverja fasta þóknun fyrir æfingarnar. Hversu há sú þóknun á að vera, getur altaf verið álitamál, en minnihl. hefir stungið upp á 50—100 kr. á ári. Þegar þess er gætt, að æfingarnar verða ágætasta leikfimi, þá er jeg ekki í neinum vafa um, að menn muni sækja þær með mikilli ánægju. Jeg þarf varla að geta þess, að ekki þarf að leggja í neinn sjerstakan kostnað vegna byggingar húss til æfinga, eins og hv. meirihl. virðist gefa í skyn. Til að æfa svo fámennt lið, má vitanlega nota leikfimishús þau, sem ríkið á fyrir.

Þá er þóknun varalögreglumannanna við starfið sjálft. Minnihl. ætlast til, að hún verði miðuð við þann tíma, sem þeir verja til starfans. Hyggur minnihl., að best muni vera og hagkvæmast, að fyrirkomulag varalögreglunnar verði að þessu leyti svipað því, sem haft er við slökkviliðið Reykjavíkur. Í því eru nú 50 manns, og þar af 9 fastir starfsmenn á slökkvistöðinni sjálfri, og hafa þeir föst laun. Hinir hafa ekki föst laun, en fá þóknun í hvert skifti, sem þeir eru kvaddir. Sú þóknun er 6 kr. fyrir kvaðningu og fyrsta kl.-tímann, en 3 kr. fyrir hverja kl.stund, sem þeir vinna þar fram yfir.

Eitthvað á þennan veg vill minnihl. haga þóknun til varalögreglusveitarinnar. Er ekki ætlast til, að hún fái föst laun, heldur ákveðið tímakaup, en þó mætti jafnframt setja eitthvert hámark, t. d. fyrir hvern sólarhring, ef mönnum þætti kostnaðurinn verða of mikill ella. Þó er einn maður, sem þarf að fá fasta þóknun fyrir starf sitt við varalögregluna, en það er forstöðumaður sveitarinnar hjer í Reykjavík. En þar sem búast má við, að starf hans verði ekki umfangsmikið, þarf sú þóknun ekki að vera mikil, enda ætlast minnihl. til, að hann hafi jafnframt annað fast starf með höndum. Hefir minnihl. bent á, að fyrir margra hluta sakir væri æskilegast, að fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík eða yfirlögregluþjóni bæjarins væri jafnframt falin forstaða varalögreglunnar í bænum. Þessir menn hafa að staðaldri æfingu í lögreglustjórn. Þeir stjórna hinu fasta lögregluliði bæjarins, og ef annar þeirra fengi jafnframt forstöðu varalögreglunnar, þá myndi það tengja lögregluliðið fastara saman, og yrði að því styrkur fyrir bæði liðin, jafnframt því sem það gerði varalögreglusveitina vinsælli en ella. Ef öðrum hvorum þessara manna yrði falin forstaða varalögreglunnar, þá leiðir af sjálfu sjer, að sá þyrfti að búa sig sjerstaklega undir það satrf.

Yfirleitt verður ekki með neinni vissu sagt, hversu mikill árlegur kostnaður við varlögreglusveit getur orðið. Það fer auðvitað mikið eftir því, hversu oft þarf að kveðja liðið til starfa, en um það

getur enginn sagt. Er þá auðvelt fyrir hv. andmælendur málsins að teygja ímyndaðan kostnað í það óendanlega. En jeg vona, að allir hugsandi menn, sem vilja líta sanngjörnum augum á málið, geti orðið minnihl. sammála um, að kostnaðurinn muni ekki fara fram úr 10—15 þús. kr. árlega.

Jeg geri fastlega ráð fyrir, að örsjaldan þurfi að grípa til þessa væntanlega varalögregluliðs. Í flestum tilfellum mun vitneskjan um, að það sje til, nægja til að halda mönnum í skefjum, og væri það æskilegast.

Hv. frsm. meirihl. (BSt) vildi gera feikna grýlu úr stofnkostnaði varalögreglusveitar. Taldi hann óhjákvæmilegt að leggja hverjum varalögreglumanni til einkennisbúning, sem kostaði alt að 700 kr., eða m. ö. o., að þeir fengju samskonar búninga sem hinir föstu lögreglumenn. Minnihl. hefir lagt til, að einkennisbúningur varalögreglumanna verði með svipuðum hætti og búningar slökkviliðs Reykjavíkur eru nú. Slökkviliðsmennirnir hafa ljettar kápur, sem um leið eru ágæt hlífðarföt. Þær eru ódýrar, kosta aðeins 45 krónur, en þó mun hv. frsm. meirihl. (BSt) ekki geta vefengt, að þær eru einmitt mjög heppilegar handa varalögreglumönnum. Þær eru níðsterkar, hafa nú enst slökkviliðinu í 3 ár, og sjer þó ekki á þeim enn. Að sjálfsögðu þyrftu kápur varalögreglunnar að vera öðruvísi litar en kápur slökkviliðsins, og getur hæstv. stjórn ákveðið litinn.

Slíkar kápur eru einnig heppilegar vegna þess, hve fljótlegt er að fara í þær, ef bráðan ber að, og geta menn sem best notað þær utan yfir sín eigin föt, og þurfa þá ekki að hafa fataskifti, þegar þeir eru kvaddir til lögreglustarfanna. Einkennishúfur þyrftu varalögreglumenn einnig að hafa, og myndu þær kosta ca. 15 kr.

Í nál. okkar minnihl. er allur búningur áætlaður 100 kr. að meðaltali á mann, en sá kostnaður er vafalaust fullhátt áætlaður, meira að segja alt of hátt, ef, eins og við ætluðumst til, líkir búningar verða notaðir og slökkviliðið í Rvík hefir.

Þá eru það tækin. Hv. andmælendur frv. voru að tala um vopn, byssur og jeg veit ekki hvað annað, við 1. umr. þessa máls. Auðvitað var það alt út í loftið. Vitanlega þurfa þessir varalögreglumenn að hafa þau sömu tæki, og þau tæki ein, sem aðrir lögreglumenn hafa, þ. e. kylfur. Ágætar gúmmíkylfur, sem lögregluþjónar bæjarins nota, kosta 15 krónur.

Ef því farið er eftir till. minnihl., þá er ekki hægt að rengja, að allur stofnkostnaðurinn yrði þessi: Búningur liðsins, þ. e. 20 manna, þar af 100 í Reykjavík, 10 á Siglufirði og 10 á Ísafirði, ca. 100 kr. á mann eða 12000 kr., kylfur 1800 kr. Samtals 13800 kr. Ef Reykjavík ein fengi varalögreglu, yrði stofnkostnaðurinn 11500 kr. Ennfremur má gera ráð fyrir, að einhverju fje þurfi að kosta til undirbúnings forstöðumannsins. Hann yrði að kynna sjer, hvernig slíkum varalögreglusveitum væri og ætti að haga. Ætlum við, að nægja myndu 5000 kr. í því skyni. Þetta, sem jeg nefndi, er því sá raunverulegi stofnkostnaður, sem varalögreglan myndi hafa í för með sjer, og enginn annar. Það er alger misskilningur hjá hv. frsm. meirihl. (BSt), að kostnaðurinn muni fara langt fram úr þessu, og alveg rangt af honum að vilja ekki ræða um þessa kostnaðaráætlun okkar. (BSt: Sagðist ætla að láta það

bíða.) Þá hefði hann jafnframt átt að láta bíða að ræða um ímyndaðan kostnað, svo sem það, að hann yrði 75 þús. kr. eða meiri. Því hann sagði, að hann myndi fara fram úr framlagi Alþingis til heilsuhælisfjelags Norðurlands, að mjer skildist. Nei, það er áreiðanlega ekki með góðri samvisku, þegar menn eru að gera sjer þessar kostnaðargrýlur, því ef rjettilega er á haldið, þá er kostnaðurinn svo nauðalítill, að það er ómögulegt, að hann geti hindrað framgang þessa nauðsynjamáls, ef það annars er vilji Alþingis að efla lögregluna í landinu.

Síðasta brtt. okkar við 4. gr. er eingöngu sú, að nánari ákvæði um varalögregluna skuli sett með reglugerð, en ekki með konunglegri tilskipun. Er þetta í samræmi við aðrar brtt. okkar, en eins og frv. kom frá hæstv. stjórn, var sjálfsagt, að ákvæðin væru sett með konunglegri tilskipun, en ekki með reglugerð.

Hv. frsm. meirihl. (BSt) hjelt þeirri skoðun fram, sem einnig kemur fram í nál. hv. meirihl., að heppilegra sje að fara aðra leið en þá, sem hjer er stungið upp á, til þess að efla lögregluna í landinu, sem sje þá, að ríkið leggi fje af mörkum til kaupstaðanna, til að styrkja þá í löggæslunni.

Þegar nú á það er litið, að Reykjavíkurbær einn leggur nálega 90.000 kr. til löggæslunnar á ári, þá ætti öllum hv. þdm. að vera það ljóst, að það segði í rauninni tiltölulega lítið fyrir hann, þótt hann fengi styrk úr ríkissjóði, er næmi 10—20 þús. kr. þ. e., að 3—6 menn kæmu í viðbót við þá lögreglu, sem nú er. Hitt er þó meira um vert, og það verður Alþingi að gera sjer enn ljósara, að þó að þessi leið, sem hv. meirihl. stingur upp á, væri farin, þá yrði ekki þar með trygt, að löggæslan í landinu yrði örugg, nema þá, sem jeg býst ekki við, að sje ætlun hv. meirihl., að lagt yrði næstum ótakmarkað fje fram í þessu skyni.

Segjum, að Reykjavíkurbær fengi 20 þús. kr. styrk til löggæslu, sem ekki er fjórði partur af því, sem hann leggur sjálfur fram, þá myndi lögreglumönnunum fjölga um 6 menn, svo að 20 manna sveit yrði í bænum. Hvað segði það? Að sjálfsögðu myndi þessi styrkur styrkja lögregluna í hinum daglegu störfum, eins og hv. frsm. meirihl. (BSt) virtist leggja aðaláherslu á, en hitt er víst, að þótt lögreglunni fjölgaði um þessa 6 menn, þá yrði hún ekki nándarnærri nógu örugg nje öflug í þeim tilfellum, sem vitanlega geta komið fyrir og hafa komið fyrir, þar sem sjerstaklega þarf á öflugri löggæslu að halda. Hvað yrði þá unnið með því, að fara þá leið, sem hv. meirihl. vill fara? Það, sem við mundum vinna, er það, að við höfum varið miklu meira fje en til varalögreglunnar, án þess að ná því markmiði, sem við settum okkur: að gera lögregluna í landinu nægilega öfluga.

Þá sagði hv. frsm. meirihl. (BSt), og ennfremur kemur það fram í nál. meirihl., að löggjafarvaldið þyrfti ekki að koma upp varalögreglu, til þess að sjá um, að löggæslan væri örugg í einstaka tilfellum, því að nægilega væri sjeð fyrir því í gildandi lögum, að vandræði hlytust ekki af slíku. Hv. frsm. meirihl. (BSt) tók það rjettilega fram í þessu sambandi, að það er ætlun minnihl. og hæstv. stjórnar, að varalögreglan sje til taks, er sjerstaklega stendur á, en gegni ekki daglegri löggæslu. En þá skoðun sína, að varalögreglan sje óþörf í slík-

um tilfellum, styðja hv. andmælendur við það, að í lögum sje sú skylda lögð á almenning, að gegna skipun lögreglunnar, þegar þess er krafist. Vitna þeir í lög nr. 1, 3. jan. 1890, þar sem kaupstöðunum er veitt heimild til þess, að setja í lögreglusamþyktum sínum ákvæði um löggæslu og lögreglulið. Þessa heimild hafa nú kaupstaðirnir notað á tvennan hátt, sumpart með því að koma á fót fastri lögreglu, og sumpart með almennu ákvæði, þar sem sú skylda er lögð á menn, að hlýða boði lögreglunnar. Þetta ákvæði er það, sem hv. meirihl. leggur svo afarmikla áherslu á. En nú vil jeg spyrja hv. meirihl.: Hvernig er nú þessi almenna skylda í framkvæmdinni? Mjer skildist á hv. frsm., að hann ætli, að með þessu sje lögreglustjóranum heimilt að kalla saman lið í hópum til að gegna lögreglustörfum. Það kann að vera, að það sje heimilt, en jeg tel það vafasamt, og lögreglusamþyktirnar ætlast ekki til þess. Við vitum það allir, að þessi almenna skylda er aðeins fólgin í því, að þegar lögregluþjónar, einn eða fleiri, sem eru við starfa sinn, eigi reynast einhlítir, þá skora þeir á nærstadda að aðstoða sig. Það er við þesskonar skyldu til að hlýða boði lögreglunnar, sem lögreglusamþyktirnar eiga með þessu ákvæði. Að þessu er svo varið, kemur svo greinilega fram í lögreglusamþykt Reykjavíkur, í 11. grein hennar, að jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp, til þess að hv. þdm. þurfi ekki að vera í vafa um þetta. Greinin hljóðar svo:

„Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullkomnum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.“

Það er alveg bert, að þarna er átt við það, að ef lögregluþjónar reynast ekki einhlítir til að framkvæma verk þau, er þeir eru að vinna að, þá mega þeir kalla menn þá, er nærstaddir eru, sjer til aðstoðar, og eru menn skyldir að hlýða.

Eins og jeg tók fram, skal jeg ekkert um það segja, hvort lögreglunni er heimilt eða ekki að kveðja menn í hópum að heiman til þess að taka þátt í lögreglustarfi í einstökum tilfellum. En þó að það væri heimilt, þá dylst mjer ekki, að þetta væri mjög óheppileg leið. Venjulega er það svo, að þegar lögreglan reynist ekki einhlít til einhverra verka, þá er komið í hart hjá henni og hiti og æsing komin í fólkið. Og þegar svo er ástatt, er afar-óheppilegt að kalla hina og þessa til aðstoðar. Menn kynnu að líta svo á, að verið væri að etja mönnum saman, eða jafnvel brýna stjett gegn stjett. Væri það hættulegt og afaróheppilegt. En hjer væri alt öðru máli að gegna, ef til væri fast varalögreglulið, eins og frv. fer fram á. Þá yrði það altaf að vera til taks, og það væri embættisskylda þess að hlýða kvaðningu. Þess starf væri alveg hið sama og venjulegu lögreglunnar.

Eitt er það líka enn, sem mjög er mikilsvert í þessu sambandi. En það er, að menn þeir, sem að lögregluverkum vinna, hafi fengið æfingu í starfinu. Jeg segi þetta af því, að jeg hefi fengið talsverða reynslu á þessu sviði og get full-

yrt, að þetta er ákaflega mikilsvert atriði. Ef menn eru óæfðir í lögreglustarfi, getur það oft haft þær afleiðingar, að þeir geri frekar ógagn en gagn. Í stað þess að stilla til friðar, geta þeir vakið sundrung og ófrið.

Hv. frsm. meirihl. (BSt) mintist á það, að þessi varalögregla myndi verða mjög óvinsæl, sjerstaklega í byrjuninni. Jeg held nú, að alveg hið gagnstæða komi á daginn. Jeg held, að hvað mikið sem gert verður til þess að gera hana óvinsæla, þá muni það aldrei takast, ef henni einusinni verður komið á. Því að undir eins og búið væri að stofna hana, yrði litið á hana sem hverja aðra lögreglu, og sjeð frá þjóðarheildinni er það mjög vinsælt starf, að gegna lögreglustörfum. Einstaklingar kunna að misvirða þessi störf, eins og öll önnur, einkum þeir, sem fyrir barði lögreglunnar verða, en frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar er mjög vingjarnlega á það litið og vel metið að gegna lögreglustörfum, og sá maður, sem rækir vel og dyggilega löreglustarf, hann vinnur sjer áreiðanlega traust og hylli alþjóðar.

Mig furðar á því, að hv. frsm. meirihl. (BSt) skyldi enn koma með þá staðhæfing, að hjer væri verið að koma upp liði gegn ákveðinni stjett. (BSt: Jeg sagðist hafa heyrt það.) Hann þurfti ekki að hlaupa með þær fregnir, því hann og allir vita, að enginn heldur slíkri fjarstæðu fram, nema þvert á móti betri vitund. Það lýsir og beinu vantrausti á verkamannastjettinni, að halda því fram, að hún muni fyrst verða fyrir barðinu á þessari lögreglu. Jeg held, að það vantraust sje óverðskuldað, af hendi þeirra manna, sem sú stjett hefir lyft hæst í flokki sínum, og þeir mættu gjarnan leiða hjá sjer að hampa slíkum getsökum í garð alþýðunnar. Vitanlega er varalögreglan stofnuð jafnt gegn öllum mönnum, sem brjóta lög og gerast friðbrjótar í landinu, og stendur alveg á sama, hvort þeir eru verkamenn eða eitthvað annað. Og varalögreglan á aðeins þá að skerast í leikinn, þegar hin fasta lögregla getur ekki stilt til friðar.

Þá mintist hv. frsm. meirihl. (BSt) ofurlítið á kaupgjaldsdeilur og sagði, að það væri ætlunin, að þessi varalögregla ætti að bæla þær niður. Vitanlega nær þetta ekki neinni átt. Það er alveg rjett, sem hann sagði, að lögreglan þarf að vera sjerstaklega gætin í slíkum málum. Og jeg hefi margoft tekið það fram fyr, að afskifti lögreglunnar af þeim málum eiga að vera þau ein, að hún sjái um, að engar óeirðir stafi af þrætunum. Það getur og komið fyrir, að lögreglan þurfi að vernda þá, er vilja vinna, sökum þess, að almenningsheill er undir því komin, að verkið sje unnið. En að varalögreglan eigi að blanda sjer í kaupgjaldsdeilur, er alger misskilningur og áreiðanlega sagt á móti betri vitund.

Þá mintist hv. frsm. meirihl. (BSt) á uppreisn. Vissi jeg ekki vel, hvað hann átti við, en hafi það verið meining hans, að við í minnihl. hjeldum, að þessi varalögregla myndi nægja til að leggja að velli útlendan her, sem hjer kynni að ráðast á land, þá er það helber misskilningur. Hitt er jeg aftur á móti ekkert hræddur um, að innlendir menn geri nokkru sinni meiri uppreisn en það, að varalögreglan myndi auðveldlega nægja til að bæla hana niður. Nei — það er ekki til nokkurs hlutar að koma með slíkar og þvílíkar örökstuddar grýlur í þessu máli. Menn verða að halda sjer við aðalatriðið, og það er það eitt, hvort nauðsyn ber til að efla löggæsluna í

landinu og á hvern hátt það verður gert ódýrast og hagkvæmast fyrir ríkið.

Jeg þykist nú vita, að jeg þurfi eigi að brýna fyrir hv. þdm., hve mikið er í húfi, ef lögum landsins er ekki hlýtt. Því undarlegt mætti það kallast, ef löggjafarþing þjóðarinnar væri að sitja hjer fleiri mánuði árlega, til þess að setja lög og reglur handa þjóðfjelaginu, ef það ljeti sig engu skifta, hvort þau lög verði nokkurntíma haldin. Jeg skil ekki í öðru, en að það sje fyrsta boðorð Alþingis, að sjá um, að það sje trygt og örugt, að þeim lögum sje hlýtt, er það setur, og því skil jeg ekki í, að þessu mikilsverða máli verði varnað framgangs.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ráð fyrir, að jeg tali lítið um framsöguræðu hv. frsm. meirihl. (BSt). Hann talaði almennt um málið, beint á móti þingsköpunum, þar sem meiningin er sú, að tala hjer um sjerstök atriði þess. Og eiginlega sagði hann ekki annað en það, sem sagt var við 1. umr., og þá rætt ítarlega. Því er óþarft að víkja að ræðu hans, þótt jeg kunni að drepa á einstök atriði hennar síðar. Við hv. minnihl. vil jeg segja það, að jeg get yfirleitt fallist á þær brtt., sem hann ber fram, enda er það eðlilegt, því að þær eru flestar ekki annað en það, sem jeg sagði við 1. umr., að verða myndi í framkvæmd.

Hitt sagði jeg þegar í upphafi og segi enn, að jeg ætlaðist ekki til, að æfðir yrðu nema tiltölulega fáir menn, t. d. 100 hjer í Reykjavík. Því er sú brtt. hv. minnihl. aðeins skjalfesting á orðum mínum. Jeg er heldur ekki á móti því, að heimilt sje aðeins að hafa slíkt lögreglulið í Reykjavík, og ef til vill líka á Siglufirði. Jeg er heldur ekki á móti 2. brtt. hv. minnihl., þeirri, að þessi skylda sje aðeins lögð á karlmenn frá 20—40 ára. Jafnvel þótt farið hefði verið enn lengra, og þetta hefði verið bundið við 25 ára aldur sem lágmark, hefði jeg ekki haft neitt við það að athuga. Þannig er það, ef jeg man rjett, að því er snertir ríkislögregluna í Danmörku. Og þar eru víst ekki aðrir teknir í liðið en á aldrinum frá 25—35 ára. Um skylduna í 5 ár má vel vera rjett, en auðvitað líklegt, að þeir hjeldu áfram lengur.

Það er eðlilegt, að jeg sje ekki á móti 3. brtt., því að jeg tók hið sama fram við 1. umr. málsins, að það væri nokkuð hart, að leggja þessa skyldu á fáa menn, endurgjaldslaust. En þessa skyldu, er hjer um ræðir, álít jeg þó ekki þungbærari en margar aðrar borgaralegar skyldur, er menn verða að gangast undir endurgjaldslaust, t. d. hreppsnefndarstörf og oddvitastörf, sem hafa í för með sjer miklu meiri tímaspjöll fyrir þá, sem kosnir eru til þeirra. Og nýlega komu kröfur úr þeirri átt, sem skyld er hv. frsm. meirihl. (BSt), um það, að skylda menn til þess að gegna ýmsum opinberum störfum endurgjaldslaust. En treysti menn nú ríkissjóði til þess að greiða kaup fyrir varalögreglustörfin, þá er rjett, að það komi frá þinginu sjálfu. Stjórnin þorði ekki að fara fram á það, en jeg er ekki á móti því, að greiða þóknun.

Það er lítið annað en formbreyting, að setja reglugerð í stað konunglegrar tilskipunar, en því minna þarf að taka upp í reglugerð sem lögin eru ítarlegri. Brtt. þessar, að undantekinni 3. brtt., segja ekki annað en það, sem jeg sagði í byrjun, að ætti að vera tilgangurinn með frv.

Það, sem hv. frsm. meirihl. (BSt) tíndi upp úr fyrri umræðu málsins, skiftir mig engu. Því hefir öllu verið svarað. En jeg hefi aldrei sagt, að þetta væri harðræði, sem farið er fram á með frv. Æfingar geta aldrei orðið mjög tíðar, máske 1—2 í mánuði. Og á skólum fyrir lögreglumenn er það ekki einusinni svo, að æfingatíminn sje langur. Það er diktað um þetta á alla kanta, að frv. sje skerðing á persónulegu frelsi manna. En skerðingin er ekki meiri heldur en gerist í svo mörgum efnum.

Þá sagði hv. frsm. meirihl. (BSt), að atvinnurekendur mundu verða ófúsir á að taka menn í þjónustu sína, er væru í varalögreglunni. En það nær ekki neinni átt. Það getur vel verið, að svo líði mörg ár, að ekki þurfi að grípa til varalögreglunnar. Hv. frsm. meirihl. (BSt) — sem talaði stilt, það skal jeg játa — vildi ekki viðurkenna, að neitt væri víst um það, hvað átt væri við með orðinu „tæki“, enda þótt jeg hafi margsinnis tekið það fram, að þar er eingöngu átt við venjuleg lögreglutæki. Hann sagði og, að lögregluliðið mundi verða aukið. Hversvegna? Jú, það getur hugsast. En jeg tel 100 manna sveit nú alveg nóg.

Þá kvaðst hv. frsm. meirihl. (BSt) ekki vilja hóta því, að þetta mál vekti ófrið. Ónei, jeg er ekki mjög hræddur um það.

Jeg ætla ekki að ræða málið frá almennu sjónarmiði nú, heldur vildi jeg aðeins drepa á þessi örfáu atriði. Ef málið kemur til 3. umr., verður hægt að ræða það á þann hátt, þótt það verði ekki annað en upptugga frá 1. umr. En við 2. umr. er það brot á þingsköpum að fara út í málið alment, eins og hv. frsm. meirihl. (BSt) gerði.

Jón Baldvinsson: Það er ekki hægt að komast hjá því, að tengja saman 1. umr. málsins og hinar, því að þegar talað er um það, hvernig á að orða frv. og hvernig það á að vera, hlýtur maður að tala um það alment. Og svo eru hjer einnig til umræðu tvö nál. En það virðist nú svo sem hæstv. stjórn vilji helst, að ekkert sje um málið rætt. Virðist helst, að hún vilji hafa „þegjandi þing“, eins og í fyrra, er hún vildi láta fella niður prentun þingtíðindanna.

Það er annars óskiljanlegt um hæstv. forsrh. (JM), er kemur hingað í deildina endrum og eins og drepur sjer niður eins og kría á stein, að hann skuli leyfa sjer að setja ofan í við þingmenn, þótt þeir taki til máls um hin mestu stórmál á þinginu, eða að hann sje að snupra þá fyrir það, að þeir tali lengur en honum sjálfum líkar, eða á annan hátt en honum er geðfelt.

Nál. minnihl. er ekki annað en endurtekning á greinargerðinni fyrir stjórnarfrv., en þó fer það í bág við það, sem hæstv. forsrh. (JM) hefir sagt um málið. Það hlýtur að koma málinu mikið við, sjerstaklega kostnaðarhlið þess, hvernig frv. er orðað. Í frv. stjórnarinnar er þetta alt svo laust og óbundið, að það hefði vel mátt teygja útgjöldin upp í 2½ miljón kr. En þótt stjórnin hafi síðan dregið saman seglin, þá eru menn ekki við það bundnir, enda eru öll ummæli um það svo óljós, að ekkert er á þeim byggjandi. Í nál. minnihl. segir líka, að það sje ekki hægt að gera nákvæma kostnaðaráætlun. Þar er þó fullyrt, og hv. þm. V.-Sk. (JK) gerði það líka, að kostnaðurinn muni ekki fara fram úr 13800 kr. (**JK:** Stofnkostnaður.) Það er nú svo. Nál. gerir ráð fyrir 5000 kr. til foringjans, og á það má-

ske að teljast stofnkostnaður í viðbót við þessi 10—12 þús. kr., sem á undan eru. En þetta er alt á huldu, eins og mönnum hjer í þinginu sje um að gera að stikla yfir þá hlið málsins.

Þá er stungið upp á því í nál., að þóknun til forstöðumanns eða foringja skuli vera á að giska 200 kr. á mánuði. Þar er ekki heldur mikið að halda sjer að. Jeg býst nú við, að hann mundi þurfa dálítið meira. Jeg býst við því, að hann muni þurfa að æfa liðið. Og ef nú ætti að fá hingað erlendan liðsforingja til þess að koma skipulagi á fyrst, þá hygg jeg, að 5000 kr. muni lítið nægja handa slíkum manni, og er þetta hlægilega lítil upphæð. (**SigurjJ:** En 2 miljónirnar?) Vildi ekki hv. þm. (SigurjJ) setja upp gleraugu og líta á frv. stjórnarinnar, og vita, hvort hann getur ekki fengið þann kostnað út úr því, ef fara ætti eftir því út í æsar?

Minnihl. allshn. hefir komið með þá brtt., að hjer í Reykjavík skuli vera 100 manna sveit, en 10 manna annarsstaðar, svo sem á Siglufirði og Ísafirði. En hversvegna eru ekki hinir kaupstaðirnir nefndir, svo sem Hafnarfjörður, Seyðisfjörður, Akureyri og Vestmannaeyjar? Mundi það vera af því, að þingmenn þessara kjördæma, sem allir eru í Íhaldsflokknum, hafi bannað það? Eða munu þeir hafa tekið Ísafjörð vegna þess, að þeir líta engum vinaraugum þangað?

Um kostnaðinn við búning lögregluliðsins eru hv. minnihl. nefndarmenn í mótsögn við hæstv. forsrh. (JM). En jeg býst við, að það sje hann, sem á að framkvæma lögin, ef hann verður þá við völd. Í ræðu sinni 26. febrúar sagði hann, að varalögreglumennirnir ættu að vera að öllu svo útbúnir sem hinir föstu lögreglumenn bæjarins. Ennfremur segir hann um kostnaðinn við þetta, að hann muni verða um 20—25 þús. kr., og talar hann þar um jafnmarga menn eins og minnihl. allshn. Hann þykist þó ekki geta fullyrt neitt um það, og er þetta, eins og jeg sagði áðan, alt saman ágiskanir út í loftið, sem ekki er hægt að henda reiður á. Þessvegna álít jeg, að andmælendur frv. þessa hafi fullan rjett til þess að tala um málið alment, úr því að ekki er hægt að pína út úr hinum ákveðnar tölur um kostnaðinn.

Hitt er víst, að kostnaðurinn verður miklu meiri en þeir segja, eða vilja vera láta. Ber það og vel saman við virkileikann. Hjer í bæ er nú 15 manna lögregla starfandi alt árið. Eftir fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar 1925 er kostnaður við lögregluna talinn kr. 71.536. En svo kemur þar að auki fatnaður og ýmislegt annað, og er það áætlað 17 þús. kr. Er þá fjarri sanni, að áætla 100 þús. kr. til 100 manna sveitar, sem hefir launaðan forstjóra eða hershöfðingja, árlega þóknun handa æfingamönnum og eitthvað handa undirliðsforingjum?

Ef við nú tökum slökkvilið Reykjavíkur, þá er kostnaðurinn þar heldur ekki svo lítill, eða um 36 þús. kr. til hinna 9 föstu slökkviliðsmanna. Svo er 50 manna sveit þar að auki og hún fær 8000 kr. Þetta verða samtals 44 þús. kr. Jeg tek þetta aðeins sem dæmi. Það getur vel verið, að kostnaður við varalögregluna verði ekki meiri en 100 þús. kr. En maður veit aldrei upp á hverju Íhaldsstjórnin kann að finna. Það gæti vel verið, að hún, fyrir tildursakir, fyndi upp á því að raða þeim, þessum fallega búnu hermönnum, fyrir framan stjórnarráðið, í hvert sinn er ráðherrarnir koma þangað eða fara það-

an. Og þótt kaup þessara manna yrði ekki meira en 6 kr. á klukkustund, og í það er auðvitað ekki horfandi, þá mundi það samt draga sig saman. Og ef háttsettur útlendingur kemur hingað, þá mundi sjálfsagt að hafa „hersýningu“, til þess að sýna veldi og makt stjórnarinnar!

Það er, sem sagt, ekki fyrirsjáanlegt, hvað kostnaðurinn muni verða mikill, en mikill verður hann. Og það, sem jeg nú hefi talað um, er aðeins aukageta.

Þá hefir nokkuð verið um það rætt, hvort þörf sje á að samþ. frv. og í hvaða skyni það er fram borið. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. forsrh. (JM) eða hv. þm. V.-Sk. (JK) að fara í kringum það, eins og köttur í kringum heitt soð, að frv. þetta er borið fram í ákveðnu skyni, enda kom hæstv. forsrh. (JM) með dæmi um það við 1. umr. málsins, hvenær þessarar varalögreglu væri þörf, og sagði, að það væri þá, er verkamannadeilur yrðu. Hv. frsm. minnihl. (JK), sem hefir verið fulltrúi lögreglustjóra hjer, hefir ekki mótmælt þessu, en á hinn bóginn hefir hann ásakað menn fyrir það, að hafa minst á, að þessi varalögregla sje stofnuð gegn verkamönnum. Og þó veit hann, að málið er þannig flutt og varið í blöðum Íhaldsins. En þótt hv. þm. V.-Sk. (JK) segi, að það sje vantraust á Alþýðuflokknum, að ætla það, að hann verði fyrir barðinu á varalögreglumni, þá er því til að svara, að það er ekki Alþýðuflokkurinn, sem búið hefir út frv. þetta, sem er beint gegn verkamönnum, samkvæmt játningu hæstv. stjórnar.

Það er svo með útbúning þessarar lögreglu, að stjórnin á sjálf að ákveða, hvaða tæki hún á að nota, og það á að vera algerlega á valdi stjórnarinnar, og þó að hæstv. ráðherra (JM) segi, að hún eigi að vera búin eins og lögregluþjónar á Norðurlöndum, og hv. þm. V.-Sk. (JK) segi, að hún eigi að hafa kylfur, þá er það dálítið óákveðið, og mótsögn á milli hv. frsm. minnihl. (JK) og hæstv. ráðherra (JM), því að hæstv. forsrh. hefir altaf haldið sjer við það, að þeir eigi að hafa sama útbúnað og lögregluþjónar annarsstaðar á Norðurlöndum. En nú er það t. d. kunnugt, að í Svíþjóð eru lögregluþjónar útbúnir með sverð og pístólur, svo að menn sjá af þessu, að það er alls ekkert ákveðið um það, hvaða tæki þessi varalögregla á að hafa, og það eru miklu meiri líkur til, að farið verði í þá áttina, sem hæstv. forsrh. (JM) talar um, heldur en þá, sem hv. þm. V.-Sk. (JK) í sakleysi sínu heldur fram.

Þá hefir verið gerð allákveðin breyting á frv., sú, að nú er aðeins miðað við 100 manna sveit í Reykjavík, í stað þess, að í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir, að þeir karlmenn, sem eru fullra 20 ára að aldri, en ekki yfir fimtugt, sjeu skyldir að ganga í liðið. Þetta er allmikil breyting, og ef miðað er við alla kaupstaðina, þá verða það þó ekki nema 150—160 manns. En jeg álít þetta þó hreint ekkert betra, heldur jafnvel skaðlegra, því að með því að tína til 100 manns, sem stjórnin fyrst velur sjer foringja fyrir — og hann velur hún auðvitað úr Íhaldsherbúðunum — og síðan velur hann þessa menn, náttúrlega með ráði stjórnarinnar, og auðvitað verður þannig í málið farið, að hann og stjórnin velja þá eina menn, sem full vissa er fyrir, að sjeu henni „pólitískt“ hollir. Og það er enginn vafi á því, að með þessu gæti Íhaldsstjórnin komið 100 af sínum bestu „agitatorum“ á föst laun,

og jeg efast ekki um, að hún muni gera það, þegar það er svo beinlínis lagt upp í hendurnar á henni. (**Atvrh. MG:** Margur ætlar mann af sjer.) Jeg hefi ekki farið fram á það, að skipa 100 manna flokk til þess að vera „agitatora" fyrir jafnaðarmannaflokkinn.

Það hefir nú verið sagt svo mikið um þetta mál, bæði af hv. þm. V.-Sk. (JK) og hæstv. forsrh. (JM), sem hefir farið þeim orðum um það, að þessi varalögregla yrði að vera til taks, því að ef hún er ekki altaf til taks, þá er hún þýðingarlaus, og þessvegna væri það einnig þýðingarlaust, að skipa sjómönnum í varalögregluna, þeir væri kanske á togurum á vetrum, en færi svo kanske í síld á sumrum eða austur á Austfirði. Þeir yrði því ekki til taks á sumrin, til þess að skakka óeirðir, eða bæla niður uppreistir, eða hvað það nú er, sem Íhaldsliðið hugsar sjer. Það er því eðlilega óhugsandi, að teknir yrði aðrir menn en þeir, sem hjer væri staddir árið um kring. Það yrði þá heldur ekki verkamenn, því að þeir fara til verstöðva og stundum í kaupavinnu. Það er því gefið, að það yrðu helst verslunarmenn, sem valdir yrðu, og þá yrði einkanlega valið með tilliti til þess, að þeir væri hliðhollir Íhaldinu. Þá hefir Íhaldsstjórnin fengið sjer þarna lífvörð, sæmilega vel vopnaðan, og þá getur vel verið, að henni takist að halda sjer talsvert lengur uppi með þessu. Nei, jeg álít, að þetta sje jafnvel skaðlegra heldur en það, sem ákveðið er í stjfrv., að það sje farið þannig að, að velja þessa lögreglu, heldur en að valið sje af handhófi, ef svo má að orði komast, því að náttúrlega mundi Íhaldsstjórnin fara alveg eins að, þótt stjfrv. yrði samþ. En það er þó ekki alveg eins greinilega bent til þessarar aðferðar í því, eins og í brtt. — Þá er þessi 10 manna sveit í kaupstöðunum. Auðvitað yrðu það að vera menn, sem altaf væri þar til taks, það yrði sjálfsagt að launa þá, og það svo ríflega, að það gæti bætt þeim upp þá atvinnu, sem þeir gæti mist við það, að mega ekki fara burt og leita hennar annarsstaðar. Það yrði að bæta þeim það upp, með því að láta þá hafa svo ríflega þóknun, að það yrði ekki fjarri sanni, sem hv. frsm. meirihl. (BSt) stakk upp á, að það yrðu um 1000 kr. á mann.

Eins og þetta mál er í pottinn búið, eins og það alt er hugsað hjá stjórninni og hún lýsti því í upphafi, þá imynda jeg mjer helst, að það fengist enginn almennilegur maður til að ganga í þessa lögreglu, og að hún yrði að velja úr sínu nánasta liði til þess.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á það, að þær till., sem hv. minnihl. nefndarinnar hefir komið fram með, eru ekki að neinu leyti til bóta á frv., heldur miklu fremur til hins verra, og hvergi er sagt í nál. minnihl., ræðu frsm. minnihl. (JK) eða brtt. minnihl. neitt, sem geri nokkrar ákveðnar takmarkanir gagnvart kostnaði. Það er tvent í frv., sem er ákveðið, að það geti ekki orðið nema 100 manna sveit í Reykjavík, og svo að ríkissjóður eigi að borga brúsann. Alt þar í milli er svo óákveðið sem mest má verða.

Jeg ætla ekki að fara út í hin ýmsu ummæli hv. frsm. minnihl. (JK). Það mun hv. frsm. meirihl. (BSt) gera, ef honum þykir þörf á. En jeg vildi víkja að einu atriði, sem allir segjast vera sammála um, og eru það auðvitað. Það er það, sem hv. frsm. meirihl. (BSt) rjettilega sagði, að allir væri sammála um, það, að halda uppi lögum og rjetti

í landinu. Það vilja allir, en það er aðeins þetta, að það verði ekki gert af hlutdrægni, að einum verði leyft það, sem öðrum er hegnt fyrir, og að fylgismönnum stjórnarinnar verði ekki látið haldast uppi allskonar lagabrot og athugavert framferði, sem öðrum er ekki leyft, og að ekki verði gengið á sjerstakan flokk manna, því að með þessu frv. hefir stjórnin algerlega beinst að sjómönnum og verkamönnum í landinu. Það er helst á henni að heyra, að þetta sje gert til þess að halda þessum stjettum niðri. Það er hvergi hægt að fá aðrar ástæður, og það er einmitt þetta, sem hlýtur að gera þetta mál að því stórmáli, sem það nú er orðið, auk þess sem hjer er um algerlega stefnubreyting í löggjöfinni að ræða. Og það er algerlega óverjandi að ráða því til lykta, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði, því að það er fullkomin hervaldsstefna, sem stjórnin hjer hneigist að, og því álít jeg það algerlega óviðeigandi, að ráða því til lykta, án þess að þjóðin fái að segja álit sitt um það. Það er jafnvel minna um það mál vert, sem var hjer á döfinni fyr á árum, þegnskylduvinnuna; en það þótti þó ekki rjett, að ráða því máli til lykta, án þess að bera það undir þjóðaratkvæði, og þá var það, eins og kunnugt er, steindrepið. En úr því að mönnum þótti svo mikils um það vert, þá sje jeg ekki betur, ef þessu máli verður haldið áfram, en að það sje sjálfsögð skylda að vísa því til almennrar atkvæðagreiðslu, og það er það, sem stjórnin hefði átt að gera, þegar hún kom með þetta frv. Hún hefði átt að segja, að hún vildi gjarnan fá lögregluna aukna, leggja svo þetta frv. fyrir þingið og láta þess getið um leið, að hún teldi rjett, að bera það síðan undir þjóðaratkvæði. Það hefði verið skynsamlegt, en ekki þessi aðferð, að ætla sjer með flokksofbedli að þrengja því nú í gegnum þingið.

Forsætisráðherra (JM): Jeg stend ekki upp til annars en að segja það, að jeg sje ekki ástæðu til þess að fara að ræða þetta mál alment aftur hjer í þessari hv. deild. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir ekki sagt neitt annað í í þetta skifti en það, sem hann sagði við 1. umr. og eins á almennum fundi hjer í bænum, sem við þá töluðumst dálitið við um málið á. Og vitanlega er ekki neitt nýtt atriði komið hjer fram. Hv. þm. (JBald) hefir aðeins lagt dálitið meiri áherslu á, að það væri algerlega óverjandi af stjórninni að koma með svo víðtæka heimild til að stofna þennan mikla her, það væri svo algerlega óviðeigandi, en þó væri það svo miklu verra, að hafa mennina svo fáa, það tæki þó út yfir alt. Þetta er talandi dæmi um röksemdafærslu hv. þm. (JBald) í þessu máli, fyrir utan það, sem hv. þm. (JBald) hefir verið að reyna að vera dálitið fyndinn, eins og þegar hann var að tala um það, að hafa þessa lögreglu til viðhafnar. Annars leiðir þessi ræða hv. þm. (JBald) mann til að álíta það, að hann tali hjer dálitið utangarna, að hann meini þetta ekki sjálfur. Hv. þm. (JBald) er sjálfsagt ekki eins hræddur við þetta frv. eins og hann lætur í veðri vaka, heldur munu það vera þeir menn, sem hann telur sína stuðningsmenn, því að hv. þm. er sjálfur mjög rólegur, þegar hann skoðar þetta mál frá sínu sjónarmiði; öll ræða hv. þm. bendir á þetta; það komu aðeins innan um orð, sem ekki komu frá honum sjálfum. Samt verð jeg að viður-

kenna það, að hv. þm. (JBald) kom þó meira inn á málið heldur en hv. frsm. meirihl. (BSt).

Það hefir verið margrætt við fyrri umr. þessa máls, sem hjer var aftur farið að tala um, að þessir búningar eigi að vera svo óskaplega dýrir, og jeg tók einmitt við 1. umr. kostnaðinn svo ríflega til, að jeg þóttist alveg viss um, að það væri ómögulegt að segja, að jeg væri að fela nokkuð. Jeg get sagt hv. þm. það, að það er hægt að fá einkennisbúning fyrir neðan 100 kr. Jeg man því miður ekki, hvað einkennisbúningar handa mönnum á „Þór" kostuðu, en jeg man, að það var fremur lítið. Það má fá sterk föt fyrir mjög lítið, ef haganlega er að farið, en búningarnir þó í alla staði sæmilegir.

Að öðru leyti man jeg ekki til, að jeg þyrfti að mótmæla neinu, sem sagt hefir verið. — Jú, það var eitt, sem hv. þm. (JBald) sagði, að jeg hefði verið píndur til þess að nefna dæmi úr sögunni, eins og Ólafsmálið. Hver skyldi hafa gert það? Máske hv. þm. (JBald), sem altaf hefir talað fremur linlega í þessu máli?

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Ríkisborgararjettur [stjfrv.].

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (stjfrv., A. 169).

Á 33. fundi í Nd., laugardaginn 14. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri ráð fyrir, að þetta frv. beri með sjer alt, sem nauðsynlegt er um það að segja. Það er tekið fram í aths., hvaða skýrslur hafi borist með umsóknunum. Jeg fyrir mitt leyti hygg ekkert athugavert við að veita rjettindin þeim mönnum, er þar um ræðir. Fleiri umsóknir hafa komið, og væri kanske ástæða til að taka sumar þeirra til greina. En það skilyrði, sem mjer fanst ekki fyllilega nógu ljóst, að uppfylt væri, var búsetuskilyrðið.

Jeg legg til, að málí þessu verði vísað til allsherjarnefndar.

Klemens Jónsson: Hæstv. forsrh. gat þess, að fleiri umsóknir hefðu komið fram um ríkisborgararjett en þær, sem í frv. eru nefndar, en ekki verið teknar til greina, vegna óvissu um búsetu umsækjenda. En á þá að leggja aðaláhersluna á búsetuna eina? Mjer finst, að ennfremur ætti það aðallega að koma til greina, hvort viðkomandi maður getur talað íslenska tungu sæmilega. Við höfum enn litla „praxis" í þessum málum, aðeins örfáir menn hafa fengið þessi rjettindi, og þeir kunna víst íslenska tungu. Í Danmörku er þess altaf getið, þegar svona mál eru lögð fyrir þingið, hvort viðkomandi kann dönsku, og það er gert að skilyrði þar, að hann kunni tunguna nokkurnvegin. Vildi jeg, að þetta yrði einnig gert að skilyrði hjer.

Jeg vil því beina þessu til allsherjarnefndar, með þeirri ósk, að hún athugi það vel, og vonast jeg til þess, að hún verði sammála um það, að aðalskiln-

ingur laganna eigi að vera sá, að veiting ríkisborgararjettar sje bundinn því skilyrði, að menn kunni tungu landsins.

Forsætisráðherra (JM): Það er rjett, að íslenskukunnáttu þarf, enda eru vottorð fyrir hendi þar um. Alt of strangir um kunnáttu í málinu ættum vjer þó ekki að vera, því að það er erfitt fyrir útlendinga flesta að læra það til fullnustu.

ATKVGR.:
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Úrskurðir í útsvarsmálum.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um úrskurði í útsvarsmálum o. fl. (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það hefir oft verið kvartað yfir því, að ekki væri að lögum hægt að áfrýja úrskurðum sýslunefnda og bæjarstjórna, um fjárhæð útsvara. Hefir þetta einkum þótt órjetttlát, þegar í hlut áttu kærendur, sem ekki áttu heimili í þeirri sýslu eða þeim kaupstað, er hinn endanlegi úrskurður var feldur í. Og því verður tæpast neitað, að finna má þess dæmi, að utansýslu- eða utankaupstaðamenn hafa orðið harðar úti í útsvarsálagningum en sanngjarnt var. Nokkurn þátt í þessu hefir það sjálfsagt átt, að ekki eru til skýr ákvæði í löggjöf vorri um það, á hvað dvalar- eða atvinnuhreppur má leggja og hvað heimilishreppur. Í lögum nr. 29, 19. júní 1922 eru að sönnu gefnar þær reglur um utanhreppsmenn, að útsvör þeirra skuli vera „hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn", en eins og allir sjá, er þetta harla ónákvæmt og erfitt viðfangs fyrir gjaldanda að sýna, hvort hann er órjetti beittur eða ekki, ekki síst þar sem niðurjöfnunin á að vera eftir efnum og ástæðum. Til þess að ráða bót á þessu, sje jeg ekki annað ráð betra, en að skifta tekjunum milli dvalar- eða atvinnusveitar og heimilissveitar og láta svo hlutaðeiganda greiða í hvoru eða hverju sveitarfjelagi eftir efnum og ástæðum af þeim tekjum og eignum, sem í hvors eða hvers hlut kemur, eftir reglum laganna.

Það er nú tilgangur þessa frv., að ráða bót á þessu, með því tvennu, að leyfa að skjóta útsvarskærum til atvinnumálaráðuneytisins, þegar utansýslu- eða utanbæjarmaður á í hlut, og að skifta útsvarsálagningarstofninum milli þeirra hreppa eða kaupstaða, sem að lögum eiga rjett til útsvarsálagningar. Hvernig skifta skuli, er vitaskuld álitamál, en þó virðist mjer einsætt, að heimilissveitin sje þar rjetthæst og eigi að bera mest frá borði.

Ennfremur vil jeg taka það fram, að mjer hefir ekki hugkvæmst annar betri og ódýrari dómstóll um útsvör þessi en atvinnumálaráðuneytið. Þar á að mega vænta þess, að málin fái sæmileg úrslit, og kostnaður af þeim mundi ekki

verða neinn að kalla. Hinsvegar hlyti kostnaður að vera því samfara, að setja upp sjerstakan dómstól til þess að úrskurða um þessi mál. Og hið sama mundi verða uppi á teningnum, ef t. d. ætti að fela þetta starf yfirskattanefnd Reykjavíkur, sem mjer einnig datt í hug.

Þess er ef til vill rjett að geta, að með frv. þessu, þótt að lögum verði, er í engu breytt takmörkunum milli framkvæmdavaldsins og dómsvaldsins í þessum málum. Dómstólar skera því framvegis, eins og hingað til, úr ágreiningi um útsvarsskyldu einstaklinga, fjelaga eða stofnana.

Þetta mál mun, eftir eðli sínu, heyra undir allsherjarnefnd, og legg jeg til, að því verði til hennar vísað, að lokinni þessari umræðu.

Ingvar Pálmason: Jeg geri ráð fyrir, að það sje rjett hjá hæstv. atvrh. (MG), að þörf sje slíkrar lagasetningar sem þeirrar, er frv. þetta gerir ráð fyrir. En hinsvegar finst mjer þó hlýða, að gera nú þegar við það nokkrar athugasemdir. Er þá fyrst, að jeg hefði talið rjettara, að frv. þetta hjeti breyting á sveitarstjórnarlögunum, því að jeg lít svo á, að það feli í sjer að nokkru leyti breyting á þeim. Vil jeg því benda háttv. nefnd á, hvort ekki sje rjett að athuga þetta.

Jafnframt vil jeg benda á, að jeg tel ýmsar aðrar breytingar á sveitarstjórnarlögunum fulteins nauðsynlegar og þær, er frv. þetta fer fram á, og því til staðfestu vil jeg minna á, að fyrir tveimur síðustu þingum hafa legið breytingar á lögum þessum, um að breyta reikningsári sveitarsjóðanna úr fardagaárinu í almanaksárið. Þörfin fyrir þessa breytingu er hin sama ennþá, og er sannarlega miklu meiri en nauðsyn þeirrar breytingar, sem frv. þetta hefir í sjer fólgnar, og má í þessu sambandi minna á afdrif þessa máls á síðasta þingi. Komst allshn. þessarar háttv. deildar þá að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til, að taka sveitarstjórnarlögin til gagngerðrar endurskoðunar, og óumflýjanlegt væri að gera á þeim margar breytingar, og einmitt með þeim forsendum var málinu vísað til stjórnarinnar. Vil jeg því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort eigi sje von frá henni á neinu frekara í þessa átt en frv. því, er hjer liggur fyrir. Sje nú svo, að einskis þurfi að vænta frekar frá henni í þessu máli, vil jeg skjóta því til nefndar þeirrar, er málið fær til meðferðar, hvort ekki myndi tækilegt að gera fleiri og víðtækari breytingar á sveitarstjórnarlögunum en þær, er felast í frv. stjórnarinnar.

Jeg mun nú greiða atkv. með frv. þessu til 2. umræðu, þrátt fyrir það, þó jeg hafi töluvert að athuga við ýmsar greinar þess, sem jeg mun ekki taka fram nú.

Annars er það orðið býsna alvarlegt mál, hve mjög sveitarstjórnarlögin eru að mörgu leyti orðin úrelt, og þvínær ónothæf fyrir ýmsa hreppa, þó sjerstaklega sje það þó fyrir kauptún, sem eru sjerstök hreppsfjelög og hafa yfir 500 íbúa.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á ræðu hv. 2. þm. S.-M. (IP), að það væri ekki þetta frv., sem hann væri óánægður með, heldur það, að sveitarstjórnarlögin skyldu ekki hafa verið tekin til endurskoðunar í heild. En til þess sá stjórnin ekki ástæðu að

þessu sinni, þar sem henni hafa ekki borist aðfinslur í þá átt, nema þá helst viðvíkjandi reikningsárinu. En þær umkvartanir eru reyndar ekki nýjar. Og er álits sýslunefnda var leitað um það, hvort þær kysu breytingu á því sviði, urðu svörin svo mjög á tvo vegu, að ekki þótti fært að breyta þessu atriði í samræmi við þau. Sumar voru ánægðar með ástandið eins og það er, aðrar ekki. Um niðurjöfnunartímann er það að segja, að hann kann að vísu að vera óheppilegur, en þar sem engin kvörtun hefir þó komið fram um það, hefir stjórnin ekki borið fram neina tillögu til breytinga. — Um fyrirsögn frv. get jeg alls ekki verið hv. 2. þm. S.-M. (IP) sammála. Það er ekki hægt að kalla þetta breytingu á sveitarstjórnarlögunum, þar sem frv. breytir jafnframt löggjöf kaupstaða, sem er alveg sjerstök. — Jeg sje að vísu ekkert við það að athuga, þótt fleiri breytingum verði bætt við sveitarstjórnarlögin. En þau voru þó á sínum tíma svo vel undirbúin og samin, að mjer þykir líklegt, að þótt þau yrðu tekin til fullkominnar endurskoðunar, að breytingarnar yrðu ekki eins miklar og sumir ætla.

Ingvar Pálmason: Mjer fanst jeg fullkomlega skilja það á hæstv. atvrh. (MG), að ekki væri að vænta þess, að stjórnin kæmi fram að þessu sinni með neinar tillögur til breytinga á sveitarstjórnarlögunum. Önnur ástæðan, sem hann færði fram til afsökunar, var sú, að þegar álits sýslunefnda hefði verið leitað um eitt atriði í þeim, reikningsárið, hefðu svörin verið svo misjöfn, að ekki hefði þótt fært að taka þau til greina. Hin ástæðan var sú, að sveitarstjórnarlögin hefðu verið svo vel úr garði gerð á sínum tíma, að ekki væri enn nein ástæða til breytinga.

Síðan að þessi lög voru sett, eru nú tuttugu ár liðin. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hversu miklar breytingar hafa orðið í atvinnulífi voru á þessum tíma, svo að engin furða er, þótt lög þessi sjeu úrelt orðin, enda eru nægar sannanir fyrir því, einkum þó í kauptúnum. Í sveitum hafa allar breytingar farið hægara, og þar kunna því lög þessi að eiga fremur við, en þó alls ekki fullkomlega. Það er því engin ástæða, þótt lögin hafi verið góð á sínum tíma, fyrir tuttugu árum.

Þá vil jeg víkja aftur örfáum orðum að fyrri ástæðunni. Hefir álits sýslunefnda verið leitað um þetta frv., sem hjer liggur fyrir? Jeg veit það ekki, en fróðlegt væri að fá vitneskju um það. Hvað fyrirsögn frv. snertir, sný jeg ekki aftur með það, að þetta er breyting á sveitarstjórnarlögunum, enda þótt það kunni að breyta löggjöf kaupstaða líka. Jeg hygg, að það geti og mjög orkað tvímælis, hve heppilegt sje að blanda almennum lögum og löggjöf kaupstaða saman við sveitarstjórnarlögin. En þó er það ekki aðalatriðið fyrir mjer í þessu efni, heldur hitt, að þessi breyting, er frv. fer fram á, sje látin sitja fyrir öðrum mikilsverðari og nauðsynlegri breytingum. Í fyrra lágu fyrir þinginu mikilvægar tillögur til breytinga, svo að það er ekki alveg út í loftið, að krefjast þeirra nú. Jeg geri því ráð fyrir, að jeg muni síðar á þessu þingi flytja frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögunum, þar sem jeg sje, að stjórnin muni láta það undir höfuð leggjast. Hitt mundi jeg vera henni þakklátur fyrir, ef hún skipaði í málið milliþinganefnd, sem tæki það til rækilegrar yfirvegunar. — En

sú ástæða stjórnarinnar, að lögin hljóti að vera góð enn í dag, af því að þau voru það fyrir tuttugu árum, er svo lítils virði, að ekki tjáir um að tala.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer heyrðist á hv. 2. þm. S.-M. (IP), að hann legði lítið upp úr þeirri viðleitni, að leita álits sýslunefnda um þetta mál. Honum mun þó vera kunnugt, að í sýslunefndum eiga sæti fulltrúar allra hreppa, sem sveitarstjórnarlögin eru einmitt sett fyrir. Hitt er satt, að álits sýslunefnda hefir ekki verið leitað um frv. það, er hjer liggur fyrir, enda er hjer um fyrirkomulagsatriði að ræða, sem sýslunefndir þurfa ekki endilega að dæma um. — Jeg skal ekkert segja um frv. það, sem hv. þm. ætlar að flytja í þessa átt, en hinu mótmæli jeg, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, verði innlimað í það. Annars skil jeg ekki í því, hvað hv. þm. hefir á móti því, að reynt sje að samræma lög sveita og kaupstaða, og hversvegna hann vill hafa mörg lög, þar sem ein geta gilt. Það mun a. m. k. vera álit flestra, að heppilegast sje, að sömu lög gildi alstaðar innan hvers þjóðfjelags, þar sem hægt er að koma því við.

Jóhann Jósefsson: Jeg er þakklátur stjórninni fyrir það, að þetta frv. er fram komið, til þess að tryggja mönnum rjettlátan úrskurð í útsvarsmálum, en það eina sem jeg finn að því, er það, að það gengur ekki nógu langt í því efni. Útsvör manna nema nú orðið svo háum upphæðum, að hætt er við að þau verði jafnan ærið ágreiningsefni. Vjer vitum, að í framkvæmdinni er aldrei hægt að jafna alveg rjett niður, en það verður að gera eins rjett og hægt er. Spor í þessa átt eru ákvæði frv. En það er að mínu áliti ekki nógu langt gengið, því að hjer er aðeins átt við þá, sem lögheimili eiga utan þess hrepps- eða bæjarfjelags, sem þeir eru útsvarsskyldir í, í stað þess, að ákvæðið um málskot þetta ætti að ná til allra, utan hrepps og innan. — Jeg hefi heyrt eftir skilríkum mönnum, að það hafi komið fyrir, að bæjarstjórnir hafi samið við stóra atvinnurekendur á þann hátt, að útsvar þeirra skyldi ekki fara fram úr ákveðinni upphæð. Sje þetta satt, hlýtur sá mismunur, er fram kemur við þetta, að lenda á öðrum. Jeg vildi því mælast til, að nefnd sú, er fær þetta mál til meðferðar, láti yfirskotsákvæðið gilda um öll þau útsvör, er kærð eru, og samkomulag fæst ekki um í hjeraði, hvort sem utan- eða innanhreppsmenn eiga í hlut.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af ræðu hv. þm. Vestm. (JJós) skal jeg geta þess, að stjórnin hugsaði einmitt töluvert um þetta atriði. En ástæðan til þess, að hún sá sjer ekki fært að láta málskotsákvæðið ná til allra, var sú, að hún áleit, að afarmikið starf myndi af því leiða, og auk þess eiga innanhreppsmenn sjer venjulega betri og kunnugri málsvara í hreppsnefndum en hinir. Þetta má ekki skilja svo, að jeg sje andstæður skoðun hv. þm. Vestm. (JJós) í þessu máli, en ef hún næði fram að ganga, álít jeg, að það geti verið skoðunarmál, hvort atvinnumálaráðuneytið ætti að hafa úrskurðarvaldið. — Jeg skal geta þess, að jeg hefi einnig heyrt getið um þá samninga hreppsnefnda eða bæjarstjórna við einstaka atvinnurekendur, er hv. þm. Vestm. (JJós) talaði um, en vart þarf að taka það fram,

að slíkir samningar eru með öllu ólöglegir og því ógildir, ef á herðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Hegningarlög.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á almennum hegningarlögum 25. júní 1869 og viðauka við þau (stjfr., A. 14).

Á 4. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get látið mjer nægja að vísa til greinargerðarinnar, hvað snertir þetta frv. Það á langa sögu. Þess hefir verið óskað þing eftir þing, að slík breyting á hegningarlögunum yrði gerð, en það hefir dregist að bera hana fram, meðfram vegna þess að það hefir legið í loftinu, að gerð yrði gagngerð breyting á öllum hegningarlögunum. Það er nokkuð langt síðan Þjóðverjar og Norðmenn endurskoðuðu sína hegningarlöggjöf, og nú mun það vera á döfinni í Danmörku. En slík endurskoðun tekur langan tíma, og jeg vona, að mönnum þyki betra en ekki að fá þennan kafla. A. m. k. er ekki óþarft að fá hjer ákvæði um okur og fjárglæfraspil. Vænti jeg, að hv. deild taki frv. vel og vísi því til allshn., að lokinni þessari umr.

Jónas Jónsson: Jeg vildi í fám orðum heyra álit hæstv. forsrh. (JM) á því, hvernig horfi með almenna endurskoðun hegningarlaganna. Það má vera öllum ljóst, að brýn þörf er á því, að fá endurbót á hegningarlögunum. Þau eru nú að mörgu leyti úrelt orðin og eru þar að auki, eins og hæstv. forsrh. (JM) veit, bygð á alt annari lífsskoðun, alt öðrum heimspekilegum siðferðishugmyndum en nú tíðkast, sem sje þeim, að hið illa sje mönnum sjálfrátt og beri því að hegna fyrir afbrotin, í stað þess, að reyna að bæta þá, sem brotlegir verða. Nú vil jeg spyrja hæstv. forsrh., hvort hann treysti sjer ekki að leggja fram á næstu þingum — því hugsanlegt er, að hann haldi áfram að vera dómsmálaráðherra enn um hríð — gagngerða endurbót á hegningarlögunum, í samræmi við nýrri og betri þekkingu á sálarlífi manna, í samræmi við umbætur, sem nú er farið að gera í ýmsum mentalöndum, þar sem brotlegir menn eru teknir út úr óhollum fjelagsskap, látnir vinna holla og gagnlega vinnu og á annan hátt reynt að bæta lífsvenjur þeirra. Í stuttu máli: hegningarhúsunum er þar breytt í betrunarhús, í stað þess að það er siður hjá okkur að hefnast á sökudólgunum, án þess að bæta þá.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal ekkert um það segja, hvort mögulegt muni vera fyrir nokkra stjórn eða nefnd, að bera fram till. um gagngerðar breytingar á hegningarlögunum fyrir næsta þing. Það er atriði, sem þarf nákvæmrar athugunar.

Hinsvegar erum við hv. 5. landsk. (JJ) og jeg sammála um það, að hegningarhúsinu hjer þurfi margra hluta

vegna að breyta; og því má breyta, án þess að lögunum sje breytt jafnhliða. Það er eflaust þörf á því, að byggja nýtt hegningarhús, sem jeg, eins og hv. 5. landsk. (JJ), tel heppilegast, að reist verði í sveit, þar sem gefa mætti föngunum kost á að vinna sveitavinnu. En slíkt hegningarhús mundi vitanlega kosta mikið fje.

Þetta atriði, og önnur, sem standa í sambandi við frv. þetta, er jeg fús til að ræða við væntanlega nefnd.

Við þessa umr. get jeg enn bent á það, að þegar til kemur, að við gerum gagngerðar breytingar á hegningarlögum okkar, þá verður það verk vandaminna sakir þess, að við getum notið margra fyrirmynda, sem flestar hníga í svipaða átt, þó að þar gæti áhrifa ýmissa annara refsirjettarfræðinga en Lombrosós.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Stundafjöldi kennara við ríkisskólana.

Á 1. fundi í Ed., laugardaginn 7. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana (stjfrv., A. 18).

Á 5. fundi í Ed., fimtudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get algerlega látið mjer nægja að vísa til athugasemda þeirra, er frv. þessu fylgja. Það hefir að vísu verið sagt, að breytingum þeim, sem frv. fer fram á, hefði eins vel mátt koma á með reglugerð. Jeg hefi þó álitið betra og rjettara að gera það með lögum, eins og gert hefir verið í nálægum löndum.

Þetta, sem krafist er með frv. þessu af kennurum ríkisskólanna, er ekki eins mikið og t. d. við samskonar skóla í Danmörku, þegar tillit er til þess tekið, að skólaárið er þar lengra. Í sjálfu sjer er hjer ekki um neitt stórmál að ræða, en auðsætt er, að með þessum breytingum er þó hægt að spara dálitið.

Það má vel vera, að færa mætti aldurstakmark kennara, sem full stundatala er ætluð, úr 60 árum niður í 55 ár. Þetta og því um líkt vænti jeg að hv. mentmn. — því að til hennar mun frv. fara — athugi nánar og afgreiði það síðan sem líkast eða í líku formi og það er nú.

Jónas Jónsson: Jeg vil leyfa mjer nú þegar við 1. umr. að benda hæstv. mentamálaráðherra (JM) á smáagnúa, sem eru á þessu frv. hans.

Það er þá fyrst, að strax í athugasemdunum er ranglega skýrt frá kenslustundafjölda við kennaraskólann, og skakkar þar þremur stundum á viku. Við kennaraskólann hefir stundafjöldi kennaranna verið 27, en ekki 24, á viku. Þetta er að vísu ekki stór villa, en bendir þó til þess, að þeir, sem frv. hafa samið, hafi ekki verið nægilega kunnugir, og svo gæti verið um fleiri atriði, þegar farið verður að athuga málið betur.

Þá vil jeg einnig benda á, að þrátt

fyrir það, þó að ýmislegt í frv. þessu geti talist til bóta, þá er það þó verulegur agnúi á framkvæmdum þess, hvað flestir kennarar ríkisskólanna eru illa launaðir. T. d. er það kunnugt um flesta kennarana, sem í kaupstöðum búa, að þeir lifa ekki af þeim föstu launum, sem ríkið skamtar þeim. Mjer er m. a. kunnugt, að einn mentaskólakennarinn hefir orðið að kenna 10 stundir á dag til þess að sjá sjer og sínum farborða. Það er eins og hæstv. forsrh. (JM) viti ekki þetta, sem allir aðrir vita, að kennarar mentaskólans og fleiri skóla verða að lifa á snöpum, til þess að fara ekki á vonarvöl.

Jeg gæti fallist á sumt í frv. þessu, en eins og það er nú, álít jeg, að það geti ekki komið til framkvæmda. Það verður fyrst að bæta launakjör kennaranna, áður en starf þeirra er aukið. Með sömu launakjörum verða þeir að lifa á snöpum eftir sem áður, og afleiðingin verður sú, að kensla þeirra hlýtur að lenda meira og minna í handaskolum.

Forsætisráðherra (JM): Það má vera, að það sje rjett hjá hv. 5. landsk. (JJ), að kenslustundafjölda við kennaraskólann mætti telja 27 stundir á viku, ef tekið væri tillit til stílaleiðrjettinga. En þannig hefir ekki verið talið, nje er talið í mentaskólanum. En við hann er, eins og rjett er, miðað í frv.

Jeg ljet þess getið, að jeg teldi ekki of mikið að setja kenslustundafjöldann þar 30 á viku, og hafði skólastjóri aðeins það að athuga, að sjer sýndist ekki sanngjarnt að ákveða stundafjöldann svo háan, nema sama væri gert við hliðstæða skóla, t. d. gagnfræðaskólann á Akureyri. Kenni kennarar kennaraskólans nú 27 stundir, er viðbótin ekki mikil, svo að þessi agnúi, sem hv. 5. landsk. (JJ) var að tala um, virðist mjer æði smávaxinn. En það er satt, að þessi viðbótarkensla getur ef til vill haft dálítil áhrif á laun þeirra kennara, sem hafa aukatíma við skólann framyfir skyldukenslu. En þá er þess að gæta, að flestir þessir kennarar eru síst ver launaðir heldur en aðrir embættismenn þjóðarinnar, t. d. hafa kennarar Akureyrarskólans langt sumarfrí og gætu eflaust aukið tekjur sínar þann tíma með ýmsu móti.

Jeg get ekki fallist á, að frv. þetta sje á neinn hátt ósanngjarnt í garð kennaranna, en á hitt skal jeg fallast með hv. 5. landsk. (JJ), að nauðsyn beri til að bæta launakjör allra starfsmanna landsins yfirleitt. Jeg hefi ekki heyrt hann halda slíku fram áður, en gott að eiga von á stuðningi frá honum, er farið verður fram á bætt kjör starfsmanna ríkisins.

Jónas Jónsson: Þó að frv. þetta verði að líkindum rætt all-ítarlega síðar, þykir mjer þó hlýða að bæta nokkru við það, er jeg sagði áðan.

Hæstv. forsrh. (JM) finst það ekki stórt, sem um er deilt, en honum eða flokki hans skilst það ekki, að með nokkurra króna sparnaði er verið að spilla kenslunni við þessa ríkisskóla, sem frv. nefnir. Ef til vill er þetta frv. komið frá sparnaðarnefndinni. **(Forsrh. JM:** Nei, alls ekki.) Jæja, annars hefði maður getað freistast til að trúa því um hæstv. forsrh., að hann hefði ekki kynt sjer nægilega alla málavexti.

Frv. er alls ekki óverulegt mál. Nái það fram að ganga í því formi, sem það er nú, getur afleiðingin orðið sú, að ríkisstjórnin fái alla tungumálakennara

skólanna til að gera gagnsókn. Það er áreiðanlega meiri vandi en hæstv. forsrh. vill vera láta, að gera upp á milli hinna ýmsu kennara skólanna. Og hæpið sjálfsagt að meta t. d. leiðrjettingu 50 stíla á dag móti 2—3 stundum á viku. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að tungumálakennarar eru útþrælkaðir af stílaleiðrjettingum og verða að leggja á sig langtum meira starf en flestir aðrir kennarar, nema það sje tilgangur frv., að þeir kasti einhvernvegin höndum til starfsins; þá er vitanlega alt öðru máli að gegna.

Jeg er ekki frá því, að hæstv. forsrh. (JM) hafi heyrt ræðu mína áðan á líkan hátt og sagt er að viss persóna lesi bibliuna. Honum er víst kunnug stefna sú, er jeg fylgi í launamálinu, enda veit jeg ekki betur en við sjeum þar á öndverðum meið. Jeg viðurkenni að vísu, að laun embættismanna sjeu of lág, miðað við afkomu þeirra. En jeg vil fækka embættismönnum þjóðarinnar til muna, láta rannsaka sem best alt í sambandi við starfsmannahald ríkisins, og hækka þá laun þeirra embættismanna, sem rannsókn þessi leiðir í ljós, að við getum ekki án verið.

Annars skilst mjer, að hæstv. forsrh. (JM) standi æðihöllum fæti, að fara nú að ræða um launamálið, á meðan sparnaðarnefndin, sem þessi hv. deild ákvað, að skipuð yrði, hefir lítið sem ekkert rannsakað starfsmannahald þjóðarinnar. Það var þó tekið skýrt fram í þál., að nefndin skyldi rannsaka launamálið og starfsmannahaldið, og einmitt á þeim grundvelli, er jeg hafði haldið fram, bæði fyr og síðar. En bæði er nú það, að hæstv. forsrh. hraðaði því ekki svo mjög að skipa nefndina, enda að líkindum ekki rekið mjög á eftir að launamálið yrði afgreitt á þessu þingi, á þeim grundvelli, er jeg og samherjar mínir hafa haldið fram.

Forsætisráðherra (JM): Mjer skilst, að hv. 5. landsk. (JJ) tali hjer fremur sem umboðsmaður fyrir kennarastjettina en þingmaður. Jeg get ómögulega sjeð, að ósanngjarnt sje að krefjast af kennurum hjer að kenna hinn sama tíma og lögskipað er við samskonar skóla í nálægum löndum. Jeg man ekki eftir, þegar fjölgað var vinnutímum þeirra manna, er vinna í stjórnarráðinu, að loforð hafi verið gefin um að bæta launakjör þeirra. En þetta hefir verið gert þar, vinnutíminn hefir verið lengdur, en launin standa óbreytt.

Jeg legg enga áherslu á, hvað þingið gerir við frv. þetta. Það er sjálfrátt, hvort það fellir frv. Hinsvegar veit jeg, að um dálítinn sparnað verður að ræða, nái það fram að ganga í því formi, eða líku, sem það er nú. Mjer finst heldur ekki mikils krafist af forstöðumönnum skólanna, að skylda þá til að kenna 3 stundir á dag.

Já, jeg sje, að hv. 5. landsk. (JJ) er að biðja um orðið. Það er nú þegar búið að halda 5 ræður í þessu máli, sem jeg satt að segja hafði búist við, að færi orðalaust til 2. umr.

Forseti (HSt): Háttv. 5. landsk. hefir nú tekið tvisvar til máls. Hjer getur því aðeins verið um stutta athugasemd að ræða frá honum.

Jónas Jónsson: Jeg vildi skjóta því að hæstv. forsrh., að aðalstarf allra forstöðumanna, t. d. heimavistaskólanna,

er fólgið í því, að stjórna skólunum, og öll slík vinna getur verið tímafrek. Það er skiljanlegt, þó að hæstv. forsrh. geri sjer ekki grein fyrir þessu; hann hefir aldrei verið kennari, og því ókunnugur því margþætta starfi, sem skólastjórar heimavistaskólanna þurfa að inna af höndum. Þessvegna vil jeg ráðleggja honum að leita frekari upplýsinga í þessu efni, t. d. til hv. 6. landsk. (IHB).

Forsætisráðherra (JM): Jeg staðhæfi það, sem jeg sagði áður, að mikil kensla getur það ekki talist, þótt forstöðumenn skólanna kenni 3 stundir á dag. Það er ekki til neins að vera að segja mjer það.

Að jeg sje ókunnugur starfi skólastjóra heimavistaskólanna, neita jeg algerlega. Jeg er svo að segja uppalinn í heimavistaskóla og þekki mjög vel, hvernig þar hagar til. (**JJ:** En forsrh. hefir aldrei verið kennari, og því síður stjórnað slíkum skóla). Nei, en jeg þekki samt sem áður vel til þess starfs, er öll stjórn skólanna heimtar. Og einmitt á þessari minni reynslu byggi jeg það, að hjer er alls ekki krafist neins, sem er ósanngjarnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., föstudaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 227).

Frsm. (Jónas Jónsson): Mentmn. hefir orðið ásátt um, að þrátt fyrir það, þó að ýmislegt mælti með því, að lengdur yrði vinnutími sumra fastra kennara við ríkisskólana, þá mundi það varla gerandi, eins og sakir standa nú. Ætla jeg því að leiða rök að þessu fyrir nefndarinnar hönd. Er það þá fyrst þetta, sem bæði jeg og aðrir hafa bent á, að launakjör flestra kennaranna eru svo slæm, að til þess að geta sjeð sjer og sínum farborða, verða þeir að snapa sjer aukakenslu hingað og þangað. Þetta veit stjórnin. Þessvegna getur hún ekki ætlast til, að fjölgað sje kenslustundum kennaranna, nema að laun þeirra hækki jafnhliða, svo að þeir geta á þeim lifað.

Nefndin hefir spurst fyrir um þetta, og í nál. okkar er gerð all-ítarleg grein fyrir því, hvernig kennarar líta á þetta mál. Við höfum skrifað stofnunum allflestum og átt tal við bæði skólastjórana suma og ýmsa kennara, og er álit þeirra á eina lund, að vegna ónógra launa þurfi þeir að lifa á snöpum.

Við 1. umr. þessa máls benti jeg hæstv. forsrh. á, að hann mundi ekki skýra rjett frá kenslustundafjöldanum við kennaraskólann. Hjelt hann því fram, að stundafjöldi á viku væri 24, en jeg taldi mig betur vita og sagði hann vera að minsta kosti 27 stundir. Þessu hafa nú kennararnir svarað. Segja þeir í brjefi sínu, að þeir kenni 27 stundir á viku, en skólastjóri oftast um 24 stundir. Þetta er að vísu lítið atriði, en mjer fanst jeg verða að leiðrjetta ágreining þann, sem varð á milli mín og hæstv. forsrh. við 1. umr., enda sýnir þetta, að hæstv. kenslumálaráðherra er ekki eins vel að sjer og skyldi um vinnu þá, er fastir kennarar ríkisskólanna inna af höndum fyrir laun sín. Þeir geta þess líka, kennarar kennaraskólans, að laun sín sjeu mun lægri en starfsbræðra sinna í Noregi. Þó sje lægri stundafjöldi þar og dýrtíð miklu minni. Er því auð-

sætt, að hæpin eru rök hæstv. forsrh., er hann segir, að stundafjöldi sá, er innleiða á með frv., sje miðaður við það, sem alment tíðkast á Norðurlöndum.

Um vjelstjóraskólann ætla jeg ekki að fjölyrða, en læt mjer nægja að vísa til þess, er um hann stendur í nál.

Frá mentaskólanum hafa nefndinni borist einna ákveðnust mótmæli gegn frv. Segir rektor, að það sje 70 ára gömul venja, stundafjöldi sá, er nú tíðkast við skólann. Þó hafi stundum verið út af því brevtt í einstaka tilfellum og án þess að greiða aukaþóknun, en laun flestra kennaranna sjeu svo lág, að þeir verði að stunda aukakenslu. Þess er og líka gætandi, að við þennan skóla er svo mikið um heimaleiðrjettingar, t. d. tungumálakennaranna, að í „praxis" verður kenslustundafjöldi þeirra miklu hærri en talið er.

Um rektor sjálfan er það að segja, að nefndinni finst mjög ósanngjarnt, að maður í slíkri trúnaðarstöðu kenni meira en 3 stundir á dag, eða ráði því að minsta kosti sjálfur. Engum dettur í hug að skipa með lögum, hvað marga tíma t. d. ráðherrarnir skuli vinna á dag, en hjer er um álíka mikið trúnaðarstarf að ræða, að stjórna aðalmentastofnun þjóðarinnar.

Sem sagt, aðalrök nefndarinnar gegn frv. þessu eru launakjör kennaranna. Væru launin hækkuð svo, að fjölskyldumenn með þungt heimili geti af þeim lifað, getur nefndin fallist á að fjölga kenslustundunum eitthvað. En á meðan ekkert liggur fyrir um að bæta launin, á frv. þetta engan rjett á sjer.

Þá vildi jeg minnast á eitt atriði, sem slæðst hefir inn í frv., og hæstv. forsrh. ekki veitt eftirtekt. Það er um söngkennarann og leikfimiskennarann við mentaskólann, en þeim er gert að skyldu, samkv. frv., að kenna einni stundu meira á degi hverjum en öðrum kennurum. Þetta hlýtur að hafa komist vegna athugunarleysis eða vangár inn í frv., því að óhugsandi er, að þessir kennarar kenni lengri tíma en aðrir fastir kennarar.

Hvað leikfimiskennarann snertir, þá hefi jeg hjer í höndum brjef frá honum til mentamálanefndarinnar, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkrar glefsur úr því. Þar segir svo, meðal annars:

„Þegar jeg var ráðinn fastur kennari við mentaskólann og kennaraskólann, haustið 1919, átti jeg tal við forsætisráðherra Jón Magnússon. Sagði hann hiklaust, að mjer bæri ekki að kenna fleiri stundir á viku en öðrum föstum kennurum mentaskólans, og ef jeg kendi fleiri stundir vikulega en 24, bæri mjer aukagjald fyrir þær, eins og öðrum föstum kennurum. Fyrsta árið kendi jeg ekki nema 24 stundir á viku við skólana, en síðar meira, svo að í vetur kenni jeg 31 stund á vikunni."

Síðan útskýrir kennarinn þetta frekar og segir, að það hafi verið meira vegna hlýleika við skólann, að hann kendi meira en áskilið var.

Til þess nú að vita, hvað þingið hefði um þetta sagt, þá sló jeg upp í skjalaparti Alþt. fyrir árið 1919. Mjer var kunnugt um, að hjer var ekki um samþ lög að ræða, heldur um atriði, sem farið var með eins og hverja aðra lagaheimild. Þar stendur svo í nál. fjárveitinganefndar 1919, um 14. gr. B. II, C. 1.

„Nefndin ætlast til, að fimleikakennari mentaskólans hafi framvegis sömu laun sem aðrir kennarar í þeim skóla (upphæð þó ótiltekin), en hafi, auk

starfs síns þar leikfimiskenslu í kennaraskólanum og kenslu í líkamsfræði, enda kenni hann 24 stundir á viku sem aðrir fastir kennarar."

Og undir þetta skrifar öll nefndin eða þessir menn:

Pjetur Jónsson, Magnús Pjetursson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Jörundur Brynjólfsson, Þorleifur Jónsson, Sigurður Stefánsson og Matthías Ólafsson.

Það er því full sönnun fyrir því, að þessi kennari fer rjett með alt það, sem að uppruna þessa máls lýtur, enda er það fullkomlega rökstutt með því, sem segir í áliti nefndarinnar. Jeg held því, að hæstv. forsrh. verði að fallast á, hvað þennan kennara snertir, að erfitt verði að skylda hann til að kenna meira en ætlast var til í öndverðu, að minsta kosti á meðan launakjör hans eru ekki bætt. En jeg geri ráð fyrir, að hjer sje aðeins um vangá að ræða, og get því látið útrætt um það. Sama er og um söngkennarann að segja. Hann sagði mjer í síma núna fyrir nokkrum dögum, að hann væri ráðinn með sömu launum og sama stundafjölda á dag og aðrir fastir kennarar skólans.

Í nál. segir, samkv. skýrslu rektors, að hvað tungumálakennara skólans snertir, þá sje búið að koma þeirri venju á, að með stílaleiðrjettingum heima kenni einn 36 stundir á viku, annar 37 stundir. Og jeg vil beina til hæstv. forsrh. orðum rektors, að taka heldur upp einhverja uppbót tungumálakennurunum til handa, heldur en að rýra tekjur þeirra með því að taka frá þeim aukavinnuna.

Nú skal jeg játa, að það sje ekki alveg rjett, að fara eftir því, sem kennararnir sjálfir segja um þetta efni; þeir sjeu ekki færir um að dæma í sinni sök. En eins og áður hefir verið tekið fram, þá er það á vitorði allra þeirra manna, sem nokkuð þekkja til skólanna, að allir fastir kennarar eru svo illa launaðir, að þeir geta ekki bjargast af launum einum. Frv. eins og þetta, sem fer fram á að auka kennurunum erfiði, án þess að bæta laun þeirra, er því andvana fætt og brýtur í bág við siðferðislegan grundvallarrjett kennaranna. Kennararnir kenna nú þegar langtum meira með heimavinnu og stílaleiðrjettingum, en hægt er þó af þeim að heimta með nokkurri sanngirni.

Það má vera, að einhver skjóti því til okkar nefndarmanna, að við hefðum átt að gera brtt. um launakjör fastra kennara, úr því vitanlegt sje, að þeir eigi við bág kjör að búa. Því er til að svara, að það lá fyrir utan verkahring nefndarinnar, en hitt gat nefndin ekki: lækkað þessi sultarlaun kennaranna, með því að taka af þeim alla möguleika til þess að bæta laun sín með aukakenslu.

Jeg skal engu um það spá, hvað hv. deild gerir við frv. þetta. Nefndin leggur til, að það verði felt, og það væri best, að það yrði sem fyrst, svo að það tefði ekki fyrir öðrum málum, sem nauðsynlegri eru.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get sagt það þegar, að nú orðið, eða vegna þess, að felt var frv. um barnakennarana, þá legg jeg minni áherslu á, að þetta frv. nái fram að ganga. Hitt frv. hafði talsverðan sparnað í för með sjer, eins og það var borið fram, og þá gat þetta verið dálítil viðbót, en eins og nú er komið, játa jeg, að hjer er ekki um mikið að ræða.

Annars er nú auðsætt orðið, að þýðingarlaust er fyrir nokkra stjórn að bera

fram frv., sem miða eiga til sparnaðar á ríkisrekstrinum. Það rísa altaf nógu margir upp til þess að andmæla því. Svona var það um fyrv. stjórn. Það er bara hrópað til stjórnarinnar, að hún eigi að spara, en svo þegar hún bendir Alþingi á, hvað það sje, sem spara megi, þá er það talið ómögulegt, og öllum sparnaðarmálum eytt. Núverandi stjórn skipaði í sparnaðarnefndina menn, sem alment var viðurkent, að til starfans væru mjög vel fallnir. En hvernig fer um tillögur þessara mætu manna? Þeim er eytt, og mönnunum sjálfum lítil kurteisi sýnd:

Þó að frv. þetta eigi nú ef til vill ekki langa lífdaga fram undan, vildi jeg þó minnast á ýmislegt, sem segir í nál. á þskj. 227.

Það er alls ekki af gleymsku eða vangá neinni frá minni hendi, að söngkennaranum og leikfimiskennaranum við mentaskólann er ætlað að kenna 33 stundir á viku. Þessi stundafjöldi er settur samkvæmt því, sem tíðkast víða annarsstaðar. Það er sem sje kunnugt, að þessir kennarar hafa svo lítinn undirbúning heima, eða vinnu þar, vegna kenslunnar, að þetta þykir fært.

Því hefir verið haldið fram, að það væri kennurum ofætlun að kenna 36 stundir við barnaskóla og 27—30 stundir í öðrum skólum. En á móti þessu mælir það, að ef kennarar geta fengið kenslu aukreitis fyrir sjerstaka borgun, bæta þeir við sig alt að 12 stundum á viku fram yfir skyldukensluna. Að hinu leytinu hefir verið sagt, að heimta ætti fult starf af embættismönnum fyrir full laun. Jeg man ekki betur en að Tíminn tæki einmitt undir þessa kröfu. En nú er annað hljóð í strokknum hjá hv. 5. landsk.

Hv. frsm. (JJ) sagði hreinskilnislega, að ekki mætti byggja á umsögn þeirra, er hjer eiga hlut að máli, fremur en t. d. umsögn hæstarjettardómara í fyrra um fækkun dómenda þar. Það er ekki við því að búast, að kennararnir æski eftir þessari aukningu á starfstíma þeirra. Það er þó dálítið brosleg röksemd, að eigi megi auka við stundafjöldann, vegna þess, að það sje orðin 70 ára venja, að hann sje 24 stundir á viku. Sú venja hefir víst verið orðin mörg hundruð ára gömul annarsstaðar á Norðurlöndum, þegar af henni var brugðið fyrir þrem árum.

Þá hjelt hv. frsm. (JJ) því fram, að ótækt væri, að forstöðumenn skóla fengju ekki að skamta sjer sinn stundafjölda sjálfir. Jeg mun ekki þrátta um það atriði, en í öðrum löndum hefir þótt rjett að setja fyrirmæli um það. — Í frv., sem danska stjórnin hefir nýlega lagt fyrir ríkisþingið, er gert ráð fyrir 30 stunda kenslu á viku í kennaraskólum, eins og í þessu frv.

Hvað söngkennarann við mentaskólann snertir, þá er það alveg rjett, að talað hefir verið um, að hann kendi 24 st. á viku. Um leikfimiskennarann er það að segja, að honum hafa verið ákveðin sömu laun, en ekki verið samið um stundafjölda. Annars var sá maður ráðinn af fjárveitinganefnd. Þegar kom fram spurning um launahækkun eftir embættisaldri, þá hefir mitt álit verið það, að þessir menn ættu einnig kröfu til slíkrar hækkunar.

Þar sem því er haldið fram í nál., að kenslustundir annara fastra kennara en forstöðumanns kennaraskólans sjeu 27 á viku, þá þótti mjer það næsta undarlegt. Mjer er kunnugt um, að eini fasti kennari skólans kennir 34 st. á viku, og

fær aukaborgun fyrir 10 af þeim. Annar kennari kennir 30 st., og sá þriðji 27. Það er rjett, að hægt er að fá út með þessu móti, að hver kenni 27 st. að meðaltali, þegar þeim 10 stundum er slept, sem aukaborgun er greidd fyrir. En tveir kennararnir eru alls eigi fastir kennarar, svo að þetta er einmitt rjett í frv.

Þá hefir því verið haldið fram, að það væri ekki rjett, er stendur í aths. við frv., að kennarar við mentaskólann þyrftu meiri undirbúning heldur en kennarar við aðra skóla. Við samskonar skóla erlendis er adjunktspróf heimtað. Svo er að vísu eigi hjer, en menn með slíku prófi hafa þó jafnan verið látnir ganga fyrir. Hinsvegar hafa ýmsir próflausir kennarar kent við kennaraskólann. Skólastjóri þar er prestur úr sveit, sem áður hafði kent við annan skóla. Aðrir tveir kennarar þar eru guðfræðikandidatar. Einn kennari er þar, sem að vísu hefir aflað sjer allmikillar kennaramentunar, en myndi þó tæplega talinn fullgildur við mentaskólann. Reyndar hafa eigi ætíð verið til menn með adjunktsprófi til að gegna kenslu þar. En einmitt af því að meira undirbúnings er krafist af kennurum mentaskólans en annara skóla, er eigi farið fram á hærri stundafjölda en þetta.

Það er því ekkert ranglæti, að krefjast 30 stunda kenslu við kennaraskólann, þegar sannað er, að einn kennari kennir þar 30 st. og annar 27 stundir. Við stýrimannaskólann mun hver kennari hafa kent 30 stundir á viku hingað til, án þess að um hafi verið kvartað.

Frsm. (Jónas Jónsson): Það er alveg rjett hjá hæstv. forsrh., að okkur ber eigi svo mikið á milli. Jeg hafði jafnvel hugsað mjer að koma sjálfur fram með frv. um stundafjölda barnakennara, er færi fram á 36 kenslustundir á viku, og jafnframt fækkun þeirra og bætt launakjör. Það er því engin goðgá hjá stjórninni, þótt hún bæri fram svipað frv., eins og líka er tekið fram í nál. Hinsvegar er eigi hægt að neita því, að í frv. stjórnarinnar er beinlínis farið fram á lækkun á launum kennaranna, með því að fjölga kenslustundum þeirra, án þess að breyta launakjörum þeirra í svipuðu hlutfalli.

Hæstv. forsrh. sagði, að úr því sem komið væri, væri sjer ekki mikið áhugamál, að frv. næði fram að ganga. Jeg tek þetta sem sönnun þess, að hann sjái nú, að í raun og veru mæli ekki mikið með breytingunni, eins og málinu er háttað.

Þá lýsti hæstv. forsrh. yfir því, að það væri ekki af gleymsku, að frv. fer fram á, að tveir af kennurum mentaskólans kenni lengri tíma en hinir. Jeg álít mjög óheppilegt að gera slíkan mun kennara innbyrðis. Jeg tel líka hiklaust víst, að leikfimis- og söngkennari þurfi engu síður en aðrir kennarar að undirbúa sig undir kenslustundirnar. Það hefði því verið fullkomin ástæða til að ætla, að misklíð hefði orðið út af þessu, ef samþykt hefði verið. Sumar stjórnir myndu og hafa litið svo á, að með slíkum lögum væri gengið á gerða samninga. Hæstv. forsrh. hefir og lýst yfir því um söngkennarann, að eigi væri hægt að fjölga kenslustundum hans, enda mun það rjett vera. Hinsvegar hefir hæstv. forsrh. eigi fyllilega kannast við samtal sitt við leikfimiskennarann. Að vísu skiftir það eigi miklu máli, þar sem fjárveitinganefnd hefir ráðið þennan mann. Hv. frsm. fjvn. hefir gefið

þær upplýsingar, að hann hafi verið ráðinn með alveg sömu kjörum og söngkennari. Manninum er því gert beinlínis rangt til, ef slík ákvæði um stundafjölda hans næðu fram að ganga, sem frv. fer fram á. Þeir, sem bókleg fræði kenna fram yfir skyldu, fá aukaborgun, og ætti því leikfimiskennarinn kröfu til hins sama.

Þá hjelt hæstv. forsrh. því fram, að ekki væri rjett, að forstöðumenn skóla rjeðu stundafjölda sínum. Nýlega var hafin málsókn gegn skólastjóra í Englandi út af þessu atriði. Skjallegar sannanir gegn manninum lágu eigi fyrir, og bygði dómarinn sýknunardóminn á því, að maður í stöðu hins ákærða segði satt. Rektor mentaskólans er trúað fyrir að stjórna uppeldi 250 unglinga á ári hverju, og skyldi honum þá ekki vera trúandi til að skamta sjer stundafjölda, svo að hættulaust væri.

Viðvíkjandi stundafjöldanum við kennaraskólann, hefi jeg sagt það fyr, að jeg hefi í höndum skýrslu frá þrem föstum kennurum skólans, og ber þeim öllum saman. Jeg hefi boðið hæstv. forsrh. að lesa skýrslu þessa, en hann hefir eigi notað sjer það tilboð enn. Jeg verð því að taka það sem sönnun þess, að hann viti, að þessir kennarar hafi rjett fyrir sjer (**JM:** Að hv. þm. hafi rjett fyrir sjer, öllu heldur.) — og segi rjett frá um sín vinnubrögð.

Jeg held, að eigi væri úr vegi að athuga muninn á stundafjölda kennara við mentaskólann og kennaraskólann. Það hefir verið sagt, að minna sje krafist af kennurum við kennaraskólann, og því eigi að fjölga stundum þeirra. Þetta felur nú reyndar hálfgerða mótsögn í sjer. Annars held jeg, að flestir kennarar við kennaraskólann sjeu og hafi verið fullkomlega gjaldgengir við mentaskólann. Jeg þarf ekki annað en nefna menn eins og dr. Björn sál. frá Viðfirði og dr. Ólaf Daníelsson og dr. Helga Jónsson, er nú kenna báðir við mentaskólann. Þá eru margir kennarar við mentaskólann, er hafa tekið embættispróf í öðru en sinni kenslugrein, eins og kennararnir við kennaraskólann. Þeir kennarar kenna jafnlengi ársins og kennarar við mentaskólann, og vilja því njóta sömu aðstöðu, og þarf enginn að furða sig á því.

Um stýrimannaskólann er það að segja, að nú í umræðunum hefir verið sagt, að ekki væru nema 2—3 menn í neðri deild hans, og hlýtur því kenslan að vera svo auðveld, að eigi er hægt að bera hana saman við kenslu í öðrum skólum.

Jeg mun láta hjer staðar numið. En þar sem hæstv. stjórn hefir lýst yfir því, að hún geti sætt sig við, að frv. fari eigi lengra, vona jeg, að hv. deild geti sætt sig við hið sama og felli frv.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki tefja tímann, enda hafa þessar umræður verið helst til lærðar, til að bændur tækju þátt í þeim, enda háttv. ræðumenn skilið illa eða ekki hvor annan. Jeg vildi aðeins taka það fram, að mjer finst ekki rjett af hæstv. forshr. að láta sig litlu skifta um afdrif þessa frv., enda þótt annað gott frv., er gekk í líka átt, hafi verið felt í háttv. Nd. Mjer fyrir mitt leyti finst stefna þessa frv. rjett, og get alls eigi sjeð, að neinum sje ofþyngt með þeirri fjölgun kenslustunda, er það fer fram á. Ef til vill mætti fá hitt frv. samþykt á næsta þingi, og þá væri eigi nema til bóta, að fá þetta frv. samþykt nú. Jeg kann því

eigi vel við undanhald hæstv. forsrh. í þessu máli, og reyndar fleirum, er hann hefir lagt fyrir þingið.

Hjer stendur að líkindum til að stofna nýtt dósentsembætti við háskólann, er talið var ónauðsynlegt á síðasta þingi. Jeg held því, að einmitt væri vel til fallið að vinna upp þann kostnað, er af því embætti leiðir, með því að samþykkja þetta frv. A. m. k. er hálfur skaði betri en allur, og því betra að annað frv. komist í gegn, heldur en að bæði fari sömu leiðina.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vona, að hv. deild skilji ekki orð mín svo, að jeg óski, að frv. þetta falli. En þar sem bæði frv. voru borin fram um sama efni, þá hefi jeg búist við, að hið sama yrði látið yfir bæði ganga. Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) get jeg verið þakklátur fyrir stuðning hans við frv., og eins er jeg honum samdóma í því, að vel megi samþykkja þetta frv., þó hitt hafi verið felt, en hinsvegar er mjer ekki eins sárt um það, þegar svona fór með hitt, sem meira munaði um. En það vil jeg segja, að ekki teldi jeg skynsamlegt að hafa á móti þessu, af því að launin sjeu of lág, því það liggur í augum uppi, að kennurum myndi veitast auðveldara að fá laun sín bætt, er þeir intu þá vinnu af hendi, sem sanngjarnt væri að krefjast af þeim. Jeg vil í þessu sambandi minna á það, að á síðasta þingi var þess krafist, að lengdur skyldi vinnutími, úr 5 stundum í 6, á skrifstofum stjórnarráðsins. Þessar óskir þingsins tók ráðuneytið til greina. En ef nú þetta frv. verður felt hjer eins og hitt í hv. Nd., eða kemst ekki fram á þinginu, þá sjer ráðuneytið sjer ekki annað fært, samræmis vegna, en að færa vinnutímann í stjórnarráðinu aftur í sama horf. Það er víst ekki meiningin, að láta þessar ströngu kröfur aðeins bitna á þeim mönnum, sem þar vinna. Og ekki hafa þeirra launakjör verið bætt.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla aðeins að gera nokkrar almennar athugasemdir, enda hefir málið þegar verið mikið rætt. Það, sem fyrir mjer er þungamiðjan, er það, að laun kennara virðast vera þannig, að ekki sje rjettlátt að taka af þeim aukavinnuna. Væru laun þeirra aftur á móti bætt, þá myndi jeg ekki leggjast á móti því, að heimtuð yrði af þeim nokkru meiri vinna. Annars er á það að líta, að kenslustörf eru mjög lýjandi, og því er vafasamt, hve langt megi fara í því að ofþyngja kennurunum með mikilli vinnu. Það er hætt við því, að þeir þreytist um of og geti ekki haldið því fjöri og lífi í kenslunni, sem svo nauðsynlegt er til þess að halda eftirtekt nemendanna vakandi. Og jeg þykist fullvís um það, að sumir kennarar leggja á sig alt of mikla aukavinnu, en meðan föst laun þeirra eru slík, að þeir geta ekki framfleytt fjölskyldu sinni af þeim, þá er erfitt að meina þeim það. Neyðin rekur þá til að afla sjer meiri vinnu. Jeg þekki vel ýmsa af þessum kennurum, og jeg veit, að þeir eru dauðþreyttir á kvöldin, þegar dagsverkinu er loksins lokið.

Nú er það svo, að kennarastörfin eru af flestum álitin einhver þýðingarmestu störfin í hverju þjóðfjelagi, og það er ekki litið undir þeim komið, hvernig æskulýðurinn reynist. Jeg held, að skilningurinn á þessu sje ekki nógu djúpur í hv. deild. En jeg vil fyrir mitt leyti láta sjást í þingtíðindunum, að jeg hefi

þó skilið aðstöðu þessara manna, sem svo oft hafa orðið út undan í þjóðfjelaginu. En það gleður mig, að hæstv. stjórn virðist ekki leggja mikla áherslu á frv., og vænti jeg því, að hv. deild sjái sjer fært að stöðva það. — Hinsvegar gæti þetta komið til athugunar, ef launakjör kennaranna væru bætt um leið.

Einar Árnason: Jeg geri ráð fyrir, að jeg, úr því sem komið er, verði á móti frv. þessu, þó að jeg hafi áður verið því hlyntur og sje það ennþá, undir vissum kringumstæðum. En þar sem sambærilegt frv. um barnakennara hefir verið felt í hv. Nd., þá sje jeg ekki, að samræmi sje í, að láta þetta ganga fram. Ennfremur hefði jeg kosið að heyra frá hæstv. forsrh., hvort hann ætlast til, að þeir kennarar, sem nú eru í embætti, eigi að hlíta ákvæðum þessa frv. strax. Eins og menn vita, er kenslustundafjöldi ekki ákveðinn með lögum, heldur er gömul venja fyrir því. Býst jeg við, að kennarar gangi út frá því, að þeir eigi að kenna þann stundafjölda á viku, sem ákveðinn var, er þeir tóku við embætti, og svo ekki meir. Sje nú ætlast til, að lögin grípi strax til þeirra, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að þeirra rjetti sje hallað, og get þá ekki undir neinum kringumstæðum verið með frv. Hinsvegar gæti jeg væntanlega fylgt slíku frv. að því tilskildu, að það væri aðeins látið ná til nýrra kennara.

Hæstv. forsrh. mintist á vinnutímann í stjórnarráðinu, og er jeg honum alveg sammála um, að það sje mjög hæpið að lengja þar vinnutímann skilmálalaust. Má vel vera, að brotinn sje með því rjettur á þeim mönnum, sem þar starfa.

Guðmundur Ólafsson: Hv. 1. landsk. (SE) byrjaði ræðu sína fremur óviðkunnanlega. Kvað hann það gleðja sig, að hæstv. stjórn legði ekki mikla áherslu á þetta frv. Það gleður mig aldrei að heyra, að flutningsmenn láti sjer á sama standa um mál sín, eða beri þau fram, án þess að þeir hafi áhuga fyrir þeim. Hv. 1. landsk. (SE) gerði mikið úr því, hve stórkostlega hættulegt það væri, að auka stundafjölda kennaranna og lýsti átakanlega, hve þeir væru oft þreyttir á kvöldin. En jeg fæ ekki sjeð, að þessi viðbót við starfstíma þeirra, hálf stund á dag, sje svo stórvægileg, að þeim sje þar með meinað að taka að sjer aukakenslu. Þá sagði hv. þm. (SE) ennfremur, að hætt yrði við, að ekki fengjust lengur afburðamenn að skólunum, ef frv. væri samþ. Raunar gat hann þess ekki, að alt væru tómir afburðamenn, sem nú væru í kennarastöðum, og jeg mun ekki heldur verða til þess að deila um þá hluti. Annars verð jeg að segja, að hv. þm. (SE) var ekki svona brjóstgóður við sýslumennina, þegar hann var að bera fram frv. um fækkun þeirra. Jeg er viss um, að hefði það náð að ganga fram, þá hefðu sumir sýslumennirnir okkar orðið voðalega þreyttir á starfi sínu.

Annars kem jeg ekki auga á, hvað hættulegt sje við það, að auka stundafjöldann eins og frv. fer fram á. Hæstv. forsrh. mintist í þessu sambandi á lengingu starfstímans í stjórnarráðinu; kvað þar nú vera byrjað að vinna kl. 9 árdegis. En hræddur er jeg um, að annaðhvort hafi starfsmennirnir á þeim skrifstofum verið harla seinir að átta sig á breytingunni, eða hafi vitlausa klukku, því að stundum kvað vera

brestur á því, að þeir sjeu komnir til vinnu sinnar fyrir kl. 10.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg er samdóma hæstv. stjórn í því, að jeg tel nauðsynlegt, að skipað sje um það með lögum, hve fastir kennarar skuli vinna margar stundir á viku. Jeg álít sömuleiðis, að ekki sje of langt gengið í stjórnarfrv. með þessari stundafjölgun. Hitt er annað mál, að launin eru án efa of lág, eins og þau eru nú, og verða því þeir kennarar, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, neyddir til að leita sjer aukakenslu. Því ættu lög eins og þessi að verða samferða nýjum launalögum, eða að sett yrði ákvæði í lögin um að þau kæmu þá fyrst til framkvæmda, er endurskoðuð launalög væru sett. Mun jeg greiða atkv. með frv. þessu í því trausti, að hæstv. stjórn eða hv. mentmn. komi með brtt. um þetta við 3. umr. Verði það gert, þá greiði jeg óhikað atkvæði með frv., en annars ekki.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) spurði um það, hvort gert væri ráð fyrir að láta þessi lög ná til núverandi kennara, eða hvort svo skyldi álitið sem ríkið væri bundið samningum við þá um 24 st. kenslu. Jeg skal lýsa yfir því, að ekki hefir verið neitt um það rætt, hvort frv. þetta, ef það verður að lögum, eigi að ganga í gildi þegar í stað eða smámsaman, enda má setja ákvæði um þetta inn í frv. við 3. umr. Hinni spurningunni, hvort ekki væri brotinn rjettur á kennurum með þessu, svara jeg hiklaust neitandi. Launalögin segja beinlínis, að bæta megi störfum við embættismenn ríkisins. Stjórnin hefði sjálf eins vel getað sett ákvæði um þetta, en henni þótti þó rjettara að heyra álit þingsins. Jeg hefði í haust getað skipað svo fyrir, er ný reglugerð var sett, að tímafjöldi kennaranna við kennarskólann yrði 30 st. Ráðfærði jeg mig um þetta við forstöðumann skólans, og kvaðst hann ekki vera á móti því fyrir sitt leyti, ef sama yrði látið ganga yfir aðra samskonar skóla.

Annars er mjer ekki, eins og jeg hefi áður tekið fram, eins mikið áhugamál að þetta frv. nái fram að ganga, eftir að hitt frv. er felt, því jeg bjóst við, að þau yrðu samferða, og hefðu átt að vera það. Og ef hv. þm. vilja heimta minni vinnu af kennurunum en annarsstaðar gerist, þá ráða þeir því. Að hinu leytinu er jeg glaður yfir því, að kennarar eiga nú væntanlega von á bættum launakjörum, sem aðrir embættismenn ríkisins verða þá væntanlega líka látnir verða aðnjótandi.

Jónas Jónsson: Í nál. er sagt um kennarann í kennaraskólanum, sem samkv. skólaskýrslu kennir 24 st. á viku, að hann leiðrjetti auk þess heima 70—80 stíla, sem skoðist 3 st. kensla, enda kemur það skýrt fram, að skólinn reiknar þetta svo.

Þá held jeg, að hæstv. forsrh. hafi farið fulllangt, er hann sagðist skoða það sem loforð um hækkun launa allra embættismanna ríkisins, þó því sje haldið fram, að kennarar hafi of lág laun. Um það má deila, hvort borgi sig, að auka á annir þeirra og hækka þá jafnframt laun þeirra, ef það dregur þann dilk á eftir sjer, að hækka verði laun allra starfsmanna ríkisins. Jeg mótmæli a. m. k. algerlega, að þannig megi skilja mína afstöðu.

Forsætisráðherra (JM): Hv. 5. landsk.

(JJ) og hv. 1. landsk. (SE) hafa farið mörgum orðum um það, hve kennarar eigi við bág kjör að búa, svo að jeg tel sjálfsagt, að það sje vilji þeirra, að laun þessara manna verði hækkuð, og er ekki nema sanngjarnt að ætlast til þess, að aðrir embættismenn sæti sömu kjörum. Hv. 1. landsk. talaði auk þess mikið um það, hve hann hefði sjeð kennara þreytta, og væri því ekki heppilegt að heimta meiri kenslu af þeim en nú er. Sömuleiðis hjelt hann því fram, að kennarar yrðu yfirleitt harla skammlífir. Það má vel vera, að kennarar sjeu oft þreyttir — það er í hverri stöðu sem er, mikill munur á því, hvað menn þola að vinna — en jeg geri ráð fyrir, að hagfræðin sýni, að meðalaldur kennara sje yfirleitt talsvert hár og að þeir verði iðulega mjög gamlir menn. Vjer höfum sjeð þess dæmi, að kennarar hjer halda áfram kenslustarfi sínu alt fram á áttræðisaldur, þrátt fyrir þetta afskaplega þreytandi starf. Jeg veit ekki úr hvaða hagskýrslum hv. 1. landsk. (SE) hefir hitt. (**SE:** Jeg las það í útlendu blaði fyrir nokkru síðan, og þá hlýtur það að vera satt!) Það getur verið. En ef hv. þm. (SE) er að taka það, að jeg hefi verið hjer með blað, sem skýrði frá kennarafundi, þá vil jeg ekki vera að orðlengja um það, hve viðeigandi þessi athugasemd er. Annars var jeg ekkert að deila á hv. þm. (SE), og er leiðinlegt að vita hann rjúka upp með slettur, þó að talað sje algengt um málið.

Sigurður Eggerz: Þar sem mjer virðist það gleðja hæstv. forsrh. (JM), að það kæmi fram í nál., að kennarar hefðu lág laun, og mjer skilst, að hann muni nota þetta sem ástæðu til þess að breyta því og koma fram með frv. í þá átt að bæta laun kennara, þá vil jeg fullvissa hæstv. ráðherra um það, að jeg muni taka því vel, og jeg skil svo þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., að stjórnin muni koma eins fljótt og henni er hægt með þetta frv. Jeg skal taka því vel, og þykir mjer gott að geta slegið þessu föstu, að stjórnin hugsar sjer bráðlega að endurskoða launakjör embættismanna landsins. Sjerstaklega er nauðsyn á að gera meiri mismun en nú á sjer stað, eftir því, hvort embættin eru erfið og þýðingarmikil, eða hið gagnstæða.

Að því er snertir þreytu kennara og langlífi þeirra, skal jeg játa, að jeg hefi ekki gert eins nákvæma rannsókn og skyldi um þau atriði, enda þyrfti þá að rannsaka skýrslur víðsvegar að, til þess að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það. En starf kennara er áreiðanlega mjög þreytandi, og það geta menn sjeð frá okkar skólum, að þeir kennarar, sem kent hafa lengi, þurfa að ljetta sjer upp, til þess að geta rækt embætti sín á eftir með fullum krafti. Jeg er auk þess sannfærður um það, að lærisveinar í mörgum skólum eru látnir sitja of lengi í tímum, þreytan er þeim einnig að óliði. Og einmitt af því að jeg veit af þessu hjá kennurum og lærisveinum, þá er jeg altaf að prjedika leikfimi, sund og aðrar íþróttir, af því að þarna eru meðulin á móti þreytunni.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skil ekki í því, að það sje ekki af öðru, einhverju sjerstöku máli óviðkomandi þessu, sem hv. þm. (SE) fer að hreyta hálfgerðum ónotum til stjórnarinnar. Hv. þm. (SE) veit það ósköp vel, að það heyrir ekki undir dóms- og kenslumálaráðherra að koma með brtt. á launalögum. (**SE:** Forsrh. ræður stefnu stjórnarinnar í

aðalmálum.) Það er alt annað, og það veit hv. þm. (SE) vel, að þetta er ekki sjerstaklega pólitiskt mál, svo að það er ástæðulaust að vera að slá þessu föstu, sem ekki gefur nokkurt tilefni til að skoða þettą sem yfirlýsingu. En hvað hitt atriðið snertir, um kennarana, ef þeir hafa svo bág launakjör, þá er gott að vita, að menn vilji bæta úr því.

En jeg held, að það sje búið að tala nóg um þetta mál, og að það sje búið undir það, að koma til atkvgr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 2 atkv.

Á 42. fundi í Ed., mánudaginn 30. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 2. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 18, 260).

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 260 við frv. þetta, og eins og jeg gat um við 2. umr. málsins, þá er það undir því komið, hvort sú brtt. verður samþ., að jeg fylgi frv. Jeg skal geta þess, að jeg álít slík lög ekki sjerlega þýðingarmikil, en þó getur það komið að gagni, þá er laun kennara eru fastákveðin, að einnig sje ákvæði um það, að þeir kenni vissan stundafjölda. Laun kennara verða að vera svo rífleg, að þeir geti lifað af þeim.

Ef brtt. á þskj. 260 nær fram að ganga, mun jeg greiða frv. atkvæði mitt; annars ekki.

Jónas Jónsson: Brtt. hv. þm. Seyðf. er eðlileg afleiðing af gerðum nefndarinnar. Við komumst að þeirri niðurstöðu, að það væri vel hugsanlegt, að fjölga kenslustundum eitthvað, en að kennarar væru yfirleitt svo illa launaðir, að það væri ekki sanngjarnt að gera það nú. Að þessu leyti vil jeg styðja brtt. En jeg skal bæta því við, að þótt jeg viðurkenni, að kennarar sjeu illa launaðir, þá sje jeg mjer ekki fært að hækka laun allra starfsmanna ríkisins, og tel mig að því leyti ekki bundinn af atkvæði mínu um þetta mál.

Forsætisráðherra (JM): Jeg gæti sætt mig við brtt. á þskj. 260. Jeg þykist geta tekið mjer til inntekta viðurkenningu hv. nefndar um það, að ekki sje í sjálfu sjer ósanngjarnt að heimta svo mikla kenslu af kennurum sem frv. fer fram á. Hitt skal jeg játa, að komið getur fyrir, að ástæða sje til, að skólastjórar fái að komast af með minni kenslu en til er tekin í frv. Skólastjórar eru oft aldraðir menn, og því ástæða til þess að fækka kenslustundum hjá þeim. Hitt viðurkenni jeg ekki, að 18 stunda kensla á viku sje of mikið, ef maðurinn er heilbrigður og í fullu fjöri. Áður hefir það verið föst regla við mentaskólann, að skólastjóri kendi minst 18 stundir á viku. Jens Sigurðsson kendi altaf 19 stundir á viku, og í þau 19 ár, sem Jón Þorkelsson var við skólann, kendi hann 18 stundir á viku að meðaltali. Næsti rektor kendi minna, enda var hann heilsuveill. Annars hafa rektorar stundum kent 22—23 stundir á viku. Og það er ekki ósanngjarnt að ætla það manni á góðum aldri. Um hina skólana er það að segja, að þar er krafan enn sjálfsagðari.

Með leyfi hæstv. forseta vil jeg fara ofurlítið nánar út í einstök atriði, enda þótt þetta sje 3. umr. málsins.

Því hefir verið haldið fram, að það sje ósanngjarnt að fjölga kenslustundum. En hv. nefnd hefir ekki athugað, hvað lítið er hjer um að ræða, t. d. við mentaskólann Skyldukensla er nú 24 stundir og heimavinna þar fyrir utan, og hún er oft meira en 3 stundir, eins og nefndin sagði. Samt sem áður sætta kennarar sig við þetta, að vinna meira en 27 stundir, eins og nú er. Að vísu eru þeir betur settir, sem ekki hafa stílaleiðrjettingar heima. Þetta hefir hv. nefnd sjeð, og vill því láta greiða sjerstaklega fyrir stílaleiðrjettingar. Hafði jeg satt að segja ekki hugsað mjer, að það kæmi fram í stað sparnaðar, að borga ætti kennurum meira en áður, eða með öðrum orðum, lækka kenslustundafjöldann. Játa jeg þó, að það sje sanngirni í þessu, en hv. nefnd notar það öfugt við það sem jeg geri. Þeir, sem ekki hafa heimastíla, kenna lengur en hinir.

Þetta er nú alt og sumt, sem farið er fram á um mentaskólann. Þar á móti er það dálitið meira á pappirnum hvað kenslustundum fjölgar við aðra skóla. Jeg skal taka til dæmis gagnfræðaskólann á Akureyri; þar yrði það 1 stund á dag. En þá bið jeg menn að athuga það, að þar stendur kensla 1½ mánuði skemur en hjer. (JJ: Einum mánuði!) Jæja, við skulum segja, að hún standi einum mánuði skemur, en hvernig sem um það er, þá verður niðurstaðan sú, að tímafjöldi verður þar minni heldur en í mentaskólanum. Við kennaraskólann er munurinn lítill og er ekki rjett að halda því fram, að þar sje aðeins kent 24 stundir á viku, og höfum við deilt nóg um það atriði áður. Í skólaskýrslunni eru það taldar 27 stundir, og ef það er eigi, er skólastjórinn farinn að reikna þetta á annan veg nú en áður. Það gildir hið sama um þetta, þó það væri ekki fastur kennari, sem hafði þar 27 tíma kenslu. En það er enganvegin sanngjarnt, að eigi sje jöfnuður milli þessa skóla og Akureyrarskólans. Og þetta lagaði frv. Hvað stýrimannaskólann snertir, mun þar vera kent 30 stundir á viku af hverjum kennara, og mun svo vera um meirihluta þeirra kennara, er þetta mál snertir. En frv. fer í þá átt, að gera alla jafna, við hvaða skóla sem er, og nema á brottu misrjetti, sem átt hefir sjer stað á nokkrum stöðum.

Já, það er satt, allir kennarar eru lágt launaðir, en samkvæmt þeim allsherjar-launa-„skala“, sem nú er í gildi, eru kennarar eigi ver launaðir en aðrir embættismenn, jeg held jafnvel betur, nema skólastjórar, er koma eigi til greina í þessu sambandi, þar eð þeir hafa mjög há laun. Þetta er þó kostur við frv., og fer það þó síst lengra en forsvaranlegt er. Jeg skil þó vel aðstöðu mótstöðumanna frv., og tel hana að ýmsu leyti eðlilega, en þetta er mín skoðun á þessu máli, og verð jeg því að halda því fram, að það sje sanngjarnt og annað ekki, sem frv. fer fram á.

Hitt er annað mál, sem þm. A.-Húnv. (GÓ) tók svo illa upp fyrir mjer, er jeg sem kenslumálaráðh. ber þetta frv. fram og legg þó eigi meiri áherslu á það en svo, að mjer er það eigi fast í hendi. En það ætti að vera vel skiljanlegt, að frá sjónarmiði míns embættis er ekki hægt að leggja mikla áherslu á þetta mál, og enda þótt jeg telji frv. sanngjarnt í alla staða og gott, ef háttv. deild samþykkir það, þá legg jeg ekki

meiri áherslu á það en jeg þegar hefi sagt. Frv. þetta er ekki stórt atriði, og vil jeg því ekki lengja þessar umræður meira. En verði það vefengt, sem jeg segi, að kennarar hafi tiltölulega jöfn laun eða eigi lakari en aðrir embættismenn ríkisins, þá mun jeg geta sýnt fram á með tölum, að þetta er rjett, sem jeg hefi sagt. Það er aðeins ein stjett, sem betur er launuð, og það er læknastjettin. Læknar hafa langsamlega hæst laun allra embættismanna ríkisins.

Guðmundur Ólafsson: Jeg var búinn að hugsa um að sleppa því fram hjá mjer í þetta skifti, að taka til máls, þangað til hæstv. kenslumálaráðh. vjek að framkomu minni, er jeg hafði síðast talað í þessu máli, og verð jeg því að segja nokkur orð.

Þetta er einfalt mál, sem í rauninni þýðir ekkert að vera að deila um. Það mun ætíð fá nóga formælendur, í hvert sinn sem við því verður hreyft. Háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) vill halda þessu máli í sama horfinu og áður, og sagði hann, að menn væru orðnir því fyrirkomulagi vanir, sem nú væri, og er menn sæktu um embættin, gerðu menn ráð fyrir, að engar breytingar væru í þessu atriði, frá gamalli venju. En jeg held þó, að háttv. þm. hljóti að vita, að til þessa hefir ekkert verið lögfest um kenslustundafjölda við ríkisskólana. **(JóhJóh:** En laun kennaranna eru miðuð við þann stundafjölda, sem þeir hafa nú.) En það er hægt að breyta þessu, og nú á líka að gera það, með þessu frv. Um launin hefir það verið þannig, að hver flokkur manna eða stjett hefir reynt að ýta upp sínum launum, en aftur hefir reikningurinn verið fremur óljós, að því er snerti það, fyrir hve mikla vinnu launin skyldu greiðast. Það er annars nærri hlægilegt, hversu mikill vindur hefir verið gerður móti jafnóverulegri og lítilli vinnuaukningu og það er, sem frv. þetta fer fram á, og mundi vart verða meira uppnám, þó að kviknað hefði einhversstaðar í þinghúsinu. En þannig er þetta ætíð, ef eitthvað á að spara, hversu óverulegt sem það er, má þó aldrei hreyfa við neinu. Það er og auðsætt, að sumir háttv. þm. hafa ekki verið minna á móti þessu máli fyrir það, að bæði einstakir kennarar og aðrir úr þeirri stjett hafa mjög verið á vakki hjer, er þetta mál hefir verið til meðferðar.

Þá vil jeg sjerstaklega vekja athygli á þeim orðum hæstv. kenslumálaráðh. (JM), að yrði þetta frv. felt á þessu þingi, mundi vinnutíminn verða styttur aftur í stjórnarráðinu. Það má með öðrum orðum ekki minna kosta en að þingið hlaupi hröðum skrefum aftur á bak frá þeirri stefnu, sem það tók í þessu máli í fyrra, og á þá að koma á þeirri venju, að ef þingið samþykkir eitthvað gott og þarflegt í ár, þá að taka að aftur næsta ár.

Í þetta sinn mun jeg ekki deila við hæstv. kenslumálaráðh., vegna þess, að nú talaði hann þó fyrir þessu frv. sínu, og hann hjelt því einnig fram, að kennarar væru eigi ver launaðir en aðrar embættismannastjettir á landinu, og þykist jeg vita, að þetta sje alveg rjett, og jeg gæti meira að segja vel trúað því, að ef þetta frv. á að lifa það, að koma hingað aftur frá háttv. Nd., þá verði farið fram á það, að launa kennarana líka sjerstaklega fyrir það, hversu langt frí þeir hafa árlega frá embættisstörfum sínum. Það er alls eigi hægt að leggja lítið upp úr frítíma kennar-

anna, þegar þeir eru bornir saman við þá starfsmenn, sem verða að starfa stöðugt í embætti sínu alt árið. Háttv. 5. landsk. (JJ) sagði, að það mætti ekki taka það svo, að þó hann vildi láta bæta laun kennara, að hann mundi verða með því, að hækka laun annara embættismanna. En jeg hygg, að nógir mundu þá verða aðrir til að krefjast hækkunar á launum annara opinberra starfsmanna, svo jeg legg ekki mikið upp úr þessu loforði háttv. 5. landsk. (JJ). Ekki fæ jeg heldur sjeð, að nokkur ástæða sje til að greiða atkv. með brtt. háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), því að hún hefir ekki við neitt að styðjast. Þó þetta hafi verið óákveðið undanfarið, hvað er því til fyrirstöðu, að það verði fastákveðið upp frá þessu, eins og frv. leggur til? Jeg held það gæti vel farið svo, ef þessu hjeldi áfram, eins og hingað til, að launin verði jafnan ákveðin, þótt vinnutíminn væri það ekki, og svo mundu menn fremur nota sjer það sem átyllu til að krefjast launahækkunar, ef einhversstaðar yrði bætt við nokkrum vinnutímum í viðbót. Jeg held því, að það verði best að fastákveða kenslustundafjöldann í eitt skifti fyrir öll, og það er einmitt það, sem frv. þetta gerir.

Einar Árnason: Jeg var hjer ekki við, þegar umræðan byrjaði, og heyrði því ekki það, sem háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh) mælti fyrir brtt. sinni. En jeg verð að segja, að mjer er það óljúft, að spyrða saman við þetta mál væntanlegri breytingu á launalögunum. Jeg ljet það í ljós við 2. umr. þessa máls, að jeg teldi það ósanngjarnt gagnvart kennurum, að hækka vinnutíma þeirra, ef þeir hefðu gengið út frá því í upphafi, að kenslustundafjöldi sá, sem þeir nú hafa, væri fastákveðinn. Jeg skildi hæstv. forsrh. svo, um daginn, að hann gengi út frá því, að allir kennarar, sem nú væru í embættum, væru undanþegnir ákvæðum þessa frv., þó það yrði að lögum, og það væru aðeins nýir kennarar, sem yrðu að gangast undir þessi lög. Annars tók hæstv. forsrh. það fram, að það væri á hverjum tíma á valdi kenslumálaráðherra að skipa þessu eins og honum sýndist, og jeg verð að vera honum sammála í því, að það er enganvegin ósanngjarnt, þótt vinnutími kennara verði sem svarar 3—4 stundum lengri á viku en nú gerist. Tel líka sjálfsagt, að þeirri reglu verði komið á, jafnótt og nýir kennarar taka við af þeim eldri, sem nú eru. Jeg get ekki annað sjeð, en að fullfrískir menn ættu að geta leyst þessa auknu vinnu af hendi, án þess að ofþjaka sig. En væru einhverjir kennarar settir í embætti, sem væru heilsu sinnar vegna miður færir til að vinna jafnlengi daglega og hjer er ákveðið, þá ætti stjórnin að geta tekið tillit til þess og sett sjerstakar reglur um það. **(Forsrh. JM:** Það er ávalt tekið fult tillit til þessa.) Getur verið. Þó hygg jeg, að þetta væri síður hægt, ef þessi vinnutími væri lögbundinn. En þar sem mjer skildist, að hæstv. kenslumálaráðh. (JM) væri ekki kappsmál, að ákvæði frv. næðu til þeirra kennara, sem nú eru í embættum, en við hinsvegar erum sammála um það, að þessi lenging vinnutímans er engin ofætlun ungum mönnum og fullfrískum, þá þykir mjer rjett, samkvæmt því, sem jeg nú hefi tekið fram, að bera fram svofelda rökstudda dagskrá, sem jeg vil leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta:

Með því að kenslumálaráðherra getur sett reglur um fjölda kenslustunda fastra kennara við ríkisskólana, án íhlutunar löggjafarvaldsins, telur deildin ekki þörf á að afgreiða þetta frumvarp, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sigurður Eggerz: Háttv. þingm. A.-Húnv. (GÓ) hjelt því fram, að kennarar væri vel settir að því leyti, að þeir hefðu svo löng frí á sumrin, og gætu þá unnið sjer inn ýmislegt aukalega. Þetta lítur nú að vísu vel út, en vandræðin eru, að oftast mun ekki kostur á vinnunni. Jeg hefi sýnt fram á það áður, að kennarar eru neyddir til að vinna meira á vetrum en góðu hófi gegnir, til þess að sjá fyrir fjölskyldu sinni. Kenslan mundi áreiðanlega verða meira lifandi, ef kennararnir ofþreyttu sig ekki á ofmikilli vinnu. En þar sem launin eru ekki meiri en þau eru, er ekki hægt að banna þeim aukavinnu. Háttv. þm. (GÓ) hjelt því fram, að kennarar hefðu legið í eyrum nefndarinnar. Þetta er ómaklega talað. Auðvitað leitaði nefndin umsagnar forstöðumanna við skóla þá, sem þetta frv. snerti, en mjer vitanlega hefir enginn kennari persónulega snúið sjer til nefndarinnar, og kunnugt er mjer að minsta kosti um það, að enginn þeirra hefir snúið sjer til mín.

Þá kem jeg að brtt. háttv. þm. Seyðf. (JóhJóh), um að „suspendera“ frv., ef svo má að orði komast — það er, að frv. komi ekki til framkvæmda, þó samþykt yrði, fyr en laun kennaranna yrði bætt. Jeg sje ekki neitt sjerstakt athugavert við að samþykkja þessa breytingartillögu. Ef til vill mundi hún fremur styðja að því, að hagur kennaranna yrði bættur.

Jóhannes Jóhannesson: Það voru aðeins fáein orð til háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Jeg vil benda honum á, að ef frv. verður að lögum óbreytt, þá getur kenslumálastjórnin eigi látið undir höfuð leggjast að auka við kenslustundafjöldann, en brtt. mín stefnir að því, að koma í veg fyrir þetta, fyr en launakjör kennaranna hafa verið bætt, frá því sem nú er.

Út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) skal jeg gefa þær upplýsingar, að það hefir enginn kennari talað við mig um þetta. Jeg fer þar algerlega eftir minni eigin sannfæringu.

Guðmundur Ólafsson: Mjer kom það ekkert á óvart, þótt hv. 1. landsk. þm. talaði um, hve þessi stjett, kennarastjettin, væri illa stödd. Það er altaf sagt um alla embættis- og sýslanamenn. Og hv. þm. varð fjarska hjartnæmur, þegar hann fór að tala um þreytu kennaranna og þörfina á því, að stytta kenslutímann, og hvernig ekki væri unt að hafa kensluna sem skyldi, sakir þess, að áníðslan lægi eins og mara á þessum mönnum. En jeg held nú, að þótt sumarhvíld kennara komi þeim ef til vill ekki að verulegum fjárhagslegum notum, þá ætti þeir þó, með 3—4 mánaða hvíld á ári, að þola kensluna betur. Og hví kom ekki mentmn. þá með till. um að stytta vinnutíma kennara?

Viðvíkjandi talinu um þreytuna, þótti mjer það stinga undarlega í stúf, að hv. þm. sagði, að lengja mætti vinnutímann, ef kennarar fengi meira kaup. Jeg vildi, að jeg hefði svona heilsu! Það fer ekki eftir borguninni hjá mjer, hvort jeg verð þreyttur. Hann vildi og afsaka hv. nefnd, að hún hefði ekki orðið fyrir utanaðkomandi áhrifum. Þetta er þó

aglegt brauð að gerist, og það er vit-nlegt, að nefndin átti tal við menn r þessari stjett.

Viðvíkjandi þeim ummælum hv. 1. andsk. (SE), að jeg sje sífelt með kjós-ndur í huga, er jeg tala, þá verð jeg ð segja það, að hann hugsar engu ninna um að þóknast sínum kjósend-m en jeg, og vitnar oft, máli sínu til tuðnings, í álit þeirra. Jeg tala svo jaldan, að það er ekki nema sann-jarnt, að jeg taki þá dálítið tillit til kjósenda minna, og ekki hægt að kom-st hjá því, ef skoðanir okkar fara sam-n. Það er ekki eins miklu kostað til eirra samt, hvað þetta snertir, eins og kjósenda hv. 1. landsk. (SE).

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki jeð, að dagskrá sú, sem hjer er fram komin, hafi neina aðra þýðingu en nál. Hvorttveggja leggur til, að frv. sje felt. Þá hefir stjórnin vald til að ákveða etta að vild sinni, því að löggjafar-aldið hefir með þessu neitað að taka málið í sínar hendur.

Jeg bar málið undir þingið, af því að eg leit svo á, að saman ætti að fara nækkun stundafjölda barnakennara og nnara kennara í ríkisskólunum. Nú er barnaskólunum lögákveðin lágmarks-kensla, en hvað aðra skóla snertir, þá r ákvæðisrjetturinn þar um í höndum tjórnarinnar.

Það er alls ekki viðeigandi af hv. 1. andsk. (SE), að tala um ilt hugarfar tjórnarinnar í þessu máli Jeg bjóst remur við, að viðurkent yrði „loyalitet" tjórnarinnar í því, að bera þetta undir ingið. — Þýða þessar undirtektir, að löggjafarvaldið vill ekkert hafa með málið að gera?

Jeg skal benda á það, að nýlega hefir verið aukin — mótmælalaust af öllum, að því er jeg veit — skyldukenslan í einum ríkisskólanum, er skólaárið var lengt. Þá var ekki minst á aukin laun. Mjer finst því ekki ástæða til, út úr þessu frv., að fara að ráðast með móði á stjórnina.

Það lætur nógu vel í eyrum, alt þetta tal um þreytu kennaranna, og að kenslan eigi að vera lifandi. En ætli kenslan verði meira lifandi, þó hærra sje borgað, ef um verulega þreytu er að ræða? Og hv. 1. landsk. (SE) og jeg höfum báðir gengið á skóla. Við vitum báðir, að hið sama er kent ár eftir ár, að miklum hluta, og veldur ekki kennara miklum erfiðismunum. Og jeg vil alls ekki viðurkenna, að kensla sje erfiðari en störf sýslumanna og bæjarfógeta í stórum embættum. Þeir verða oft að vinna 12 stundir á dag. Eru störf þeirra oft ekki vandaminni en störf kennara, nje valda minni áhyggjum, þvert á móti. Jeg hygg ekki, að embætti kennara sje yfirleit erfiðara en annara embættismanna, enda hafa kennarar lengra frí frá störfum en aðrir embættismenn, og þá hvíld frá kenslu.

Jeg vona, að dagskráin verði feld. Miklu hreinlegra væri að fella þá frv., ef hv. deild ekki þykir fært að samþykkja það.

Sigurður Eggerz: Jeg má til að leiðrjetta dálítinn miskilning hjá hv. þm. A.-Húnv. (GÓ). Jeg sagði, að kennarar kendu fleiri stundir en æskilegt væri. Laun þeirra eru svo lítil, að þeir geta ekki framfleytt fjölskyldum sínum, án þess, og því er ekki hægt að hafa á móti þessu. En ef laun þeirra væri betri,

þá væri alls ekki rjett að leyfa þeim þessi aukastörf.

Hv. þm. (GÓ) sagði, að jeg hefði jafnan kjósendur í huga. Auðvitað hefi jeg það, og það er rjettmætt. En hitt er annað, að vera altaf að stritast við að láta kjósendurna hafa mann sjálfan í huga.

Hæstv. forsrh. skildist, að jeg hefði talað óviðeigandi í garð stjórnarinnar. Jeg hefi altaf sagt, að jeg er andvígur hæstv. stjórn í þessu máli. En jeg kvað ekki meir að orði en það, að hæstv. stjórn má vel við una, ef hún fær aldrei verri hnútur. Þá sagði hæstv. forsrh. (JM), að ef dagskráin væri samþykt, væri það sama og að fella frv. Sagði hann ennfremur, að ef frv. væri felt, þá stæði stjórnin eins að vígi og áður. Hún gerir það ekki. Ef frv. verður felt, þá hefir hún fengið bendingu um, að deildin er mótfallin lengingu vinnutímans.

Hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) má ekki gera alt of lítið úr þreytunni. Það er vitanlegt, að þegar sama „pensum" er kent ár eftir ár, þá þarf afskaplega mikið til þess að gera kensluna lifandi, með því sem nú er lagt á kennara.

Sumir kennarar orka þessu, endurnýja sig altaf, koma altaf með eitthvað nýtt. Fyrir kennara og pilta er þreytan hættulegri en margan grunar, og svo alvarlegur hlutur, að síst er að lasta, þó að það væri nánar athugað.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er nú búið að segja svo margt og mikið um þetta mál, hjer í hv. deild, og finna að því, að við höfum bygt nál. á því, að ekki mætti ofþjaka kennurunum. Jeg þekki þetta starf af reynslu, og tillögur mínar eru því ekki gerðar út í bláinn. Og ef reynslan á ekki að skapa mönnum skoðanir í þessu efni, þá veit jeg ekki, hvað á að gera það.

Sumir halda, að kensla sje ekkert annað en yfirheyrsla. Þetta er, sem betur fer, ekki lengur svo. Og síðan kensla komst á þann rekspöl, sem hún nú er komin inn á, er svo margfalt meira heimtað af kennurum en áður var gert. Þá er talað um góða aðstöðu kennara, af því vinnutíminn sje svo stuttur. Það er eftir atvikum, hvort það er til bóta. Margir þeirra geta ekki fengið hagkvæma atvinnu á sumrum. Og því getur það farið svo, að kjör sumra þeirra verði lítt viðunanleg. Ef hægt væri að fresta sumum störfum kenslunnar til sumarsins, þá væri öðru máli að gegna. En það er óframkvæmanlegt.

Það er alveg nauðsynlegt, ef kenslan á að verða annað en leiðinleg yfirheyrsla, að koma óþreyttur að starfi, annars kemur deyfðin og kyrstaðan í staðinn fyrir líf og áhuga.

Frv. gerir ráð fyrir, að leikfimi- og söngkennarar hafi fleiri stundir en aðrir kennarar. Jeg hefi kent leikfimi í mörg ár og veit það, að þessi kensla lýir meira en nokkur önnur kensla. Kennarinn verður að búa sig vandlega undir hverja stund og vera algerlega óþreyttur, ekkert síður en við aðra kenslu, ef nemendurnir eiga að hafa leikfiminnar full not. Jeg er því mótfallinn því, að fjölga kenslustundum leikfimiskennara.

Að því er snertir söngkensluna, hefir verið bent á það, að söngkennarinn við mentaskólann kenni fleiri stundir en honum ber samkv. lögum. En af hverju gerir hann það? Af fjárhagslegum ástæðum. Og jeg er sannfærður um, að það er ekki kenslunni til bóta. Af því

þrtt. byggir á sömu ástæðum og nál., gæti jeg fylgt henni.

Einar Árnason: Hæstv. forsrh. mintist á, að vinnutími kennaranna við kennaraskólann hefði verið lengdur, og ekki hefði verið í móti mælt. Jeg hefi aldrei sagt, að lagalega gætu kennarar neitað, þótt stundum væri fjölgað. En jeg hefi litið svo á, að það væri ósanngjarnt, af því þeir skoðuðu núverandi fyrirkomulag sem samning við sig. — Hv. 1. landsk. (SE) kvaðst ekki geta greitt dagskrá minni atkv. Mjer þótti mótbára hans undarleg. Það var helst svo að heyra, að ef dagskráin væri samþykt, þá hefði stjórnin leyfi til þess að fjölga stundunum. Hún hefir það hvort sem er, eins og hæstv. forsrh. tók fram.

Það voru hv. 1. og hv. 6. landsk., sem töluðu um þreytu kennaranna. Jeg geri ráð fyrir, að kennarar geti þreyst eins og aðrir menn, en jeg vil benda á, að til eru menn, sem altaf eru þreyttir, og aðrir, sem aldrei eru þreyttir. Það fer ekki eingöngu eftir því, hve mikið starf þeir leggja á sig. Jeg hefi þekt tvo kennara við sama skóla. Á öðrum þeirra sá aldrei þreytu. Hinn var sí-þreyttur, og kendu þeir þó jafnmargar stundir. Þreyta manna fer ekki altaf eftir því, hve mikið þeir leggja á sig, og því síður eftir hinu, hve mikið kaup þeim er goldið. Mestu veldur, hve miklu lífsfjöri þeir eru gæddir og yfirleitt, hve vel þeir eru af guði gerðir. Samkvæmt skoðunum þessara hv. nefndarmanna lægi beinast við að snúa frv. alveg við og banna, að lengur væri kent en nú er. Þetta, að hækka kaupið, bætir ekkert úr þreytunni. Það getur vel verið, að mín dagskrá verði feld. Jeg fæst ekkert um það. En skoðanirnar hjer hafa verið svo skiftar, að jeg held, hvernig sem um frv. fer á endanum, að hæstv. stjórn geti ekki dregið neinar ályktanir af því, sem hjer hefir farið fram. Málinu hefir ekkert þokað áleiðis.

Forsætisráðherra (JM): Jeg geri það nauðugur, að tala hvað eftir annað í þessu máli. Ekkert nýtt hefir komið fram, nema það, sem hv. 6. landsk. (IHB) mintist á, um leikfimiskennara, að ekki væri sanngjarnt að heimta, að þeir kendu fleiri stundir en aðrir kennarar. Jeg viðurkenni, að mjer er þetta atriði ekki kappsmál, en jeg held þó, að alment sje álitið, að þeir geti það. Það virðist ekki ósanngjarnt, að þeir kenni fleiri stundir en aðrir, þó ekki sje nema vegna þess, að þeir munu kenna styttri tíma af árinu en aðrir kennarar. Þótt jeg segði, að kensla í ríkisskólunum væri ekki meira þreytandi en mörg önnur embættisverk, þá er það auðvitað, að mjög er áríðandi, að kennarar ofþreytist ekki. Þessvegna er það víða orðinn siður, að veita kennurum endrum og sinnum langt frí, t. d. ársfrí frá störfum, og styrkja þá til utanfara. Ef mönnum sýndist að koma því á hjer, skyldi jeg styðja það. En þess á milli vil jeg láta nota krafta þeirra.

Þó ekki komi það þessu máli við, þá skal jeg taka fram, að jeg álít, að kenslutíminn sje alt of langur fyrir nemendur, og það í öllum skólum.

Jeg staðhæfi, að hjer er ekki farið fram á neitt, sem ekki er fullkomlega sanngjarnt og rjett. Það er alt annað mál, hvernig farið er með kennarana að öðru leyti, og skal jeg ekki fara út í það.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Eyf. (EÁ) feld með 8 : 3 atkv.

Brtt. 260 feld með 8 : 6 atkv.

Frv. samþ. að viðhöfðu nafnakalli, með 8 : 6 atkv., og sögðu

já: EP, GÓ, HSn, JJós, JM, SJ, BK, HSteins.

nei: EÁ, IHB, IP, JóhJóh, JJ, SE.

Frv. afgr. til Nd.

Á 49. fundi í Nd., s. d. var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 18).

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil leyfa mjer að mælast til þess, að umræður verði geymdar um þetta mál, þangað til hv. mentmn. hefir athugað það og látið uppi álit sitt um það. Skal jeg, um leið og jeg vísa til greinargerðar frv., þegar það var borið fram í hv. Ed., leyfa mjer að æskja þess, að það verði athugað.

Bjarni Jónsson: Jeg stend upp aðeins til þess að láta hv. þd. vita, að jeg hefi í huga að koma með brtt. við þetta frv. seinna. En jeg þarf ekki að tala frekar um mál þetta nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til mentamálanefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Löggiltir endurskoðendur.

Á 4. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um löggilta endurskoðendur (þmfrv., A. 35).

Á 6. fundi í Nd., föstudaginn 13. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., mánudaginn 16. febr., var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Bjarni Jónsson): Frv. þetta, sem jeg hefi leyft mjer að flytja, er gamall kunningi. Kom það fyrst fram á þingi 1914. Hefi jeg fyrir framan mig framsöguræðuna, er jeg hjelt þá, og get látið mjer nægja að benda á hana. Annars virðist það sjálfsagt, að heppilegra sje að hafa löggilta endurskoðendur en að hvert fjelag kjósi þá fyrir sig, einkum þó, er um hlutafjelög er að ræða, sem fara með margra eignir. Enda fjelst nefndin, er þá fór með málið, greiðlega á þetta, að nauðsyn bæri til að hafa lögskipaða endurskoðendur. Aðeins varð lítilsháttar ágreiningur um það, hvort öllum fjelögum bæri skylda til að nota þá, eða að þau aðeins mættu gera það, ef þau vildu. Jeg fylti þá flokk þeirra manna, er vildu gera fjelögunum þetta að skyldu. Síðan hefir aldrei verið deilt um þetta mál í þessari hv. þd., er það hefir verið borið fram, heldur hefir hv. Nd. altaf samþykt það, þar til í hitteðfyrra, að það var felt hjer, af annarlegum ástæðum, sem óþarft er nú að greina.

Að svo mæltu vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hv. þd., að hún lofi málinu að ganga til hv. allshn. og samþykki það síðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 23 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. apríl, utan dagskrár, mælti

Árni Jónsson: 17. þ. m. skilaði jeg nál. minnihl. allshn. um frv. til laga um löggilta endurskoðendur, og vildi jeg, að hæstv. forseti hlutaðist til um, að hv. meirihl. skili sínu nál. sem fyrst, þar sem þetta mál þarf endilega að koma fram.

Forseti (BSv): Jeg vil beina því til hv. formanns þessarar nefndar, að hann taki þetta til athugunar.

Magnús Torfason: Við höfum lofað að koma með nál. einhvern fyrstu daga, svo að þessa þurfti ekki með.

Á 78. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 349).

Frsm. minnihl. (Árni Jónsson): Það er í sjálfu sjer mjög leiðinlegt, hversu lengi hefir dregist að koma máli þessu að. Það er að mörgu leyti merkilegt, og teldi jeg æskilegt, að það gæti gengið fram. Málið hefir verið athugað í nefnd, og nú hefir minnihl. skilað áliti sínu fyrir alllöngu síðan, en hv. meirihl. hefir á hinn bóginn ekki látið neitt til sín heyra, og er nú, eins og menn vita, liðið fram að þinglokum.

Eins og kunnugt er, eru löggiltir endurskoðendur alstaðar komnir á, nema hjer. En eftir því sem atvinnulíf þjóðarinnar blómgast og verður fjölbreyttara, og eftir því sem meira fje verður í veltunni, eftir því meiri verður nauðsynin á því, að bókfærsla og rekstur fyrirtækisins sje í góðu lagi. Fyrir því hefir skapast í hinum ýmsu löndum sjerstök stjett manna, sem hefir það starf með höndum, að endurskoða reikninga og líta eftir því, að rekstur fyrirtækjanna sje í sem bestu horfi. En eins og skiljanlegt er, getur margt verið í ólagi, þó að allar tölur komi heim, og því verður það aðalatriðið, að til þessa eftirlits veljist samviskusamir menn, með víðtæka verslunarþekkingu, svo þeir geti komið auga á það, sem aflaga kann að fara, og gefið holl ráð og leiðbeiningar við reksturinn. En mjer er nær að halda, að óvíða muni meiri þörf á mönnum sem þessum en einmitt hjer. Verslunarstjettin íslenska er ennþá tiltölulega ung og atvinnuvegirnir svo áhættusamir, að eigi veitir af, að alt eftirlit sje sem best. Og í rauninni væri rjett, að skylda öll atvinnufyrirtæki, sem rekin eru með lánsfje, til þess, að hafa bókhaldið jafnan í svo góðu lagi, að lánsstofnanirnar ættu jafnan greiðan aðgang til að kynna sjer hag þeirra.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um frv. þetta, sem raunar er gamalkunnugt hjer. Var það fyrst á ferð á þinginu 1914, en komst þá ekki til Ed. Svo var það aftur borið fram fyrir 2 árum, en var þá drepið við 2. umr. Held jeg ekki, að sökin hafi verið sú, að menn væru andvígir málinu í sjálfu sjer, heldur hitt, að þeim hafi fundist frv. vera beint, eins og þá stóð á, að sjerstöku fyrirtæki, sem mönnum var sárt um. En nú er engin slík ástæða

fyrir hendi, og tel jeg þá víst, að hv. þm. muni ljúft að greiða fyrir frv. — Þörfin á löggiltum endurskoðendum er vafalaus, og ekki mun það síst vera í hinum tíðu gjaldþrotamálum, sem mörg hafa verið hreinustu hneykslismál. Er það ekkert fágæti, að gjaldþrota mönnum er borið það á brýn, að þeir hafi skotið undan af eignum sínum. Oftast er þetta eflaust satt. En hitt kemur þó eflaust fyrir, að menn eru hafðir fyrir rangri sök í þessu efni, af því að þeir hafa engin tök á að sanna sakleysi sitt.

Þá ætla jeg ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en vona, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. — — — 17 — —
3.—8. gr. samþ. með 17 hlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 35).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbr. leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Magnús Torfason: Eins og við munum, þá var þessu máli snemma vísað til allshn. á þessu þingi, og þar hefir það nú legið alllengi, og loks gaf minnihl. nefndarinnar út nál., en meirihl. hefir ekki gert það, blátt áfram af hlífð við hv. flm. (BJ), sem allir vita, að mjer er sjerstaklega vel við. Till. er óframbærileg að forminu til, og stórskaðleg að efninu til. Eins og við vitum, og stendur í greinargerð frv., þá er þetta 11 ára gömul afturganga. Nú vitum við það, að hv. flm. (BJ) hefir staðið báðum fótum í stjórnarjötunni alla tíð síðan, en aldrei getað fengið stjórnina til flytja þetta frv. fyrir sig. (**Atvrh., MG:** Hún gerir það á næsta þingi, ef það verður ekki samþykt núna). Jæja, jeg hjelt, að þetta myndi nú helst heyra undir dómsmálaráðherra, en ekki undir atvinnumálaráðherra, en honum er vel trúandi til. En þetta frv., sem hjer er um að ræða, hefir víðtæk áhrif á rjettarfar í landinu, og það var þessvegna, sem jeg hjelt, að það væri dómsmálaráðherra, sem myndi fjalla um þetta mál, því að það er venjan, að sá ráðherra beri slík frv. fram.

Við þetta frv. er það fyrst og fremst að athuga, að skilyrðin fyrir því, að geta orðið löggiltur endurskoðandi, eru sama sem engin, nema ef vera skyldi, að hlutaðeigandi á að vera skapaður nokkurnvegin í kross. (**Atvrh., MG.:** Er það tekið fram?). A. m. k. er ekki annað tekið fram, sem að gagni má verða, nema þá hitt, að maðurinn má ekki vera þjófur. Það mun einhversstaðar vera tilskilið, og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert. Samkv. frv. verður það mikil trúnaðar- og virðingarstaða, að vera löggiltur endurskoðandi, og geta þeir, sem þá löggildingu fá, haft margvísleg áhrif, en þó eru engin sjerstök skilyrði sett fyrir löggildingunni.

Það væri þó vissulega ekki úr vegi, að þeir menn, sem fá svo mikið vald í sínar hendur, verði látnir fullnægja ýmsum skilyrðum, sem ætið eru gerð til annara sýslunarmanna.

T. d. hjelt jeg að hv. flm. (BJ) hefði staðið nær að muna eftir búsetuskilyrðinu. Þau ákvæði, sem gera frv. beinlínis hættulegt, er m. a. að finna í 4. gr. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú láta opinberir sjóðir, hlutafjelög eða sameignarfjelög löggiltan endurskoðanda endurskoða reikinga sína, og skal þá sú endurskoðun jafngilda endurskoðun dómkvaddra manna."

Þetta segir ekkert annað en að löggilta endurskoðendur á að setja á borð við valin vitni. En við vitum, að þegar menn eru dómkvaddir til einhverra starfa, þá er það gert til þess, að dómarinn geti í hverju einstöku tilfelli sjeð fyrir því, að góðir menn og óvilhallir sjeu fengnir til að rannsaka það mál, sem fyrir liggur.

Af ákvæðum 5. gr. má sjá, að vald endurskoðendanna á að vera enn víðtækara en valdra vitna. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja, eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst."

Jafnvel þó að dómari hafi enga trú á hlutaðeigandi endurskoðanda, er honum samt sem áður skylt að nota hann. Þetta er alveg afskaplegt ákvæði. (HK: Menn verða nú að sætta sig við dómara, þó að menn hafi alls enga trú á þeim!) Jú, rjett; en dómarar hafa þó allir fullnægt ströngum skilyrðum, þó vondir kunni að vera, en þessir menn þurfa engum skilyrðum að fullnægja. Og jafnvel þó hv. þm. Barð. (HK) hafi ekki fengið sem besta reynslu af dómurum, þá hjelt jeg, að þeir yrðu varla betri, ef hvern óvalinn strák af götunni mætti setja í þau embætti.

Þá kemur 8. gr., sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarráðið tiltekur nánar verksvið endurskoðenda og setur kaupskrá (taxta) fyrir störf þeirra."

Þetta er stórhættulegt ákvæði og afskaplegt, einnig að formi til. Með hvaða ráðum á að setja taxta fyrir endurskoðun? Hvernig á að finna þar rjettlátan grundvöll? Mjer er þetta óskiljanlegt. Tiltölulega fyrirferðarlitlir reikningar geta verið þannig úr garði gerðir, að endurskoðun þeirra er afarmikið verk. T. d. hefi jeg einu sinni komist í að endurskoða reikninga bús, sem ekki sýndist yfirgripsmikið í upphafi. Jeg var þó 1½ ár að rannsaka skjölin, áður en jeg komst í botn. (ÁJ: Þar hefir vantað löggilta endurskoðendur!) Nei, þeir hefðu sennilega enga kunnáttu haft til brunns að bera, til að geta leyst það verk af hendi.

En í öllu falli verður erfitt að setja taxtann fyrir endurskoðunina. Ef hann á að vera eitthvað í líkingu við það, sem opinberum sýslunarmönnum er greitt fyrir störf sín, þá verða lögin hreint og beint siðspillandi. Við vitum, að gjaldataxtinn fyrir opinber störf er alstaðar smánarlegur lágur.

Þetta mun leiða til þess, að þeir einir munu hafa efni á að nota löggilta endurskoðendur, sem nóg hafa fjeð. Hið opinbera hefir ekki efni á að nota dýran vinnukraft. Ef endurskoðendurnir vilja því fá lífvænlega atvinnu, þá verða þeir að snúa sjer til stóru atvinnurekendanna og vinna fyrir þá. Og einmitt frá þessu sjónarmiði er frv. stórhættulegt. Samkv. því verður endurskoðun manna, sem burgeisar einir hafa efni á að láta vinna hjá sjer, lögð til grundvallar sem sönnun.

Í þessu sambandi er rjett að minnast á atriði, sem reyndar var drepið á, þegar tekjuskattsbreytingin, sem hv. Ed. strádrap eigi alls fyrir löngu, var hjer á ferðinni. Þá var upplýst, að þeir

endurskoðendur, sem nú starfa hjer, sjeu einkum til þess notaðir, að semja skattskýrslur hlutaf jelaga, til þess að þau megi komast hjá því, að greiða of mikinn skatt í ríkissjóð. Og þegar slíkir endurskoðendur hafa fengið löggildingu og skrifa undir skjal, sem á að vera gagn í rjettarþrætu, þá sje jeg ekki betur en að skattatnefnd verði að taka það plagg sem heilagan sannleika.

A. m. k. er sönnunarbyrðinni snúið við með slíku ákvæði. Þar sem skýrsla endurskoðanda á að jafngilda áliti dómkvaddra manna, þá færist sú skylda yfir á hið opinbera, að afsanna skýrsluna, í stað þess, að annars yrði skýrslugjafi að sanna, að skýrslan væri rjett, ef til kæmi.

Jeg hefi áður sagt, sem rjett er, að frá hálfu hins opinbera er engin þörf slíkra löggiltra endurskoðenda. Það þarfnast þeirra örsjaldan, en ef til kæmi, þá getur það snúið sjer til þeirra manna, sem hafa endurskoðun að atvinnu, ef menn hafa þá góða trú á þeim.

Þessi stjett er enn kornung, enda er endurskoðun alveg nýr atvinnuvegur hjer á landi. Lít jeg því svo á, að rjettara sje að láta stjettinni fjölga og fá meiri þroska og æfingu í starfi sínu en hún hefir nú. (ÁJ: Eru hjer til löggiltir endurskoðendur?) Hvenær hefi jeg sagt það? Jeg hefi sagt, að hið opinbera geti snúið sjer til þeirra manna, sem hafa endurskoðun að atvinnu, ef því líst svo.

Eins og kunnugt er, er frv. þetta sjerstaklega fram borið fyrir verslunarstjettina í landinu, og við vitum, að þeirri stjett hefir ekki farið mikið fram á stríðstímunum. Hitt er miklu fremur ur alheimsmál, að verslunarstjettinni hafi yfirleitt hrakað stórum á þessum tíma, og þegar loftið er ekki betra e svo, þá er blátt áfram stórhættulegt a fá þessari stjett slíkt vopn í hendur sen löggiltir endurskoðendur geta orði samkv. þessu frv.

Bjarni Jónsson: Það ber vitni un mælsku manns, að geta haldið skemti lega ræðu um alvarleg málefni, eða lí ið efni.

Nú hefir hv. 1. þm. Árn. (MT) sýn hversu snjall hann er að sjá grýlur o vofur, þar sem engar slíkar forynjur e að finna. Ein fyrsta fyndni hans var a segja, að um löggilding endurskoðend væri engin skilyrði í frv., önnur en þau að maðurinn væri skapaður í kross Þetta stendur nú hvergi í frv. Hv. þm (MT) er því svo snjall, að sjá skilyrði sem hvergi eru sett. En hinsvegar sás honum líka yfir öll skilyrðin, sem frv setur, enda gat hann með því móti bet ur notið fyndni sinnar.

Í fyrri lið 2. gr. eru sett hin sömu skilyrði, sem bæði dómarar og aðrir embættismenn verða að fullnægja, áður en þeir fá veitingu fyrir embættum sín um, t. d. að þeir sjeu fjárráðir og haf óflekkað mannorð o. s. frv.

Í 2. lið greinarinnar er ennfremu krafist hins sama af endurskoðendun um sem t. d. krafist er af dómurum að þeir færi sönnur á kunnáttu sína með þeim hætti, sem stjórnarráðið tek ur gildan, t. d. með prófvottorði, ein og embættismenn gera að jafnaði. Má því segja, að í frv. þessu sjeu sett ná kvæmlega samskonar skilyrði sem öðr um opinberum sýslunarmönnum eru sett. Hinsvegar er þess hvergi krafist, a endurskoðendurnir skuli vera skapaði í kross. Er ekkert því til fyrirstöðu, a í þá vanti t. d. einhverja sveif eða eitt

hvað þesshättar, enda mun þess ekki heldur krafist af dómurum.

Hv. þm. (MT) sagði, að endurskoðendurnir mættu ekki vera þjófar. Í frv. er þetta sama skilyrði, sem bæði hv. þm. (MT) og aðrir opinberir starfsmenn hafa orðið að fullnægja, óflekkað mannorð.

Þá segir hv. þm. (MT) að hættulegt sje að hafa löggilta endurskoðendur, sem heita því við drengskap sinn, að vinna verk sín eftir bestu vitund og ljósta ekki upp leyndarmálum, og telur ósvinnu, að endurskoðun þeirra skuli talin jafngild endurskoðun dómkvaddra manna. Jeg hygg, að dómarar telji yfirleitt skyldu sína að kveðja bestu menn, sem völ er á, til slíkra starfa, en hjer er sjaldan völ á verulega góðum endurskoðendum. En þegar slík stjett kemst hjer á legg og aldur og þroski færist yfir hana, þá verður nóg mannval til endurskoðunar. Löggilt endurskoðun getur aldrei raskað rjettarvissu, heldur einmitt aukið hana. Ekki getur hún heldur gert dómurum erfiðara fyrir, heldur ljett undir með þeim.

Jeg ímynda mjer, að hvorki hv. 1. þm. Árn. (MT) nje nokkur annar dómari myndi hugsa sig tvisvar um, áður en hann leitaði til löggiltra endurskoðenda, ef þess væri kostur.

Hv. þm. (MT) þótti voðalegt að þurfa að nota löggilta endurskoðendur við endurskoðun þrotabúa og atvinnufyrirtækja, vegna þess, að ekki sje víst, að þeim verði treyst. Það er rjett, sem hv. þm. Barð. (HK) skaut hjer fram í umr., að yfirleitt verða menn að sætta sig við opinbera sýslunarmenn, þó að þeir vantreysti þeim persónulega. Ríkið hefir treyst þeim, þegar þeir fengu embættin, og það á að vera meiri trygging en þó að einhverjir einstaklingar vantreysti þessum sömu mönnum.

Jeg fæ ekki skilið þá fullyrðingu hv. þm. (MT), að orð endurskoðendanna eigi að standa sem dómsorð. Dómarar dæma auðvitað eftir sem áður eftir sinni betri þekkingu og viti, ef endurskoðendurnir gera eitthvað skakt.

Hv. þm. (MT) þótti óhæfa að tala um kauptaxta, vegna þess að endurskoðendurnir myndu einkum vinna hjá burgeisum, sem hann kallaði.

Taxtann á einmitt að setja vegna þeirra, sem efnaminni eru, en þurfa þó að nota endurskoðendurna, og svo vegna hins opinbera. — Annars skilst mjer, að þetta orð: „burgeis“, sje hið sama og franska orðið „bourgeois“, sem þýðir „borgari“, en þeir geta bæði verið fátækir og ríkir, eins og allir aðrir hv. þm. vita. Að vísu er ekki ósennilegt, að hæstv. stjórn verði í vanda stödd, að ákveða taxta fyrir jafnerfið endurskoðunarstörf sem þau t. d., að þrautreyndur og alfullkominn dómari þarf ekki minna en 1½ ár til að endurskoða einn reikning. En hæstv. stjórn reynir hvað hún getur, því sjálfsagt er, að slíkum endurskoðendum sje sett gjaldskrá, sem mörgum öðrum opinberum sýslunarmönnum. Hinir efnaminni eiga líka að geta aflað sjer þeirrar tryggingar, sem felst í endurskoðun löggiltra manna.

Þá sagði hv. þm. (MT), að þessir endurskoðendur hafi hingað til aðallega verið notaðir til þess að hjálpa hlutafjelögum til að draga undan rjettmætum tekjuskatti í ríkissjóð. Hversvegna erum við þá að ræða þetta mál, ef löggiltir endurskoðendur eru til í landinu og hafa hjálpað mönnum til að gefa upp

til skatts um langan tíma? Nú um 6—8 ára skeið hefir minn tilgangur verið sá, að stjett þessi yrði til í landinu og menn geti aflað sjer þeirrar tryggingar, sem felst í endurskoðun manna, sem hafa vit og næga þekkingu á endurskoðun, og það eiga löggiltir endurskoðendur að hafa. Það er rjett, að þessi stjett er ung og fámenn; hún er alls ekki til enn.

Að lokum vil jeg þakka hv. þm. (MT) andmæli hans gegn frv., þar sem þau hafa snúist í hin bestu meðmæli, sem jeg get kosið.

Ágúst Flygenring: Hv. 1. þm. Árn. (MT) vjek enn einu sinni að þeirri Grúsögu, að ýmsir stærri atvinnurekendur, og þá líklega einkum togaraútgerðarfjelög hjer í Reykjavík, hafi notað eina faglærða endurskoðandann, sem nú er völ á hjer, til þess að hjálpa þeim til að svíkjast undan rjettmætum skatti. Annað liggur ekki í orðum hv. þm. hjer í dag, og ennfremur var ymprað á þessu sama í umræðum um breytingar á tekjuskattslögunum hjer um daginn. Í því skitkasti, sem ýmsir hv. þdm. áttu þá, hirti jeg ekki um að taka til máls. En úr því nú gafst tækifæri til að minnast á þessar sögusagnir, þá vil jeg lýsa þær tilhæfulausan uppspuna. Þessi fjelög eru einmitt svo heiðvirð, að láta fagmann, sem hefir lengi unnið við löggilta endurskoðunarstofnun í Danmörku, yfirfara reikninga sína. Þetta gera fjelögin af tveim ástæðum. Fyrst og fremst veitir slík endurskoðun hluthöfunum fullkomið öryggi, og í annan stað á hún að vera trygging fyrir því, að þau sjeu ekki höfð fyrir röngu ámæli um að þau greiði ekki þann skatt, sem þeim ber, þó að sumir hv. þm. láti sjer sæma slíkar aðdróttanir.

Það er heldur ekki til neins að mæla því í gegn, að endurskoðendur þurfa að vera þaulvanir fagmenn, ef endurskoðunin á að vera örugg. Og sýslumenn geta ekki, hversu ágætir sem þeir annars kunna að vera, mælt sig við fagmenn á þessu sviði. En auðvitað kemur ekki til mála, að aðrir verði löggiltir endurskoðendur en þeir, sem færa sönnur á fullkomna kunnáttu sína í þessum efnum.

Frsm. minnihl. (Árni Jónsson): Eins og menn muna, var þetta mál til 2. umr. í gær. Hefði þá mátt búast við því, að hv. 1. þm. Árn. hefði eitthvað um það að segja. En hann hafði það ekki og labbaði steinþegjandi burt áður en til atkvgr. kom. Nú vildi hann bæta þetta upp, reis upp og gusaði mikið, en óð mjög grunt. Hann sagði, að þetta mál hefði lengi legið fyrir allshn., en loks hefði minnihl. skilað nál. sínu. Þetta „loks“ merkir það, að minnihl. skilaði nál. sínu 16. apríl. Nú er næstum mánuður síðan, og virðist málið ekki svo stórviða, að hv. meirihl. hefði átt að geta áttað sig á því fyr og komið fram með sitt nál. fyr en rjett í lokin. Hv. þm. (MT) sagði, að hann hefði ekki viljað koma með málið í deildina af hlífð við hv. flm. (BJ). Nú þykir mjer, og sjálfsagt fleirum, nokkuð langt sótt, því um það blandast engum hugur, að hv. flm. (BJ) stendur þessum hv. þm. (MT) langtum framar í öllu tilliti. Fer því skörin að færast upp í bekkinn, þegar slík ummæli heyrast úr þessari átt. Ætti hv. þm. (MT) fyrst að hugsa um það, að komast þangað með tærnar, sem hv. þm. Dala. hefir hælana, áður en hann fer að tala um að hlífa honum.

Hv. þm. Dala. hefir svarað þeim orð-

um hv. þm. (MT), að þetta frv. væri óframbærilegt. Hefi jeg engu við svör hans að bæta og hirði ekki um að lengja tímann með því að endurtaka þau. En það var eitt atriði, sem hv. þm. Dala. (BJ) fór ekki út í, og jeg hefi gaman af að sýna, hve gáfulegt var. Hv. þm. (MT) sagði, að þetta frv. færi í þá átt, að breyta rjettarfarinu í landinu. Mjer er nú alveg óskiljanlegt, hvernig það á að breyta rjettarfarinu í landinu, og þá síst til þess lakara, ef betri reglu er komið á bókhald og starfrækslu þeirra fyrirtækja, sem rekin eru í landinu.

Hv. þm. (MT) sagði, að engin önnur skilyrði væru sett fyrir því, hverjir gætu orðið endurskoðendur, en þau, að þeir væru skapaðir í kross og ekki þjófar. Auðvitað er hvorugt nefnt í frv., heldur hitt, sem vænta mætti, að hv. þm. (MT) væri læs á, að endurskoðendurnir skuli sanna það fyrir nefnd, að þeir hafi nægilega þekkingu samkvæmt því, er ákveðið verður í reglugerð, er stjórnin setur. Virðist lítil hætta á, að stjórnin geti ekki sett nægilega og nauðsynlega reglugerð um þetta, þar sem þetta skipulag er fyrir löngu komið á í nágrannalöndunum. Má ætla, að þessi reglugerð verði sett í samræmi við þær reglur, sem þar gilda, og lært af þeirri reynslu, sem þar hefir fengist. Þá þótti hv. þm. (MT) mjög einkennileg þau fyrirmæli í 5. gr., að ef dómendur vilji hafa sjerstaka endurskoðendur, þá skuli þeir leita til hinna löggiltu endurskoðenda. Hv. þm. Barð. (HK) stakk svo rækilega upp í hv. þm. (MT) í þessu efni, að óþarft virðist að troða þar meiru. Sætir það mestu furðu, að hann sem dómari skuli fjargviðrast út af þessu. Því hjer gilda sömu reglur og alstaðar annarsstaðar, að sjálfsagt þykir í hverju efni að leita til þeirra, sem þar kunna best skil á. Ef einhver fer í mál, leitar hann til yfirvaldsins, ekki eingöngu af skyldu, heldur og af því, að hann trúir honum best til að leysa vandræði sín.

Hv. þm. (MT) sagði, að endurskoðendur hjer ynnu helst að því, að koma gróðafjelögunum hjá lögmætum skatti. Mjer er ekki kunnugt um, að það sje nema eitt firma hjer í bæ, sem starfað hefir og starfar að endurskoðun. Skora jeg hjer með á hv. þm. að segja skýrt til um, hvort hann vill halda því fram, að það hafi hjálpað mönnum í þessu skyni, og ef svo er, hvaða gróðafjelögum það þá hafi hjálpað til að komast hjá því að greiða skatt. Það er svo langt frá því, að þetta sje í lög sett til þess að hjálpa mönnum til að komast hjá skatti, að það er þvert á móti sett til öryggis, til að komið sje alveg í veg fyrir slíkt. Þetta er sett til þess, að braskarar og „svindlarar" og aðrir fjárglæframenn geti ekki, er þeir gefa sig upp, skotið stórfje undan, og braskað síðan eins og ekkert hefði í skorist, en slíkt hefir því miður alt of oft átt sjer stað.

Ef það er rjett, sem hv. þm. (MT) sagði, að verslunarstjettinni hafi hrakað í siðgæði eftir stríðið, og jeg skal ekki rengja, að svo kunni að vera, þá er því meiri nauðsyn að setja þennan hemil.

Hv. þm. (MT) sagði, að stjettin væri ung. Já, hún er meira að segja, eins og hv. þm. Dala. tók fram, ófædd enn. Hingað til hafa ekki verið neinir löggiltir endurskoðendur í landinu, heldur aðeins „prívat" endurskoðendur, sem ekki hafa borið neina ábyrgð gagnvart því opinbera. Finst mjer það merkilegt af embættismanni, að hafa svo litla trú sem hv. þm. (MT) hefir á „administration", eða þeim mönnum, sem bæði bera

ábyrgð gegn einstaklingum og því opinbera. Satt er að vísu, sem sagt var, að nokkur skríll finst í öllum stjettum. Dæmi eru þess, að prestar hafa mist kjól og kall fyrir ólifnað. En ættum við ekki að hafa neina presta fyrir það? Jeg þekki dæmi þess, að sáttanefndarmaður var rekinn fyrir það, að hann spilti sættum. Ættum við ekki að hafa neina sáttanefndarmenn þessvegna? Jeg veit til þess, að hreppsstjóri sveik tíund, og var settur af. Eigum við því að hafa enga hreppstjóra? Og jeg veit til þess, að sjóðþurð varð hjá sýslumanni og hann varð að láta af embætti. Vill hv. þm. (MT) af þeim sökum leggja til, að allir sýslumenn verði lagðir niður? Það væri ekki nema hliðstætt við það, að hann vill enga löggilta endurskoðendur hafa, af því að til kunni að vera misendismenn í þeirri stjett.

Satt að segja var ómögulegt að finna nokkurn botn í ræðu hv. þm. (MT). Hann hefði átt að taka sama kostinn og í gær, að fara út áður en hann varð sjer til stórskammar, og mun sú skömm hans aðeins verða enn meiri, ef hann stendur upp aftur.

Magnús Torfason: Jeg verð að segja, að jeg hjelt ekki, að hv. þm. Dala. væri orðinn eins mikið barn og hann er orðinn, samkv. síðustu ræðu hans. Jeg hefi að vísu tekið eftir því, að honum er farið að förlast, en jeg hjelt ekki, að það væru svona mikil brögð að því. Alt, sem hann sagði, var aðeins barnalegur útúrsnúningur á því, sem jeg bar fram. Jeg vil taka eitt. Hv. þm. (BJ) sagði, að jeg hefði sagt, að það væru engin þekkingarskilyrði í frv. En jeg sagði það ekki. Jeg gekk alveg fram hjá þekkingarskilyrðunum. Jeg gerði það viljandi. Jeg get sagt hversvegna. Það er sagt, að þessir menn eigi að hafa vit á verslun og viðskiftum og reikningshaldi. Það þýðir líklega, að þeir eigi að hafa kaupmannsvit. Frekari eru skilyrðin ekki. Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) segir, að aðeins sjeu til tveir endurskoðendur í landinu, og þá ætla jeg, að erfitt sje að fá menn til þess að prófa þessa menn. Þetta skilyrði er því í sjálfu sjer einskisvirði. Satt að segja hefir mjer aldrei dottið í hug, að menn fengju stimpil, fyr en þeir hefðu sýnt það með verkum sínum, að þeir væru færir um að gegna þessum störfum. Orðrómurinn fylgir hverjum verkmanni, og það er vitanlega besta tryggingin. Þessvegna geri jeg ekkert úr þessum ákvæðum.

Það, sem jeg hefi mest á móti frv. er það, að það á að setja strax þennan stimpil á þessa menn og skylda menn til að nota þá í öllum tilfellum, og skylda hið opinbera til þess að nota þá. Sje jeg ekki, hvað er unnið við það, að hið opinbera megi ekki aðeins nota þessa menn, heldur megi það alls ekki láta vera að nota þá. M. ö. o.: það er verið að búa til einskonar einokun í þessu efni, því eins og nú er, getur dómarinn valið á milli manna og tekið þá, er hann telur besta. Og að taka þetta vald af dómendum landsins, það er hrein og bein afturför.

Þá var bæði hv. þm. Dala. (BJ) og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) að brýna mig á því, að jeg hefði sagt, að það væri altalað í bænum, að þeir endurskoðendur, sem nú eru, hjálpuðu stórgróðafjelögum til að svíkjast undan skatti. Jeg mótmælti því um daginn og geri enn, að jeg hafi sagt, að þessir menn hjálpi mönnum til að svíkjast undan skatti. En hv. þm. virðast ekki vita, að þegar

þeir afsaka, þá eru þeir líka að ásaka. Lítur svo út, að samviskan sje ekki betri en það, að þeir þykist þurfa að afsaka þessa menn, sem jeg hefi ekki ákært. Jeg þekki mennina ekkert, og hefir mjer aldrei dottið í hug að koma með slíkar dylgjur í þeirra garð. Það, sem jeg sagði í dag og vildi leggja áherslu á, það er, að þeir eru viðskiftamenn stóru fjelaganna, og þessvegna væri ekki rjett að skylda hið opinbera til þess að nota þá. Jeg hjelt, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) ætti að minsta kosti að vita það, að ekki er það síður nokkursstaðar, ef fara á í mál við stofnun, að snúa sjer til málaflutningsmanns hennar eða manns, sem stendur í þjónustu hennar. Hjer er að ræða um menn, sem standa í þjónustu stærri fyrirtækja, og því er það ekki aðeins ekki rjett, heldur beinlínis rangt, að skylda hið opinbera til að snúa sjer sjerstaklega til þessara endurskoðenda. Það er sagt, að endurskoðunin eigi að vera „röksamleg". Jeg býst við, að það þýði lítið. Það virðist liggja í hlutarins eðli, að hún eigi ekki að vera neitt kák, hver sem framkvæmir hana. Enda verð jeg að halda, að dómendur landsins muni yfirleitt endurskoða röksamlega skjöl þrotabúa. Sem sagt, það er einkum ákvæðið í 5. gr., sem jeg tel algerlega ófært.

Jeg var dálítið hlessa á, að hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) skyldi kasta að mjer persónulegum hnútum. Jeg veit ekki til, að jeg hafi sagt eitt einasta skakt orð til hans nokkru sinni. Hann vildi gera lítið úr mjer, en hefja annan mann upp úr skýjunum. Jeg skal ekki draga úr því hóli, en jeg verð þó að segja, að jeg þykist hafa betra vit á þessu máli en hv. þm. Dala. (BJ). Jeg býst og við, að hv. þm. (ÁJ) geti lítið borið um kunnáttu mína á þessu sviði og því síður kunnáttu hv. þm. Dala. Hann mun vera því hvorutveggja jafn-ókunnugur.

Hv. þm. (ÁJ) endaði með að segja, að hann hefði ekki fundið neinn botn í minni ræðu. Jeg get vel hugsað, að svo hafi verið, því að honum var svo mikið í skapi, að honum mun hafa reynst erfitt að hlusta á hana með jafnaðargeði. En jeg vil skjóta öðru að hv. þm., því, hvort hann hafi nokkurntíma fundið eða finni botn í sjálfum sjer?

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 35).

Á 77. fundi í Ed., fimtudaginn 14. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 5 atkv.

Till. um að vísa málinu til nefndar var feld með 6 : 6 atkv.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti (HSteins): Það stendur svo á um þau mál bæði, sem eftir standa á dagskrá, sem sje frv. til laga um löggilta endurskoðendur, og tillögu til þingsályktunar um verndun frægra sögustaða, að leyfa verður afbrigði frá þingsköpum til þess að þau megi koma

fyrir fundinn. Hæstv. stjórn hefir leyft afbrigðin fyrir sitt leyti, og vil jeg þá spyrja hv. deild, hvort hún leyfi afbrigði fyrir bæði þessi mál.

Jónas Jónsson: Jeg vil geta þess viðvíkjandi öðru þessu máli, að það er dálítið vandasamt, og jeg get ekki greitt atkvæði með afbrigðum, með því að jeg hefi alls engan tíma haft til þess að athuga það. — Um hitt málið hefi jeg aftur ekkert að athuga. Jeg vil því biðja hæstv. forseta að leita afbrigðanna fyrir hvort mál út af fyrir sig.

ATKVGR.

Afbrigða um frv. var synjað af deildinni með 4 : 8 atkv.

Á 79. fundi í Ed., föstudaginn 15. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 : 3 atkv.
2. gr. samþ. með 10 : 3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 3 atkv.

Á þessum sama fundi var slitið störfum deildarinnar, og kom frv. því ekki til meðferðar framar.

---

7. Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Á 5. fundi í Nd., fimtudaginn 12. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 25, 19. júní 1922 [Bæjarstjórn í Hafnarfirði] (þmfrv., A. 37).

Á 7. fundi í Nd., laugardaginn 14. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Ágúst Flygenring): Þetta litla frv. er fram komið beinlínis vegna laga þeirra um bæjargjöld í Reykjavík, sem samþ. voru hjer á síðasta þingi.

Fram á síðustu ár hefir það verið sem óskráður samningur milli kaupstaðanna, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að í Hafnarfirði skyldu ekki lögð útsvör á Reykvíkinga, sem leituðu sjer þar atvinnu, þó að um lengri tíma væri en 3 mánuði, og gagnkvæmt. En er mannfjöldinn óx í báðum kaupstöðunum, varð þessi venja að falla niður, og að lokum er svo komið, að með lögum frá síðasta þingi um bæjargjöld í Reykjavík, eru allir þeir menn gerðir útsvarsskyldir þar, sem atvinnu stunda á skipum Reykvíkinga.

Jeg skal leiða hjá mjer að tala um það, hversu rjettlátt eða sanngjarnt þetta nýja fyrirkomulag á útsvarsskyldunni kann að vera í sjálfu sjer. Um það geta verið skiftar skoðanir, og má sjálfsagt færa mörg rök bæði með og móti. En hitt mun öllum geta komið saman um, að þessi bæjarfjelög eigi í raun og veru ekki síður rjett á að njóta nokkurs framlags til opinberra bæjarútgjalda frá þeim, sem hafa atvinnu á skipum þeim, sem heima eiga í bæjunum, en frá hinum, sem vinna þar í landi. Enda er það að sjálfsögðu svo, að þeir bæjarmenn sjálfir, sem eru á þessum skipum, bera þar aukaútsvör, þó að þeir komi aðeins örsjaldan í land.

Tæplega getur heldur orðið spurning um atvinnutímann, sem í frv. þessu

er settur sem skilyrði fyrir gjaldkröfunni. Hann virðist hljóta að verða sá sami í báðum þessum nágrannakaupstöðum, og jafnlangur þeim tíma, sem áður hefir verið ákveðinn fyrir fólk, sem í landi vinnur, sem sje 3 mánuðir í báðum tilfellum. Annars má yfirleitt segja það um þessi lagaákvæði, hversu rjettlát eða órjettlát sem þau kunna að sýnast, þá hljóti löggjöfin þó að látà eitt og hið sama yfir bæði þessi nágranna-bæjarfjelög ganga í þessum efnum. Það er óhjákvæmilegt, því að annars verður ekki komist hjá misrjetti, sem enginn sanngjarn maður vill við una.

Að umr. þessari lokinni óska jeg, að frv. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 37, n. 61).

Frsm. meirihl. (Jón Baldvinsson): Þessu máli var vísað til allshn., og hefir hún athugað það. Eins og nál. á þskj. 61 ber með sjer, hefir nefndin, að undanteknum einum manni, fallist á frv., og leggur því meirihl. til, að það verði samþ. óbreytt. Minnihl. flytur brtt. á sama þskj., og mun hann gera grein fyrir sjerstöðu sinni.

Í sveitarstjórnarlaga-breytingunum frá 1914 er ákveðið, að leggja megi útsvar á menn, ef þeir hafa fast aðsetur í hreppi þriggja mánaða tíma eða lengur, en áður hafði það verið miðað við 4 mánuði, og þótti of langt. En þetta 4 mánaða ákvæði var sett í kaupstaðarlög Hafnarfjarðar frá 22. nóv. 1907. Aftur á móti hafði Reykjavík ekki jafnvíðtækan rjett til þess að leggja á útsvör, eftir tilskipun frá 1872.

Á síðustu árum hafa ýmsar breytingar orðið á 36. og 37. gr. sveitarstjórnarlaganna. Því var það, að þegar bæjarlög Reykjavíkur voru tekin til endurskoðunar á síðasta þingi, að þá var inn í þau tekið alt, sem komið var inn í ýms önnur lög þessum málum viðvíkjandi. Og þá var þetta nýmæli upp tekið, að heimila bænum að leggja útsvar á þá menn, sem lögskráðir eru á skip þaðan 3 mánuði eða lengur. Þetta ákvæði var samsvarandi því, sem sveitirnar hafa og flestir kaupstaðir notfært sjer. Það er illmögulegt að hafa hemil á öðrum en þeim, sem lögskráðir eru á skip hjeðan. Fjölmennið er orðið svo mikið í bænum, að óhugsandi er að vita, hverjir aðkomumanna stundi hjer atvinnu í 3 mánuði, enda er reynslan sú, að allir landvinnumenn sleppa við að greiða útsvör hjer, þó að þeir stundi hjer atvinnu lengur en 3 mánaða tíma. Um sveitirnar er alt öðru máli að gegna; þar veit hreppsnefndin um alla, sem atvinnu stunda í sveitinni, og lætur því engan sleppa, er þar dvelur þennan ákveðna tíma.

Þegar þetta ákvæði var komið inn í bæjarlög Reykjavíkur, hafa ýmsir aðrir kaupstaðir hugsað sjer til hreyfings, og er þetta frv. fram komið af þeim ástæðum, eins og segir í greinargerðinni. Hjer er alveg um samhljóða ákvæði að ræða og í bæjarlögum Reykjavíkur, og

lítur meirihl. nefndarinnar svo á, að það sje ekki nema sanngirniskrafa, að Hafnarfjörður njóti í þessu efni sömu hlunnindanna. Hafnarfjörður er líka orðinn það fjölmennur kaupstaður, að erfitt er að greina, þó að utanbæjarmenn stundi þar atvinnu í 4 mánuði, enda reynslan orðið sú, að flestir aðkomumenn hafa sloppið við að greiða útsvar þar.

Þó er í þessu frv. eitt nýmæli, sem aðeins nær til Hafnarfjarðar. Svo er nefnilega mál með vexti, að frá Hafnarfirði ganga 6 togarar erlendir, sem ekki eru skrásettir þar, heldur erlendis, þar sem þeir eiga heimilisfang. Ákvæði Reykjavíkurlaganna kæmi því Hafnarfirði að engu haldi, þar sem það miðast við þau skip, sem skrásett eru á staðnum. Nú er það einmitt meining bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, að ákvæði þetta nái til þeirra manna, sem skráðir eru á þessi skip, og þessvegna er bætt inn í frv. öðru ákvæði, og miðað við þau skip, sem ganga til fiskiveiða þaðan eigi skemur en 3 mánuði gjaldársins.

Þetta atriði er nokkuð sjerstakt fyrir Hafnarfjörð, og því sanngjarnt, að ákvæðið sje víðtækara en annarsstaðar tíðkast. Nefndin hefir einmitt rætt um þetta all-ítarlega og fallist á, að rjettmætt væri að gera þeim mönnum skylt að greiða útsvar, sem lögskráðir eru á þessi erlendu skip, enda ekki nema í samræmi við það, að láta hina borga, sem atvinnu hafa samtímis á skipum, sem skráð eru í Hafnarfirði. Og það er með þessum skilningi á lögunum, að ákvæðinu verði aðeins beitt við þessi erlendu skip, að meirihl. nefndarinnar leggur til, að frv. nái fram að ganga óbreytt. Hv. flm., 1. þm. G.-K. (ÁF), hefir og tekið þetta fram, að ákvæðið miðist við þessa erlendu togara, og nái ekki til innlendra skipa fram yfir það, sem landslög að öðru leyti standa til. Og sje þetta rjett, þá er ekki nema sjálfsagt að samþykkja frv. með þessum skýringum. Þær geta þá orðið til leiðbeiningar síðar, ef ágreiningur kæmi upp um það, við hvað væri átt með þessu ákvæði í lögunum.

Hinsvegar vil jeg benda á það í þessu sambandi, vegna hinna ýmsu breytinga, sem þm. nú vilja gera á sveitarstjórnar- og kaupstaða-lögum, að þá væri rjett að athuga, hvað langt má fara í þessu efni. Nú hafa þinginu borist mótmæli frá flestum nágrannahreppum Hafnarfjarðarkaupstaðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Skjalið liggur hjer fyrir framan mig, og skal jeg lesa hreppana upp, með leyfi hæstv. forseta. Það eru hreppsnefndir Kjalarness-, Mosfellssveitar-, Seltjarnarness-, Bessastaða-, Garða-, Vatnsleysustrandar- og Gerðahrepps sem mótmælin senda, og öll beinast mótmælin gegn þessu ákvæði, er sett var inn í bæjarlög Reykjavíkur í fyrra, um útsvarsskyldu þeirra manna, er lögskráðir eru á skip frá Reykjavík í 3 mánuði. Hreppurnir mótmæla því, að ákvæðinu sje beitt við menn úr þessum sveitum, og heimta, að ákvæðið sje úr lögum numið. Þetta er langt mál og ítarlegt, og aðallega stílað móti Reykjavík, en hlýtur einnig að ná til Hafnarfjarðar. Aðalkjarninn í þessum andmælum er sá, að binda útsvarið við fast aðsetur gjaldandans, leggja ekki á menn annarsstaðar en þar, sem þeir eiga lögheimili. Þetta er vitanlega mikil breyting frá því, sem nú er, því að jeg held, að lögum samkvæmt sje lagt á alla til sveita, sem dvelja í sama hreppi 3 mánaða tíma. Þessvegna væri rjett að

athuga, hvort ekki sje of langt gengið í útsvarsálagningu yfirleitt.

Jeg hefi ekkert umboð frá nefndinni að fara frekar út í þetta mál. En hvað sjálfan mig snertir, þá hefi jeg oft lýst því yfir, bæði í umræðum um þessi mál í bæjarstjórn Reykjavíkur og eins hjer á Alþingi, að jeg er mótfallinn því, að elta verkamenn eða sjómenn með útsvarsálagningu, þó að þeir stundi þessa hlaupaatvinnu þennan ákveðna tíma. Hinsvegar verð jeg að líta svo á, að úr því að sveitirnar notfæra sjer þetta, þá er ekki nema sanngjarnt, þó að kaupstaðirnir komi á eftir. Jeg gæti þessvegna því aðeins felt mig við að fella ákvæði um þetta úr lögunum, að um leið væri gerð breyting, ekki einungis á kaupstaðalöggjöfinni, heldur einnig á sveitarstjórnarlögunum.

En á meðan þetta er ekki gert, er það aðeins sanngirniskrafa, að frv. þetta verði að lögum, og í samræmi við það, sem þingið gerði í fyrra.

Frsm. minnihl. (Magnús Torfason): Þegar betur er athugað, þá er nú ekki mikill munur á afstöðu meiri- og minnihl. í þessu máli.

Meirihl. nefndarinnar hefir lýst því yfir, bæði í nál. og ekki síður fyrir munn aðalframsögumanns í ræðu hans áðan, að með frv. sje meiningin að ná skatti af mönnum, sem atvinnu stunda á erlendum togurum, er ganga nú frá Hafnarfirði, og nefndin, eða meirihl., vill koma þessu fyrir á þann hátt, sem skýrt er frá í nál., að viðbættum þeim skýringum, er felast í ræðu aðalfrsm.

Jeg er nú svo gerður, að jeg vil, að það sje tekið glögglega fram í lögunum, sem í þeim á að liggja, svo að síðar, þegar fara á að dæma eftir þeim, þurfi ekki að leita eftir einhverjum gögnum eða skýringum, sem þá eru ekki fyrir hendi. Og þó að það sje upplýst, bæði af flm. og frsm. meirihl., að bæjarstjórnin ætlist til, að þetta frv. nái aðeins til þessara manna, er atvinnu stunda á þessum erlendu togurum, og ákvæði þessu verði ekki beitt við aðra menn, þá er alls ekki þar með sagt, að bæjarstjórnin í Hafnarfirði sje bundin við þessa yfirlýsingu til eilífðar. Jeg er ekki þar með að segja, að sú bæjarstjórn, er þessa yfirlýsingu gefur nú, ætli að misbeita ákvæðinu. En það geta komið nýir menn inn í hana, sem annan skilning leggja í lögin. Bæjarstjórnir eru nú einu sinni breytilegar, og ómögulegt að segja fyrirfram, hverjir ráði í Hafnarfirði eftir nokkur ár, eða hvernig þeir túlki þetta lagaákvæði.

Það, sem gerir þessa skýringu nefndarinnar hæpna, er, að orðalagið er víðtækara en ætlast er til með frv. Þar er tekið fram, að ákvæðið nái til manna, sem „ekki eru búsettir í Hafnarfirði". Með þessu er skilyrði álagningarinnar „negativt", en í sveitastjórnarlögum, allar götur frá lögum 9. ág. 1889, um breytingar á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, eru sett „positiv" skilyrði fyrir því, á hverja megi leggja. Og þetta skilyrði fyrir persónulega útsvari er, að þeir hafi haft fast aðsetur í hreppnum.

Bæjarstjórnarlög Hafnarfjarðar, frá 1922, byrja þannig:

„Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum, eigi skemur en 3 mánuði."

Þarna er einmitt tekið fram þetta gamla og góða ákvæði, að það nái ekki

nema til þeirra manna, er hafa fasta atvinnu í kaupstaðnum. En þetta nýmæli, sem hjer er tekið upp, komst fyrst inn í bæjargjaldalög Reykjavíkur í fyrra, og er það þveröfugt við stefnu löggjafans, alt til þess, sem lætur ákvæðin aðeins ná til „landshornafólks" og lausagopa.

Eftir orðum frv. eiga Hafnfirðingar nú líka að geta lagt útsvar á skip eða útveg, sem rekinn er frá Hafnarfirði, þó að skipin sjeu ekki skrásett þar. Nær þetta vitanlega fyrst og fremst til skipa, sem heima eiga annarsstaðar en hjer við Faxaflóa. Undan þessu ákvæði þýðir ekkert að kvarta. Þetta eru almenn landslög. En frv. þetta gengur í þá átt, að bænum sje ennfremur leyft að leggja útsvar á atvinnu þeirra manna, sem skrásettir eru á þessi skip, hvar sem þeir annars eiga heimili. Þetta getur m. ö. o. orðið tvöfaldur skattur. Þessvegna er það, að jeg hefi borið fram brtt. þess efnis, að ekki sje heimilt að leggja útsvar á þessa menn, ef þeir eiga lögheimili annarsstaðar á landinu, og er það í samræmi við lög þau, sem gilda hjer á landi, annarsstaðar en í Reykjavík. Þessi regla er að mínu áliti holl og góð, að útsvars- og framfærsluskylda fylgist að. Útsvarsskyldan hefir altaf verið miðuð við fast aðsetur í hreppnum, og þrátt fyrir marga tugi breytinga, sem orðið hafa á sveitarstjórnarlöggjöfinni, alt frá því að tilskipun 1872 var gefin út, til vorra daga, þá hefir þetta þó verið rauði þráðurinn, sem aldrei hefir verið haggað við, þangað til í fyrra. Vitaskuld hefir þessu ákvæði ef til vill verið dálitið misjafnlega fylgt í einstaka sýslum, en yfirleitt hafa dómarar lagt þann skilning í þetta ákvæði, sem jeg hefi haldið hjer fram. Áður en lögin 1889 voru gefin út, voru um þau talsverðar umræður hjer á Alþingi, sjerstaklega um það, hvaða skilning ætti að leggja í orðin „fast aðsetur". Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr grein um þetta mál eftir Jón Magnússon, sem þá var landshöfðingjaritari, en nú er forsætisráðherra. Tekur hann þar upp úr þingtíðindunum þessi ummæli þáverandi landshöfðingja:

„Jeg verð að skilja gildandi lög svo, að menn eigi aðeins að borga sveitarútsvar þar, sem þeir eiga fast heimili, og yrði jeg að álita það óheppilegt, ef nú ætti að gera á því þá breytingu, að draga ætti af útsvari sveitabónda til þess hrepps, þar sem hann á heimili og, ef til vill, konu og börn, og leggja nokkurn hluta þess til þess hrepps, þar sem hann kann að dvelja um stundarsakir til að stunda sjó. Eins væri um þá, sem eiga heima í sjóarplássunum, en fara á sumrum í kaupavinnu, eftir skilningi h. 5. kgk. þm. (síra Arnljóts Ólafss.)."

Og ennfremur segir svo í þessum ummælum landshöfðingja:

„Jeg held, að misskilningur h. 5. kgk. þm. (A. Ó.) sje í því fólginn, að hann leggi annað í „fast aðsetur" en alment er gert. Mjer fyrir mitt leyti dettur ekki í hug að segja um sveitamann, sem fer til sjávar að róa, að hann hafi f a s t a ð s e t u r þar, sem hann hefir skiprúm, heldur hefir hann f a s t a ð s e t u r þar, sem hann á heimili, eða þar, sem hann á bú eða konu. Eins er um sjóarmann, sem á heimili í sjóarplássi, en fer frá heimilinu í kaupavinnu lengri eða skemri tíma; hann hefir f a s t a ð s e t u r þar, sem heimilið er, en ekki þar, sem hann hefir bráðabirgðavinnuna."

Í sömu umr. tók landshöfðingi það skýrt fram, að „fast aðsetur“ væri þar, sem maður ætti lögheimili. Þessi ritgerð Jóns Magnússonar er og aðallega til þess gerð, að slá þessum skilningi föstum, enda hefir það síðan verið gert í hverjum landsyfirrjettardóminum á fætur öðrum. Verð jeg því að telja mjög varhugavert að hvika frá þessum lagastaf, frekar en orðið er, og sjerstaklega þegar farið er fram á enn nýjar breytingar, víðtækari en gerðar voru í fyrra í Reykjavíkurlögunum. Í þeim lögum var útsvarsskyldan aðeins látin ná til manna, sem lögskráðir eru á skip, skrásett í Reykjavík, en í þessu frv. er ekkert tillit tekið til skrásetningarstaðar skipsins, ef það er aðeins gert út frá Hafnarfirði. Lögin fyrir Reykjavík hafa ekki staðið lengi ennþá, en þó hafa þau vakið talsverða öldu á móti sjer. Og það er ekki nema eðlilegt, þegar þess er gætt, að Reykjavík hefir einmitt tekið bjargræði nærsveitanna frá þeim, svo að íbúar þeirra mega til að leita sjer atvinnu í Reykjavík. En þá kemur bæjarfjelagið og skattleggur þessa menn, sem það áður hefir svift öllum bjargráðum heima fyrir. Nei, það er síst ástæða til að gefa Reykjavíkurbæ heimild til að klípa af útsvari, sem nærsveitunum ber með rjettu, enda mega þær enganvegin við því. Efnahagur þeirra er ekki svo glæsilegur.

Samkvæmt gögnum, er legið hafa fyrir allshn., er fátækraframfæri í Bessastaðahreppi 70—80 kr. á nef, og eru ómagar einnig taldir með. Útsvörin eru 170—180 kr. á hvert einasta nef; ómagar reiknaðir með. Í Gerðahreppi, sem var hjálparþurfi ekki alls fyrir löngu, er fátækraframfæri 70—90 kr. og útsvör 110—130 kr. á hvert nef, að meðtöldum ómögum hreppsins. Í Garðahreppi voru útsvörin 1400 kr. árið 1912, en s.l. ár voru þau 19 þús. kr. Hafa þau því 13—14-faldast á þessum 12 árum. Svona má halda áfram, og benda tölur þessar ekki til þess, að rjett sje eða heillavænlegt, að Reykjavík fái að taka skatt af mönnum úr hjeruðum þessum, þó að þeir sæki atvinnu sína til Reykjavíkur einhvern tíma ársins. Það er líka annað, sem gerir það að verkum, að minni ástæða er nú að leggja útsvör á menn í atvinnuhreppnum en var, þegar sá siður var upp tekinn í fyrstu. Fyrstu tildrögin til þess, að útvegur var skattlagður þar, sem hann var rekinn, þó að hann ætti annarsstaðar heima, voru þau, að Innnesjamenn fóru árlega suður í Leiru og Garð og urguðu þar upp miðin og sviftu með því innansveitarmenn björg sinni að meira eða minna leyti. Var því eðlilegt, að þeir vildu fá eitthvað í staðinn, vildu fá að leggja útsvör á þennan útveg utansveitarmanna.

Nú víkur málinu alt öðruvísi við. Þeir, sem koma hingað til bæjarins á vertíðinni og stunda hjer atvinnu, taka ekki með því nein gæði frá bæjarmönnum. Þvert á móti. Þeir hjálpa til við atvinnurekstur bæjarins, enda ekki hægt án slíkra manna að vera, a. m. k. ekki þann tíma ársins, sem togararnir stunda saltfiskiveiðar. Það er því síður en svo ástæða til að refsa þeim fyrir þessa atvinnuleit. Þá er það og mikilsvert atriði, að togararnir sækja ekki afla sinn í landhelgi Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar, ef svo mætti að orði komast. Þurfa þessir bæir því þessvegna engrar sjerstakrar lagaverndar. Miklu fremur má segja, að togarar frá Reykjavík og Hafnarfirði taki björgina frá ýmsum öðrum sjávarsveitum, bæði innan Flóans og

þó einkum fyrir Söndum, t. d. á Stokkseyri og Eyrarbakka, þegar þeir toga þar austur með. Væri því fremur ástæða til, að þeir bættu hjeruðum þessum skakkaföllin, sem þau verða fyrir af þessum sökum, ekki síst þar sem vitanlegt er, að þeir toga oft í landhelgi.

Mjer var skapi næst að leggjast algerlega á móti frv. þessu. En þar sem jeg viðurkenni rjett Hafnfirðinga til að leggja útsvör á erlenda menn, sem stunda atvinnu á erlendum togurum, sem ganga frá Hafnarfirði, þá hefi jeg flutt brtt., til að fullnægja þessari sanngirniskröfu. En lengra vil jeg ekki ganga, því að jeg álít, að löggjöfin sje hjer á skakkri braut. Enda er ekki hægt að neita því, að alt þetta togstrit um að víkka heimildina til útsvarsálagningar er meira og minna hrein hreppapólitík, sem reyndar hefir stundum við dálitil rök að styðjast, en þó oftast mjög veigalítil. Að því er snertir þau forrjettindi, sem Reykjavík hefir þegar fengið í þessum efnum, skal jeg geta þess, að jeg hefi altaf verið þeim andvígur og vona, að bráðlega verði snúið við á þeirri braut, enda hafa hin smærri sveitarfjelög sjeð, að hún er ekki heppileg. Það hefir verið rætt, bæði innan allshn. og utan, að tími væri til kominn að skipa milliþinganefnd til að íhuga sveitarstjórnarmálefni landsins í heild. Jeg er einnig á þessari skoðun. Sjerstaklega er athugavert, hversu lög kaupstaðanna fjarlægjast óðum hin alm. sveitarstjórnarlög, sem gilda enn í sveitum landsins að mestu leyti. Í því efni er að verða fullkominn glundroði, vegna þess, að ekki hefir verið athugað, eins og til var ætlast árin 1872 og 1889, að allsherjarfyrirmæli um útsvarsskyldu eiga að gilda um land alt. Þetta atriði, og eins fyrirmælin um kosningarrjett í sveitarmálefnum, mætti taka út úr sveitarstjórnarlögunum og setja um það sjerstök lög, er giltu fyrir alt landið. Það er ofureinfalt mál, að í þessum efnum verða að gilda sömu lög um land alt, og er því fyllilega tímabært, að leiðrjetta allan þann glundroða, sem orðinn er. Væri því ekki úr vegi að setja milliþinganefnd, sem skyldi fyrst og fremst semja frv. um þau atriði, er jeg áður nefndi, útsvarsskylduna og kosningarrjettinn, en síðan taka sveitarstjórnarmálefni yfirleitt til athugunar, ef mönnum sýndist svo.

Það er ekki hægt að neita því, að þessar sífeldu breytingar á lögum kosta ærna peninga, svo að það er líka sparnaður í því fólginn, að skipa lögum þessum í fast og viðunandi horf.

Jeg vil biðja hv. deild afsökunar á því, hversu langorður jeg hefi verið um ekki stærra frv., en það er vegna þess, að í því felst stefnuatriði, sem þarf alvarlega að athuga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal strax taka það fram, að jeg er í mörgum atriðum sammála hv. 1. þm. Árn. (MT). Jeg álít þessi útsvarsálagningamál komin á villigötur með því að bæjarstjórnum hefir verið veitt of víðtæk heimild til að leggja útsvör á menn. Sjerstaklega má í þessu sambandi nefna lögin, sem samþykt voru hjer í fyrra fyrir Reykjavíkurkaupstað. En þó að mjer meira en dytti það í hug, þá sá jeg ekki fært að bera fram nýtt frv. um þessi efni nú á þessu þingi. Enda taldi jeg ekki líklegt, að sama þingið, sem markaði stefnu í þessum málum s. l. ár, með því að samþykkja áðurnefnd lög, fengist til að ganga inn á mótsetta

stefnu í ár, þó að frv. í þá átt kæmi fram. En jeg hefi lagt annað frv. fyrir þetta þing, frv., sem hv. Ed. hefir enn til meðferðar. Er þar gert ráð fyrir, að skifta útsvari milli heimilis- og atvinnusveitar manna, eftir ákveðnum reglum, og verð jeg að segja, að með því væri ráðin töluverð bót á því misrjetti, sem nú ríkir.

Annars fæ jeg ekki sjeð nein vandkvæði á því, að taka ákvæðin um útsvarsskyldu manna út úr sveitarstjórnarlögum landsins og setja ný lög um það efni, þar sem sveitir og kaupstaðir lytu sömu ákvæðum. Og ef jeg sje, að meirihl. hv. deildar vildi sinna þessu máli, þá hefi jeg ekkert á móti því, að undirbúa slíka lagasetningu. Þó hefi jeg ekki tíma til þess nú í þingönnunum, og verður það því að bíða næsta þings.

En að því er þetta frv. snertir, þá verð jeg að viðurkenna það með hv. meirihl. allshn., að það er erfitt að neita Hafnarfirði um hið sama og Reykjavík hefir þegar fengið. Sýndist mjer því sanngjörn lausn á máli þessu nú, að frv. verði samþykt, en jafnframt gengið út frá því, að þegar á næsta þingi verði málum þessum skipað í fast og viðunandi form, þar sem ekki gilti sín reglan á hverjum stað.

Viðvíkjandi ummælum hv. 1. þm. Árn. (MT) um það, hverja merkingu orðin „fast aðsetur“ hafi, skal jeg geta þess, að jeg býst við, að ákvæðin um útsvarsálögurjett Reykjavíkur á sjómenn, sem lögskráðir eru á skip, sem hjer eru skrásett, hafi komist inn undir því yfirskini, að maður, sem er lögskráður á skip, verði talinn hafa fast aðsetur þar, sem skipið er skrásett. Skipið er þar heimilisfast, en maðurinn hefir fast aðsetur á skipinu. Þetta skilst mjer vera grundvöllurinn undir ákvæðum frv. um útsvarsskyldu sjómanna, sem ekki eru búsettir innanhjeraðs, en njóta atvinnu á skipum, sem ganga þaðan.

Ef til vill mætti skifta útsvarinu milli heimilis- og atvinnusveitar eftir öðrum hlutföllum en jeg hefi stungið upp á í frv., sem jeg nefndi áðan, t. d. láta atvinnusveitina fá hlutfallslega minna en þar er gert ráð fyrir. Því er ekki hægt að neita, að þess minna sem kemur í hlut atvinnusveitarinnar, þess meira er dregið úr ranglæti því, sem heimilissveitir þeirra manna, sem greiða annarsstaðar útsvar, verða nú fyrir.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er að miklu leyti samþykkur hv. 1. þm. Árn. (MT). Hann er orðinn allsendis óhæfur, þessi útsvarseltingaleikur á eftir útgerðarmönnum og sjómönnum, svo að segja um alt land.

Það er engu líkara en verið sje að hegna útgerðarmönnum fyrir það eitt, að þeim hefir tekist að afla betri skipastóls, sem gerir þeim kleift að stunda atvinnurekstur sinn annarsstaðar frá en að heiman. Og það er eins og hegna beri sjómönnum fyrir dugnað sinn, að geta stjórnað stærri og betri skipum en áður og aflað meira. Menn sjá best, hversu ósanngjarnt þetta er, með því að taka til dæmis útsvör báta, sem ganga hjer sunnanlands á vetrarvertíðinni, en fyrir norðan á sumrum og eiga svo heimili á þriðja staðnum, t. d. Vestfjörðum. Það nær ekki nokkurri átt, að lögð sjeu á útsvör á öllum þessum stöðum, bæði á báta og menn. Staðirnir, sem bátar þessir veiða frá, njóta vissulega góðs af veru þeirra þar. Fyrst og fremst skapar hún aukna atvinnu á staðnum, og auk þess hafa slíkir bátar altaf tals-

verð verslunarviðskifti við land. Þessa getur heimilssveit skips og manna ekki notið, meðan þeir eru í öðrum landsfjórðungum. Auk þess fara þessir bátar einmitt oft burtu heiman að, sökum aflaleysis heima fyrir. Sjá nú allir, hversu ósanngjarnt það er, að þegar heimilissveitin hefir mist atvinnu alla, sem útgerðin veitir vinnandi fólki í landi, alla verslun við útgerðina og viðskifti, að þá skuli hún þar á ofan vera svift svo og svo miklu af tekjum þeirra innansveitarmanna, sem hafa leitað sjer atvinnu út fyrir hjeraðið. Með þessu móti geta menn svo orðið útsvarsskyldir á 3—4 stöðum, og er þá venjulega ekki dregið úr álagningunni. Að vísu gæti það bætt mikið úr skák, ef útsvarinu væri skift eftir ákveðnum reglum milli heimilis- og atvinnusveitar. En jeg lít þó svo á, að menn eigi einungis að greiða útsvar þar, sem þeir eiga lögheimili, jafnvel þó að þeir, vegna nauðsynja útgerðarinnar, leiti sjer atvinnu á öðrum stöðum. Jeg vona því, að hæstv. atvrh. (MG) leggi fyrir næsta þing frv. í þessa sanngjörnu átt.

En hvað sem þessu líður, þá er ekki nema eðlilegt, að Hafnarfjörður vilji fá þann rjett, sem frv. fer fram á. Þegar eitt bæjarfjelag fær svo að segja ótakmarkað að skara eld að sinni köku, er ofur-eðlilegt, að hin komi á eftir og heimti sama rjett. Er ómögulegt að segja, hver græðir að lokum á þessari látlausu togstreitu, en hitt er víst, að óbeinlínis tapa öll hjeruðin við þetta.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 28. febr., var fram haldið 2. umr.

Ágúst Flygenring: Jeg hefi hjer lítið að segja, umfram það, að þakka hæstv. allshn. fyrir meðferðina á máli þessu, og tillögur hennar. Nefndin telur sem sje, eins og jeg, að það sje sanngjörn og rjettmæt krafa, að þetta frv. verði samþykt, í samræmi við samþyktir síðasta þings, að því er snertir Reykjavík.

Hv. frsm. meirihl. (JBald) skýrði þetta mál svo vel í framsöguræðu sinni, að jeg sje enga þörf á að endurtaka neitt af því. Hann staðfesti það, sem stendur í nál., að það er alls ekki meiningin með ákvæðum frv. um útsvarsskyldu, að þau nái til manna á skipum, sem ekki eru skrásett í Hafnarfirði, nema að því er við kemur hinum útlendu leiguskipum, er þaðan ganga. Það hefir ekki verið og mun ekki verða venja, nema gagngerð breyting verði gerð á sveitarstjórnarlögunum, að leggja útsvar á innlend skip, sem gerð eru út í Hafnarfirði um styttri tíma en 3 mánuði, og ekki eru þar skrásett. Þremur mánuðum venjulega slept. Aftur hefir það verið talið heimilt og rjett, að leggja útsvar á skip, sem ganga þaðan svo að segja að staðaldri um lengri tíma, t. d. 5—6 mánuði ársins, og að fólk á slíkum skipum ætti að leggja nokkuð af mörkum, eigi síður en fólk á þeim skipum, sem þar eiga lögheimili, virðist sanngjarnt.

Brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT) gengur út á það, að undanskilja innlenda menn, aðra en þá, sem búsettir eru í Hafnarfirði, þeirri útsvarsskyldu, sem í frv. felst. En það er óviðeigandi að hafa slíkt í lögum, og órjettlátt gagnvart öllu þessu, sem hjer er farið fram á. Það er vitanlegt, að skip þau, sem hjer er einkum átt við, eru gerð út undir ensku flaggi og ekki unt að ná útsvari af öðru

skipsfólki þar en Íslendingum. Það er líka fátt af enskum mönnum á skipum þessum, svona 1—5 menn, og skift um þá eftir 1—2 mánuði. Enda er ekki rjett að gera þann mun á mönnum á þessum skipum og hinum, sem eru á skipum þeim, sem lögskráð eru í Hafnarfirði. Hinsvegar er nauðsynlegt að gera þessa breytingu, ef ekki á að haldast misrjetti milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Virðist alveg sjálfsagt, að sami rjettur verði lögboðinn í báðum þessum kaupstöðum. Hvað það snertir, að órjettlátt sje að gera þessa breytingu, þ. e. a. s., að leggja útsvar á sjómenn úr öðrum hjeruðum, fremur en þá, sem fá vinnu í landi, þá skal jeg benda á dæmi af tveimur mönnum. Annar er ráðinn í landvinnu til þriggja mánaða og fær 325 kr. á mánuði, eða 975 kr. í alt. Útgjöld hans á þessum tíma eru ca. 300 kr., nefnil. fæði, húsnæði o. fl. Af þessu kaupi ber honum að greiða útsvar. Hinn maðurinn er úr sömu sveit, en á skipi, sem haldið er úti frá sama stað, í 3 mánuði líka, og sje hann ekki óheppinn, er óhætt að áætla tekjur hans a. m. k. hálfu meiri en hins. Jeg sje ekki, hvaða rjettlæti er í því, að þessi síðartaldi maður sje skattfrjáls, þar sem hinn er skattskyldur, þó tekjur hans sjeu minni. Það verður ekki hjá því komist að játa það, að sú regla, að lögheimilið eitt helgi útsvarsskylduna, sje ósanngjörn. Þegar menn fara í önnur hjeruð að leita sjer atvinnu, þá er ekki nema sanngjarnt, að þeir greiði útsvar þar, sem þeir njóta góðrar atvinnu. Jeg hygg, að með tímanum verði sú stefna ofan á, að skifta útsvarinu á milli þeirra staða, sem maðurinn nýtur atvinnunnar, og lögheimilis, ef það er annarsstaðar. Og ef frv. þetta verður samþ., þá er ætlast til, að ekki verði tekinn nema nokkur hluti af útsvarinu, því sem hæfilegt er, að viðkomandi maður beri, þar sem hann nýtur atvinnunnar. Hjer, með þessu frv., er alls ekki verið að stofna til þess, sem telja mætti rangt, heldur er verið að draga úr því, sem er bersýnilega vitlaust og ranglátt í gjaldskyldunni.

Og úr því að stærsti kaupstaður landsins hefir nú fengið rjettarbót í þessu efni, þá er sjálfsagt, að sá kaupstaðurinn, sem næst liggur, fái samskonar rjettarbót. Mun jeg svo ekki fjölyrða um þetta meira. Jeg vona, að hv. þdm. sjái, að þetta er sanngjarnt ákvæði, sem frv. fer fram á, og í samræmi við gildandi lög um bæjargjöld í Reykjavík.

Frsm. meirihl. (Jón Baldvinsson): Jeg hafði búist við meiri umr. um þetta mál. En úr því sem komið er skal jeg þó ekki vekja neinar frekari deilur. Það er ekki alveg rjett hjá hv. 1. þm. Árn. (MT), að skoðanamunur okkar sje lítill í þessu máli, þvert á móti. Það er mikill munur á frv. eins og það er og brtt. hans. Eftir henni er ekki hægt að leggja útsvar á neina aðkomumenn í Hafnarfirði. Jeg get ekki skilið brtt. hans öðruvísi en svo, að allir þeir, sem eru skráðir á skip, sem gert er út í Hafnarfirði, og eiga lögheimili annarsstaðar, skuli vera lausir við útsvarsskyldu þar. — Hv. þm. (MT) tók það rjettilega fram, að það væri betra, að það sæist greinilega af lögunum sjálfum, við hvað væri átt. Jeg tók það fram í gær, hversvegna þetta væri orðað svona í frv., og jeg álít rjettast að samþykkja það eins og það er orðað, þó jeg játi, að það er tæpast nógu greinilegt; en því er rjett, að það komi greinilega

fram, að frv. er samþ. með þeim skilningi, sem nefndin og flm. hafa lýst.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) vildi halda því fram, að „fast aðsetur“ þýddi sama og lögheimili í sveitarstjórnarlögunum. En þó svo hafi verið í upphafi, þá hefir sú merking ruglast við seinni breytingar á sveitarstjórnarlögunum. A. m. k. eru þau víða framkvæmd þannig, að útsvar er lagt á menn, sem stunda atvinnu þriggja mánaða tíma eða lengur á einhverjum stað. Mun þetta tíðkast í öllum sýslum landsins. Jeg hefi spurt marga hv. þm. um þetta, og mikill meirihl. þeirra hefir sagt mjer, að það væri venjulega miðað við 3 mánuði, sumir, að þetta væri ekki tíðkað, eða lítið, og aðrir, að miðað væri við 6 mánuði. En það má einu gilda. Ef ekki er löglegt að leggja á 3 mánaða atvinnu, þá er jafn-ólöglegt að leggja á 6 mánaða atvinnu, að öðru jöfnu. Á þessu, og eins á umræðum þeim, sem urðu hjer í fyrra í sambandi við breytingu á lögum um bæjargjöld í Reykjavík, og fleiri slíkum umræðum hjer á þingi á síðari árum, má sjá, að skilningur manna á því, hvað „fast aðsetur“ í lögunum þýði, er á reiki. Það er líka talsvert á reiki, hvað menn meina með þessu að „stunda atvinnu“. Slíkt er skiljanlegt, því að áður fyr var ekki mikill munur á útvegsmanninum, sem var formaður, og hásetum hans. En nú er öðru máli að gegna, þegar einstakir menn eiga heila flota af allstórum bátum víðsvegar við land. — Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að löggjöf kaupstaðanna í þessu efni væri að fjarlægjast löggjöf sveitanna. En jeg vil benda honum á, að það eru ekki kaupstaðirnir, sem komið hafa af stað þessu kapphlaupi um útsvarsskyldu manna. Það eru fulltrúar sveitanna, sem hafa verið að ámálga slíkt á hverju þingi að kalla. Og síðast á þingi 1922 voru samþykt lög um þetta, og var það gert að miklu kappsmáli af fulltrúum sveitanna. Var þar farið í mjög svo smásmuglegan eltingaleik í þessu efni, svo sem að heimila álögur á menn, sem kynnu að bregða sjer upp í sveit til þess að bregða laxastöng í á, o. s. frv. Sveitirnar hafa hafið eltingaleikinn, og kaupstaðirnir hafa orðið að fylgja eftir, nauðugir viljugir. Þannig var reglugerðinni um bæjargjöld í Rvík frá 1872 ekki breytt fyr en í fyrra, og þá var í raun og veru ekki annað gert en að samræma hana við löggjöf sveitanna. Jeg álít þennan eltingaleik óheppilegan. En það eru sveitirnar, sem þröngvað hafa kaupstöðunum til að taka þátt í honum.

Hæstv. atvrh. (MG) tók í sama streng og taldi þessa heimild til útsvarsálagningar alt of víðtæka. Þessu hefi jeg því að svara, að þessi heimild er ekki víðtækari en sú, er sveitarfjelögin hafa fengið áður og koma kaupstaðar- og bæjarfjelögin seinna til með þetta. Það er að vísu satt, að Siglufjarðarbær mun hafa fengið slíka heimild nokkru fyr en önnur kauptún, en það breytir litlu í því, sem jeg nú hefi sagt. Og hvað viðvíkur frv. því, sem hæstv. ráðh. (MG) drap á og nú liggur fyrir Ed., um úrskurði í útsvarsmálum, er jeg alls eigi viss um, að hæstv. stjórn hafi þar fundið hina rjettu leið, þar sem verið er að gera upp á milli lögheimilis og atvinnuheimilis manna, eða milli sveita og kaupstaða. Hjer í grend við Reykjavík var orðið reglulegt skattskjól allmargra manna, sem reka hjer í bænum umfangsmikla atvinnu, en búa utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og

hafa þannig sloppið við útsvar. Við þessu þarf að gera, svo að eigi verði stór rangindi úr, og jeg hygg, að umgetið stjfrv. í Ed. bæti á engan hátt úr þessu. Þetta frv. mun heldur eigi koma alment að gagni þeim mönnum, sem ræðir um í því frv., sem hjer liggur fyrir. Það kemur heldur ekki þeim mönnum að gagni, sem fara sveita og hjeraða á milli í atvinnuleit, t. d. til Siglufjarðar eða annara útgerðarstöðva. Jeg hygg, að þeir muni einskis gagns njóta af þessu frv. (**MG:** „Nú, það þykir mjer skrítið.) Jú, það er ekkert skrítið við það; lögin eru að vísu, samkv. orðanna hljóðan, jöfn fyrir alla, en það eru sumir menn svo gerðir, og þeir eru margir í hóp þeirra manna, sem fara víða í atvinnuleit, að þeir nenna ekki að vera að eltast við að kæra til viðkomandi yfirvalda eða niðurjöfnunarnefnda, eða hvað það nú er, þó að þeir verði fyrir ósanngjarnri útsvarsálagningu hingað og þangað út um land, og máske á mörgum stöðum nær því í senn. Þetta eru að vísu ekki stórupphæðir, sjaldnast, en þessa menn munar um það samt. Þessvegna er jeg þeirrar skoðunar, að í framkvæmdinni verði þessi lagastafur aðeins til þess að lækka hæstu útsvörin, og þeir, sem búa í skattskjóli í grend við Reykjavík og annarsstaðar, þar sem því verður við komið, mundu hafa þessa mest not.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) taldi útsvarsálagningar á vjelbátana ófærar og vildi afnema þær. En það er nú svo, að mörg bæjarfjelög verða að byggja fjárhag sinn að miklu leyti á þessum hlaupaatvinnurekstri, og verður því eigi komist hjá því, að leggja á þann atvinnurekstur. Jeg held því, að það sje rjett, að samþykkja þetta frv. eins og ofan á hefir orðið í nefndinni. Þó að till. hv. 1. þm. Árn. (MT) yrðu samþ., efast jeg um, að nokkur bót yrði að því; með því móti næðust að vísu útsvör af þeim, sem sjó stunda á þessum erlendu togurum frá Hafnarfirði, en af öðrum ekki.

Jeg sje ekkert á móti því, að öll þau lög, sem að þessum málum lúta, yrðu endurskoðuð, og tekið til athugunar að samræma þessi ákvæði, og nægir mjer að skírskota til þess, sem jeg hefi áður sagt hjer í deildinni um þetta.

Tryggvi Þórhallsson: Það er aðeins stutt athugasemd, og um leið fyrirspurn, sem jeg vil beina til hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann ljet fulltrúa sveitanna að ýmsu góðu getið, en jeg get þó ekki tekið til mín það, sem hann talaði um ágengni sveitanna gegn kaupstöðunum. Þessi ummæli hans kannast jeg ekki við, að sjeu rjettmæt, en þau minna mig á gömlu söguna um úlfinn og lambið. Þetta, að fulltrúar kaupstaðanna eru að ásaka sveitirnar um ágengni og yfirgang, er viðlíka sanngjarnt og sakir þær, sem úlfurinn bar á lambið. Svo er þessi fyrirspurn: Fari nú svo, að frv. þetta verði samþ. óbreytt eins og nefndin leggur til, vill þá nefndin gera það að reglu í sveitum, að útsvar sje lagt á kaupafólk úr kauptúnunum? (**Atvrh. MG:** Þetta er líka gert víða. — **PO** og fleiri þm. taka undir þetta. — **Forseti, BSv:** Vill þá ekki einhver hv. þm. biðja um orðið? Það mun verða veitt; það hlýðir betur en samtal á þingbekkjunum.) — Það mun yfirleitt ekki vera gert, þó að heimilt kunni að vera í einstökum tilfellum.

Hákon Kristófersson: Jeg lít svo á, að frv. þetta sje afkomandi eða afleiðing heimildarlaga þeirra, sem hjer voru síðast samþ. fyrir Reykjavíkurbæ. Jeg ámæli alls eigi hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) fyrir að hafa komið með þetta frv., því að það er, eins og jeg hefi þegar tekið fram, bein afleiðing af Reykjavíkurlögunum. Jeg hefi oft lýst því áður, hjer í þessari hv. deild, hvernig jeg lít á þessa togstreitu, sem nú á sjer stað, sjerstaklega milli sveita og kauptúna, um útsvarsálagningar. Jeg sje enga sanngirni í því, að þegar þessir menn eru búnir að dvelja t. d. hjer í bæ eða annarsstaðar, og hafa greitt fullkomið andvirði fyrir þau ýmsu fríðindi, sem þeir kunna að hafa notið á dvalarstaðnum, hvort heldur hann hefir verið hjer eða annarsstaðar, að svo skuli frá viðkomandi bygðarlagi vera reynt að ná sjer aftur niðri á þeim og láta þá greiða útsvar. Það er þó vitanlegt, að bæirnir hafa hag af því, að þessi vinna er stunduð og rekin þaðan, hver sem hún annars er, og þessir menn eru búnir að borga áður fyrir að fá að stunda þessa atvinnu, og svo á að láta þá greiða útsvar í ofanálag, fyrir það, að það eru hlunnindi að því, að hafa þessa menn. Jeg á til dæmis við róðrar- eða mótorbáta, sem hafa uppsátur eða liggja við á einhverjum stað. Það er talsvert hagræði fyrir þá, sem næst búa, að þessu, en samt á að skatta þá fyrir þetta. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort útsvar er lagt á kaupafólk í sveitum. (**JBald:** Ef það er þar 3 mánuði.) Jeg er ekki eins kunnugur víða um land og hv. 2. þm. Reykv. (JBald), en þar sem jeg þekki til, á þetta sjer ekki stað. Annars skal jeg ekki fara að dæma á milli kaupstaða og sveita, en þó hygg jeg, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi nokkuð til síns máls, og Reykjavík til verðugs lofs skal jeg geta þess, að hún hirðir ekki meira en svo um þessi rjettindi sín; gæti vel náð gjöldum af fleiri en gert er. Jeg held, að neíndinni hefði verið í lófa lagið, hefði hún viljað, að taka þessi ákvæði öll í sveitarstjórnarlögunum til athugunar, og Reykjavíkurlögin líka; hún hefði átt að fella þessi ákvæði niður og samræma löggjöfina í þessu efni. Mjer virðist lítt fylgja hugur máli hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), og sýnist hann í ýmsu vera á móti anda þessa frv.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) taldi það eðlilegt, að kaupstaðirnir færu fram á að fá þessi rjettindi; þeir ættu heimtingu á að hafa tekjur af skipshöfnum, skrásettum þar. (**ÁF:** Jeg sagði, að það væri ekki ósanngjarnt.) Hv. þm. veit eins vel eins og jeg og allir aðrir, hversu mikil hlunnindi það eru bæjarfjelögunum, að skrásetning skipanna er þar. Þau veita fleirum atvinnu en hásetunum; þeir, sem í landi eru og aldrei fara á flot, hafa einnig mikla vinnu þeirra vegna. Það var oft sagt frá því hjer í deildinni í fyrra, hversu mikils virði það væri fyrir Hafnarfjörð, að hafa þessi skip skrásett þar. Þau veittu svo mikla atvinnu, bæði sjómönnum og þeim, sem í landi væru, og rengdi þetta enginn þá. Menn virða eigi til fulls öll þau fríðindi, sem sjórinn færir þeim í kaupstöðunum, og þegar einhverjir koma þangað til þess að njóta einnig einhvers af þessum fríðindum, eru þeir ofsóttir með aukaútsvörum o. fl., og hafa þeir þó nóg gjöld að bera heima hjá sjer, þaðan, sem þeir koma. Menn virðast gleyma því, að það eru ýms bygðarlög, sem eru jafnrjetthá, eða

ættu að vera það, og kauptúnin, til þess að njóta hlunninda þeirra, sem sjórinn veitir. Hjer eru í rauninni allir samherjar og sjórinn tilheyrir t. d. ekki fremur Reykjavík en nærsveitunum. Því má heldur ekki gleyma, að hin ýmsu bygðarlög, sem þeir menn eru komnir frá, sem stunda sjó frá þeim stöðum, sem legu sinnar vegna gera það að verkum, að skipin sumpart eru skrásett þar eða hafa þar aðsetur um vissan tíma, eru ef til vill þannig stödd fjárhagslega, að þau þurfa á öllu gjaldþoli sinna manna að halda, án þess að það sje rýrt eða skert af öðrum bygðar- eða bæjarfjelögum. Mjer virðist, eftir öllum málavöxtum að dæma, málið þannig vaxið, þó að jeg vilji sýna því alla nærgætni, að það þurfi meiri og ítarlegri rannsóknar við en það ennþá hefir fengið, og þó að mönnum kunni að virðast það hart að gengið, verð jeg að gera það að tillögu minni, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar, til þess að það fái þar þann undirbúning og athugun, sem það þarf með.

Sigurjón Jónsson: Jeg hefi ekki mörgu við að bæta þær umr., sem hjer hafa orðið, en viðvíkjandi þeirri tillögu, sem nú kom síðast fram, frá hv. þm. Barð. (HK), þá er jeg henni algerlega mótfallinn. Jeg álít, að þetta frv. eigi fullan rjett á sjer og eigi því að verða samþ., af því að samskonar breytingar voru gerðar að lögum á síðasta þingi fyrir Reykjavík. Að öðru leyti vildi jeg taka það fram, að jeg er flestu því samþykkur, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) hjelt fram um afstöðu sína til frv., og jeg mundi geta greitt atkv. með tillögu hans, ef eigi stæði svo á, að jeg álít, að aðrir kaupstaðir eigi heimtingu á að fá sömu rjettindi til útsvarsálagningar og Reykjavík. Jeg get því ekki greitt till. hans atkv. af þeim ástæðum. Meðan fordæmi þetta, sem gefið var með Reykjavíkur-lögunum, helst, verður að halda áfram að veita öðrum kaupstöðum sömu rjettindi. Hitt er alt annað, að rjettara væri að samræma alla þessa löggjöf í þessu atriði. En meðan stjórnin ekki kemur með tillögur um breytingar í þá átt, mælir öll sanngirni með því, að þetta verði veitt.

Það var alveg rjett, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði um þetta, að það er sjaldnast rjett að leggja útsvar á þessa menn. Útsvörunum er venjulegast varið til fátækramála, kenslumála og annara slíkra bæja- og sveitarmálefna, en þeir, sem aðeins dvelja ca. 3 mánuði við einhverja atvinnu og greiða af því útsvar, þeir njóta eigi þeirra hagsmuna, sem útsvörin ganga til; það eru aðeins þeir, sem fast aðsetur hafa, sem hagnað geta haft af þeim. Þessvegna álít jeg það yfirleitt skakka stefnu, að vera ávalt að leitast við að ná sem víðtækustum rjettindum til þess að leggja útsvar á fólk. Vinnu þessa aðkomufólks ber fremur að skoða sem nauðsynlegan vinnukraft, sem bæjar- og sveitarfjelög eiga að þiggja með góðu geði. En útsvarsálagningin hlýtur að koma af stað talsverðu misrjetti. Þó að jafnvel aðeins væri lagt útsvar á skipshafnir á þeim skipum, sem öfluðu vel, yrði þetta samt rangt, því að útilokað er, að nægilegt tillit yrði þar tekið til kringumstæðna þess, sem greiða á útsvarið. Tel jeg samt, að ekki verði komist hjá að samþykkja frv.; það er afleiðing af starfi síðasta þings. En jeg álít nauðsynlegt að samræma alla þessa löggjöf, bæði fyrir kaupstaði og sveitir.

Magnús Torfason: Jeg er þakklátur hæstv. atvrh. (MG) fyrir orð hans og undirtektir við mitt mál. Ræða hans hnje öll að því, að það væri rjett, sem jeg hefi haldið fram í þessu máli. En samt vil jeg þó aðeins benda á það, að jeg tel það mjög hæpið, að telja lögskráningu á skip með föstu aðsetri eða heimilisfangi. Þetta eru undantekningaratkvæði, sem komin eru inn í Reykjavíkurlögin, en dómstólarnir munu fara varlega, er kemur til skýringar á slíkum ákvæðum, og munu vart leggja áherslu á undantekningarákvæði.

Málið er nú komið í það horf, að talað er um að samþ. verði frv. óbreytt, af því að Hafnarfjörður eigi að hafa sama rjett og Rvík. En menn gá ekki að því, að miklu stærra misrjetti en gagnvart Rvík helst, þrátt fyrir það, þótt þetta frv. verði samþ. Jeg hefi heyrt, að margir sjómenn úr Hafnarfirði muni leita sjer atvinnu hjer í Rvík, og úr Rvík í Hafnarfirði, og hygg jeg því, að þetta jafnist nokkuð upp. (**ÁF:** Eins og nú standa sakir?) — Svo mikið er víst, að fjöldi manna austan úr sveitum leitar sjer atvinnu í Hafnarfirði. Jeg varð þess var áður en jeg fór að heiman hingað til þings, að þar var fjöldi manna, sem ætlaði á togara í Hafnarfirði. Verður því eftir misrjettið gagnvart sveitunum, og er það miklu mest.

Þá er og önnur ástæða, sem færð hefir verið fyrir því, að rjett væri að samþykkja frv., þ. e., að það sje rjett að lofa þessum lögum, eða ólögum, að standa um hríð ennþá, til þess að ýta undir stefnubreytingu í málinu. Þetta má auðvitað kalla góða pólitíska ástæðu. En við þingmenn höfum ekki rjett til að hugsa þannig. Við erum skyldugir til — sem þingmenn — að sjá við þessum leka sem allra fyrst. Annars horfir þetta mál skrítilega við. Fyrst fá Hafnfirðingar að hafa þarna marga togara erlenda — 6 í fyrra, 10 áttu að vera í ár — og það fyrir laganauðung. Jeg segi þetta ekki til ámælis, því að allir vissu, hvernig ástatt var í Hafnarfirði, og var þetta því ekkert annað en bjargráðatilraun við Hafnfirðinga. (**ÁF:** Ekki samt frá þingsins hálfu!) Þingmenn munu þó hafa ýtt undir það, og kalla jeg þeim illa þakkað, sem best gengu fram í þessu máli. Þegar búið er að rjetta við hag Hafnarfjarðar, heimta þeir sjerrjettindi til þess að leggja skatt á alla, sem stunda atvinnu á þessum togurum. Jeg verð að segja, að skörin er nú farin að færast upp í bekkinn. Þeir vilja leggja skatt á þá menn, sem færa þeim gæðin í land og verða stór tekjugrein fyrir þeirra eigin bæjarfjelag. Að öðru leyti má segja, að fái þetta frv. framgang óbreytt, þá er það áreiðanlega í fyrsta sinn, sem Alþingi með ráðnum hug samþ. lög, sem á að skýra öðruvísi en samkv. innihaldi þeirra. En jeg hjelt, að lögskýringar væru nógu hæpnar, þó að ekki væri farið inn á þessa braut.

Hv. flm. (ÁF) sagði, að þessi till. mín gengi aðeins út á það, að erlendir menn á erlendum togurum ættu að vera gjaldskyldir. Þetta er ekki allskostar rjett. Jeg lýsti því yfir, að ákvæðið næði líka til þeirra, sem ekki hafa neinsstaðar annarsstaðar löghemili hjer á landi, og þeir munu ekki vera svo fáir. Að minsta kosti hefi jeg orðið að sekta allmarga menn, sem hafa þóst vera skrifaðir hingað og þangað og reyndu að koma sjer undan skatti. Eftir þessa spjaldaskrá, sem Reykvíkingar fengu, eru samt eftir mörg hundruð manns, sem

komast undan skatti. Á slíkt fólk mega Hafnfirðingar leggja samkv. minni till. eins og þeir vilja og geta.

Hv. flm. og ýmsir aðrir hv. þm. hafa blandað í umræðurnar álögum á arðvænleg fyrirtæki. Jeg vil benda á, að þetta kemur þessu máli ekkert við á þessu stigi þess, þó að jeg aðeins benti á, að það þyrfti að samræma þessi lög.

Þá skal jeg snúa mjer með fáum orðum að hv. frsm. meirihl. (JBald). Hann sagði, að nefndin hefði ekki getað fundið, hvernig hún ætti að breyta þessu, svo vel færi. Það mun rjett, að í nefndinni kom ekki fram ákveðin brtt., en jeg lýsti yfir, hvernig jeg hugsaði mjer brtt. Því að mjer var ósköp auðvelt að finna mátann til þess að koma lögunum í það horf, sem ætti að vera eftir tilgangi þeirra og óskum hv. flm. í greinargerð hans, eins og jeg líka gerði.

Þá hefir enn verið talað um, hvað „fast aðsetur" þýddi. Jeg skýrði frá því í gær, eftir ágætum heimildum, og líka, að yfirrjetturinn hjer og hæstirjettur hefðu haldið þeirri skoðun fast fram alla tíð. Um það, að framkvæmd þessara laga væri öðruvísi en vera ætti, verð jeg að segja fyrir mig, að jeg get lýst því yfir, að þau 10 ár, sem jeg var í Rangárvallasýslu, kom ekki fyrir, að slík mál væru borin undir mig eins og þetta. Á Ísafirði komu að vísu 2—3 þesskonar mál, sem jeg kvað upp úrskurð í; eftir það tók algerlega fyrir þetta. Yfirleitt var það stefnan í Ísafjarðarsýslu, að vera ekki að seilast eftir bitum frá öðrum. Þegar jeg kom í Árnessýslu, var nokkur ringulreið komin á í þessu atriði, en jeg kipti því þegar í lag.

Eitt atriði var talsvert áberandi í ræðu hv. frsm. meirihl. (JBald). Mjer fanst bregða þar illþægilega fyrir Reykavíkurpólitík, því það, að hann samþykti þetta, á ekki rót sína í neinu öðru. Yfirleitt talaði hann þannig í þessu máli, að borgarstjóri í Reykjavík og bæjarstjóri í Hafnarfirði hefðu ekki gert betur. Þetta þótti mjer talsvert kynlegt, frá hans sjónarmiði, því þessi lög Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ganga út á það, að elta verkamenn með álögum. Það hjelt jeg, að væri ekki eiginlega eftir hans nótum. Sannast það, er jeg hefi áður sagt þessum hv. þm., að jeg þykist miklu betur skilja margt af kröfum verkamanna heldur en jafnvel hann.

Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um kaupafólkið. Jeg veit heldur ekki til þess, þar sem jeg hefi verið dómari, að lagt væri á það. Ef það breytti um aðsetur og flutti í sveit, er annað mál. En ekki verður hjá því komist, að skrifa sig þar, sem manntal er tekið. Það er lagt á menn í sveit í október, ef þeir eru þar þá og verða áfram.

Hingað til Reykjavíkur koma margir Árnesingar og vinna um stundarsakir. Á þá eru lögð ýms gjöld, sem jeg er beðinn að innheimta. Svo kemur upp úr kafinu, að þeir eiga aðsetur annarsstaðar og verða þar að greiða gjöld.

Jeg þori að slá því föstu, að órjettur og misrjetti í landinu eykst áreiðanlega því meir sem farið er lengra út á þá braut, að leggja gjöld á menn, þar sem þeir eiga ekki lögheimili.

Þá hygg jeg, að jeg skjóti ekki langt frá marki, er jeg segi, að í Árnessýslu sjeu þúsund manns í kaupavinnu á hverju sumri, 8—9 vikur. Ef við leggjum nú saman, verða það 8—10 þús. vikur. Fjöldinn er úr sjávarplássum. En Árnesingar munu ekki vinna í Hafnarfirði nema nokkur hundruð vikur. Eftir

frv. kemur hjer fram herfilegt misrjetti. Jafnrjetti er best trygt með því, að hafa tímatakmarkið fyrir álagningunni langt. Og rjetta stefnan er, að sú sveit, sem skyldurnar hefir gagnvart hverjum manni, hún hafi álögurjettinn.

Andmæli hafa komið fram gagnvart þessum lögum, úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, frá hreppi, sem stynur undir gjaldabyrðinni. Gjöldin þar eru yfir 160 kr. á hvert nef. Svo á að rænast eftir þeim fáu aurum, sem þessir menn geta fengið annarsstaðar, þegar búð er að ræna þá bjargræðislindunum, sem voru í plássinu áður.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er út af þessum orðum um „fast aðsetur", sem jeg ætla að segja fáein orð. Mjer skilst, að hv. 1. þm. Árn. (MT) hafi fært rök að því, að orðin „fast aðsetur" hafi áður aðeins verið höfð um þá menn, sem ekki áttu lögheimili annarsstaðar, og komið í staðinn fyrir „lögheimili". En jeg held, að hægt sje að benda á það allvíða í gerðum þingsins og einstakra sýslna, að þessu hefir ekki verið fylgt. Það hefir verið látið nægja til útsvarsálagningar, ef maðurinn á „fast aðsetur" við atvinnu, þó annarsstaðar eigi lögheimili. Og einmitt á þessum skilningi held jeg að byggist þessi útsvarsálagning í Reykjavík, hvað skipin snertir. Menn eru skoðaðir hafa fast aðsetur í Reykjavík, ef þeir eru skráðir á skip, sem er skrásett þar, hvað sem heimilisfangi líður, og er þetta í samræmi við það, að skip eigi heimili, þar sem það er skrásett.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) fór að tala um frv., sem jeg flyt í hv. Ed. En það er nú reyndar ekki á dagskrá, svo fullsnemt er fyrir hv. þm. að andmæla, áður en það er komið til hv. deildar.

Annars vildi jeg árjetta það, sem jeg sagði í gær, að jeg álít mjög erfitt að neita Hafnfirðingum, meðan Reykvíkingar hafa þessi sjerrjettindi. Jeg vil nema þau í burt sem allra fyrst. En jeg áleit ekki til neins að fara fram á það á þessu þingi, sem er alveg eins skipað og í fyrra, þegar það setti lögin. Nú heyrast mjer skoðanir dálitið breyttar síðan í fyrra, og þessvegna mun jeg ekki skorast undan að koma með frv. um útsvarsskyldu á næsta þingi, ef jeg annars fer með þessi mál. Og þá finst mjer sama regla ætti að mestu að gilda um alt landið.

Pjetur Ottesen: Háttv. 1. þm. Árn. (MT) hefir lagst mjög á móti þeirri breytingu, sem hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) hefir lagt til, að gerð yrði á lögum um bæjarstjórn í Hafnarfirði, og sem rætt hefir verið um nú um hríð. Sú breyting gengur sem sje í þá átt, að Hafnfirðingar fái samskonar heimild og Reykjavíkurbær fjekk í fyrra, til þess að leggja aukaútsvör á menn, sem eru lögskráðir á skip, sem stunda fiskiveiðar frá Hafnarfirði.

Það hefir verið bent á, að brtt. hv. 1. þm. Árn. (MT) við þetta frv. sje engin úrlausn fyrir Hafnarfjörð, því samkvæmt þeim breytingum veitist Hafnfirðingum einungis heimild til að leggja útsvör á útlenda menn, sem á skipum eru, sem gerð eru út þaðan, og auk þess á menn, sem kynni að komast upp um, að ættu hvergi lögheimili. Geri jeg nú ekki ráð fyrir, að byggja megi mikil útgjöld á þeim tekjum, og nær því þessi breyting hv. þm. harla skamt

til þess að samræma löggjöf þessara kaupstaða, hvað þetta snertir.

Nú vil jeg spyrja hv. 1. þm. Árn. (MT) um það, hvort það sje meining hans, ef brtt. verður samþ., að koma sjálfur fram með frv. um að fella úr gildi þessa heimild, sem Reykjavík nú hefir? Jeg skildi andmæli hv. þm. gegn þessari breytingu þannig, að hann teldi þetta ákvæði, sem komst inn í lögin um bæjargjöld Reykjavíkur í fyrra, ósanngjarnt, og því bæri frekar að færa þetta í rjett horf en halda lengra áfram á þessari braut, sem mörgum virðist nú koma saman um, að sje ekki heppileg.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að eiginlega hefðu sveitahjeruðin átt upptökin að öllum þessum eltingaleik, sem á er kominn um það, að ná útsvörum af einstökum mönnum og atvinnurekstri viðsvegar um landið.

Jeg hefi nú síðan áðan verið að athuga þær breytingar, sem gerðar hafa verð í sveitarstjórnarlögum síðan 1905, að því er útsvarsskylduna snertir. Þær breytingar bera það með sjer, að þetta er alveg öfugt hjá hv. 2. þm. Reykv. Forgönguna í því, að færa útsvarsskylduna út, hafa kaupstaðirnir sjerstaklega haft. Þær breytingar í þessu efni, sem hafa verið gerðar með hagsmuni sveitanna fyrir augum, hafa komið á eftir aukinni útsvarsskyldu í kaupstöðunum, til þess að koma á nokkru jafnvægi milli sveita og kaupstaða í þessu efni. Ef hægt er að segja, að kaupstaðirnir og sveitirnar sjeu að togast á, er það því deginum ljósara, að sveitirnar hafa verið dregnar út í þann leik, en alls ekki átt upptökin að honum.

Ágúst Flygenring: Það er aðeins athugasemd viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að við ættum að geta komið okkur saman um þetta mál, Hafnfirðingar og Reykvíkingar. Jeg vil benda honum á það — sem hann þó hlýtur að þekkja — að meðan annar bærinn hefir öll rjettindin, en hinn allar skyldurnar, munu þeir ekki kæra sig um samkomulag. Hjer er ekki um annað en hreint og beint misrjetti að ræða. Jeg get lýst því yfir, að jeg er því alls ekki fylgjandi, að það eigi að taka útsvör af mönnum hvar sem er. En það verður að samræma þessi álögurjettindi og gera svo úr garði, að ekkert verði til að valda ósanngirni og óvináttu, sem ekki verður komist hjá, eins og nú stendur. Hjer er rammasta hreppapólitik á ferðinni, og hún verður að magnast alla þá stund, sem þessi órjettlátu lög standa.

Hinsvegar vil jeg ekki fara eins langt eins og margir hafa lýst yfir hjer, að leysa algerlega undan gjöldum þá, sem ekki eiga lögheimili eða aðsetur þar, sem atvinnan er rekin. Það tel jeg ógerlegt. Það mun sannast, að ef við brjótum það mál til mergjar, þá munum við reka okkur á þann þröskuld, sem við ekki komumst yfir. Sú breyting mundi gera ilt verra. Kappið í þessu máli, sem kemur frá vissra manna hálfu, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) stafar af því, að þeir og hann eru að hugsa um sína sveit. Hann vill losa undan gjöldum þá Árnesinga, sem sækja til Hafnafjarðar. Jeg skil þessa ástæðu, en hún er ekki rjettmæt og ekki frambærileg í þingsal — að halda hlífiskildi yfir órjetti á einum stað, en láta aðra sitja með skertan hlut. Gangi frv. þetta ekki fram á þessu þingi, er þó óhjákvæmilegt að breyta því, sem gert var í fyrra, nema úr gildi umrædda gjaldskyldu í lögum

um bæjargjöld í Reykjavík. (**MT:** Heyr, heyr!) En satt að segja mætti það heita mjög merkilegt, ef þingð vildi nú ónýta þessi lög, sem gengu svo hljóðalaust í gegn í fyrra (**HK:** O, það voru nú margir á móti þeim!) — að það geispaði ekki grá mús á móti þeirri lagasetningu þá.

Frsm. meirihl. (Jón Baldvinsson): Jeg hefi áreiðanlegar upplýsingar um, að það mun vera föst venja í mörgum sveitum landsins, að leggja útsvar á þá, sem vinna þar 3 mánuði eða lengur. Hv. þm. Barð. (HK) þóttist ekki þekkja til þessa, og má það vera rjett; jeg get ekki fullyrt, að þetta sje á öllu landinu. En nokkuð margir hv. þm. hafa skýrt mjer frá því, að í þeirra sveitum sje einmitt þessi regla um álagningu. Ætla jeg að nefna nokkra hreppa, til þess að það sje fest í þingtíðindunum, af því svo mikið er deilt um það. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir skýrt mjer frá, að þessi sje reglan í Neshreppi í Norðfirði, að leggja á þá, sem eru 3 mánuði eða lengur. Sumir sleppi vitaskuld, en þetta sje þó reglan. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir sagt mjer, að þetta sje gert í Öngulsstaðahreppi. Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) segir sama um Öxnadalshrepp. Hv. þm. Snæf. (HSteins) skýrir frá því, að á menn þaðan sje lagt útsvar á Vestfjörðum, þegar þeir dvelja þar þrjá mánuði eða lengur. Sama saga er sögð úr Ljósavatnshreppi, að þar hefir verið lagt á kaupafólk, sem stundar atvinnu þar þrjá mánuði eða lengur. Að sögn hv. þm. Ak. (BL) á þetta sjer einnig stað í Svalbarðshreppi. Hv. 1. þm. Rang. (EP) kveður hafa verið lagt útsvar á menn í hans kjördæmi, sem dvalið hafa þar við smíðar, en raunar ekki nema þeir hafi verið þar í 6 mánuði. Þá er mjer persónulega kunnugt um, að í Hnífsdal hefir sami siður verið uppi. Nægir þetta til að sýna mönnum fram á, að hjer er ekki um einsdæmi að ræða, heldur tíðkast þetta víðsvegar um land. Þessvegna er óskiljanleg sú mótstaða, sem er gegn því, að láta Hafnarfjarðarkaupstað fá þennan sama rjett.

Hv. frsm. minnihl. (MT) talaði um, að Reykjavík hefði í þessu efni rjett fram yfir önnur bæjarfjelög landsins. Jeg þykist hafa sýnt fram á, hve þetta er ástæðulaust. En það væri máske allra hluta best, að hætta þessum eltingaleik strax, en reyna fremur á friðsamlegan hátt að kippa málum þessum í viðunandi horf. Þetta er ekki, hvort sem er, nein ófriðsamleg „pólitik" hjá þessum kauptúnum, eins og hv. 1. þm. Árn. (MT) ljet í veðri vaka, heldur er það sjálfsvörn þeirra, til þess að fylgjast með í þessu kapphlaupi í útsvarsálagningu, sem sveitirnar hafa tekið upp.

Hv. þm. Borgf. (PO) þarf ekki að svara, enda hefi jeg gert það sumpart í því, sem jeg hefi áður sagt. Hann vildi mótmæla því, að sveitirnar hefðu átt upptökin að þessum eltingaleik með skattaálagningar. En eins og annar hv. þm. orðaði það, þá hefir hv. þm. (PO) á undanförnum þingum lagt höfuð sitt í bleyti, til að reyna að finna upp nýja, ímyndaða tekjustofna fyrir sveitirnar. Sú stefna á áreiðanlega upptök sín úti um landið, jafnvel þó einhverjir kaupstaðirnir hafi reynt að fylgjast með.

Frsm. minnihl. (Magnús Torfason): Hv. þm. Borgf. kom með þá fyrirspurn til mín, hvort jeg myndi fús að vera með í því, að bera fram frv. um að umrætt atriði yrði numið úr Reykjavíkurlög-

unum. Hvað þetta snertir, þá get jeg látið mjer nægja að skírskota til þess, sem jeg hefi áður mælt, að mjer liggur nær, að nema burt órjettinn úr lögunum, í stað þess að bæta gráu ofan á svart. Jeg get ennfremur lýst yfir því, að þetta hefir komið til tals í allshn., en einn nefndarmaður hefir verið sjúkur undanfarið, og því hefir málið ekki verið tekið til jafnalvarlegrar íhugunar sem annars hefði orðið. En það get jeg sagt, að jeg tel engan vanda á því, að koma með brtt. við Reykjavíkurlögin, svo þar gildi í þessu efni sömu lög og annarsstaðar á landinu.

Hv. 1. þm. G.-K. (ÁF) beindi til mín nokkrum orðum. Fanst það á, að hann kýs óvináttu við nærsveitirnar, og þar á meðal við kjósendur sína, en vill gjarnan koma sjer í mjúkinn hjá Hafnfirðingum. Hv. þm. (ÁF) talaði um það mikla kapp, sem jeg beitti í þessu máli. Það er nú samt sem áður ekki meira en svo, að jeg hefi aðeins lagt mig í líma við, að verða við óskum manna í kjördæmi þessa hv. þm. (ÁF). Hann veit sjálfur, að hreppsnefndarmenn þaðan hafa komið á fund allshn., til að biðjast ásjár gegn frv. þessu. Eða er hv. þm. (ÁF) þm. fyrir Hafnarfjörð einan, en ekki fyrir hreppana, sem að honum liggja?

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um lögbrot, sem framin hefðu verið með útsvarsálagningu. Það er rjett, að brögð hafa sjálfsagt orðið að því, t. d. hefir eitt slíkt brot nýlega verið framið í minu gamla umdæmi, Ísafjarðarsýslu. En það er ómögulegt fyrir Alþingi að bæta úr því, þó einstakir dómendur skýri lögin ranglega. Og ekki get jeg búist við, að hv. þm. (JBald) vilji bera ábyrgð á öllum skyssum dómara, síst sumra þeirra fyrir vestan.

Að öðru leyti læt jeg mjer nægja það, sem jeg hefi áður sagt. Jeg stend við það alt, og vænti nú stuðnings mætra manna til að fella þetta frv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins segja hv. 2. þm. Reykv. (JBald) það, að það geta ekki talist mótmæli gegn frv. minu, þótt útsvar sje svo lágt, að ekki borgi sig að reka rjettar síns til að fá það lækkað. Út frá sama hugsunarhætti mætti leiða það, að afnema ætti alla dómstóla, vegna þess, að sumar kröfur væru of lágar til þess, að það borgaði sig að fá dóm um þær.

Ágúst Flygenring: Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að jeg kysi fremur vináttu við Reykvíkinga en kjósendur mína. Hann hefir líklega meint Hafnfirðinga fremur öðrum kjósendum. En hv. þm. veit sjálfur, að þetta eru í alla staði ómakleg og ósanngjörn ummæli. Það, sem minir kjósendur hafa beðið ásjár gegn, í allsherjarnefndinni, sem hann vitnaði til, er e k k i þetta frv., heldur gegn ósamræminu í skattalöggjöfinni, að því er snertir þetta sjerstaka atriði og yfirleitt þau margvíslegu önnur ákvæði um sveitar- og bæjargjöld, sem nú eru í ósamræmi og valda miklum deilum og örðugleikum, en til að bæta nokkuð úr þessu miðar einmitt þetta frv. mitt.

ATKVGR.

Till. frá þm. Barð. (HK) um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 13 : 13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BJ, BL, HK, IngB, JÞ, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
nei: BSt, HStef, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, BSv.

Einn þm. (MG) greiddi ekki atkv.
Einn þm. (ÁJ) fjarstaddur.

Brtt. 61 feld með 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BL, HStef, HK, IngB, JÞ, JörB, KlJ.
nei: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, BSt, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, MG, MJ, BSv.

Tveir þm. (ÁJ, BJ) fjarstaddir.

Frv.greinin samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JK, JS, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, BSt, JakM, JAJ, BSv.
nei: JÞ, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BL, HStef, HK, IngB.

Tveir þm. (ÁJ, BJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 9 atkv.

Á 24,. 25. og 26. fundi í Nd., dagana 3., 4. og 5. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 37).

Ágúst Flygenring: Það er nú í raun og veru búið að ræða þetta frv. svo rækilega, að óþarfi er að bæta miklu þar við. Jeg get skírskotað til þess, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði. Hann færði skýr og ljós rök að því, að ósanngjarnt væri að neita þessu frv. um að ganga fram. Hvað sem gert verður við sveitarstjórnarlögin, er það með öllu óhæfilegt, að fella þetta frv. Þetta frv. getur ekki orðið til annars en þess, að bæta úr órjetti, sem á sjer stað, og getur ekki spilt fyrir endurskoðun sveitarstjórnarlaganna. Ástæðan fyrir frv. er svo augljós, að hana skilur hvert barn. Útsvarsskyldur utanbæjarmanna, sem leita sjer atvinnu í Reykjavík og Hafnarfirði, verða að byggjast á sama grundvelli. Annað væri ósanngjarnt. En annað mál er það, hvort sá grundvöllur er rjettur, sem lagður var í fyrra með breyting Reykjavíkurlaganna, en mjer finst þó fyrir mitt leyti hann vera nokkru skárri en sá, sem bygt var á áður.

Jeg hefi ekki sjeð, að neinar gildar ástæður hafi komið fram gegn frv. því, er hjer varð að lögum í fyrra, um samskonar atriði, nefnil. lögum um bæjargjöld í Reykjavík. Enda get jeg ekki sjeð, að heimilisfang sje eina rjettmæta ástæðan fyrir útsvarsskyldu. Og allar breytingar, sem gerðar hafa verið á þessum lögum síðan 1905, hafa þó gengið meir og meir í þá átt, að færa útsvarsskylduna þangað, sem atvinnan er rekin. Hingað til hefir þetta ekki sætt neinum mótmælum, af því að það hefir ekki snert sveitirnar. En nú, þegar Hafnarfjörður og Reykjavík ætla að fá þau sömu rjettindi, sem önnur hjeruð hafa áður fengið, ætla sumir háttv. þm. hreint að ganga af göflunum. En það skal jeg taka fram, að jeg hefi ekki heyrt fólk, sem notið hefir atvinnu í þessum stöðum, telja neitt ósanngjarnt, þó það þurfi að greiða þar dálítið útsvar. Hvort atvinnan er rekin á sjó eða landi, finst mjer alveg sama, og því ekki hægt að deila um það. Því ef jeg hefi t. d. tvo menn í vinnu, annan til að hausa fiskinn, en hinn til þess að taka á móti

honum í landi, finst mjer engri átt ná, að gera annan útsvarsskyldan, en hinn ekki. Órjettlætið, að gera mun á þessum tvemur mönnum, er bersýnilegt.

Ef útsvarsskyldan væri eingöngu bundin við heimilisfang, gæti jeg trúað, að oft yrði úr vöndu að ráða. Því að nú er fjöldi manna ekkert bundinn við heimili sitt, menn oft skrifaðir til heimilis, þar sem þeir aldrei koma. Eitt dæmi, sem jeg þekki, sannar þetta vel. Skipstjóri með skip hjeðan úr Reykjavík lætur skrifa sig til heimilis austur í Vestmannaeyjum, en þangað kom hann aldrei — rekur alla sína atvinnu á skipi frá Rvík og hefir feiknamiklar tekjur. Á þennan mann var ekkert lagt í Rvík, því hann átti þar ekki lögheimili og rak ekki atvinnu þar í landi. Er nú nokkurt rjettlæti, að mega ekki leggja útsvar á manninn í Reykjavík? Jeg segi nei.

Jeg sje nú ekki annað en frv. þetta geti vel gengið í gegnum þingið. Þó að það bæti ekki með öllu úr þessu ranglæti, þá er það þó spor í rjetta átt, og bætir úr þessum göllum, sem mest ber nú á, um Rvík og Hafnarfjörð.

Frsm. minnihl. (Magnús Torfason): Jeg vil lýsa því yfir, út af málinu, er síðast var til umr., að öll þau mál, er snerta þetta efni, eru ennþá í nefnd, nema þetta eina. Mjer fyndist því eðlilegast, að þetta mál væri tekið af dagskrá nú og látið bíða, þar til ákveðið verður, hvort þeim skuli vísað til sjerstakrar milliþinganefndar eða til stjórnarinnar. Jeg geri því að tillögu minni, að málið sje tekið af dagskrá nú.

Ágúst Flygenring: Jeg vil eins vel, að málið sje felt nú þegar, eins og láta það bíða.

Hákon Kristófersson: Aðeins örfá orð, út af því, sem háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) sagði. Háttv. þm. sagði, að engar gildar ástæður hefðu komið fram með frv. mínu á þskj. 113. Með sama rjetti gætum við sagt hið gagnstæða, að engin rök hefðu komið fram gegn frv. mínu.

Þá taldi þessi sami háttv. þm., að rjett væri, að útsvarsskyldan væri þar, sem atvinnan væri rekin, en ekkert bundin við heimilisfang. En lengi má teygja það og toga, hvar rekin sje atvinna, hvort frekar beri að leggja á togaravinnu en kaupavinnu o. fl. Annars furðaði mig stórlega, að háttv. þm. (ÁF) skyldi segja, að þetta frv. hefði ekki komið fram, ef heimildin fyrir Reykjavík hefði ekki verið samþykt í fyrra. En ef heimildin verður feld niður, eins og frv. mitt fer fram á, sje jeg ekki annað en hann megi vel við una.

Þó nú frv. háttv. 1. þm. G.-K. (ÁF) yrði samþykt, getur vel orkað tvímælis, hvort hann muni styðja okkur að því, að koma fram hinum nauðsynlegustu leiðrjettingum á þessum málum. Miklu frekar gæti jeg trúað því, að hann myndi styðja takmarkað rjettlæti í þeim, eins og átti sjer stað hjer í fyrra.

Ef háttv. deild vill nú ekki leiðrjetta þau mistök, sem hjá henni urðu í fyrra í þessu máli, er nauðsyn að sýna frv. þessu fulla hörku. Hið vægasta, sem hægt er við það að gera, er að v í s a þ v í t i l s t j ó r n a r i n n a r, sem jeg geri enn að tillögu minni.

Ágúst Flygenring: Jeg vil benda háttv. þm. Barð. (HK) á, að það er ekkert gagn fyrir hann, þó að frv. þetta verði felt. Hann hefir lýst því yfir, að hann gerði sig ánægðan með, að frv. hans verði kastað í brjefakörfuna. En

jeg geri mig ekki ánægðan með slíka meðferð á mínu frv. Annars sje jeg ekkert á móti því, að samþykkja mitt frv., því að það dregur þó dálítið úr órjettlæti, þangað til ráðin verður bót á því að fullu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skilst, að hjer sje um það deilt, hvort fella eigi frv. þetta nú þegar, eða láta það ganga áfram til Ed. Jeg sje ekki annað en óhætt muni vera að lofa því að halda áfram, því að ennþá á það eftir að ganga gegnum efri deild, og verður vitanlega felt þar, ef ákveðið verður að vísa öllum þessum málum til millibinganefndar. En jeg tel það mjög harkalegt gagnvart flm., að fella það nú þegar, enda verður því ekki neitað, að sanngirni mælir með því, meðan útsvarslöggjöf Reykjavíkur er ekki breytt.

Jakob Möller: Jeg vildi mega beina þeirri fyrirspurn til háttv. þm. Barð. (HK), hversvegna hann hafði frv. ekki tvö. Annað um að fella niður heimild þá, sem Reykjavíkurbæ var veitt í fyrra til útsvarsálagningar á utanbæjarmenn, en hitt um þá breyting á sveitarstjórnarlögunum, að banna að leggja útsvar á kaupafólk o. fl. Þá hefði hann verið sjálfum sjer samkvæmur. En þegar þessi háttv. þm. vill láta fella þetta frv. og samþykkja sitt, þá gef jeg því illan grun, að hann ætli sjer að fylgja rjettlátri og gagngerðri endurskoðun á sveitastjórnarlögunum síðar.

Háttv. þm. Dala. (BJ) kvaðst vera mjög á móti þessum eltingaleik. Um það skal jeg ekkert deila. En jeg legg áherslu á það, að þessi eltingaleikur var hafinn í sveitunum, og þá er ekki sanngjarnt að rísa á móti honum, þegar kaupstaðirnir vilja koma með í leikinn og njóta sömu rjettinda og sveitirnar.

Hákon Kristófersson: Aðeins örfá orð, út af ummælum háttv. 3. þm. Reykv. (JakM). Háttv. þm. sagði, að sjer ljeki grunur á, eftir framkomu minni í þessu máli, að jeg væri þar ekki einlægur. En jeg hefi lýst afstöðu minni í því, bæði gagnvart sveitum og kaupstöðum. En hafi háttv. þm. (JakM) ástæðu til að ætla mjer, að jeg meini annað en jeg segi og geri, þá skora jeg á hann að nefna dæmi, eitt einasta dæmi, sem sýni, að jeg hafi vilt á mjer heimildir.

Annars skal jeg geta þess, að fyrir þinginu liggur frv. um breyting á sveitarstjórnarlögunum. Og því get jeg lýst yfir, sem jeg hefi lýst yfir áður, að jeg mun vinna að því og styðja að því á allan hátt, að fullkomið samræmi komist á milli sveita og bæjarfjelaga í þessu útsvarsskyldumáli.

ATKVGR.

Till. frá þm. Barð. (HK) um að vísa málinu til stjórnarinnar var feld með 14 : 9 atkv.

Till. frá 1. þm. Árn. (MT) um að taka málið út af dagskrá og fresta umræðunni var samþykt með 18 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JS, JÞ, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, BSt, BJ, HStef, HK, IngB, BSv.

nei: JakM, JK, MG, MJ, SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁÁ, BL.

Einn þm. (JBald) fjarstaddur.

Umr. frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

8. Ræktunarsjóður hinn nýi.

Á 9. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um Ræktunarsjóð hinn nýja (þmfrv., A. 45).

Á 14., 24., 25. og 26. fundi í Nd., dagana 23. febr., 3., 4. og 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv enn tekið til 1. u m r.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta mun vera í fimta skiftið, sem mál þetta kemur á dagskrá, og er langt síðan að það var fram borið. En jeg veit, að það kemur ekki að sök. Landbn. hefir borist annað frv., er fer í líka átt, og hefir hún þegar haft þetta frv. til hliðsjónar, þó að ekki væri búið að vísa því til hennar. Jeg er því ekkert hræddur um, að þessi dráttur valdi neinu um úrslit þessa merka máls.

Jeg mun ekki nota þetta tækifæri til að rifja upp gamla reikninga við hæstv. stjórn, fyrir öll hennar afskifti og afskiftaleysi í búnaðarlánadeildarmálinu. Jeg læt mjer hægt um, hvað gerst hefir undanfarið. Mjer er sama, í hvaða formi málið gengur fram: hvort lánsstofnunin heitir Búnaðarlánadeild eða Ræktunarsjóður. Aðalatriðið er það, að því marki verði náð, að lánsstofnun komist á fót, sem veiti bændum hagkvæm lán. Mun jeg síst vilja stofna til meiri deilu um málið, ef von er um einhverja samvinnu um það.

Þetta frv., er jeg ber hjer fram, er orðrjett frá nefnd, er Búnaðarfjel. skipaði í haust, til að athuga þetta mál, og í áttu sæti fulltrúar bændanna og einhver merkasti, eða allra merkasti útgerðarmaðurinn. Jeg hefi flutt það óbreytt, ekki af því, að jeg sje því samþykkur í öllum atriðum, heldur af hinu, að jeg tel nefndina hafa unnið gott verk og stefnt í rjetta átt, og hefi viljað sýna henni þá virðingu, að flytja frv. óbreytt.

Frv. það, sem stjórnin flytur um þetta efni, var komið fram áður en frv. þetta var prentað, og er það, sem á milli ber, tekið fram á síðustu bls. þessa frv. Jeg skal þegar lýsa yfir því, að jeg stend fast á þeim grundvallaratriðum, sem á milli ber og einmitt eru einhver þýðingarmestu atriði frv. Jeg tel stjfrv. afturför frá búnaðarlánadeildinni, en þetta frv. stórum mun betra. En eins og jeg hefi sagt, vil jeg ekki stofna hjer til ósamkomulags, með því að rekja þennan mun nánar, ef góð samvinna gæti að öðrum kosti tekist um málið. Jeg vildi því aðeins bæta við, að jeg óska, að málinu sje vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 17 shlj. atkv.

Sjerstakt nefndarálit kom ekki, en felst í nál. á þskj. 229. — Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Sveitarstjórnarlög.

Á 10. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 53).

Á 12. fundi í Nd., föstudaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Sigurðsson): Á síðustu árum hafa komið fram mjög eindregnar óskir um að sveitarstjórnarlögunum væri breytt í nokkrum atriðum og þau gerð aðgengilegri fyrir almenning. Tilgangur okkar flm. er því í fyrsta lagi sá, að gera þær breytingar, sem telja verður nauðsynlegar vegna þeirra laga, sem sett hafa verið, eða óumflýjanlegar eru af breyttum ástæðum, og í öðru lagi, að draga saman í eina heild þær breytingar, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, svo að hver ólögfróður maður geti nokkurnvegin vitað, hvað gildandi lög eru um þetta. Helsta breytingin, sem gerð er í þessu frv., er sú, að ætlast er til, að niðurjöfnun útsvara fari fram á vorin. Þegar lögin um tekju- og eignaskatt voru sett 1921, þá voru afnumin lögin um lausafjártiund og þáverandi lög um eignaskatt. En þetta var einmitt það, sem hreppsnefndirnar höfðu stuðst við, er útsvar var á lagt. Þessvegna var nú ekki um annað að ræða en að fá til afnota skýrslurnar um tekju- og eignaskatt til þess að fara eftir. Þær hafa líka verið víða lagðar til grundvallar fyrir útsvörunum, og hverfa fleiri og fleiri hreppsnefndir að því ráði; það er meira að segja svo, að í sumum sýslum er þetta gert í öllum hreppum. En þessar skýrslur eru gerðar í febrúar, en niðurjöfnunin 8—9 mánuðum síðar. Þannig eru tekjurnar, sem bygt er á, aflaðar ári áður en álagningin er gerð. Allir hljóta að sjá, að þetta er óeðlilegt, og efnahagur og ástæður manna getur mikið breyst á þessum tíma. Því er það næstum einróma ósk allra hreppsnefnda, sem við þessar skýrslur styðjast, að niðurjöfnunin sje færð frá haustinu yfir á vorið. Þetta ákvæði höfum við því tekið upp í frv., með það fyrir augum, að hreppsnefndir gætu notið skýrslna um tekjur og eignir manna, strax eftir að þær eru fullgerðar. Og í samræmi við þetta leggjum við einnig til, að eindagi útsvarsgreiðslu verði færður til fram á haust, sem nú er, hvort eð er, orðinn langalgengasti greiðslutími, a. m. k. til sveita. Þann tíma nota menn nú orðið til nokkurskonar allsherjar „uppgjörs", og er því ekki nema eðlilegt, að eindagi útsvarsgreiðslu verði fluttur til í samræmi við þessa venju. Sveitarstjórnarlögin ákveða, að lögð skuli á menn útsvör eftir efnum og ástæðum, en kveða svo ekkert nánar á um þetta ákvæði. Er því lagt á vald sveitastjórnanna, að leggja mælikvarða á efni manna og ástæður eftir eigin geðþótta. Er oft undir hælinn lagt, hvort þær leggja þar til grundvallar tekjur manna og skuldlausar eignir, eða hugboð eitt, eða jafnvel enn annan mælikvarða. Af þessu leiðir, að útsvör manna geta oft orðið mjög mismunandi hjá mönnum, sínum í hvorum hreppi, þótt ástæður mannanna og hreppanna sjeu hinar sömu. Gefur slíkt fyrirkomulag oft tilefni til mengrar óánægju innan hreppanna, sem vonlegt er. Til að ráða á þessu bót, höfum við lagt til, að sýslunefndum verði heimilað að setja nánari reglur um útsvarsálagningu, sjerstaklega að ákveða fastan mælikvarða, sem hreppsnefndir skuli fara eftir, þegar þær dæma um efni og ástæður manna. Að vísu mætti kanske setja nánari fyrirmæli um þetta atriði í sjálf sveitarstjórnarlögin, en það yrði þó talsverðum örðugleikum bundið, vegna þess, hve staðhættir og atvinnuvegir eru mis-

munandi í ýmsum hlutum landsins. Öðru máli er að gegna, að fela starf þetta sýslunefndunum. Þær hafa yfir minna landssvæði að segja, og staðhættir allir og atvinnuvegir oftast tiltölulega líkir innan takmarka þess. Auk þess eiga að jafnaði sæti í sýslunefnd menn, sem meira og minna eru og hafa verið riðnir við sveitarmálefni heima fyrir, og eru því venjulega vel kunnugir framkvæmd sveitarstjórnarlaganna. Má því ætla, að tillögur sýslunefndar í þessum efnum verði ávöxtur af margra ára athugunum og reynslu þeirra manna, sem þar eiga sæti, og að þær verði því vel viðunandi, enda engar líkur til þess, að þeir fari öðruvísi að ráði sínu en lög gera ráð fyrir. En þó að svo ólíklega kunni að fara, í einstaka tilfelli, að tillögur sýslunefndar brjóti í bág við grundvallarreglur laganna, þá getur stjórnarráðið altaf tekið í taumana og neitað reglugerð sýslunefndar um staðfestingu.

Þá felst enn eitt nýmæli í frv. þessu, þar sem lagt er til, að húsbændum sje gert að skyldu að sjá um útsvarsgreiðslu fólks, sem dvelur hjá þeim aðeins lítinn og óákveðinn tíma, án þess að vera búsett í hreppnum. Það kemur æ betur og betur í ljós, hvílíkum örðugleikum það er oft bundið, að fá greidd útsvör slíks fólks, sem oft má kalla nokkurskonar farfugla og dvelur ekki nema skamma stund á hverjum stað. Og nauðsyn slíks ákvæðis verður stöðugt ríkari, eftir því sem það fer í vöxt, að fólk sje sífelt að flytja sig milli hreppa, sýslna eða jafnvel landsfjórðunga. Sjerstaklega mun þörf slíkra ráðstafana við sjávarsíðuna.

Þá eru rýmkuð sum ákvæði sveitarstjórnarlaganna með frv. þessu, t. d. um greiðslu á launum hreppsnefndaroddvita. Störf oddvita eru orðin svo umfangsmikil, að engin von er til þess, að menn fáist til að gegna þeim lengur en lög bjóða fyrir t. d. 60 kr. þóknun á ári. Vinnukraftur er allur svo dýr orðinn og bændur auk þess flestir einyrkjar, að ómögulegt er að ætlast til, að þeir geti lagt á sig mikil aukastörf fyrir sama og enga borgun. En samkv. sveitarstjórnarlögunum er nú ekki heimilt að greiða oddvitum í minstu hreppunum meira en 60 kr. árlega, og hafa því sum sveitarfjelög orðið að fara í kringum þetta ákvæði laganna, til þess að verða ekki af góðum mönnum úr oddvitastöðunni. Okkur sýnist ástæðulaust að einskorða sig við þessa lágu þóknun, og höfum því lagt til, að heimilt sje að greiða oddvita hærri laun, ef meirihluti hreppsbúa samþykkir á hreppsfundi.

Jeg skal geta þess, að upp í frv. þetta eru teknar breytingar, sem gerðar hafa verið á sveitarstjórnarlögunum síðan þau voru sett, þó að undanskildum viðauka við þau, sem settur var árið 1915 um leynilegar kosningar til hrepps- og sýslunefnda. Getur hann vel staðið sem sjerstök lög, og er vísað til þeirra í frv.

Vegna breytingar þeirrar, sem gert er ráð fyrir að verði á niðurjöfnunartímanum, höfum við orðið að setja í frv. eitt bráðabirgðaákvæði. Það verður ekki hjá því komist, ef breytingar þær, sem í frv. felast, ná fram að ganga, að næsta reikningsár hreppanna verði nálægt 1½ ár. Nú er varhugavert, að lengja svo reikningsárið, án þess að um leið verði gerðar ráðstafanir til að sveitarstjórnirnar geti aflað nauðsynlegra tekna, og er því hreppsnefndum í frv. gefið leyfi til að jafna niður nú í okt.

í haust fyrir nauðsynlegum útgjöldum, þar til aðalniðurjöfnun fer fram, að vori.

Það má vel vera, að hv. allshn., sem jeg vænti að fái frv. þetta til meðferðar, finni einhverja heppilegri úrlausn, bæði að því er snertir þetta atriði frv. og önnur. Jeg vil ekki neita því fyrirfram, að einhverjir gallar kunni að vera á frv. Við flm. þess höfum, því miður, haft takmarkaðan tíma til undirbúnings því, vegna annara þingstarfa. En hinsvegar teljum við málið svo nauðsynlegt, að við vildum ekki draga það lengi fram eftir þingi, að frv. þetta kæmi fram.

Að lokum vil jeg vona, að hv. allshn. vinni með alúð að frv. þessu og að henni megi takast að sníða af þá vankanta, sem á því kunna að vera, svo að allir megi vel við una.

Jón Baldvinsson: Jeg geri ráð fyrir, að frv. þetta gangi til allshn., og af því að jeg á þar sæti, ætla jeg ekki nú að ræða neitt um stefnu þess. En það er eitt orð, sem hv. flm. nota í greinargerð frv., sem kemur mjer nú til að standa upp, og sem jeg vil telja vítavert af þeim að nota. Þar kalla þeir verkafólk, sem leitar sjer atvinnu hvar á landinu, sem hún býðst, yfirleitt „landshornafólk". Það er alkunnugt, að þetta orð er aðeins notað í niðrandi merkingu, og er því allsendis óviðeigandi, að það skuli, í skjölum þingsins, sjást notað um verkafólkið í landinu.

Flm. (Jón Sigurðsson): Út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg taka það fram, að við höfum leyft okkur að nota þetta orð, landshornafólk, eingöngu af því, að það er, að minu viti, algengt að það sje notað nú orðið, án þess að í niðrandi merkingu þurfi að vera, þótt það að fornu fari kunni einkum að hafa verið notað í heldur niðrandi merkingu, svo sem eins og flækingar eða eitthvað þesshátar.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Einkasala á síld.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um einkasölu á útfluttri síld (þmfrv., A. 72).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er ekki nýr gestur hjer á Alþingi. Það hefir nokkrum sinnum áður komið fram, en ekki hlotið afgreiðslu. Síldveiðarnar eru einkennilegur atvinnurekstur. Þau árin, sem mikið aflast, er hann stórhættulegur, og eins þau árin, sem lítið aflast. Það er aðeins, ef hinn gullni meðalvegur fæst, að þær fara sæmilega úr hendi. Þessvegna er það algengt, að síldarútgerðarmenn fá hvergi peningalán til atvinnurekstrarins, vegna þess, hve mikil áhætta fylgir honum. Stundum eru útgerðarmenn

miljónamæringar, en svo ef til vill öreigar næsta ár.

Menn þykjast nú að vísu sjá, að ekki þurfi jafnmikil áhætta að fylgja síldveiðunum og verið hefir undanfarin ár. Það hafi ekki vantað annað en nauðsynlegt skipulag á sölu síldarinnar; þar sje leiðin út úr ógöngunum, og síldveiðaútgerðarmenn hafa oft fundið til þessa, og hv. þm. munu eflaust muna eftir erindum, er borist hafa frá þeim um þetta efni. Það eru áreiðanlega ekki fáir af síldarútgerðarmönnum, sem hníga að því, að ríkið ætti að hafa síldarsöluna á hendi. Sem stendur er salan svo dreifð, að ekkert eftirlit er hægt að hafa með því, að síldin sje ekki boðin út á óhentugum tíma og fyrir of lágt verð. Þessu þýðir ekki að mótmæla; það gildir bæði um fisk og síld, og þó sjerstaklega um síldina. Við sjáum líka, að atvinnurekendur hafa sameinast til þess að gæta hagsmuna sinna og stundum myndað „hringa" í því skyni. Hjer á það aftur að vera ríkið sjálft, sem tekur síldarsöluna í sínar hendur og bannar algerlega öllum öðrum að flytja út síld og selja.

Síðan fiskiveiðalögin voru sett, hafa menn búist við því, að síldarútvegurinn mundi gefast betur en áður fyrir þjóðina. Hinir mörgu útlendingar mundu hverfa eða verða ekki hættulegir í samkepni. En þeir, sem stunda helst þá atvinnu hjer við land, Norðmenn, eru ekki í vandræðum með að finna ýmsar leiðir og koma því svo fyrir, að þeir hafi sömu landsnytjar við atvinnuna og Íslendingar. Jeg þarf ekki að rekja þetta; menn munu sjá, að lítið hefir batnað í þessu efni. Atvinnuvegurinn er jafnstopull sem áður, en úr þessu má bæta með því, að ríkið taki síldarsöluna í sínar hendur. Þetta er ekkert misrjetti nje móðgun við útlenda menn, er hjer stunda síldveiðar, því að hið sama á að ganga yfir alla, að ríkið geti stjórnað útboði og sölu eftir sinni vild. Ef slíkt skipulag hefði verið komið á á s.l. sumri, hefði að minsta kosti hinir smærri útgerðarmenn fengið miklu hærra verð fyrir síld sína, því að þá hefði hún verið geymd, þangað til verð hækkaði. Að vísu er líklegt, að ríkið muni vilja tryggja sig með því að selja einhvern hluta síldarinnar fyrirfram, en þó aldrei nema nokkurn hluta veiðinnar. Hinsvegar hefði reynslan sýnt s.l. ár, að stórmikið fje hefði grædst á seinustu síldinni, vegna hins háa verðs, og af því hefðu allir notið, ef ríkið hefði haft söluna. Og því er enginn efi á því, að almenningur, sem síldaratvinnu stundaði s.l. ár, hefði haft miklu meira í aðra hönd, ef ríkið hefði haft einkasölu.

Hv. þdm. er mál þetta kunnugt frá síðasta þingi. Þá var því að vísu tekið ómjúklega og felt við 2. umr. Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, þótt þm. taki nú fyrir að fella frv. þetta. Hefir mótstaða hv. þm. sannfært mig um það, að mál þetta sje gott og muni hafast fram að lokum.

Lýk jeg svo hjer með máli mínu, og legg til, að frv. verði vísað til sjútvn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 6 atkv. og til sjávarútvegsnefndar með 13 shlj. atkv.

Nál. meirihl. sjútvn., á þskj. 248, var útbýtt 28. mars, og nál. minnihl., á þskj. 488, 8. maí, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Bygðarleyfi.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bygðarleyfi (þmfrv., A. 76).

Á 21. fundi í Nd., föstudaginn 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., laugardaginn 28. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Þar sem jeg flutti frv. þetta á síðasta þingi og gerði þá grein fyrir því, get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem jeg sagði þá. Hv. þd. tók frv. vel í fyrra, svo að það gekk tregðulaust til nefndar. Nál. og frv. var þó aldrei tekið til 2. umr., og dagaði því uppi.

Jeg efast ekki um, að hv. deild muni nú leyfa því að ganga jafnlangt og í fyrra, en sje ekki ástæðu til að fara frekari orðum um það. En þrátt fyrir það, þótt nefnd hafi haft málið til meðferðar í fyrra, álít jeg rjett, að það sje athugað í nefnd að nýju, og legg því til, að því verði vísað til hv. allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv. og til allsherjarnefndar með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Bæjarstjórn Ísafjarðar.

Á 14. fundi í Nd., mánudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar (þmfrv., A. 77).

Á 24., 25. og 26. fundi í Nd., dagana 3., 4. og 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að vera langorður um málið á þessu stigi. Hjer hafa heyrst raddir um, að rjettast væri að taka það af dagskrá. Það getur ekki komið af öðru en því, að þeir hv. þm., sem svo mæla, hafi alls ekki lesið frv. Því að þótt svo væri gert um annað mál hjer, þá er svo, að það, sem deilt var um í því sambandi, er aðeins lítill hluti af þessu frv.

Þetta frv. er flutt að mestu eftir ósk bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, aðeins hefir verið bætt dálitlu inn í það og einu atriði slept. Jeg skal gjarnan geta um það atriði; það var um aldurstakmark manna í sambandi við atkvæðisrjett í bæjarmálefnum. Bæjarstjórnin fór fram á, að aldurstakmarkið væri miðað við 21 ár í stað 25 ár. Bæði er það, að jeg er þessu mótfallinn, og eins hitt, að farið var fram á þetta hjer í fyrra í öðru frv., og hafði það þá lítið fylgi;

þessvegna er því slept í þessu frv. Annars skal jeg ekki verða til þess að vekja umr. á ný um það, sem hjer hefir áður verið deilt um, hvernig samræma megi ákvæðin um útsvarsskyldu manna í kaupstöðunum við Reykjavíkurlögin.

Í þessu frv. eru ýmsar aðrar breytingar, sem jeg vonast eftir, að hv. þd. sjái ekki ástæðu til að vera á móti, heldur leyfi að ganga fram, svo sem t. d. um dráttarvexti á ógoldnum útsvörum. Það er gert til þess að hjálpa bæjarsjóði til að ná inn gjöldunum, og eins til að hvetja menn til skilsemi. En á því hefir, eins og kunnugt er, bólað síðan á stríðsárunum, að menn hafa ekki verið sem skilsamastir, og það eins, þótt þeir geti goldið, en hinu opinbera er skylt að stuðla að því, að koma þessari venju af. Sömuleiðis er í 1. gr. nýmæli fyrir Ísafjarðarkaupstað, en það er alveg samskonar ákvæði og samþ. var í Reykjavíkurlögunum í fyrra.

Hvað líður breytingunum í fyrstu málsgrein 2. gr., þá sje jeg ekki ástæðu til að leggja kapp á, að þær verði samþ., ef Hafnarfirði verður neitað um sömu ákvæði, því að þá geng jeg alveg út frá því, að þetta mál verði athugað rækilega fyrir næsta þing, og að þá verði komið samræmi á lög sveitanna og bæjanna, að því er þetta snertir. En jeg vil benda á það, að þó að báðar umræddar breytingar verði samþ., þá leiðir það aðeins til þess, að koma samræmi á í lögunum, eins og þau eru nú. Og þó að nú yrði sett milliþinganefnd í málið, þá er valt að treysta því, að till. hennar verði strax gerðar að lögum. Eru mörg dæmi þess, að milliþinganefndir hafa starfað og borið fram till. og frv., sem erfitt hafa átt uppdráttar og seint orðið að lögum. Ætti því ekki að skaða, þó að Ísafjörður og Hafnarfjörður fengju nú sömu rjettindi og Reykjavík, því að það kemur aðeins samræmi á í lögunum.

Af þeim breytingum, sem farið er fram á í frv., er sú annars merkust, sem er í 4. gr., um yfirskot í útsvarskærum. Það er gert ráð fyrir því, að skjóta megi slíkum kærum til yfirskattanefndar Reykjavíkur. Jeg vil ekkert um það segja, hvort þessi leið, sem hjer er farin, að skjóta skuli þessum málum til yfirskattanefndar Rvíkur, er heppilegri en sú, að skjóta þeim til atvinnumálaráðuneytisins. En hitt er augljóst, að nauðsyn ber til að fá ákvæði um þetta í lögin. Eins og hv. þdm. vita, þá eru niðurjöfnunarnefndir kosnar af sömu aðilum og bæjarstjórnirnar, og því engin trygging fyrir, að þær hafi ekki á sjer sama pólitíska blæ. Er í þessu efni nauðsyn, að fullu rjettsýni sje beitt og að tryggilega sje gætt jafnrjettis borgaranna. Að minsta kosti verður aldrei girt fyrir getsakir og kvartanir um, að ekki sje nægilega gætt jafnrjettis, þar sem niðurjöfnunarnefndin er úr sama flokki og þeim, er ræður í bæjarstjórn. Þess utan eru kunn fleiri dæmi um, að jafnvel hafi verið samið um útsvör sumra borgara, og er það vitanlega algerlega á móti lögum, og verður ekki gert án þess, að aðrir borgarar verði fyrir misrjetti. Því er ákvæði um yfirskot í þessum málum bráðnauðsynlegt. Hitt er ekki kappsmál, hvort skjóta eigi kærunum til atvinnumálaráðuneytisins eða yfirskattanefndar Reykjavíkur. Í lögunum í fyrra var eðlilegt mjög, að þetta væri bundið við nefndina. Með því kemur hún nú til að fást við slík mál, og því verður þetta ekki óeðlilegt. Eins ber þess að gæta, að sjálfsagt

fylgja slíkum kærum svo góð málsgögn, að þau geta leitt til úrskurðar í málinu, hvort heldur sem yfirskattanefndin eða ráðuneytið á um þau að dæma.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Óska þess, að það fái að ganga til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Sala á kolum og koksi.

Á 15. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á kolum eftir máli (þmfrv., A. 87).

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta. Jeg vona, að hv. þdm. hafi lesið greinargerðina og sjeð, hvað fyrir mjer vakir. Ýmsir menn hafa talað við mig um þetta mál og sagt, að það þyrfti að veita heimilum vernd gegn því, að fá kol, sem hafa verið látin liggja úti undir snjó og regni. Það er ekki dæmalaust, að þegar kolum hefir verið ekið heim, hefir runnið svo mikið úr þeim, að alt geymslugólfið hefir verið undir vatni, og það kalla jeg dýr vatnskaup, þegar tekið er tillit til kolaverðsins. Ýmsar verslanir geyma kol sín í húsi, og er misrjetti milli þeirra, sem með kol versla. Vandkvæði eru engin, þegar um er að ræða að selja kol í smásölu. Fer vel á því, að nærri lætur að 1 hl. sje ½ skpd., og því ekki vont að átta sig á verði. Þótti mjer rjett að taka fram í frv. þetta, ef kaupandinn óskar að fá kol eftir þyngd. Annars ætla jeg ekki að orðlengja þetta að svo komnu, en vil óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 : 3 atkv.

Á 68. og 69. fundi í Nd., dagana 30. apríl og 1. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 2. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 87, n. 311, 424).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 424. — Afbr. leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Jeg verð að standa upp til þess að þakka ekki nefndinni fyrir afgreiðslu á þessu máli, þar sem hún vill fella frv. Jeg hefi borið fram brtt. á þskj. 424, þar sem nefndin hefir tekið svo hart á málinu, sem gerir það umfangsminna. Jeg hefi orðið var við, að menn hafa komið með þá mótbáru, að ef kolin væru í stórum stykkjum, mundu menn skaðast á kaupunum, þar

sem þá væri hættara við auðum rúmum á milli stykkjanna. Jeg hefi því breytt þessu þannig, að ákvæðið um að selja kol eftir máli nær aðeins yfir gastæmd kol (koks). Þau eru víða seld eftir máli, og gefst það vel, þar sem stykkin eru svipuð að stærð, en aftur á móti munar miklu á þyngdinni, ef vatn kemst að þeim.

Annars ætla jeg ekki að teygja umr. um þetta mál. Jeg sje, að hv. nefnd er viss um, að málið verði felt. Jeg skal geta þess, að þetta er ekkert sjerstakt áhugamál mitt. Jeg hefi lagt það fram til þess að vernda kaupendur kolanna og þá, sem versla með kol og koks og geyma vöruna vel, í samkepni við hina. Svo læt jeg hv. þm. alveg ráða því, hvort þeir telja málið þess vert, að það sje samþykt eða ekki.

Jón Kjartansson: Þar sem hv. frsm. er ekki við, ætla jeg að gefa upplýsingar um, af hverju nefndin fór þessa leið. Nefndin litur svo á, að oft, þegar um smærri kaup er að ræða, sje óhagstætt fyrir kaupendur að kolin sjeu mæld, eða ef keypt er í stærri stíl, sjeu kolin verri. En það mun ekki vera ætlunin með frv., að spilla fyrir kaupendum. Hitt kom til tals í nefndinni, að breyta frv. eins og hv. flm. (MJ) vill nú gera, og býst jeg við, að jeg fyrir mitt leyti greiði þeirri tillögu atkvæði mitt.

ATKVGR.

Brtt. 424, 1 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr. frv., svo breytt, samþ. með 13 : 7 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

Brtt. 424,2 samþ. án atkvgr. og fyrirsögnin þar með ákveðin: Frv. til laga um sölu á koksi eftir máli.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 7 atkv.

Frv. var ekki á dagskra tekið framar.

---

14. Tilbúinn áburður.

Á 15. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um tilbúinn áburð (þmfrv., A. 89).

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg þakka forseta fyrir að hafa leyft þessu máli að koma til umr., þó að annað mikilsvert mál væri á dagskrá á undan. Jeg mun því gera mitt til, að það tefji ekki. Jeg álít óþarft að fara mörgum orðum um málið, þó að það sje merkilegt, vegna þess, að öll aðalatriði þess eru tekin fram í greinargerð frv. Leyfi jeg mjer að leggja það til, að frv. verði vísað til landbn., að umræðu lokinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil leyfa mjer að biðja nefndina að tala við mig, áður en hún afgreiðir málið

Jón Sigurðsson: Jeg veit ekki, hvort jeg fæ tækifæri til að tala við nefnd þá, sem mál þetta fær til athugunar, en vil einungis skjóta til hennar nokkrum bendingum, til athugunar. Jeg get ekki sagt annað en að málið sje merkilegt, þar sem áburðarskortur hefir verið aðalhemill á framkvæmdum í jarðrækt, og það er vanaviðkvæðið hjá bændum, er þeir hafa verið spurðir um, hvað

valdi vanrækslu í jarðrækt, að það sje áburðarskortur. Enda er það víst, að þegar áburð vantar, þýðir ekki að hugsa um ræktun. Jeg vil benda á, að með nágrannaþjóð vorri, Dönum, hefir bændum verið trygður ósvikinn og ódýr áburður, og hefir sjerstakur fjelagsskapur þann starfa með höndum. En svo háttar hjá okkur, að samskonar fjelagsskapur verður að hafa með höndum ýms önnur óskyld störf. Álít jeg best, að Búnaðarfjelag Íslands hafi málið með höndum, þótt það skorti rekstrarfje á við áburðarfjelögin dönsku. Best væri, að Búnaðarfjelag Íslands tæki að sjer málið, og að því yrði árlega veitt fje til þess úr viðlagasjóði, annaðhvort með lágum rentum eða vaxtalaust. Þetta er miklu eðlilegri leið en að fara með málið beint til stjórnarinnar. Kost tel jeg það, að varan verður ódýrari eftir frv., einkum ef Esja fengist til að flytja vöruna annaðhvort frítt eða fyrir lítið gjald.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins geta þess, út af ummælum hv. 2. þm. Skagf. (JS), að miklu fleiri skoðanir hafa verið uppi um þetta mál á búnaðarþinginu, en síst þessi skoðun. T. d. kom það fram, að landsverslunin tæki þessa verslun að sjer. Aðrir vildu, að Samb. ísl. samvinnufjelaga gerði það, en til þess að komast hjá ágreiningi um þetta, vildi jeg, að ríkisstjórnin annaðist framkvæmdir, eða fæli þær öðrum, ef henni litist svo að gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Yfirsetukvennalög.

Á 17. fundi í Nd., fimtudaginn 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (þmfrv., A. 97).

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Eins og tekið er fram í greinargerðinni, flyt jeg þetta mál samkvæmt ósk Ljósmæðrafjelags Íslands. Margar áskoranir hafa komið fram, frá yfirsetukonum úti á landi, um að fá launakjör sín bætt. Stjórn ljósmæðrafjelagsins hjer hefir dregið úr þesum launakröfum, og jeg hefi einnig skorið niður, nema þar sem brýn nauðsyn virðist vera til bóta.

Fyrir nokkru birtist grein hjer í blaði eftir lækni hjer í bæ, um barnadauða. Er þar sýnt fram á, að mikil breyting hefir orðið til batnaðar í þessu efni nú á síðustu tímum, og að hjer á landi sje nú barnadauði hjer um bil minstur í heimi. Þótt menn nefni oft framfarir með háðbrosi á vörum, getur engum dulist, að hjer er um greinilegar framfarir að ræða, sem þakka má góðri framgöngu læknanna í því, ásamt öðru starfi, að vinna að því, að menta stjett yfirsetukvenna hjer á landi og prjedika hreinlæti og hollustu fyrir fólkinu. Enginn vafi er á því, að yfirsetukonur kunna

betur verk sitt og hafa ríkari skilning á starfi sínu en áður. Ljósmæður hafa kent konum betri meðferð ungbarna, og áreiðanlega hefir fækkað þeim sjúkdómum, sem konur hafa kvalist af eftir barnsburð, og oft og tíðum hafa haft dauðann í för með sjer. En nú er þessi framför í hættu stödd, og án efa verður breyting á þessu til hins lakara, vegna þess, að stjettin er alt of lágt launuð. Kjörin voru víst eitthvað bætt árið 1919, en því verður ekki neitað, að nú eru þau óviðunandi, þar sem kaupið er lægra en kaup vinnukvenna. Þess verður að gæta, að staða yfirsetukvennanna hefir í för með sjer mikið ófrelsi. Þær verða að vera til taks hvenær sem er. Ennfremur hefir verið hert á kröfunum til þeirra, þar sem þær verða að kosta sig meira nú en áður. Fyrir nokkru fór það að færast í vöxt, að ungar stúlkur utan af landi leituðu til Reykjavíkur til yfirsetukvennanáms, til þess með því móti að geta sjeð sig um í höfuðstaðnum og skemt sjer þar vetrartíma, en með auknum kostnaði fór að draga úr aðsókninni til þessa náms. Er það að vísu gott, að komið sje í veg fyrir það, að stúlkur komi hingað á ljósmæðraskólann og hafi námið aðeins að yfirvarpi, en á hinn bóginn getur það orðið til þess, að erfitt verði að fá vel mentaðar ljósmæður. Ekki virðist mjer mega horfa í nokkur þúsund krónur úr ríkissjóði, til þess að bæta með kjör yfirsetukvennanna. Mörgum kann reyndar að virðast starf þeirra lítilfjörlegt, en það er samt altaf merkilegt starf, þegar tekið er tillit til þess, að vanræksla á því getur kostað lífið og skýrslur sýna, að hátt á 3. þúsund konur leggja líf sitt í þeirra hendur á ári hverju. Eina ráðið er að bæta kjör þeirra. Með það fyrir augum vil jeg vona, að hv. þdm. sýni málinu þá velvild, að vísa því til 2. umr.

Jeg hefi með vilja lagað frv. svo til, að þær, sem lægst launin hafa, fái mesta uppbótina. Og sömuleiðis þær, sem eru í kaupstöðum, en það kemur ekki ríkissjóði við, því að þær eru launaðar af kaupstöðunum, en aftur verða þær að hafa svo mikinn kostnað, þar sem þeim er nú gert að skyldu að hafa alt af einhvern til þess að gæta síma o. fl.

Jeg tel sennilegt, að mál þetta heyri undir allshn. og óska, að það fái að ganga til 2. umr. og þeirrar nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 14 : 2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Bæjargjöld í Reykjavík.

Á 23. fundi í Nd., mánudaginn 2. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík (þmfrv., A. 113).

Á 25. og 26. fundi í Nd., dagana 4. og 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., föstudaginn 6. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hákon Kristófersson): Eins og sjá má á greinargerð þessa frv., er

það fram borið vegna ummæla, er fjellu í þessari hv. deild við 2. umr. frv. þess, sem nú er þriðja mál á dagskrá, og borið er fram fyrir tilmæli Hafnfirðinga. Jeg skal strax taka það fram, að jeg álít síst að undra, þó að Hafnfirðingar láti í ljósi óskir um, að fá að njóta samskonar hlunninda og Reykjavíkurbæ voru veitt hjer á Alþingi í fyrra með lögum um bæjargjöld í Reykjavík, sem þá voru illu heilli samþykt. Eins og hv. þm. er kunnugt, snýst aðalefni þessa frv. um það, hvort heimilt skuli Reykvíkingum, að leggja útsvar á menn, sem ekki hafa þar fast aðsetur, en eru þó fyrir tilviljun lögskráðir einhvern tíma ársins á skip, sem talið er eiga heimili í Reykjavík, en sem e. t. v. kemur þar ekki nema svo sem 5—6 daga á þeim tíma, sem þeir eru lögskráðir á skipið.

Þegar litið er til afstöðu þeirrar, sem jeg hefi alla tíð tekið til þessara mála, þá er síst að furða, þó að jeg beri nú fram frv. þetta, þar sem jeg hefi altaf verið því mótfallinn, að hin ýmsu bygðarlög landsins legðu sig í framkróka til að elta uppi utansveitarmenn, sem um tíma leituðu sjer þar atvinnu, til þess að leggja á þá útsvör. Jeg vil ekki draga það í efa, sem jeg hefi heyrt, að ýmsar sveitir hafi gengið svo langt í þessu efni, að þær hafi jafnvel lagt útsvar á kaupafólk. Slíkt er jafnmikil ósvinna og að Reykjavíkurbær skuli leggja útsvör á sjómenn, sem njóta þar engra annara fríðinda en að vera um tíma lögskráðir á skip, sem þar er talið skrásett.

Eins og gefur að skilja, er mál þetta komið í hið mesta öngþveiti, og hefir verið haldið fram ýmiskonar sundurleitum skilningi á hjer að lútandi laga-ákvæðum. Sjerstaklega hefir menn greint á um það, hvernig skilja bæri orðin „fast aðsetur“ í þessu sambandi. Vil jeg í þessu efni skírskota til ummæla eins lögfræðings hjer í hv. deild við 2. umr. áðurnefnds Hafnarfjarðarfrumvarps. Þótti mjer vænt um að heyra þann skilning, því að hann var sá sami, sem jeg hefi altaf lagt í þetta ákvæði, sem sje það, að svo verði að líta á, að heimilisfang, óslitið alt árið, verði að teljast „fast aðsetur“.

Jeg býst ekki við, að svo verði litið á, að jeg með frv. þessu baki Reykjavíkurbæ nokkurn verulegan fjárhagslegan hnekki, því að nokkru leyti styður frv. að tekjuauka fyrir bæinn, þó að það hinsvegar kunni að rýra tekjur hans eitthvað í sumum tilfellum. Jeg hefi talið rjett að heimila bænum að taka ákveðið hundraðsgjald af þeim launum, sem menn vinna þar fyrir og nema 6000 kr. eða meiru árlega, þó að menn þessir sjeu þar ekki heimilisfastir og hvort sem störf þau, sem þessi laun eru tekin fyrir, eru aðal- eða aukastörf viðkomandi manna. Alt öðru máli er að gegna um sjómenn, þó að lögskráðir sjeu á reykvísk skip um tíma, og sem í raun veru stunda atvinnu sína úti á rúmsjó, oftast langt frá landhelgi Reykjavíkur og koma þar örsjaldan í land.

Það er yfir höfuð að tala alls ekki rjett, að hin ýmsu bygðarlög landsins gerist mjög ásælin í því efni, að skerða gjaldþol hvers annars, en svo verður altaf, ef þeim er heimilað að leggja útsvör eftir vild sinni á utansveitarmenn, sem e. t. v. dvelja þar aðeins örstutt.

Eftir því sem jeg hefi hlerað, eru örlög þessa frv. fyrirfram ákveðin. En jeg mun ekki taka þau nærri mjer, því að jeg býst við, að fleiri frv. um þessi efni kunni þá að fara sömu leiðina.

Það hefir verið talað um það, hjer í þessari hv. deild, að nauðsynlegt væri að skipa milliþinganefnd, til þess að ráða málum þessum til lykta og samræma löggjöfina í sveitarstjórnarmálefnum um land alt, eftir því sem við verði komið.

Má vel vera, að þetta sje heppilegt, enda þótt jeg fyrir mitt leyti hafi fremur litla trú á því, að till. milliþinganefndar geti ekki valdið ágreiningi, og styðst jeg þar við reynslu fyrri tíma.

Eins og jeg tók fram í upphafi, þá er ekki nema eðlilegt, að Hafnarfjörður fái sömu heimild til útsvarsálagningar sem Reykjavík var veitt í fyrra. Það er í rauninni sjálfsagt. En af því að jeg er á móti þeirri heimild fyrir hvern sem er, þá hefi jeg borið þetta frv. fram, til þess að kippa út úr Reykjavíkurlögunum stærsta agnúanum, sem á þeim eru, að mínu viti.

Læt jeg svo staðar numið að sinni og vona, að enginn hafi fundið sig krenktan af þessum orðum mínum.

Jakob Möller: Þó að ekki hafi orðið úr því, að jeg tæki til máls hjer á dögum, þegar Hafnarfjarðarfrv. var til umr., eins og jeg þó hafði ætlað mjer, þá er ekki síður ástæða fyrir mig að segja nokkur orð um frv. þetta, sem nú er til umr.

Jeg verð að segja, að mjer þykir lambið, sem hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um á dögunum, vera farið að byrsta sig við úlfinn, þar sem frv. þetta er fram komið. Og mjer finst þetta sama lamb byrsta sig nokkuð mikið við úlfinn í umr. yfirleitt, þegar talað er um, að Reykjavík hafi með lögunum frá síðasta þingi fengið meiri hlunnindi en önnur sveitarfjelög hafa, og að gengið hafi verið á rjett þeirra í þeim lögum.

Þessu hefir verð haldið fram, þrátt fyrir það, að fyrir löngu síðan hefir sveitarstjórnarlögunum verið breytt í sama anda sem kom fram í Reykjavíkurlögunum í fyrra.

Jeg get fullkomlega viðurkent þá lögskýringu, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) lýsti hjer um daginn, í sambandi við Hafnarfjarðarfrv., sem nú liggur fyrir þinginu, og hafði eftir öðrum manni, sem við báðir metum mikils. En sá hængur er á, að þessi lösgkýring er eldri en sveitarstjórnarlögin, sem nú gilda. Og auk þess sem þau breyttu í ýmsu eldri ákvæðum, þá hefir anda þeirra laga síðan verið breytt svo gersamlega, að þó að lögskýring þessi hafi verið rjett, þegar hún var gefin, árið 1889, þá nær hún engri átt nú. En það eru ekki Reykjavíkurlögin frá s. l. ári, sem gera þetta að verkum, heldur ýmsar breytingar, sem áður hafa verið gerðar, ekki síst breytingin 1922.

Til skýringar skal jeg nefna eitt dæmi af mörgum. Jeg veit með vissu, að s. l. sumar fór fátækur maður hjeðan úr bænum, hálfsmánaðar tíma, austur í Ölfus, og heyjaði þar handa nokkrum rollum, sem hann á. Honum var gert að greiða 40 kr. útsvar þar eystra. Ef það er brot á anda sveitarstjórnarlaganna, að heimila Reykjavíkurbæ að leggja útsvar á atvinnu þá, sem menn njóta á skipum, sem heima eiga í bænum, þá er þetta fulteins mikið brot á anda þeirra laga.

Þessvegna er það, að þegar þetta frv. fer aðeins fram á að breyta ákvæðum Reykjavíkurlaganna, þá felst í því mikið misrjetti gagnvart Reykjavíkurbæ.

Jeg skal játa, að það getur verið mikið álitamál, hvort rjett sje, að sveitarfjelögin geri mikið að því, að elta utansveitarmenn uppi með útsvarsálagningar. Hinsvegar eru skoðanir skiftar um þetta mál, og telja margir sanngjarnt, að menn greiði eitthvað til sveitar, þar sem þeir njóta atvinnu sinnar. En hvað sem annars má segja um þetta atriði, þá ætti öllum að vera það ljóst, að aldrei getur náð nokkurri átt, að undanskilja Reykjavík og Hafnarfjörð rjetti, sem önnur hjeruð landsins hafa fengið, eða a. m. k. færa sjer dyggilega í nyt. Þessvegna er frv. þetta óviðeigandi að svo stöddu.

Mjer fellur vel, ef það er rjett, sem hv. flm. (HK) sagði, að í ráði væri að taka öll sveitarstjórnarmálefni landsins til rækilegrar yfirvegunar. Þess væri full þörf. Hinsvegar mælir full sanngirni með því, að samþ. Hafnarfjarðarfrv. nú á þessu þingi, þó að í ráði kunni að vera að samræma löggjöfina fyrir sveitir og kaupstaði í þessum efnum. Ef það verður ofan á, að heimila sveitarfjelögum yfirleitt ekki að leggja útsvör á utansveitarmenn, þá er hægast að breyta þessu ákvæði einnig í Hafnarfjarðarlögunum, þegar þar að kemur.

Annars skal jeg ekki hafa á móti því, að frv. þetta gangi til 2. umræðu og nefndar.

Flm. (Hákon Kristófersson): Mig furðar alls ekki á því, að þm. Reykvíkinga andmæli frv. þessu.

Jeg hefi litið svo á, alt þangað til annað hefir verið gert kunnugt hjer í hv. deild, að alment sje ekki lagt útsvar á verkafólk úti um bygðir landsins, t. d. kaupafólk, sem stundar atvinnu aðeins skamma stund utan heimilissveitar sinnar. Jeg skoða það ekki atvinnurekstur, þó að maður dvelji hjá mjer sem kaupamaður um tíma og fái ákveðið kaup fyrir. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði frá fátækum manni, sem varð að greiða 40 kr. útsvar austur í Ölfusi, fyrir það eitt, að hann heyjaði þar nokkra hesta um hálfsmánaðar tíma. Þó að slík svívirða kunni að geta komið fyrir á einstöku stað, þá er ekki þar með sagt, að endilega þurfi að lögheimila slíkt um land alt. Eða er það algengt, að hreppsnefndir landsins leyfi sjer að sýna slíka óskammfeilni? Jeg vil leyfa mjer að mótmæla því, að svo sje. A. m. k. þekkist slíkt ekki á Vesturlandi, þar sem jeg þekki til. Jeg veit ekkert dæmi þess, að þar hafi hreppsnefndir sýnt svo mikla óbilgirni eða gerst svo yfirgangssamar, að þær leyfðu sjer nokkuð svipað þessu. En því miður heyrast slíkar sögur hjer austan úr sýslum, en jeg vona, að hv. 1. þm. Árn. (MT), sem er þessum málum kunnugastur þar eystra, geti mótmælt þessum sögusögnum.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) taldi frv. þetta óviðeigandi eins og sakir stæðu. Það er langt frá því, að jeg vilji gera lítið úr áliti hans, en þó verð jeg að vona, að þeir hv. þm. verði fleiri, sem telja frv. einmitt vel viðeigandi, þar sem það stefnir í þá átt, að nema í burtu úr Reykjavíkurlögunum meingallað ákvæði, sem illu heilli slæddist inn í þau á síðasta þingi.

Þá taldi hv. þm. (JakM) rjett, að Hafnarfjarðarfrv. næði fram að ganga, þó að þetta frv. fjelli. Það er satt, að þessi skoðun hefir dálítið til síns máls, þar sem hún er bygð á því, að ekki sje nema eðlilegt, að Hafnfirðingar fái sömu hlunnindi sem Reykvíkingum voru veitt í fyrra. En þar sem jeg býst

við því, að Reykjavíkurbær muni ekki í ár nota heimild sína til útsvarsálagningar gagnvart Hafnfirðingum, þá fæ jeg ekki sjeð annað en að Hafnfirðingar megi una því, að bíða næsta árs, og enda ekki óviðeigandi, að bæði frv. fari sömu leiðina, ef þessu frv. minu er búinn dauði.

Samlikingu hv. þm. (JakM) um lambið, sem væri farið að byrsta sig við úlfinn, skildi jeg ekki. Mjer finst jeg vera svo friðsamur maður yfirleitt, að jeg vona, að hv. þm. (JakM) hafi ekki beint þessu að mjer á nokkurn hátt.

Jeg skal loks taka það fram, sem jeg gleymdi áðan, að jeg óska, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til hv. allshn. Hún er að minu viti vel fær um að taka málið til nauðsynlegrar og sanngjarnrar yfirvegunar.

Magnús Torfason: Jeg stend ekki upp til þess að ræða efni þessa frv. Jeg býst við, að það gangi til nefndar, sem jeg á sæti í, og er þá siður minn að geyma aths. minar, þangað til nefndin tekur málið til meðferðar. En það voru nokkur orð hv. 3. þm. Reykv. (JakM), sem gerðu það að verkum, að jeg get ekki látið undir höfuð leggjast að segja örfá orð við þessa umr. Hv. þm. (JakM) vildi halda því fram, að lögskýringin, sem jeg lýsti hjer á dögunum í sambandi við þessi mál, væri orðin gömul og úrelt. Það er rjett, að hún er gömul, en hún er líka ný og enganvegin úrelt, því að allir dómar landsyfirrjettarins um þessi efni hafa staðfest hana síðan. Umrætt ákvæði um lögheimili kom inn í sveitarstjórnarlöggjöfina árið 1889 og hefir alla tíð síðan verið tekið óbreytt upp í lög um sveitarstjórnarmálefni og einnig yfirleitt upp í lög um málefni kaupstaðanna. Þetta ákvæði hefir sem sagt verið rauði þráðurinn í allri löggjöf vorri um útsvarsálagningu síðan.

Að því er snertir útsvarsálagningu Ölvesinga, ber þess að gæta, að hún kemur ekki málinu við. Nú er frómt frá því að segja, að í þessum hreppi og fleirum voru menn farnir að seilast nokkuð eftir útsvörum. Um þetta tilfelli, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gat um, get jeg ekki sagt neitt, man það ekki. En jeg get skýrt frá því, í sambandi við það, sem hv. þm. (JakM) sagði, að einn vel efnaður maður í þessum bæ á eina af landnámsjörðunum þar eystra, það er að segja, hann hefir ekki eignarrjett yfir jörðinni, heldur á hann 20 þús. króna veðskuld í henni, en annar maður hjer í bæ, sem ekkert á til, hefir eignarrjettinn, og af honum hafa einu sinni náðst 50 krónur í útsvar. Yfirleitt eiga Ölvesingar við það að búa, að jarðir komist í hendurnar á Reykvíkingum fyrir svo hátt verð, að þær verða ekki leigðar með þolanlegu eftirgjaldi og standa því í eyði.

Annars mun jeg ekki fara fleiri orðum um þetta.

Klemens Jónsson: Mjer finst þetta mál altaf vera að komast í meira og meira óefni, og versna með ári hverju, vegna hringlandaskapar í því. Sveitarstjórnarlögin höfðu ekki verið lengi í gildi fyr en farið var að breyta þeim, og sveitarfjelög fóru að reyna að seilast í nokkrar krónur í sveitarsjóð af utanhreppsmönnum, sem ráku einhverja lítilfjörlega atvinnu á staðnum. Ef utanhreppsmaður átti eitthvert ítak í sveitinni, slægju eða þesshættar, þótti sjálfsagt, að hann greiddi eitthvað gjald af þessum afnotum í sveitarsjóð. Þetta

hefir svo farið versnandi ár frá ári, og nú er komið í fullkomið óefni. Það er enginn vafi á því, að það var rangt gert, að samþykkja lagabreytinguna í fyrra, en þó að einu sinni sje rangt að farið, er ekki sjálfsagt að halda því áfram þing eftir þing. Úr því sem komið er, sje jeg ekki önnur ráð en að málið verði tekið til meðferðar af stjórninni sjálfri, eða að hún skipi milliþinganefnd. Hæstv. atvrh. (MG) hefir látið á sjer skilja, að sjer væri ekki ókleift að koma fram með breytingu á sveitarstjórnarlöggjöfinni fyrir næsta þing, og það verður nauðsynlegt að koma meira samræmi á milli löggjafarinnar í sveitum og kaupstöðum, eins og nú er komið.

Jeg er ekki að mæla á móti þessu frv. og mun greiða því atkvæði til nefndar. En annars álít jeg, að hv. allshn. þurfi ekki að flýta sjer með að afgreiða þetta mál. Að öðru leyti vænti jeg þess, að stjórnin taki málið til athugunar. Þetta hringl fram og aftur á hverju þingi má ekki ganga svo lengur. Ef þannig heldur áfram, endar með því, að tímatakmark verður ekkert, ekki mánuðir, ekki vikur, ekki einu sinni dagar, því að það endar með því, að ef hrossakaupmaður sendir erindreka norður í Húnavatnssýslu eða vestur í Dali, sem heldur þar hrossamarkað part úr degi, þá heimtar sveitin útsvar af arðsamri atvinnu rekinni þar. Fyrir þetta verður ekki girt nema með því móti einu, að fastar og samræmar reglur sjeu settar, er gildi jafnt sveitarfjelög og kaupstaði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hæstv. atvrh. (MG) er því miður bundinn við umr. í hv. Ed. Jeg get ekki gefið fullnaðarsvör fyrir stjórnarinnar hönd, en hún mun vera samþykk áliti hv. 2. þm. Rang. (KlJ) um að taka þurfi málið til gagngerðrar endurskoðunar, og mun hún vilja leggja fram krafta til þess. Hvort stjórnin óskar eftir heimild til að skipa milliþinganefnd eða ekki, því get jeg ekki svarað, en það hefir verið venja, að undirbúa meiriháttar breytingar á þessari löggjöf í milliþinganefnd, og hefir það gefist vel.

Halldór Stefánsson: Það mátti skilja á umr. um daginn um Hafnarfjarðarfrv. svokallaða, að mönnum þykir of langt gengið í því, að elta menn með útsvarsálagningar, þó að þeir dvelji stuttan tíma við atvinnu annarsstaðar en þar, sem þeir eiga heima. Þegar Reykjavíkurlögin voru samþykt í fyrra, var gengið lengra en áður, og ný ákvæði voru sett, sem ákveða, að menn, skrásettir á skipum í Reykjavík, sjeu útsvarsskyldir þar, jafnvel hvað stuttan tíma, sem um er að ræða. Mun þetta hafa verið gert aðallega með tilliti til fiskiflotans, en nær þó einnig til flutningaskipa, t. d. Eimskipafjelagsskipanna. Afleiðing þess er sú, að þetta eina ár hafa skipshafnirnar á skipunum orðið útsvarsskyldar hjer, jafnframt því sem þeir eru útsvarsskyldir þar, sem þeir af eðlilegum ástæðum hafa fast aðsetur eða heimili, en svo stendur vitanlega á með marga af þessum mönnum. T. d. er svo með skipstjórana á tveim aðalskipum Eimskipafjelagsins, að annar er búsettur á Norðurlandi, en hinn á Austurlandi. Báðir hafa kvartað mjög undan þessu, því að erfitt er að fá leiðrjettingu gjalda á tveim stöðum, ef þörf er á, og vera þó ef til vill fjarverandi á báðum stöðum.

Eftir því sem mönnum hafa farist orð í þessu máli, má ætla, að menn vilji ekki lengra ganga, heldur miklu fremur draga að sjer hendina. Það ætlar að rætast gamla orðtakið, að ein syndin býður annari heim. Þessi lög eru fram komin meðfram af því, að Hafnarfjörður óskar nú eftir sömu aðstöðu og Reykjavík fjekk í fyrra með bæjargjaldalögunum. Má búast við, að hver kaupstaðurinn komi á fætur öðrum og æski hins sama. Af því að þetta atriði um skrásetning skipanna er sjerstakt atriði, sem enga hliðstæðu á annarsstaðar, þá finst mjer rjett að afnema þennan brodd nú þegar og samþykkja þetta frv.

Einn af kostunum við að Alþingi kemur saman árlega er sá, að með því móti er hægt að leiðrjetta eftir eitt ár, ef mistök hafa orðið, en svo hefir einmitt orðið nú. Þó að þetta frv. verði samþ., þá þarf það ekki að vera til fyrirstöðu því, að sveitarstjórnarlöggjöfinni verði vísað til sjerstakrar nefndar eða stjórnarinnar til athugunar til næsta þings.

Magnús Torfason: Jeg vil aðeins, út orðum hv. 2. þm. Rang. (KlJ), gefa yfirlýsingu fyrir nefndarinnar hönd. Jeg get sagt frá því, að báðar allshn. hafa gengið á fund og athugað málið nokkuð, og var allshn. Nd. falið að athuga nánar og undirbúa þingsályktun, einmitt þess efnis, að sett væri millibinganefnd í málið.

Jakob Möller: Jeg get ekki látið hjá líða að mótmæla því, sem hv. þm. hafa slegið fram, um að það hafi verið rangt að samþykkja í fyrra heimildina fyrir Reykjavík til að leggja útsvar á utansveitarmenn. Það var ekki rangt, heldur fullkomlega í samræmi við það, sem búið var að setja áður í hin almennu sveitarstjórnarlög. Það er ómögulegt að gera upp á milli þess, að leggja útsvör á kaupafólk og fólk á skipum. Það er algert samræmi í því. Enda þótt hv. 1. þm. Árn. (MT) segi, að útsvar á kaupafólki sje ekki í samræmi við lögskýringuna, þá er lögskýringin mjög vafasöm nú orðið, og þó að hún hafi einhverntíma verið staðfest af landsyfirrjettinum, sem var lagður niður um áramótin 1919—1920, veit jeg ekki, hvort hún fær staðist nú; að minsta kosti er hún að engu höfð, og hæstarjettardómur er enginn til um þetta. Það er að minsta kosti augljóst, að sú lögskýring er mjög vafasöm, nú eftir allar breytingarnar, sem gerðar hafa verið á sveitarstjórnarlögunum síðustu árin. Og viðvíkjandi því, að órjettmætt sje að leggja á skipafólk, vil jeg vekja athygli á því, að þegar útgerðin vex, vex einnig áhætta í sambandi við útgerð. Ef útgerð legst niður, fara utansveitarmennirnir burt, en kaupstaðarfólkið situr eftir með alla ábyrgðina og stendur uppi atvinnulaust. Af þessu sjest, að ekki er ósanngjarnt, að menn, sem stunda atvinnu á skipum, leggi fram til viðkomandi bæjarfjelags. Jeg get alls ekki fallist á, að rjett sje að afgreiða þetta frv. frá þingi í von um, að síðar verði komið samræmi á lögin í heild sinni, því að vel getur endað svo, að þetta frv. verði samþykt, en lögunum ekki breytt síðan. Meðan þeim er ekki breytt fyrir aðrar sveitir, er rangt að breyta Reykjavíkurlögunum og neita Hafnarfirði um þennan rjett.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg ætla

ekki að vera langorður, en vil aðeins geta þess, að svo er sem sumir álíti óþarft að fjölyrða um þetta mál. Finst mjer þó meiri ástæða til að tala um þetta en það mál, sem mest hefir verið rætt hjer undanfarna daga.

Sjerstaklega vil jeg þakka hv. 2. þm. Rang. (KlJ) fyrir góðgjarnar og viturlegar undirtektir hans í þessu máli. En mjer virtist hann fallast á, að frv. mitt færi í rjetta átt, en álíta, að það ætti samt að sofna í nefnd. (**KlJ:** Til næsta árs.) Það er ekki rjett, nema í sjerstöku tilfelli, sem sje, ekki nema vissa sje fengin fyrir því, að stjórnin taki það til rækilegrar íhugunar. Fyrir mjer vakir hin sama skoðun og fyrir hv. sessunaut mínum (HStef), að útsvarsskyldu utanbæjarmanna beri að taka úr Reykjavíkurlögunum. Jeg er ekki samþykkur því, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að þegar menn kæmu úr sveitunum til að stunda hjer sjó, sætu bæjarmenn eftir með alla ábyrgðina, ef útgerðin legðist niður. Þetta get jeg ekki sjeð að sje rjett.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða um þetta, en jeg vænti, að hv. deild, og hv. nefnd taki til greina viturlegar tillögur hv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem hann tók fram í ræðu sinni.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla ekki að segja nema örfá orð. Jeg get ekki skilið, hvernig sú stefna er komin upp, að sekta menn fyrir að leita sjer atvinnu annarsstaðar en þar, sem þeir eiga heima. Jeg veit ekki betur en að þegar við komum í aðra fiskistöð, sjeu engin gjöld á okkur lögð fyrir að við aukum hagsæld þess hjeraðs, sem um er að ræða. Jeg get ekki betur sjeð en að þetta sje nokkurskonar „Stavnsbaand", ef maðurinn á að vera rígbundinn við það hjerað, sem hann er fæddur og uppalinn í, með því að vera sektaður fyrir, að hann vill leita sjer atvinnu annarsstaðar. (**MJ:** Má þá sekta þá, ef þeir eru heima?) Það er enginn að tala um að sekta þá heima. Þar greiða þeir útsvar, hvort sem er. En jeg get ekki sjeð, að nokkurt hjerað hafi heimild til að leggja útsvar á menn, nema þar sem þeir eiga heima.

ATKVGR.

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Gerðardómur í kaupgjaldsþrætum.

Á 24. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um málamiðlun og gerðardóm í kaupgjaldsþrætum (þmfrv., A. 117).

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg ber þetta frv. fram aftur nú, af því að jeg heyrði á þessum viturlegu umræðum um varalögregluna, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mundi gefa gerðardómi betri undirtektir nú en áður. Og allir vita, hversu mikið er farið eftir tillögum hans um atvinnumál í landinu, þar sem

hann telur sig daglaunamanna-þingmann.

Jeg álít verkföll og verkbönn svo mikið tjón, bæði fyrir þjóðina og þá menn sjálfa, er að slíku standa, að sjálfsagt sje að reyna að stemma stigu fyrir því. Þó vil jeg ekki fara þá sömu leið sem hv. 2. þm. Reykv., að taka öll ráð af vinnuveitendum, heldur, að samningar geti tekist með aðilum. Það er ekkert eðlilegra, en að oft kunni svo að fara, að verkamenn búi við of lágt kaup og vinnuveitendur eigi bágt með að greiða svo hátt kaup sem verkamenn þurfa að fá. Rísi deilur út af þessu, verður að koma á samkomulagi, svo að hvorki verði þjóð nje þeim sjálfum tjón að. Hið beittasta vopn verkamanna í slíkum deilum hefir verið það, að leggja niður vinnu, en hjá vinnuveitendum að vísa mönnum úr vinnu. Hvorttveggja er tilraun til kúgunar. Frv. þetta fer fram á, að til sjeu samninganefndir beggja málsaðila, er reyni að jafna slíkar deilur. Treysti jeg því, að svo fari, þá er slíkar nefndir talast við, að báðir megi vel við una. En fari svo, að samkomulag náist eigi að heldur, skal leitað til stjórnarinnar um það, að koma samningum á.

Eitt frv. er komið fram hjer á Alþingi um það, að hafa sjerstakan samningamann í slíkum deilumálum. Jeg hefi ekkert á móti því, að slíkt standi í lögum, en oft getur slíkt fyrirkomulag reynst erfitt hjer í landi. Hvernig ætti t. d. að fara að á Ísafirði eða á Akureyri, ef ekki næðist til samningamanns í Reykjavík?

Jeg veit vel, að missmíði eru á frv., en jeg ætlast til þess, að það verði lagað í nefnd. Í það vantar ýms ákvæði, sem þurfa þar að vera, enda hafa komið fram brtt. við það, svo að nefndin hefir úr nokkru að moða, þar sem hún þarf og að útvega sjer skýrslur um það, á hvern hátt þessum málum verði best hagað. Jeg get orðið öðrum hv. þm. sammála, er vildu bæði hafa samninganefndir og samningamann. Annars hefi jeg hugsað, að tryggast væri í þessum efnum að hafa stigin þrjú, svo að ekki þurfi að hlíta fyrsta dómi, er fellur, heldur væri nýr dómur skipaður nýjum mönnum og trygging fyrir því, að komist yrði svo nærri sanngirni, að samkomulag kæmist á.

Þetta, sem jeg nú hefi frá skýrt, er það, sem fyrir mjer vakir í þessu máli, og jeg álít, að þetta sje mikið nauðsynjamál, sem öllum málsaðilum er jafnnauðsynlegt að vel rætist úr. Það er nauðsynlegt, sjeð frá sjónarmiði þjóðarinnar allrar í heild, því að það er augljóst, hversu stórskaðleg áhrif á hag allrar þjóðarinnar það getur haft, ef stórir atvinnuvegir bíða hnekki eða teppast um hríð, vegna þess, að eigi er skorið úr slíkum þrætumálum; t. d. ef stórútgerð stöðvast eða hættir, eða ef siglingar allar stöðvast, vegna þess að vinna liggur niðri við höfnina. Og eins og þetta er nauðsynlegt, er og aðferðin, sem hjer er farið fram á að notuð verði, haldkvæm báðum aðilum. Þannig er það fyrir atvinnurekendurna, að þeim er það enginn skaði, að fá málið lagt í gerðardóm, ef þá verður skorið úr þrætunni og vinna hefst aftur. Jafnvel þótt þeir hefðu verið óbilgjarnir í kröfum sínum og verði dæmdir til að greiða hærra verkkaup en þeir vildu, er þeim það ekki skaði, móts við vinnuteppuna. Og það er víst, að jafnan mun verða teflt á fremsta hlunn í því, að þjappa sem mest að málstað atvinnurekenda,

enda sýnir reynslan það, að slíkir úrskurðir leiða jafnan til kauphækkunar. Mun það því verða regla í gerðardómum, að þrýsta meira að kröfum vinnuveitenda en verkamanna. Þá kemur þetta eigi síður að haldi verkamönnum, því að þó þeir taki aftur upp vinnu, að loknu verkfalli, og máske með hækkuðum launum, er þeim þó stórt fjárhagslegt tjón að vinnuleysinu. Því er þeim það stór hagur, að sem skjótast verði ráðið fram úr þessum málum. Hitt er víst, að eins og skapferli og hugarfari manna alment er farið, þá verður ætíð farið eins langt og hægt er í þá átt, að hækka verkkaupið. Það hefir ætíð verið regla áður, sem hjer er tilfærð í frv., að til þess að vinna falli eigi niður á meðan á samningum stendur, er sett ákvæði um, að vinnu skuli haldið áfram fyrir það kaup, sem áður var, áður en deilan hófst, en þó stendur mjer alveg á sama, þó að í þess stað kæmi, að vinna skyldi fyrir það kaup, sem ákveðið verður af gerðardóminum. —

(Niðurlag ræðunnar vantar frá skrifaranum).

Jón Baldvinsson: Jeg veit raunar ekki, af hvaða ástæðum háttv. þm. Dala. álítur, að jeg muni nú taka betur í frv. hans en jeg hefi áður gert. Jeg er sömu skoðunar nú sem fyr, að jeg álít óheppilegt að hafa lögþvingaðan gerðardóm í þessum málum, og verkamenn álíta sig engu bættari með slíkum gerðardómi. Hjer hafa gerðardómar aldrei verið, þótt þeir hafi tíðkast sumstaðar erlendis, en jeg veit, að þeir hafa reynst þar illa. Það sem jeg meðal annars hefi á móti þeim er það, að jeg sje ekki, hvernig hægt verði að þvinga aðila til þess að hlíta gerðardómi, ef þeir vilja ekki. Þeir gætu að vísu haldið við þann kauptaxta, sem dæmdur yrði, en að greiða úr þrætunni á annan hátt, getur gerðardómur ekki. Hvernig á t. d. gerðardómur að þröngva verkamönnum til vinnu, jafnvel þótt kaup hafi hækkað eitthvað, ef þeir eru enn óánægðir og vilja ekki vinna? Eins sje jeg heldur ekki, hvernig gerðardómurinn mundi geta þröngvað útgerðarfjelögum til þess að láta halda skipum sínum úti, ef þeir teldu sig hafa tjón af því og vildu heldur leggja þeim upp? Þeir gætu sagt sem svo: Það er ekki vegna kaupsins, sem við stöðvum, heldur vegna hins, að það borgar sig ekki lengur að gera út. Og þá sje jeg ekki, hvernig háttv. þm. Dala. (BJ) ætlar að fara að því, að neyða þá til þess að halda útgerðinni áfram. Gerðardómurinn getur það ekki. Og ekki held jeg, að þessi málamiðlun, sem frv. talar um, hafi mikla þýðingu, er báðir málsaðilar vita fyrirfram, að þrætan getur farið til dómstólanna, og þegar þeir vita, að um úrslitadóm verður að ræða hjá gerðardóminum, mun vart jafnmikið kapp á það lagt, frá beggja hálfu, að miðla málum. Þá munu báðir aðilar sjaldnast geta verið jafnánægðir með dómsúrslitin, þótt hlíta verði þeim. Þá sagði háttv. þm. Dala., að á fremsta hlunn mundi teflt í því, að þrýsta að atvinnurekendum og að vinnu skyldi halda áfram. En jeg hefi þegar bent á það, að þetta er ekki hægt; ef verkamenn vilja ekki vinna, er ekki hægt að neyða þá til þess. Sem sagt er þetta frv. háttv. þm. Dala. að mínum dómi eigi til þess fallið, að verða að lögum, en það er annað frv., sem einnig er hjer til umr. í dag, frv. háttv. þm. Str. (TrÞ), um sáttasemjara í þessum málum, og jeg verð að halda, að það frv. geti að

góðu gagni orðið, ef það verður samþ. Ef til væri maður, sem hefði það starf með höndum, að leiða saman aðila á vissum stigum kaupdeilumálanna til samninga, mundi oftar ganga saman með þeim og viðunanlegir samningar nást, en það mun miklu síður nást með frv. háttv. þm. Dala., er menn geta átt von á, að dómstólarnir láti þessi mál til sín taka. Þessvegna mun jeg fremur verða með því frv., sem nú kemur síðar til umræðu í dag, um sáttasemjarann, en að öðru leyti er afstaða mín til þessara mála óbreytt frá því sem var áður, á fyrri þingum, í þessu máli.

Háttv. þm. Dala. var með einhverjar slettur til mín. Hann kallaði mig daglaunaþingmann, en jeg skil ekki, sannast að segja, hvað hv. þm. (BJ) meinar með þessu. En ef hann, með þessum orðum sínum, vill aðgreina mig frá bitlinga-þingmönnum, þá er jeg honum þakklátur fyrir.

Bjarni Jónsson: Jeg vil svara þessum síðustu orðum háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) því, að jeg átti eigi við daglaun hans sem þingmanns, er jeg nefndi hann daglaunamanna-þingmann. Fyrir þingstörf sín á þessi háttv. þm. ekki kaup skilið, og er hann bitlinga-þingmaður í þeim efnum sem öðrum. Jeg sje engin stór vandkvæði á því, að fá menn til þess að hlíta gerðardómi, og til þess eru ákvæðin um dagsektir, sem við eru lagðar, ef eigi er farið eftir dóminum. En dugi ekki nein ráð til þessa, mun háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) engin skotaskuld úr því verða, að finna önnur betri, sem duga munu. Hann fann nóg ráð til þess, að ríkið tæki alla síld, hvort sem menn vildu eða eigi. Hvort átti ríkið sjálft að róa skipunum eða hafði háttv. þm. ráð til að neyða menn til að veiða síldina, þótt þeir eigi vildu? Það er annars margt skrítið hjá þessum háttv. þm. (JBald); hann sagði, að jeg væri að ala á stjettaskiftingu í landinu, er jeg talaði um alþýðu manna, í þeirri einu algengu og rjettu merkingu þess orðs. Þær eru æði grautarlegar, röksemdir þessa háttv. þm. (JBald). Þar er alt einn grautur, sem enginn hendir reiður á. Hann taldi síður mundu ganga saman samninga, ef von væri þess, að til dómstólanna mætti fara með þessi mál; en það er einmitt þvert á móti; menn vita eigi fyrirfram, hvernig dómar falla, og munu því flestir heldur kjósa að ráða úrslitunum sjálfir með samningum en bíða óvissra dómsúrslita. Þetta sjá allir, og þarf eigi að skýra þetta fyrir öðrum en þeim, sem öllu rugla í graut, eins og háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) gerir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 : 1 atkv. og til allsherjarnefndar með 20 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Fátækralagabreyting.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905 (þmfrv., A. 143).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jón Baldvinsson): Í fyrra komst frv. þetta til nefndar, og var rætt við 2. umr., en þá tekið af dagskrá, vegna þess, hve áliðið var þingtímans. Jeg hefi borið frv. fram óbreytt, en vil þó geta þess, að ef jeg sæi líkur til þess, að það mundi fremur ná fram að ganga með einhverjum breytingum, þá er jeg fús til samkomulags um það atriði. Hæstv. atvrh. var svo góður í fyrra, að semja brtt. við frv. Jeg tók þær ekki upp í þetta frv., en hafði þær þó til hliðsjónar. Mjer skildist þá, að hann væri mjer sammála, þótt hann drægi sig síðar í hlje.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að menn skuli ekki sviftir atkvæðisrjetti, þótt þeir þiggi sveitarstyrk vegna ómegðar. Í frv. eru talin upp 4 atriði um það, að menn skuli ekki missa atkvæðisrjett, þótt þeir fái sveitarstyrk. Um sum þeirra er enginn ágreiningur. Jeg hefi ekki heyrt neinn hafa á móti því, að t. d. maður, sem kominn er yfir sextugt, skuli halda rjettindum sínum, þótt hann fái styrk. Að vísu er til ellistyrktarsjóður, en sá styrkur, sem hann veitir, er svo lítill, að enginn getur lifað á honum. Gamlir og lúnir menn verða því að fá sveitarstyrk sjer til framfærslu, en það er engin ástæða til þess að svifta þá mannrjettindum af þeirri ástæðu. Best væri auðvitað, að ellistyrktarsjóðurinn væri svo stór, að framlög úr honum nægði, en þar sem því er ekki til að dreifa, hljóta sveitarstjórnir að hlaupa undir bagga.

Þá er það b-liðurinn, sem fjallar um það, að menn verði ekki sviftir atkvæðisrjetti vegna slysa. Þetta atriði má að vísu setja í samband við frv. það, sem komið er fram um almennar slysatryggingar. En þá verð jeg að lýsa yfir því, að það yrði lítið, sem þetta frv. tæki frá sveitarsjóði vegna þessa, nema þá í augum þeirra, sem meta mannrjettindin einskis.

Þá er að víkja að c-lið, að menn skuli ekki sviftir atkvæðisrjetti, þótt þeir leiti styrks vegna atvinnuleysis. Jeg hefi haldið því fram áður, og margir líti svo á, að bæjarstjórnum beri skylda til þess að sjá fyrir þeim mönnum, er ekki geta sjeð fyrir sjer sjálfir af þessari ástæðu. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir og gefið skoðun þessari meðhald. Og þetta er rjett stefna, því að þegar atvinnufyrirtækin eru komin á fáar hendur, hafa menn minni möguleika til þess en áður að afla sjer atvinnu.

Þá er að minnast á það atriði frv., að fátækraskuldir, sem stofnaðar eru fyrir 1. jan. 1922, skuli falla niður 1. jan. 1926. Um það atriði mun ekki vera mikill ágreiningur. Þessar skuldir eru ekki mikils virði fyrir bæja- og sveitastjórnir, en þær eru mikils virði fyrir þá, sem þær hvíla á.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en vil leyfa mjer að óska þess, að málinu verði vísað til allshn., að þessari umr. lokinni. Trúi jeg því varla, að öll Íhöld þingsins taki nú höndum saman um það, að drepa þetta frv., enda þótt jeg hafi borið það fram.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi haft mörg tækifæri til að vera hv. 2. þm. Reykv. (JBald) ósammála, en mjer er ánægja að lýsa yfir því, að nú er jeg honum sammála. Sje þetta fær leið, sem hann bendir á, er sjálfsagt að draga úr því hróplega ranglæti, að sumir menn skuli

settir skör lægra en aðrir. Hvort sem menn gera meira eða minna úr þeim rjettindum, sem hjer er um að ræða, þá eru það þó langdýrustu mannrjettindin, því að á þeim hvílir það, að þjóðin geti ráðið sjer sjálf. Og óheyrt ranglæti er það, að svifta menn þessum rjettindum fyrir það, að ala upp 8—10 nýja borgara handa þessu þjóðfjelagi, til þess að styðja þess hag. Slíkt er ekki rjettlæti, að launa þeim mönnum með því, að svifta þá atkvæðisrjetti um landsmál, þótt þeir hafi lagt meira á sig en aðrir fyrir landið og þessvegna orðið að leita styrks.

Jeg hefi reynt, við allar stjórnarskrárbreytingar, að afnema þetta vansæmi. Og jeg er því þakklátur hv. 2. þm. Reykv. fyrir það, að bera þetta mál fram. Vona jeg, að frv. verði ekki felt frá 2. umr., og að nefndin geti gert það svo úr garði, að það fái alment fylgi. Að vísu getur 3. liður orðið þrætuepli, en um hina liðina ætti enginn ágreiningur að vera. Jeg spái engu um afdrif frv., en tel sjálfsagt, að nefndin leiti fyrir sjer um það, hverjar umbætur þarf á því að gera, til þess að það nái samþykki þingsins.

En þar sem hv. flm., í lok ræðu sinnar, mintist á öll Íhöld þingsins, þá má honum vera kunnugt um eitt þeirra, vegna þess, að því hefir hann þjónað dyggilega.

Hákon Kristófersson: Jeg stend ekki upp til þess að mótmæla því, að frv. gangi til nefndar. En mig undrar það, að hv. þm. Dala. skuli segja, að það sje svo vel úr garði gert, að ekkert megi að því finna. Jeg álít frv. meingallað, og skýt því til nefndar þeirrar, sem málinu verður væntanlega vísað til, að athuga það mjög vel. Jeg sje ekki, að það feli í sjer neinar breytingar, er fram ætti að ganga, nema ef til vill b-lið og d-lið. Annars er frv. þess eðlis, að mjög væri varhugavert að samþ. það.

Án þess að jeg vilji fara út í einstakar gr. frv., vil jeg þó benda á, að þar segir, að engan megi flytja fátækraflutningi, nema skriflegt samþykki hans sjálfs komi til. Hjer er alls ekki á það minst, að verið getur, að framfærslusveit verði mörgum sinnum dýrara en ella að hafa styrkþega sína í öðrum sveitum. Og svo er með fyrning styrkskulda. Hvernig á að skilja það atriði? Hvort á heldur að skilja það svo, að skuldin fyrnist, hafi ekki verið kallað eftir henni, eða þá af því, að hún hafi ekki náðst? Væntanlega athugar nefndin þetta.

Og hvernig í ósköpunum ætti að framfylgja fyrirmælum frv. í c-lið uppi í sveit? Hvernig eiga sveitastjórnir að vísa mönnum á atvinnu? Máske með því að segja: Jeg vil benda þjer á það, að fara til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar. Það er fjöldi togara þar og nóg atvinna. — Hafi sveitarstjórnir gert skyldu sína með þessu, þá er nóg, eða svo virðist mjer, að skilja megi ákvæði frv. hvað þetta snertir.

Jeg álít, að ef frv. þetta nær fram að ganga, þá sje stefnt að því, að gera umráðarjett sveitastjórna að engu. Og það mun þeim best kunnugt um, sem haft hafa með sveitarstjórnarmálefni að gera, að það eru ekki altaf þeir, sem bágast eiga, er biðja um styrk.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að tala frekar um frv. á þessu stigi málsins. Jeg vildi aðeins, að það kæmi fram hjer í deildinni, að til væri þeir menn, sem líti öðruvísi á frv. en hv. þm. Dala. gerir.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mun bera frv. þetta fram alveg samhljóða frv. því, er hann bar hjer fram í fyrra. Jeg benti honum þá á það, að svo miklir gallar væru á frv., að það gæti ekki gengið fram. Ljet jeg hann þá fá brtt. við það, svo að það væri þó frambærilegt að forminu til. Nú hefir hann ekki tekið þær brtt. upp í frv., svo að hann vill augsýnilega ekki, að jeg fylgi því. Annars sagði jeg honum í fyrra, og segi enn, að þótt jeg vilji leiðrjetta löggjafarstíla hans, þá er ekki þar með sagt, að jeg sje frv. hans fylgjandi. Í fyrra komst það aldrei svo langt, vegna þess, að frv. kom ekki undir atkvæði. En því vil jeg bæta við nú, að jeg álít, að hv. þm. hefði ekki átt að þurfa heilan mánuð af þingtímanum til þess að afrita orðrjett frv. sitt frá í fyrra, og bendir það, hversu seint frv. kemur fram, á það, að honum sje það ekki áhugamál, að málið gangi fram, því að vel veit hann, að mál, sem ekki koma fram fyr en á mesta annatíma þingsins, eiga venjulegast erfitt uppdráttar.

Bjarni Jónsson: Undrast jeg það, að hv. þm. Barð. (HK) skuli undrast yfir mjer. Man jeg ekki betur en að jeg hafi verið frv. þessu fylgjandi altaf, ekki að formi, heldur hefi jeg fylgt þeirri hugsun, sem kemur fram í liðunum a, b og d. Undrast jeg það, að sá mæti maður skyldi ekki taka eftir því, að jeg taldi c-lið vafasaman. (**HK:** Jeg tók eftir því.) Annars er niðurfelling skulda svo lítilsverð, að jeg mintist ekkert á það atriði. Jeg talaði aðeins um það, að málið færi til nefndar, því að jeg treysti henni til þess að finna það form, er allir gæti orðið sammála um. Væri ef til vill besta formið að bera frv. þannig undir atkvæði, hvort þjóðfjelagið ætli að skerða mannrjettindi manna og hegna þeim fyrir það, að þeir hafa orðið að þiggja styrk vegna ómegðar, slysa eður elli.

Það er undarlegt, að finnast skyldi nokkur sá þm., sem væri á móti aðalatriðum frv. Ekki trúi jeg hv. þm. Barð. (HK) til þess. Hann vill ekki hegna mönnum fyrir það, að þeir eiga mörg börn, eða láta ríkið svifta sjálfsögðum mannrjettindum þá, sem verða fyrir því slysi að missa hönd eða fót. Veit hann vel, að ekki skerðist mannvit þeirra við það. Hitt veit hann og, enda öllum ljóst, að 10 barna faðir, sem þarf styrks, missir eigi heldur neitt af mannviti sínu af þeirri ástæðu, heldur eykst það, því lengur sem hann berst fyrir börn sín og þjóðfjelagið. Það gæti ef til vill verið rjett að taka atkvæðisrjett af mönnum vegna elli, og þá við eitthvert vist æfiskeið. En ekki er jeg með því, að sextugir menn sje sviftir mannrjettindum, vegna þess eins, að þeir hafa barist lengur en aðrir fyrir þetta þjóðfjelag.

Sje því hægt að fá aðalhugsun frv. fram,skal jeg hvorki blikna nje blána undan ákærum neins manns fyrir það, að greiða því atkvæði. Jeg efast svo ekki um, að frv. fari til 2. umr. og nefndar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg vil ekki kannast við það, að frv. sje eins gallað og hv. þm. Barð. (HK) vill vera láta. Og ekki þarf það að vera gallað, þótt sá hv. þm. haldi því fram, að svo sje. Hann hneykslaðist mest á því, að samþykki manna skyldi þurfa að koma til um það, að þeir væri fluttir hreppaflutningi. Honum fanst það óþarft og hlæglegt, að slíkir menn skyldi hafa

rjettindi. Jeg lít nú ekki svo á, að menn verði rjettlausir fyrir það, þótt þá hendi ólán. Þetta undrast hv. þm. Barð. (HK) mest. Það er máske af því, að hann leggur ekki mikla virðingu á þá menn, sem fluttir eru sveitarflutningi. Þetta er rótgróinn vani meðal manna og almennur hugsunarháttur, að þurfalinga megi reka eins og fje. Jeg hefi ekki haldið því fram, að farið sje beinlínis illa með þá, en þess eru dæmin, að menn hafa verið rifnir frá öllu sínu með valdi og sendir á sína sveit. Vil jeg því, að slíkir menn hafi þann rjett, að mega segja til, hvort þeir vilja það eður eigi.

Þá var hv. þm. (HK) óánægður út af c-liðnum, þar sem talað er um, að sveitastjórnir skuli vísa styrkþurfa mönnum á atvinnu. Hann spurði, hvaða atvinnu sveitastjórnir gætu haft handa þessum mönnum, en það er einmitt það, sem þær eiga að sjá um. Jeg skal benda hv. þm. (HK) á, að á síðastliðnum árum hefir hjer í Reykjavík verið unnið að jarðabótum að vetri til, skurðagrefti o. fl., og það merkilega er, að þessi vinna hefir sýnt sig að verða ekki mikið dýrari en ýmsar slíkar framkvæmdir, sem gerðar eru að sumri til. Jeg hygg, að slík vinnuþörf sje nægileg í sveitunum, en það getur verið, að það þurfi að benda mönnum á, að þarna sje atvinna fyrir hendi. Jeg segi ekki, að það sje í öllum árum hægt að vinna svona lagaða vinnu, en það verður ekki sagt, að það sje ekki hægt fyrir sveitastjórnir að skapa slíka atvinnu, enda vart nokkur hreppur til á landinu, þar sem ekki væri hægt að skapa hana. Ef þetta er skoðað niður í kjölinn, og menn bíta sig ekki alt of fast í rótgrónar venjur um meðferð á þessum styrkþurfum, eða sveitarlimum, sem þeir eru nefndir í fyrirlitlegri merkingu, ættu þeir að geta fallist á, að það þyrfti að breyta til frá því, sem verið hefir. Og frv. mitt miðar einmitt í þá átt, að bæta aðstöðu þeirra manna, sem eru svona illa settir í þjóðfjelaginu.

Hæstv. atvrh. (MG) var að telja eftir, það sem hann lagði til málanna í fyrra, að hann hefði samið brtt. um þetta. Það getur vel verið, að honum finnist mikið til um sitt lagavit, en sannast að segja fanst mjer ekki mikið til um þá brtt. hans. En ef það skyldi verða til þess, að hann greiddi atkv. með frv., að hann fengi að leggja eitt og eitt orð inn í það, þá skal jeg gefa honum tækifæri til þess, ef hann ekki greiðir atkv. með öðru en því, sem hann að einhverju leyti hefir sjálfur samið. En það kemur fyrir um lög, sem hann hefir borið fram, að bæði þingmenn og ráðherrar hafa þurft að leiðrjetta þau, og veit jeg ekki nema hann hafi sjálfur þurft að leiðrjetta eftir sig lög, sem hafa staðið í gildi svo sem eitt ár.

Þá fann hæstv. ráðh. (MG) að því, að jeg hefði ekki komið fram með þetta frv. í byrjun þings. En jeg hygg, að ennþá sje nægur tími eftir, því að jeg hygg, að hálfur annar til tveir mánuðir muni enn eftir af þingi, og ætla jeg ekki hv. þingmönnum, að þeir þurfi lengri tíma til að átta sig á þessu máli.

Hákon Kristófersson: Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi því, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að ef það er rjettargrundvöllur þessa frv., að maður, sem hefir orðið fyrir því óláni, að þurfa að þiggja af sveit, missi ekki þessvegna kosningarrjett, þá erum við alveg sammála. Jeg álít, að í flestum tilfellum ætti það ekki að vera svo, að lítilfjör-

legur sveitarstyrkur væri látinn varða rjettindamissi. En það er ekki aðalatriði þessa frv., eða því er þá verið að breyta öðrum atriðum? Og því er svo langt frv. búið til, ef það er aðalatriðið, að ná kosningarrjetti handa þessum mönnum? En hvort þetta frv. verður samrýmt við það, sem í stjórnarskránni stendur um þessa menn, skal jeg ekkert fullyrða um, því að jeg hefi ekki borið það saman við hana.

Annars sagði hv. þm. Dala. (BJ) ekki neitt, sem jeg finn ástæðu til að vera að yrðast við hann um; við erum báðir á sama máli um það, að setja málið í nefnd, og þá verður það náttúrlega athugað og lagfært þar.

Þá beindi hv. 2. þm. Reykv. (JBald) til mín nokkrum orðum, eftir sinni alkunnu þingmannsvenju, að nota mest útúrsnúninga. Er þessi hv. þm. svo mikill, að hann hafi nokkurn rjett til að leggja illa meiningu í orð manna, sem aldrei hefir átt í þeim að vera? En tilhneiging sumra manna er svo rík til þess, að leggja orð og athafnir annara manna út á versta veg, að þeir geta ekki á sjer setið að nota í því skyni hvert tækifæri.

Jeg get komið með ýms dæmi þess, hve það er hættulegt fyrir sveitastjórnir út um land að eiga hjer þurfalinga, en það er einmitt þetta, sem hann (JBald) vill vinna að, að þær hafi ekki rjett til að ala önn fyrir þeim í þeirra eigin sveit, heldur vill hann, að þeir hafi rjett til að vera þar, sem framfærslan verður sveitarfjelögunum miklu dýrari.

Þá sagði hv. þm. (JBald), að það væri ætlast til, að sveitarstjórnir sæju mönnum fyrir atvinnu, og benti á, að hjer í Reykjavík hefði verið unnið að jarðabótum undanfarna vetur, skurðagrefti og því um líku. Þetta er alveg rjett, en jeg hjelt, að hv. þm. (JBald) vissi, að það hagar töluvert öðruvísi til á útjöðrum þessa lands en hjer í Reykjavík; það myndi í fæstum sveitum vera hægt að gera skurði að vetrarlagi, með þeim áhöldum, sem sveitirnar hafa á reiðum höndum. En svo er annað, sem hv. þm. hefir sennilega ekki munað eftir, að í sveitum er löngum svo mikil mannfæð, að þar eru varla menn til allra nauðsynlegustu starfa, og hvernig getur þá hv. þm. hugsað sjer, að sveitirnar fari að setja menn í að grafa skurði? Jeg vænti þess, að hv. þm. verði mjer sammála um, að það er alt annað, þar sem mild veðrátta er og nógur mannfjöldi saman kominn, annað hjer á Suðurlandi en í útsveitum, vestur eða norður í landi. Þessi samanburður háttv. þingmanns er því alls ekki frambærilegur.

Þá sagði hv. þm. (JBald), að almenningur vildi láta breyta þessum lögum. Mjer er nú ekki kunnugt um, að svo sje, þó að jeg að ýmsu sje sammála hv. þm., t. d. álít jeg, að vegna slysa sje alls ekki rjett að menn verði sveitarlimir, ef þeir þurfa að missa rjettindi sín fyrir styrk, sem þeir fá. En hvað það snertir, að það þurfi að vera rótgrónir íhaldsmenn, sem standi á móti þessu frv., þá finst mjer, að hægt væri að leggja illa meiningu í þau orð hans, en nú vil jeg leggja þetta út á besta veg fyrir hv. þm., og með þá einu hugsun fyrir augum, að hv. þm. telji þá íhaldsmenn, sem ekki fylgja honum að málum. En þá er eftir að vita, hvort þeir eru betri, sem segja eitthvað til að kitla eyrun, eða þeir, sem halda fram sinni skoðun. Þetta nær náttúrlega ekki til hv. þm. (JBald) sjálfs, allra síst í þessu máli, en jeg ímynda mjer þó, að sum ákvæðin, sem felast í þessu frv.

hans, sjeu þannig, að hann áliti, að þau eigi fram að ganga. En jeg þarf ekki að eiga framkomu mína undir dómi þessa hv. þm., heldur minni eigin samvisku, því að jeg mun aldrei vilja fara illa með nokkurn mann, sem kann að þurfa hjálpar af sveitarfje. Vil jeg vísa þeim orðum heim til föðurhúsa, að sá, sem betur getur, vilji níðast á lítilmagnanum. En jeg vil ekki vinna að því með framkomu minni, að rjettur sveitarfjelaganna verði minna metinn en rjettur einhvers einstaklings, sem jeg veit, að hann myndi oft vilja beita sveitarfjelaginu til skaða. Jeg býst annars við, að þetta frv. fari til nefndar og verði þar lagað, svo að okkur megi báðum vel líka.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hjelt, að það væri hjegómagirni, sem mjer gengi til, að vera á móti þessu frv. Jeg ætla þessvegna að sýna með fáeinum dæmum, hvernig þetta ágæta afkvæmi hans er.

Ef maður hefir 3 heimilisföst börn og þarf opinbers styrks, er það ekki sveitarstyrkur, en ef maður á 10 börn, og hefir leyst upp heimili sitt og ráðist burtu til að leita þeim bjargar, og það mishepnast, svo að hann kemst í þrot, þá telst það sveitarstyrkur. Ef maður verður ófær til vinnu „lengri eða skemri tíma", sökum meiðsla, þá má ekki, eftir frv., telja hjálp til hans sveitarstyrk. Jeg sje því ekki betur en að ef maður fellur í rot, og liggur í óviti 5 mínútur, og liggur t. d. 2 daga á eftir, þá geti hann krafist styrks, sem ekki má telja fátækrastyrk. Gildir þetta jafnt um ríkan og fátækan.

Svo er talað um, að hreppsnefnd eigi að vísa manninum á atvinnu, en ekkert tiltekið með hvernig kjörum.

Af þessu öllu verður manni helst að hugsa, að þetta frv. sje borið fram til leiks. Hv. flm. (JBald) heldur líklega, að þetta frv. hans verði strax felt, án þess að nokkur taki eftir göllunum á því, eða þá, að hv. þm. samþykki það í hugsunarleysi.

Ennfremur var hv. þm. (JBald) eitthvað að gera getsakir um það, að það myndi þurfa að breyta lögum, sem jeg hefði borið fram. Það getur vel verið, en sá er munurinn, að mín frv. verða að lögum, en hans frv. er venjulega slátrað við 1. umr. Hitt er ekki undarlegt, þótt lögum, sem jeg hefi samið, sje breytt síðar, því að nýjar ástæður skapa ný lög. Annars á jeg miklu fleiri minnisvarða í löggjöfinni en hv. þm. (JBald).

Flm. (Jón Baldvinsson): Það hefir verið látinn í ljós vafi um það, hvort hægt væri að gera þessa breytingu á fátækralögunum, vegna stjórnarskrárinnar, af því að það er tiltekið þar, að menn, sem hafi þegið af sveit, skuli ekki hafa kosningarrjett. En í sjálfum fátækralögunum er einmitt talað um styrk, sem ekki skuli talinn sveitarstyrkur, og í 27. og 28. gr. fátækralaganna er talað um styrk, sem ekki skuli talinn fátækrastyrkur. Í lögunum um berklavarnir er líka talað um styrk, sem ekki skuli talinn fátækrastyrkur. Jeg held þessvegna, að það sje misskilningur, ef nokkur heldur, að þetta frv. geti ekki staðist vegna stjórnarskrárinnar.

Hv. þm. Barð. (HK) tók það óstint upp fyrir mjer, sem jeg sagði, að það hefði falist í orðum hans, að hann liti svo á, að þurfalingar væri rjettlausir, en hv. þm. má sjálfum sjer um kenna, því að þetta fólst í raun og veru í orð-

um hans, og það kom berlega fram í seinni ræðu hans, því að hann vildi alls ekki hafa ákvæðið um það, að menn hefði neitt að segja um það, hvort þeir væru fluttir sveitarflutningi eða ekki. Hv. þm. sagði, að jeg vildi halda þeim hjer í Reykjavík, þótt það væri sveitarstjórninni nauðsynlegt að fá þurfalinga sína heim til sín. En þetta ber alt að sama brunni, því að þær geta ekki fengið þá til sín, nema með þeirra samþykki. Og ef þeir fá þennan rjett, þá hafa sveitastjórnirnar ekki lengur þetta skilyrðislausa vald yfir mönnunum, en það vill hv. þm. (HK) að þær hafi. Þetta er rjett hjá mjer, og getur hv. þm. því ekki ráðist að mjer fyrir það.

Þá kom það upp hjá hv. þm. (HK), og það get jeg vel fallist á, að honum sje kunnara um það, hvort hægt sje að starfa að jarðabótum vestanlands að vetri til. En jeg benti aðeins á, hvað var tekið upp hjer í Reykjavík fyrir nokkrum árum. Það hefir gengið vel, þrátt fyrir það, þótt mikill klaki væri í jörðu, og jeg benti á, hvort ekki mundi hægt að vinna í fleiri sveitum, því að jeg hugði, að flestar sveitir landsins myndu eiga svo mikið ógert af slíku, að hægt myndi að koma fyrir mörgum dagsverkum.

Svo var það hæstv. atvrh. (MG). Það sem hann fann frv. til foráttu, var sjerstaklega a-liðurinn. Ef maður ætti 10 börn og hefði ekkert þeirra hjá sjer, og fengi styrk, þá skyldi það talinn sveitarstyrkur. Eftir mínu áliti er þetta mjög sjaldgæft og óheppilegt dæmi, sem hæstv. ráðh. (MG) tók. En ef hæstv. ráðh. (MG) er að finna að því, að frv. gangi ekki nógu langt, skal jeg með ánægju verða honum samferða í því að gera breytingar í þá átt. **(Atvrh. MG:** Já, að sumu leyti of langt, en í sumu ekki nógu langt). Þetta er fyrirsláttur. Þegar jeg hugsa til framkomu þessa hv. þm. (MG) í þessu máli á fyrri þingum, þykist jeg viss um, að hann muni ekki vilja miklar rjettarbætur.

Þá var hæstv. ráðh. (MG) að fetta fingur út í atriðið um vinnuna, og bjóst við, að það mundi vera hægt að segja mönnum að vinna „gratis", það mundi víst ekki standa á atvinnunni. Jeg veit nú ekki, hvort menn, sem hafa verið sýslumenn og málaflutningsmenn árum saman, eru vanir því, að vinna fyrir ekki neitt, enda hygg jeg, að þetta sje ekki annað en útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh., því að það er auðvitað engin atvinna, ef menn eiga að vinna „gratis".

Björn Líndal: Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi mannúðartali hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Það hljómar vel, en menn verða jafnframt að gæta þess, að níðast ekki á einum til þess að hjálpa öðrum. Jeg vil benda á örlítið dæmi í þessu máli. Það er, eins og kunnugt er, svo sterkur straumur af fólki úr sveitunum til bæjanna, að við sjálf liggur, að þær leggist í auðn. Ungur og duglegur maður, sem býr norður í landi, á erfitt með að sjá fyrir fjölskyldu sinni, þótt duglegur sje og sparsamur. Jafnaldri hans og sveitungi hefir flutt hingað suður til Reykjavíkur, og þar hefir hann, því miður, komist út á hálar brautir. Er þetta ekki sagt til þess að níða Reykjavík, heldur af því, að það er satt, að margar freistingar verða á vegi manna í bæjunum, sem ekki verða mönnum að fótakefli í sveitunum. Svo einn góðan veðurdag kemur styrkbeiðni úr Reykjavík handa þessum manni; hann er þá kominn þar í allstóra sveit-

arskuld. Svo á kotbóndinn, sem situr norður þar, og berst fyrir 7—8 börnum, að borga reglulega blóðpeninga fyrir Reykvíkinginn; og ef ekki er skrifleg yfirlýsing hans fyrir hendi um það, að það megi fara með sig heim í sína sveit, þá verður að ala hann á kostnað hins fátæka iðjumanns hjer í Reykjavík, þótt það sje margfalt dýrara en heima í sveitinni. Hjer er verið að stofna til hins mesta ranglætis og mannúðarleysis, ef rjett er skoðað.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það kemur mjer undarlega fyrir, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skuli nú vera á móti því, að breyta þeim ákvæðum, sem jeg nefndi, af því að hann var fáanlegur til þess í fyrra. (**JBald:** Sagði jeg það?) Já, óbeinlínis, með því að flytja frv. aftur, með sömu stórgöllunum og í fyrra. Það hlýtur að vera af því, að hann álítur það best þannig. Og um atvinnuna, sem hreppsnefndir og bæjarstjórnir eru skyldar að útvega, held jeg fast við, að það vantar í frv. ákvæði um, með hvaða kjörum vinnan á að vera og hvar. Það mundi ekki nægja, að vísa á atvinnu, t. d. í Ameríku eða fyrir sama sem ekkert kaup.

Annars fór hv. þm. eins og köttur í kringum heitt soð hjá því, að bera í bætifláka fyrir frv. eða svara nokkru því, sem jeg sagði, öðru en því, að hann sagði, að jeg vildi fara lengra en hann. Það er rjett, að því leyti, að ef lög eru sett um þetta, þá verður að vera einhver sanngirni í þeim, en í a-liðnum er engin sanngirni, og eins er það með b-liðinn, enda vill hv. flm. ekki ræða hann. Hann gekk líka inn á það í fyrra, að frv. væri hreinasta ómynd, eins og það var þá.

Flm. (Jón Baldvinsson): Hæstv. atvrh. (MG) var miklu sanngjarnari nú en í fyrri ræðu sinni, enda fjekk jeg hann nú til að lesa frv. og skilja það. En maður, sem á að hafa atvinnu sjer og sínum til lífsviðurværis, getur ekki unnið „gratis“, og er þessvegna athugasemd hæstv. ráðh. (MG) út í loftið. Nú kom hann aftur með það, sem hann sagði í fyrra, að vísa mönnum til Ameríku. Jeg get svarað því nú eins og þá, að það sje kanske hans vilji, að láta sem flesta fara til Ameríku. Ef svo er, að honum þyki það vanta í frv., þá getur hann komið með brtt. um það. (**Atvrh. MG:** Þetta er útúrsnúningur, sem ekki er sæmandi hv. þm.!) Jeg tók það fram, að jeg væri fús til að gera ýmsar breytingar á frv., en hinsvegar hefi jeg ekki getað fallist á ýmsar athugasemdir, sem hæstv. ráðh. (MG) og fleiri hv. þm. hafa verið að gera um þetta frv., meira og minna út í bláinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Dýraverndun.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 34, 3. nóv. 1915, um dýraverndun (þmfrv., A. 144).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Magnús Jónsson): Þetta litla frv., sem jeg flyt hjer á þskj. 144, er ekkert annað en viðauki, eða rjettara sagt skýring á 1. gr. dýraverndunarlaganna frá 1915, sem lögfræðingar hafa ekki komið sjer saman um, hvernig skilja beri, og dómar þeirra því ekki fallið á eina lund.

Í 1. gr. þessara laga frá 1915 er svo fyrir mælt, að sá, sem misbjóði skepnu eða fari illa með hana á einn eða annan hátt, skuli sæta sektum fyrir meðferðina. Í framkvæmdinni hefir þessum tilgangi laganna verið náð, t. d. í Reykjavík, á þann hátt, að kært hefir verið til lögreglustjóra yfir illri meðferð á skepnum og hann þá látið taka meiddan hest eða haltan eða horaðan af eigandanum, sent skepnuna að Tungu og látið hjúkra henni þar á kostnað eiganda, á meðan hún þurfti með.

Þetta er náttúrlega gott og blessað og eflaust samkvæmt tilgangi laganna, og skepnunni fyrir bestu. En sá er galli á, að þetta verður aðeins framkvæmanlegt samhliða því, að eigandinn er dæmdur til sekta, að hann samþykki dóminn góðfúslega.

Þverskallist eigandinn aftur á móti og neiti að sleppa skepnunni, þangað til dómur hefir fallið um sekt hans, greinir lögfræðinga á, hvað hægt sje að gera. Sumir líta svo á, að samkvæmt greininni sje aðeins hægt að dæma eigandann í sekt, en umráðarjett hafi hann yfir skepnunni eftir sem áður.

Það virðist því skynsamlegra og óneitanlega í meira samræmi við anda dýraverndunarlaganna, að geta umsvifalaust svift eigandann umráðarjetti yfir þeirri skepnu, er hann hefir misboðið, því að henni er að engu leyti borgið, þó að eigandinn greiði einhverja sekt, en heldur svo ef til vill áfram að þrælka hana. Og þó að sá dómur falli síðar, að eigandinn missi umráðarjettinn, er ekki hægt að framfylgja þeim dómi, því að ef dæmdur áfrýjar dómnum, er rjettarverkun hans horfin, þar til fullnaðarúrslit eru fengin, en það tekur vanalega langan tíma, og skepna sú, er misboðið var, er að litlu hólpnari.

Þessu litla frv. er ætlað, eins og í greinargerðinni segir, að taka af öll tvímæli í þessu efni, og það er borið fram samkvæmt ósk formanns Dýraverndunarfjelagsins. Þessvegna vona jeg, að hv. deild geti fallist á það og lofi því að ganga til 2. umr. og til allsherjarnefndar.

Klemens Jónsson: Það eru tvö atriði í frv. þessu, sem fara í bág við gildandi lög.

Hið fyrra er, að lögreglustjórar geti án dóms hindrað illa meðferð á skepnum, aðeins ef þeir telja, að misþyrming hafi átt sjer stað. Þetta þykir mjer of víðtækt, enda ástæðulaust að gefa lögreglustjórum slíkt vald. Þessi mál eru venjulega ofboð einföld, almenn lögreglumál, og getur því lögreglustjóri kveðið upp dóm svo að segja samstundis. Hitt tel jeg of viðurhlutamikið, að gefa lögreglustjóra það vald, að hann geti án undangengins dóms tekið skepnuna og svift eigandann umráðarjetti hennar. Þessvegna hefði frv. átt að byrja á orðunum „sje maður dæmdur“ o. s. frv., en sleppa orðunum þar á undan.

Þá kem jeg að hinu atriðinu.

Það gildir alment um alla dóma, sem áfrýjað er, að á meðan frestast öll fram-

kvæmd dómsins, þangað til æðri dómur er fallinn, með öðrum orðum, fyrri dómurinn og kraftur hans fellur alveg niður, meðan áfrýjun stendur. Þessvegna hefir dómarinn ekki, samkvæmt þessum almennu og gildandi reglum, vald til þess að svifta eigandann umráðarjetti yfir skepnunni á meðan æðri dómur er ekki fallinn. En hinsvegar virðist mjer þó óeðlilegt, að maður, sem dæmdur hefir verið fyrir illa meðferð á skepnu, geti haldið áfram að hafa hana undir höndum og ef til vill haldið áfram að misbjóða henni svívirðilega, á meðan endanlegur dómur fellur ekki.

Jeg verð þessvegna, þrátt fyrir þessa almennu og eðlilegu lagareglu, að hverfa frá henni í þessu máli, sem hjer er um að ræða, og get því verið sammála hv. flm. (MJ) um það, að ástæða sje til að lagfæra þetta, og beini jeg þessum athugasemdum til hv. nefndar, að hún reyni að breyta frv. í það horf, er jeg hefi bent á.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg er þakklátur hv. 2. þm. Rang. (KlJ) fyrir undirtektir hans. Þótt honum finnist upphaf frv. of rúmlega orðað, þá er það ekki annað en sem athugast verður í nefnd, jafnhliða því þá, hvort forsvaranlegt sje að bíða eftir dómsúrslitum að taka skepnu af manni, sem misboðið hefir henni. Mjer er kunnugt um, að þetta hefir verið framkvæmt hjer í bænum án dóms og ekki verið misnotað, enda ætti það ekki að orka tvímælis, að banna mönnum t. d. að nota meiddan hest eða haltan, sem kært hefir verið fyrir ómannúðlega meðferð á. Að vísu mun jeg láta mjer lynda, þó að hv. nefnd breyti frv. í það horf, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) benti á. En vænna þætti mjer þó um, að það fengi fram að ganga óbreytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Ungmennafræðsla.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um ungmennafræðslu (þmfrv., A. 148).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., fimtudaginn 12. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg hefi borið frv. þetta fram hjer í hv. deild af þeirri ástæðu, að brýn nauðsyn ber til, að sett sje hið fyrsta allsherjarskipun um ungmennafræðslu. Frv. þetta er bygt á frv., sem milliþinganefnd samdi 1922. Hefi jeg þó tekið gagnfræðaskólana undan, og er því í frv. eingöngu um framhaldsmentun barna að ræða og unglingaskóla í sveitum. Að öðru leyti mun jeg ekki að þessu sinni rekja, í hverju vikið er frá frv. milliþinganefndarinnar. Mun nefnd sú, er fær mál-

ið til umsagnar, væntanlega bera frv. saman við allar þær tillögur, er fram hafa komið í þessu máli.

Jeg vil geta þess, að frv. er ekki borið fram sem algildur sannleikur í þessu máli, heldur mun jeg sem flm. fúslega taka til greina allar brtt., sem á rökum eru bygðar. Jeg veit, að í mörgu stendur frv. til bóta. Frv. er borið fram vegna þess, að nauðsynlegt er, að allsherjarskipulag komist á unglingafræðslu hjer í landi hið bráðasta.

Þingið hefir sýnt, að það viðurkenni rjett nokkurra einstakra hjeraða til þess að fá styrk til ungmennafræðslu. En með því hefir þingið og skuldbundið sig til, að styðja ungmennafræðsluna um land alt. Eiðaskólinn, unglingaskóli Austurlands, var að vísu tekinn á ríkið að öllu leyti. Er þáð nokkuð óheppilegt fordæmi, þar sem sanngjarnast mun vera, að ríkissjóður og hin einstöku hjeruð hjálpist að við að halda uppi ungmennafræðslunni. Enda er svo ráð fyrir gert í þessu frv. Það, að búið er að taka eitt stærsta skólahjeraðið út úr og ríkið kostar ungmennafræðslu þar að öllu leyti, ýtir mjög eftir, að gert verði allsherjarskipulag um þessi mál hið fyrsta. Það er nauðsynlegt, ef allir landsmenn eiga að vera jafnrjettháir um unglingafræðsluna, og ef þessi mál eiga ekki að eiga alt undir því, hversu duglegir einstakir þingmenn erú að ota fram sínum tota hjer á Alþingi.

Frv. gerir ráð fyrir, að helmingur stofnkostnaðar greiðist af ríkinu, þegar hjeruðin bjóða fram hinn helminginn. Gert er einnig ráð fyrir, að 75% kennaralauna sje greitt af ríkinu, ennfremur helmingur af því, sem fer til kensluáhalda og bókakaupa, og 5% af virðingarverði fasteigna skólans, sem svari til viðhaldskostnaðar. Þessa uppástungu mína um það, hvernig kostnaðinum skal skift, byggi jeg að nokkru á hinu ríkjandi skipulagi í nágrannalöndunum, Svíþjóð og Danmörku.

Viðvíkjandi skólum þessum hefir verið reynt að þræða milliveg, þannig, að ríkið hefði mikið að segja, en hjeruðin sjeu þó ekki afskift. Í frv. er farin sama leið um yfirstjórn skólanna og kostnaðinn. Yfirstjórn á að lenda að ¾ hjá ríkinu, en ¼ hjá sýslufjelögum og nemendum skólanna.

Skal jeg svo ekki hafa fleiri orð um frv. við þessa umræðu, nema jeg verði knúinn til þess af þeim, er síðar tala. Ungmennafræðslan er eitt mesta nauðsynjamálið af fræðslumálum þessarar þjóðar. Skólastofnanir sem þessar eru hin mestu nauðsyn fyrir sveitirnar. Bæði bókmenning og önnur menning okkar hefir ekki átt annarsstaðar styrkari stoðir en í sveitunum fyr og síðar. Skólar þessir eiga að hafa það að markmiði, að ala menn upp til þess að verða góðir þegnar síns ríkis. Skólarnir eiga ekki að byggjast á útlendum grundvelli, þó að leitað sje ráða til útlanda, heldur eiga þeir að vaxa upp úr þjóðlegri menningu, vaxa upp úr sögu þessarar þjóðar.

Jeg vil að lokum mælast til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til hv. mentmn.

Forsætisráðherra (JM): Eins og hv. flm. (ÁÁ) tók fram, er frv. þetta að miklu leyti bygt á frv. milliþinganefndar í kenslumálum, sem starfaði fyrir skömmu.

Jeg viðurkenni það, að það er mikil nauðsyn, að einhver festa gæti komist á þetta mál. Ungmennaskólarnir þjóta upp býsna reglulaust. Sumir þeirra munu

auðvitað halda áfram til langframa, sjerstaklega 2—3 skólar, sem hafa verið talsvert sterkir og fjölsóttir. Aðrir detta úr sögunni óðar en varir, eftir svo sem 2—3 ár. Ef nú væri hægt að fyrirbyggja, að þessir ungmennaskólar yrðu of margir, væri þegar mikið gagn unnið með slíkum lögum sem þessum. Það mun að mörgu leyti heppilegast, að ungmennaskólarnir sjeu fáir; því það er ekki hægt að halda uppi mörgum skólum slíkum.

Í 4. gr. er gefin nokkru víðtækari heimild til þess að stofna annarskonar unglingaskóla. Jeg verð að segja það, að sú heimild er þannig vaxin, eftir minni skoðun, að það er ekki vel hægt að sjá fyrir, hvað mikil útgjöld fyrir ríkissjóð framkvæmd hennar muni hafa í för með sjer.

Eins og nú stendur, eru styrktir 12 ungmennaskólar. Þar af eru 3—4, sem að líkindum verða stöðugir skólar. Hitt er meiri og minni kensla eins og sú, sem gert er ráð fyrir í frv. Jeg held, að Þingeyingar hafi 2 skóla — fyrir utan skóla Arnórs Sigurjónssonar — sem hafa notið styrks.

Það er ómögulegt að gera sjer fullljóst, hvað kostnaður ríkissjóðs til ungmennafræðslu mundi vaxa við framkvæmd frv. þessa. En það er alveg auðsætt, að tillagið verður að vaxa mjög mikið. Mjer reiknast svo til, að ef 5 skólum verður komið upp, mundi árlegur styrkur þeirra allra koma til með að nema fram undir 60—80 þús. kr. Hvað mikið yrði borgað eftir 4. gr., skal jeg ekki segja, en jeg gæti trúað því, að það yrði ekki minna en nú er veitt á fjárlögum til unglingafræðslu. Þetta tekur hv. mentmn. til athugunar, og gerir sjer ljóst, hve mikinn kostnað mundi af leiða. Jeg geri ráð fyrir, að þó að hjer sje ekki talað um föst laun, mundi vera dýrtíðaruppbót við unglingaskólana, og út frá því hefi jeg reiknað.

Það mætti máske skjóta því fram, til athugunar fyrir hv. nefnd, að hún tali við þá menn, sem upphaflega bjuggu frv. til.

Bjarni Jónsson: Jeg er sammála hv. flm. um það, að það sje nauðsynlegt að skipa þessum málum með lögum.

Það hafa lagst nokkrar umræður á þetta mál í fjvn., og hún hefir komið sjer saman um að láta, jafnframt því sem styrkveiting til slíkra skóla er ákveðin, setja einhver föst ákvæði um það, hversu mikinn hluta ríkissjóður skyldi leggja í stofnkostnað og hversu mikið í rekstrarkostnað, og hversu mikinn íhlutunarrjett stjórnin skyldi hafa gagnvart þessum skólum. Jeg býst við, að hv. flm. komi það ekki á óvart, þó að jeg vildi leita samkomulags í nefndinni um að koma með brtt. við þetta frv. áður en það kemur til 2. umr. Mjer þótti ekki þörf að hafa þær til áður 1. umr. fór fram, en jeg vil benda hv. nefnd á, að jeg ætla að koma brtt. einn, ef ekki fást fleiri, sem jeg þó býst við.

Þó að jeg sje því sammála, að þessu eigi að skipa með lögum, er margt í frv., sem jeg mundi kjósa á annan veg, og það ýms höfuðatriði, svo sem það, hvað skuli kent í skólunum yfir höfuð að tala. Því að jeg vil ekki, að í þeim ungmennaskólum, sem ríkið kostar, sje neinn munur á fræðslu, nema jeg máske við nánari athugun finni eitthvað í hinum svokölluðu gagnfræðaskólum, sem mætti fella niður. Höfuð-

atriðið ætti að vera það, að þessir skólar gefi allir jafngóða og jafnmikla mentun, og sömu mentun. Býst jeg við, að brtt. frá mjer hnigi í þessa átt.

Um annað er jeg sammála hv. flm., og það er það, að það ætti að vera jafnrjetti milli manna í landinu í þessu efni. En jeg er hissa á, að hann hefir ekki í frv. tekið meira tillit til þessarar skoðunar. Auðvitað hefði hann þar af leiðandi átt að leggja til, að gagnfræðaskólinn, sem er í Reykjavík og mestmegnis er sóttur úr Reykjavík, þótt kostaður sje einungis af ríkinu, að hann verði lagður niður og í staðinn komi samskonar gagnfræðaskóli og í sveitunum, styrktur af ríkinu að nokkru leyti. Það væri jafnrjetti.

Sömuleiðis verður það afleiðingin af því, að allir hafi sama rjett til ríkissjóðs og til mentunar, að ríkisskólinn á Akureyri sje lagður niður og Akureyri lofað að kosta skóla sinn á sama hátt og önnur hjeruð, en fái ríkisstyrk til skólarekstrarins á sama hátt og sveitirnar fá til sinna skóla.

Annað mál er með einn skóla, sem hv. flm. nefndi, Eiðaskólann. Hann er þannig til kominn, að þingið tók á móti gjöf frá þessu hjeraði, jörð með öllum húsum, og skuldbatt sig til að halda þar skóla uppi. Jeg undirstrika það, að þessi skóli er orðinn til sem afleiðing af þessari gjöf. Það er ekki hægt að fara fram á, að hann sæti sömu kjörum og aðrir skólar, nema því aðeins, að Eiðaeigninni sje skilað aftur.

Þá er eitt í frv. þessu, sem hallar talsvert jafnrjetti manna í þessu efni, sem sje, að menn vilja koma upp aðeins 5 slíkum skólum. Ef það er nóg, að hafa þá 5, þá nægja þeir skólar, sem þegar eru til. Ef ekki þarf að fara meir eftir óskum og þörfum hjeraðanna en að hafa skólana 5, og ef t. d. Gullbringu- og Kjósarsýsla og aðrar mjög fjarliggjandi sýslur eiga að sameinast um skólahald, þá er eins gott að komast af með Hafnarfjarðarskólann. Mun þessvegna brtt. mín hníga að því atriði, að ekki skuli lögákveða, hve margir skólarnir sjeu; en þar sem sýslur sameina sig, eftir því sem landshættir og fólksfjöldi er, og vilja koma upp skóla, þá sje þeim veittur sá sjálfsagði styrkur til stofnkostnaðar og rekstrar. Vil jeg, að kenslumálastjórnin setji reglugerð um, hvað kenna skuli í slíkum skólum, og láti kenna það sama í þeim öllum.

Annars er ekki þörf á að telja upp efni brtt. þessarar, en jeg bið nefndina að eiga von á henni.

Sveinn Ólafsson: Jeg stend ekki upp til að mæla á móti frv., sem fyrir liggur, eða stefnu þess. En mjer virðist, líkt og hv. þm. Dala., að markið muni vera sett nokkuð lágt með tölu þessara 5 skóla, ef á að fullnægja óskum landsmanna um stofnun ungmennaskóla, eins og þær birtast og hafa komið í ljós.

Það er ekki komin veruleg festa á þetta ungmennaskólahald úti um landið. Og þótt skólarnir sjeu þegar orðnir talsvert margir, lítur út fyrir, að þeim muni fara fjölgandi. Jeg býst við, að ef ætti að binda sig við 5 slíka skóla, fari það eins og hæstv. forsrh. (JM) benti á, að við hlið þeirra mundu starfa svo og svo margir hliðstæðir ungmennaskólar, kostaðir ýmist af einstökum mönnum eða þá hjeruðunum, og drægju þeir frá þessum ríkisskólum.

Annars finst mjer það ákaflega erfitt, að setja reglur um unglingaskólahald

eitt út af fyrir sig, án þess að hugsa sjer jafnframt þrepin í menningarstiganum, bæði fyrir ofan og neðan. Mjer finst næstum ógerningur að ákveða einn flokk skóla fastlega fyr en þrep þessi eru algerlega skorðuð.

Jeg skal geta þess, að fyrir mjer hefir það vakað í þessu ungmennafræðslumáli, að skólarnir yrðu miklu fleiri en gert er ráð fyrir hjer. Ennfremur, að þeir skólar stæðu aftur í sambandi við eina 3—4 gagnfræðaskóla, sem hverfa mætti til frá þessum ungmennaskólum. Gagnfræðaskólar eru þegar orðnir tveir. Býst jeg við, að vel gæti farið á því, að þeir væru fjórir.

Út af því, sem hv. flm. (ÁÁ) tók fram um stofnun skólans á Eiðum og það fyrirkomulag, sem stofnun hans var bygð á, vil jeg geta þess, að sú aðferð getur ekki átt við um stofnun þeirra skóla, sem hjer um ræðir, af þeim ástæðum, sem hv. þm. Dala. (BJ) hefir bent á.

Ef fleiri skólum yrði komið upp á líkan veg, þá virðist mjer einna helst að hugsa sjer þá eins og gagnfræðaskóla, sem tækju við af ungmennaskólunum, skóla, sem ríkið kostaði líkt og Akureyrarskólann og væntanlega á sínum tíma gagnfræðaskólann hjer sunnanlands.

Það var mjög rjettilega tekið fram af hv. þm. Dala., að þar sem Eiðaskólinn er, þar er um samning og gjöf að ræða, og hana ekki neitt smávægilega, sem ríkið tók við, þegar það tók að sjer rekstur Eiðaskólans. Jeg ætla ekki að telja fram alt, sem fólst í þessari gjöf, en hún mun hafa verið 4 jarðir fyrir utan Eiðar, öll áhöfn á Eiðum, og alt, sem tilheyrði búnaðarskólanum gamla, þar með hús, kensluáhöld, bækur, búnaður o. s. frv. Í landsreikningunum er þessi eign metin um 80 þús. kr. En það er aðgætandi, að þar sem um eignina er talað, sem heild, kemur þar alls ekki fram fjenaður sá og lausafje, sem afhent var með jarðagjöfinni.

Það er því óneitanlega rjett, sem hv. þm. Dala. tók fram, að ekki verður heimfært til þessa skóla það fyrirkomulag, sem hugsað er á væntanlegum ungmennaskólum um byggingarkostnað og rekstur. Gjöfin var því skilorði bundin, að þarna eða annarsstaðar í Múlaþingi yrði haldið uppi myndarlegum og tíðarhæfum alþýðuskóla framvegis, og gjöfin var þegin með því skilorði.

Fleira skal jeg ekki að svo komnu segja um málið. En mjer virðist, að þetta fyrirhugaða fyrirkomulag geti ekki átt vel við það ástand, sem nú er og væntanlega verður á næstu árum.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg sje ekki ástæðu til að svara við þessa umr. öllu, sem sagt hefir verið. Mjer þykir menn taka yfirleitt vel undir, og játa, að hjer sje mikið nauðsynjamál á ferð, þó að menn velji hver sinn veg til að greiða úr þörfinni.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Dala. (BJ) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sögðu um Eiðaskólann, skal jeg geta þess, að hann er ekki meiri gjöf en sá helmingur stofnkostnaðar, sem á að heimta af öllum öðrum hjeruðum. Þó að Austurland hafi gefið 80 þús. kr. virði, þá virðist mjer það krefjast að fá nú reist skólahús til viðbótar, sem ekki kostar minna en 80 þús. (**SvÓ:** 70 þús.) Þá er komið sama hlutfall milli framlags frá ríkissjóði og hjeraði, nema ef það munar þessum 10 þús., sem hv. þm. nefndi. En fyrir þessa litlu fjárhæð get jeg ekki

skilið, að eitt hjerað geti keypt sjer þau sjerrjettindi, að losna við ¼ rekstrarkostnaðar alla tíð upp frá því. Jeg skal ekki segja, hversu auðvelt sje að breyta þessu skipulagi; jeg hefi ekkert lagt til um það, og mun ekki gera. En jeg nefndi Eiðaskólann, til að sýna, hversu knýjandi nauðsyn væri á að gera hið bráðasta fast skipulag um stofnun skólanna. Eiðaskólinn hefir fengið þau sjerrjettindi, sem ekki eru líkur til að önnur hjeruð landsins fái. Mjer er kunnugt um, að fjvn. hefir mál þessi til umræðu, að því er snertir styrk til Suðurlandsskólans. Sunnlendingar vilja nú hrinda af stað sínu skólamáli hið fyrsta. Skólinn á Laugum er þegar reistur. Og þó að ekki væri að ræða um aðra skóla en þessa tvo, sem komnir eru á laggirnar, þá er nauðsynlegt að gera sjer það ljóst, hverjir eigi að bera kostnaðinn og í hvaða hlutföllum.

Jeg ætla ekki að svara hv. þm. Dala. (BJ) neinu að þessu sinni. Tilllögur hv. þm. Dala. koma eflaust hjer til umtals við 2. umr. þessa máls. Þó vil jeg geta þess, að jeg fann þegar mikinn stefnumun milli mín og hv. þm., og getur hann því vart átt langa samleið við þá stefnu, sem í frv. felst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Slysatryggingar sjómanna.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 27. júní 1921, um slysatryggingar sjómanna (þmfrv., A. 150).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Eins og tekið er fram í greinargerð þessa litla frv., þá er það borið fram vegna þess, að jeg er ekki viss um, að frv. það hið mikla á þskj. 100 nái fram að ganga á þessu þingi. Það er, eins og allir vita, mikill lagabálkur og um mörg nýmæli þar að ræða, sem heimta nákvæma athugun og yfirvegun, en hinsvegar sjá allir nauðsynina á því, að breyta ýmsum ákvæðum í lögunum um slysatryggingar sjómanna og telja, að það megi ekki dragast lengur.

Einkum hefir mönnum orðið það ljósara og ljósara nú í vetur, er svo margir hverfa úr hópi sjómanna og farast, en einkum þó eftir mannskaðveðrið mikla. Menn finna betur og betur, að slysatryggingarlögin eru ónóg og koma ekki að því haldi eða gagni, sem ætlast var þó til. Einkum á þetta sjer stað, þar sem sjerstaklega stendur á, t. d. þar sem ekkja á í hlut með mörg börn í ómegð, enda munu allir sammála um það, að bæturnar þyrftu að vera meiri og ríflegri. Jeg skal að vísu játa, að jeg hefði kosið að hafa bæturnar hærri en hjer er farið fram á, t. d. 1000 kr. handa hverju barni, en jeg sá mjer það ekki fært að svo stöddu, því að þá hefðu iðgjöldin orðið of há.

En auk þess sem hjer eru hækkaðar öryrkjabætur, er og ætlast til, að dánarbætur nái einnig til fósturforeldra, hafi þau verið á framfæri hins látna. Það hefir sýnt sig nú hin síðari ár, að fósturforeldrar, sem kostað hafa að öllu leyti uppeldi hins látna, hafa engar bætur fengið, en foreldrarnir, sem aldrei skiftu sjer hið minsta af barninu eða uppeldi þess, þau hafa notið allra dánarbótanna. Þetta er ranglæti, sem sjálfsagt er að leiðrjetta. Jeg þekki tvö sorgleg dæmi, sem nýlega hafa komið fyrir. Bláfátæk kona, sem ól algerlega upp mann, sem nýlega er látinn, og hafði lagt henni fje til framfæris um nokkur ár, svo að hún lenti ekki á sveitinni, stendur nú uppi allslaus og getur ekkert unnið fyrir sjer, en faðirinn, sem aldrei hirti hið minsta um soninn, hann fær allar dánarbæturnar. Gömlu konunnar, sem komin er að fótum fram, bíður ekki annað en hreppurinn, og jeg þekki annað dæmi þessu líkt að vestan, og fleiri munu þau vera.

Jeg hefi athugað, hvort sjóðurinn mundi fær um að bera þessa hækkun útgjaldanna með því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á, og jeg hefi komist að raun um, að hann muni geta fremur borið þessa hækkun, eða 750 kr. dánarbætur til barna, verði frv. samþ., heldur en þær 200 krónur, sem ákveðnar eru með því fyrirkomulagi, sem nú er, og komast þó eins vel af. Og t. d. 1924 vantar mikið á, að iðgjöldin nemi þeirri upphæð, sem greidd hefir verið úr sjóðnum, eða dánarbæturnar verið talsvert hærri iðgjöldunum. Og hvað mundi þá verða í ár, eins og mannskaðarnir eru þegar orðnir á þessum 2 mánuðum, sem liðnir eru af þessu ári.

Þá er sjerstakt nýmæli í frv. þessu, að stærri útgerðin beri þyngri byrðarnar. Þetta mætir nú ef til vill andstöðu, en ætti þó ekki að vera, því að þessir menn standa að mörgu leyti betur að vígi. Minni útgerðin (eða 12 tonna bátar) eru ekki færir um að bera hærri iðgjöld en nú. Það má að vísu segja, og jeg geri enda ráð fyrir, að mjer verði núið því um nasir, að það sje misrjetti í þessari tillögu, að láta þá, sem stunda sjó á gufuskipum, þar sem minst hætta er á slysum, bera hærri gjöld en þá, sem eru á mótorbátum, því óneitanlega er hættan meiri þar. En það er aðgætandi, að hjer er um einskonar samábyrgð eða samtrygging allra sjómanna að ræða, enda býst jeg við, að enginn sjómaður eða stærri útgerðarmaður beri á móti því, að sanngjarnt sje, að þeir borgi dálitið meira, þó að minni hættur sjeu.

Annars finst mjer rjett að geta þess í þessu sambandi, að sjóður slysatryggingar sjómanna var í árslok 1924 283 þús. kr., en þar frá má svo draga 44 þús. kr., sem eru ógoldnar bætur frá árinu 1924, bætur, sem fyrst voru úrskurðaðar eftir áramót. Auk þess má nefna það, að eftir því sem næst verður komist, munu slysin í febrúar kosta sjóðinn um 60 þús. kr. Og er þá auðsætt, að saxast fer á sjóðinn, og ekki að gera ráð fyrir, að hann þoli mikla skelli úr þessu, verði starfsemi hans ekki breytt.

Mjer hefir komið til hugar að skjóta því til hv. allshn., sem fær þetta frv., ásamt hinu á þskj. 100, hvort hún muni ekki sjá sjer fært að slysatrygging sjómanna verði eftirleiðis sjerstök deild innan slysatryggingar ríkisins. Sje sjóðnum vel stjórnað og skynsamlega, þá ætti sú deild slysatryggingar ríkisins

að vera sjerstaklega vel trygð og fær um að mæta þeirri brýnu þörf, sem á því er, að tryggja sjómannastjettina öðrum stjettum fremur og betur, enda er þar að ræða um þá stjett, sem mest hvílir á hið fjárhagslega sjálfstæði þjóðfjelagsins.

Jeg skal taka það fram ennþá einu sinni, að jeg vil alls ekki á nokkurn hátt með frv. þessu verða þess valdandi, að frv. á þskj. 100 dagi uppi að þessu sinni. En sjái hv. deild vandkvæði á, að það komist fram á þessu þingi, vona jeg, að þessu mínu frv. verði lofað að ganga áfram, því að það er áreiðanlega til mikilla bóta.

Að svo mæltu þykist jeg ekki þurfa að sega fleira, en vona, að frv. fái að ganga til 2. umr. og til allshn.

Jón Baldvinsson: Jeg skal strax taka það fram, að jeg er sammála hv. flm. (JAJ) um að hækka dánarbætur þeirra manna, sem farast af slysum, en um hitt, sem frv. hans fer fram á að breyta, er jeg ekki jafnviss um að sje rjett. Að minsta kosti eru tillögur hans um breytingu á iðgjöldum alveg öfugar við það, sem stjórn slysatryggingarinnar hefir látið uppi. Þar segir, að hættan sje minst á gufuskipum, og þó ætlast frv. til, að iðgjöldin sjeu hærri af þeim.

Þá var hv. flm. (JAJ) að tala um, að hann vildi halda slysatryggingu sjómanna sem sjerstakri deild innan hinna almennu trygginga. Þessu er jeg á móti, enda er jeg sannfærður um, að slysatryggingu sjómanna yrði styrkur að því, að renna saman við hinn almenna sjóð, og því engum til bóta, að sjómenn hafi sjóð út af fyrir sig.

Annars er jeg hv. flm. (JAJ) sammála um það, að hækka þurfi dánarbæturnar, en hinsvegar lít jeg svo á, að frv. mitt á þskj. 100 eigi að ganga fram á þessu þingi, ekki kanske eins og það er nú, heldur með breytingum, er til bóta væru, og er það sjálfsagt að taka tillit til þess, er hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hefir fram að færa.

Ágúst Flygenring: Jeg ætla ekki að flytja langt mál, þó full ástæða væri til að gera margar athugasemdir við frv. þetta. En jeg vildi benda á það, að mjer skilst ekki, á hvaða viti þessi flokkun iðgjaldanna er bygð. Eftir því sem jeg veit best, verða iðgjaldagreiðslurnar jafnan að standa í hlutfalli við ákveðið hundraðsgjald hinna ýmsu flokka, og í sambandi við áhættu þeirra. Það, sem vanalega er nefnt „forlisprocent", er 8% af mótorbátum, en 4% af togurunum. En eftir frv. verður þetta alveg öfugt. Eftir því sem áhættan er minni, því hærri eiga iðgjöldin að vera, og hefir flm. engin rök fært fyrir því máli sínu. Það þýðir ekki að fara í kringum það, að þegar stofna á til jafnviðtækra trygginga og hjer er, þá verða iðgjöldin að miðast við áhættu, og flokkunin að gerast eftir því, en ekki að miðast við velmegun einstakra flokka. Þar sem áhættan er meiri, á iðgjaldið að vera hærra, og lægra eftir því sem hún er minni.

Það voru þessar athugasemdir, sem jeg vildi leyfa mjer að skjóta til nefndar þeirrar, er málið fær til meðferðar, og get með þeim orðum látið máli mínu lokið að þessu sinni.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þeir hv. þdm., sem hafa tekið til máls, vilja miða iðgjöldin við áhættuna. Jeg skýrði áðan frá þeirri skoðun minni, að þetta ætti að verða einskonar samtrygging sjó-

manna, þannig, að þeir, sem betri atvinnu hefðu, skyldu, enda þótt þeir væru í minni hættu á sjónum, rjetta hinum hjálparhönd, með því að greiða tiltölulega hærri iðgjöld til sameiginlegs tryggingarsjóðs. Jeg skal ekki neita því, að sú er venjan í daglega lífinu, þar sem frjáls samkepni ræður, að þeir greiði hærri iðgjöld, sem meiri hætta er að tryggja. Jeg lít svo á, að ekki sje ósanngjarnt, að þeir menn, sem vinna á togurum t. d. og bera oft alt að þrisvar sinnum meira úr býtum en aðrir sjómenn, sem eru á vjelbátum eða opnum bátum, greiði iðgjöld í sameiginlegan slysatryggingasjóð í hlutfalli við getu sína og hlaupi þannig undir bagga með hinum, sem vegna aðstöðu sinnar og ýmissa orsaka, sem enginn fær við ráðið, verða að sæta lakari skipakosti. En ef iðgjöldin verða eingöngu miðuð við áhættuna, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vildi vera láta, þá er hvorugum styrkur að öðrum. En fyrir mjer vakir einkum, að þeim sjómönnum vorum, sem eiga við lakari kjör að búa og eru neyddir til að stunda atvinnu sína á hinum smærri skipum, megi verða styrkur að því, að eiga sameiginlegan slysatryggingasjóð með hinum, sem meira bera úr býtum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Selaskot á Breiðafirði.

Á 28. fundi í Nd., laugardaginn 7. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 32, 16. des. 1885, um selaskot á Breiðafirði (þmfrv., A. 151).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði, með 19 shlj. atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hygg, að óþarfi hafi verið, að leita afbrigða um, hvort frv. þetta megi takast fyrir, því jeg afhenti það á skrifstofunni daginn áður en frestinn þraut, sem þm. er settur til að bera fram frv. sín. En mjer á sama stendur, úr því að leyfið var veitt.

Mönnum eru enn í fersku minni hinar löngu og ströngu umr., sem urðu hjer á dögunum milli mín og hæstv. atvrh. (MG) út af fyrirspurn minni um selaskot á Breiðafirði. Jeg hefi beðið eftir því, að fá að vita opinberlega, hverju sýslunefndirnar hefðu svarað viðvíkjandi frv. því, sem borið var fram í hv. Ed. í fyrra, um þetta efni. Þegar jeg heyrði, að sýslunefndir Dala-, Snæfellsness- og Hnappadalssýslna væru á einu máli um það, að rjett væri að færa línuna út eins og farið var fram á í frv., þá taldi jeg mjer skylt að bera málið fram á þessu þingi.

Jeg vil þá geta þess, að þar sem jeg treysti því í upphafi, að sýslunefnd Dalasýslu hefði gengið svo vel frá frv. sem unt væri, þá áleit jeg þess ekki þurfa með, að athuga nánar hversu frv. væri samið. En síðan frv. var fram borið, hefi jeg sannfærst um, að takmarkalín-

an á Hvammsfirði er ekki rjett hugsuð í frv. Þar stendur síðast í 1. gr.: „Ennfremur á Hvammsfirði utan línu, sem hugsast dregin þvert yfir fjörðinn, eina mílu innan Lambeyjar.“ Jeg er ekki að finna að því frá „geometrisku“ sjónarmiði, hvernig grein þessi er orðuð. Eins og menn sjá, er ekki ákveðinn nema einn punktur, sem er miðaður við Lambey, en gegnum þann punkt er vitanlega hægt að draga margar línur. En það er annað, sem er athugavert. Þegar jeg fór að athuga mál þetta nánar, og átti tal um það við gagnkunnugan mann þar vestra, Magnús á Staðarfelli, þá mintist jeg þess, að á ýmsum bæjum, t. d. Ljárskógum, Glerárskógum, Skarfsstaðancsi og Ketilsstöðum, sem allir eru innan línunnar, sem hugsast dregin samkv. frv.-gr., eru selalagnir. En það eitt vakir fyrir mönnum með þessu ákvæði, að þeir vilja fá selinn ófriðaðan í nánd við laxveiðiárnar, sem renna í Hvammsfjörð, til þess að því megi verjast, að hann eyðileggi laxveiði í ám þessum. Og með línunum, sem ákveðnar eru í brtt. minni á þskj. 154, er þessu fullkomlega sint, því að Ljárósar eru skamt frá Búðardal, en aðallaxveiðiárnar, svo sem Laxá og Haukadalsá falla til sjávar á ófriðaða svæðinu sunnan línunnar frá Ljárósum í Teigshyrnu. Þaðan kemur svo lína í Hólmlátursborgir, langt fyrir utan veiðiárnar. Á þennan hátt verður ófriðað alt svæðið fyrir framan veiðiárnar, en hinsvegar friðaðar allar selalagnir. Mjer þykir sennilegt, að hjeraðsbúar sjálfir fái að ráða því, hvar takmörkin eru sett, og býst jeg varla við, að hv. þm. leggist á móti því, að þau verði sett þar, sem öllum málsaðilum er hagkvæmast.

Eins og kunnugt er, eru 2 frv. um svipað efni á ferðinni hjer í hv. deild. Þykist jeg vita, að frv. þetta verði fengið sömu hv. nefnd til meðferðar, sem þau frv. eru hjá. Skilst mjer rjettast, að hv. nefnd semji eitt frv. upp úr þessum öllum, þar sem þetta verður hvorttveggja sameinað, að breyta takmarkalínunum og hækka sektir fyrir ólögleg selaskot. Annars er ekki svo að skilja, að jeg vilji segja þessari hv. nefnd fyrir verkum, hver sem hún er. (**Forseti, Þorlj:** Það er landbúnaðarnefnd.) Já, er það landbúnaðarnefnd! Þessu get jeg trúað:

Fiskurinn hefir fögur hljóð,
finst hann oft á heiðum.
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Kynbætur hesta.

Á 29. fundi í Nd., mánudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um kynbætur hesta (þmfrv., A. 156).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði, með 17 shlj. atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg skal ekki þreyta menn með langri framsögu um þetta mál. Aðeins vil jeg geta þess, að frv. er flutt samkv. ósk Theódórs Arnbjarnarsonar, ráðunauts Búnaðarfjelagsins. Hann er sá maður, sem sjerstaklega hefir um mál þessi hugsað og mun betur að sjer í þessum efnum en flestir eða allir aðrir hjerlendir menn, og má þessvegna óhætt treysta því, sem hann leggur til þessara mála.

Um kynbætur hrossa eru í núgildandi lögum tvennskonar ákvæði. Fyrst og fremst mæla lög svo fyrir, að graðhestar, 1½ árs eða eldri, megi ekki ganga á afrjettum. Í öðru lagi eru til gömul lög, frá árinu 1891, sem heimila sýslunefndum að gera samþyktir um kynbætur hesta. En það er nú svo með þau lög, að enda þótt þau sjeu nú 34 ára gömul, þá hafa þau enn ekki komið svo að notum sem skyldi. Bæði er það, að margar sýslunefndir hafa ekki notað þar gefna heimild til að setja samþyktir um þessi efni, og í annan stað hafa þær samþyktir, sem gerðar hafa verið, oft verið mjög mismunandi að efni til. Stafar það af því, að ekkert sjerstakt form hefir verið gefið fyrir samþyktir þessar, svo að hver sýslunefnd hefir getað sniðið þær eftir sínu höfði, án þess að gæta samræmis við önnur sýslufjelög. Ennfremur hefir þótt brenna við, að samþyktunum væri slælega framfylgt, og ef til vill enn ver hlýtt.

Það er skoðun mín og margra annara, að kynbætur hrossanna okkar sjeu eitt af mikilsverðustu umbótamálum okkar bændanna. Það verður því að hefjast handa, frekar en gert hefir verið hingað til, ef við eigum ekki að standa nálega í stað, en það er sama og að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Í frv. þessu eru mörkuð nokkur helstu undirstöðuatriðin, sem hrossakynbætur hjer á landi verða að byggjast á.

Því er oft haldið fram, að aukin ræktun landsins sje grundvöllur allrar hagsældar í sveitunum. En til þess að ræktun landsins geti gengið greiðlega, þurfum við að eignast þroskameiri og betur bygða hesta en við höfum yfirleitt átt hingað til. Og að hægt sje að bæta hestakynið að stórum mun, þarf enginn að efa. Það hefir greinilega verið sannað, svo að ekki verður um vilst. Þarf ekki annað en benda á hið landfræga Melstaðarkyn, sem skarar langt fram úr flestum öðrum, einungis vegna þess, að nokkrir einstaklingar hafa haft skilning og e. t. v. að sumu leyti betri aðstöðu en alment gerist til að beita sjer fyrir máli þessu. Þessvegna hefir þar tekist að skapa hestakyn, sem ber langt af flestum öðrum kynjum.

Það má því ganga út frá því sem gefnu, að ef almenningur fæst til að taka höndum saman í þessu efni, þá verður hægt að bæta hestakyn hjer á landi mjög mikið og á marga vegu. En hitt er líka áreiðanlegt, að almennar umbætur á þessu sviði verða aldrei að verulegu liði, fyr en settar verða skýrar og ákveðnar skorður fyrir það, að einstakir menn geti með kæruleysi ónýtt það starf, sem aðrir hafa unnið. Hjer er farið fram á að lögfesta nokkur ákvæði, sem eru alveg nauðsynleg og sjálfsögð, ef einhver verulegur árangur á að fást af kynbótastarfinu.

Jeg vona, að mál þetta verði svo mikilsvert í augum hv. landbn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess eftir föngum, svo að það nái fram að ganga á þessu þingi,

enda þótt það sje svona seint fram komið.

Að endingu skal jeg aðeins geta þess, að í 1. gr. frv. væri líklega rjettara að nota orðið „hrossakynbótanefnd“ en „kynbótanefnd“, svo að síður geti orkað tvímælis, hvert verksvið nefndinni er ætlað. Reyndar ber fyrirsögn frv. og efni þess að öðru leyti með sjer, að hjer er aðeins um hrossakynbætur að ræða, og að nefnd þessi á því engin afskifti að hafa af kynbótum annars búpenings en hrossa, enda er það óskylt mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar með 17 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. apríl, utan dagskrár, mælti

Pjetur Ottesen: 11. mars s.l. var vísað til hv. landbn. frv., sem við hv. 2. þm. Skagf. (JS) og jeg vorum flm. að, um kynbætur hesta. Þar sem það hefir þegar verið 7 vikur í nefnd, án þess að neitt hafi heyrst um afgreiðslu þess, en málið hinsvegar mikilsvert, þá vildi jeg mælast til þess, að hæstv. forseti hlutaðist til um, að það yrði afgreitt sem fyrst frá nefnd.

Forseti (BSv): Jeg vil beina því til hv. formanns þessarar nefndar, að hann taki þetta til athugunar.

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. u m r. (A. 156, n. 442).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Með því að það er orðinn helsti naumur tími til að koma málum fram hjer í þinginu að þessu sinni, vildi jeg láta þess getið, að landbn. er umhugað um, að þetta frv. nái fram að ganga, ef unt er; en það, sem um hitt er að segja, hversvegna þetta mál hefir dregist svo lengi hjá nefndinni, hefi jeg þegar sagt í öðru sambandi, og tel því áður gerða fullkomna grein fyrir því.

Nefndin leggur nú til, að þetta frv. verði samþykt með nokkrum breytingum, og vil jeg þá strax snúa mjer að hinum einstöku gr. frv.

Þá er 1. brtt., sem nefndin leggur til, sú, að ný grein komi, sem verður 1. gr. frv. Í þessari 1. gr. eru þau ákvæði, að bannað er að láta graðhesta ganga lausa, og er það eiginlega ekki annað en það, sem nú er í lögum, en nefndin álítur, að það eigi að vera aðalákvæði laga slíkra sem þessara, að það sje í 1. gr., eins og það er í lögunum frá 1917. Það er þá ekki meira um þessa brtt. nefndarinnar að segja, heldur en þetta, að það er fyrsta og fremsta atriðið, sem þarf að vera í þessum lögum.

Þá er 2. brtt. nefndarinnar, við 1. gr. frv., sem verður 2. gr. Þar eru ákvæðin nokkuð lík og er í 1. gr. frv., að þar sem ekki eru hrossakynbótanefndir í einstökum hreppum innan hjeraða, samkv. samþ. um kynbætur hesta, eftir lögum frá 1891, þar verður að skipa slíka nefnd, eins og frv. ákveður, og hjer er aðalbreytingin frá 1. gr. sú, að frv. gerir ráð fyrir, að heimildarlögin um kynbætur hesta falli ekki úr gildi, þegar frv. verður að lögum, sökum þess,

að frv. ákveður, að slik nefnd skuli vera í hverjum hreppi á landinu. En nefndin áleit, að margir hreppar vildu ekki missa það fyrirkomulag, sem nú er, enda væri ekkert unnið við það út af fyrir sig, jafnvel þó að einhverju leyti væri eitthvað farið að fyrnast yfir það, svo að ef þessi regla er vanrækt, þá mundi það ekki koma að neinu haldi, þótt ákveðið væri eitthvert annað fyrirkomulag til að skipa þessar nefndir; sama vanræksla gæti átt sjer stað fyrir það. Fyrirkomulagið getur komið að sama gagni, hvort sem það er eftir nýjum eða gömlum heimildum. Að öðru leyti er það um þessi ákvæði að segja, að ef hirðuleysi eða vanræksla ætti sjer stað, eins og nú þykir víða við brenna hjá nefndum, sem skipaðar eru eftir samþyktunum, þá eru önnur ákvæði frv. svo, að þau eiga að geta verið fullkomin lækning við þessu hirðuleysi, ef nokkur lækning getur komið til orða; það eru önnur ákvæði frv., sem eiga að tryggja það, að vanræksla geti ekki lengi átt sjer stað, án þess að fullar bætur komi fyrir.

Þriðja brtt. nefndarinnar er við 2. gr. frv., og er aðallega um verksvið þessara kynbótanefnda. Aðalhlutverk þeirra ekki ákveðið nákvæmlega í lögum, og því ekki tekið hjer öðruvísi en í stórum dráttum, eða þau atriðin, sem mestu skifta; en í sambandi við þennan hluta greinarinnar er seinni málsgreinin; hún hljóðar aðeins um þá einu undanþágu frá þessu algerða banni, sem er í 1. gr. frv. Fyrsta atriði frv. er, eða á að vera, að áliti nefndarinnar, algert bann, nema aðeins með þessari einu undanþágu, að ef hrossakynbótanefnd hefir ákveðið, hverja hesta nota má sem kynbótahesta, þá getur hún leyft, að þessir hestar gangi lausir. Engin önnur undantekning á að vera heimil.

Þá kem jeg að 4. brtt.; hún er við 3. gr. frv. Í henni eru fólgin viðbótarákvæði við frv., til þess að hægt verði að halda fullnaðarskipulagi á þessum umbótum. Það er, að allir hestar, sem mega vera ógeltir, skulu vera merktir glöggu merki. En graðhesta, sem ekki hafa þetta merki, má fara með eins og óskilafje, selja þá án innlausnarfrests.

Þá kem jeg að 5. brtt. nefndarinnar. Hún er við 4. gr. frv. Hún ákveður, hvernig fara skuli með þá hesta, sem ganga lausir, hvenær þá skuli gelda o. s. frv. Og hver sá, sem sekur verður um vanrækslu í þessum efnum, er útlægur fjebótum, og skaðabótum, ef tjón hlýst af vanrækslunni.

Sjötta brtt. nefndarinnar er við 5. gr. Hún ákveður, hvernig fara skuli með þá hesta, sem kynbótanefnd hefir heimilað og merktir eru, ef þeir finnast gæslulausir, án heimildar. Þá má taka og setja í gæslu, en gera verður eigandanum aðvart, en ekki má selja hestinn, fyr en liðnar eru 6 vikur frá því, að hann var tekinn.

Við 6. gr. frv. er 7. brtt. nefndarinnar. Hún fjallar um sektir fyrir brot gegn lögum þessum. Er þar tekið upp það nýmæli, að helmingur sektarfjár skuli renna í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst. Þykir þetta að mörgu leyti heppilegra ákvæði.

9. brtt. er aðeins orðabreyting; um hana þarf því ekki að fjölyrða.

10. brtt. nefndarinnar er sú, að þar er ekki gert ráð fyrir að nema úr gildi heimildarlögin frá 1891, um kynbætur hesta, heldur lög frá 14. nóv. 1917 og önnur ákvæði, sem koma í bág við þessi lög.

Jeg held nú, að flest af því, sem fyrir flm. hefir vakað, komi fram í frv. þessu, ef brtt. nefndarinnar verða samþyktar. Með brtt. er við engu raskað, sem máli skiftir í frv. flm., eða því, sem talist getur aðalatriði.

Jeg vil svo að lokum leggja til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt með þeim breytingum, sem hún leggur til.

Jón Sigurðsson: Jeg skal reyna að gefa ekki tilefni til mikilla málalenginga, og það því fremur, sem hv. frsm. (PÞ) fór mjög hógværlega á stað og setti okkur ekki á knje sjer, eins og síðast, þegar hann var hjer á ferðinni. Líka sýndi hann mjer brtt. nefndarinnar áður en þær fóru frá nefndinni, svo að jeg hafði tækifæri til þess að athuga þær áður. Hefi jeg því borið mig saman við ráðunaut þann, sem samdi frv., og við þær athuganir komumst við að þeirri niðurstöðu, að gera þyrfti brtt. við frv., ef brtt. hv. nefndar yrðu samþyktar. Mun jeg því koma með þær við 3. umr.

Í fyrstu brtt. þeirra er talað um, að bannað skuli að láta graðhesta, 1½ árs og eldri, ganga lausa í heimahögum eða á afrjettum, en í frv. okkar er talað um hesta á öðru ári. Að miða þetta við 1½ árs aldur er mjög óheppilegt, því að trippi, sem eru seint köstuð, verða ekki 1½ árs fyr en þau hafa lifað tvö sumur, og er þá stundum komið fram í október. En ekki getur komið til mála, að gelda þau á þeim tíma. Þessu þarf því að breyta. — 2. brtt. nefndarinnar, við 1. gr., tel jeg mjög óheppilega.

Síðari málsliður 3. brtt. hljóðar svo: „Heimilt er hrossakynbótanefnd að gera undanþágu frá ákvæðum 1. gr. um vörsluskyldu graðhesta, sem hún hefir valið til undaneldis.“

Hjer er ekkert tekið fram, hversu víðtæk þessi heimild skuli vera. Þó er í brtt. við 5. gr. tekið fram, að hittist gæslulaus hestur, án heimildar, innan eða utan sveitar, þá megi taka hann í örugga gæslu.

Jeg held, að best yrði að taka sporið hreint, og aftaka með öllu, að slíkir hestar mættu ganga gæslulausir, hvort heldur væri á fjalli eða heima í högum.

Við 4. brtt. nefndarinnar, sem er við 3. gr., hefi jeg ekkert að athuga; hún er að mestu tekin orðrjett eftir frv. okkar.

Í 2. málsgrein 5. brtt. segir: „Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn, og skal hann þá sekt gjalda og skaðabætur, ef tjón hlýst af.“

Jeg get búist við, að þetta sýnist eðlilegt fyrir þeim, sem ókunnugir eru, en vafalaust er það óheppilegasta ákvæðið, og getur alls ekki komið til greina, nema hesturinn sje í heimahögum eða á girtu svæði. Um hesta á afrjetti getur hjer ekki verið að ræða. Hugsum okkur t. d., að reknar væru saman 300—400 hryssur í eina rjett, og með þeim væru 3—4 folapjakkar, og haustið eftir kæmu 50 af þeim með síðgotunga. Hver ætli geti kanske sagt um, hvað af þessum folum hafi verið valdir að tjóninu. Mjer þætti gaman að sjá hv. þm. Mýramanna leiða rök að því.

Þá hefir nefndin tekið upp nýja reglu, að því er sektirnar snertir. Jeg tel það samt ekki stórvægilegt atriði, en finst það þó óviðkunnanlegt, að hálft sektarfje skuli eiga að renna til þeirra sveitarfjelaga, þar sem maðurinn er búsettur í, sem ljóstar brotinu upp, enda þótt enginn skaði hafi þar orðið. Hv.

frsm. gat ekki sannfært mig um nauðsyn þessarar breytingar.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Ákvæðið um aldur hesta, sem ganga mega lausir, tók nefndin upp úr núgildandi lögum frá 14. nóv. 1917, alveg orðrjett. Jeg skal ekki hafa á móti því, að hentugra geti verið að orðalagið sje svo: „hestar á öðrum vetri" í stað „hestar 1½ árs", eins og nefndin tók upp úr lögunum. Annars tel jeg þetta atriði ekki miklu máli skifta.

Þá vjek hv. 2. þm. Skagf. (JS) að kynbótanefndunum. Taldi hann óeðlilegt, að þær væru eigi í þessum lögum, jafnt fyrirskipaðar í þeim hjeruðum, þar sem kynbótasamþyktir eru, sem annarsstaðar. Jeg held, að þetta komi hvergi að sök. Að vísu má vera, að til sjeu þau hjeruð, þar sem til eru kynbótasamþyktir, en eigi kynbótanefndir. En alstaðar, þar sem jeg þekki til, bæði í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendi og Snæfellsnesi, fer þetta saman. Og þar eru nefndirnar alstaðar skipaðar 3 mönnum í hverjum hreppi, eins og einmitt frv. fer fram á. Jeg skal ekki segja, hvernig ástandið er á Norðurlandi í þessu efni. En þó að svo væri, að slíkt hjerað væri til, myndi það þegar neyðast til að koma upp nefnd, því að annars eiga þau alt á hættu. (JS: Því má þetta ákvæði ekki vera í lögum?) Af því að það er óþarfi, að hafa lögin orðfleiri en þörf er á. Þetta er því eigi óeðlilegt, því að hvar sem kynbótasamþykt er, hlýtur nefnd að vera skipuð. Menn eru blátt áfram neyddir til þess, ef brtt. nefndarinnar verða annars samþyktar.

Þá mintist hv. 2. þm. Skagf. (JS) á lausagöngu kynbótahesta. Jeg veit ekki, hvort jeg hefi skilið hann rjett, en mjer skildist, að hann segði, að það gagn, sem hefði hlotist af því að banna lausagöngu graðhesta, væri upp hafið með brtt. nefndarinnar. Hann tók til dæmis tvær kynbótanefndir, þar sem önnur leyfði hestum sínum að ganga lausum, en hin eigi. Ef kynbótanefnd sleppir hestum sínum, getur hún vitanlega ekki haft hemil á, hvert þeir fara. En bótin er sú, að þessir hestar eru vel merktir og auðkendir, og því er hægt að taka þá, hvar sem er, og ráðstafa þeim, svo að þeir geri ekki óskunda.

Þegar kynbótanefnd einhvers hrepps hefir leyft hestum að ganga lausum, verða þeir eigi teknir innanhrepps. En utanhrepps er leyfilegt að handsama þá, og verði þeirra ekki vitjað innan ákveðins tíma, má selja þá. Því virðist fullkomlega mega halda í hemilinn á lausagöngu slíkra hesta með sektunum, og því tjóni, sem eigandinn mundi bíða af sölu hestsins. Þessi ákvæði ættu að veita nægilegt aðhald.

Ef heil sveit stofnaði sjer í slíka hættu með því að hafa enga kynbótanefnd, yrði tjónið auðvitað enn meira. Jeg skal taka það dæmi, að Bólstaðarhlíðarhreppur í Húnavatnssýslu hafi kynbótasamþykt, en enga kynbótanefnd, og get nærri, hvað af því hlytist, ef menn sleptu þar graðhestum sínum lausum og þeir færu í Staðarhrepp í Skagafirði. Eftir ákvæðum frv. yrðu þeir seldir, og líklega ekki fyrir svo hátt verð, að eigendurnir græddu á því. Þeir mundu ekki eiga slíkt á hættu.

Þá talaði hv. 2. þm. Skagf. (JS) um það ákvæði, að þeir, er sleptu hestum sínum, skyldu gjalda skaðabætur, ef tjón hlytist af. Gerði hann lítið úr þessu ákvæði, vegna þess, hve örðugt væri að

sanna, hvenær tjón yrði að eða eigi. Þetta ákvæði er að mínum dómi eins gott fyrir því. Þó að hægt væri að sanna slíkt í aðeins 5 tilfellum af 100, væri þó mikið unnið við ákvæði þetta og aðhald í því. Og jeg veit, að hjer eru þm. í deildinni, sem vilja hafa þetta ákvæði, enda þótt hv. 2. þm. Skagf. (JS) vilji það ekki.

Sama má segja um ókynbótahesta, eða óbótahesta, eða hvað á að kalla þá, að þótt þeir gangi lausir, er sjaldnast hægt að sanna, að þeir hafi valdið tjóni. En fyrir því er eigi síður þörf á að setja slík ákvæði um þá. Annars er erfitt að setja refsiákvæði, er sanni brotin jafnframt. En jeg held, að ekki hafi skort á lagaboð um þetta efni, heldur miklu fremur, að lögum þeim, sem til hafa verið, hafi verið framfylgt, og hefir það ýmsar slæmar afleiðingar. Slíkt hið sama myndi enn brenna við, þótt ný ákvæði sjeu sett, en jeg held, að þessi viðbótarákvæði við núgildandi lög geti gert mikla bót. Jeg sje ekki, að þörf sje á neinum breytingum við frv., eins og nefndin gekk frá því, nema ef vera skyldi um aldurstakmark hesta, er lausir mega ganga. Hygg jeg það þó litlu máli skifta.

Jón Sigurðsson: Aðeins örfá orð. — Jeg sje, að mjer hefir ekki tekist að sannfæra hv. frsm. (PÞ) nema að mjög litlu leyti, en jeg skil ekki, hve fast hann heldur í það ákvæði, að ekki skuli skipaðar kynbótanefndir, þar sem kynbótasamþyktir eru til. Virðist þó sjálfsagt, að lögin gangi hjer jafnt yfir alla. Þetta kemur heldur ekki í bág við samþyktirnar að neinu leyti, og mannafjöldi í kynbótanefndum mun alstaðar vera þrír menn, eins og frv. ákveður.

Hv. frsm. (PÞ) misskildi ummæli mín um lausagöngu graðhestanna. Jeg spurði að því, hve viðtæk sú heimild væri, er kynbótanefndir hefðu til að ákveða um slíkt, og hvort það væri meiningin, að nefndirnar hefðu rjett til að sleppa þeim í afrjetti. Nefndin virðist þó yfirleitt hallast að því, að hamla slíkri lausagöngu, og hefði það því verið í meira samræmi við það, sem fyrir nefndinni hefir vakað, að ákveða heimildina ekki viðtækari en svo, að aðeins mætti láta hesta ganga lausa í heimahögum.

Enda þótt óþægilegt sje að missa hest fyrir lítið verð, þá verður og að gæta þess, að þeir, sem fyrir skaða verða, verða einnig fyrir eigi all-litlum óþægindum. Brtt. við 5. gr., um skaðabætur, er óframkvæmanleg og gagnslaus, en verður aðeins til að efla misklíð manna á meðal. Í brtt. stendur: „sekt og skaðabætur“, og gæti það skilist svo, að enga sekt ætti að greiða, ef eigi hlytist tjón af. Má vera, að þetta stafi af því, að greinarmerki vanti.

ATKVGR.

Brtt. 442, 1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 442, 2 samþ. með 18 shlj. atkv. 1. gr. (verður 2. gr.) þar með ákveðin.

— 442, 3 samþ. með 18 shlj. atkv. 2. gr. (verður 3. gr.) þar með ákveðin.

— 442, 4 samþ. með 15 shlj. atkv. 3. gr. (verður 4. gr.) þar með ákveðin.

— 442, 5 samþ. með 15 shlj. atkv. 4. gr. (verður 5. gr.) þar með ákveðin.

— 442, 6 samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) þar með ákveðin.
— 442, 7 samþ. með 17 shlj. atkv. 6. gr. (verður 7. gr.) þar með ákveðin.
— 442, 8 samþ. með 16 shlj. atkv. 7. gr. (verður 8. gr.) þar með ákveðin.
— 442, 9 samþ. án atkvgr. 8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 442, 10 samþ. með 18 shlj. atkv. 9. gr. (verður 10. gr.) þar með ákveðin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Mælitæki og vogaráhöld.

Á 39. fundi í Nd., laugardaginn 21. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um mælitæki og vogaráhöld (þmfrv., A. 216).

Á 40. fundi í Nd., mánudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 : 1 atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg býst við, að hv. þm. sje farið að langa til kjötkatlanna í Egiptalandi, sem þeir eiga von á í næsta máli hjer á eftir (fjárl., frh. 1. umr.), og skal því reyna að vera stuttorður. Mjer kom að vísu á óvart, að mál þetta skyldi vera tekið svo fljótt á dagskrá. Jeg hafði ætlað mjer að afla mjer skýrslna hjá þeirri stofnun, er hjer á hlut að máli, en af þessari ástæðu hefi jeg ekki enn fengið tækifæri til þess.

Jeg býst við, að mönnum sje það ljóst, að mál þetta sje ekkert hjegómamál í landi, þar sem flest eða alt, sem fer á milli manna í viðskiftum, er vegið eða mælt. Þegar verslunarveltan er farin að skifta mörgum miljónum ár hvert, ætti mönnum að vera ljóst, að nauðsyn er á góðu eftirliti með mælitækjum landsins. Og jeg hygg, að umræður þær, sem nýlega hafa farið hjer fram í öðru máli, hafi sýnt, að ekki er vanþörf á að hafa vaðið fyrir neðan sig í þessu efni og setja aftur lög á þessu sviði og framfylgja þeim. Jeg hefi tekið upp í frv. þetta lög þau, sem feld voru úr gildi 1924. Þó vil jeg ekki þar með halda því fram, að þau eigi nú fullkomlega við. Ef til vill þyrfti að breyta launaákvæðum. Stofnkostnaður yrði nú lítill eða enginn. En þetta má alt athuga síðar, og nú vona jeg, að hv. deild lofi málinu að ganga til 2. umr. og allshn. Jeg býst við, að öllum hv. þm. sje jafnljóst og mjer, hvílika nauðsyn er hjer um að ræða, og sýni það með atkvæði sínu. Annars mun jeg ekki að sinni fara lengra út í þessa sálma, nje vekja neinar deilur um málið.

Magnús Jónsson: Jeg ætla mjer heldur ekki að vekja deilur, nje tefja fyrir næsta máli, sem menn bíða líklega eftir með nokkurri óþreyju. Jeg vildi aðeins geta þess, að þótt jeg væri einn þeirra manna, sem greiddu atkv. með því, að afnema löggildingarstofuna, þá var það fyrst og fremst af lítilli sannfæringu, og í öðru lagi hefi jeg, við nánari umhugsun, efast um, hvort það myndi

hafa verið rjett, að afnema þessa stofnun svo að fullu og öllu sem gert var. En þrátt fyrir það efast jeg um, hvort sú leið, sem hv. flm. (BJ) bendir á, sje sú rjettasta — að taka lögin frá 1917 óbreytt upp í frv., og reka löggildingarskrifstofuna á sama hátt og fyr.

Þegar löggildingarstofan var lögð niður, var það alls ekki af því, að menn teldu slíka stofnun óþarfa, heldur af hinu, að kostnaður við hana þótti úr hófi keyra. (**BJ**: Kostnaður ríkissjóðs?) Nei, að vísu ekki fyrir ríkissjóð, en fyrir kaupmenn og aðra, er mælitækin áttu, varð hann töluvert þungbær. Þó að vísu sje ekki rjett að dæma stofnanir eftir vinsældum þeirra, þá er það víst, að þessi stofnun varð mjög óvinsæl um land alt. Mönnum þótti það hart aðgöngu, að þurfa að senda mælitæki sín til Reykjavíkur, hvar á landinu sem þeir voru, þótt ekkert væri bilað í þeim, nema ef til vill einn nagli, sem hver lagtækur maður gat gert við. Stundum var og kvartað yfir því, að vogaráhöldin kæmu engu betri en þau fóru, eða jafnvel hefðu skemst við hinn langa flutning. Auðvitað mátti altaf búast við því, að þetta starf yrði óvinsælt. Það er að nokkru leyti sönnun þess, að það hafi verið rekið með mikilli samviskusemi, og mjer er líka kunnugt um, að svo var. Jeg veit um einn eftirlitsmann, sem rækti þetta starf af mikilli snild. En jeg held, að þessu megi kippa í lag á annan hátt. Ætti að skipa einn mann eða fleiri, sem kunnáttu hefði, og prófuðu þeir mælitæki og vogaráhöld og löggiltu þau. Í bæjum út um land mætti svo löggilda smiði, sem gerðu við vogaráhöld, er þau biluðu. Á þennan hátt væru lögin framkvæmd með meiri lempni en áður og minni fyrirhöfn og tilkostnaði. Óvinsældirnar myndu hverfa, en gagnið haldast. Að vísu er ekki ástæða til að láta óvinsældir fá á sig um of, en jeg held, að það hafi verið á rökum bygt, að hjer hafi verið allhart að gengið. Jeg vildi leggja til, að nefndin athugaði þessa leið, enda þótt heppilegra myndi vera, þar sem er orðið nokkuð áliðið þings, að fela stjórninni rannsókn á þessu máli, því að ekki virðist mjög mikið í húfi, þótt málið verði ekki afgreitt á þessu þingi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg held, að alveg nauðsynlegt sje, að hafa eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum, og er að því leyti hv. flm. (BJ) sammála. En þó er jeg á þeirri skoðun, að ekki sje rjett að taka upp gömlu lögin óbreytt, heldur nema burt þá ásteytingarsteina, er þeim urðu helst að falli, t. d. einkasölu stofnunarinnar á vogaráhöldum, og eins hitt, að senda þau hingað til Reykjavíkur til viðgerðar. Enginn vill sleppa eftirliti í þessu efni. Nú sem stendur á það að vera í höndum löggreglustjóra, en jeg hygg, að því sje hæpið að treysta. Jeg get miklu fremur aðhylst till. hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að maður fari um landið og rannsaki og löggildi vogaráhöld og mælitæki. Nú stendur svo á, að maður, sem var á löggildingarstofunni, er nú atvinnulaus, og myndi hann vafalaust fást til starfans. Kostnaður ríkissjóðs við þetta yrði mjög lítill. Umsjónarmaður með þessu starfi myndi fást ríkissjóði að kostnaðlitlu. Forstöðumaður veðurathugunarstofunnar hefir sem sje gamalt loforð um, að hann skuli fá sömu laun fyrir að hafa á hendi bæði forstöðu löggildingarstofunnar og veðurstofunnar. Hann mundi því ekki fá meiri borgun úr rík-

issjóði, þótt hann sæi um mælitækja- og vogaráhaldaskoðun. En eins og ástandið er nú, að eftirlitið sje hjá lögreglustjórum, þá er þar um að segja, að þeim er mjög örðugt að framkvæma það, svo að í lagi sje, og eigi vel að vera, hlýtur það allmjög að auka skrifstofukostnað þeirra.

Jón Baldvinsson: Mjer finst það gleðiefni, hvernig er tekið í þetta mál nú, einkum þar sem jeg var einn af þeim fáu, sem greiddu atkv. á móti niðurlagningu löggildingarstofunnar. — Skýrsla um starf hennar og eftirlit var lesin upp á þinginu 1923, en svo mikið ofurkapp var lagt á að drepa þessa stofnun, þótt hún kostaði ríkissjóð ekki nema 4—5 þús. kr. árl., að flestir hv. þm. lögðust þar á eitt. Vafalaust hefir það ráðið, að stofnun þessi var óvinsæl, ekki vegna þess kostnaðar, er hún hafði í för með sjer fyrir ríkissjóð, heldur vegna eftirlitsins með mæli- og vogartækjum í landinu. (**HK:** Ekki vantar nú skynsamlegar tilgátur!).

Jeg held, að þm. hefðu hugsað sig um tvisvar áður en þeir námu lögin úr gildi, ef þeir hefðu kynt sjer skýrsluna 1923. En þá má segja, að ekki hafi verið árangurslaust að fara út í Krossanes, ef það yrði til þess að bætur fengjust ráðnar á þessu eftirliti. Jeg var því mótfallinn í fyrra, að fela lögreglustjórum eftirlitið, og gleður það mig að heyra, að hæstv. atvrh. (MG) tekur nú í sama streng. Jeg vil því eindregið mæla með því, að frv. fái að fara í nefnd. Hvort það beri að samþykkja óbreytt eða ekki, skal jeg láta ósagt, en það er í áttina, og vil jeg fyrir mitt leyti ekki draga úr því, að stofnun þessari verði komið á aftur í líkum stíl og áður var. Jeg efast um, að það nægi að hafa einn mann til þess að líta eftir þessum áhöldum um alt land. Hjer þyrfti l í k a að vera til verkstæði, til þess að gera við slík áhöld, líkt og löggildingarstofan hafði, því það munu óvíða vera til verkstæði, þar sem hægt er að framkvæma svo nákvæmar viðgerðir, sem hjer er þörf á.

Bjarni Jónsson: Jeg gæti raunar sparað mjer frekari umræður um mál þetta. En hjer hefir þó verið talað svo mikið um kostnað og óánægju í sambandi við löggildinguna, að jeg vil ekki láta því með öllu ósvarað.

Kostnaðurinn við þetta eftirlit legst eftir frv. einmitt þar, sem rjett er, að hann komi niður. Þeir menn eiga að bera hann, sem gera sjer atvinnu að því að vega út og mæla vöru, er þeir selja öðrum. Jeg tel alls ekki eftir kaupmönnum og kaupfjelögum að bera þann kostnað, sem leiðir af því, að fullkomið eftirlit sje haft með því, að mælitæki þeirra og vogir haldist rjettar, svo sem unt er. Hinsvegar er það ekkert óvanalegt, að menn kveini undan jafnsjálfsögðum gjöldum; og þegar þetta kvein er búið að bergmála nógu mikið og lengi, og alt landið tekur undir hrinurnar, þá er rokið í það, að fleygja burtu því skipulagi, sem naumast má kalla komið á laggirnar. Menn hafa ekki leyfi til þess að vera óánægðir yfir slíku. Það má þakka fyrir, að þeir menn, sem selja útlendingum t. d. fisk, fái vogir sínar leiðrjettar, svo þeir eigi ekki á hættu að tapa tugum þúsunda kr. fyrir rangar vogir. Síðan löggildingarstofan kom, hafa þeir verið trygðir fyrir slíku stórtjóni. Nú eru það ekki ætíð útlendir menn, sem vegið er út. En jeg sje ekki, að rjett sje að spara verslun-

unum þessi útgjöld, sem leiðir af eftirlitinu, og láta viðskiftamennina bíða halla.

Jeg hygg því, að ekki sje rjett að breyta frv. þessu í höfuðatriðum þess. En ekki er jeg frá því, að breyta megi því í smáatriðum, ef þörf þykir, svo sem launaákvæðum og ákvæðum um stofnkostnað o. fl., slíku. En sjálfsagt tel jeg, að einkasala löggildingarstofunnar á þessum tækjum, sem hjer er um að ræða, haldi áfram, svo sem áður var. Annað getur ekki fulltrygt heitið. Enginn veit, hvað lengi verslun brúkar vogaráhöld ólöggilt, er hún aflar sjer sjálf frá útlöndum. Ísland er ekki svo lítið, að auðvelt sje fyrir einn mann að framkvæma fullkomið eftirlit með slíku. En sjeu áhöldin seld beint frá löggildingarstofunni, og merkt þar, og hver sá, sem ekki á og notar slík áhöld, á ekki að hafa leyfi til þess að reka verslun, þá er hægur hjá um eftirlitið, því hver og einn, sem viðskifti hefir, getur sjálfur gengið úr skugga um það, hvort áhaldið er merkt, og kært, ef svo er ekki. Þetta virðist mjer vera aðaleftirlitið, og trygging mikil á þessu fólgin. En þeir menn, sem vola um kostnað, er leiði af því að senda lóð og metaskálar til Reykjavíkur til leiðrjettingar, ættu að þegja um slíkt. Þeim væri nær að vinna að því, að upp komist sjúkrahæli í sveitum landsins, svo veikt fólk þurfi ekki að hrekjast hingað suður upp á líf og dauða, heldur en að kenna svo hástöfum í brjósti um vogarskálar, þó að þær skrölti hingað í skipi. Slík brjóstgæði koma ekki í rjettan stað niður.

Jeg vænti þess, að mál þetta megi koma fljótt frá allshn., og að hún megi skilja, hver eru aðalatriði þessa máls. En aðalatriði er það, að þessi stofnun hafi einkarjett á sölu áhaldanna, svo sem jeg hefi nú bent á. Þar er aðaleftirlitið fólgið.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál. En það verð jeg að segja, að mjer er það ekki jafnmikið gleðiefni og hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að frv. þetta er fram komið. Mjer virðist það ekki sýna annað en það, því miður alt of venjulega, hringl í löggjöf, sem löngum hefir við brunnið hjer. Þau lög voru samþ. hjer á þingi í fyrra, að fella niður stofnun þessa, en nú á að reisa hana aftur við með frv.

En jeg fer nú að skilja, að það sje ekki öldungis óeðlilegt, að frv. kom fram. Hjer hefir verið talað um atvinnulausan mann. Það er nú svo, að ýmsar leiðir eru til þess að veita atvinnulausum mönnum starf, og mun þetta frv. vera ein þeirra. Jeg man ekki til þess, að jeg hafi heyrt eða sjeð kvartanir yfir því, að löggildingarstofan var lögð niður í fyrra, frá einum einasta þingmálafundi, jafnvel ekki úr Dalasýslu. (**BJ:** Þeir hlógu bara að því!) Þá hafa þeir ekki verið reiðir yfir því.

Hv. flm. (BJ) lagði aðalálhersluna á það, að löggildingarstofan hefði einkasölu á mælitækjum og vogaráhöldum. Þetta er ekki nýtt hjá hv. flm. (BJ), og jeg veit, af hvaða tilfinningum þetta stjórnast. Hann heldur, að engin vog geti komið rjett frá Dönum, nema það sje blessað yfir hana af löggildingarstofu hjer. En jeg held nú, að vogir geti komið rjettar frá Danmörku, og engu lakari, þó ekkert sje yfir þær blessað hjer. (**BJ:** Það er ekki dýrt sjálfstæði, að hafa sjálfur gát á vogaráhöldum sínum). Þá talaði hv. flm. um, að það væru óþarfa brjóstgæði, að hlífa

mönnum við því að senda tæki sín langar leiðir til viðgerðar. Í þessu efni verður hver að hafa þá skoðun, sem hann telur best við eiga, og hv. flm. (BJ má ekki furða á því, þó að aðrir sjeu á annari skoðun en hann. En jeg veit, að hann er sjálfur mjög brjóstgóður. **(BJ:** Jeg kenni í brjósti um hv. þm. Barð. og aðra, sem eru á móti frv.) Það er kunnugt, að löggildingarstofan var óhafandi vegna kostnaðar. Það var upplýst hjer í fyrra, að fyrir að líta á 2 vogir, sem voru nýkomnar frá henni, tók eftirlitsmaðurinn rúmar 40 kr. **(BJ:** Alveg er jeg nú hissa!) — og mun þó ekki hafa verið lengri tíma að því en svaraði stundarfjórðungi. Þetta dæmi er aðeins eitt af mörgum, sem sanna, hve afskaplega dýr þessi stofnun var landsmönnum. Hv. þm. Dala. er ekki sýnt um að meta gildi peninga. Og þó 40—50 kr. sje ekki mikið fyrir verslunina, þá kemur það þó niður á viðskiftamönnum. **(BJ:** En ef skakt er vegið, kemur það þá ekki niður á viðskiftamönnum?) Jú, en jeg hygg, að frv. þetta komi ekki í veg fyrir slíkt, þar sem þeir menn eiga í hlut, er beita vilja slíku. Jeg skal taka til dæmis fiskivog, sem löggildingarmaður kemur til skoða. Þarna er veginn blautur fiskur, en vegna þess, að svo vill til, að maðurinn, sem vogina á, lætur sjer ant um að hún sje í lagi, þá reynist hún rjett. En þessi vog getur verið orðin skökk eftir 3—4 daga, ef ekki er borin umhyggja fyrir því, að hún haldist í góðu lagi. Aðalatriðið í þessu efni er því heiðarleiki þeirra manna, sem hlut eiga að máli, en ekki eftirlit, sem ekki er hægt að framkvæma nema að litlu leyti.

Þegar mál þetta var til umræðu hjer síðast, þá man jeg ekki til þess, að löggildingarstofan sjálf legði á móti því neitt fastlega, en nú vill þó svo til, að því skýtur upp aftur. Jeg vil nú ekki vænta þess, að hið svonefnda Krossanesmál sje þess valdandi, að frv. er fram komið.

Jeg vil ekki leggja móti því, að máli þessu sje sýndur sá sómi, að vísa því til nefndar, af því það er fram borið af hv. þm. Dala. (BJ). En jeg vona, að það komi ekki aftur fyrir deildina.

Bjarni Jónsson: Jeg kannast við það, að jeg varð dálítið hissa, þegar jeg heyrði, að jafnmætur maður og háttv. þm. Barð. (HK), er hefir svo gott vit á því, að meta verðgildi peninga, skyldi kalla það dýrt, þó það kostaði 40 kr. að senda vog til Reykjavíkur og fá hana lagaða. Jeg held, að ýmsir mætir menn í Flatey mundu telja þetta rjett og sjálfsagt, og alls ekki sjá eftir 40 kr. til þess að vogir þeirra megi vera sem rjettastar, svo að kaupmaður noti t. d. ekki hörðu reisluna, þegar inn er vegið, en hina linu, er hann vegur út. Í þessu efni á ekki að verja kaupmenn, heldur miklu fremur viðskiftamenn þeirra. Í hendur þeim mönnum, sem viðskiftin reka, eru lögð svo mikil völd, að miklu varðar, að fullkomið eftirlit sje með því haft, að rjettlátlega sje með þau farið. En mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ættu að vera. **(HK:** Þetta má maður manni segja.) En jeg veit, að hv. þm. Barð. er svo mætur maður, að hann fylgir máli þessu fyrst og fremst í nefnd og síðan til fullrar samþyktar. **(HK:** Nei!) Þótt hv. þm. (HK) sje ekki enn samþ. frv., þá er hann að vísu hingað kominn til þess að sannfærast.

ATKVGR

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Sala á Fjósum.

Á 42. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Fjósum í Laxárdalshreppi utan verslunarlóðar (þmfrv., A. 234).

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta litla frv. er fyrir þá sök fram komið, að stjórnin getur ekki, samkv. gildandi lögum, selt þessa jörð, af því að í landi jarðarinnar er lítil verslunarlóð. Nú vænti jeg hinsvegar, að hv. deild skilji, að ekki er hægt að búa á þessari jörð, eins og sakir standa. Ef ábúanda verður ekki synjað kaupsins, þá er hann fús á að girða nægilega stóran haga til afnota hestum ferðamanna. Um kauptúnið Búðardal er þess að geta, að það er lítið; eiga þar ekki skifti við nema fáar sveitir Dalasýslu. Nú á síðustu árum hefir það heldur minkað, og líkur eru ekki til þess, að það stækki meir en landrými er til á þeirri verslunarlóð, sem til er. En í þjóðjarðasölulögunum er það ákvæði, að stjórnin má ekki selja, nema þingheimild komi til, þær jarðir, sem í eru kauptún.

Jeg vænti þess, að deildin leyfi þessu frv. að ganga til 2. umr. og nefndar, jeg býst við allshn. Vil jeg svo ekki tefja tímann með frekari umræðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

26. Skemtanaskattur og þjóðleikhús [þmfrv.].

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 27. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 40, 20 júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 241).

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Árni Jónsson): Jeg get verið fáorður um þetta frv. Málið er ekki stórvægilegt, og býst jeg við, að frv. geti gengið óbreytt gegnum hv. deild. Frv. er flutt að tilhlutun nokkurra manna hjer í bæ, sem hafa áhuga á, að

þjóðleikhússjóðurinn eflist sem fyrst og sem best, enda er ekki síður ástæða til að leggja skatt á þær skemtanir, sem hjer um ræðir, en ýmsar aðrar. Þetta munar litlu fyrir hvern einstakling, en gæti aukið sjóðinn um nokkur þúsund krónur á ári hverju. Jeg þarf svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en geri að tillögu minni, að frv. verði vísað til hv. mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., og til mentamálanefndar með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Ríkisborgararjettur [frv. allshn. Nd.].

Á 53. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (þmfrv., A. 313).

Frv. var aldrei á dagskrá tekið.

---

28. Ríkishappdrætti.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um íslenskt ríkishappdrætti (þmfrv., A. 341)

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 : 3 atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Af því það er orðið áliðið þingtímans, og þessvegna í sjálfu sjer heppilegra, að mál þyrftu ekki að tefja mjög mikið fyrir umræðum, þá höfum við flm. þessa frv. tekið það ráð, að skrifa með frv. miklu ítarlegri og lengri greinargerð heldur en við annars hefðum talið nauðsynlegt, og hefðum við þó alveg eins getað hugsað okkur, að þær upplýsingar, sem gefnar eru í greinargerðinni hefðu getað komið að meira eða minna leyti í umræðum. Jeg vonast til þess, að hv. þdm. hafi litið yfir þessa greinargerð, og skal því að þessu sinni — ef ekki gefst frekara tilefni til — ekki fara út í það sama, sem þar er frá skýrt.

Í sjálfu sjer er mál þetta ekki öldungis nýtt hjer á þingi. Það var samþ. frv. á þinginu 1912, ætla jeg, um þetta efni, og í fyrra lá fyrir þinginu frv. um happdrætti, sem varð ekki útrætt. Þetta mál hefir því verið talsvert vakandi á þinginu. Í bæði skiftin var farið fram á, að einstökum mönnum, hjerlendum eða erlendum, væri veitt sjerleyfi til að reka peningahappdrætti hjer á landi. Og jeg býst við, að nokkuð af mótspyrnunni gegn þessu máli hafi stafað einmitt af þessu, að menn hafa ekki þóst vera nógu öruggir um það, hverju þessir menn ætluðu að stinga í sinn eigin vasa, og hvort ágóðinn, sem ríkinu væri ætlaður, væri hæfilegur.

Annað, sem ýmsum mun hafa þótt nokkuð athugavert, var það, að bannað

var að selja hjer á landi nema nauðalítinn hluta þeirra seðla, sem gefa mátti út. Hitt átti að selja erlendis, en þar er nálega alstaðar bannað að selja erlenda happdrættismiða, og þetta líktist því nokkuð löghelgun á smyglun.

Eins og frv. var lagt fyrir í fyrra og eins og kom til mála að leggja það fyrir nú, var jeg því samþykkur; jeg sá ekkert athugavert við að veita einstaklingum leyfi til að reka happdrætti, í þeim tilgangi að fá ríkissjóði tekjur. Þar sem útsjeð er um, að slíkt mál komi fram, þá höfum við borið málið fram í annari mynd, til þess að það skyldi að minsta kosti liggja fyrir þinginu slík uppástunga um tekjur handa ríkissjóði, sem hann hefir víst fulla þörf á.

Jeg skal ekki frekar fara út í, hvernig happdrættið er hugsað. Jeg býst við, að hv. þdm. hafi sjeð það í reikningnum, sem hjer er settur upp um tekjur og gjöld ríkishappdrættisins, að svo framarlega sem allir hlutir eru seldir, gefur happdrættið ríkissjóði að minsta kosti 350 þús. kr. Hefir kostnaður við það verið áætlaður nokkru hærri en líklegt hefir þótt, að þyrfti nauðsynlega að vera. Fari svo, að ekki seljist nema helmingur seðlafjöldans, en það mun vera það minsta, sem þarf að gera ráð fyrir, þá gefur happdrættið um 150 þús. kr. í hreinar tekjur; því tekjur og gjöld fara áreiðanlega saman, eftir því, hvað mikið selst, nema stjórnarkostnaðurinn; hann getur staðið nokkurnvegin í stað. Það er því ákaflega áhættulítið — maður getur sagt hættulaust — fyrir ríkið, en auðvitað verður ekki jafnmikill ágóði, hvort sem vel eða illa gengur að koma miðunum út.

Enda þótt í frv. þessu sjeu teknir burtu þessir tveir ásteytingarsteinar, sem jeg gat um áðan, get jeg búist við því, að mál þetta mætti ef til vill óvinsældum hjá sumum hv. þm., eða það verði skiftar skoðanir um, hvort happdrætti skuli upp taka. En þar sem vandlega er reiknuð út fjárhagshlið málsins, þá býst jeg við, að þeir, sem því eru andstæðir, sjeu það af hreinum „princip"-ástæðum, að yfirleitt sje það ekki rjett, að stofna til happdrættis, hvorki í þessari eða annari mynd. Yfirleitt eru skiftar skoðanir um, hvort það sje rjett; sjerstaklega eru það Englendingar og Ameríkumenn, sem hafa staðið á móti „lotterii" eða happdrætti, í öllum myndum, og talið það ranga aðferð til að afla fjár fyrir ríkið, og það ali upp óheilbrigðan hugsunarhátt, með því að þarna geta menn fengið stórsummur fyrir ekki neitt, í staðinn fyrir að vita, að þeir verði að vinna fyrir hverjum eyri, sem þeir ná í. En það er svo gott að vita, að með öllum þeim uppeldisáhrifum, sem beitt er til að bægja mönnum frá fjárglæfrum, þá eru þessar þjóðir alls ekki lausar við þá æfintýralöngun, sem hreyfir sjer hjá mönnum, að geta einhverntíma átt von á happi. Menn hafa ríka löngun eftir því, að þeir geti orðið fyrir höppum, eins og það geta altaf komið fyrir menn óhöpp í þessum efnum. Reynslan hefir því orðið sú, að hjá enskumælandi þjóðum kemur happdrættið fram í annari mynd, t. d. á Englandi í veðmálum, við veðreiðar og hvar sem þeir geta höndum undir komist, og oft veðjað stórupphæðum. Þetta er happdrætti í annari mynd, og verri mynd; það er ekki aðeins ábatavon, sem menn geta haft þar, heldur líka skaðavon; í staðinn fyrir að við happdræti vita menn í byrjun, hvað þeir láta úti, en það eina, sem þeir

vita ekki, er það, hvað þeir hreppa. Í Ameríku selja menn hveiti, án þess að nokkur vara sje fyrir hendi; það er einskonar veðmál, sem borga skal eftir 3 mánuði. Það er ekki nema veðmál um það, hvort hveitið hækkar eða lækkar, því eftir því fær kaupandinn halla eða ágóða af versluninni.

Við höfum fengið byrjun af þessum veðmálum, þó lítið sje, þar sem veðreiðar hafa verið teknar upp hjer. Þeir segja mjer — því sjálfur hefi jeg ekki komið þar — að við þessar veðreiðar sjeu menn ekki ófúsir á að taka upp þennan enska sið, og veðji allmiklum upphæðum á stundum.

Jeg skal fúslega játa, að það er í sjálfu sjer, frá sjónarmiði einstaklingsins, ekki skynsamlegt, að kaupa happdrættismiða, því eftir líkindum reiknað ætti maður að tapa á því, þegar til lengdar ljeti. Þetta happdrætti skilar kringum 70% af því, sem menn láta; hitt lendir nærri alt sem skattur í ríkissjóðinn. En þetta er nokkuð, sem menn ganga út í vitandi fyrir fram. Frá sjónarmiði heildarinnar er ekki um annað að ræða en það, að 70% fer til manna aftur, hjer um bil 25% til ríkissjóðs, til gagnlegra fyrirtækja, og 5% fer til stjórnar fyrirtækisins. Svo í raun og veru er það enginn eyrir, sem fer forgörðum; það kemur alt að fullu gagni. Það eina, sem menn geta kanske reynt að kalla „eyðslu", er það, sem fer til stjórnar fyrirtækisins. En það eru þá menn, sem á einhverju verða að lifa, sem hefðu þar atvinnu við.

Jeg býst við, að ríkissjóði þyki sem ljett sje af honum þeim parti af kostnaði við byggingu landsspítalans, sem sá sjóður borgar, sem stofnaður var með frjálsum samskotum í þessu skyni. Það, sem hjer er farið fram á, er í raun og veru ekki annað en frjáls samskot til að auka tekjur ríkissjóðs, að menn leggi á sig skatt af fúsum og frjálsum vilja. Sá kostnaður sem landsspítalasjóðurinn borgar fyrir byggingu landsspítalans, er borgaður af þjóðinni í heild sinni, ekki síður en það, sem borgast úr ríkissjóði. Þannig er með alt, sem framkvæmt er með samskotum; munurinn er aðeins sá, að menn taka þátt í því af fúsum og frjálsum vilja í staðinn fyrir að borga með illu í álögðum skatti. Sá, sem kaupir happdrættismiða, gerir það oft að gamni sínu eða til þess að hafa það fyrir einskonar krydd í lífinu, af því að það munar hvort sem er engu um hans fjárhag, hvort hann leggur til þess nokkrar krónur eða ekki.

Að svo mæltu orðlengi jeg ekki frekar um frv. nú, og geri heldur ekki síðar, nema tilefni gefist. En frv. vona jeg að fái að ganga til 2. umr. og fjárhagsnefndar.

Jón Baldvinsson: Jeg hjó eftir því í ræðu hv. aðalflm. (MJ), að ríkissjóður mundi hafa fulla þörf á tekjum þeim, sem frv. þessu er ætlað að gefa. Það var síst að ástæðulausu að minnast á þetta, og átti einmitt vel við í dag, þar sem þeir atburðir hafa gerst, að þessi hv. deild hefir kastað á burt miljónarfjórðungi, sem sýnt var fram á með rökum, að væri hagnaður tóbakseinkasölunnar.

Hitt þykir ef til vill dálítið undarlegra, að frv. þetta skuli koma fram sama daginn og næst á eftir að tóbakseinkasalan var drepin, og að frv. þessu skuli standa sömu mennirnir, er unnið hafa á móti einkasölunni, vegna þess, að ríkissjóður ætti ekki að hafa neina

verslun með höndum, og að vakið hafi óánægju, hvað forstöðumenn ríkiseinkasölufyrirtækjanna væru hátt launaðir í samanburði við aðra embættismenn þjóðarinnar.

Þessa sömu óánægju virðist mjer þessu frv. ætlað að vekja, þar sem laun forstöðumanns happdrættisins eru áætluð um 8—12 þús. kr. á ári. Jeg sje ekki betur en þetta komi í bág við það, sem hv. aðalflm. (MJ) hefir þráfaldlega haldið fram áður, að 12 þús. kr. laun væru alt of há í samanburði við það, sem þeir menn fá, er laun taka eftir launalögunum. Verður því ekki annað sagt en að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hafi slegið sig ónotalega á munninn, að flytja frv. þetta og mæla fyrir því.

En það, sem mjer finst þó einkennilegast við frv. þetta, er það, er jeg benti á áðan, að því er ætlað að vinna upp þær tekjur, sem tóbakseinkasalan gaf á ári. Þessvegna virðist mjer undarlegt, að lofa þá ekki tóbakseinkasölunni að standa, úr því að ríkissjóður má ekki við að missa tekjurnar af henni. Aðferð hv. flm. er því skrítin, að vilja fella einkasölu á tóbaki, en setja upp aðra einkasölu handa ríkissjóði, sem ekki getur gengið út á annað en að narra fje út úr almenningi. Því happdrætti er og getur aldrei orðið annað en fjárhættuspil, og mjer finst það síst eftirsóknarvert, að ala slíkan hugsunarhátt upp í þjóðinni, að leika sjer svo ljettúðarlega með peninga þá, sem aflað er með súrum sveita. Happdrætti getur aldrei orðið annað en það, að fjöldi manna verði fleginn. Sú er að minsta kosti reynslan í öðrum löndum.

Annars stóð jeg aðallega upp til þess, eins og jeg hefi nú sagt, að benda á ósamræmi hv. flm. í framkomu þeirra í tóbakseinkasölunni og flutningi þessa máls. Hana vilja þeir feiga, og hafa báðir ljeð atkvæði sitt til þess að kveða hana niður, af því að ríkissjóður eigi ekki að vasast í neinni verslun. En að reka happdrættisverslun, það á að vera sjálfsagt. Það er því auðsætt, að þessir menn, sem barist hafa móti tóbakseinkasölu ríkisins, hafa ekki gert það af „princip"-ástæðum, heldur einhverjum öðrum ástæðum, og finst mjer þá ekki ólíklegt, að svo geti verið um fleiri.

En hvað sem öllum ríkisrekstri líður, þá er sannfæring mín, að slíkan ófögnuð sem þetta frv. eigi að kveða niður, og ganga svo frá, að það stingi aldrei upp höfðinu framar.

Jakob Möller: Jeg neita ekki, að mjer kem dálítið á óvart, að frv. þetta skyldi koma fram og verða samferða tóbakseinkasölunni, enda flaug mjer í hug, hvort ekki mætti um það segja, eins og stendur í vísunni:

Kemur einn, þá annar fer,
ungur sveinn í staðinn.

Að minsta kosti virðist mjer eins og samband geti verið milli þessara tveggja mála, er jeg nefndi.

En hitt vil jeg segja fyrir mig, að einu gildir, hvort frv. eins og þetta er borið fram í ríkisrekstrarformi eða ekki; jeg verð altaf á móti því. Enda tók jeg það fram í fyrra, er frv. sama efnis var hjer til umr., að jeg væri á móti því, að löggjafarvaldið fjefletti almenning með svikaspili. Og nú tek jeg það enn fram, að það er óviðeigandi og ekki sæmandi, að ríkið stofni til rekstrar, sem ekki er annað en svikamilla, og hugsi sjer með því að afla tekna í ríkissjóð. Því að það er svikaspil, að veifa því framan í almenning, að hjer sje um gróða að ræða,

gróða, sem aldrei fæst. Þetta er líka auðsætt af því, að vinningarnir miðast við, hvað mikið selst. Nú er vitanlegt, að aldrei selst svo mikið, að vinningarnir geti orðið eins miklir og ráðgert er í útboðunum. Þetta verður því hreint og beint fals og prettir

Hv. aðalflm. (MJ) sagði eitthvað á þá leið, að allur almenningur mundi kaupa hlutamiðana með glöðu geði og fúsum vilja. Jú, jeg gæti hugsað mjer, að fátæki maðurinn tæki bitann frá munni barnanna og keypti hlutamiða, í von um, að happið, sem aldrei kemur, væri á næstu grösum.

Annars ætla jeg ekki að orðlengja frekar um þetta. Jeg hefi frá upphafi verið á móti þessu máli, og jeg mun ekki ljá þessu frv. atkv. mitt til 2. umr.

Tryggvi Þórhallsson: Það var rjett fyrir ári síðan, að við höfðum samskonar frv. til meðferðar hjer í hv. deild. Nú er 20. apríl, en það var 22. apríl í fyrra, svo að við getum sagt, að við höldum happdrættisafmæli í dag.

Það má að vísu segja, að þetta frv. sje það skárra því í fyrra, að nú fylgir ekki sá böggull skammrifi, að erlendir fjárglæframenn holi sjer hjer niður og reki þessa atvinnu í skjóli selstöðuverslunar. En að öðru leyti er þetta frv. samt verra, af því að með því er ekki um neinn vissan gróða að ræða fyrir ríkissjóð, en það var þó fastákveðið með frv. í fyrra.

En þetta frv. á engan rjett á sjer, og því á það að falla. Í staðinn fyrir að ala menn upp við atorku og dugnað og að afla peninga með vinnu sinni, þá er með frv. efnt til fjárglæfra og ómensku. Hjer er því um óþrifnaðarstefnu að ræða, sem ekki á að ná að festa rætur. Verður ekki annað sagt en að þeir menn sjeu brjóstheilir, sem bera slíkt fram, því að engin afsökun er þeim það, þó að frv. nái aldrei fram að ganga. Fyrir þeim vakir því ekkert annað en að tefja þingstörfin, því þó að frv. fái að fljóta til nefndar að þessu sinni, þá er hitt víst, að það kemur aldrei frá henni aftur.

Annars hefir því óspart verið hampað, að það værum við stjórnarandstæðingar, sem tefðum mest þingstörfin. Nú sýnir sig, með hve miklum sannindum slíkt er mælt, er tveir Íhaldsmenn leyfa sjer þá fífldirfsku, að ætlast til, að slíkt frv. sem þetta fái að ganga fram.

Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frv. þetta verði ekki látið tefja þingstörfin, og jeg leyfi mjer að skora á hv. þdm. að fella það nú þegar.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg spáði nokkurnvegin í eyðurnar, er jeg gerði hv. andstæðingum mínum upp orðin. Jeg benti einmitt á, að margir væru þeirrar skoðunar, að ríkið ætti ekki að hafa slíka starfsemi með höndum, nje afla tekna á þennan hátt, vegna þess, að happdrætti sje spillandi, en það væru líka aðrir, sem væru því mjög fylgjandi, að ríkið sjálft kæmi happdrætti á stofn, til þess að draga eitthvað úr þeim peningastraum, sem rennur úr landi og til erlendra happdrætisfjelaga.

Í sjálfu sjer er ekkert athugavert við það, þó að frv. þetta hafi komið fram, og það er langt frá því, að neinar illar hvatir sjeu á bak við það, eða að happdrætti þetta sje ekki heiðarlegt í alla staði. Það vita allir, að hverju þeir hafa að ganga um hina stóru drætti. Að vísu vita þeir ekki með neinni vissu, hvað þeir muni græða, en vita aftur á móti

upp á hár, hverju þeir muni geta tapað. Hjer er því hvorki um fals nje vísvitandi sviksemi að ræða.

Þeir hafa heldur ekki hreyft því, þessir þrír hv. andmælendur, að útreikningar þeir, sem frv. sýnir, væru rangir, svo rök þeirra eru fremur veigalítil.

Annars get jeg ekki neitað því, að mjer finst það koma úr hörðustu átt, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hrópi nú, að hjer eigi að fremja hið mesta ódæði, að þjóðnýta fyritæki eins og happdrætti. Jeg hefi sannarlega ekki átt slíku að venjast úr horninu því. Mjer kom líka dálítið á óvart að setja frv. þetta í samband við afnám tóbakseinkasölunnar, og þó að svo undarlega vildi til, að bæði þessi frv. væru á dagskrá hjer í dag, þá sannfærði það mig alls ekki um, að nokkurt samband væri þeirra á milli. Eins og kunnugt er, er langt síðan frv. þessu var útbýtt, þótt ekki hafi það verið tekið til 1. umr. fyr en nú. Við flm. gátum ekkert um það vitað, er við bárum frv. fram, að svo mundi hittast á, að það yrði á dagskrá sama daginn og sjeð yrði fyrir um afnám tóbakseinkasölunnar hjer í hv. deild. Annars gæti þessi 1. umr. tekið all-langan tíma, ef enn á að fara að taka upp umr. um miljónarfjórðungstapið, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) og fleiri telja, að afnám tóbakseinkasölunnar hafi í för með sjer. Að minsta kosti neita jeg því, að hafa gefið nokkurt tilefni til þess, að draga þurfi það inn í þessar umr.

Þá þótti honum (JBald) launin of há, en gætti þess ekki, að þau eru sett aðeins 8 þús. kr. og ágóðahluti, sem ekkert er hægt um að segja, hvað miklu nemi, en má ekki fara fram úr 4 þús. kr. á ári. Auk þess er alt slíkt fullkomlega á valdi þingsins.

Við höfum áætlað kostnaðinn við happdrættið 58 þús. kr., en til þess að gera sjer sem minstar tyllivonir af fyrirtækinu, er þessi kostnaður áætlaður 75 þús. kr. í reikningnum. Þeir, sem frv. sömdu í Kaupmannahöfn, áætluðu um 50 þús. kr. í stjórnarkostnað, en okkur þótti vissara, að vera nokkru hærri, og má hver lasta það sem vill, að við höfum viljað fara sem varlegast í öllum áætlunum.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að allir þeir, sem happdrættismiða keyptu, yrðu flegnir. Það er nú vitanlegt, að þegar lagt er saman það, sem menn láta af höndum og það, sem menn fá inn, að það verður minna. Annars væri ekki um neinar tekjur að ræða fyrir ríkissjóð.

Mjer var ekki ókunnugt um þá skoðun hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að hjer mundi vera um svikastofnun og fjárglæfra að ræða. En hitt kom mjer dálítið á óvart, að hann taldi falsið aðallega fólgið í því, ef lítið seldist af hlutamiðum; þá væri engra vinninga að vænta. En þetta er rangt, því að vinningarnir koma ávalt hlutfallslega niður, eftir sölunni. Ef t. d. helmingur seðlanna selst, þá kemur helmingur vinninganna til greina, og svo koll af kolli, eða 5. hver seðill, sem seldur er, fær vinning. (**JakM**: Hvað vita menn um, hvað selst?) Þetta er alt undir svo ströngu eftirliti, að altaf er vitað, hvað mikið er selt, svo engin ástæða er til, að um fals eða nokkura sviksemi verði að ræða. Sem sagt, ef helmingur seðlanna selst, þá er víst, að helmingur hinna áætluðu vinninga kemur út. En það er vitanlegt, að ef einhver telur sig vissan að fá vinning, þá getur sá hinn sami orðið fyrir vonbrigðum og talið

sig gabbaðan. Það má vel vera, að segja megi sem svo, að ekki sje heilbrigt að lifa í voninni um einhver óvænt höpp, en flestir munu nú samt svo gerðir, enda annar aðalatvinnuvegur okkar með því markinu brendur. Um landbúnaðinn hefir einn maður sagt, að þar sje altaf von á einhverjum óhöppum, en aldrei neinum höppum, og þetta er satt. Í vissu falli hefir þetta heilbrigð áhrif til þrautseigju og þols, en þreytandi er það, og margur þráir meiri „pipar á lífsins plokkfisk". En um sjávarútveginn má og með sanni segja, að hann sje einskonar happdrætti, því svo margir hafa þar orðið fyrir vonbrigðum og margskonar tjóni. En hins ber líka að geta, að um stóra vinninga hefir þar verið að ræða á stundum, sem betur fer, og það eru þeir, sem draga fólkið að sjer. Það er ekki til neins að ætla að prjedika eðli manna í rot með neinum skynsemisrökum í þessu nje öðru. „Naturam furca pellas ex etc." Og loks furðar mig á því, að annar eins andstæðingur hverskyns happdrættis skuli sjálfur hafa barist fyrir happdrætti í sambandi við ríkisveðbankann.

Þá kem jeg að þriðja andmælandanum, hv. þm. Str. (TrÞ). Mjer kom heldur ekki á óvart, þó að hann væri á móti frv. þessu. Hann hefir áður sýnt sig fjandsamlegan þessu máli. Hann sagði, að minni vonir væru um gróða ríkissjóði til handa eftir þessu frv. en hinu. En þetta er ekki rjett. Hitt hefði hann getað sagt, að eftir fyrra frv. var um meiri stórgróða að ræða, ef alt hefði gengið eins og til var ætlast. En þær áætlanir þóttu ekki eins ábyggilegar.

Hann talaði líka um, að frv. þetta gerði ekki annað en að tefja þingið. Jeg veit ekki til, að við flm. höfum neitt tafið þingið ennþá, og sje ekki heldur, að frv. þurfi að tefja til neinna muna, þó að það fái að ganga til nefndar. (**TrÞ**: Er þetta þá nefndarfundur?) Nei, en málið hefir ekki tafið nema rúma hálfa stund, og hefði ekki þurft að taka nema helming þess tíma, ef þessi andmæli hefðu ekki komið fram. En vilji hv. andmælendur þrautræða málið, þá getur það vitanlega tafið.

Annars er misskilningur, að happdrætti þurfi að vera rekin með sviksemi, og t. d. dettur engum manni í hug að segja um dönsku happdrættin, að þau sjeu glæfrafyrirtæki.

Jeg vil einnig minna á eitt í þessu sambandi, að talsvert af tekjum happdrættisins kemur frá mönnum, sem annars er erfitt að ná í gjöld af, t. d. lausafólki, sem oftast hefir handbæra peninga og kaupir seðla sjer til gamans. En hitt mun sjaldgæfara, að fátækir barnamenn taki brauðið frá börnunum, til þess að kaupa seðla fyrir, eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði.

Og loks má minna á það, sem þó var áður nefnt, að nú þegar fara margar þúsundir hjer á landi fyrir happdrættismiða, og þær fara allar út úr landinu og sjest ekkert af, nema þegar vinningur fæst. Eini vegurinn til að koma í veg fyrir þetta er að setja hjer á innlent, sæmilegt happdrætti, um leið og sala erlendu miðanna væri bönnuð.

En jeg skal nú ekki telja fleira. Það er með þessa háttv. þrjá þingmenn eins og aðra meginreglu-riddara, að þeir líta hvorki til hægri nje vinstri og taka engum rökum.

Jón Baldvinsson: Hv. flm. (MJ) þurfti ekki að koma á óvart, þó að jeg væri á móti þessu frv., því að jeg hefi

oft sagt, að jeg væri ekkert áfram um, að allir skapaðir hlutir kæmust undir ríkisrekstur. Jafnaðarmenn vilja þjóðnýta verslun með ýmsar helstu nauðsynjar almennings, til þess að tryggja, að verðlag þeirra keyri ekki úr hófi fram. Hinsvegar er þeim ekkert kappsmál, að ríkið taki að sjer sölu á ónytsamlegum eða jafnvel skaðlegum varningi. Jeg hefi t. d. altaf verið því mótfallinn, að ríkið verslaði með áfenga drykki, því að jeg álít, að verslun með þá eigi alls ekki að eiga sjer stað. Hv. flm. (MJ) þarf því ekki að undra, þó að jeg sje þessu frv. mótfallinn.

Jeg mintist lítillega á ósamræmi hjá honum í áætlunum um laun starfsmanna þessa fyrirhugaða happdrættis. Í greinargerð frv. er gert ráð fyrir 150 þús. kr. árlegum kostnaði við happdrættið, og er áætlað, að langmestur hluti þessarar fúlgu gangi til launa handa starfandi mönnum við fyrirtækið. Þetta er 25 þús. kr. meira en varið er til háskólans í fjarlagafrv,. sem nú liggur fyrir, og um 40 þús. kr. meira en menta skólinn kostar Hjer því ekki um neitt smáræðis bákn að ræða. Erlendis þykir einhver mesta hlunnindastaða að verða svokallaður „kollector" við slík happdrætti. En þar vill brenna við, að slík fyrirtæki sjeu álitin hálfgerðar glæpastofnanir. Þau eru margskonar, brögðin, sem forstöðumenn svona stofnana geta haft í frammi. Þeir hafa alla seðla með höndum og geta skilið svo og svo mikið eftir, þegar dregið er, enda komast þráfaldlega upp ýmiskonar klækir, sem sýna ljóslega, að ekki er alt hreint í pokahorninu.

Hv. flm. (MJ) sagði, að menn vissu, að hverju þeir gengju. Þar væri ekki um að villast. Það er nú svo. En ekki er laust við, að misbrestur geti orðið á þessu. Venjulega er mest kappið lagt á að blekkja menn til að kaupa miða í happdrættinu, og er þá jafnan langmest látið bera á miljónavinningunum. En hverjir eru svo þeir hamingjusömu, sem stærstu vinningana hljóta? Í Danmörku er alveg hætt að spyrjast til þeirra, og svipað mun verða upp á teningnum hjer, ef að líkindum lætur.

Nei, slík aðferð til að afla ríkissjóði tekna er alveg óforsvaranleg, jafnvel þó ríkisrekstur sje á fyrirtækinu.

Jakob Möller: Það er ekki aðeins athugavert, að frv. er seint fram borið. Síðastl. laugardag var tilkynt, að því væri útbýtt hjer í hv. deild, en fyrir mínar sjónir kom það fyrst í byrjun þessa fundar, hvað sem þessu veldur. Af þessu leiðir, að jeg hefi ekki getað kynt mjer greinargerð frv. sem skyldi. En þó hygg jeg, að jeg fari með rjettara mál en hv. flm. (MJ), þar sem okkur ber á milli. Jeg held, að jeg hafi lýst því rjettilega, hverskonar svikamilla slíkt happdrætti getur verið og verður vafalaust. Jeg meina ekki, að beint fals verði í rekstri fyrirtækisins, eins og hv. flm. virtist skilja orð mín. Slíkt getur auðvitað komið fyrir, en jeg hefi þó ekki gert ráð fyrir því í þessu sambandi. En eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) tók fram, verður áreiðanlega mest látið bera á stærstu vinningunum í öllum auglýsingum um happdrættið. En hvort þeir koma nokkurntíma til dráttar, fer eftir því, hversu mikið verður selt af happdrættisseðlum, þegar dregið verður. Um söluna vita svo ekki aðrir en þeir, sem happdrættinu stjórna, og þeir reikna nákvæmlega út, auðvitað undir hinu „ágætasta" eftirliti, hvað óhætt sje

að láta vinningana nema hárri upphæð, eftir sölunni að dæma, fyrirtækinu að skaðlausu. Þessvegna er engin sönnun fyrir því, að stóru vinningarnir, sem mest ber á í auglýsingunum, komi nokkurntíma til greina, þegar dregið er. En menn úti um alt land hafa keypt seðla í happdrættinu vegna þessara vinninga fyrst og fremst og vita ekki annað en um þá sje einnig dregið, sem vonlegt er. Þetta kalla jeg svikaspil.

Hv. flm. (MJ) sagði, að enda þó ekkert slíkt happdrætti yrði stofnað, væri hægt að hafa af mönnum fje á svipaðan hátt. Þetta er rjett. Það er öllum kunnugt, að hjer á landi er keypt talsvert mikið af útlendum happdrættisseðlum. En hann getur reitt sig á, að það verður gert eftir sem áður. Þetta happdrætti kemur aðeins í viðbót við útlendu happdrættin, sem selja hingað seðla sína. Og það verður ill viðbót. Smalar happdrættisins munu renna inn á hvert einasta heimili um landið þvert og endilangt og ginna menn til seðlakaupa, því þarna fær fjöldi manna atvinnu, svo skemtileg sem hún verður. Nú er það þó svo, að útlendu happdrættin láta sjer nægja að senda mönnum brjef í pósti 1—2 sinnum á ári, þar sem skrumað er fram úr hófi af ágæti vinninganna, en menn eru blessunarlega lausir við allar persónulegar heimsóknir smalanna.

Mjer þótti hv. flm. (MJ) ganga nokkuð langt, þegar hann bar saman slíka happdrættis-„spekúlation“ og atvinnuvegi landsmanna.

Jeg gæti trúað, að sumum hv. þdm. þætti þetta ganga nokkuð nærri „blasfemi“. (**MJ**: Jeg hefi oft heyrt síldveiðar kallaðar lotterí.) Jeg hefi aldrei fyr heyrt slíkan samanburð gerðan í alvöru, og mjer finst hann stappa nærri „blasfemi“.

Hv. flm. (MJ) gerði mikið úr ást Dana á sínu „Klasselotterii“. Jeg skal ekkert um það segja, hvort þessi umtalaða ást stafar af ræktarsemi við föðurlandið, eins og hv. flm. (MJ) gaf í skyn. En hitt veit jeg, að eru tómar bábiljur, að ekki sje hægt að fá keypta seðla í því happdrætti nema helst hjá dánarbúum, þar sem engir lögerfingjar eru, og þá aðeins fyrir margfalt verð. Jeg veit ekki betur en að seðlana megi fá hvenær sem er, á venjulegum markaði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 8 atkv. og til fjárhagsnefndar með 14 : 2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Húsaleiga í Reykjavík.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 18. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík (þmfrv., A. 356).

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 : 2 atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 2 atkv.

og til allsherjarnefndar með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., þriðjudaginn 12. maí, var málið tekið til 2. umr. (A. 356).

Jón Baldvinsson: Frv. þessu var vísað til allshn. fyrir skömmu, og hún hefir gert það, sem hún áleit skynsamlegast og vísaði málinu til bæjarstjórnar Reykjavíkur, sem nú hefir sent allshn. erindi því viðvíkjandi. Það, sem bæjarstjórnin samþykti, var það, að hún ætti að eiga frumkvæði að tillögum um það, hvort lögin skuli úr gildi numin eða ekki. Lögin voru upprunalega sett eftir beiðni bæjarstjórnarinnar, og þegar þau voru gefin út sem bráðabirgðalög, var það fyrir tilstuðlan hennar. Síðan breyttist þetta þannig, að bæjarstjórninni var veitt heimild til að setja reglugerð um þetta efni, og þó að jeg geti vel játað, að henni hafi ekki farist það sem höndulegast, þá tókst henni í fyrra að semja reglugerð og sendi stjórnarráðinu til staðfestingar. En þá vjek svo við, að hæstv. atvrh. (MG) vildi ekki staðfesta hana. Mjer er óhætt að fullyrða, að reglugerðin hafi ekki að neinu leyti farið út fyrir heimild bæjarstjórnarinnar, og því var það gerræði af hæstv. atvrh., að neita um staðfestingu. Mjer virðist ekki geta komið til mála, að Alþingi fari að samþykkja neitt í þessu máli, þvert ofan í tillögur bæjarstjórnarinnar. Það væri gerræði af Alþingi, engu síður en af stjórnarráðinu, að neita reglugerðinni um staðfestingu. Þessvegna álít jeg, að þetta mál eigi ekki að standa á dagskrá nú, því að ekki er rjett að hrinda frv. áfram, enda er ólíklegt, að það nái fram að ganga, er menn vilja afnema lögin án þess að setja neitt í staðinn.

Jeg hafði þessa tillögu, sem bæjarstjórnin samþykti, en erindi bæjarstjórnarinnar hefir nú verið tekið frá mjer og finst ekki, en jeg hefi þessa tillögu hjer í blöðum og vil vísa til hennar. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp ályktun bæjarstjórnarinnar, sem samþykt var á fundi 7. maí s.l. Hún hljóðar svo:

„Með lögum nr. 50, 27. júní 1921 var bæjarstjórninni gefið vald til að setja reglugerð um húsnæði í Reykjavík með samþykki ráðuneytisins. Með slíkri reglugerð verða húsaleigulögin numin úr gildi, eins og líka má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun. Með þessum lögum er viðurkent, að bæjarstjórn eigi að ráða fram úr húsnæðismálinu án íhlutunar Alþingis. Þegar lögin voru sett, voru allir sammála um, að bæjarstjórnin hefði bestu skilyrði til að ráða vel fram úr vandræðum þeim, sem stafa af húsnæðisskorti í bænum.

Afstaða bæjarstjórnar hefir ekki breyst í þessu efni, og mótmælir bæjarstjórnin þessvegna, að Alþingi taki fram fyrir hendur hennar og afnemi nú húsaleigulögin og heimildina fyrir bæjarstjórn til að setja reglugerð, er tryggi bæjarbúum afnot húsnæðis í bænum, og um annað, er að húsnæði lýtur."

Þessi tillaga var samþykt í bæjarstjórn með miklum meirihl. atkv., og að framkominni þessari tillögu getur Alþingi ekki afgreitt málið þannig. Jeg legg því eindregið til, að frv. verði felt.

Allshn. hefir ekki gert nál. um málið, enda hafa verið fundir í þinginu að heita má dag og nótt, síðan málið kom frá bæjarstjórn.

Magnús Jónsson: Það bregður út af venju með meðferð þessa máls, þar sem það er hjer til 2. umr., án þess að nokkurt nál. liggi fyrir. Að vísu er ekki langt síðan málinu var vísað til nefndar, en á hinn bóginn er það oft, að þegar málum er vísað seint til nefndar, er hægt að afgreiða þau þess fyrr, því að þá er aðalstörfum þeirra lokið, og auk þess er þetta mál hvorki svo yfirgripsmikið eða nýtt, að nefndin hefði ekki átt að geta áttað sig tiltölulega fljótt á því. Eðlilegast hefði verið, að nefndin hefði vísað málinu til borgarstjóra, sem auðvitað getur gefið fullnaðarsvör fyrir hönd bæjarstjórnar, en allshn. hefir tekið það ráð, að senda það til bæjarstjórnarinnar, og get jeg ekki gert við því, eftir þeirri reynslu, sem fengin er um meðferð bæjarstjórnarinnar á málinu, þó að mjer flýgi í hug, að þetta hafi verið gert í þeim tilgangi að þvæla málið og fá ekki endanleg úrslit. En ályktun bæjarstjórnarinnar sýnir alls ekki afstöðu bæjarstjórnarinnar efnislega, til málsins, heldur alt annað. Hún er ekki um það, hvort bæjarstjórn telji heppilegra að afnema lögin eða ekki, heldur vill hún halda í einhvern ímyndaðan rjett, sem nú eigi að taka frá henni.

Með tilliti til þess, sem bæjarstjórnin hefir lýst yfir, að engum væri betur trúandi en henni til að skipa þessu máli, er ástæða til að líta á það, hvernig henni hefir gengið með það í þessi 4 ár, sem hún hefir haft vald til að setja reglur því viðvíkjandi. Hún hefir gert tvær alvarlegar atrennur og lagt þar í mikla vinnu, og allan þann kraft, sem hún hefir á að skipa, hefir hún sett á hreyfingu. Í fyrra skiftið varð enginn árangur, en síðan samdi hún reglugerð, sem var svo úr garði gerð, að stjórnaráðið sá sjer ekki fært að staðfesta hana. Hvort það hafi verið gerræði af hæstv. atvrh. (MG) að staðfesta ekki reglugerðina, skal jeg lofa honum sjálfum að útskýra, en nokkuð er það, að staðfesting náðist ekki, af því að talið var, að reglugerðin hefði seilst út fyrir það svið, sem bæjarstjórninni var heimilað, þar sem tekið er inn í reglugerðina ákvæði um að hamla innflutningi manna í bæinn. Annars er það álit manna, sem sáu reglugerðina, að hún væri alveg ótrúlega flókin lausn á jafneinföldu máli, svo að ekki sje meira sagt. Þessar tvær tilraunir bæjarstjórnarinnar hafa því báðar mistekist, og eru engar líkur til, að henni takist betur framvegis.

Að hjer sje tekið nokkurt vald frá bæjarstjórninni, er fjarri sanni. Þó að hún fengi þessa heimild 1921, ætlaði Alþingi sjer ekki að láta hann hökta við þetta til eilífðar, ef henni mistækist. Hver er eiginlega alvara bæjarstjórnarinnar og löngunin til að koma málinu í gott horf? Það sjest best, þegar reglugerðinni er synjað um staðfestingu út af lítilfjörlegu atriði. Því breytir ekki bæjarstjórnin þessu atriði? Nei, það gerir hún ekki, og sjest þá, hve viljinn var góður. Tilgangurinn var ekki sá, að láta reglugerðina koma í stað laga, heldur sá, að láta alt sitja við það sama.

Jeg hefi oft spurt ýmsa menn, sem ekki álitu vert að afnema húsaleigulögin, hvaða voði þeir hjeldu að kæmi yfir bæinn, ef það yrði gert. Ástæður þeirra hafa verið mjög smávægilegar. Þeir hafa t. d. sagt, að bæjarstjórninni væri heimilt að taka íbúðir, sem stæðu lausar. Jeg hefi spurt, hvort þetta væri notað mikið. Eitt ár dálítið, en annars mjög lítið. En því setti ekki bæjarstjórnin einfalda

reglugerð um þessi atriði, í stað þess að hlaða upp löngum reglugerðum með brtt., sem allar fjellu? Aftur á móti held jeg, að húsaleigulögin geri talsverðan skaða. Það er fyrir utan eðli þeirra að standa lengur en rjett meðan ófriðurinn var. Það er enginn vafi á því, að verð á húsnæði lækkar ekki í bænum, nema meiru sje komið upp af húsum. Lögin draga nú úr hvöt manna til að byggja, á því er enginn vafi, og vinna þannig á móti sjálfum tilgangi sínum.

Er tilgangur Alþingis sá, að láta lögin standa áfram? Ef svo er ekki, hvenær búast hv. alþm. við, að tími sje til kominn að afnema þau? Hvenær er hentugri tími til þess en einmitt nú? Bæjarstjórnin er búin að sýna sína krafta til að ráða málinu til lykta.

Jeg vildi óska, þó að málinu sje stefnt í voða fyrir það, hvað orðið er áliðið þings, að hv. deild vilji lofa málinu að hafa sem greiðastan gang.

Benedikt Sveinsson: Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) taldi á forseta fyrir að hafa tekið þetta mál á dagskrá. Jeg held, að hv. 2. þm. Reykv. hafi lítið vald til að skipa fyrir um þetta. En það væri ósanngjarnt, að taka ekki á dagskrá slíkt mál, sem svo mjög varðar allan almenning. En hv. þm. hefir tekið í sama strenginn og bæjarstjórnin. En jeg verð að leyfa mjer að mótmæla því, að bæjarstjórnin sje í þessu efni rjetthærri en Alþingi.

Hv. þm. sagði, að bæjarstjórnin ætti að búa við þessi lög. Jeg hugði nú, að þau bitnuðu mest á bæjarmönnum. — Hann segir, að Alþingi hafi „gefið" bæjarstjórn þetta vald, — líkt og það væri Kristján konungur IX., er „gaf" stjórnarskrána. En hjer víkur lítið á annan veg við, því að Alþingi hefir aldrei „gefið" bæjarstjórn Reykjavíkur nein rjettindi, er því sje eigi að sjálfsögðu í lófa lagið, og skylt, að breyta, hvenær sem þörf gerist. — Hitt er rjett, að lögin eru mest fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, í þeim skilningi, að hún ein vill, að þau standi. Flestir aðrir mundu verða alfegnir að losna við þau. En sakir þess, að Reykjavík er ekki einungis til fyrir bæjarstjórnina, að því er jeg hefi ætlað, þá hjelt jeg jafnvel, að borgarar bæjarins væru svo rjettháir, að þeir mættu leita til Alþingis sem aðrir um rjettarbætur.

Á krepputímum þarf stundum að grípa til örþrifaráða. En ætlast nokkur til, að slík lög verði til eilífðar? Hv. þm. (JBald) sagði, að Alþingi ætti ekki að taka málið fyrir, af því að bæjarstjórnin hjeldi móti því. — Háttv. þm. þyrfti að átta sig betur á „stjórnlagafræðinni".

Jeg kann hæstv. stjórn þakkir fyrir, að hún staðfesti ekki reglugerð bæjarstjórnarinnar, og jeg vona, að hún hafi hjer eftir gát á því, sem fram fer.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um eitthvert „vald", sem Alþingi hefði gefið bæjarstjórninni 1921. Þessu hefi jeg svarað áður. — En þessi sami andi kemur fram í ályktun þeirri, sem samþykt var á bæjarstjórnarfundinum um daginn. Þar er talað um, að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á bæjarstjórninni!! Það er eins og þegar Jón Sigurðsson mótmælti ofríki Dana!

Ein mjög einkennileg hugsunarvilla kemur fram, þar sem hv. þm. (JBald) lætur svo sem lögin sjeu til þess, að „tryggja bæjarbúum afnot húsnæðis" — rjett eins og Reykvíkingar mundu

eigi hafa rjett til slíkra afnota, ef eigi væru kúgunarlög til um þau efni.

Annars mundi hjer eigi al-óáþekt því, er oss var í æsku sagt um Sódóma og Gómorra; því að til eru góðir og rjettlátir menn í þessum málum, og hefir einn bæjarfulltrúi mótmælt því, að bæjarstjórn eigi frekara úrskurðarvald í þessum málum en Alþingi heimilar í hvert sinn eða gefur tilskipun um með lögum. Sannleikurinn er sá, að þessi lög hafa tafið fyrir húsagerð í bænum, alveg eins og hv. 4. þm. Reykv. (**MJ**) benti á, og þannig valdið húsnæðiseklu og haldið húsaleigunni uppi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) álasaði mjer fyrir það, að jeg hefði neitað um staðfestingu á reglugerð um húsnæði í Reykjavík, sem bæjarstjórn samþykti s.l. vetur, og kvað það hafa verið hið mesta gerræði. Hv. þm. er sjaldan mjög spar á stóryrðin, en það verður minna úr, þegar hann á að fara að rökstyðja. En jeg vil benda á, hvað það var, sem sjerstaklega olli því, að neitað var um staðfestingu á þessari reglugerð; reyndar ætti hv. þm. að vera þetta kunnugt, því að hann var svo mikið riðinn við þetta mál. Hann flutti hjer sjálfur 1921 frv. um þetta efni, og í 1. gr. þess frv. voru fyrirmæli um það, að í reglugerð um húsnæði í Rvík megi bæjarstjórnin setja það, að utanbæjarmenn geti ekki fengið húsnæði hjer. Svo kemur brtt. frá núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) um að fella þetta ákvæði burtu, vegna þess að slíkt vald megi ekki veita bæjarstjórn, og það fer fram nafnakall um hana og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) greiðir atkv. með brtt. Síðan, þegar þingið er búið að lýsa yfir því, að þetta vald megi ekki gefa bæjarstjórninni, setur bæjarstjórnin þetta samt í reglugerðina, og ætlaði þannig að taka sjer vald, sem þingið vildi ekki gefa henni. Þetta varð til þess, að ómögulegt var að samþykkja reglugerðina. Auk þess var reglugerðin þannig útbúin, að hjer um bil ómögulegt var að leigja í þessum bæ, ef farið hefði verið eftir henni; altaf áttu að vera skriflegir samningar um húsnæðið og alt átti að vera staðfest af einhverri nefnd, sem bæjarstjórn átti víst að setja. Allir samningar áttu að vera ógildir, þangað til búið var að samþykkja þá af þessari nefnd. Var því miklu verra að lifa undir þeirri reglugerð heldur en undir húsaleigulögunum sjálfum. Má vera, að þau atriði hefðu þó ekki orðið þess valdandi, að það hefði orðið að neita um samþykt reglugerðarinnar. En annars vil jeg benda á það, til þess að sýna samkvæmnina, að nú telur þessi hv. þm. (JBald) það gerræði, að fylgja því, sem hann greiddi atkv. með 1921.

Jón Baldvinsson: Jeg á erfitt með að skilja það, ef fjelag það hjer í Reykjavík, sem barist hefir móti húsaleigulögunum, á fleiri formælendur hjer á þingi heldur en fulltrúar bæjarins, sem kosnir eru til þess að fara með mál kaupstaðarins.

Jeg skal strax taka það fram, að það eru húseigendur í Reykjavík, sem óðir vilja afnema þessi lög. Jeg get gengið inn á ýmsar aðfinslur, sem hv. þm. hafa gert við meðferð bæjarstjórnar á þessu húsnæðismáli. Jeg get gengið inn á, að bæjarstjórninni hafi oft farist það óhöndulega; en þrátt fyrir það, þótt misbrestur hafi orðið á, þá er ekki rjett að afnema lögin að öllu nú. Get jeg

líka gengið inn á, að lögin sjeu ekki nú orðið að því fulla gagni, sem þau gætu verið, ef sett væri reglugerð og lögunum breytt í hæfilegt horf og framfylgt betur en nú er. Jeg vil benda á mjög mikilsvert atriði og þýðingarmikið fyrir bæjarbúa, sem ekki má niður fella, en sem felt yrði niður, ef lögin yrðu numin úr gildi, og það er rjettur manna til að sitja kyrrir í húsnæði. Jeg veit, að þetta kemur að sumu leyti ekki vel niður, en í langflestum tilfellum hefir þetta ákaflega mikla þýðingu fyrir hina fátækari bæjarbúa. Það er orðið svo nú í þessum bæ, að fjölskyldumenn með 4—5 börn eða fleiri á heimili sínu eiga bókstaflega ómögulegt með að breyta um húsnæði, því að það er viðkvæðið hjá hverjum einasta húseiganda: „Við viljum ekki hafa barnafjölskyldur". Ef húsaleigulögin verða afnumin, leiðir það til þess, að stór hópur þessara manna verður að hrekjast út á götuna, húsnæðislausir, sem bæjarstjórnin yrði þá að sjá fyrir, og gæti það tæplega orðið á annan veg en þann, að hún bygði yfir þetta fólk. En jeg álít ekki hentugt að stefna að því, að allar fátækustu barnafjölskyldurnar hjer í bæ væru fluttar í eitt einasta hverfi bæjarins, til þess að losa húseigendur við að hafa börn í húsunum. En svona myndi fara, ef lögin yrðu numin úr gildi, og þetta, sem jeg hefi nú sagt, sýnist mjer og vaka fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur.

Hæstv. forseti (BSv) talaði í þessu máli, fyrst og fremst til að verja, að hann hefði tekið þetta á dagskrá, þótt það hefði ekki verið komið frá nefnd. Jeg verð að segja, að þegar mál sem þetta kemur fram eins seint og þetta mál gerði, þá getur það tæplega verið ætlun flm. þess, að það eigi að ganga fram. Þeir geta varla búist við, að mál, sem veldur slíkum deilum og sem er jafn stórkostlegt mál — þótt frv. sje óbrotið að visu — að það gangi þegjandi og hljóðalaust og jafnvel undirbúningslaust í gegn. Hvað er eðlilegra en að gera það, sem allshn. gerði, að senda málið bæjarstjórn Reykjavíkur, sem verður að álítast, hvað sem hæstv. forseti (BSv) segir, sá aðilinn, sem best ber skyn á þessa hluti? Það var af litlum skilningi mælt hjá hæstv. forseta, þegar hann kvað bæjarstjórnir og hreppsnefndir ekki hafa vit á að stjórna sínum málum. Hann veit þó, hvílíkt feiknavald er lagt í hendur þessara nefnda og stjórna; t. d. hjer í Reykjavík, þar sem fimtungur allra landsmanna býr, er það ekkert smáræði, valdið, sem þeim er gefið í þessum efnum. (BSv: Þessvegna þarf að hafa eftirlit með þeim.) Það verður þá að vera citthvað bygt á viti og skilningi; það er ekki heldur nóg að segja: Þeir eru vitlausir og hafa á engu vit; það verður að rökstyðja dálítið, það sem sagt er.

Hv. flm. þessa máls (MJ) hefi jeg svarað í flestu með þessum almennu ummælum. Hann sagði; að þessi till. sýndi ekkert afstöðu bæjarstjórnar í heild; um þetta má sjálfsagt deila, en mjer finst það koma skýrt fram, að bæjarstjórnin vill ekki missa þessi lög. Að því leyti hlýtur hún að telja þau gagnleg fyrir bæjarbúa. (BJ: Fyrir hana sjálfa.) Þetta er útúrsnúningur hjá hv. þm. Dala. (BJ). Þó jeg mismælti mig áðan og segði, að bæjarstjórnin byggi við þessi lög, þá eru það ekki stórvægileg rök fyrir neinu. Annars má það til sanns vegar færa, að vissu leyti, að bæjarstjórnin eigi við lögin að búa,

af því að hún er fulltrúi allra bæjarbúa og á að ráða fram úr vandræðum þeirra í þessu efni.

Ekki get jeg skilið, hversvegna þeir hv. þm., sem sjálfir eru bæjarmenn og hafa mjög mikil völd í bænum, skuli ekki geta látið ljós sitt skína á þeim rjetta vettvangi og fá meirihl. bæjarfulltrúa til að afnema lögin, eða þá fá þetta mál sett á oddinn við bæjarstjórnarkosningar. Annars er jeg smeykur um þessa hv. þm., sem tala svo digurbarkalega um þetta í þinginu, að það yrði minna úr þeim, ef gera ætti þetta að kosningaatriði í bænum; þeir myndu fljótlega renna og óttast að missa eitthvað úr atkvæðakvínni, ef kosningar í bænum ættu að snúast um það, hvort afnema ætti húsaleigulögin eða ekki.

En hæstv. forseti (BSv) brendi sig óþægilega, þegar hann fór að hafa eftir Morgunblaðinu — það er þá búið að stela blaðabunkanum frá mjer, svo að jeg get ekki gert þá aths. við það, sem jeg þurfti að gera. — Hæstv. forseti las ummæli eins bæjarfulltrúans; en það vill nú svo einkennilega til, að hann gat ekki komist hjá að leiðrjetta þessa klausu í Morgunblaðinu, einum eða tveim dögum síðar. Það, sem hæstv. forseti vitnaði í, hefir því ekkert gildi, því leiðrjettingin, sem skrifuð er af bæjarfulltrúanum sjálfum, hlýtur að verða þyngri á metunum. (BSv: Hún var um alt annað.) Hún var ekki um alt annað; en þarna hefir hæstv. forseti brent sig á að fara of mikið eftir Morgunblaðinu. Jeg vildi algerlega ráða honum frá að trúa því í nokkru.

Þá vil jeg víkja að því, sem hæstv. atvrh. (MG) talaði í þessu máli, þar sem hann vildi forsvara, að hann hefði ekki haft í frammi neitt gerræði, þegar hann synjaði um staðfestingu reglugerðarinnar. Það er nú svo, að þó hann vitni í þingtíðindin um einhverja till., sem hafi fallið í þinginu, viðvíkjandi einhverju ákvæði þessara laga, þá eru lögin svo rúmt orðuð, að það má fullkomlega skilja þau svo, að bæjarstjórninni sje heimilt að ákveða um, hvernig fara skuli með húsnæði í bænum. Jeg man, að þegar reglugerðin kom út, bar jeg þetta saman og fanst stjórnarráðið enga heimild hafa til að synja um staðfestingu hennar. Enda var það svo, að í bæjarstjórn Reykjavíkur átti sæti ágætur lögfræðingur, sem jeg álít, að sje eins fær um að fella rjettarúrskurð í þessu máli eins og hæstv. atvrh. (MG: Þingmaðurinn hefir ekkert vit á að dæma um það.) Hæstv. atvrh. er ekki fær um að fella úrskurð um það, hvort hann sje góður lögfræðingur eða ekki. En að bæjarstjórnin fjekk ekki sína reglugerð samþykta, var ekki fyrir annað en það, að húseigendafjelag í bænum, Fasteignafjelagið, gekk eins og grenjandi ljón út af þessu og lá í stjórnarráðinu og fjekk það til að snúa út úr þessari reglugerð, sem varð þess valdandi, að stjórnarráðið staðfesti hana ekki. Þetta var gerræði, að taka af bæjarstjórninni það vald, sem henni bar.

Viðvíkjandi þessu frv., sem liggur fyrir, vil jeg segja það, að jeg tel flm. þess ekki hafa flutt fram neinar nauðsynlegar ástæður fyrir því, að rjett sje að afnema lögin, en jeg hefi bent á, að þau eru ákaflega stórt og mikilvægt atriði fyrir fátæka fjölskyldumenn, sem hafa nokkra vörn af þeim, þó jeg játi, að hv. andmælendur mínir hafi með rjettu fundið ýmsa ágalla á þeim. En þetta atriði er svo afarmikilvægt, að jeg efast um, að hv. þm. hafi nokkur

skilyrði til að dæma um, hvernig fara mundi fyrir ýmsum fátæklingum í bænum, ef lögin yrðu afnumin, og hv. þm. verða af engum óvilhöllum mönnum taldir færari að dæma um þetta en bæjarstjórn Reykjavíkur. Mjer þykir ótrúlegt, ef þeir hv. þm., sem búsettir eru hjer, hafa ekki undanfarna daga orðið varir við fjölskyldumenn, sem flýja verða húsnæði og eru að reyna að útvega sjer annað, en gengur herfilega illa, vegna þess að þeir hafa svo mörg börn, að enginn vill leigja þeim. Það, sem getur bjargað þessum mönnum, er helst það, að nota sjer húsaleigulögin og fá úrskurðað, að þeir megi sitja áfram í sínu húsnæði. Jeg skal gjarnan taka það fram, að megnið af þeim, sem þannig er ástatt fyrir, eru menn, sem hafa sæmilega atvinnu og hafa full ráð á að greiða húsaleigu fyrir sig. Það er heldur ekki af þeim ástæðum, að húsaeigendur vilji ekki hafa þá í húsum sínum, heldur blátt áfram vegna barnanna. Þetta vita menn að er rjett, sem jeg segi, og að þetta á sjer stað um allan heim, og að hvervetna er gert mikið af því opinbera til þess að tryggja fátæklingum og barnafjölskyldum húsnæði. Hjer mun að líkindum, nú í augnablikinu, vera nægilegt húsnæði til; en ef hörgull verður á því, þá verða það einmitt þessir menn, sem verða að flýja út á götuna, en ekki einhleypu mennirnir. Þeir hv. þm., sem vilja afnema lögin, vilja stuðla að því, að svo fari sem jeg hefi nú lýst.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru nú 94 dagar síðan Alþingi kom saman. Nú er líka búið að afgreiða fjárlög hjeðan, og eru líkindi til, að þau verði samþ. í hv. Ed., án þess að þeim verði breytt. Eru þá fá mál eftir, og ætti ekki að þurfa að vera nema 2—3 dagar fram að þinglausnum. Ætti ekki að gera gyllingar til þess að lengja þingið frá því, sem það er nú orðið.

Nú stendur svo á, að á dagskrá eru 2 mál, sem komin eru hjer til 2. umr., en hvorugt þeirra hefir fengið fulla meðferð í nefnd. Í fyrra málinu hefir aðeins komið nál. frá minnihl. nefndar, en í hinu málinu hefir ekkert nál. komið. Eru því engar líkur fyrir því, að þessi mál nái fram að ganga, og er því sjálfsagt að vera ekki að tefja tíma þingsins með þeim. Er og þetta mál að sjálfsögðu vel til þess fallið að vekja deilur, þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir t. d. mælt á móti því, að það yrði samþ., en það er vanalegt, að fara nokkuð að hennar ráðum í málum sem þessum. — Að öllu þessu athuguðu legg jeg til, að málinu verði v í s a ð t i l s t j ó r n a r i n n a r.

ATKVGR.

Till. frá þm. Str. (TrÞ) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 12 : 5 atkv.

1. gr. frv. samþ. með 12 : 4 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 12 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 2 atkv.

Á 79. fundi í Nd., miðvikudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbr. leyfð af stjórninni, en synjað af deildinni, með 7 : 16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SigurjJ, ÞórJ, ÁF, ÁJ, BJ, BL, HK, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, MT, PO, BSv.

nei: PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, HStef, JBald, JörB.

Fimm þm. (ÞorlJ, BSt, IngB, JakM, JAJ) fjarstaddir.

Á 80. fundi í Nd., fimtudaginn 14. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Magnús Torfason: Eins og við vitum, þá var máli þessu vísað til allshn. Leitaði hún síðan álits bæjarstjórnar og hefir nú fengið svar frá henni um málið. En nefndinni hefir ekki síðan unnist tími til að halda fund og athuga málið, svo jeg get ekki lýst neinu yfir fyrir hennar hönd. Það, sem jeg segi um það, er mín persónulega skoðun.

Hvað málið snertir, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að með þessu frv. sje verið að ráðast á sjálfsákvörðunarrjett bæjarins. Því er nú einu sinni svo varið, að hver er sínum hnútum kunnugastur, og því best, að bæjarstjórnin fái að ráða sem mestu um þetta ein, og ætti þingið ekki að vera að óþörfu að taka fram fyrir hendur henni í því, þar sem nákvæma þekkingu og reynslu þarf til, að hægt sje að dæma um það. Það er líka svo, að bæjarstjórnin mótmælir mög eindregið afnámi gildandi reglugerðar. Og að ekki muni hægt að koma á reglugerð um þetta efni nú, sje jeg ekki að hafi við nein rök að styðjast. Það er ennfremur athugavert í þessu sambandi, að alt bendir á, að yfir vofi mikil húsnæðisvandræði hjer í bænum, sökum aðstreymis, vegna sívaxandi togaraútgerðar. Mælir það síst með því, að þetta frv. verði látið ná fram að ganga.

Jeg hygg ekki þörf að fara fleirum orðum um þetta. En áður en jeg sest niður, vil jeg grípa tækifærið til að lýsa yfir harmi mínum út af því, að hafa ekki verið viðstaddur atkvæðagreiðsluna í síðasta máli, til að geta greitt atkvæði með vantrausti á núverandi stjórn. Jeg hefi raunar áður gert fulla grein fyrir afstöðu minni í því máli, og svo skýrt, að enginn þurfti að efast um, á hvora sveifina jeg myndi snúast. En því vil jeg þó taka þetta fram, að jeg hefi þóst heyra utan að mjer, að sumir haldi því fram, að jeg muni eitthvað hafa dignað síðan í gær. En slíkt er hinn mesti misskilningur. Jeg stend við alt, sem jeg hefi sagt í þessu vantraustsmáli, þykir sárt að hafa ekki verið viðstaddur, og vildi helst hafa haft þessi 5 atkvæði, sem á vantaði til að fella stjórnina.

Jón Baldvinsson: Jeg vil benda á það, að með þessu frv. yrðu úr gildi feld öll ákvæði um húsnæði í Reykjavík, og verð jeg, eins og sakir standa, að telja það mjög varhugavert. Bæði er það, að 2. gr. er svo orðuð, að við svo búið má ekki standa, og í annan stað hefir bæjarstjórn Reykjavíkur, sem þessum málum ætti að vera kunnugust, mótmælt frv. eindregið. Getur það valdið miklu tjóni, að láta bæjarstjórn standa varnarlausa uppi í húsnæðismálum. Jeg vil því leyfa mjer að skjóta því til hv. flm. frv., hvort þeim sýnist ekki rjett að setja ákvæði í frv. um það, að bæjarstjórnin skuli, eftir þessum lögum, fá frest til að gera samþyktir um þetta efni. Fyndist mjer það vel hlýða, að lög um húsnæði í Reykjavík miðuðu að því, að bæjarstjórnin mætti setja reglugerð um húsnæði innan einhvers ákveðins frests.

Allshn. hefir haft með höndum er-

indi frá borgarstjóra Reykjavíkur, en hann er sá maður, sem stöðu sinnar vegna ætti að vera þessum málum kunnugastur. Hann segir svo í þessu brjefi sínu, að reynsla sín frá byrjun hafi sannfært sig um, að stórhættulegt myndi vera, ef lögin yrðu afnumin og ekkert sett í staðinn. Og bæjarstjórnin hefir tjáð sig vera á sama máli. Þess má ennfremur geta, að erfiðleikar eru nú talsvert meiri í vor, og verða að sjálfsögðu ennþá meiri í haust, en þeir hafa verið að undanförnu. Húsnæðisvandræðin eru m. ö o. að aukast, en ekki að þverra, eins og sumir virðast halda. Mjer finst, að Alþingi gerði því mjög rangt í því, að afgreiða þessi lög nú, ekki síst, þar sem svo lítið er eftir af þingtímanum, að engin von mun þess, að hægt verði að koma að brtt. við frv., sem nauðsynlegt væri, þó eigi settu þær eins mikil höft á eins og verið hafa. Það væri t. d. mikil þörf á að setja fastan uppsagnartíma og ákveða flutningsdaga, en eins og nú er, þá munu aðeins venjur, en engin lög vera til um þetta atriði, önnur en húsaleigulögin. Eru þó lög sett um viðskifti, sem smærri eru og þýðingarminni en þessi.

Jeg vil því að lokum aðeins ítreka það, sem jeg tók fram, að þar sem frv. er svo seint á ferð, að aðeins 2 dagar eru eftir af þingtímanum, en það á hinsvegar eftir að ganga í gegnum 4 umr., þá er sýnilegt, að engin athugun á því getur farið fram, og vil jeg því vænta, að hv. þm. sjái þessu máli svo best komið, eins og sakir standa, að fella frv.

Bjarni Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að húsnæðisviðskiftin væru einhver stærstu viðskifti manna nú á dögum. Þetta má til sanns vegar færa, en undarlega kemur það manni fyrir sjónir, að þessi „stærstu viðskifti manna“ skuli undanþegin úrskurði dómstóla landsins. Þeir eru þó til þess settir, að allir megi þangað sækja til að fá rjettan úrskurð um mál þau, er þeir sækja eða verja. En hjer eru öll mál, út af þessum miklu viðskiftum, sett undir úrskurðarvald einnar nefndar, og þannig er ⅕ landsmanna tekinn út úr dómsmálasambandi ríkisins og sviftur almennri rjettarvernd í mestu viðskiftum sínum. Er það hart fyrir þá menn, er mest leggja af mörkum til ríkisins, að þeim skuli meinað að njóta þeirrar rjettarverndar, sem ríki er vant að telja sjer skylt að veita þegnum sínum. Er þetta og hið dæmalausasta brot á grundvallarlögum þjóðfjelagsins, sem segir, að dómsvaldið skuli vera hjá dómendunum. Er það frekja mikil og ósvinna, er menn vilja halda verndarhendi yfir slíkum brotum. — Enn er hjer svo um þessi merku viðskifti, að ef menn hafa komið sjer saman um hærri leigu en húsaleigunefndin álítur að rjett sje, þá skuli skriflegir og vottfastir samningar vera ógildir. Hvernig má þetta nú samrýmast þeirri virðingu, sem menn bera fyrir loforðum alment? Hvernig mundi svona regla reynast í viðskiftum þjóða á millum?

Hv. þm. (JBald) talaði um einhverja volduga stofnun, sem hjer myndi vera að verki, og hefir víst átt þar við húseigendafjelagið. En jeg vil spyrja hv. þm., hvort þeim finnist það tiltökumál, þó þeir menn, sem þar eiga hlut að máli, vilji reyna að hafa áhrif í þá átt, að löggjöfin ræni þá ekki skýlausum rjetti. Hv. þm. (JBald) segði víst, að vonum, eitthvað, ef það væru verkamenn, sem

verið væri hjer að fremja rjettarbrot á. En hjer er verið að taka sjerstaka tegund eigna og eigenda út úr og setja þá undir önnur lög. Jeg gæti skilið það, ef farið væri fram á að taka allar eignir af öllum mönnum, en hitt ekki, því þá er misrjetti framið á þegnunum, sem ekki má eiga sjer stað.

Þá hefir hv. þm. (JBald) ennfremur haldið því fram, að hjer væri um árás á fátæka barnamenn að ræða. En jeg get fullvissað hann um, að þeim líður miklu ver undir núverandi fyrirkomulagi, þar sem þeir geta ekki flutt úr ljelegum og óhollum íbúðum, vegna þess, að húsnæði losnar hvergi annarsstaðar. Þá sagði hv. þm. (JBald) ennfremur, að fólk, sem ætti börn, fengi ekki leigt. Þetta er ekki satt. Það er ekki spurt um það, hvort börn sjeu með, heldur um hitt, hvort leigan verði greidd. Annars er nú víst fullur helmingur af öllu fólki í bænum börn, og sýnir það eitt, hvað þessi staðhæfing er heimskuleg og á litlum rökum bygð. Þetta er ein af firrum þeim, er þessir menn spinna upp og reyna að leiða Alþingi til þess að brjóta stjórnarskrána.

Hv. nefnd hefði eigi átt að þurfa nema 1—2 daga til þess að íhuga málið, en hún þykist nú hafa lokið nefndarstarfinu vel, með því að senda frv. til bæjarstjórnar Reykjavíkur til umsagnar, en sjálfsagt beðið um það um leið, að svarið kæmi ekki mjög fljótt. Við hjer í hv. þingdeild getum ekki lagt neinn dóm á bæjarstjórnina, en verk hennar dæma hana. Og jeg skil ekki, að hv. þm. geti látið það spyrjast um sig, að þeir leyfi lögunum að standa einum degi lengur.

Magnús Jónsson: Það er farið að tíðkast nokkuð hjer á Alþingi, svo að menn eru farnir að hætta því að kippa sjer upp við það, að ef menn halda fram þeim málum, er snerta einhverja einstaklinga, þá er sagt, að menn gangi erinda þeirra, og þá væntanlega af óhreinum hvötum.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) byrjaði vörn sína á því að segja, að hjer í bænum væri húseigendafjelag, og mundu menn úr því hafa legið í eyrum okkar þm., og frv. komið fram vegna hagsmuna þeirra. En nú er það öllum kunnugt, að fjelag þetta var stofnað vegna þess, hvað lögin rjeðust geipilega á rjett einstaklinga. Jeg skal geta þess, að jeg hefi verið leigjandi, svo að húseigandahagsmunir ráða ekki afstöðu minni til málsins, heldur hitt, að jeg vil ekki, að lögin standi, hvorki vegna húseigenda nje leigjenda. Það er óánægjuleldur um allan bæ út af lögum þessum. Og maður veit, að fyrir allan þorra manna, sem óskar að búa í góðu samlyndi við húseigendur, er lítil vernd í þessum lögum, því að hver heiðarlegur maður, sem á annars úrkosta, óskar heldur að flytja sig en að búa við ósamlyndi. En þó getur komið fyrir, að menn verði að sitja kyrrir vegna laganna, af því að ekkert losnar, og það má hver sem vill halda því fram, að þeir geti unað sjer eins vel í íbúð sinni, þótt húseigandi sje þeim reiður. Það er samt sem áður ekki rjett, því að flestir eru þannig gerðir, að þeir vilja lifa í sátt og ró.

Hv. þm. (JBald) sagði, að það væri vegna barnamanna, sem ættu ilt með að fá húsnæði, að bæjarstjórn vildi ekki afnema lögin. En ef maður athugar nú reglugerð þá, sem bæjarstjórnin setti, þá veit jeg ekki betur en að það sje aðalatriðið, sem tekið er upp í hana, að

hægt sje að segja mönnum upp húsnæði. Með því vill þá bæjarstjórn ekki lengur vernda fátæka barnamenn.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) sagði, að með þessu frv. væri verið að ráðast á sjálfsákvörðunarrjett bæjarins. Taldi hann, að bæjarstjórn væri málinu miklu kunnugri en Alþingi, og þessvegna hefði henni verið gefin heimild til að setja reglugerð um þetta efni. En borgarstjóri segir svo, í brjefi dags. 11. maí:

„Það skal játað, að heppilegra hefði verið, að þegar fyrir löngu hefði verið sett reglugerð, en það er eðlilegt, að bæjarstjórn hafi átt erfitt með að koma sjer saman um þetta mál, þar sem svo margvísleg hagsmunasvið koma til greina."

Þetta er satt. Það er eðlilegt. En hví þá endilega að halda í þetta ímyndaða „vald" dauðahaldi? Einmitt af því, að hagsmunirnir rekast svo á í þessu máli, á æðra vald, sem er þeim ofar, að taka í taumana. Bæjarstjórn hefir reynt þetta og mishepnast, og jeg sje enga ástæðu til þess að vera að þreyta bæjarstjórnina lengur á þessu.

Til þess að lengja ekki tímann, skal jeg láta hjer staðar numið. En röksemdirnar, sem bornar eru fram gegn frv., eru hinar sömu og altaf koma fram, þegar menn vilja halda í einhver þvingunarlög, og jeg efast ekki um, að þótt við afnemum húsaleigulögin, þá verða hvorki tákn á sól nje tungli, heldur kæmi í ljós heilbrigð og góð áhrif þess, og að fátækir barnamenn mundu þá fá miklu betri húsakynni en áður.

Jón Baldvinsson: Hv. þm. Dala. (BJ) sagði, að það væri mjög undarlegt um húsnæðismál hjer í bæ, að þau væri undanþegin dómstólunum. En hjer hefir verið settur upp sjerstakur dómstóll, sem á að dæma í öllum þeim málum. Ef húsaleigulögin eru afnumin og menn fara í mál út af húsnæði — eftir hverju eiga dómstólar þá að dæma, þar sem engin lög eru til um slíkt?

Það er nú verið að setja hjer sjerstök lög um t. d. verslunaratvinnu, og liggur við borð að setja sjerstök atvinnulög. Því mega þá ekki vera til lög um húsnæði? Hv. þm. (BJ) fann að því, að ekki væri vottfastir samningar, er menn gerði sín á milli um húsnæði, látnir standa í gildi. Þetta er ekkert eins dæmi um samninga, sem gerðir eru eftir húsaleigulögunum. Það eru til ákvæði um það í fleirum lögum, hvað menn mega ganga langt í vissum efnum. Mönnum er t. d. bannað að okra eftir eigin vild, og það er ekkert sjerkennilegt við húsaleigulögin, þótt menn megi ekki fara eins langt og þeim sýnist. Við skulum taka dæmi af fjölskyldu, sem er húsnæðislaus, en getur svo fengið einhverja holu. Þá segir húseigandi: Ef þú borgar þetta og þetta, geturðu fengið leigt, en annars ekki. Maðurinn vill ganga inn á alt, til þess að fá þak yfir höfuðið, en þetta eru neyðarsamningar, sem báðir vissu, að hann gat ekki staðið við. Svona hefir ástandið verið. En þetta er það, sem húsaleigulögin vilja koma í veg fyrir. Ef lögin eru afnumin, þá er ekkert hámark lengur til á húsaleigu. Geti menn ekki borgað, verða þeir annaðhvort að hrekjast út á götu, eða pína sig og sína til þess að greiða hærri leigu en efni leyfa.

Nú er sagt í brjefi borgarstjóra, að húsnæðisskortur sje mikill í bænum, og sje að aukast; stendur það í sambandi við það, hvað útvegurinn hefir aukist hjer, eins og hv. 1. þm. Árn. tók fram.

Hv. þm. Dala. (BJ) hjelt, að barnamönnum mundi auðvelt að fá húsnæði, og mundi þó enn auðveldara, ef lögin væru afnumin, því að þau mundu nú vera þeim til einhverra erfiðleika. En jeg svara bæði honum og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) því, að það er sannanlega vitanlegt, að húseigendum er illa við að fá inn í hús sín fjölskyldu með stóran barnahóp, og vísa þeim því frá að öðru jöfnu, þó að húsaleigugreiðsla sje jafnvís hjá þeim og öðrum. Þessvegna verða þeir einkum útundan, sem eiga börn. (BJ: Þetta er ósatt!) Nei, og hv. þm. Dala. (BJ) þekkir þá ekki málið. Það gæti verið, að breyta þyrfti lögunum, en það má alls ekki afnema þau, eins og jeg sagði áður.

Þetta verð jeg að láta nægja handa fylgismönnum frv. þessa.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 : 7 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 356).

Á 79. fundi í Ed., föstudaginn 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 1 atkv.

Á þessum sama fundi var slitið störfum deildarinnar, og kom frv. því ekki á dagskrá framar.

---

30. Sauðfjárbaðanir.

Á 72. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924 [Sauðfjárbaðanir] (þmfrv., A. 452).

Á 73. fundi í Nd., miðvikudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 8. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 : 5 atkv., að málið mætti taka til meðferðar.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg er alveg hissa, að sjá mótmæli móti því, að þetta frv. komi fram, og sýnir það bráða nauðsyn þess, að fleiri þyrfti að baða en gert hefir verið. En jeg get nú látið það eftir hv. þm., að tefja ekki tímann með langri ræðu.

Það er dálítið einkennilegt með þessar baðanir, að það stendur í stímabraki milli bændanna, sem eiga fjeð, og yfirvaldanna, um það, hvort þeir megi nota þetta baðlyf. Það er dálítið einkennilegt, að þeir skuli ekki fá að ráða því sjálfir, úr hverju þeir baða sínar kindur til þrifabaðs. Ef það ætti að vera útrýmingarbað á fjárkláða, þá væri það eðlilegt, að dýralæknir og stjórn skifti sjer af því, en þar sem þetta er ekki annað en þrifabað, sem þingið kanske þrengir upp á bændurna, ætti þeir ekki að þurfa að sækja um það, hvað þeir megi nota, en umkvartanirnar hafa verið svo miklar, að okkur þótti rjett að láta það koma undir álit þingsins, hvort rjett væri að banna mönnum slíkt. Við höfum hagað till. okkar þannig, að stjórnin geti veitt

leyfi til að nota þetta baðlyf, þeim er vildi, án þess að breyta lögunum að neinu leyti. Þetta vildum við leggja undir rannsókn Alþingis, og þótti málinu þar vel komið, þar sem þar situr fjöldi bænda, sem hljóta að vera vel að sjer um það, hvort mætti nota þetta Coopers baðlyf. Hinsvegar veit jeg, að dýralæknir hefir lagt töluverða áherslu á það, að hitt væri notað, en jeg veit, að margir bændur úr minu kjördæmi hafa kvartað yfir því, að það væri ónýtt. Jeg get ekki dæmt um það, og vildi því, að málið mætti fara til landbn., til þess að hún athugaði það, því að hún vill sjálfsagt ekki ganga á móti óskum bænda í þessu, ef það er hættulaust. Vil jeg því biðja um, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki bregða fæti fyrir þetta frv., að það fari til landbn., en er því miður hræddur um, að það verði naumur tími til þess að afgreiða það. Jeg vildi aðeins skjóta því til landbn., að hún rannsaki þetta mál og ráðgist um við dýralækni, áður en hún ákveður nokkuð. Jeg get ekki sjeð, að þó að þetta mál sje lagt undir atvinnumálaráðuneytið, að annað verði gert betra en að leita álits dýralæknis um það. Jeg veit, að hann muni leggja á móti þessu baðlyfi, en sú umsögn fer mjög á móti áliti bænda, því að það er fjöldi af þeim, sem óskar að mega baða úr þessu baðlyfi, og það er nærri ótrúlegt, hvað það er víða, sem menn óska þess. En þá kemur það til álita, hvort skuli meira meta, óskir fjáreigenda eða álit dýralæknis. Þetta á nefndin að meta. Jeg hefi fengið óskir úr Dalasýslu, Strandasýslu, Skagafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu um að mega nota Coopersduft til sauðfjárbaðana, en jeg verð að segja það, að jeg treysti mjer ekki til að fara eftir öðru en því, sem dýralæknirinn segir. Út af því, sem hv. þm. Dala. (BJ) sagði um að þrifaböðun hefði verið þröngvað upp á bændur, þá er það ekki alveg rjett, nema að forminu til. Jeg er alveg viss um, að það kemur bændunum að góðu, því að það leiðir af sjálfu sjer, að þeir þurfa að hafa þrifabað á hverju ári, auk þess sem það er víst hægt að halda fjárkláðanum í skefjum, ef þrifaböðun er framkvæmd vel og vandlega.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi aðeins mótmæla þeim ummælum hv. þm. Dala. (BJ), að þessari böðun, sem kölluð er þrifaböðun, hafi verið þrengt upp á bændur. Jeg hygg, að það fylgdi einmitt með dálítið vel framkvæmdri þrifaböðun, að vinna að því, að fjárkláðinn yrði gerður útlægur. Það er alveg rjett, sem hv. þm. Dala. (BJ) tók fram, að það hafa verið margar óskir um það, að mega nota þetta Coopers baðlyf, og jeg er einn þeirra, sem álít það vel nothæft. En að menn óska að mega nota það, kemur af því, að það er ódýrara en þó maurdrepandi. En eftir að jeg hefi notað þetta innlenda baðlyf, verð jeg að segja það, að jeg sje enga ástæðu til að vera óánægður, þó jeg um leið verði að geta þess, að það er miklum mun dýrara, og jeg býst þessvegna við, að þessar almennu óskir stafi nokkuð af því; líka gátu menn áður notað hvaða baðlyf sem var, en þessi breyting kom á aðeins af því, að talið var nauðsynlegt að nota þrifabað. Jeg vil ekki bregða fæti fyrir frv., en það sjá allir, að það getur ekki náð fram að ganga nú. Annars sje jeg ekki ástæðu

til að lengja umr. um þetta að þessu sinni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það er einmitt að lengja umr., að vera að mótmæla því, sem maður hefir sagt rjett. Það var ekki eftir neinni beiðni bænda, að samþ. var á þingi að hafa þrifabað. Það var tekið upp hjer á þingi. En jeg hefi haldið því fram, að nauðsynlegt sje að eyða kláðanum, en þær baðanir þurfa að vera tvær, með ákveðnu millibili, en það er alt annað en þrifabað. Kláðamaurinn lifir eins, þótt baðað sje einu sinni. Það er eins og þegar Myklestad var fenginn hingað, þá var álitið nóg að baða einu sinni. En það er ekki nóg, því að það er auðvitað ekki nóg, að bæði pabbinn og mamman sje drepin, ef sá nýi maur, sem kemur úr egginu, þegar það opnast, fær að lifa. En það er ekki við góðu að búast, ef menn ekki vilja trúa dýrafræðinni. **(KIJ:** Það voru hafðar tvær baðanir.) Nei, það var ekki, því að þá var mikil deila um þetta, og flestir sögðu, að ekki þyrfti að baða nema einu sinni. En jeg þarf ekki að skeggræða þetta mikið, ef frv. fær að komast til landbn.; þar er því líklega óhætt, því að ef nokkrir eru trúnaðarmenn bænda, þá eru það líklega þeir menn, sem Alþingi hefir valið úr til að segja álit sitt og fremja þær rannsóknir, sem þurfa þykir á málefnum bænda. Jeg þykist þá vita það mál í góðum höndum, þegar hún hefir fengið það til athugunar. En þar sem menn eru að tala um það, að þetta mál geti ekki komist fram á þessu þingi, þá er það mjer vottur um það, að nefndinni sje ætlað að leggjast svo djúpt í rannsóknum sínum, að þær taki mjög langan tíma, eða þá að menn vilji ekki verða við þessum tilmælum bænda. En jeg man eftir því, að þegar samningar voru einu sinni gerðir um sölu á öllum afurðum landsins, þá voru þeir gerðir á 1½ klukkutíma, frá því að byrjað var að lesa upp samningana á ensku og þar til þeir voru undirskrifaðir, svo að það hafa gengið stærri mál í gegnum þingið á stuttum tíma, og jeg get bent á margt, sem gengið hefir í gegnum báðar deildir hjer á 10 mínútum, auðvitað með margföldum afbrigðum frá þingsköpum, miklu þýðingarmeira en þetta baðlyfsmál. Og í því trausti ætla jeg að setjast niður og ekki ræða þetta meira.

Pjetur Þórðarson: Það var á þinginu 1921, þá flutti jeg till., sem gekk alveg í sömu átt og þetta frv.; það voru málaleitanir og beiðnir úr ýmsum hjeruðum landsins; en helsta mótspyrnan, sem þessi till. fjekk þá, stafaði einmitt frá dýralækninum hjer í Reykjavík. Það kom fram við athugun málsins, að hann hafði heldur mælt á móti því, að þessi baðtegund væri notuð, en jeg er sama sinnis um það, að jeg vil mæla með því, sem þetta frv. fer fram á, og það er vegna þess, að notkun þessa lyfs hefir um langt skeið reynst með þeim bestu til þess að útrýma kláðamaurnum, þar sem hann er nokkuð almennur og veldur miklum skaða.

Annars hefir það verið svo á síðustu árum, að menn þykjast ekki geta verið án þessa lyfs, svo að ekki er að furða, þótt Húnvetningar og Dalamenn óski eftir að fá að nota þetta lyf með öðrum. Það skal ekki standa á mjer að afgreiða þetta mál frá nefndinni, en jeg býst við, að þótt hún fari að leita til dýralæknis, þá muni hann heldur verða á móti því, að leyfa það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til landbúnaðarnefndar með 15 : 3 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [Bæjarstjórn á Siglufirði] (þmfrv., A. 41).

Á 7. fundi í Ed., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Einar Árnason): Eins og greinargerð þessa frv. ber með sjer, er þetta frv. aðeins partur af frv., sem flutt var á þinginu 1923, um breytingar á bæjarstjórnarlögum Siglufjarðar, en varð ekki útrætt þá. Aðalbreytingin, sem þetta frv. fer fram á, er sú, að gjaldskyldutími þeirra utanbæjarmanna, sem arðsama atvinnu stunda á Siglufirði, er styttur úr 8 vikum niður í 4 vikur.

Aðrar breytingar, sem þetta frv. fer fram á, eru mjög smávægilegar, og einungis afleiðingar af því, að atvinna og viðskiftalíf Siglufjarðar hefir breyst mjög, einkum á hinum síðari árum, eftir það, að lögin um bæjarstjórn á Siglufirði voru samin.

Á þinginu 1923 vildi neðri deild ekki samþ. frv. í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir, en afgreiddi til efri deildar þá einu breytingu, sem hjer er aðalatriðið, að í stað 8 vikur komi 4 vikur. Í efri deild strandaði málið, bæði af því, að komið var að þinglokum, og þó sjerstaklega vegna þess, að ráðgert var, að fyrir næsta þing yrði lagt frumvarp, þar sem væri samræmd ýms ákvæði í bæjarstjórnarlögum allra kaupstaðanna.

Nú hefir það eigi orðið ennþá, svo að kunnugt sje, en Siglfirðingar álíta svo mikla nauðsyn þessa máls, að það þoli enga bið lengur, vegna vaxandi breytinga á atvinnulífi bæjarins.

Að öðru leyti álít jeg óþarft að fara fleiri orðum um þetta mál nú að þessu sinni. Vil jeg svo að síðustu mælast til, að þessu frv. verði, að aflokinni þessari umr., vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Húsmæðraskóli á Staðarfelli.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um húsmæðraskóla á Staðarfelli (þmfrv., A. 43).

Á 7. fundi í Ed., mánudaginn 16. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta mál er

ekki nýtt hjer í þessari hv. þingdeild. Fyrir tveimur árum síðan fluttum við hv. 2. landsk. þm. (SJ) og jeg það hjer í deildinni. Í það sinn lauk þessu máli svo, að stjórninni var falið að undirbúa það og rannsaka alt það, er þar að lyti, og það hefir stjórnin ef til vill gert, þó að þingið hafi lítið um það frjett. En hvað um það, þá þykist jeg þess fullvís, að hæstv. núverandi forsrh. (JM) sje þessu máli hlyntur og muni gera sitt til að hrinda því áleiðis. Jeg veit þetta af því, að hann fyrir landsins hönd hefir þegið gjöf til styrktar þessu máli, og hann hefir því fyrir sitt leyti skorið úr þeirri deilu, sem um það hefir risið, innan þings sem utan, hvort gjafabrjef Herdísar Benedictsen sje nokkuð því til fyrirstöðu, að nota megi þann sjóð til skóla á Staðarfelli. Jeg get því eigi öðru trúað en hæstv. forsrh. (JM) sje þessu máli stórlega hlyntur, jafnvel þótt það sje jeg, sem nú ber það fram hjer í deildinni.

Það er alkunna, að ýmsar stofnanir til sjermentunar karlmönnum eru til í landinu, en lítt hefir verið til þessa hirt um að koma á fót sjermentastofnunum fyrir kvenfólk, sem þó hafa jafnan rjett og eigi síður þörf til sjermentunar en karlmenn. Það hefir lítið verið gert í þessa átt annað en að starfrækja deild með húsmæðrakenslu, og í litlum stíl þó, við kvennaskólann í Rvík, sem á engan hátt getur fullnægt öllum húsmæðrum eða húsmæðraefnum á landinu. Af stjfrv. því um kvennaskóla í Rvík, sem nýlega hefir verið hjer til 1. umr. í þessari hv. deild, verður eigi sjeð, að neitt sje í ráði að stækka húsmæðradeildina eða auka þá kenslu við kvennaskólann hjer. Jeg held þessvegna, að það sje algert rjettlætismál að stofna þennan skóla að Staðarfelli, og ekki nema sanngjarnt gagnvart húsmæðrum landsins, að hann taki sem allra fyrst til starfa. Það hefir víða brytt á þeirri skoðun, jafnvel í þinginu, að eigi mætti stofna þennan skóla að Staðarfelli að svo stöddu, vegna þess, að skóli norðanlands ætti að ganga fyrir, er búið væri þegar að samþykkja lög um stofnsetningu hans. Norðurlandsskólinn ætti að ganga fyrir skólanum að Staðarfelli. En jeg get fyrir mitt leyti alls ekki fallist á þessa skoðun, og þó jeg að sjálfsögðu vilji á engan hátt tefja fyrir því máli, nje stuðla til þess, að það fyrirheit verði ekki efnt, álít jeg þó, að Staðarfellsskólinn hljóti að koma fyr en skóli á Norðurlandi. Norðlendingar hafa ennþá of lítið fje til umráða til þessa fyrirhugaða skóla þar, en þarna á Vesturlandi er þegar fengin stór og góð jörð fyrir skólasetur og auk þess mikið fje í sjóðinn til styrktar skólanum, sem jeg álít sjálfsagt að nota til þess, sem það var ætlað. Staðarfellsskólinn á því að mínu áliti að ganga fyrir og komast sem allra fyrst á fót, enda þótt ekki sje hægt að svo stöddu að stofnsetja norðlenska skólann, þar sem vantar hús og jörð.

Mjer er kunnugt um, að nú er úr ýmsum áttum ýtt á eftir um framkvæmdir í máli þessu. Vil jeg geta hins helsta: 1) Áskorun mjög almenna frá konum í Dalasýslu, en ekki er mjer fullkunnugt um kröfur þær, sem þar eru gerðar. 2) Gefandi Staðarfells er nú staddur hjer á búnaðarþingi, og má því máske vænta, að þessu máli verði hreyft þar, og má búast við áskorun úr þeirri átt. 3) Önnur áskorun úr Dalasýslu, sem

nýlega hefir verið lesin úr forsetastóli hjer í þinginu.

Jeg tek það aftur fram, að Norðurlandsskólinn getur alls ekki orðið Þrándur í Götu þessa máls, nje að gjafabrjef Herdísar Benedictsen sje því til fyrirstöðu, að sjóðinn megi nota til Staðarfellsskólans. Og þó að stjórnin vildi auka við hússtjórnardeild kvennaskólans í Rvík, þá er það engin hindrun, því að þörfin fyrir þessa skóla er svo brýn. Í öðru lagi mega skólarnir vel vera tveir, annar sniðinn eftir þörfum bæjarbúa, en hinn fyrir sveitirnar og samkvæmt kröfum þeirra, sem þar búa. Jeg veit, að þessu hefir þegar verið mótmælt og verður ef til vill hjer í þessari hv. deild, en nú vita allir, að menn lifa við mjög ólík kjör í bæjum og sveitum og því er betra, að hafa skólana fleiri og miða kensluna við þarfir hinna ýmsu stjetta.

Það kann að vera, að sumum hv. þm. þyki undarlegt, að jeg hefi í frv. minst á fræðslu um skipulag sveitabæja. Má vera, að ósennilegt þyki, að kenslukonur sjeu alment fróðar um það, er lýtur að byggingum. En jeg geri þó ráð fyrir, að hver sæmileg forstöðukona sje fær um að leiðbeina um alt það, er viðvíkur herbergjaskipun, húsgögnum o. s. frv. Auk þess hefir landsstjórnin tvo ráðunauta í þessum fræðum, og ætti að mega ætla þeim að halda þar fyrirlestra, ef svo ber undir, til leiðbeiningar nemendunum í þeim efnum, sem kenslukonurnar bera minna skyn á. Kvenfólkið þarf líka að bera skyn á heimilisprýði og hið einfaldasta um holla og heppilega húsagerð. Jeg býst við, að því verði haldið fram, að nokkurn kostnað myndi leiða af breytingunni, og verður hann óhjákvæmilega einhver. Jeg hefi í frv. farið eins lágt og hægt er. Meðal annars geri jeg ekki ráð fyrir nema hálfri áhöfn á jörðinni fyrst um sinn. Þetta er aðeins gert í sparnaðarskyni, en jeg hygg, að það komi ekki að sök, þó ekki sje lengra farið, að minsta kosti ekki um sauðfjáráhöfnina. Sömuleiðis er ekki gert ráð fyrir húsa-auka; álít jeg þess ekki þurfa.

En altaf, þegar íbúðarhúsi er breytt í skólahús, eru ýmsar breytingar óhjákvæmilegar um herbergjaskipun. Einnig þarf að kaupa margskonar áhöld. Í því efni leyfi jeg mjer að stinga upp á, að eitt skifti fyrir öll verði veittar 8 þús. kr.

Að síðustu vildi jeg segja nokkur orð út af mótmælum frá nábúum Dalamanna, vissum mönnum í Snæfellsnessýslu og Barðastrandarsýslu, gegn því, að skólinn byrjaði á Staðarfelli. Jeg býst við, að það sje afsakanlegt — svona frá almennu sjónarmiði — að menn í þessum sýslum taki þannig á málinu. En litlu skiftir, hvar skólinn er, að því leyti, að engir aðrir hafa beint gagn af honum en þeir, sem þangað koma til náms. Kostnaður myndi sjálfsagt ekki verða minni í þessum tveim sýslum. Og um leið og núverandi hæstv. forsrh. (JM) tók við Staðarfellsgjöfinni, hefir hann í raun og veru skuldbundið landið til að láta skólann standa einmitt þar, annars hefði ekki verið hægt að taka við gjöfinni. Verð jeg þessvegna að álíta, að eftir atvikum hljóti sú hlið málsins að vera útkljáð. Ef Barðstrendingar og Snæfellingar sjá átsæðu til að vera á móti málinu, getur það ekki leitt af sjer annað en drátt á því, sem hlýtur þó síðar að koma fram.

Jeg get hugsað mjer það, að við frekari meðferð málsins komi fram veru-

legar eðlisbreytingar, t. d. að skólinn yrði rekinn fyrst sem einkafyrirtæki; en að þessu sinni vil jeg ekki fara út í þá sálma. Aðalatriðið mundi lítið breytast fyrir þetta; landið yrði að leggja eitthvað til fyrst, hvort heldur væri.

Ef hv. deild þykir þess vert, að láta málið halda gangi sínum gegnum þingið, er eðlilegast að vísa því til háttv. mentamálanefndar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þykist sjá í frv. því, sem hjer liggur fyrir, að það sje ætlað atvinnumálaráðherra, að hafa umsjá með hinum væntanlega skóla, og þessvegna vil jeg segja fáein orð, sjerstaklega til þess að benda þeirri hv. nefnd, sem með málið fer, á það, að hún verður að rannsaka gjafabrjef þau, sem um er að ræða, bæði gjafabrjef frú Herdísar Benedictsen og Staðarfellshjónanna, til þess að sannreyna, hvort hægt sje að samrýma skólastofnun þessa við gjafabrjefin. Auðvitað er þessi rannsókn mjög þægileg hvað snertir síðari gjöfina, þar sem gefendur eru enn á lífi, en viðvíkjandi hinni gjöfinni er ekki annað að gera en rannsaka gjafabrjefið sjálft. Að öðru leyti skal jeg ekki koma inn á málið að sinni.

Fyrir löngu hefi jeg lesið gjafabrjef frú Herdísar Benedictsen, en jeg treysti mjer ekki að láta ákveðið álit mitt í ljós um þetta efni á þessu augnabliki. Hefi jeg ekki á móti, að málið fari í nefnd, en verð að áskilja mjer mína aðstöðu, eftir að hafa athugað gjafabrjefin nánar, og ef til vill leitað upplýsinga hjá síðari gefanda.

Forsætisráðherra (JM): Ekki ætla jeg að gefa hv. flm. (JJ) tilefni til frekari umr. Málið, eins og það nú horfir við, heyrir undir atvinnumálaráðherra, úr því um húsmæðraskóla er að ræða.

Það má að vísu til sanns vegar færa, að jeg hafi tekið á móti gjöfinni. En það var líka tekið á móti henni af fjvn. beggja deilda þingsins, sem þá sat, í samráði við mentmn. Gjafabrjef frú Herdísar Benedictsen er þannig lagað, að ekki er hægt að samrýma það við frv., eins og það liggur fyrir; en þetta mun nefndin athuga. Jeg finn ekki, fremur en hæstv. atvrh. ástæðu til að ræða málið nú. Það fer vitanlega í nefnd, sem að mínum dómi ætti helst að vera landbn. Ef rætt væri um búnaðarskóla, býst jeg við, að sú nefnd hefði það mál með höndum.

Úr því jeg er staðinn upp, skal jeg svara lítillega ákúrum hv. flm. til mín nýlega, er jeg talaði um 24 st. kenslu í kennaraskólanum. Hefi jeg síðan fengið skýrslu frá skólastjóra, sem sýnir, að jeg fór þar með rjett mál, en hv. 5. landsk. (JJ) ekki. Það eru ekki nema tveir fastir kennarar skipaðir þar að lögum, eitt embætti er óveitt. Sá eini lögskipaði kennari, auk skólastjóra, kennir að vísu 34 stundir á viku, en fær borgun fyrir 10, svo að þar er reglan mjög glögglega ákveðin.

Flm. (Jónas Jónsson): Út af fyrri hluta ræðu hæstv. forsrh. (JM) vildi jeg aðeins segja það, að æskilegt væri, til leiðbeiningar fyrir þá nefnd, sem fær málið til meðferðar, hver sem hún verður, að hann, sem bæði tók við gjöfinni og er málinu vafalaust manna kunnugastur, frá þeirri hlið, vildi láta í ljós sína persónulegu skoðun, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu að nota gjöf frú Herdísar í sambandi við skólarekstur á Staðarfelli. Verið getur, að þyrfti að

breyta frv. þessu. Óska jeg eftir, að hæstv. forsrh. (JM) gæfi frekari skýringu um það frá sínu sjónarmiði, hvort nokkurt álitamál sje, að það verði að nota þessar gjafir saman, úr því þing og þáv. stjórn tóku við Staðarfellsgjöfinni með þeim formála, sem gert var. Ennfremur er það kunnugt — þó ekki sje það æskilegt — að gjafabrjefum er stundum breytt lítið eitt; vil jeg í því efni benda á Hannesarsjóðinn, sem vafalaust, eftir ósk gefandans, ætti að nota til almennra heimspekirannsókna, en ekki, eins og hann síðar varð notaður, til sjerrannsókna í heimspekilegum efnum.

Eftir eðli þessa máls finst mjer, að það eigi heima í mentmn. Það er þó skólamál, og skil jeg ekki, til hvers mentmn. ætti að vera í þinginu, ef ekki til að athuga skólamál.

Að síðustu vildi jeg benda hæstv. forsrh. (JM) á það, út af tímatali í kennaraskólanum, að jeg hefi líka góðar heimildir, gefnar af kennara við skólann, og mun jeg við tækifæri leggja fram álit hans á móti þessu áliti. En þar sem jeg hefi ekki búið mig út með skriflegum skjölum, ætla jeg að geyma það til síðari tíma.

Forsætisráðherra (JM): Jeg verð að segja það, að jeg get ekki álitið, að jeg eigi að standa neitt fyrir þessu máli framar. Málið um húsmæðraskólann er lagt undir hæstv. atvrh. (MG), eftir því sem starfinu er skift og frv. sjálft segir til.

Hvað snertir gjafabrjef frú Herdísar Benedictsen, er það aðallega til hindrunar, að skólinn á að vera algerlega stofnaður og rekinn af fje sjóðsins, og ekki ætlast til, að hann verði að neinu leyti rekinn af ríkissjóðsfje, heldur beðið, þangað til sjóðurinn er orðinn nógu stór. Að öðru leyti þarf jeg engar upplýsingar að gefa nefndinni, því bæði gjafabrjefin og öll skjöl, sem að lúta, verða til afnota fyrir nefndina, hver sem hún verður. Jeg legg til, að það verði landbn.

Það er alveg rjett, sem hv. þm. (JJ) sagði, að ef maður skoðar Steingrím Arason sem kennara við kennaraskólann, er um 30 stundir að ræða, en hann er kennari við barnaskólann. Svo er að nokkru leyti um annan kennara, sem ekki er lögskipaður. Annars ætla jeg ekki að vekja þráttan um þetta.

Jeg vona, að hv. þm. (JJ) snúi sjer til hæstv. atvrh. í skólamálinu, úr því það heyrir honum til.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er stutt aths. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. (JM) taki spurningu mína ekki þannig, að jeg gangi fram hjá hæstv. atvrh. Þó hann hafi með mál þetta að gera í framtíðinni, hefir hæstv. forsrh. (JM) haft söguleg afskifti af því, sem gera það að verkum, að hann er einn þeirra, sem skýrt getur málið, það sem lýtur að fortíð þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentamálanefndar með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EP, EÁ, GÓ, HSn, IP, JJós, JJ, SJ.

nei: IHB, JóhJóh, JM, SE, BK, HSteins.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 23. fundi í Ed., fimtudaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um byggingar- og landnámssjóð (þmfrv., A. 133).

Á 25. fundi í Ed., laugardaginn 7. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., fimtudaginn 19. mars, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Flm. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er komið inn í deildina fyrir nokkru. En með því að sumir hv. þingdeildarmenn voru þá veikir, en jeg kaus, að sem flestir þeirra gætu verið viðstaddir, er það kæmi til umræðu, þá hefir málið ekki verið tekið á dagskrá fyr en í dag.

Áður en jeg vík að aðalefni þessa frv., þá vildi jeg segja fáein orð almennt um málið. Eins og kunnugt er, þá var árið sem leið hið mesta veltiár við sjávarsíðuna, sem sögur fara af. Eftir því sem ráða má af skýrslum um útflutning, þá má gera ráð fyrir því, að Reykjavík ein hafi haft ca. 20 miljónir króna í tekjur umfram það, sem gerist í meðalári. Þetta er að vísu óvenjulegt, en það sýnir samt, að sá skriður er nú kominn á atvinnurekstur hjer, að miklu meiri fjárhæðir safnast á hendur einstakra manna en áður hefir átt sjer stað.

Þessi vaxandi fjárhagslegi máttur í landinu er sjálfsagt almennt ánægjuefni manna. En þó að sagt sje frá þessum gróða, er ekki nema hálfsögð saga. Yfirstandandi ár byrjaði nokkuð öðruvísi en hitt. Sjórinn, sem gaf svo mikið á síðasta ári, hefir nú tekið um 150 manns, flesta á besta aldursskeiði, á fyrstu mánuðum þessa árs. Á einum degi, að því er menn álíta, hafa farist um 70 manns af tveim skipum. Jeg ætla ekki að meta þetta manntjón til peninga. Það er ákaflega mikið, því mannslífið er dýrt. En til þess að gefa dálitla hugmynd um það, bið jeg menn að setja sjer fyrir sjónir það tilfelli, ef allir karlmenn, t. d. í Langadal í Húnavatnssýslu, eða í Staðarsveit á Snæfellsnesi, eða Fljótshlíð lægju dauðir í hvílum sínum sama morguninn. Mönnum gengur ef til vill betur að gera sjer grein fyrir því ógnartjóni, sem hjer er orðið, ef þeir hugsa sjer stórar, blómlegar sveitir, svo sem þær, er jeg nefndi nú, eyddar af þeim mönnum, sem vinna fyrir heimilunum, eru fyrirvinna, svo eftir væru ekkjur, börn og gamalmenni. Þetta er að því leyti alvarlegt, og kemur við því máli, sem hjer liggur fyrir, að um leið og litið er á gróðann af sjávarútveginum, þá verður líka að gera sjer grein fyrir því ógnartjóni, sem hann hefir oft í för með sjer.

Frv. þetta er fram komið til þess að draga úr þeirri hættu, að bygðin þynnist eða eyðist í sveitum landsins, vegna þess að fólkið streymi þaðan til verstöðvanna, af ástæðum, sem unt er að gera við. Menn hugsa sem svo, að ef ekki eru reiknuð með þessi stóru slys og það miljónatap, sem þeim fylgir, þá sje alt gott. Þeir sætta sig við þá tilhugsun, að allur þorri þjóðarinnar verði öreigar í sjóþorpunum. Sumir halda líka, að fiskimiðin muni altaf halda áfram að vera jafnrík í framtíðinni. Að vísu er ekki hægt að færa neinar stærðfræðilegar sannanir fyrir því, að aflinn hjer við land muni ganga til þurðar. En það má ráða það af líkum. Benda má á, hversu hvalir hafa eyðst í norðurhöfum, og selirnir hafa flúið lengra og

lengra norður í ísa og óbygðir heimsskautalandanna, hversu fiskimiðin í Norðursjó hafa gengið til þurðar, þar sem mest hefir verið veitt og best veiðarfæri lengi notuð. Og meira að segja hjer við land hefir veiðin haft sýnileg áhrif. Þannig breyttist fiskigangan á stríðsárunum, þegar lítið var um útlend fiskiveiðaskip og jafnvel innlend líka, þannig, að fiskur varð miklu meiri á grunnmiðum en áður, og síðan er því full ástæða til þess að óttast það, ef mikið verður veitt, að sjórinn hætti að gefa þá björg, sem hann gefur nú. Og sje þá sjávarútvegurinn orðinn höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, þá verður ekki um annað að gera en að flýja land eða hverfa aftur til landnáms í sveitunum og taka upp aftur þá iðju, sem í meir en þúsund ár hefir verið bjargræði þjóðarinnar: landbúnaðinn. En nú er svo komið, að ekki mun líða langt þangað til segja má um sumar sveitir, að varla geti heitið, að þar sje rekinn búskapur, ef svo heldur áfram sem við horfir. Frv. mitt gerir ráð fyrir, að þjóðfjelagið hjálpi til að stækka og bæta gömul býli og reisa ný, þar sem skilyrði leyfa.

Frá mínu sjónarmiði er það hin mesta nauðsyn fyrir þjóðina, ef hægt væri að reisa slík nýbýli, því að aukin ræktun landsins getur haldið þjóðinni við og bætt henni að nokkru leyti þá þurkun fiskimiðanna, er stafar af rányrkjunni núverandi. Þar mun um síðir koma að syndagjöldunum. Fyrst eyðist sveitin, og síðan eyðist dáðmagn bæjanna. Sú þjóð, sem eyðileggur land sitt, er sjálf dauðadæmd. Menn vita, að hnignun Grikkja stafaði af því, að fólkið streymdi til bæjanna, og fyrsta Evrópustórveldið, Rómaríki, leið undir lok vegna þess, að sveitirnar urðu undir í samkepninni við borgirnar, en síðan úrkynjaðist borgarmúgurinn. Má sjá þess merki enn þann dag í dag. Hnignunin í Grikklandi og Ítalíu kom meðal annars fram í því, að skógunum var eytt, og hvorki þar í landi nje í Grikklandi hefir tekist að rækta landið upp aftur. Í hvert skifti sem jeg fer yfir England með járnbraut, kemur mjer til hugar, að í eyðing enskra sveita sje fólgið banamein heimsveldisins breska. Danmörk er hið best ræktaða land, og þar er líka styrkust sveitamenning, sem til er í Evrópu. Jeg hygg það fullsannað með reynslua allra menningarþjóða, að sú þjóð, sem á enga sveit eða dugandi bændastjett, sje dauðadæmd. Það getur verið, að bændalaus þjóð geti blómgast um stund, en það verður skammgóður vermir.

Jeg get ímyndað mjer, að háttv. þingdeildarmenn muni segja sem svo, að löggjafarvaldið hafi ekki rjett til þess að jafna skinnaleik atvinnusamkepninnar. Þeim mun finnast ósanngjarnt, að efnamenn í Reykjavík styðji að því, að fjölga nýbýlum í sveitum landsins. En hingað til hefir reglan einmitt verið sú, að þegar einhver stjett þjóðfjelagsins er í hættu stödd, verði hinn hluti þjóðarinnar að koma til. Á Alþingi 1921 var það ákveðið, með góðu samkomulagi allra, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir togarafjelög, sem voru illa stödd. Man jeg ekki til þess, að einn einasti fulltrúi sveitanna hefði neitt á móti því. Um sama leyti voru verslunar -og útvegsstjettir landsins í mikilli fjárkreppu. Hvað gerði landið þá? Þingið gaf þáverandi landsstjórn heimild til þess að taka 15 milj. króna lán, á ábyrgð allra landsmanna, sem nú bera okið af þeirri

lántöku. Þannig hljóp sveitin í annað sinn undir bagga með þeim stjettum í bæjunum, sem samkvæmt þessu frumvarpi myndu greiða nokkuð mikið í byggingar- og landnámssjóðinn.

Þriðja dæmið í þessu efni eru berklavarnalögin. Jeg hefi hjer í höndum skýrslu um það, að árið 1924 styrkti landið 664 berklaveika menn. Hefi jeg skilið landlækni svo, að það muni vera um 1 miljón króna, sem heimt var inn með sköttum og skyldum til þess að hjálpa þessum 664 mönnum. Berklavarnalögin eru einn vottur þess, að hinum sterkari í þjóðfjelaginu ber að hjálpa þeim veikari. Það mætti gera margt annað til gagns með einni miljón króna, svo sem að leggja fjeð í vegagerð eða aðrar alþjóðlegar umbætur, og láta þessa 664 menn sigla sinn eigin sjó. En nú er ekki sá andi uppi, heldur hitt, að reyna að lækna eins marga og hægt er af þeim, sem fá þennan þungbæra og hættulega sjúkdóm.

Jeg vil enn nefna tvö dæmi um þetta samræmi milli atvinnuveganna. Í fyrra var talsvert rætt um það, hvort ekki væri rjett að sætta sig við það, þótt kjötmarkaðurinn lokaðist í Noregi fyrir íslenskum bændum, til þess að útiloka norska útgerðarmenn hjer. Er og öllum vitanlegt, að þetta var ekki aðeins lauslegt umtal, því að frv. kom fram um þetta frá stjórninni, og var því útbýtt sem handriti meðal þingmanna í fyrra. Var þar farið fram á, að ef norski kjötmarkaðurinn lokaðist, yrði lagt sjerstakt gjald á sjávarafurðir, til þess að bændum yrði bætt það tjón, er þeir kynni að verða fyrir. Efast jeg ekki um það, að hefðu Norðmenn ekki látið undan að nokkru, þá hefðum við nú búið við þessi kjör. Formaður Fiskifjelagsins hefir sagt, að þetta hefði verið búhnykkur fyrir landið, og ekkert á móti því að eyðileggja kjötmarkaðinn í Noregi, til þess að losna við norska útgerðarmenn. Útveginum væri miklu betra að losna við samkepni Norðmanna hjer, þótt bæta yrði bændum upp lækkað kjötverð með sjerstökum útflutningstolli á sjávarafurðir. Þessar umræður og aðgerðir sanna, að mikill hluti núverandi Alþingis lítur þannig á, að þessi samábyrgð eigi að vera milli atvinnuveganna.

Þá vil jeg minnast á jarðræktarlögin, sem nú eru nokkurra missera gömul. Þau eru undirbúin af Búnaðarfjelaginu og borin fram af landbúnaðarnefnd hv. Nd. Þar er gert ráð fyrir því, að þjóðfjelagið eigi að borga töluverða upphæð á hverju ári til jarðabóta í sveitum með fje úr landssjóði.

Þessi atriði sýna, að nóg eru fordæmin fyrir því, sem hjer er farið fram á, að færa til fjármagn í þjóðfjelaginu, þannig, að það sje heildinni fyrir bestu. Hygg jeg, að engu þessu máli sje svo háttað, að um snikjur hafi þótt vera að ræða. Það er ekki litið á berklaveika sjúklinga sem þurfalinga. Þjóðin álítur, að það borgi sig að gera heilbrigðisráðstafanir og verjast veikindum. Ábyrgðin fyrir togarfjelögin var gerð til þess að gera þjóðina sterkari, og sama er að segja um enska lánið, hverjar sem afleiðingarnar kunna þar að verða. — Sama er og að segja um jarðræktarlögin, það sem þau ná, að þau eru tilraun til þess að færa til kraft, þjóðinni til styrks. Og síðan í fyrra, að tilboðið kom um það, að fórna kjötmarkaðinum fyrir betri aðstöðu við fiskiveiðarnar, er af útvegsmönnum viðurkend samábyrgð atvinnulífsins í landinu.

Þá vil jeg víkja að efni frv. þessa,

eins og það liggur fyrir, og um leið taka fram, að jeg geri ráð fyrir, að þess verði ekki langt að bíða, að þjóðin sannfærist um rjettlæti málsins. Aðalhugsun frv. er sú, að mikið af burtflutningi fólks úr sveitunum stafi af því, að ekki er hægt að fá hagkvæm lán í bönkunum til þess að búa til ný heimili í sveit, eða til bygginga á jörðum. Fólk, sem vex upp í sveit, vill ekki fastráða sig sem hjú. Það vill eiga sitt eigið heimili. Ábýlisjörðum hefir ekki fjölgað, og endirinn verður því sá, að þar, sem fyr voru hjón með nokkur börn og 3 vinnumenn og 3 vinnukonur, er nú víða ekki eftir af vinnandi fólki nema hjónin, eitthvað af stálpuðum börnum og dálítið af kaupafólki um hásumarið. Jarðirnar notast því ekki og ræktun þeirra fer aftur.

Eins og nú háttar, er óvíða hægt að fá vinnufólk. Annaðhvort verður því fólkið að vera fátt í sveitunum, eða fjölga verður heimilunum. Þar sem 2—3 systkini erfa jörð, verður að gera þeim kleift að færa út ræktunina og byggja annaðhvort við gömlu bæina, eins og er nokkuð títt í Árnessýslu, eða þá að rækta 1—2 nýbýli, annarsstaðar í landeigninni. Það hefir verið reynt nokkuð í Þingeyjarsýslu.

Þriðja leiðin er sú, að mynda sveitabygð við kauptúnin, garðaborgir, þar sem bæjamenn dreifa heimilum sínum um nágrennið og rækta hver sinn landskika. Jeg geri ráð fyrir, að slíkir menn geti fengið lán úr byggingar- og landnámssjóði. Það er því ekki rjett að segja um frv., að það styðji eingöngu sveitirnar, heldur alla, er lands vilja njóta. Í Vestmannaeyjum má t. d. rækta miklu meira en nú er. Einnig ætti að rækta upp hjer í kringum bæinn og koma upp býlum fyrir sjómannafjölskyldur, þar sem þær geti líka stuðst við landbúnað. Vil jeg í því sambandi minna á hina miklu mannskaða, sem hjer urðu í vetur. Er nú þröngt í búi hjá mörgum eftirlifandi vandamönnum, og munu varla bornar brigður á, að betur væru ekkjurnar staðar, ef þær hefðu haft aðgang að ræktuðu landi í nánd við bæinn.

Nú gætu ókunnugir spurt, hversvegna ekki sje hægt að koma upp nýbýlum og byggja upp sveitabæi með venjulegum bankalánum. Því er svarað með aths. við frv. Það er nauðsynlegt, að byggingarnar sjeu varanlegar, annaðhvort úr steini, eða þá grjóti og torfi á traustri undirstöðu, með járnþaki, svo að þau geti enst mannsöldrum saman. Vilji menn byggja slíka bæi nú, þá verða þeir mjög dýrir. Við vitum um Mælifellshúsið, það kostaði yfir 40 þús. kr. Annað nýbygt steinhús á Mosfelli í Árnessýslu kostaði 20 þús. kr., og er þó ekki nema hæfileg íbúð fyrir eina fjölskyldu. Góðir meðalbæir úr steini kosta nú um 20 þús. kr. Er þetta því vandamál og erfitt viðfangs. Og þótt kotbæir kosti ekki nema 10—12 þús. kr., verða rentur og afborganir af því 1500—2000 kr. á ári. Búskapurinn getur ekki borið það. Þessvegna eru allir, sem um málið hugsa, ásáttir um það, að ef slept er efnaheimilum, þá geti engir þeir, sem byggja fyrir lánað fje, greitt nema með sjerstaklega heppilegum kjörum.

Frv. byggir á þessum staðreyndum: þörfinni fyrir byggingar í sveitum, hinum mikla kostnaði, sem er við varanlegar byggingar, og nauðsyninni, að geta útvegað nógu ódýrt fjármagn til að rækta nýtt land og fjölga heilsusamlegum heimilum. Vitaskuld er gert ráð fyrir því, að margir bændur geta bygt var-

anlega, án sjerstakra lánskjara. En hvað margir eru þeir, sem ekki geta hugsað til að byggja, þótt þeir hafi þess sára þörf? Hve mörg eru þau sveitaheimili, þar sem ekkert hefir verið bygt síðan 1914? En þeim, sem kynnu að vilja telja þetta óhóf og eyðslu, vil jeg benda á, að allir læknar, sem fást við berklaveiki eða starfa að berklavörnum á einhvern hátt, telja hin vondu húsakynni almennings eina af aðalorsökum og uppsprettum veikinnar. Þá vil jeg og benda á það, hvort rjettara sje að verja yfir heilli miljón króna árlega til styrktar berklaveiku fólki, en láta kofana standa, sem eru gróðrarstíur þessarar veiki? Það má hiklaust gera ráð fyrir, að tún, sem búið er að fullrækta, muni endurborga síðar þann höfuðstól margfaldlega, sem til ræktunarinnar hefir verið varið, enda þótt eigi megi vænta mikils arðs fyrstu árin, og það tel jeg víst, að nógu margir munu jafnan fást til að búa á jörðum, sem hafa nokkurt tún og eru sæmilega hýstar — hafa húsakynni, er mundu endast mörgum kynslóðum.

Þetta er það takmark, sem frv. stefnir að: auka og bæta hið ræktaða land, bæta gömul húsakynni og reisa ný heimili, sem ekki mundu annars verða bygð, og efla þannig og styrkja atvinnulíf sveitanna, er býlunum fjölgar, svo að sveitirnar geti haldið áfram að vera grundvöllur hinnar þjóðlegu menningar, eins og þær hafa verið það undanfarið í hálfa elleftu öld.

Nú hefi jeg rakið meginatriði frv., en vil þá skýra lítið eitt aðra þætti þess, sem líka skifta nokkru máli. Jeg hefi gert ráð fyrir, að við byggingu húsa á gömlum býlum og við landnám og ræktun landsins verði stuðst við vinnuafl og fje heimilanna sjálfra — landnemanna, eftir því sem kostur er á, líkt og gert er erlendis, þar sem ný lönd eru numin eða nýbýli stofnuð og bygð lands og ræktun aukin, eins og t. d. í Kanada, Ástralíu og víðar.

Væru landkostir eins góðir hjer eins og á þeim stöðum erlendis, er jeg nefndi, og veðrátta stöðugri, þyrfti ekki eins mikinn fjárstyrk í þessu skyni. En hjer er landið hrjóstrugt, tíðarfar eigi hið ákjósanlegasta, og því verður þjóðfjelagið að hjálpa landnemunum. Frv. þetta þarf eigi að mæta mótstöðu af því, að hjer sje verið að hvetja til að leggja inn á nýjar brautir, eða að engri reynslu sje á að byggja. Reynslan hefir þegar sýnt, að ræktun landsins borgar sig vel.

Það er orðið alvarlegt athugunarefni, hversu lítið hefir verið gert að húsabótum í sveitum hin síðustu undanfarin 10—12 ár. Fáein efnaheimili hafa bygt, en allur fjöldi heimilanna hefir staðið í stað eða hrakað. Þar sem jeg hefi farið um landið, sýnast mjer húsakynnin yfirleitt hafa staðið í stað síðan fyrir ófriðinn mikla. En búnaður okkar stendur ekki svo föstum fótum, að bændur yfirleitt þoli að bæta á sig 10—20 þús. kr. útgjöldum, og því verða búandmenn að láta gömlu kofana standa áfram, hversu hrörlegir sem þeir eru. Af þessu leiðir, að bújarðirnar verða óvistlegri með hverju ári, sem líður. Jeg skal benda á það, að í einu hjeraði hjer allnærri er á flestum bæjum engin eldavjel til. Í sama hjeraði vildi það til fyrir stuttu, að embættismaður var að flytja burtu. Konan hans fór á bæina í kring til að kveðja nágrannakonur

sínar, sem verið höfðu. En hún sá sjer ekki annað fært en að hafa með sjer kaffi, sykur, brauð o. fl. til þess að leggja á borð með sjer, því að hún vissi, að kunningjakonum hennar mundi ekki falla vel, að geta ekki tekið á móti á þann hátt að bera henni kaffi, en það áttu þær ekki til, það vissi hún. Fátæktin var svo mikil. Jeg skal að vísu játa, að þetta var í óvenjulega fátækri og niðurniddri sveit, þar sem kaupfjelaganna hefir ekki enn notið við. En þetta dæmi bregður þó ljósi yfir ástandið, eins og það er í sumum hjeruðum hjer á landi.

En hvað viðvíkur því, sem jeg þykist vita, að margir vilji spyrja um, hvar eigi að taka peningana til þessa, þá held jeg, að vart sje um betri leið að ræða en hjer er farið fram á. Jeg tel víst, að margir fallist á þessa hugmynd mína í aðalatriðum, vilji auka ræktaða landið og fjölga býlunum, en sjá ekki, hvar eigi að fá fjeð til þess. Jeg hefi hugsað þetta mál allmikið, og fundið hliðstæðu í jarðræktarlögunum og berklavarnalögunum. Það fje, eins og önnur venjuleg útgjöld landssjóðs, er tekið með einskonar nefsköttum, tollunum. En þeir eru orðnir nógu þungir, að flestum finst.

Hjer á landi bera efnamennirnir tiltölulega langljettastar byrðar. Því fanst mjer, að hjá þeim yrði nú að bera niður. Að vísu hefði jeg heldur kosið að hafa þetta sem beinan tekjuskatt, auka tekjuskatt á háum tekjum. En það er nær ómögulegt að undirbúa frv. á þeim grundvelli, því að hjer eru engar opinberar skýrslur til, til þess að byggja á. Í þeim skýrslum, sem til eru, er líklegast framið lagabrot í því, að greina ekki tekjuskatt frá eignaskatti. Þessu er öllu ruglað saman, og eru því engar ábyggilegar skýrslur til um efnahag manna. Jeg hefi gert ráð fyrir, að þessum skatti yrði jafnað niður á allar meiriháttar tekjur og eignir, á svipaðan hátt og gert er með útsvörin, þ. e. eftir efnum og ástæðum. Þetta verður að vera svo, meðan hagskýrslur eru ekki til; en við nánari athugun og þegar skýrslur fara að koma út, sem byggja má á, mætti eflaust breyta þessu, ef það sýndist þá hagkvæmara. Viðvíkjandi því, ef einhverjir vildu kalla slíkan skatt rán eða eignarnám, skal jeg geta þess, að í Englandi komst tekjuskatturinn á hæstu tekjum upp í 80% á stríðsárunum. Þannig hefir t. d. Zöllner stórkaupmaður í Newcastle sagt mjer, að hann hafi orðið að greiða um 80% í tekjuskatt á þeim árum, og datt engum í hug að nefna það eignarnám. Og það, sem Englendingar lögðu á sig til þess að vinna ófriðinn, til þess að verja fjör og frelsi, getum við verið þektir fyrir að gera til að viðhalda í góðu gengi þeim atvinnuvegi okkar, sem okkur hefir borið gegnum aldirnar.

Jeg hefi svo ekki fleira, sem jeg þarf að taka fram að þessu sinni. En jeg geri ráð fyrir, að ef þessi hv. þingdeild álítur málið þess vert, að láta það fara til annarar umræðu, þá verði því einnig vísað til nefndar, og yrði það þá annaðhvort fjvn. eða fjhn., og læt jeg yfir höfuð hæstv. forseta úrskurða um það, hvaða nefnd skuli taka við þessu frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eftir því sem verkefni þessa sjóðs er lýst í þessu frv., fellur það að miklu leyti saman við ætlunarverk Ræktunarsjóðs Íslands, samkv. stjfrv. því, sem nú liggur fyrir hv. Nd. Af þessu er jeg hræddur um,

að framkoma þessa frv. muni heldur spilla fyrir Ræktunarsjóðsfrv., ef bæði eru á ferðinni um sama leyti hjer í þinginu, annað frá Nd., en hitt hjeðan, og getur vart hjá því farið, að þau muni fyr eða síðar rekast á. Þetta er svo augljóst, að þetta frv. verður fremur til að spilla fylgi við Ræktunarsjóðsfrumvarp stjórnarinnar, að jeg gat vart varist þeirri hugsun, að það væri einmitt borið fram í þeim eina tilgangi. En jeg vil þó ekki ætla, að svo hafi verið. Og í framsöguræðu hv. flm. fann jeg heldur ekki neitt, sem benti til þess, að þetta væri tilgangur frv. En þó fæ jeg ekki annað betur sjeð en að brautin væri hreinni og greiðfærari fyrir Ræktunarsjóðsfrv., ef þetta frv., sem hjer ræðir um, væri ekki látið vera lengi á flækingi í þinginu. Jeg þykist vita, að frv. stjórnarinnar muni eiga allmikið fylgi í þinginu, ef eigi eru önnur frv. um líkt eða sama efni að tefja fyrir því. Auk þessa eru mörg atriði í þessu frv. hv. 5. landsk. (JJ), sem eru algerlega ótæk, og skal jeg nú gera grein fyrir nokkrum þeirra og að hverju leyti þau eru óhafandi. Mótbárur mínar skiftast í 3 flokka, og snerta sumar fjáröflunina handa sjóðnum, aðrar meðferð sjóðsins, og loks frágangginn á frv.

Fjáröflunin til sjóðsins er sett fram sem hreint skattamál, og heyrir það því undir mína stjórnardeild. Þessvegna taldi jeg mjer skylt að taka mál þetta til athugunar, þegar við 1. umr.

Fjáröflun handa sjóðnum á að gerast með árlegri niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum á alla þá einstaklinga í landinu og „gróðafjelög", sem hafa meira en 20 þús. kr. skattskyldar tekjur eða 30 þús. kr. skattskylda eign, og á hin niðurjafnaða upphæð, án tillits til árferðis, að nema 500 þús. kr. árlega. Í þessu sambandi verður nú fyrst að gæta þess, að vegna lággengis og ljelegs kaupmáttar peninganna samsvara 20 þúsund króna tekjur, sem stendur, nálægt 7 þús. kr. tekjum fyrir stríðið, og 30 þús. kr. eign nálægt 10 þús. kr. fyrir stríð, svo að hjer er hvorki um geypigróða nje mikla auðlegð að ræða, enda er lítið um slíkt í þessu fátæka landi. Þetta er þá nýr skattur, hliðstæður aukaútsvörunum og tekju- og eignaskattinum, og lendir einmitt á þeim gjaldendum í landinu, sem nú þegar bera aðalbyrðarnar af þessum gjöldum. Tekju- og eignaskatturinn er eftir núgildandi löggjöf um 50% hærri á tekjum fyrir ofan 20 þús. kr. og tilsvarandi eignum en í Danmörku, og hann er svo hár, eftir dómi þeirra manna, sem þessu eru kunnugastir, að það mundi vera ávinningur fyrir ríkissjóðinn að lækka hann nokkuð. Það er almenn regla, viðurkend af sjerfræðingum í skattamálum í meira en 100 ár, að takmörk eru fyrir því, hve mikið má hækka einstaka skatta; þegar komið er að þessu takmarki, leiðir frekari hækkun ekki til aukningar á skatttekjum, heldur til lækkunar á þeim. Ef skattur á háum tekjum hjer á landi þegar er kominn upp fyrir þetta mark, má nærri geta, að varhugavert er að bæta enn þar ofan á. Tekju- og eignaskatturinn hefir undanfarin ár numið alls um 800 þús. kr., og mætti giska á, að alt að 500 þús. kr. þar af komi frá þeim gjaldendum, sem eiga að bera nýja skattinn, og felur þá frv. í sjer tvöföldun þeirrar byrðar, sem nú er fyrir og of þung er talin. Að skattinum er jafnað niður af handahófi, og að þeir, sem með undandrætti geta komið tekjum sínum rjett niður fyrir 20 þús. kr.

og eign niður fyrir 30 þús. kr., sleppa alveg, bætir náttúrlega ekki úr.

Í erfiðum árum, þegar atvinnurekstur gefur litinn eða engan arð, eða jafnvel tap, fjelli nýi skatturinn svo að segja eingöngu á eignir manna, yrði hreint eignarnám. Hann mundi því hafa sömu afleiðingar hjer eins og menn hafa sjeð fyrir annarsstaðar, þar sem tillögur í sömu átt hafa komið fram, sem sje almennan fjárflótta úr landinu. Samskonar tillögur voru bornar fram af sósialistum í Sviss, og komust svo langt, að þeim var hleypt undir þjóðaratkvæði. En meðan á því stóð, að atkvæðagreiðslan kæmist í kring, varð fjárflóttinn svo mikill, að allir sáu hættuna, og tillagan fjekk aðeins tiltölulega sárfá atkvæði, ekki nándarnærri þá atkvæðatölu, sem annars fylgir sósialistum í Sviss. Á Englandi höfðu sósialistar samskonar mál nokkuð á oddi við næstsíðustu kosningar. Verkamannaflokkurinn sigraði við kosningarnar og myndaði stjórn, en fyrsta verk stjórnarinnar var það, að hún gaf út yfirlýsingu um, að tillögunum um eignarnám yrði ekki framfylgt. Slíkar tillögur hafa hvergi verið bornar fram af öðrum en sósialistum, og því ekki óeðlilegt, að þær sjeu einnig hjer fram bornar af sósialista, sem hv. 5. landsk. vitanlega hefir verið og er enn. Tilgangurinn með þeim er ávalt og alstaðar sá, að hindra fjársöfnun eða efnaaukningu, en afleiðing þess getur aldrei orðið önnur en almenn fátækt, og finst mjer fyrir mitt leyti, að löggjafarvaldið ætti heldur að velja sjer eitthvert annað verkefni en viðhald fátæktarinnar í landinu.

Þá kem jeg að notkun fjárins. Það á sumt að renna til sveitanna, en sumt til kauptúna og kaupstaða. Í sveitirnar má veita lán til tvenns, sem sje, að endurbyggja niðurnídd býli og til „landnáms", þ. e. til nýbýlastofnunar. Jeg fyrir mitt leyti hefi nú enga trú á stofnun nýbýla í sveitum fyrst um sinn. Jeg lít svo á, að þessi 7000 til 8000 býli, sem til eru í landinu, sjeu að því leyti í rauninni nýbýli, að ræktun og húsun þeirra er að mestu leyti ógerð ennþá, þó að þau sjeu 1000 ára gömul. Jeg álít sjálfsagt, að beina kröftunum að ræktun og byggingu þeirra býla, sem fyrir eru, en eyða þeim ekki til þess að taka skákir úr óyrktum löndum jarðanna undir nýbýli, sem bjóða ólíkt erfiðari skilyrði til umbóta en jarðirnar sjálfar. Fjölgun sveitabýlanna hjer á landi kemur á sínum tíma á sama eðlilega hátt og í öðrum löndum Norðurálfunnar, þegar svo mikið af landi jarðarinnar er ræktað orðið, að það nægir fleirum heimilum en einu. Þá er jörðunum skift, oft við erfðir, og þannig hafa í öðrum löndum einstök býli smámsaman orðið að sveitaþorpum, og svo mun einnig verða hjer, þegar ræktunin er nógu langt á veg komin.

Til sveitanna rennur þá naumast annað fje sjóðsins en það, sem ætlað er til að endurbyggja niðurnídd býli. Mjer finst það nú æði-undarlegt, að gera niðurníðsluna að skilyrði fyrir framlagi til byggingar úr sjóðnum, eins og verið væri að verðlauna hana. Það er líkast því sem menn eigi að keppast við að níða niður, til þess að þeim sje rjett hjálparhönd. En þar sem ætla má, að fjármagn sjóðsins nægi ekki til byggingar nema svo sem 25 býla á ári, eftir núverandi verðlagi, þá gæti sumum orðið löng biðin, og óvíst, hvort meira gætti, niðurníðslunnar eða endurreisnarinnar í því kapphlaupi þeirra á milli, sem til er stofnað.

Til nýbýla við kauptún og kaupstaði er efalaust unt að koma út miklu fje, öllu hinu fyrirhugaða fje sjóðsins, ef menn vildu. Af því mundi leiða talsverða örvun á fólksstraumnum úr sveitunum til þessara sjávarþorpa, en mjer hefir ekki skilist, að nú sem stendur sje þörf á að örva þennan straum, heldur hið gagnstæða.

Fje sjóðsins á að veita mönnum að láni vaxtalaust. Þetta er gjöf. Fáækrastyrk eða sveitarstyrk má líka kalla það; mest af núverandi sveitarstyrk er einmitt veitt sem vaxtalaust lán. Sammerkt á þetta líka við þann sveitarstyrk, sem nú er í lögum, að fjeð er í báðum tilfellum fengið með niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Og loks vantar hjer ekki síðasta einkenni sveitarstyrksins, rjettindamissinn, sem við hann er tengdur. Að vísu á sveitarstyrkurinn úr þessum sjóði ekki að svifta menn kosningarrjetti og kjörgengi, en samkvæmt ákvæðum 7. og 8. gr. frv. sviftir hann lánþegana í reyndinni eignarrjettinum yfir býlum þeirra, að minsta kosti eignarrjettinum eins og hann er afmarkaður í núgildandi landslögum. Svo er sem sje ákveðið í frv., að ef lántakandi stendur ekki í skilum, þá verður hann að flytja burt af býlinu, en hann má ekki selja það hæstbjóðanda, heldur á að skamta honum verðið eftir mati nefndar, sem á að gæta þess, að hann fái ekki meira fyrir eignina en hann sjálfur hefir til hennar kostað. Hugsum oss, að slík lög hefðu verið í gildi síðustu 10 árin, og að fátæklingur hefði kostað 1000 kr. frá sjálfum sjer upp á býli sitt 1915, og að hann lendi svo í vanskilum árið 1923. Þá á hann að víkja í ár, 1925, og þó allar aðrar eignir hafi þrefaldast í verði síðan 1915, vegna hinna almennu verðhækkunar, eða lækkunarinnar á kaupmætti peninganna, þá má þessi fátæklingur ekki fá meira en 1000 kr. fyrir sína eign í býlinu. Yfir höfuð gerir frv. ekki ráð fyrir neinum eignarrjetti að þessum býlum, heldur einungis ábúðar- og afnotarjetti, og er í því efni í fullu samræmi við sósíalista eða sameignarstefnuna, sem vill ekki þurfa að viðurkenna neinn eignarrjett að landi, svo að hv. flutningsmaður er einnig í þessu atriði í fullu samræmi við sína eigin stefnu.

Jeg held, að fáir dugnaðarmenn gerðust til þess að sækjast eftir þessum sveitarstyrk. Jeg er sjálfur af bændabergi brotinn og hefi það mikinn metnað fyrir bændastjettarinnar hönd, að jeg tel henni misboðið með slíku tilboði um fátækrastyrk. Það er reynsla allra tíma, að engin menning þrífst meðal þeirra, sem aldir eru til langframa á ölmusugjöfum. Þarf ekki annað en minna á borgarlýðinn í Rómaborg hinni fornu, sem breyttist úr atorkusömu fólki í hreinan skríl, eftir að sú tíska hófst, að valdhafarnir keyptu atkvæði lýðsins fyrir lífsframfæri. Menningin byggist á því, að menn beiti sínum eigin kröftum fyrst og fremst, og leiðin til að efla ræktun og byggingu í sveitunum er sú, að kalla á starfsvilja manna, með því að skapa þeim hagstæðari skilyrði en nú eru til árangurs af eigin starfsemi, m. a. með útvegun lánsfjár, þar sem notkun þess á við.

Þá skal jeg að lokum minnast ofurlítið á frágang frv. Skattinum á að jafna niður eftir efnum og ástæðum, og það á „skattanefnd Reykjavíkur“ að gera, en sú nefnd er engin til. Reykjavík er eina sveitarfjelag landsins, sem ekki hefir skattanefnd. Úrskurðum þessarar

nefndar, sem ekki er til, má svo skjóta til yfirskattanefndar Reykjavíkur, og hún er til. Hún á svo að fella fullnaðarúrskurð í öllum málum um gjaldskyldu til sjóðsins. Þetta er alveg nýmæli í löggjöfinni, því að til þessa hafa dómstólarnir úrskurðarvald um gjaldskyldu í öllum skattamálum, bæði ríkis og sveitarfjelaga, en ýmsar nefndir hafa oft æðsta úrskurðarvald um gjaldhæðina í vissum tilfellum. Skýrslur eiga að koma til þessarar skattanefndar Reykjavíkur frá skattanefndum hvers hrepps og hvers kauptúns, jafnskjótt og hver nefnd hefir lokið skattskýrslu sinni. Leiðrjettingar yfirskattanefndanna eiga ekki að koma til greina, og úr kaupstöðunum 6, utan Reykjavíkur, á engar skýrslur að senda. Þetta er nú tekið úr 2. gr. frv. einni saman, sem fjallar um skattgjaldið, og heyrir þessvegna sjerstaklega undir verksvið mitt, og skal jeg láta það nægja sem dæmi upp á fráganginn á frv. í heild.

Jeg kem ekki með neina uppástungu, af því að jeg á ekki sæti í þessari hv. deild. En hitt dreg jeg engar dulur á, að þá teldi jeg best farið, ef frv. þetta ætti sjer sem skemstan aldur.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki þreyta hv. deild með löngum ræðum. En jeg vildi skjóta fram þeirri athugasemd í sambandi við þetta frv., og annað svipað og af sömu rótum runnið, að þau eru fram komin vegna þess, hve menn finna sárt til þeirra vandkvæða, sem eru á því, að geta bygt í sveitunum.

Jeg vil vekja athygli á því, að hjer í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum og í sveitunum er hvergi lánað fje til húsabygginga. Hjer er að vísu veðdeild til, en hvorugur bankinn lánar til slíkra fyrirtækja. Þetta er mjög alvarlegt atriði, og húsaleiga lækkar ekki fyr en hægt er að fá lán til bygginga.

Um veðdeildarlánin er það að segja, að þau eru ekki glæsileg, því „effectiv" renta af þeim lánum til 20 ára er um 8%, eftir því sem brjefin seljast nú. Og þó að hægt sje að selja brjefin fyrir 80%, þá eru kjörin þó býsna óaðgengileg.

Jeg held, að leiðin út úr þessum ógöngum sje, að koma ríkisveðbankanum í framkvæmd. Að vísu má vel vera, að breyta þurfi lögunum. En aðalatriðið virðist vera það, að sveitirnar og bæirnir sameini sig um einn banka, svo að í honum verði sem mestur styrkur.

Má vel vera, að hægt væri að útvega brjefunum markað í London eða annarsstaðar. Og víst er að minsta kosti, að bankarnir hafa þar nú góð sambönd.

Lausn á þessu máli er svo gott verk, að það eitt mundi nægja til þess að halda nafni þessa þings á lofti.

Flm. (Jónas Jónsson): Jeg þakka hv. 1. landsk. (SE) ummæli sín, þótt hann færi ekki út í einstök atriði þessa máls. Hann viðurkendi nauðsyn þess, að málið væri tekið til alvarlegrar meðferðar.

Jeg býst við, að hæstv. fjrh. (JÞ) líti ekki svo á. Sjón hans er lokuð fyrir þessari nauðsyn, og þessi blinda gengur svo langt, að hann hikar ekki við að mælast til þess, að hin eina alvarlega tilraun, sem gerð er á þessu þingi til að styðja nýræktarmálið, verði kæfð við fyrstu umræðu. Umbætur sýnast snerta viðkvæman streng í brjósti ráðherrans. Hæstv. fjrh. (JÞ) áleit, að nauðsynlegt væri að drepa frv. strax, til þess að greiðara gengi með eitt tiltölulega ómerkilegt stjfrv. í Nd.

Við þetta er margt að athuga. Það stjfrv. er þannig úr garði gert, að þó að hæstv. fjrh. ætti fáeina skoðanabræður á búnaðarþinginu, gat enginn þeirra fylgt frv., nema ef til vill einn vandamaður hans, sem kann að hafa verið því fylgjandi í hjarta sínu. Hæstv. fjrh. getur ekki gengið þess dulinn, að Búnaðarfjelagið vildi einróma láta leggja annað frv. fyrir þingið, og fól það manni, sem í stjórnmálum er nákomnari mjer heldur en hæstv. fjrh. Og þó að stjfrv. væri ekki felt við 1. umr., var það ekki af því, að í því feldist neitt úrræði. Það er lítil sannleiksást í því, að líkja saman úrræðunum í þessu stjfrv. og frv. á þskj. 133. Stjfrv. er ekki annað en einskonar 5. eða 6. flokks veðdeild, ef telja á með tilraun hv. þm. V.-Sk. (JK) til að lífga veðdeildina í fyrra, og þessi 5. eða 6. fl. veðdeild gefur kost á lánum fyrir 6½%, fyrir utan afborgun. Allir sjá, að hjer er lítið bjargræði á ferðinni. Hæstv. fjrh. hefir bygt mjög gott og vandað hús yfir sjálfan sig. Ef steypan endist svo sem menn vona, ætti húsið að verða í góðu gildi eftir 500 ár. Það, sem mitt frv. stefnir að, er einmitt það, að byggja varanlega yfir þúsundir af íslensku bændafólki, eins og hæstv. fjrh. hefir bygt yfir sig, en til þess að það sje kleift, verður að skifta kostnaðinum niður á langan tíma. Það getur kanske borið sig fyrir ráðherra að byggja með 6½% vaxtakjörum. En það er ekki hægt að byggja vel yfir prestinn á Mælifelli eða Mosfelli eða Skútustöðum með þeim kjörum, og þá ekki heldur fyrir allan þorra efnaminni bænda. Á engum þessum stað ber jörðin þá vexti, sem stjfrv. gerir ráð fyrir, ef miðað er við vandaðan steinbæ.

Það er enginn skyldleiki milli míns frv. og frv. stjórnarinnar. Frv. stjórnarinnar er ofboð saklaust kák. Frv. Búnaðarfjelagsins, sem hv. þm. Str. ber fram, getur hjálpað bjargálnabændum við minnihháttar framkvæmdir, sem eru þess eðlis, að þær gefa fljótt arð. En jeg held því fram, að ef byggja á hús í sveitum eftir nútímakröfum, þá sje það ekki hægt, nema með því að sökkva þar fjármagni, og ekki hægt að borga neina verulega vexti. Þannig fara líka að þeir efnamenn, sem nú byggja bæi í sveit. Þeir gefa eftirkomendunum mikið af höfuðstólnum og vöxtunum. Og ekki ætlast landið til, að búskapurinn á prestsetrunum, sem bygð eru fyrir almannafje, borgi vexti af höfuðstól þeim, sem þar er festur. Sú tillaga, að vísa málinu frá, af því að þetta stjfrv. sje komið fram í Nd., bendir á, að sá, sem slíkt leggur til, viti ekki, hve mikið alvörumál þetta er, eða þá, að hvatir ráða, sem hann vill ekki að komi í ljós.

Hvað stjfrv. snertir, þá er það svo grunntækt, að það hefði verið felt við 1. umr., ef menn hefðu ekki vitað um búnaðarþingsfrv. En það mun hafa verið litið svo á, að vel mætti sýna stjfrv. þá kurteisi, að lofa því að fljóta með og bæta síðan inn í það, því sem búnaðarþingið taldi aðalatriði.

Jeg skal þá taka ræðu hæstv. fjrh. lið fyrir lið. Fyrst mun jeg tala um fjárútvegunina, þá meðferð fjárins, þá fráganginn á stjfrv., og að lokum mun jeg nefna það úr fyrri ræðu minni, sem hæstv. fjrh. sá ekki ástæðu til að minnast á, af því að þar urðu fyrir honum örðugir þröskuldar, sem hann gat ekki stigið yfir.

Hæstv. fjrh. heldur því fram, að höfuðgallinn á frv. mínu sje sá, að ekki sje tekið tillit til árferðis. En jeg vil

leyfa mjer að spyrja: Tók hæstv. fjrh. tillit til árferðis í landinu, þegar hann setti verðtollinn á í fyrra? Er yfirleitt tekið tillit til árferðis, þegar verið er að innheimta tollana? Jeg segi nei. Íslenska ríkið aflar tekna með tekjustofnum, sem hvíla jafnþungt á breiðum bökum og bognum og jafnt í hallæri sem góðæri. Er það þá ekki beinlínis ósvifni, að finna þessu frv. mínu það til foráttu, að ekki sje tekið tillit til árferðis? En fyrst ekki er tekið tillit til árferðis, þegar verið er að krefja bændur og verkamenn um tolla, hversvegna mega þá t. d. ekki sementskaupmenn í Reykjavík borga skatta til landsþarfa í erfiðum árum sem góðum? Efnamenn sleppa altaf vel í góðum árum, og þá safna þeir í sarpinn. En hjá þeim, sem altaf lifa á hungurtakmörkunum, eru aldrei nein góðæri.

Hæstv. fjrh. segir, að hjer sje lítið um geipigróða. En hvað sem því líður, þá virðist liggja í augum uppi, að þeir, sem hafa meira en 20 þús. kr. skattskyldar tekjur, geti borgað eitthvað meira en venjulega tolla. Jeg skal minna á verksmiðju eina, sem kend er við Krossanes og mjög fræg orðin, og sem mjer skilst að standi undir sjerstakri vernd hæstv. stjórnar. Þessa verksmiðju eiga útlendir menn, sem haft hafa stórfje af landsmönnum og yfirleitt grætt geypilega. Væri nú nokkur höfuðsynd í því, þó að t. d. Goos á Siglufirði og þessi Krossanesgoði borguðu dálítið ríflega til landsþarfa hjer, í því skyni, sem frv. mitt mælir fyrir um? Eftir því sem eitt togarafjelagið hefir látið gorta af í útlendum blöðum, þá skifti gróði þess hundruðum þúsunda s.l. ár, og það er einnig vitanlegt, að gróði einstakra manna hefir verið geysimikill. Væri það þá nokkurt rán, þó að þessir menn væru látnir greiða dálítið af gróða sínum til landsþarfa, ekki síst þar sem þessir menn þurfa ekki að borga ýkjamikinn tekjuskatt, af því að svo er um búið, að skatturinn hækkar ekki, þegar komið er yfir víst hámark. Hæstv. fjrh. hlýtur að sannfærast um það, að það er alt annað en að taka alt af öllum, þó að nokkuð sje tekið af gróða þessara stórríku manna. Einn af leiðandi mönnum í þessum hóp hefir jafnvel við hátíðlegt tækifæri boðið upp á þennan gróða, til þess að rækta landið. Hæstv. fjrh. segir, að tekju- og eignaskattur sje hjer ákaflega hár. En þetta er ósatt. Hjer eru jafnvel stóreignamenn og stórtekjumenn, sem engan skatt borga af eignum og tekjum. Mjer er kunnugt um einn mann, sem átti fjölda jarða og borgaði þó sama sem ekki neitt. Virðist það nokkuð ósanngjarnt, þegar blá-fátækir launamenn verða að borga mörg hundruð krónur í tekjuskatt af þurftarlaunum. Nei, það er engin ástæða til þess að monta af tekjuskattslögum Íslendinga, því að þau eru næsta ófullkomin smíði. Samt er það eitt af áhugamálum hæstv. fjrh. (JÞ) að spilla þeim enn og svifta landið á þann hátt nú í ár a. m. k. hálfri miljón í vissum tekjum hjer í bænum. Með þessum lögum er haldið verndarhendi yfir hækkandi gróða, eins og hjá Goos og Krossanesverksmiðjunni.

Hæstv. fjrh. er þeim mun vorkunnsamari við sjálfan sig en Englendingar við sína efnamenn, að þeir lögðu 80% á stórgróða hjá sjer 1921—1922, til þess að borga stríðsskuldir. Hæstv. fjrh. segir, að tekju- og eignarskattur hjer sje um 800 þús. kr. Það sýnir einmitt, að atvinnureksturinn hjer er að komast í

það horf, að fjármagnið dregst á fárra manna hendur meir og meir. Enskir íhaldsmenn hafa ekki verið taldir neinir englar, og ef til vill á við þá lýsing sú, sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir fyr gefið á íhaldsmönnum yfirleitt, en þeir ganga ekki eins langt og hjer er gert. Jeg skal nota hjer tækifærið til þess að segja sögu af Baldwin forsætisráðherra Breta. Hann er mjög auðugur maður — græddi á stríðsárunum eins og margir aðrir. Kunningjar hans höfðu orð á því við hann, hversvegna hann setti miljón eftir miljón í ríkisskuldabrjef, ef England kynni svo að bíða ósigur. Þá svaraði hann: „Jeg hefi ekkert með fje mitt að gera, ef England bíður ósigur". Sögu þessa hefi jeg eftir mjög áreiðanlegum íhaldsmanni hjer. Það er ljóst, að Baldwin hefir viljað hjálpa landi sínu með þessum mikla auði, og álitið hann sjer einskisvirði, ef landið biði lægra hlut. Þessi íslenski íhaldsmaður — og hann er áreiðanlega enginn bolsivíki — áleit rjett, að reynt væri að fá okkar nýríku menn til þess að kaupa ríkisskuldabrjef hjer, til þess að koma í veg fyrir, að þeir eyddu í vitleysu og óþarfa gróða sínum, eins og farið hefði með stríðsgróðann. Hann bjóst við, að þessi gróði færi sömu leið, ef Íhaldsstjórnin bæri ekki gæfu til þess að frelsa hann frá glötun, vegna almennra hagsmuna.

Skoðun Baldwins er mjög eftirtektarverð. Hann skoðar sig í samábyrgð með öðrum þegnum, eins og lið í ríkisheildinni. Hvað hefði verið auðveldara fyrir hann en að laumast til Ameríku með gróða sinn? En honum dettur ekki í hug að stelast undan. Hann hefir víst ekki glæpamannsnáttúru, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) dróttar að sínum flokksmönnum, þar sem hann segir, að ekki dugi að leggja á þá aukna skatta, því að þá muni þeir ljúga til um eignir sínar eða flýja með þær úr landi. Hæstv. fjrh. (JÞ) gerir ráð fyrir, að stóreignamennirnir sjeu miklu verri en jeg hefi gert mjer í hugarlund. Hann gerir ráð fyrir, að þeir muni vilja svíkjast undan að bera byrðar landsins og sje gersamlega sama, hvernig fer um þjóðarheildina, og að þeir geti ekki hugsað til þess að láta neitt af hendi rakna til þess að byggja landið. Jeg skal játa, að þó jeg sje samþykkur lýsingu hæstv. fjrh. á íhaldsmönnum yfirleitt, eins og hann setti svo skýrt fram 1908, þá finst mjer núverandi álit hans á þessum mönnum varla vera á rökum bygt og þar kenna ofmikillar svartsýni. Jeg skal benda á eitt dæmi. Það gerðist á fundi að Þjórsártúni 1922, þegar verið var að undirbúa landskjörið. Þangað fór Íhaldsmaður hjeðan úr bænum, einn af stærstu útgerðarmönnunum, til þess að mæla með lista Jóns Magnússonar. Hann sagði þá, að þessi flokkur, núverandi stjórnarflokkur, vildi gera alt mögulegt til þess að styðja landbúnaðinn. Hann bandaði hendinni út yfir feitt landið umhverfis ræðustólinn, og sagði: „Við útgerðarmenn erum aflaklærnar. Frá okkur eiga að koma peningar til þess að rækta þetta land."

Jeg er alveg samdóma þessum manni. Fyrir mjer vakir einmitt sú hugsun, að leggja skatt á breiðustu bökin í þessu skyni. Það er alveg ástæðulaust að vera að skrafa um eignarnám í þessu sambandi. Þó að þessari hálfu miljón væri jafnað niður á þá, sem best mega, væri það hlutfallslega ljettari baggi en

þær 7 eða 8 milj., sem jafnað er niður á alla þjóðina, og að mestu leyti er borið sem nefskattur af efnalitlu fólki.

Jeg tel ummæli þessa útgerðarmanns, sem jeg nefndi, mjög heilbrigð og sanngjörn, og jeg býst við, að hæstv. forsrh. (JM) verði langminnugur þessara orða hans og byggi á þeim hugsunarhætti, sem hann hefir látið þennan mann túlka við bændur, þegar verið var að afla honum kjörfylgis. Út á þessi loforð hefir hann sjálfsagt fengið allmörg atkvæði, og vafalaust stendur hann við öll þau loforð, sem þarna voru gefin fyrir hans hönd.

Þá komst hæstv. fjrh. (JÞ) að eignarnámsgrýlunni. Það er annars líkt með skattamálin hjerna eins og Gröndal sagði, að verið hefði í Portúgal, að þar var stolið frá þeim, sem ekkert áttu. Þetta þótti fyndið, en má hjer til sanns vegar færast.

Það eru vísvitandi ósannindi hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að engir nema jafnaðarmenn láti sjer detta í hug að leggja dálitið þyngri skatta á efnamanninn en fátæklinginn. Tekjuskattslöggjöf allra siðaðra landa gerir ráð fyrir, að ríku mennirnir beri miklu þyngri skatta en fátæklingar. Jafnvel hjer er að litlu leyti gert ráð fyrir þessu. Og þá verður að merkja sem bolsivíka þá, sem hafa starfað að þessu, m. a. stjettarbróður hæstv. fjrh., þann, sem kom í gegn frumdráttunum að núverandi tekju- og eignaskattslöggjöf 1921.

Einnig vil jeg benda hæstv. fjrh. á það, að samherjar hans í Borgarfirði, nokkrir helstu stórbændurnir — ekki Framsóknarmenn, heldur menn, sem að einhverju leyti hafa blandað blóði við hæstv. fjrh. og lagt fje í það viðurkenda flokksnafn — þeir sáu í fyrra engin ráð önnur til þess að borga ríkisskuldirnar en að innleiða einhverskonar eignarskatt. Það eru stólpar íhaldsins í Borgarfirði, sem kemur þetta í hug, og jeg býst við þeim þætti hart, að heita ræningjar fyrir það. En þeirra hugsun í þessa átt var þó djarfari en jeg hefi leyft mjer að fara fram á.

Þá var það dálitið skrítið hjá hæstv. ráðh., þegar hann talaði um tilraunirnar, sem gerðar voru nýlega á Englandi til að leggja skatt á höfuðstól, til þess að borga stríðskostnað. Þeir, sem stefnu þeirri fylgdu, fengu ekki meirihluta við kosningarnar — þær síðustu — og mynduðu stjórn með þeim „liberölu", sem ekki höfðu þetta á stefnuskrá sinni. Þessvegna gat það umtal aldrei haft neina verklega þýðingu.

Hæstv. fjrh. (JÞ) reyndi að komast í kringum það, að sjálft íhaldið á England hefði lagt á geipilegan tekjuskatt á stríðsárunum, en hann hefir ekki treyst sjer til að bera beinlínis á móti því „konkreta" dæmi hjer í hv. deild.

Þá leyfði hæstv. ráðh. (JÞ) sjer að halda því fram, að jeg fylgdi ekki mínum flokki, væri ekki Framsóknarmaður. Ætla jeg að benda hæstv. ráðh. á það, að það þykir auðsýnilega meira máli skifta, hvaða skoðanir jeg hefi — og það er heiður fyrir mig — heldur en þó hæstv. fjrh. hafi skift mikið um stjórnmálaskoðun síðan hann lýsti íhaldsmönnum sem heimskum og fáfróðum fjepúkum, blindum fyrir almannahag. Nú er hann að vísu orðinn formaður þessa flokks, er hann fyr hefir húðflett, og víst ánægður með stefnuna. En þó verður hann að láta slíkan dóm um sig og samherjana standa varanlegan í Lögrjettu. Nú hefi jeg boðið einum heldur liðtækum flokksmanni hans

að skýra hin ímynduðu skoðanaskifti mín. En sá maður fann engar ástæður til, að jeg væri í ósamræmi við Framsóknarflokkinn. Annars er dálítið barnaleg þessi umhyggja Morgunblaðsmanna fyrir samheldni Framsóknarmanna. Óska þeir meiri samheldni frá okkar hálfu en þeir fá að kenna á daglega? Hafa þeir ekki árum saman fundið okkur þingmenn flokksins einhuga í sókn og vörn, þingflokkinn, kjósendur okkar út um land og blöð flokksins? Finst stjórnarflokknum þetta frv., sem hjer liggur fyrir, benda á, að jeg sje deigur að beitast fyrir málstað bændanna? Hefir nokkurntíma komið hjer á þingi frv., sem fremur en þetta stefndi að því að auka og efla bændaveldið í landinu og sveitamenninguna?

Það er ef til vill rjettast, að jeg minnist á útsvörin um leið. Hæstv. ráðh. gerði mikið veður út af því, að útsvör hjer á landi væri þung, einkum í Reykjavík. Jeg vildi óska, að hæstv. ráðh. vildi kynna sjer, hvernig útsvörin eru í Bergen, Þrándheimi, Kristjaníu og nokkrum öðrum myndarbæjum hjá frændum okkar, Norðmönnum. Það eru lög þar í landi, að útsvör megi ekki vera hærri en 20% tekna, nema með sjerstöku leyfi yfirvalda. Hafa þeir oft orðið að grípa til að leggja hærra á. Ef hæstv. ráðh. athugar útsvörin í Reykjavík, þar sem þau eru líklega langþyngst hjer á landi, mun hann komast að raun um, að þau eru stórum ljettari en í Noregi, oft meir en helmingi ljettari. Það er áreiðanlega hægt að jafna þessum litla skatti, sem frv. gerir ráð fyrir, á okkur Íslendinga, án þess að ganga eins hart að og frændur okkar Norðmenn verða að gera, einungis vegna sinna daglegu útgjalda. Þó er rjett að geta þess, að Reykjavík hefir haft ýmsa dýra bagga. Skal jeg aðeins lauslega nefna tvo, gasstöðina á sinni tíð, og sjerstaklega rafveituna. Af því hæstv. ráðh. hefir haft nokkuð mikil afskifti af fyrirtækjum þessum, þá mun hann máske ekki verða eins kröfuharður um mannlegan fullkomleika, þegar hann athugar, hvað þessar byrðar þýða fyrir bæjarbúa, og hvað þær hækka útsvörin.

Þá kem jeg að 2. lið ræðunnar, eftir að hæstv. ráðh. (JÞ) er búinn að sýna í löngu máli, að hann hefir enga samúð með því, sem hjer um ræðir; því annars væri hann ekki að bjóða upp á fánýta 6. flokks veðdeild sem úrræði til að endurbyggja sveitabæi og rækta tún. Jafnframt gerði hann þá yfirlýsingu, að hann hefði enga trú á stofnun nýbýla í sveitum, hjer á landi. Hvað segir hann þá um Reykjahlíð og Voga? Þar hafa verið stofnuð 5 nýbýli á síðustu 10—15 árum, teknar 2 einbýlisjarðir og bættar svo, að þar lifa nú 7 fjölskyldur. Í Mývatnssveit er bær, sem heitir Álftagerði, ein af minni jörðum þar. Hafa verið teknir partar af þeirri jörð handa 4 öðrum jörðum, og þar að auki 3 bændur á jörðinni sjálfri. Þetta eru alt nýbýli, eins og fyrir mjer vakir, fjölgun heimilanna, með aukinni jarðrækt og auknum búpeningi. Jeg veit, að hæstv. fjrh. hefir sjeð, að fyrir mjer er það ekki aðalatriðið, að hugsa fyrst og fremst um nýbýli í venjulegum skilningi, enda beint tekið fram í frv. Jeg geri ráð fyrir, að fjölga heimilum, á þann hátt, sem jeg hefi lýst og sjerstaklega hefir verið gert mikið að í Mývatnssveit, með því að kljúfa jarðir í fleiri býli, þegar eignin skiftist með erfðum. Þar standa ungu mennirnir á því stigi, að þeir vilja ekki verða galeiðuþrælar hjá „grósserunum“ í Reykja-

vík. Máske hefir þessvegna verið svo mikil mótstaða gegn því, að byggja alþýðuskólann í Þingeyjarsýslu af hálfu Íhaldsflokksins, eins og raun ber vitni, að hún sje ekki vinsæl í stjórnarflokknum, tilfinningin, sem kom Mývetningum til þess að rækta betur jarðir sínar og reyna að láta sjer líða vel án þess að flýja burt.

Hæstv. ráðherra játaði, að skifting jarða gæti komið til greina með erfðum. Það stendur heima við mína hugmynd. En mjög víða stendur svo á, að það vantar höfuðstól með aðgengilegum kjörum til þess að skapast geti ný heimili og ræktun aukist, enda þótt fleiri börn erfi jörð saman og vilji vera þar áfram. Nýlega kom til mín maður úr Dalasýslu, sonur aldraðs bónda á einhverri stærstu jörð sýslunnar. Faðir hans hefir átt og alið upp 12 börn. Jeg spurði hann, hvort ekki tæki fleiri en eitt systkinanna við jörðinni. Svaraði hann neitandi; „því við höfum ekki efni á," sagði ungi maðurinn, „að koma í framkvæmd þem mannvirkjum, sem þarf, til þess að fleiri fjölskyldur geti lifað á jörðinni." Líklega mundi og enginn maður taka lán til þess, þegar vextir eru 6 og 6½%.

Þá fanst hæstv. ráðh. það uppbyggilegt, að snúa út úr orðum mínum um nýræktina og fjölgun býla. Hversvegna gerir hann ekki eitthvað til þess að hindra það, að þessir 664 berklasjúklingar skifti einni milj. króna á milli sín? Ástæðan hjer er hin sama og um niðurniddu jarðirnar. Hafa menn ekki fengið berklaveikina fyrir ástand landsins og ekki síst húsakynni? Fyrir hvað eru býlin niðurnídd? Ósvífni væri að segja það, að öll niðurniðsla væri fyrir ódugnað. Mundi vera hægt að kalla það vansæmd fyrir t. d. einn smábónda í Rangárvallasýslu, sem hefir búið á litlu koti, þó að hann hafi ekki bygt upp bæinn sinn samhliða því að ala upp 12 syni til að skapa stórgróða á togurum í Reykjavík? Þeir um það, sem kasta steini á slíka menn.

Jeg hefði nógu gaman af, ef hæstv. ráðh. hefði gert grein fyrir því ágæta brjefi, sem hann sendi út í hvern hrepp á landinu í vetur, þar sem hann bannar bændum, í nafni fjármálavisku sinnar, að leggja út í nýjar framkvæmdir, svo sem girðingar og þessháttar, af því fje vantaði. En hvar var sá góði maður, þegar tíu togararnir voru keyptir? Gat hann þá ekki gefið út bráðabirgðabann móti þessum framkvæmdum í bænum? Í þessari hegðun hæstv. fjrh. er fólgin ákveðin lífsskoðun hans, fjandsamleg anda frv., sem hjer er til umræðu, sú, að sveitirnar megi visna, en útgerðin kaupstaðanna eigi að dafna. Ennfremur er verið að svíkja það loforð, sem einn samherji hæstv. ráðh. í Íhaldsflokknum hefir gefið 1922 við Þjórsárbrú, sem sje, að gróðinn af útveginum eigi að ganga til að rækta landið. Því að jeg býst ekki við, að það hjálpi mikið bændum út um land, þó ein eða fleiri „aflaklær" hjer rækti tún kringum bæinn fyrir sjálfa sig. Atkvæðasmölunin við Þjórsárbrú mun líklega hafa staðið í sambandi við þesskonar ræktun.

Út af sínum hugleiðingum um niðurniðsluna kom hæstv. ráðh. að því, að vonin um hjálp mundi draga dáð úr mönnum í búskapnum. Eftir sömu hugsunarfræði mundu menn keppast eftir að fá berkla, til þess að verða aðnjótandi þeirrar ánægju að liggja á spítala fyrir 3 kr. á dag á ríkiskostnað. Þetta tvent er hliðstætt, þar sem sú

hjálp, sem hjer er um að ræða, er hliðstæð við berklaveikilögin, nema gengur dýpra og nær meininu.

Jeg hygg það hafi verið miður heppilegt, þegar hæstv. fjrh. vildi leggja niður sögukenslu við háskólann í fyrra, Mjer virðist sögufækking hans og skilningur þess eðlis, að maður verði að álíta, að einn sagnfræðingur á Íslandi hefði nægilegt verkefni ennþá, a. m. k. við að fræða Morgunblaðsmenn. Sögufækking hæstv. fjrh. sýnist vera allmjög niðurnidd, eins og sum kotin út um landið. Hann heldur því fram, að hnignun Rómaveldis standi í engu sambandi við eyðing sveitanna á Ítalíu. Jeg bendi hæstv. ráðh. á að lesa það, sem Mommsen, hinn mikli þýski sagnfræðingur, sem ritað hefir sögu Rómaveldis, segir um þetta. Mommsen þekti áreiðanlega betur orsakirnar til hnignunar Rómaveldis heldur en hæstv. ráðh. (JÞ). Og jeg býst við, að hæstv. ráðh. mundi finna, að hann er nær minni skoðun en hans. Hæstv. ráðh. sagði, að „broddarnir" í Róm, sem keyptu atkvæði fáætklinga — eins og enn er gert á voru landi af sömu stjettum — og komu sjer þannig til valda, þeir hefðu eyðilagt fólkið með gjöfum. Hann hefir endaskifti á orsök og afleiðing. Það veit hvert skólabarn, að hershöfðingjarnir rómversku, sem unnu marga sigra víðsvegar um lönd, komu með fjölda þræla heim með sjer. Þennan ódýra vinnukraft settu þeir svo á jarðirnar út í sveitinni, sem komnar voru úr sjálfsábúð, aðallega vegna herskyldunnar. Smábændur, sem höfðu verið uppistaðan í Rómaveldi á tíð Hannibals, áttu að búa við langa herskyldu, eins og Íhaldið er að stofna til hjer. Meðan bændurnir unnu fyrir föðurlandið í endalausum herferðum, hírðist konan og krakkarnir heima við illa líðan, þar sem enginn var þeim til forsjár. Þá varð að taka lán hjá „grósserum" í Róm. Þegar bændurnir komu heim úr hernum, var búið að ganga að jörðum þeirra, og þrælarnir, þessi ódýri vinnukraftur, sigruðu fangarnir úr fjarlægum löndum, sem rómversku bændurnir höfðu handsamað fyrir yfirstjett lands síns, komu í staðinn. Leifar bændafólksins, sem flæmt var af jörðum sínum af efnamönnum síns lands, fór til Róm og átti ekkert fyrir sig að leggja nema atkvæðisrjettinn; og hæstv. ráðh. sagði þar satt, að þá voru atkvæði seld. Fólkið fjekk brauð, og það fjekk leikhús. Menn segja reyndar, að þegar broddborgararnir í Róm hjeldu veislu eftir unnar kosningar, þá var veitt vín og fleira góðgæti, alveg eins og Íhaldið gerir hjer eftir kosningasigra sína. En íhaldsforkólfarnir rómversku virtu ekki háttv. kjósendur meir en það, að þeir settu þjóna sína til að gæta þess, að fátæku gestirnir, sem búið var að flæma úr sveitunum og gera að betlurum í höfuðborginni, færu ekki með silfurborðbúnað í vösunum til endurminningar um veislufögnuðinn. Þetta er sýnishorn af því þakklæti, sem kjósendur fengu hjá burgeisunum þar. Það var íhaldsstjett Rómaveldis, sem eyðilagði sveitirnar og gerði bændafólkið að skríl og atkvæðafjenaði við kosningar.

Þá kem jeg að því, sem á víst að vera höfuðröksemd Íhaldsflokksins í þessu efni, ef maður dregur ályktun af orðum formanns flokksins og af því ágæta blaði, sem Berlémee stórkaupmaður af náð sinni lánar Íhaldsflokknum til þess að fræða kjósendur um, hvað sje rjett og hvað rangt í pólitík þessa lands.

(**Forseti, HSteins:** Þetta er alt of langt farið út fyrir efnið. Jeg læt hv. þm. vita, að jeg tók fram í gær, að menn yrðu að halda sig við efni málsins. Annars neyðist jeg til að slíta fundi.) — Jeg mótmæli því, að jeg hafi yfirgefið efnið frekar en hæstv. fjrh., en hann var ekki ámintur. Jeg hefi fylgt ræðu hans lið fyrir lið. Og hversvegna hefir stjórnarflokkurinn svo vesalt málgang og stuðningsmenn, að nöfn þeirra saurga þinghelgina? – Jæja. Þungaröksemdin þeirra, íhaldsmanna, á að vera sú, að bændastjett landsins sje of góð til að þiggja þau ein lán, sem miðuð eru við landshætti, ef greiða skal götu efnalítils fólks til að reisa nýbýli og hjálpa bændum til að gera varanleg húsakynni á jörðum sínum, hús, sem geta staðið öldum saman. Hjer er skrítilega tvieggjuð sönnun á ferðinni. Í fyrsta lagi eiga íslenskir bændur að vera svo miklir höfðingjar, að þeir megi ekki fá hentug lán úr ríkissjóði. En á hinn bóginn á að halda því fram, að þetta sje sveitarstyrkur, sem bændum sje vansæmd í að þiggja. En hæstv. fjrh. forðaðist að minnast á dæmið, sem jeg hafði tekið. Þegar ríkir menn í Reykjavík komu og báðu um ábyrgð til þess að togararnir yrðu ekki teknir af þeim, þá var ekki talað um sveitarstyrk. Heldur ekki, þegar enska lánið var tekið, aðallega vegna útgerðarmanna og kaupmanna. Það er nefnilega sá munur, að þegar útgerðarmenn og kaupmenn vilja hafa einhver fríðindi frá þjóðfjelaginu, þá er það heiðarlegt og fínt, en ef um bændur er að ræða, þá er talað um sveitarstyrk og öreigaframfærslu og því um líkt.

Jeg býst við, að það komi næst í þessum leik, að þeir, sem hafa verið með járnbrautinni, en vilja gleyma því nú, af því að það „passar ekki lengur í kramið," kalli það sveitarstyrk fyrir Reykjavík og suðurláglendið, að sökkva 10 milj. í fyrirtæki, sem ríkið yrði að kosta í rekstri að allmiklu leyti.

Sessunautur minn í þessari háttv. deild, hv. þm. A.-Húnv. (GÓ), sagði einu sinni, að ekki vantaði, að nógir væru bankarnir, sem bændunum væri vísað á, en gallinn væri bara sá, að annaðhvort væri ekkert til í þeim, eða þá að þeir væru ekki stofnaðir nema á pappírnum. Með þessum orðum er hinni sönnu lífsskoðun hæstv. fjrh. (JÞ) lýst meistaralega vel, þeirri sömu lífsskoðun, sem hann sjálfur lýsir að nokkru með umburðarbrjefi sínu í vetur, að ekkert skuli gera fyrir sveitirnar. Þær skuli niður níðast. Fjármagnið og vinnuaflið skuli dragast til verstöðvanna.

Hæstv. ráðh. var að reyna að halda því fram, að lán, sem veitt yrðu eftir lögum sem þessum, væri nokkurskonar sveitarstyrkur. Slíkri fjarstæðu getur áreiðanlega enginn nema hann haldið fram. Frv. gerir ráð fyrir löngum lánum, sem eru endurborguð að fullu. Og þessi lán eru veitt eingöngu til að skapa hið tryggasta efnalega verðmæti, sem til er: ræktað land og holla mannabústaði. En bak við þetta trygga verðmæti kemur svo allur hinn óbeini ávinningur fyrir þjóðina. Unga fólkið, sem vex upp í sveitunum, þarf ekki nema að litlu leyti að flýja burt. Foreldrarnir missa ekki uppkomnu börnin í fjarlæga bæi innanlands eða til útlanda. Heilsusamlegum heimilum í sveitunum fjölgar með hverju ári. Þungamiðja þjóðlífsins heldur áfram að vera í sveit. Íslensk tunga og íslensk menning halda áfram að þróast við hin sömu ytri skilyrði, sem haldið hafa verndarhendi yfir

þjóðinni í meir en þúsund ár. Og svo á sú umbót, sem tryggir þetta, að vera betl og sveitarstyrkur! Hjer er aðeins farið fram á að endurborga sveitunum lítið eitt af því, sem þær hafa lagt til bæjanna. Sveitirnar, sem hafa með vinnukrafti þeim, sem þær hafa alið upp, skapað gróða stórgróðamannanna, þeirra, sem hæstv. ráðh. hefir sagt um, að þeir myndu svíkjast úr landinu, ef þeir gætu, til þess að koma sjer undan rjettlátum gjöldum til almennings þarfa. Bændurnir og sjómennirnir, bæði þeir, sem lifa, og hinir, sem nú hvíla á botni hafsins, hafa því of mikið gert fyrir þennan lýð, sem hæstv. ráðh. lýsir svona ömurlega.

Þá segir hæstv. ráðh., að þeir, sem fengju lán eftir frv., væru sviftir eignarrjetti sínum. Þetta lýsi jeg hrein ósannindi. Hver, sem er læs, getur lesið frv., og mun aldrei vera hægt að fá slíkt út úr því. Það er einmitt tekið fram, að hver lántakandi, sem fer frá býli af vanskilum, fær þá borgað aftur það, sem hann hefir lagt í býlið og er sjereign hans. En það mun vera annað, sem hæstv. ráðh. er ver við í frv., að lánþiggjendur mega ekki nota þessa góðu aðstöðu, sem hagstæð lán veita, til fjárglæfra og gróðabralls. Það er þetta ákvæði, sem hæstv. ráðh. getur ekki þolað. Honum þykir svo vænt um landa-, húsa- og lóðabraskara, að hann getur ekki sætt sig við, að nýbýlin verði undanþegin bölvun óeðlilegrar verðhækkunar og fjárglæfra. Frv. mitt gerir ráð fyrir, að hver bóndi, sem fær lán úr sjóði þessum, fái að búa við sem best kjör, til þess að geta ræktað jörðina og alið önn fyrir vandafólki sínu. Enginn þarf að fara frá býli sínu, nema hann geti ekki staðið við afborganir í 2 ár. Og við burtför fær hann aftur greitt það, sem hann hefir lagt til endurbóta jörðinni, með vinnu eða fjárframlögum. En hann fær ekki að græða á verðhækkun, sem kann að verða meðan hann hefir búið þar og ekki er honum að þakka. Þetta er gert til þess að halda verði jarðarinnar og húsanna niður á sannvirði eða kostnaðarverði. Þetta er það, sem hæstv. ráðh. getur ekki felt sig við. Hann vill, að braskið lifi. Hann dáist sjálfsagt að því braski og þeim fjárglæfrum, sem gert hafa þennan bæ svo dýran, að íslenskir sjómenn verða að hafa hjer ⅓ hærra kaup til þess að geta dregið fram lífið en stjettarbræður þeirra í Noregi. Þannig eru fjárglæframennirnir í Reykjavík búnir að spenna dýrtíðina hjer upp úr öllu valdi. Vegna þeirra er þessi bær að mörgu leyti orðinn byrði á atvinnulífi landsins.

Þá var hæstv. fjrh. að finna það að þessum lánum, að ekki væri ætlast til, að af þeim væru greiddir vextir. Út af því vil jeg benda honum á, að einn af helstu stuðningsmönnum Íhaldsflokksins hefir samið svo við íslenska lánstofnun, að hann borgar um nokkur ár enga vexti af láni, sem er hærra en hinar árlegu tekjur þessa sjóðs. Jeg vænti því, að hæstv. ráðh. sjái, að þegar einum Íhaldshöfðingja eru veitt slík friðindi, þá sje ekki ósanngjarnt, þó að fátækir barnamenn, sem eru að byggja og rækta landið, um leið og þeir ala upp vinnandi menn fyrir þjóðfjelagið, fái vaxtalaust lán til þess að byggja yfir sig og sína. Sjálft landið endurborga þeir, og þjóðin erfir ræktaða landið og varanlegu híbýlin.

Þá kom hæstv. ráðh. enn í öðru sambandi að sviftingu eignarrjettarins. En það er hvergi minst á eignarnám í frv.

Þessi skilningur fæst því ekki með öðru móti en því, að lesa frv. eins og viss persóna les Bibliuna. Það er aðeins farið fram á, að stórgróðamennirnir borgi dálitið af gróða sinum í auknum skatti. Þjóðfjelagið á þessa upphæð, en lánar hana til að rækta og byggja landið. Vegna „spekulantanna" er hæstv. ráðh. svona sár, því að þeim vill hann hlífa. Og jafnvel býst hann kanske við, að sementsverslanirnar verði látna borga eitthvað, og það er honum ekki síst viðkvæmt.

Þá mintist hann á formgalla á frv. mínu. Það er eins og hann viti ekki um nefnd þá, sem aðstoðar skattstjórann hjer og líklega ekki um skattanefndir sveitanna. Máske veit hann ekki um yfirskattanefndina hjer í bænum. Annars ætti enginn maður síður að minnast á formgalla á frv. og seinheppilega framkomu á þingi en einmitt hæstv. ráðh. (JÞ). Man hann enn gjörðabókarhneyksli sitt hjer á þingi, er hann varð að biðja fyrirgefningar frammi fyrir þingheimi. Eða man hann tillögur sínar, hinar frægu, í fyrra, sem var vísað frá í Nd., af því að þær voru brot á sjálfri stjórnarskránni? Jeg hafði alls ekki ætlað mjer að fara út í þessa sálma, en hæstv. ráðh. má, eins og vant er, kenna sjálfum sjer, að minst er á veikar hliðar hans.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að óviðkunnanlegt væri að láta yfirskattanefnd Reykjavíkur skera úr þessu. En sjálf Íhaldsstjórnin er einmitt með frv. hjer á þingi, sem gengur í þá átt, að skapa hæstarjett í skattamálum alls landsins hjer í bænum.

Þá kem jeg að því atriðinu, sem jeg tel einna fjarstæðast í ræðu hæstv. ráðh. Hann fór að bollaleggja um, að ekkert gagn gæti orðið að frv. þessu, af því að það gengi of stutt, ½ miljón væir alt of lítið fje í þessu skyni. Frv. mitt gerir ráð fyrir, að bóndinn, sem bætir gamla jörð, eða landneminn, sem resir nýbýli, leggi sjálfur fram fje og vinnu og mikið eftirlit verði haft með lánveitingunum. Það er ekki ætlast til, að bygt verði hjer á hverju koti fyrir 40 þús., eins og Íhaldið bygði á Mælifelli forðum. Til þess að byggja upp litlu kotin munu nokkur þúsund nægja, með framlagi bóndans. Tíu þúsundir munu nægja þar sem stærri býli eru o. s. frv. Ræða hæstv. ráðh. var því ekkert annað en tilraun til að vefja og flækja málið. Hið eina, sem hann býður upp á, til að styrkja ræktun landsins, er lánsstofnun, sem hefir engan höfuðstól, óhæfilega vexti og að líkindum óseljanleg verðbrjef. Eins og áður er sannað, vildi búnaðarþingið ekki líta við frv. ráðherrans. Að stjfrv. lifir enn, er eingöngu að þakka því, að það á að umsteypa það hjer í þinginu og setja inn í það alt, sem máli skiftir, úr frv. Búnaðarfjelagsins. En jafnvel þó að það frv. verði að lögum, þá verða þau lán, sem veitt yrðu samkvæmt því, alt of dýr til þess að hjálpa þeim mönnum, sem ætla að reisa nýbýli eða þurfa að byggja að miklu leyti fyrir lánsfje.

Þó nú hæstv. ráðh. takist máske að drepa þetta mál nú, eða a. m. k. að svæfa það í nefnd, þá mun saga þess ekki þrotin fyrir það. Það er hægt að stífla fjallalækinn um stund, en ekki til lengdar. Hann safnar orku og flæðir fyr en varir yfir hindrunina. Eins mun hjer fara. Ræktun og bygging landsins er þýðingarmest allra þjóðmála. Heimskir menn og þröngsýnir geta lokað augunum fyrir nauðsyn málsins um stund, geta tafið

það um stund. En framrás lífsins verður ekki stöðvuð. Nýir menn munu fæðast, vaxa upp og þurfa skilyrði til að vaxa. Frv. mitt gerir ráð fyrir að auka þessi skilyrði. Hæstv. ráðh. (JÞ) vill eyðileggja þróunarskilyrðin. Væntanlega tekst honum það í dag. En jeg segi um þetta mál eins og hinn bjartsýni Danakonungur hafði að orðtaki: Á morgun kemur dagur aftur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg sje það, úr því að hæstv. forseti stöðvar ekki umræðurnar, að jeg muni eiga að vera stuttorður, enda get jeg það ofurvel, því að í ræðu háttv. flm. kom ekkert nýtt fram. Þarf jeg því litlu við að bæta.

Út af því, sem háttv. 1. landsk. (SE) sagði, skal jeg viðurkenna, að eitt af mestu vandamálum þessara ára er, hvernig sjeð verði fyrir hæfilega ódýru lánsfje til húsabóta í sveitum og kauptúnum. En þeir erfiðleikar eiga ekki rót sína að rekja til okkar þjóðfjelags. Þeir eru afleiðing af hinni miklu vaxtahækkun í heiminum.

Það hefir verið bent á, að taka mætti lán í London. Það var gert í fyrra, en síðan hafa vextir hækkað svo, að það er ekki aðgengilegt nú. En sjálfsagt verður þetta athugað eins og hægt er, og tillögur til þess að reyna að ráða bót á þessu máli liggja nú fyrir neðri deild í Ræktunarsjóðsfrv. því, sem stjórnin lagði fyrir hana.

Háttv. 5. landsk. (JJ) hefir verið að jafna þessum styrk til bænda saman við ábyrgðina, sem ríkisstjórninni var heimilað að taka á sig fyrir togarafjelögin 1921. En þetta tvent er ekki sambærilegt. Hjer er um að ræða skattálagningu, sem gerð er að skýlausri skyldu. En hitt var aðeins ábyrgðarheimild, sem með engu móti gat kostað þjóðfjelagið neitt, því að hana mátti því aðeins nota, að full trygging væri fyrir hendi. Enda hefir þessi heimild ekki verið notuð, svo að tjón hafi af hlotist.

Þá var háttv. þm. að vitna í hinn háa tekjuskatt í Englandi 1920. En í sambandi við það ber þess að gæta, að tekjuskattslöggjöfin þar er alt öðruvísi en hjer. Fyrst og fremst er frádrátturinn annar, og auk þess er skatturinn ekki stighækkandi og því sameiginlegur fyrir allar tekjur. Var skattur þessi upphaflega hækkaður mjög vegna afleiðinga stríðsins, og átti það að vera tækifærislöggjöf, sem standa átti skamma stund. Ef hjer væri um slíkt að tala, eða t. d. beðið um ½—1 miljón í eitt skifti fyrir öll, þá mætti vel vera, að mál þetta væri athugunar vert. En þessu fer fjarri. Hjer er um að ræða nýjan, fastan skatt í viðbót við þá, sem eru fyrir, það eina þesskonar gjald, sem er ætlast til, að innheimt sje jafnt, hvernig sem árferði er. **(JJ:** En tollarnir?) Já, tollarnir eru líka minni, þegar vont árferði er.

Þá hefi jeg ástæðu til að vísa aftur til föðurhúsanna þeim aðdróttunum háttv. þm., að jeg vildi ekkert sinna málefnum sveitanna og hefði engan áhuga fyrir þeim. Jeg er nefnilega ekki svo gerður, að jeg geti við hvert einasta tækifæri verið að hljóða upp með áhuga minn á hverju máli, eins og þessum háttv. þm. vill verða svo oft á. En jeg hefi áður á þessu þingi lýst afstöðu minni til málefna sveitanna, og sje ekki, að neinn sje bættari með því, að jeg fari að endurtaka það hjer, sem jeg hefi um það sagt áður.

Jeg sagði í fyrstu ræðu minni, að jeg hefði ekki getað varist þeirri hugsun,

að frv. þetta væri borið fram til höfuðs frv. um Ræktunarsjóð Íslands, en að jeg hefði ekki fundið ástæður fyrir þeim grun mínum í fyrstu ræðu flm. En eftir aðra ræðu hans sje jeg, að rjett hefir verið til getið hjá mjer í fyrstu. Hv. flm. telur nú, að það sje einkum vaxtaspursmálið, sem sje óhæft og beinst er að með þessu frv. Því er haldið fast fram, að sveitabúskapur þoli ekki 6—6½% vexti, sem eru þeir lægstu vextir, sem nú er um að ræða. Og ef ekki er til neins að bjóða mönnum lán með þeim vöxtum, þá verður spurningin ekki leyst með þeim lögum, það skal jeg játa. En hvað sem áhuganum í þessu máli líður, sem jeg býst við að sje þó nokkur hjá okkur báðum, hv. flm. (JJ) og mjer, þá er þó trú mín á sveitabúskapinn það meiri, að jeg er sannfærður um, að hann þolir þessa vexti. (**JJ:** Er hægt að byggja steinhús í sveitum fyrir lánsfje með 6—7% vöxtum?) Það er hægt, og það hefir verið gert. En hitt er satt, að það er óhagstætt að taka lán til framkvæmda, þegar verðlag er jafnhátt og nú. Endurgreiðsla hlýtur að verða erfið með lækkandi verði. Menn verða náttúrlega að gæta þess, að reisa sjer ekki hurðarás um öxl og fara sjer varlega í lántökum. En það er langt á milli slíkrar gætni og þess, að kveina eftir sveitarstyrk, svo sem hjer er gert í þessu frv.

Hv. flm. (JJ) gerði að umtalsefni umburðarbrjef fjármálaráðuneytisins, er sent var út, eftir till. gengisnefndar. Það var ekki varað við öðrum framkvæmdum en þeim, sem hefðu lántöku í för með sjer, og hinsvegar lagt til, að menn reyndu að greiða sem mest af skuldum sínum. Og hver sem skilur ástand tímanna veit, að þetta var rjett stefna á gróðaárinu 1924.

Um sögu Rómverja skal jeg vera fáorður. En jeg vil minna þennan sögufróða þm. (JJ) á það, að um nokkrar aldir fram eftir keisaratímanum var mikið um bændur og búalið, sem sátu vel sín býli og ræktuðu þau forkunnarvel. Og það var ekki þaðan, sem hnignun ríkisins kom. En þegar hin pólitísku völd komu í hendur þeirra manna, sem þóttust þurfa að gefa kjósendum gjafir frá sjer eða öðrum, og raunar af almannafje, því ríkið borgaði, þá var komið inn á sömu braut og hjer er verið að feta inn á í þessu kapphlaupi um að bjóða kjósendum sem mest fríðindi úr annara vösum. (**JJ:** Hefir hæstv. fjrh. lesið Mommsen?) Jeg hefi lesið sögur eftir hv. flm. (JJ). En mjer þykir ekki þörf að geta heimilda, er jeg fer rjett með, svo ekki verður á móti mælt.

Þá mótmælti hv. flm. (JJ) því mjög, að þessu frv. væri samfara skerðing á eignarrjettinum, en viðurkendi samt í sömu andránni, að það ætti að vinna á móti verðhækkun á þeirri eign, sem lán væri lagt í, en sagði, að ef maðurinn yrði að sleppa eigninni, vegna þess að hann gæti ekki staðið í skilum, þá ætlaðist hann til þess, að hann fengi það, sem hann hefði í eignina lagt. Nú vil jeg biðja þennan hv. þm. (JJ) að athuga það, hvernig það tæki sig út, ef slík löggjöf sem þessi hefði verið hjer síðastliðinn áratug, og maður hefði lagt t. d. 1 þús. kr. í eign nokkra á fyrra hluta þessa tímabils, auk vinnu sinnar og skylduliðs síns. Svo koma kreppuárin. 1923 getur hann svo ekki staðið í skilum, og 1925 á að bera hann út. Nú hafa

allar eignir í kring hækkað í verði, vegna þess að peningar hafa lækkað niður í ⅓ að kaupmagni. En þessi maður á að ganga slyppur frá sínu, og fá aðeins þá krónutölu, sem hann hefir í eignina lagt. Er það ekki hart gagnvart þessum manni, að svifta hann, að ríkisráðstöfun, þó eftir mati sje, möguleikunum að komast úr fjárkröggum með því að selja eign sína því verði, sem aðrir vilja bjóða. (JJ: Hann má bara ekki „spekúlera" með eignina.) Þetta er engin „spekulation." Það geta legið ýmsar ástæður til þess, að einhver maður sjái sjer fært að gefa fyrir eignina hærra verð, af því að hann hafi hennar þörf, og það er fásinna að kalla slíkt „spekulations"-verð. Þetta er að taka rjett af manninum, og skal jeg ekki rífast við hv. flm., hvort þetta sje skerðing eða svifting á eignarrjetti eða ekki. Það má einu gilda, hvað slíkt er kallað, ef farið er með manninn eins og sveitarlim. Sveitastyrksmarkið er sett á hann. (JJ: Eru þá allir sveitarlimir, sem ekki „spekúlera"?) Svo óviturlega þarf hv. þm. (JJ) ekki að spyrja.

Hv. flm. (JJ) sagði hjer þau hnittiyrði um bændabankana, að þeir væru annaðhvort óstofnaðir eða tómir. Þetta er satt. En úr því verður ekki bætt með þessu frv. Þetta verður áreiðanlega einn af óstofnuðu bönkunum.

Þá fetti hv. þm. (JJ) fingur út í það, er jeg sagði, að enginn dugnaðarmaður mundi sætta sig við þau kjör, sem hjer eru boðin, og dró af því þá ályktun, að það mundi enginn gera. En það er nú svo, að til kunna að vera menn, sem verði þessu fegnir, og skal jeg að því leyti leiðrjetta orð mín. Og vera má, að til sje þeir dugnaðarmenn, sem vilji brjóta svo mannlund sína að þiggja þennan styrk, sem frv. býður, fremur en þola aðrar afleiðingar af fátækt sinni. Þetta getur verið. En það er ekki velgerningur við slíka menn, að rjetta þeim hjálparhönd á þennan hátt. Það er bæði geðfeldara og heillavænlegra, að það sje gert með öðru móti.

Þá mátti skilja á orðum hv. flm. (JJ), að með skattanefnd Reykjavíkur væri meint niðurjöfnunarnefnd. En það nær vitanlega engri átt, að fela þeirri nefnd niðurjöfnun skatts um alt land. Hún er auðvitað ekki kosin með það fyrir augum.

Jeg mun svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, þótt enn mætti svara mörgu í hinni löngu ræðu hv. flm. En jeg vil enda mál mitt með þeirri ósk og von, að hv. þm. (JJ) vilji taka föstum og alvarlegum tökum á því að hrinda á stað möguleikum fyrir ræktun landsins og húsabótum í bygðum þessa lands. En frekari umræður um það mál læt jeg bíða, þangað til frv. um Ræktunarsjóð Íslands kemur til umr. í þessari háttv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GÓ, IHB, IP, JJós, JJ, SE, SJ, HSteins.

nei: EP, HSn, JóhJóh, JM.

Einn þm. (BK) fjarstaddur.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar með 7 : 4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Skattur af húsum og lóðum í Siglufjarðarkaupstað.

Á 38. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um skatt af húsum og lóðum í Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 232).

Á 39. fundi í Ed., fimtudaginn 26. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að málið mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Einar Árnason): Að frv. þetta er svona seint fram komið, stafar af því, að jeg fjekk ekki fyr en nú fyrir nokkrum dögum tilmæli frá bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar um að flytja það.

Í ástæðunum fyrir frv. þessu er gerð grein fyrir, hvernig á því stendur, að það er flutt. En hún er sú, að Siglufjarðarkaupstaður hefir bundið sjer allþungan fjárhagslegan bagga með byggingu sjóvarnargarðsins. Bærinn er þegar búinn að taka 30 þús. króna lán til þess að standa straum af þessum kostnaði, og mun á þessu ári verða að taka í viðbót 20—25 þús. kr. lán, og hefir þegar fengið loforð fyrir töluverðu af því fje.

Frv. er samið af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. En jeg hefi aðeins bætt við það 4. gr., vegna ákvæða 2. gr. um það, að skattinn megi innheimta í fyrsta skifti á manntalsþingi 1925.

Í 1. gr. er ákveðið, að skatturinn af lóðum, sem liggja að sjó, skuli vera 6‰ af virðingarverði, samkvæmt fasteignamati, og af húsum á þeim lóðum 3‰. Þá er í 3. lið þessarar greinar bæjarstjórninni heimilað að leggja helmingi lægri skatta á aðrar fasteignir í kaupstaðnum. Mun tilætlunin að nota þennan lægri skatt því að eins, að hinn skatturinn hrökkvi ekki til afborgunar og vaxta af lánum þeim, sem þarf að taka til byggingar og viðhalds garðinum.

Þess skal getið, að allar lóðir útlendinga falla undir hærri skattinn, því að þeir hafa náð yfirráðum yfir flestum lóðunum, sem liggja að höfninni, og hafa fengið þær margar leigðar fyrir mjög lítið gjald.

Jeg get nú ekki búist við, að frv. þetta sæti miklum andmælum, því að það er ekkert nýtt, að nokkrum hluta af bæjargjöldunum sje jafnað niður með svona skatti. Og má þar til nefna, að Akureyri fjekk 1921 lög um allmiklu hærri skatt af lóðum til bæjarsjóðs. Samskonar lög hefir Húsavík fengið líka. Þó nú frv. þetta mæti engri mótspyrnu, tel jeg eigi að síður sjálfsagt, að það gangi til nefndar, og þá allshn. En til þess vil jeg mælast við háttv. nefnd, að hún afgreiði það sem fyrst, því að mikil nauðsyn er á, að það verði afgreitt á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar með 10 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., fimtudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 232, n. 328).

Forseti tók málið af dagskrá, og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.

35. Landsbanki Íslands.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 14. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um Landsbanka Íslands (stjfrv., A. 26).

Á 8. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (Jþ): Í athugasemdum við þetta frv. er gerð grein fyrir því, hversvegna eigi hefir þótt fært að draga lengur að ákveða með lögum, hvernig seðlaútgáfu Landsbankans skuli vera háttað framvegis. Seðlaútgáfa sú, sem nú síðast að undanförnu hefir átt sjer stað af bankans hendi, er aðeins bráðabirgðaráðstöfun og ófullnægjandi löggjöf um hana, en hún byggist á heimild í lögum nr. 7, frá 4. maí 1922, þar sem ákveðið er, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Landsbankinn setji seðla í umferð, eftir því sem inndrætti Íslandsbankaseðlanna miðaði áfram og gjaldmiðilsþörfin krefur. En eftir því sem inndrætti Íslandsbankaseðlanna miðar áfram, má búast við, að þessi bráðabirgða seðlaútgáfa muni halda áfram að aukast.

Á síðasta þingi lágu fyrir 2 frv., sem bæði miðuðu að endanlegri úrlausn á þessu máli. Annað frv. var borið fram af fjhn. þessarar þingdeildar, samkv. beiðni þáverandi stjórnar, en hitt bar fram hv. 2. þm. G.-K. (BK). Í þessum tveimur frv. fólust tvær úrlausnir þessa máls, og þær einu úrlausnir, sem um virðist vera að velja, úr því að löggjafarvaldið eitt sinn er búið að fastákveða, að Íslandsbanki skuli eigi halda áfram að vera seðlabanki framvegis, þegar leyfistími hans er útrunninn. Núverandi stjórn hefir einnig litið svo á sem ekki sje nema um þessar tvær leiðir að ræða — leiðir, sem Alþingi eru þegar kunnar. Það hefir orðið niðurstaðan hjá núverandi stjórn, að haldið skuli inn á þá braut í aðalatriðunum, sem frv. fjhn. í fyrra benti til. Að þessu ráði hefir nú verið horfið eftir ítarlega rannsókn, sem best verður skýrð með skjölum þeim, sem um getur í aths. við þetta frv., og sú nefnd fær til athugunar, sem þessu frv. mun verða vísað til.

Stjórninni er það vel ljóst, að ýmsir annmarkar eru á því, að gera Landsbankann að seðlabanka ríkisins — annmarkar, sem mestmegnis stafa af því, að farið er fram á að breyta banka, sem ekki hefir verið seðlabanki undanfarið, í seðlabanka. En eðlilegast verður það þó, að sá banki í ríkinu, sem mestmegnis eða eingöngu er ríkiseign, verði aðalseðlabankinn. Vonandi tekst Alþingi með heppilegri lagasetningu að stýra svo fram hjá umræddum annmörkum, að þeir hverfi smámsaman. Starfsemi Landsbankans hefir að undanförnu verið á öðrum brautum en venjulega tíðkast um seðlabanka, en það má vonast til, að þetta breytist í framtíðinni, með breyttu verkefni muni starfsemi bankans beinast í þá átt, sem á að vera og eðlilegast er um seðlabanka.

Stjórnin vill því nú þegar láta bankann leggja inn á þá rjettu braut og láta eigi miklast í augum þá erfiðleika, sem á þessu virðast vera — erfiðleika, sem vonandi verða aðeins um stundarsakir.

Hin leiðin, sem um var að ræða — að koma upp sjerstakri ríkisstofnun til seðlaútgáfunnar — sneiðir að vísu fram hjá þeim annmörkum, sem fundust á því að breyta Landsbankanum í seðlabanka, en hefir sjálf ýmsa aðra galla.

Það eru annmarkar, sem leiðir af því, að við erum svo smáir efnalega, að naumast verður hægt að vænta þess, að sú seðlaútgáfustofnun geti starfað sem reglulegur þjóðbanki eða haft á hendi öll þau viðskifti, sem slíkum bönkum er ætlað að hafa, t. d. viðskifti við erlenda banka með söfnun erlendra inneigna í góðæri o. s. frv. Öll þessi vandkvæði stafa af því, að við erum svo smáir efnalega, að það verður ekki hjá því komist, að sameina í einni stofnun ýmsa þá starfsemi, sem eigi er tiska að erlendir þjóðbankar hafi á hendi.

Þetta frv. er nokkuð breytt frá því, sem það var í fyrra, er það lá fyrir síðasta þingi. Nú eru tekin upp nánari ákvæði um störf þau, sem bankinn hefir að annast sjerstaklega sem seðlabanki og þjóðbanki. Það mun alstaðar vera viðurkent, að aðalverkefni seðlabanka sje að halda gjaldeyri ríkisins í fullu og stöðugu verði móts við gull. Það verður því að líta eftir því, að lögin sjeu þannig úr garði gerð, að bankinn hafi í þeim aðhald til þess að sinna sínu aðalverkefni, fremur en einhverjum annarlegum störfum. Hin sjálfsagða afleiðing þessa verður sú, að atvinnuvegirnir geta eigi vænst á sama hátt stuðnings frá bankanum og áður, ef hann rækir vel sitt aðalhlutverk, að halda uppi verði gjaldmiðils ríkisins.

Atvinnuvegirnir verða því eftirleiðis meira að vera komnir upp á aðstoð og styrk frá öðrum peningastofnunum í ríkinu á venjulegum tímum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að lengja ræðu um þetta mál að sinni; umræður um það munu bera meiri árangur, er málið kemur úr nefnd. Geri jeg svo að till. minni, að þessu frv. verði, að aflokinni þessari umr., vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar með 11 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., laugardaginn 25. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 26, n. 300 og 367).

Frsm. meirihl. (Sigurður Eggerz): Jeg skal leyfa mjer að skýra fyrst nokkuð frá minni eigin afstöðu til þessa máls og síðan frá aðalniðurstöðu meirihl. nefndarinnar.

Eins og kunnugt er, kveða lög frá 31. maí 1921 á um það, hvernig Íslandsbanki skuli draga inn seðla sína, og að seðlaútgáfan, sem þannig losnar, skuli hverfa til landssjóðs. Átti síðan að ákveða með lögum fyrir 1. júní 1922, hvernig seðlaútgáfunni skyldi komið fyrir framvegis. Þessi frestur hefir síðan verið framlengdur ár frá ári. Á síðasta þingi þótti málið ekki heldur nægilega undirbúið. Hæstv. fjrh. (JÞ) óskaði, sem eðlilegt var, að hann fengi tíma til þess að íhuga og undirbúa málið betur fyrir þetta þing.

Fyrv. stjórn hafði falið Landsbankanum að gera tillögur um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar og semja frv. í samræmi við þær. En þetta frv. og tillögur komu ekki í hendur stjórnarinnar fyr en á þinginu 1924, um það leyti, sem stjórnin var að fara frá. Landsstjórnin þáverandi fjekk því ekki tíma til að taka afstöðu til þessa vandasama máls, en hinsvegar afhenti þáverandi fjármálaráðherra fjárhagsnefnd Ed. málið til athugunar. — Frv. Landsbankans var líkt því frv., sem nú er á ferðinni.

31. október 1922 skyldi seðlaútgáfa Íslandsbanka vera 8 milj. Samkvæmt

inndráttar-ákvæðum laganna verður hún nú í haust 5 milj. Þangað til endanlega verður ákveðið um, hver fer með seðlaútgáfuna, annast landsstjórnin um að Landsbankinn gefi út þá seðla, sem nauðsyn er á. Fyrst á árinu sem leið mun landsstjórnin hafa notað þessa heimild og gefið út eða látið Landsbankann gefa út 3 milj. og 300 þús., og nú í ár mun gefið út um 2 milj. og 300 þús. nýrra seðla. Í nál., sem jeg undirskrifaði á síðasta þingi, lagði jeg áherslu á, að málið yrði afgreitt á þessu þingi. En eins og jeg kem að síðar, þá er þetta örðugt mál, og þó nauðyn sje á að herða á afgreiðslu þess, ber þó ennþá meiri nauðsyn til, að það fái þann undirbúning, sem slíku stórmáli hæfir.

Stjórnin sendi umgetið frv. frá síðasta þingi til Axel Nielsens prófessors við Kaupmannahafnarháskóla og leitaði álits hans um það. Einnig sendi hún honum frv. frá hv. 2. þm. G.-K. (BK) um sjerstaka seðlaútgáfustofnun. Nú leggur stjórnin til, samkvæmt till. frá próf. Nielsen, að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna. Próf. Nielsen er þektur maður. Hann er kennari í hagfræði við Kaupmannahafnarháskóla, og má gera ráð fyrir, að hann njóti álits, úr því hann hefir komist í þá stöðu. Í þessu áliti prófessorsins, sem fyrir þinginu liggur og nefndin hefir látið þýða, eru ýmsar upplýsingar, sem auðvitað eru mjög rjettar, og verður að taka tillit til þeirra, því fremur sem maður með sjerþekkingu á í hlut. Próf. Nielsen minnist á, að þó miða verði seðlaútgáfuna við innleysanlega seðla, verði að gera ráð fyrir óinnleysanlegum seðlum fyrst um sinn. Hann bendir á, að ekki sje hægt að ákveða með lögum, hvenær íslensk króna skuli hafa náð gullgengi. Um það verður víst ekki deilt. Menn eru búnir að reka sig á það, að gengi krónunnar fer eftir ákveðnu viðskiftalögmáli, sem hefir of djúpar rætur í viðskiftalífinu til þess hægt sje að ráða yfir því með lögum. Mun próf. Nielsen hafa rjett fyrir sjer í þessu. Jeg held, að hitt sje líka rjett, að hækka verði krónuna smátt og smátt, og gæta þar allrar varkárni. Hver hækkun á krónunni er í raun og veru skattur á atvinnuvegina, og hækkunin má ekki verða svo ör, að misboðið sje atvinnuvegum þjóðarinnar. Próf. bendir á, að vafalaust muni fara svo, að gullinu verði skipað í sama sæti og það hafði fyrir stríð. Svíþjóð, Holland og Bandaríkin hafa þegar gert seðla sína innleysanlega, og undirbúningur mun vera með það í Englandi. Bendir alt á það, að gull muni verða látið skipa sama sæti og áður var. Jeg get ekki látið vera að minnast á í þessu sambandi, að hv. 2. þm. G.-K. (BK) hefir altaf lagt mikla áherslu á þýðingu gullsins, og eru nú skoðanir hans á því efni stöðugt að fá meiri og meiri staðfestingu.

Próf. Nielsen leggur áherslu á, að sig skorti kunnugleika á „existerende økonomiske Forhold“ hjer á landi, og hann bendir mjög rjettilega á, að við skipun seðlaútgáfunnar verði að taka tillit til, hvernig þessu sje háttað. Það er óhugsandi, að maður, sem ekki hefir verið hjer heima og ekki hefir tekið þátt í lífinu, sem hjer hefir verið lifað undanfarið, hafi sjerþekkingu í þessu efni. Það má benda á það, sem öllum er kunnugt, að hjer hafa áður verið harðar deilur milli Landsbankans og Íslandsbanka, en slíkt er mjög óholt fyrir fjármálalíf þjóðarinnar. Nú er þeim deilum lokið og samkomulagið gott, og er

það mjög mikilsvert. En því má ekki gleyma, að ef komið verður á þeirri skipun seðlaútgáfunnar, sem hjer er gert ráð fyrir, gæti það vakið upp einhvern neista af gömlu deilunum. Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð úr ummælum, sem stjórn Íslandsbanka hafði um þetta mál á fundi, sem hún átti með nefndinni. Jeg skal geta þess um leið, að í prentun hefir fallið úr ein setning, sem síðar má leiðrjetta. Hjer er engin ádeila á ferðinni, aðeins leitast við að ræða málið hlutlaust. Bankastjórnin segir:

„Væri nú stjórn seðlaútgáfunnar lögð í hendur manna, þar sem stöðugt eru að reka sig á hagsmunir, ekki einungis bankanna sjálfra, heldur einnig hagsmunir viðskiftamannanna, bæði milli viðskiftamanna hvors banka um sig, og milli viðskiftamanna annars bankans gagnvart viðskiftamönnum hins, þá hlyti — hversu gott mannval sem væri — ávalt að vera hætt við því, að seðlaútgáfan yrði fyrir áhrifum mála og viðskifta, sem væru henni óviðkomandi og orsökuðu, að í seðlaútgáfunni yrði annað gert en það, sem hefði verið gert, ef aðeins hefði verið látið stjórnast af því, sem heill landsins yfir höfuð sagði til um. Þetta gæti auðveldlega orðið, án þess að nokkur maður vildi gera annað en hið besta, en skoðanir manna hlytu að litast af daglegum störfum, og málefnin sæjust þá ósjálfrátt skærast í ljósi viðskiftahagsmunanna."

Jeg vildi vekja athygli á þessum möguleika, sem prófessorinn gat ekki um, af því hann er þessum hlutum ókunnur. Þetta er einmitt í sambandi við „existerende ökonomiske Forhold."

Hæstv. fjármálaráðh. vakti eftirtekt á því, er hann lagði þetta frv. fyrir hæstv. deild, að það lægi í hlutarins eðli, að um leið og Landsbankinn yrði seðlabanki, þá yrði hann að draga inn seglin og viðhafa ennþá meiri varúð í útlánum sínum.

Jeg get ekki betur sjeð, og það var alment álitið svo af meðnefndarmönnum mínum, en að þessi ummæli hæstv. fjrh. (JÞ) væri í alla staði rjett. En sú er önnur hlið á málinu, að ef Landsbankinn á að draga verulega inn seglin, hvernig fer þá um framleiðsluna og um viðskiftalíf þjóðarinnar? Því þess ber að gæta, að lögum samkvæmt á Íslandsbanki árlega að draga inn seðla sína, en afleiðingin af því hlýtur að verða sú, að hann verður að draga úr lánum sínum. Ef því báðir bankarnir eiga að draga inn seglin, hvernig fer þá um viðskiftalífið? Hingað til hefir Íslandsbanki, þrátt fyrir inndráttinn, verið píndur vegna viðskiftalífsins að veita meira af lánum en eðlilegt væri. Fyrir bankann sjálfan hefði eftir minni skoðun verið heppilegra að lána minna og binda sig eingöngu við altrygg lán, en hvernig færi þá um ýms þau fyrirtæki, sem nú eru að ná sjer, ef þau væru yfirgefin af bankanum? Og ef bankanum hefði verið komið fyrir kattarnef, þá hefði góðærisins orðið minna vart en nú er raun orðin á. Þessi aðstaða bankanna, sem jeg mintist á áðan til viðskiftalífsins, er auðvitað sterkur liður í „de existerende ökonomiske Forhold," sem ekki verður gengið fram hjá. Jeg leyfi mjer einnig að efast um, að prófessor Nielsen sje nægilega kunnugt, hve mikil áhættufyrirtæki það eru, sem bankarnir verða að veita lán. Jeg á við sjávarútveginn. Og eftir því sem Íslandsbanki drægi meira inn seglin, mundi Landsbankinn neyddur til að

veita sjávarútveginum meiri lán, eða ef hann ekki gerði það, þá mundi koma kyrkingur í sjávarútveginn. En óheppilegt er, að seðlabanki sje riðinn við svo mikil áhættulán. Jeg hefi því leyft mjer, ekki til þess að mótmæla prófessor Nielsen, heldur til þess að taka í sama streng og hann, að benda á, hvað nauðsynlegt er, að tekið sje tillit til „de økonomiske existerende Forhold," þegar leggja á grundvöllinn undir seðlaútgáfu ríkisins.

Prófessor Nielsen segir ennfremur, að þó að það skifti miklu máli að þekkja fjárhagsástæður þjóðarinnar, þá verði þó að taka mjög mikið tillit til „teorien", sem sje runnin af og orðin til í gegnum þá veraldarreynslu, sem fengin sje í bankamálunum. Þetta er auðvitað í alla staði rjett, enda má nærri geta, að öll nýrri bankalög eru mótuð af hinni eldreyndu „teori". En þegar prófessorinn fer að gera tillögur um fyrirkomulag seðlabanka vors og leggur til, að seðlaútgáfan sje falin Landsbankanum, þá virðist mjer hann snúa bakinu að þeirri reynslu, sem hann rjettilega hefir lofsungið svo mjög. Landsbankinn hefir þannig, eins og kunnugt er, mjög mikið sparisjóðsfje, en samkv. orðum prófessorsins sjálfs munu seðlabankar yfirleitt ekki fást við sparisjóðsstarfsemi. Þarna eigum við í bankastarfsemi vorri að fara að ganga beint á móti reynslunni. Prófessorinn segir, á bls. 15:

„Jeg vil da fremhæve, at mig bekendt driver ingen Seddelbank en Sparekassevirksomhed, men dette er vel mere betinget af den faktisk stedfundne Udvikling en ud fra en principiel Afvisning af Tanken."

Já, viðurkenningin er þarna fyrir því, að enginn seðlabanki hafi sparisjóðsstarfsemi, en svo segir prófessorinn, að þetta sje þó að líkindum ekki af „en principiel Afvisning af Tanken," en jeg spyr þá: Hvað er „den faktisk stedfundne Udvikling"? Það er sú framþróun í bankamálum, sem reynslan hefir skapað. Þessvegna verð jeg að segja það, þó að jeg viti, að menn geti lært mikið af „teoriu" prófessorsins, að jeg sje ekki betur en að þær bendingar, sem hann gefur okkur, sjeu í þá átt, að við eigum að taka upp nýja stefnu, sem er á móti alþjóðareynslu, og jeg geri ráð fyrir, að okkar litla þjóð hafi ekki ráð á að gera þetta stökk á móti reynslunni. En svo er önnur spurning: Höfum við þá nokkra aðra reynslu en veraldarreynsluna í þessu máli? Það vill svo vel til, að auk þess höfum við reynslu í okkar eigin landi, og sem beinlínis varar okkur við því, að stíga þetta spor. „Brent barn forðast eldinn." Eins og kunnugt er, hafði Íslandsbanki allmikið innlánsfje, og auk þess lánaði hann sjávarútveginum fje, en þar er, eins og jeg drap á áður, um mjög áhættusöm fyrirtæki að ræða. Þessi banki hafði og seðlaútgáfuna. Ein af aðalástæðum þess, að bankinn tapaði svo miklu fje, hygg jeg einmitt hafi verið, að hann var öðruvísi úr garði gerður en seðlabankar eiga að vera. Hann var ekki bygður upp í samræmi við reynsluna! Jeg sje þessvegna ekki betur en að það sje á móti alheimsreynslunni, að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, og jeg sje heldur ekki annað en að það sje á móti þeirri reynslu, sem við höfum í okkar landi.

Það er nú auðsjeð að þeim athugasemdum, sem ríkisstjórnin hefir gert við

þetta frv., að hún sjer ýmsa annmarka á því, að fela Landsbankanum seðlaútgáfuna, en hinsvegar vill hún samt gera þetta, af því að hún sjer ekki fært að stofna sjerstakan seðlabanka.

Við höfum nú tvo banka í þessu landi, sjálfsagt tiltölulega stóra, samanborið við stærð þjóðarinnar, þótt smáir sje í raun og veru. Báðir þessir bankar hafa viðtæk sambönd erlendis, sem auðvitað styrkjast við það, ef fyrirkomulag bankanna hjer er líkt því, sem reynsla annara landa heimtar. Það eru til stórar og smáar vjelar af sömu gerð. Smáu vjelarnar hætta að ganga, ef þær hafa ekki sama hjólafjölda og þær stærri. Eins er það með bankana. Bankakerfið verður að vera líkt hjer og annarsstaðar, þó hjólin, sem fjármálin snúast um, sjeu mjög mismunandi að stærð. Seðlabanki hjer verður að hafa sama hlutverk eins og seðlabankar annarsstaðar, hann verður eins og prófessorinn segir, að vera bankanna banki, hann hefði aðallega viðskifti við bankana. Þeir fá seðla hjá honum gegn tryggingum, endursölu víxla o. s. frv. Hann fæst væntanlega einnig við gjaldeyriskaup, eftir því sem atvik liggja til. Og þar sem hinir bankarnir eiga að sækja seðla til hans, þá er hann með áhrifum þeim, sem hann í gegnum seðlana fær á bankana, orðinn lifandi liður í viðskiftalífi þjóðarinnar. Því hefir ennfremur verið haldið fram, að við hefðum ekki afl til að koma þessum banka á stofn, gætum ekki gulltrygt seðla hans, en auðvitað yrði að gera það. Í fyrsta lagi yrði nú hægt að fá gull Íslandsbanka, ca. 2.250.000 kr., með sæmilegum kjörum, og með þeim tryggingarákvæðum, sem nú eru, þá mundi með því mega tryggja um 8.000.000 kr., ef innieign erlendis er einnig notað, samkv. núgildandi tryggingarákvæðum. Það er og ljóst, að það yrði ekki örðugra fyrir ríkissjóð að útvega nýjum seðlabanka gull heldur en Landsbankanum. Bæði hlýtur að þurfa aðstoð ríkissjóðs til þess, því Landsbankinn fer þó ekki að kaupa gull fyrir sparisjóðsfje!

Nú skulum við segja, að seðlar yrðu gefnir út alt að 10 miljónum. Þá þarf ekki svo mjög mikið gull í viðbót við Íslandsbankagullið. Jeg vil ennfremur, í sambandi við stofnun sjerstaks seðlabanka, skjóta fram annari hugsun, sem umsjónarmaður banka og sparisjóða hjer fór vingjarnlegum orðum um í umræðum um Ræktunarsjóðinn. Hann sagðist líta svo á, að vel mætti sameina seðlabanka og ríkisveðbanka. Það er auðvitað, að sambandið á milli þeirra yrði ekki annað en persónusamband. Í fyrsta lagi gæti það haft þá þýðingu, að það yrði minni kostnaður við báða bankana, og auk þess mundi það styrkja ríkisveðbankann í áliti, að bankastjórar seðlabankans veittu honum forstöðu. Og ef til vill mundi þeim greiðara að selja brjef bankans erlendis. Þó að ákveðið hafi verið með lögum að stofna ríkisveðbankann, þá hafa enn þá engar framkvæmdir orðið í því máli. Þörfin á bankanum er þó orðin afarbrýn, ekki aðeins vegna landbúnaðarins, þá þörf þekkja allir, heldur einnig vegna kaupstaðanna. Því nú er það svo, að hvorugur bankinn lánar eyri til húsabygginga, svo að þeir, sem vilja koma upp húsum, verða að fá lán hjá einstökum mönnum með afarerfiðum kjörum, og afleiðingin verður sú, að sá þáttur, hin dýra húsaleiga, sem var sterkasta orsökin til dýrtíðarinnar á undanförnum árum, heldur áfram að vera til.

Auðvitað er það skilyrði fyrir því, að ríkisveðbankinn verði að tilætluðum notum, að reynt sje að haga brjefum hans svo, að þau verði sem best seljanleg á erlendum markaði. Má vera, að gera yrði breytingar á lögum ríkisveðbankans, og sjálfsagt væri að rannsaka erlendis, hvaða fyrirkomulag væri heppilegast á brjefunum.

En þá er að athuga það, hvort nokkuð geti verið því til fyrirstöðu, að seðlabanki og ríkisveðbankinn geti staðið í sambandi. Jeg bendi aftur á það, að hjer er aðeins um persónusamband að ræða, og auðvitað getur ekki komið til mála, að seðlabankinn „rediskonteri" hin löngu lán ríkisveðbankans. Á því sviði getur ekki verið að ræða um neina freistingu fyrir seðlabankann, því það verður að skoðast fyrirfram útilokað. Hinsvegar gæti seðlabankinn auðvitað keypt erlendan gjaldeyri af ríkisveðbankanum, sem hann fengi við brjefasölu erlendis.

Jeg hefi þá, í eins fáum orðum og hægt er, sýnt í stórum dráttum afstöðu mína til þessa merkilega máls. Jeg segi merkilega máls, af því jeg er sannfærður um, að það er þýðingarmesta málið, sem liggur fyrir þessu þingi. Er því ekki hægt að ætlast til, að ein þingnefnd, sem annars er hlaðin störfum, geti sökt sjer svo niður í það, að það sje fullnaðarrannsókn. Það er alveg óhugsandi, að hún geti framkvæmt allar þær rannsóknir, sem eru nauðsynlegar í slíku stórmáli.

Þessvegna er alveg óverjandi að ráða þessu máli til lykta nú, án þess að kynna sjer ítarlega reynslu annara banka í þessum efnum. Og það ekki síður, þegar stökkið, sem á að taka, er á móti reynslunni. Því að það hefir verið upplýst af sjerfræðingum, að það fyrirkomulag, sem hjer er farið fram á að setja, er á móti veraldarreynslunni.

Fjhn. hefir haldið um 20 fundi um þetta mál. Og hafa sumir þeirra tekið langan tíma. Var það ekki fyr en á síðustu fundunum, að nefndin klofnaði. Minnihluti hennar leggur til, að frv. stjórnarinnar sje samþykt. En meirihlutinn vill ekki láta ráða málinu til lykta, án frekari rannsóknar.

Verði nú dagskrá meirihlutans samþykt, þá mun hann bera fram till. til þál. um skipun milliþinganefndar, til þess að rannsaka þetta mál. Og jeg er í efa um, að nokkurntíma hafi hjer á Alþingi verið skipuð nefnd, sem þýðingarmeira starf hefir átt að vinna.

Ef seilst verður eftir þeim mönnum í þessa nefnd, sem sjerþekkingu hafa á peningamálum, má búast við, að margt komi fram við ítarlega rannsókn á þessu máli, sem mikla þýðingu getur haft fyrir þjóðina, því að ennþá eru peningamál vor í allmikilli bernsku.

Því verður ekki í móti mælt, að atvinnuvegir okkar eru að blómgast, og mikill áhugi er vaknaður fyrir því, að koma þeim lengra og lengra. Og það er ekki hægt að bera á móti því, að í báðum aðalatvinnuvegum okkar eru menn, sem sýnt hafa sjerstakt þol og hugprýði á þeim erfiðu tímum, sem yfir þá hafa gengið nú á síðustu árum. Hefir hugprýði þeirra sýnt sig í því, að þeir hafa ótrauðir haldið áfram meðan við vorum niðri í bylgjudal erfiðleikanna. Meðan við því eigum svona menn, eru til stórfeldir möguleikar til þess að lyfta atvinnuvegunum á hærra stig. Einmitt í samræmi við þetta framtak þjóðarinnar þarf bankastarfsemin að vera.

Það þarf að vera rjettur skilningur á atvinnuvegunum, og jafnframt kraftur til þess að framfylgja þeim skilningi. Við megum því ekki stiga skrefið móti reynslu annara þjóða. Því ef bankastarfsemin gengur aftur á bak, þá ganga atvinnuvegirnir það líka. Jeg vil því undirstrika það, sem jeg sagði áðan, að bankamálið er stærsta málið, sem liggur fyrir þessu þingi. Og jeg vænti fastlega, að allir taki höndum saman um að hrinda því fram á rjetta leið.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að það væri að mörgu leyti gott að fá frest í málinu. Jeg er þakklátur honum fyrir þau ummæli. En það, sem hann óttaðist við hann, var það, að einhver atvik kynnu að koma fyrir á þessu ári, sem yrðu því valdandi, að bankarnir mistu tök á gjaldeyriskaupum. En þó ákvarðanir um sjerstakan seðlabanka frestuðust um eitt ár, þá ætti með góðri samvinnu á milli bankanna ekki að vera nein hætta á því. Á síðasta ári var mjög góð samvinna í því máli, og er að vænta, að svo muni enn verða.

Mun jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál nú. En það þætti mjer vel fara, ef þetta mál yrði dregið út af hinum pólitiska vígvelli. Að það þyrfti ekki að verða keppikefli milli þingflokkanna. Og það get jeg fullvissað hæstv. fjrh. um, að tillaga þessi er ekki borin fram til þess að kasta steini í götu hæstv. stjórnar. Síður en svo. Jeg skil vel, hve málið er flókið. En drátturinn á því stafar ekki af öðru en að menn telja það ekki svo rannsakað sem skyldi.

Jeg vil nú vona, að flokkarnir í þinginu taki höndum saman í máli þessu og leiði það til farsælla lykta.

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Háttv. frsm. meirihl. (SE) hefir nú að nokkru leyti tekið það fram, sem fjhn. greindi á um. Á þskj. 367 hafa þeir fjórir nefndarmenn, sem leggja til, að málinu sje frestað, gert grein fyrir afstöðu sinni, en eins og þar kemur fram, sjest það ljóslega, að það er af ólíkum ástæðum hjá þeim, sem mynda meirihl., hverjum fyrir sig, að þeir vilja fresta því.

Eins og sakir standa, hefi jeg ekki sjeð mjer fært að fylgja tillögu um frestun málsins nú, og fyrir þeirri afstöðu minni hefi jeg gert grein á þskj. 300.

Þó vil jeg með nokkrum orðum minnast á sögu þessa máls, síðan jeg kom á þing.

Á síðasta þingi klofnaði fjhn. þessarar hv. deildar í þrent á þessu máli. Var jeg þá, ásamt hv. frsm. meirihl. (SE) í einum hlutanum. Eins og sjá má í nál. okkar, komumst við að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn bæri til, að þetta mál yrði leitt til lykta eins fljótt og hægt væri, helst ekki síðar en á þessu þingi.

Hv. 2. þm. G.-K. (BK) hafði þá, eins og nú, sjerstöðu í málinu. Og ætti öllum að vera skiljanlegt, þegar það er athugað, að hann einn af öllum þdm. er að kalla má sjerfræðingur í bankamálum. Gerði hann þá eins og nú sjerstaka grein fyrir sinni afstöðu.

Tveir nefndarmenn, þeir hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP), lögðu þá til, að frv. yrði samþ. með litlum breytingum. En nú leggjast þeir aftur á móti þessu frv., sem þó í meginatriðum er samhljóða frv. frá í fyrra. Þetta er þeim mun óskiljanlegra, er þeir í áliti sínu nú drepa á, að það hafi frá í fyrra tekið

ýmsum breytingum til bóta. (JJ: Og til spillingar líka). Þetta ásamt öðru sýnir, að ástæðurnar fyrir frestuninni eru ólíkar hjá hv. meirihl.

Jeg gat nú ekki sannfærst af þeim rökum, sem hv. frsm. meirihl. færði fram, að nauðsyn bæri til að fresta þessu máli nú. Því jeg lít svo á, að bráðabirgðafyrirkomulag um seðlaútgáfuna, samkvæmt lögum frá 1922, sje alveg óforsvaranlegt ástand og megi ekki eiga sjer stað til lengdar. Enda er fullkomlega ljóst, að þingið 1922 ætlaðist ekki til, að þessu máli væri skotið á frest ár eftir ár, sem er ofur-skiljanlegt, þar sem, eins og nú standa sakir, að seðlaútgáfan er komin til Landsbankans, án þess að hann hafi seðlana gulltrygða, og yfir höfuð án þess að hann hafi þær skyldur, sem seðlabanka ber að hafa.

Háttv. frsm. meirihl. talaði langt mál um nauðsyn á rannsókn í þessu máli. Jeg get að sumu leyti tekið undir það, sem hann sagði, því að altaf eru í slíkum málum nægar ástæður til að óska rannsóknar, sem færa má skynsamleg rök fyrir. En aftur ber þess að gæta, hvað fram fer meðan slík rannsókn stendur yfir. Eftir þeim verkefnum, sem til mun ætlast, að væntanleg milliþinganefnd í þessu máli hafi með höndum, verð jeg að láta í ljós efa um, að hún geti á einu ári gert svo ítarlega rannsókn á málinu, að þeir, sem nú vilja fresta því, vildu þá óska, að það kæmist í framkvæmd.

Þá mintist hv. frsm. meirihl. á, að ekki væri víst, að frv. um Ræktunarsjóðinn næði fram að ganga á þessu þingi. Væri það því eitt atriði, sem væntanleg nefnd þyrfti að rannsaka. Sömuleiðis þyrfti að rannsaka, hvort ekki gæti komið til greina, að láta veðbankann hafa seðlaútgáfuna. Ennfremur átti nefndin að rannsaka, hvort ekki gæti verið skynsamlegt að veita nýjum banka einkaleyfi.

Jafnframt vildi hann, að tekin yrði til greina uppástunga A. Nielsens, að athuga alla bankalöggjöf landsins í heild. Það ætti því öllum að vera fyllilega ljóst, að slíkt starf fyrir eina þingnefnd hlyti að vera svo mikið, að það væri of mikil bjartsýni að ætlast til, að hún gæti komið með úrlausn á öllum þessum málum fyrir næsta þing.

Eins og jeg hefi bent á, tel jeg þá skipun, sem nú er á um seðlaútgáfuna, ekki hættulausa. En jeg tel stjfrv. sæmilega og verjandi lausn á málinu. Sama telja þeir A. Nielsen og Jón Krabbe, sem leitað hefir verið álits til í þessu máli. Sá síðarnefndi telur sparisjóðsfjeð vera til styrktar bankanum, sem seðlabanka. Í sama sambandi nefnir hann veðdeildina, og fer þeim orðum um hvorttveggja, að það sje áhættulaust fyrir bankann, en gefi honum vald til þess að tryggja peningamál landsins í heild sinni.

Jeg held því vitanlega ekki fram, að hjer sje nema um álit eins manns að ræða. En hv. frsm. meirihl. hefir ekki komið fram með svo sterk rök gegn þessu, að jeg geti ekki fallist á, að fela megi Landsbankanum seðlaútgáfuna, þó að hann hafi sparisjóðsfje.

Þá mintist hv. frsm. meirihl. á, að því betur sem nefndin hefði grafið sig niður í þetta mál, því ljósara hefði henni orðið, að hjer þyrfti mikið að gera, og þetta væri þýðingarmikið mál. Jeg er honum sammála um þetta. En einmitt af því að málið er þýðingarmikið, þá vil jeg láta ráða því til lykta á viðun-

andi hátt, án þess að láta það dragast alt of lengi.

Þá mintist hann á deilur þær, er voru milli bankanna áður, en taldi samkomulagið nú orðið gott. Annars skildist mjer á ræðu, hans, að það, sem ylli frestunartillögunni, væri aðallega tvent. Annarsvegar uggur vissra manna við það, að Landsbankinn fari með seðlaútgáfuna. Hinsvegar þörfina á því, að rannsaka möguleikana fyrir stofnun ríkisseðlabanka. Þetta tvent virtist einkum vaka fyrir hv. 1. landsk. (SE) og valda því, að hann vill, að málinu verði frestað og athugað betur.

Jeg vjek að því áðan, að aðrir tveir nefndarmenn væru nokkuð annarar skoðunar í þessu máli nú en í fyrra, og nægir því til sönnunar að benda á nál. þeirra hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) frá síðasta þingi, og nál. það, sem nú er samferða nál. meirihl. á þskj. 367. Jeg fæ ekki vel skilið, hvernig þeir hv. þm., sem voru reiðubúnir að samþykkja Landsbankafrv. í fyrra óbreytt, eða töluðu a. m. k. ekki um breytingar á því, nema helst á æðstu stjórn bankans, fara að því, að halda því fram nú, að þetta frv. sje stórhættulegt fyrir þjóðina, nema þeim hafi stórkostlega snúist hugur.

Þeir tveir hv. þm. (JJ og IP), sem jeg nefndi áðan, leggjast nú einkum á móti því, að bankinn verði hlutabanki og taki á móti fje frá einstökum mönnur. En jeg vil benda hv. þdm. á það, að þetta ákvæði stendur nú í frv. alveg eins og í fyrra, og virðist ekki vera sjerstök ástæða fyrir þá, sem vildu samþykkja bankann með hlutafje frá einstökum mönnum í fyrra, að álíta það svo stórkostlega hættulegt nú. Þetta neyðarbrauð, sem þeir kalla nú, voru þeir reiðubúnir að rjetta þjóðinni á síðasta þingi. Jeg tel annars rjett, að útiloka hlutafje frá einstökum mönnum, og hefi jeg gert grein fyrir því í nál., hversvegna jeg álít það ekki æskilegt, að einstakir menn eigi hluti í bankanum. Sú skoðun, að slíkt geti haft óheppileg áhrif á stjórn bankans, liggur alveg opin fyrir.

Nú er vitanlegt, að seðlabankar víðsvegar um heim eru aðallega taldir fjögurra tegunda: Bankar, sem eru ríkiseign, einkaeign, og bæði ríkiseign og einkaeign á mismunandi stigi. Ef banki er ríkiseign, þá leggur ríkið til alt stofnfjeð og á bankann að öllu leyti og ræður stjórn hans. Þannig eru rússneski bankinn, sænski þjóðbankinn og Búlgaríu-þjóðbankinn. Privatbankinn er t. d. hreinn hlutabanki, en ríkið skipar bara fyrir um gulltryggingu seðla og innlausn, en skiftir sjer að öðru leyti ekki af því, hvernig bankinn „disponerar" yfir sínu fje. Má hjer og nefna til dæmir Englandsbanka. Þriðja tegund banka hefir fje frá einstaklingum, en ríkið skipar stjórn og bankaráð. Loks er 4. tegundin þar sem ríkið tekur hluti í bankanum ásamt einstaklingum, eins og upphaflega var til ætlast með þessu Landsbankafrv. Ef nú „privat"-fje er lagt í bankann, þá er hætta á því, að bankanum kunni að verða stjórnað eftir öðrum reglum en telja verður heppilegt fyrir þjóðbanka, sem hefir seðlaútgáfu með höndum, og eins rennur þá nokkuð af arðinum af seðlaútgáfunni til einstakra manna, í stað þess að lenda hjá ríkinu. Jeg hefi því leyft mjer að gera þá breytingu hjer, að „privat"-fje skuli ekki eiga aðgang að bankanum sem hlutafje, en ríkið eitt og opinberir sjóðir og stofnanir geti orðið hluthafar.

Þá vil jeg geta þess, að bæði jeg og fleiri í fjhn. lítum svo á, að 9. gr. frv. ætti að falla burtu. Í fyrsta lagi af því, að hún væri óþörf og jafnvel skaðleg. Það er heimild fyrir stjórnina, að hún megi veita bankanum undanþágu frá gulltryggingu seðla. Jeg tel óheppilegt, að þetta ákvæði standi hjer. Því þó það sje víst, að slíkt geti komið fyrir, að stjórnin verði að heimila slíka undanþágu, til bráðabirgða, þá er slíkt svo sjaldgæft, að rjettara er að veita hann með bráðabirgðalögum, þegar nauðsyn krefur.

Sem sagt, jeg get ekki fallist á nýjan frest í málinu, þrátt fyrir þær ástæður, sem fram hafa komið frá hv. meirihl. fjhn. Jeg þykist þess fullviss, að ekki muni koma fram till., sem öllum þætti viðunandi lausn á málum þessum, þó beðið væri til næsta þings, svo drátturinn mundi verða ennþá lengri. Sjálfur álít jeg, að ástandið leyfi ekki frest um óákveðinn tíma, en það er fullkomin ástæða til þess að efast um það, að nefndin fengi lokið störfum fyrir næsta þing, og enn meiri ástæða til þess að ætla, að hún yrði ekki sammála, og er þá málinu í raun og veru ekkert betur komið en nú er. Og meðan á þessu stendur, heldur þetta bráðabirgðaástand áfram. Jeg get ekki skilið, að stjórnin sjái sjer fært að halda áfram í það óendanlega að auka seðlaútgáfuna samkvæmt lögunum frá 1922, heldur yrði Íslandsbanki að stöðva inndrátt sinn. Enda heyrðist mjer á hv. frsm. meirihl. (SE), að hann áliti það líklegustu lausn málsins í bráð. Það er því, eins og jeg hefi nú leitast við að leiða rök að, alveg undir atvikum komið, hvort sú nýja rannsókn, sem hjer er farið fram á, reynist heppileg eða ekki. En á hinn bóginn verð jeg að halda því fram, að það sje fær leið, sem þetta frv. bendir á, og ættu hv. þdm. að geta fallist á það, að afgreiða málið eins og frv. nú liggur fyrir, með þeim breytingum, sem jeg hefi leyft mjer að leggja til, að gerðar yrðu, og fleirum, t. d. þeirri breytingu á æðstu stjórn bankans, sem hv. 5. landsk. (JJ) vill gera. En vitanlega þýðir ekkert að tala um breytingar á frv., sem meirihl. þm. vill ekki leiða til lykta.

En ef horfið er að því, að fresta málinu, með það fyrir augum, að frv. um það mál, er nú liggur fyrir, nái fram að ganga á næsta þingi, þannig, að seðlaútgáfan komist í viðunandi horf, þá verður vafalaust að slá eitthvað af kröfum hv. 1. landsk. þm. (SE), sem hann vildi gera til væntanlegrar nefndar um rannsókn í málinu. Ef hún á að leysa af hendi alt, sem hann ætlast til, þá geng jeg þess ekki dulinn, að fresturinn verður að vera miklu lengri en eitt ár. Þessvegna hefi jeg ekki viljað aðhyllast frestinn, en legg til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem jeg hefi leyft mjer að gera og standa á þskj. 300.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þegar nú á að taka ákvörðun um þetta frv., þá verða menn fyrst og fremst að gera sjer það ljóst, hvort Alþingi eigi að sinna því eitthvað meira en hv. fjhn. þessarar deildar hefir gert, eða vísa því þegar frá að öðrum kosti. Menn verða þá náttúrlega að gera sjer ljóst, hvort frv. það, sem hjer liggur fyrir, leiði inn á rjetta eða a. m. k. forsvaranlega braut um seðlaútgáfuna, m. ö. o., hvort rjett sje að gera Landsbankann að seðlabanka, eins og frv. fer fram á. Ef mönnum sýnist sú stefna rjett, þá tel jeg sjálf-

sagt að taka frv. til efnismeðferðar. Þá kemur auðvitað til greina, að hve miklu leyti beri að breyta einstökum gr. frv., og verða atkvæði að skera úr því. En því aðeins er rjett að vísa málinu frá, að menn áliti, að fara beri aðra leið í málinu en þá, að gera Landsbankann að seðlabanka. Til þess að skýra þetta, tel jeg að ræða beri einkum um þetta meginatriði frv.

Í fyrsta lagi verður þá að líta á það, hvert sje og verði að vera aðalverkefni seðlabankans hjer á landi á næstu árum. En kringumstæðurnar eru nú svo erfiðar, og það verk, sem bíður slíks banka á næstu árum, svo örðugt, að þeirri stofnun, sem getur tekið það að sjer, verður ekki um það neitað, að hún sje fær um að vera seðlabanki fyrir landið. Gengi peninga vorra er komið á ringulreið, og við búum nú við óinnleysanlega seðla, sem eru langt fyrir neðan gullgengi. Og hvað sem líður skoðunum manna um úrlausn gengismálsins, þá mun öllum koma saman um, að nauðsynlegt sje að halda genginu stöðugu, eða hækka það upp í það mark, sem þjóðin óskar. Þetta verkefni hlýtur að hvíla fyrst og fremst á seðlabankanum, og hlýtur hann að rækja það aðallega með tvennu móti. Í fyrsta lagi með því að safna sjer innieign utanlands, þegar afkoma atvinnuveganna leyfir það, að lagt sje fyrir erlendis nokkuð af þeim arði, er þeir hafa gefið, til þess að hægt sje að miðla þar af í þeim árum, er að kreppir og atvinnuvegirnir geta ekki staðist, án þess að fá nýtt fjármagn. Og þetta nýja fjármagn verður þá fyrst og fremst þessi erlenda innieign. En þjóðbankinn verður líka að hafa aðstöðu til þess að geta útvegað lánsfje til viðbótar, ef innieignin frá góðu árunum nægir ekki. Nú er það kostnaðarsamt að eiga mikla handbæra innieign í erlendum bönkum, því þeir gefa miklu lægri vexti en hjer eru greiddir af sparisjóðsinnstæðu. Það er því auðsjáanlegt, að ekki er hægt að heimta slíkt af stofnun, sem ekki hefir annað fje til umráða en lánsfje, sem hún verður að greiða af hærri vexti en af sparisjóðsfje, og auk þess sparisjóðsfje og fje á hlaupareikningi. Það er næsta takmarkað, hvað heimta má af slíkri stofnun að hún safni innieignum erlendis á góðu árunum. Það sýnist vera eðlilegt, að seðlabankinn beri þessa þjóðfjelagsbyrði, enda má segja, að svo sje nú. Íslandsbanki hefir reynt að safna sjer nokkurri innieign erlendis árið sem leið, og Landsbankinn líka, en báðir hafa þeir nú sem stendur nokkurn seðlaútgáfurjett. En eftir 2—3 ár er svo til ætlast, að Íslandsbanki hafi dregið inn mikið af sínum seðlum, svo það verða ekki með rjettu gerðar miklar kröfur til hans í þessu efni. En jafnframt færist rjetturinn yfir til Landsbankans, samkvæmt lögunum frá 1922, en með þeim kjörum, að hann verður að greiða 6% af þeim seðlum, er hann gefur út, og það skapar ekki möguleika fyrir því, að hann geti legið með arðlaust fje erlendis.

Hin hlið seðlabankastarfseminnar er sú, að hafa sem mest áhrif um þá almennu lánastarfsemi í landinu. Það er auðvitað, að hann ræður sjer sjálfur, en hann verður einnig að geta haft mikil áhrif á aðrar lánsstofnanir, einkum í þá átt að koma í veg fyrir misnotkun lánsfjárins, sjerstaklega þegar svo stendur á, að vænta má bráðlega kreppu í atvinnulífinu. Þegar svo sendur á, verður að draga úr lánveitingum, og

er það hans verkefni að sjá til þess. En hinsvegar verður hann að vera við því búinn að hlaupa undir bagga af eigin efnum, þegar kreppan er skollin á og atvinnuvegirnir geta ekki komist af án þess að fá hjálp.

Það er þetta tvent, sem jeg vil benda á sem hlutverk seðlabankans: að halda gengi peninganna í horfi meðan það er óstöðugt, og veita atvinnuvegunum stuðning á krepputímum og verja þá áföllum.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um helstu mótbárurnar, sem fram hafa komið gegn því, að gera Landsbankann að seðlabanka, einkum þær, sem fram koma í fylgiskjölum við nál. hv. meirihl. fjhn. á þskj. 367 og í ræðu hv. frsm. meirihl. (SE) — mótbárur, sem koma, eins og hv. þm. Vestm. sagði, sín úr hverri áttinni, og mjög mismunandi eðlis.

Þá er fyrst sú mótbára hv. 2. þm. G.-K. (BK), að stofnfje Landsbankans sje of lítið, svo lítið, að það sje ekki tryggilegt, að ætla honum þetta mikla verkefni. Jeg get fallist á það, að stofnfjeð sje of lítið, en frv. vill ráða bót á þessu atriði, með aukningu stofnfjárins um 2 milj. kr., og þyki mönnum það ekki nóg, geta þeir borið fram brtt. um, að stofnfjeð skuli t. d. hækka um 4 miljónir, og er það að vísu ekki of mikið fyrir seðlabanka.

Þá hefir sami hv. þm. (BK) haft ýmislegt að athuga við stjórn bankans og endurskoðun, en í þeim athugasemdum felst engin grundvallarmótbára gegn því, að gera Landsbankann að seðlabanka. Þá talaði hann og um það, að núverandi bankastjórn væri skipuð upp á lífstíð. Þetta atriði er nú ekki þannig vaxið, að deila þurfi um það, því að altaf er hægt að ráða fram úr því máli, því að ríkisvaldið hefir altaf ráð til þess að skifta um menn, ef nauðsyn krefur.

Þá kem jeg að því, er jeg kalla höfuðástæðurnar, er færðar hafa verið fram gegn frv., og er þá fyrst að minnast á þá ástæðu, að bankinn hafi of mikið sparisjóðsfje, og noti það sem veltufje. Þetta telja menn, að stríði á móti alheimsreglu í slíku máli og reynslu erlendra banka um sparisjóðsfje, en jeg vil í þessu sambandi benda á umsögn próf. Axel Nielsens og Jóns Krabbe skrifstofustjóra um þetta efni. Erlendis hafa bankar ekki mikið sparisjóðsfje undir höndum. En hjer er það svo, að sama stofnunin verður að reka bæði sparisjóðsstarfsemi og bankaviðskifti, og er þetta í sjálfu sjer eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, hvernig ástatt er hjer í landi. Jeg held, að hið rjettasta, sem sagt hefir verið í þessu máli, sje það, er jeg ætla að standi hjá Jóni Krabbe, að sparisjóðsfje þurfi að ávaxta gætilega. Lán úr sparisjóðum mega að vísu vera löng, en þau þurfa að vera vel trygð. Og þetta er hið sama sem krefjast verður af seðlabanka um útlán. Hjer er því ekki um neitt ósamræmi að ræða, þótt seðlabanki reki sparisjóðsstarfsemi jafnhliða. En hinsvegar er sá munur á, að útlán seðlabanka þurfa yfirleitt að vera til skamms tíma, annaðhvort stuttir víxlar eða seljanleg verðbrjef. En þó vil jeg segja, að þótt bankinn hafi sparisjóðsfje með höndum, þá þarf að byggja starfsemi hans aðallega á stuttum lánum, en þó er forsvaranlegt að festa nokkuð af sparisjóðsfjenu í löngum lánum. Þetta eru bankarnir hjer vanir við, og jeg

held, að það þurfi ekki að verða neinni peningastofnun að falli, og jeg get ekki sannfærst um, að peningamálum landsins stafi hætta af því, þótt seðlabanki hafi sparisjóðsfje undir höndum. Og þegar á að meta mótbárur þær, sem komið hafa fram, verður það afgerandi spurning: Hver úrræði eigum við önnur en láta Landsbankann hafa seðlaútgáfuna?

Hv. frsm. meirihl. vísaði til ummæla minna við 1. umr. þessa máls, en þau orð, er hann hafði eftir mjer, voru ekki rjett hermd. Og satt að segja skil jeg ekki, hvernig nokkrum manni getur dottið í hug, að veltufje muni verða meira eða minna í landinu eftir því, hvort seðlarnir eru gefnir út í Landsbankanum eða í stjórnarráðinu.

Þegar jeg held því fram, að Landsbankinn verði að sýna meiri varkárni í útlánum, þá þýðir það ekki annað en þá stefnu, er Landsbankastjórnin tók upp fyrir 3 árum, að leggja fje inn á hlaupareikning í Íslandsbanka í stað þess að lána út. Þetta er sú varkárni, sem seðlabanka er samboðin, en lánsfjeð í landinu minkar auðvitað ekki við það, og atvinnufyrirtækin hafa eins mikið rekstrarfje til umráða eins og ella. Jeg varð undrandi, er jeg sá, að stjórn Íslandsbanka tekur undir þetta, og segir:

„Þá álitu bankastjórarnir, að ef komið væri á því fyrirkomulagi, sem stjórnarfrv. gerði ráð fyrir, og seðlaútgáfan fengin í hendur Landsbankanum, þá mundi óhjákvæmilega skerðast mjög fje til reksturs framleiðslufyrirtækja landsins og til verslunarinnar“ o. s. frv.

Þetta er vitanlega ekki annað en hugarburður.

Þá kem jeg að seinni höfuðmótbárunni gegn því, að gera Landsbankann að seðlabanka, sem sje þeirri, að Íslandsbanka verði með því gert of þröngt fyrir dyrum. Það er í sjálfu sjer erfitt að ná tökum á þeirri mótbáru, því að hún er aðeins sprottin af hræðslu. Skal jeg aðeins benda á, að 10 árin fyrir stríðið var annar bankinn seðlabanki, og var það hinum ekki að neinu meini. Jeg veit, og það er viðurkent af stjórn Íslandsbanka, að síðan Landsbankinn fór að búa sig undir að verða aðalseðlabankinn, hafa viðskifti bankanna farið fram með ákjósanlegum liðlegheitum.

Þá er næst að minnast á aðra möguleika til úrlausnar þessa máls, og kem jeg þá fyrst að seðlastofnun þeirri, sem hv. 1. þm. G.-K. (BK) stakk upp á, á síðasta þingi. Hann sagði þá sjálfur, að það væri ekki heppilegasta úrlausn málsins. Sagðist hann álíta, að besta leiðin sje, að stofnaður sje nýr hlutabanki, en efnahagur manna sje ekki svo, að slíkt sje hægt. Hann bar það því frekar fram sem neyðarúrræði, að setja upp slíka seðlastofnun, enda má um hana segja, að það er augljóst, að hún getur ekki fullnægt því verkefni seðlabanka, að ná í erlendan gjaldeyri á góðu árunum til þess að miðla honum á verri árunum.

Ef litið er á það, hver á að vera starfsemi stofnunar þessarar, sjest, að henni er ekki ætluð nein velta eða viðskifti fram yfir það, að kaupa gullforða og lána seðla til bankanna hjer með 2% lægri vöxtum heldur en bankarnir taka. Slík stofnun hefir ekki mátt til þess að stýra lánastarfsemi bankanna, enda er þess ekki vænst, og hún er ekki fær um að hlaupa undir bagga, þegar kreppa skellur á. Skal jeg ekki segja, hvort slík stofnun gæti ekki verið forsvaranleg

skipun, ef peningar væri í gullgildi, en jeg staðhæfi, að hún getur ekki ráðið við verkefni seðlabankans eins og nú er ástatt, þegar vjer búum við óinnleysanlega og verðbreytiiega pappírspeninga.

Í álitsskjali hv. 1. þm. G.-K. (BK) er nú frekar gert ráð fyrir ríkisseðlabanka í stað Landsbankans, og gert ráð fyrir, að ekki þurfi til hans meira stofnfje en 1½—2½ miljón kr. Hv. frsm. meirihl. (SE) er á sömu braut, að stofna þurfi nýjan banka með seðlaútgáfurjetti. Jeg skal viðurkenna, að ef menn sjá, að landið sje nógu öflugt til þess að stofna slíkan banka, þá sje það forsvaranleg lausn á málinu, en sá banki verður að byrja á því að draga að sjer annað fjármagn en seðla. Það má gera ráð fyrir, að seðlaveltan kunni að nema 6—8 milj. kr. Þar af gengur til gulltryggingar 2½—3 milj. kr., eftir verða í mesta lagi 4—5 milj. kr., sem seðlastofnunin hefir úr að spila, og það er allsendis ónóg fjármagn fyrir þann banka, sem á að hafa á hendi skyldur seðlabankans.

Um samband seðlabanka og Ræktunarsjóðs vil jeg ekki tala.

Jeg ætla ekki í þetta sinn að fara neitt verulega út í það, sem aðrir hv. nefndarmenn, hver í sínu lagi, hafa á móti frv. þessu. Jeg læt það yfirleitt bíða þangað til síðar.

En mjer finst ekki úr vegi að rifja upp að þessu sinni afstöðu tveggja hv. nefndarmanna til þessa máls, eins og hún var fyrir ári síðan, þegar hjer var á ferðinni frv. til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins. Skoðun þessara hv. þm. um þetta mál kemur ljósast fram í nál. á þskj. 362 í fyrra, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp. Nál. er stutt og hljóðar á þessa leið:

„Minnihl. fjárhagsnefndar álítur, að seðlaútgáfa ríkisins eigi að sjálfsögðu að vera hjá Landsbankanum. Að efna til sjerstakrar stofnunar, með nýjum dýrum embættum, til að gera á landsins kostnað það, sem þjóðbankinn getur gert án aukins tilkostnaðar, væri mjög í ósamræmi við þann sparnaðaranda, sem nú ríkir í þinginu. Við leggjum því til, að frv. verði felt."

Lengra er nál. þetta ekki, og undir það rita hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP). Jeg verð nú að segja, að það er næsta undarlegt, að þessir hv. þm., sem höfðu svo ákveðna skoðun fyrir ári síðan, geti ekki nú, eftir að þingið hefir staðið í hálfan þriðja mánuð, áttað sig á því, að hjer er um sama grundvallaratriðið að ræða og þeir bygðu á, og því undarlegra, að þeir skuli lýsa því yfir, að þeir geti ekki nú tekið afstöðu til málsins.

Báðir þessir hv. þm. árjettuðu í umr. í fyrra skoðun þá, er þeir hjeldu fram í nál. sínu. T. d. segir hv. 5. landsk. (JJ) svo í ræðu um málið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta finst mjer vera svo einfalt mál, að mig furðar á því, að hæstv. stjórn og hv. þdm. skuli ennþá vera í vafa um það, að seðlaútgáfan hljóti að lenda á Landsbankanum."

Jeg get gert þessi orð hans að mínum, og margt fleira, sem vel er sagt um málið og álíka gott í þessari ræðu hans, er jeg las upp úr, og alt er gagnstætt því, er hann hefir nú fram að færa gegn frv. því, er hjer liggur fyrir. Það er að vísu freisting að tilfæra ýmislegt fleira úr ræðunni, en jeg ætla þó að sleppa því að sinni, enda efast jeg ekki um, að mjer gefist tækifæri til þess síðar.

Þegar taka á ákvörðun um það, hvort gera skuli Landsbankann að seðlabanka, þá getur enginn neitað því, að hann er sá bankinn, sem aðstöðu sinnar vegna hefir mestan máttinn til þess að rækja verkefni seðlabanka, eins og stendur. Og þó jeg geti viðurkent, að seðlaútgáfunni megi koma viðunanlega fyrir á annan hátt, t. d. með sjerstökum banka, er stofnaður væri í því skyni, þá tel jeg hæpið, að vjer höfum fjárhagslegan mátt til þess, enda væri með því lagt inn á skakka braut, samkvæmt reynslu annara þjóða. Um alla Norðurálfuna er búið að koma þessu þannig fyrir, að alstaðar þar, sem ríkisbanki er til, þá er það hann, sem fer með seðlaútgáfuna, en hinir bankarnir, sem eru eign einstakra manna eða fjelaga, annast bankaviðskifti atvinnuveganna að öðru leyti.

Ef nú yrði settur upp af ríkisins hálfu sjerstakur banki, sem tæki að sjer seðlaútgáfuna, og Landsbankinn heldur áfram, þá er svo komið, að við höfum fengið þjóðbanka, sem er ríkiseign, en hinsvegar heldur Landsbankinn, sem líka er ríkiseign, áfram bankastarfsemi sinni á því sviði, sem í öðrum löndum er ætlað einkabönkum og sparisjóðum einum. Og jeg segi fyrir mig, að jeg álít þetta ákaflega óheilbrigða braut að ganga inn á, og það eru fleiri en jeg um þá skoðun. Það er ekki holt í bankastarfseminni, að haldið sje hlið við hlið einkabanka og ríkisbanka. Og það sem mest er haft á móti því af hálfu Íslandsbanka, að Landsbankinn taki að sjer seðlaútgáfuna, er einmitt það, að hann verði þá jafnframt starfandi sem einkabanki í samkepni við aðra banka, en fyrir þann annmarka verður ekki bygt, þó að settur verði á stofn sjerstakur seðlabanki og Landsbankinn haldi áfram sem ríkiseign. Með því heldur ríkið uppi samkepni við borgarana, og það er óheilbrigt, ekki vegna seðlabankans, heldur vegna þess, að Landsbankinn er ríkisbanki og um of hætt við, að samkepni hans á erfiðum tímum veiki traustið á þeim einkafyrirtækjum, er starfa við hliðina á honum.

En stjfrv. stefnir að því að stofna heilbrigt ástand, þó mjer hinsvegar blandist ekki hugur um, að breytingin hljóti að taka nokkurn tíma. Það, sem jeg á við með þessu heilbrigða ástandi, er það, að færa okkar banka í það horf, að ríkisbankinn fái með framtíðinni það afmarkaða starfsvið, er seðlabankar hafa fengið hjá öðrum þjóðum, en það á að vera sú starfsemi, sem jeg nefndi, að halda uppi góðu skipulagi á peningamálum landsins og gildi gjaldeyrisins. Þegar Landsbankinn gefur sig við þessu eðlilega viðfangsefni ríkisins, og fer með seðlaútgáfuna, þá verður svigrúm fyrir einkabankana til þess að gefa sig við þeim greinum bankastarfseminnar, sem betur eru komnar í höndum einkafyrirtækja.

Þetta er fyrir mjer aðalatriðið, og því er það bjargföst sannfæring mín, að með stjrfrv. sje gengið inn á heilbrigða braut í bankastarfsemi okkar.

Og þó að Íslandsbanki, sem jeg hefi altaf verið velviljaður og oft haft tækifæri til að sýna í verkinu að svo væri, — þó að hann verði fyrir einhverjum óþægindum í bili, þá get jeg ekki sett það fyrir mig, þegar annarsvegar er um það að ræða, hvort bankamálum landsins í heild verði stefnt inn á heilbrigðar brautir eða ekki.

Nú vill hv. meirihl. fjhn. vísa frv. frá með rökstuddri dagskrá, og tefja

framgang þess að minsta kosti um eitt ár. Jeg verð að segja, að eftir því sem á undan er gengið, þá er þetta ekki forsvaranleg aðferð. Og jeg vil taka undir það, sem einn meirihl.-maðurinn, hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði í ræðu sinni í fyrra um seðlaútgáfu ríkisins. Hann sagði þá, og það var skynsamlega sagt, að hann vildi gefa hinni deildinni kost á að koma með álit sitt um málið. Þetta hafði við talsverð rök að styðjast þá, þó málið væri ekki jafn-vel undirbúið og nú. En því frekar er auðvitað ástæða til þess nú, að hv. Nd. fái málið til meðferðar, eftir að þau gögn eru nú fram komin, sem alls ekki voru fyrir hendi í fyrra. Þessvegna er óforsvaranlegt að fella frv. nú á þessu stigi málsins, og það einmitt vegna þm. sjálfra, sem hjer hafa fengið stórt mál til meðferðar, og meira að segja mál, sem ekki er hægt að neita að sje langtum betur undirbúið en venja er til.

Auk þess eru nú lög í landinu, sem beinlínis skipa svo fyrir, að ráðstafa skuli seðlaútgáfunni á þessu þingi, eða fyrir 1. júní þ. á. (SE: Það má framlengja þau lög.) Nefndin hefir ekki gert neina till. um það. (SE: Það má gera á eftir.) Jú, en viðkunnanlegra hefði verið, að nefndin hefði komið með till. þess efnis, jafnhliða því, sem hún vill hindra það, að frv. þetta fari lengra.

Annars er það óskiljanlegt, að hv. meirihl. fjhn. kemur með frávísunartill., án þess að hafa undirbúið nauðsynleg bráðabirgðaákvæði um þetta efni. Og hitt þó ennþá undarlegra, að lofa því, að koma síðar með þáltill. um skipun milliþinganefndar, sem engin ástæða er til að ætla, að samkomulag fáist um.

Nú í haust má Íslandsbanki ekki hafa meira úti í seðlum en 5 miljónir króna og Landsbankinn ¾ miljón. Er fyrirsjáanlegt, að þessi seðlavelta verður allsendis ónóg, og verður því að grípa til laganna frá 1922, sem mæla svo fyrir, að ríkisstjórnin skuli hlutast til um, að Landsbankinn setji í umferð þá seðla til viðbótar, sem þarf. En um þá seðla vantar öll lagaákvæði, t. d., að þeir skuli vera löglegur gjaldeyri, eða menn skyldir að taka við þeim sem greiðslu, svo og þau ákvæði gegn fölsun þeirra, sem nauðsyn hefir þótt að lögleiða um aðra bankaseðla. (SE: Þessi frestur hefir verið gefinn áður með samþykki núv. stjórnar.) Það kemur ekki mjer við, og sú ábyrgð fellur ekki á mig. Úr því hv. 1. landsk. (SE) kastar þessari hnútu til mín, þá svara jeg og segi, að það var hann og hans stjórn, sem bar skylda til þess að undirbúa þessa löggjöf, bæði í hitteðfyrra og fyrra. En hann gerði ekki annað en að láta Landsbankastjórnina semja frv. um seðlaútgáfu Landsbankans, sem hann svo játar, að hafa ekki sjeð fyr en það var lagt fram á Alþingi. Vegna þessa tek jeg ekki á móti neinni hnútu úr þessari átt, og sendi hana því heim aftur.

Jeg sá mjer illa fært í fyrra sumar, er auðsætt var, að of fáir seðlar voru í umferð, að láta prenta þriðju tegund seðla, enda engin ákvæði í lögum um nýja seðlaútgáfu. Þessvegna fjekk stjórnin ljeð eyðublöð hjá Íslandsbanka, sem hún ljet Landsbankann síðan setja í umferð. Hvort hægt verði að taka til sömu ráða í sumar, læt jeg ósagt; jeg veit ekkert um það, en jeg tel óforsvaranlegt, ef þessu þingi lýkur svo, að ekki verði gengið að minsta kosti frá seðlaútgáfu til bráðabirgða á forsvaranlegan hátt.

Jeg geri nú ekki ráð fyrir því, eftir þeim tíma, sem mál þetta hefir verið til athugunar hjá hv. fjhn. þessarar deildar, að það verði útrætt á þessu þingi. En jeg tel sjálfsagt, að það fái þann undirbúning, að þm. eigi hægra með að taka ákvörðun um það, er þeir koma saman næsta vetur.

Jeg tek undir það, sem hv. frsm. meirihl. (SE) sagði, að jeg tel ekki, að árás á stjórnina fælist í dagskrártill., en hinsvegar verð jeg að segja, að eins og málið er undirbúið nú, þá er það ekki forsvaranlegt að vísa því frá. Jeg legg því til, að hv. deild felli dagskrána.

Jónas Jónsson: Hv. frsm. meirihl. (SE) hefir tekið fram flest af því, sem meirihl. þurfti að segja að svo stöddu. En þar sem hv. þm. Vestm. (JJós) og hæstv. fjrh. (JÞ) hafa vikið ýmsu að okkur hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem höfum gert sjerstaka grein fyrir áliti okkar, vil jeg segja fáein orð.

Á síðasta þingi endaði þetta mál svo hjer í deildinni, að samþ. var rökstudd dagskrá, sem hv. þm. Vestm. (JJós) var frsm. að, svo hljóðandi:

„Þar eð stjórnin hefir óskað, að henni gefist kostur á að athuga með aðstoð sjerfræðinga og undirbúa fyrir næsta þing endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar“ o. s. frv.

Því er þá slegið föstu, að á síðasta þingi er það hv. þm. Vestm. (JJós), sem vill fresta málinu, eftir till. frá hæstv. fjrh. (JÞ), sem nú er svo óþolinmóður eftir, að því verði endanlega lokið á þessu þingi. Í framsöguræðu segir hv. þm. Vestm. (JJós):

„Miðhluti nefndarinnar álítur því, að fara beri eftir ósk hæstv. fjrh. (JÞ) og fresta málunum. Jeg er og á því máli, að nota beri frestinn til þess að undirbúa málin fyrir næsta þing.“

Eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram og las upp úr ræðum okkar hv. 2. þm. S.-M. (IP) um málin í fyrra, höfðum við lagt þá undirstöðu, sem við höfum þá ánægju að sjá, að hæstv. fjrh. hefir bygt á. Jeg segi undirstöðu, af því að við vorum ósamþykkir hæstv. fjrh. og stuðningsmönnum hans. Jeg býst við, að ekki geti verið um mikið deiluefni að ræða milli hæstv. fjrh. og hv. þm. Vestm. annarsvegar og okkar hv. 2. þm. S.-M. hinsvegar, þar sem í aðalatriðunum, eða stefnu málsins yfirleitt, er gengið inn á þær skoðanir, sem við hjeldum fram í fyrra. Þá var ekki farið eftir þeirri ósk hv. 2. þm. S.-M. (IP) að ræða málið ítarlega hjer og gefa hv. Nd. einnig ástæðu til þess að fjalla um það. Jeg vil segja, að þeir, sem þá voru svo áfjáðir að láta rannsaka málið betur utan þings, ættu ekki að vera mjög óþolinmóðir nú, þó að þeir, sem markað hafa stefnuna, vilji fara eftir öðrum vegum að markinu.

Hv. þm. Vestm. virðist vera búinn að gleyma því, að við hv. 2. þm. S.-M. höfðum sagt í fyrra, að ef málið kæmist gegnum 2. umr., mundum við bera fram brtt., en til þess gafst ekki tækifæri, af því að málið var svæft, einmitt af þeim, sem nú tala með nokkrum þjósti gegn ítarlegri rannsókn. Það kann að vera, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje búinn að rannsaka málið fyrir sjálfan sig, en ekki þó svo, að hann hafi aukið fylgi þess meðal þeirra, sem honum eru nákomnastir. Það er langt frá, að við hv. 2. þm. S.-M. höfum komist í mótsögn við sjálfa okkur. Við hefðum gert brtt. við 3. umr. í fyrra og gerum nú, ef frv. kemst svo langt. En af því okkur finst

málið hafa færst úr leið í meðferð hæstv. fjrh. (JÞ) þetta ár, gátum við sameinast öðrum þingmönnum — sem kanske hafa þó önnur stefnumið — um að rannsaka málið betur. Jeg get tekið fram, að í vissum atriðum hefir hæstv. fjrh. (JÞ) þokað málinu áleiðis, t. d. þar sem hann í viðtali við nefndina felst á, að landið legði sjálft fram hlutafje til bankans, ef hann væri gerður að seðlabanka. Sömuleiðis tel jeg bót að því, í samanburði við að farin sje sú leið, sem hv. þm. Vestm. leggur til, að fylgt sje ráðum Krabbe, og hlutafjár aflað með því að leggja inn í bankann fje opinberra stofnana. En þar sem ýmsar ástæður mæla með því, að málið sje betur athugað, höfum við hallast að undirbúningi frekari rannsóknar.

Af misgáningi hefir hv. þm. Vestm. haldið því fram, að jeg telji frv. í heild sinni hafa batnað frá því í fyrra. Það stendur hvergi í nál., heldur er skýrt tekið fram, að á frv. sjeu verulegir, nýir ágallar, t. d. ein till., sem tekin er upp eftir lögum, sem útlendar þjóðir þvinguðu þjóðverja til þess að taka upp. Það er skiljanlegt, að Bandamenn vildu tryggja sjer, að þýska ríkið ætti ekki of greiðan aðgang að bankanum. Allir vita, að þetta fyrirkomulag ríkisveðbankans þýska er til þess að tryggja hag Bandamanna. Annars skal jeg ekki fara frekar inn á þetta, að svo vöxnu máli. Jeg vildi aðeins leiðrjetta þann misskilning hv. þm. Vestm., að jeg teldi frv. hafa batnað. Það hefir það ekki.

Þá sagði hv. þm. Vestm., að óhafandi væri það bráðabirgðaskipulag, sem nú er á seðlaútgáfunni. Vitanlega er ekki hægt að hafa það altaf. En hv. þm. (JJós) hefir víst ekki athugað, að tryggingin fyrir seðlunum er eign allra landsmanna, og hún er a. m. k. eins góð og það litla gull, sem vera kann hjá Íslandsbanka fyrir hinum hlutanum.

Hæstv. fjrh. drap á eitt atriði, sem nokkra þýðingu hefir, að þetta fyrirkomulag veiti ekki mikið aðhald til þess að eiga fje inni erlendis. En fiskaflinn undanfarið hefir orsakað það, að innieignir eru óvanalega miklar erlendis hjá báðum bönkunum. Þeir standa því vel að vígi, þó að dragist í eitt ár að koma endanlegu skipulagi á seðlaútgáfuna.

Það er nokkurnveginn víst, hvort sem ofan á verður, að Landsbankinn fái seðlaútgáfurjettinn eða stofnsettur verði sjerstakur seðlabanki, að gull verði notað til tryggingar seðlunum. Jeg geri einnig ráð fyrir, að Íslandsbanki heimti, að ríkissjóður taki við talsverðu af gulli bankans, enda væri það ekki nema eðlilegt, þar sem hann vitanlega skaðast á því, að liggja með gullforða umfram það, sem hann þarf til tryggingar seðlum sínum.

Á þennan hátt eignast landið gull, sem það að sjálfsögðu ekki vill selja, og er ekki hægt að ráðstafa því skynsamlegar en láta það standa á bak við væntanlega landsjóðsseðla.

Hv. þm. Vestm. sagði, að við hv. 2. þm. S.-M. hefðum í fyrra verið reiðubúnir til að samþ. bankafrv. Landsbankastjórnarinnar með litlum breytingum. Þetta er auðvitað eintómur skáldskapur. Við höfðum þegar samið margar allverulegar brtt., sem ekki gafst tækifæri til að bera fram, þar sem frv. var áður vísað til hæstv. stjórnar, eins og menn muna.

En jeg býst við, að hv. þm. (JJós) hefði ekki þótt þær brtt. veigalitlar, ef hann hefir fengið tækifæri til að kynna sjer þær.

Jeg hefi að vísu svarað ræðu hæstv. fjrh. (JÞ) að nokkru leyti, en vil þó víkja að henni nokkrum orðum aftur.

Hæstv. fjrh. kvað það rjettilega skifta langmestu máli, að hvaða takmarki menn stefndu endanlega með seðlaútgáfuna. Og þetta hefir unnist, að hæstv. ráðh. (JÞ), sem í fyrra lagði ekkert til málanna annað en það, að slá málinu á frest, hefir nú komist að svipaðri niðurstöðu sem við hv. 2. þm. S.-M. komumst að þá.

En þó geta verið mörg atriði í formi málsins og allri meðferð, sem taka verður fult tillit til, og þau málsatriði geta skilið vegi með þeim, sem upprunalega áttu samleið. Í nál. okkar hv. 2. þm. S.-M. er sýnt fram á, að þær breytingar, sem stjfrv. vill gera á öllu fyrirkomulagi Landsbankans, eru svo gagngerðar, að telja verður vafasamt, að ýmsir mætustu menn, sem annars vilja gera Landsbankann að seðlabanka, vildu vinna það til, ef honum yrði jafnframt stórspilt að öðru leyti, eins og þeir álíta, að gert sje með frv.

Utan af landi hefi jeg orðið þess var, að menn hafa lesið frv. með hrygð, og þykir form þess og fyrirkomulag seðlaútgáfunnar óhafandi.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir þannig að vísu gengið inn á þá höfuðleið, sem við hv. 2. þm. S.-M. mörkuðum hjer í fyrra, en mikið ber enn á milli, hvernig takmarkinu skuli náð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um hinar einstöku villigötur, sem hæstv. fjrh. (JÞ) enn er á. Það læt jeg bíða, þangað til sjeð verður, hvort hv. deild hafnar frekari rannsókn í málinu eða ekki.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess oftar en einu sinni, að aðstandendur Íslandsbanka væru hræddir um, að ef Landsbankinn fengi seðlaútgáfurjettinn, þá yrði hann nokkuð harður í horn að taka við Íslandsbanka. Þetta kemur einnig í ljós í samtalinu við bankastjórnirnar, sem meirihl. hefir látið fylgja nál. sínu.

Það er auðskilið mál, að Íslandsbanki vill heldur fá ódýrari seðla en hann býst við að geta fengið hjá Landsbankanum. Þessvegna vill Íslandsbanki helst seðlastofnun, þar sem hann getur gert sjer von um að fá ódýra seðla.

En jeg er alveg samdóma hæstv. fjrh. (JÞ) um, að með öllu er ástæðulaust, að Íslandsbanki hafi nokkur áhrif á, hvernig máli þessu verði nú ráðið til lykta. Og sama er reyndar um Landsbankann að segja. Jeg álít, eins og hæstv. ráðh. (JÞ), að þingið eigi að taka ákvörðun í máli þessu upp á eigin spýtur, en ekki binda sig við það, sem núverandi forstjórar bankanna kunna að leggja til málanna.

Þá álít jeg, að hæstv. fjrh. (JÞ) beri skylda til, ef till. meirihl. nær fram að ganga, að gera skjótlega ráðstafanir til þess, að seðlafölsun verði framvegis ekki eins arðvænlegur atvinnuvegur og hann gaf í skyn.

Ef seðlafalsarar hefðu hlustað á ræðu ráðh. (JÞ), þá hefði þeim mátt vera hvatning að heyra hana, því hann benti á, að atvinnuvegur sá væri síst hættulegur, en aftur á móti mjög arðvænlegur. (**Fjrh. JÞ**: Talar þingmaðurinn af reynslu?) Það hefir komið fyrir, einnig hjer á landi, að menn hafi lagt stund á seðlafölsun, að vísu aðrir en þingmenn, og því miður gætilegt af hæstv. ráðh. (JÞ) að sýna fram á, hversu sá atvinnurekstur geti blómgast hjer. En úr því að hann hefir gert það, þá væri vel viðeigandi, að hann bæri fram frv.,

sem gæti bætt úr þeim göllum á núgildandi löggjöf, sem gera þennan glæp svo hættulítinn, að hans sögn.

Jeg sje í rauninni ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni. Þegar búið er að fella till. meirihl., getur komið til mála, að gerð verði grein fyrir einstökum atriðum í stjfrv., jafnvel þó ekki sje sýnilegt, að tími vinnist til, að því verði komið gegnum báðar deildir þingsins.

Jeg vil endurtaka, að ef hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Vestm. athuga, að þeir, vegna varfærni, kusu frest í málinu s. l. ár, þá geta þeir varla talið vítavert, þó til sjeu menn í landinu, sem óska, að málið njóti enn ítarlegri umbóta við gaumgæfilega rannsókn í eitt ár enn.

Hæstv. fjrh. (JÞ) taldi vítavert af meirihl. að vilja stöðva málið nú, en hleypa því ekki til umr. í hv. Nd. Jeg skal benda hæstv. ráðh. (JÞ) á, að ítarleg skjöl liggja fyrir um málið nú þegar, sumpart frá hæstv. stjórn og sumpart frá fjhn. þessarar hv. deildar. Má þar áreiðanlega fá töluverða leiðbeiningu fyrir þá, sem vilja glöggva sig á málinu, a. m. k. leiðbeiningu, sem jafngildir eins dags umr. í hv. Nd.

Og þegar hjer við bætist, að gert er ráð fyrir milliþinganefnd, sem athugi málið nánar, þá sýnist sú ásökun á litlum rökum bygð, að meirihl. vilji koma í veg fyrir, að þjóð og þing fái sem glegstar upplýsingar til að byggja á.

Frsm. meirihl. (Sig. Eggerz): Jeg býst við, að jeg muni í flestum atriðum geta svarað hv. þm. Vestm. (JJós) um leið og jeg vík að ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), þar sem ummæli þeirra beggja voru svo samhljóða.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði mikið um, hvert væri aðalverkefni seðlabanka.

Hann gat þess rjettilega, að gengi ísl. krónunnar væri alt enn í óvissu, þar sem hún ætti enn langt í land, að gullmarkinu. Vildi hann álíta það eitt höfuðhlutverk seðlabanka, að koma genginu í rjett horf.

Vitaskuld er það rjett, að eitt hlutverk seðlabankans hlýtur að verða, að styðja gengi ísl. krónunnar. En hæstv. fjrh. (JÞ) mun vera því kunnugri en flestir aðrir, hversu máttlausir þjóðbankar hafa yfirleitt verið í því efni, að hækka gengi peninga þjóðar sinnar. Við þurfum ekki annað en líta til sambandsþjóðar vorrar, Dana. Við munum allir eftir því, að ekki alls fyrir löngu tóku Danir 100 milj. króna lán eða svo í Englandi, er þeir stofnuðu með svonefndan „Egaliseringsfond", sem átti að nota til þess að rjetta með gengi dönsku krónunnar. Jeg var staddur í London um þetta leyti, og jeg minnist þess, að einn mjög þektur enskur fjármálamaður sagðist vera hræddur um, að enda þótt Danir tækju þetta lán, þá hrykki það skamt. Og reynslan sýndi, að þetta lán hvarf að miklu leyti, án þess að settu marki væri náð.

Til þess að sýna, hvað þetta viðfangsefni er í rauninni erfitt, má ennfremur benda á, að í Danmörku hafa staðið harðar deilur undanfarið, milli ríkisþingsins og stjórnarinnar annarsvegar, en Þjóðbankans hinsvegar, um gengismálið.

Þjóðbankinn hjelt því fram, að ekki væri á hans valdi að tryggja gengi dönsku krónunnar um ákveðinn tíma, þar sem gengissveiflurnar ættu svo djúpar rætur í öllu atvinnu- og við-

skiftalifi þjóðarinnar, að bankinn fengi þar ekki við ráðið.

Eftir mjög strangar deilur, þar sem Þjóðbankanum mun meðal annars hafa verið hótað, að rjettur hans til að hafa seðla sína óinnleysanlega, skyldi upphafinn, ef hann gengi ekki inn á samninga, náðist loks samkomulag á þeim grundvelli, að bankinn skuldbatt sig til að sjá um, að gengi krónunnar skuli hækka um 3—4% á 2 árum.

Þetta samkomulag var staðfest með leynisamningi, sem jeg held að enn hafi ekki verið birtur. Jeg gæti því vel ímyndað mjer, að bankinn hefði einhverjar útgöngudyr, ef viðskiftalífssveiflurnar verða svo öflugar, að hann fái ekki rönd við reist.

Við sjáum nú, hvernig Þjóðbankinn danski lítur á þetta mál. Hann treystir sjer ekki til að ábyrgjast svo tiltölulega örlitla gengishækkun skilyrðislaust. Þó voru honum jafnframt veitt ýmiskonar fríðindi, t. d. á ríkissjóðurinn að greiða allháa skuld, sem hann stendur í við bankann.

Í Englandi er nú einmitt um það talað, að gera seðla Englandsbanka innleysanlega, en áður en það er gert, er tilætlunin að koma sterlingspundinu upp í gullgildi.

Hvergi hefir heyrst, að í þessu skyni sje gripið til sjóða eða sparisjóðsinnstæðu manna, en hitt má vera, að „banktekniskum“ ráðin sjeu notuð til að ýta undir hækkunina á pundinu.

Jeg er nú hræddur um, að ef Landsbankinn okkar ætti að birgja sig svo að erlendum gjaldeyri í útlöndum, að trygt væri gegn öllum gengissveiflum, þá þyrfti fyrir alvöru að draga fjármagn frá atvinnu- og viðskiftalífi þjóðarinnar. Og mjer er spurn: Hvaðan ætti að taka svo mikið fje til þess að kaupa fyrir erlendan gjaldeyri? (**Fjrh. JÞ:** Hvaðan er það tekið nú?). Það mun þó aldrei vera meiningin, að nota til þess sparisjóðsinnieign landsmanna?

Ef til þess ráðs verður gripið, er hætt við, að sparendur muni taka þann kostinn, að draga sparifje sitt út úr sparisjóðnum, þegar þeim verður kunnugt, að fjeð er notað til áhættusamra gengis-„spekulationa“.

Mjer skildist á hæstv. fjrh. (JÞ), að Landsbankinn ætti nú fje í útlendum bönkum, einkum vegna þess, að hann væri að búa sig undir að taka við seðlaútgáfunni.

Jeg held nú satt að segja, að hjer sje ekki allskostar rjett með farið. Jeg held, að aðrar orsakir liggi til þess, að Landsbankinn á nú töluverða innieign erlendis, þær sömu, sem gera það að verkum, að Íslandsbanki á einnig mikla innieign í erlendum bönkum. En þær orsakir eru velgengni atvinnuvega vorra síðastl. ár, og aðrar ekki. Fyrir þær sakir eiga bankarnir gjaldeyri í erlendum bönkum.

Við þurfum ekki að líta mörg ár aftur í tímann til þess að sjá, hvað þá hefði þýtt að skylda Landsbankann til að eiga gjaldeyri fyrirliggjandi í útlöndum.

Þá skulduðu bankarnir stórfje erlendis og gátu ekki greitt, enda voru þá afar erfiðir tímar.

En samtímis töpuðu báðir bankarnir hundruðum þúsunda á því, að reyna að halda uppi verðgildi ísl. krónunnar og voru þó víttir fyrir aðgerðaleysi í þeim efnum, af mönnum, sem ekki höfðu skilning á viðleitni bankanna. Þrátt fyrir það fengu þeir ekki rönd við reist. Krónan fjell og hlaut að falla,

beinlínis sökum þess, að sveiflan á viðskiftalífi þjóðarinnar var þá öll niður á við. Þetta, sem jeg hefi tekið fram, eru afleiðingar af hinu órjúfandi lögmáli viðskiftanna.

Jeg hefi nú sýnt fram á, að þess verður ekki krafist með neinni sanngirni af Landsbankanum, að hann tryggi sig, eða öllu heldur gengi ísl. krónunnar, gegn öflugum sveiflum í viðskiftalífinu, með innieign gjaldeyris í erlendum bönkum.

Þar taka þau öfl í taumana, sem smávaxinn seðlabanki fær ekki við ráðið.

Hæstv. fjrh. (JÞ) virtist fara nokkuð ljettilega yfir þá hlið málsins, að gera grein fyrir, hversvegna sjerstakur seðlabanki geti ekki gert sama gagn og Landsbankinn í gengismálinu.

Hinsvegar tók hæstv. fjrh. (JÞ) ýmislegt rjettilega fram um það atriði, að seðlabanki ætti að hafa áhrif á lánsstarfsemi bankanna yfirleitt, einkum í þá átt, að stilla útlánum í hóf. En hæstv. ráðh. (JÞ) sýndi ekki fram á, að sjerstakur seðlabanki gæti ekki haft sömu áhrif í þessu efni og Landsbankinn.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi ekki gera mikið úr ýmsum höfuðmótmælum, sem hjer hafa komið fram. Þó vildi hann ekki mótmæla því, að sparisjóðsstarfsemi væri annarsstaðar ekki í sambandi við seðlabanka, enda átti hann þar erfiða aðstöðu, þar sem átrúnaðargoð hæstv. stjórnar, prófessor Nielsen, heldur þessu einmitt fram.

Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að verkaskifting í þessum efnum hafa orðið þannig, að sparisjóðsstarfsemi hafi að miklu eða öllu leyti horfið frá seðlabönkunum og lent í öðrum stöðum. Hversvegna? Vitanlega vegna þess, að við reynslu hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, að ekki væri heppilegt, að seðlabankar rækju sparisjóðsstarfsemi.

En hjer ægir öllu saman, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók rjettilega fram.

Og í því sambandi er rjett að athuga dálítið eitt atvik, sem hjer hefir komið fyrir, og sem sýnir, hvernig hjer hefir gefist, að sparisjóðir sjeu jafnframt bankar. Jeg á hjer við einn sparisjóðinn, sem til er á landinu, sparisjóð Árnessýslu. Ef sá sparisjóður hefði haft rjett til seðlaútgáfu, hvernig hefði þá farið? Ætli freistingin hefði ekki orðið mikil til að gefa út seðla, þegar farið var að draga sparisjóðsfjeð út, fyrir þá hræðslu, sem varð um sparisjóðinn.

En úr því að reynslan sýnir, að fullkomnara er það fyrirkomulag, að hafa sjerstakan seðlabanka, hví eigum við þá ekki að reyna að komast sem fyrst á það stig?

Eins og prófessor Nielsen heldur fram, viðurkennir hæstv. fjrh. (JÞ), að banki, sem hafi jafnmikla sparisjóðsstarfsemi með höndum og Landsbanknin, hljóti að kjósa fremur löng lán af sparisjóðsfjenu, en í sambandi við seðlaútgáfu sjeu stutt lán eðlilegust. Seðlaútgáfan heimtar stutt lán, sparisjóðsstarfsemin löng lán. Þar sem því seðlabanki og sparisjóðir eru sameinaðir, verður bankastjórnin að vega salt á milli stuttu og löngu lánanna, og ætli það gæti ekki farið svo, að kröfurnar frá landbúnaðinum eðlilega yrðu fastari um löngu lánin, svo seðlabankinn yrði truflaður í því að ganga hina rjettu og eðlilegu braut, nefnilega að lána stuttu lánin. Því hvernig fer fyrir honum, ef hann þarf að draga skyndilega inn seðla, ef þeir eru að miklu leyti fastir í löngum lánum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) þótti jeg hafa farið óvarkárlega með þau orð, sem jeg hafði eftir honum í nál. um það, að ef Landsbankinn yrði seðlabanki, þá yrði hann að draga inn seglin. En jeg sje ekki betur en að þessi orð staðfestist við ummæli ráðherrans um hina auknu varkárni, sem Landsbankinn yrði að viðhafa, ef hann yrði seðlabanki. Í nefndinni var oftar en einu sinni talað um þessi ummæli ráðherrans.

Þá virtist mjer það hneyksla hæstv. fjrh. (JÞ) mjög, að jeg hjelt því fram, að ef Landsbankinn yrði gerður að seðlabanka, og ef hann hagaði sjer samkvæmt því sem seðlabanka ber og sýndi meiri varkárni í lánum sínum en áður, að þá mundi þetta draga úr fjármagni því, sem veitt væri til atvinnuveganna. En þetta finst mjer mjög skiljanlegt. Þegar Íslandsbanki verður samkvæmt lögum að draga inn seðla á hverju ári, og þegar hinsvegar að hann getur ekki fengið víxla sína „rediskonteraða" nema með ½% „margine", þá liggur það í hlutarins eðli, að hann getur ekki aukið, en verður fremur að draga úr lánveitingum sínum. Niðurstaðan er því ljós. Þegar Landsbankinn verður að draga inn seglin og Íslandsbanki einnig, þá harðnar róðurinn fyrir atvinnuvegina.

Þá er enn í þessu frv. gert ráð fyrir því, að Landsbankinn megi ekki lána ríkissjóði nema stutt lán. Hver á þá að lána honum? Ekki getur Íslandsbanki gert það. (**Fjrh. JÞ:** Hann á ekki að lifa á lánum, hann síst af öllu). Já, það er nú svo, það er gott að fá sem minst af lánum, en ef við lítum á ríkin í kringum okkur, er víst ekki eitt einasta, sem ekki hefir tekið mikil lán, og þó hæstv. fjrh. (JÞ) líti svona á nú, þegar þorskurinn hefir verið svo óumræðilega miskunsamur við hann, að borga nokkuð af skuldum ríkissjóðs fyrir hann, þá vil jeg benda á, að það er enginn vandi að borga skuldir í slíku ári sem þessu, en það er ekki sjeð, að slík veltiár verði altaf, og hvernig fer þá?

Þá sagði hæstv. fjrh. (JÞ), að Landsbankinn hefði sýnt þá varkárni að leggja fje á hlaupareikning hjá Íslandsbanka. Það er satt, en hver getur ætlast til þess, að Íslandsbanki geti bygt útlán sín á hlaupareikningsfje, sem getur verið dregið inn með engum fyrirvara. Og svo verð jeg enn að skjóta þeirri spurningu til hæstv. fjrh. (JÞ), hvort Landsbankanum, er hann væri orðinn seðlabanki, myndi detta í hug að fara að leggja inn seðla á hlaupareikning í Íslandsbanka? Nei, hann mundi líklega, ef hann þyrfti ekki að nota seðlana, gefa út færri seðla. Hæstv. fjrh. (JÞ) var mjög sammála hv. 5. landsk. (JJ) um það, að það gerði ekki neitt til, þótt Íslandsbanki yrði fyrir einhverjum óþægindum af þessu. Jeg verð að segja það, að jeg stend hjer ekki sem talsmaður Íslandsbanka. (**Fjrh. JÞ:** En það geri jeg.) — Ja, það er nú minna um það en verið hefir, og ef maður kæmi inn á gullforðaatriðið, þá myndu kanske orð hæstv. fjrh. nú hljóða eitthvað á aðra leið en þegar hann ræddi málið á sínum tíma í hv. Nd. En jeg vík að því aftur, ef Íslandsbanki á aðeins að hugsa um sinn eigin hag, þá teldi jeg heppilegast fyrir hann að takmarka sín eigin lán, og veita aðeins fulltryggu fyrirtækjunum lán. En þó að það kynni að vera best fyrir bankann að beita þeirri ítrustu varkárni, þá er ekki víst, að hið sama gilti um atvinnnvegina. Ýms fyrirtæki eru að rjetta við og gætu náð sjer alveg, ef þeim er veitt hjálp. En hver mundi

líða mest tjón, ef slíkum fyrirtækjum væri kastað á gaddinn? Ætli það yrði ekki viðskiftalífið, sem kynni að líða mest tjón við það? Því verður umfram alt, þegar skipun er gerð á seðlaútgáfunni, að gæta þess, að haga henni ekki þannig, að viðskiftalíf vort geti orðið fyrir tjóni. Því þó varkárni sje sú leiðarstjarna, sem sigla eigi eftir, þá má þó fara svo langt í henni, að hún með skilningsleysi sínu deyði það, sem átti að lífga.

Jeg vildi leyfa mjer að benda háttv. deild á nokkur ummæli stjórnar Íslandsbanka um þetta mál. Eftir að bankastjórnin hefir talað rækilega um þýðing seðlaútgáfunnar, mæla þeir með sjerstökum seðlabanka og rökstyðja það meðal annars þannig: „Það hlyti því að vera sameiginlegt áhugamál allra, að reyna að koma á því fyrirkomulagi á stjórn seðlaútgáfunnar, sem hefði í sjer fólgna eins mikla tryggingu og unt væri fyrir því, að henni væri stjórnað eingöngu með það fyrir augum, hvað væri heillavænlegast fyrir landið, ekki aðeins í augnablikinu, heldur einnig til langframa. Væri nú stjórn seðlaútgáfunnar lögð í hendur manna, þar sem stöðugt væri að rekast á hagsmunir, ekki einungis bankanna sjálfra, heldur einnig hagsmunir viðskiftamanna, bæði vegna viðskiftamanna hvers banka um sig og milli viðskiftamanna annars bankans gegn viðskiftamönnum hins, þá hlyti, hversu gott mannval sem annars væri, ávalt að vera hætt við því, að seðlaútgáfan yrði fyrir áhrifum mála og viðskifta, sem væru henni óviðkomandi og orsökuðu, að í seðlaútgáfunni yrði annað gert en það, sem gert hefði verið, ef aðeins hefði verið stjórnast af því, sem heill landsins yfir höfuð segði til um."

Í þessum fáu orðum liggur ákaflega sterk rökfærsla fyrir því, hve aðstaða þessa nýja banka, sem aðeins lánar bönkunum, yrði að öllu leyti óháðari og sterkari. Hann þarf ekki að taka tillit til ýmsra gamalla synda, sem báðir hinir bankarnir rogast með á bakinu. Reynslan frá Íslandsbanka sýndi, hve hættulegt það var, að aðalseðlabanki landsins hafði hin hættusamari lán til sjávarútvegarins. Þegar illa gekk, þá var freistingin svo mikil til þess að bjarga einstökum viðskiftamönnum, og lána meira og gefa út seðla. Þessa freistingu hefir hinn fyrirhugaði seðlabanki ekki. Þar sem hann heldur ekki hefir sparisjóðsfje, þá freistast hann ekki til, þegar sparisjóðseigendur verða hræddir og draga út sparisjóðsfje, að gefa út seðla. Þessa freistingu hafði Íslandsbanki, þegar hann var seðlabanki og innieignir bankans, vegna ýmislegra æsinga, voru rifnar út. Ef Landsbankinn yrði gerður að seðlabanka, þá yrðu allir sömu annmarkarnir á því, sem voru á Íslandsbanka, þeim mun meiri að því leyti, að sparisjóðsfje er miklu meira í Landsbankanum.

Hver er það, sem ekki sjer, að seðlabanki, bankanna banki, stendur að öllu leyti óháðari. Okkar eigin reynsla er fast á móti því, og veraldarreynslan er fast á móti því, að gera Landsbankann að seðlabanka. Jeg minni enn á orð prófessors Nielsen:

„Jeg vil da fremhæve, at mig bekendt driver ingen Seddelbank en Sparekassevirksomhed", þrátt fyrir það, þó að hann bæti við þessum orðum: „men dette er vel mere betinget af den faktisk stedfundne Udvikling, end ud fra en principiel Afvisning af Tanken."

En hvað er „den faktiske Udvikling"

annað en reynslan? Jeg bendi hjer a, hvað hæstv. fjrh. vitnar nú í seinni ræðum sínum í prófessor Nielsen. Er ekki í djúpi sálar hans farinn að vakna einhver efi um, að þær ályktanir, sem prófessor Nielsen dregur af kenningum sínum, sjeu rjettar. Mjer hefir skilist svo á hæstv. fjrh., að hann ætlist til, ef Landsbankinn nú verður gerður að seðlabanka, eins og hann er, að hann taki breytingum og verði bankanna banki með tímanum.

Því ekki að stíga rjetta sporið strax, eða hvað er á móti því að stofna seðlabanka? Jeg verð að setja þessa spurningu fram aftur, því að mjer fanst hæstv. fjrh. (JÞ) fara svo laust yfir þetta í ræðu sinni. Aðalerfiðleikinn ætti væntanlega gulltryggingin að vera, en Landsbankinn þarf einnig að fá gull, ef hann á að verða seðlabanki. Það hefir verið bent á það hjer áður, að hægt væri að fá gull Íslandsbanka með góðum kjörum. Og með því mætti tryggja, þegar inneignir í erlendum bönkum eru hafðar, um 8.000.000 kr.

Ef gengið er út frá því, að seðlaútgáfan færi upp í 10 miljónir, þá þyrfti ekki nema 7—8 milj. kr. til þess að tryggja það, sem eftir er, og það er ekki svo mikið, og ef Landsbankinn gæti nú sjálfur keypt þetta gull, því getur hann þá ekki lánað ríkisstjórninni þetta fje, svo að hún geti keypt gull handa nýja bankanum? Þá kemur hitt atriðið, sem mjer skildist hæstv. fjrh. (JÞ) hafa svo mikið að athuga við, að þessi banki gæti ekki orðið lifandi liður í viðskiftalífinu. — Því ekki?

Þar sem hinir bankarnir fá seðla lánaða hjá honum, þá er það auðvitað, að hann í gegnum þau viðskifti getur haft nokkurskonar áhrif á bankana og þar í gegnum á alt viðskiftalífið. Auðvitað spyr hann bankana um stefnu þeirra í fjármálum áður en hann lánar þeim seðlana, og ef hann er óánægður með þær, getur hann gert það að skilyrði fyrir lánum, að þeim stefnum sje breytt. Hann hefir þessvegna „kontrol" yfir hinum bönkunum, og þar sem hann stendur ekki beint í viðskiftaeldinum, verður afleiðingin af því, að hann getur litið miklu rólegar á hlutina en hinir bankarnir. Er honum sýnist ástæða til að takmarka lánsstarfsemina í landinu, þá dregur hann inn seðla o. s. frv., og yfir höfuð getur hann í gegnum seðlana haft afardjúptæk áhrif á viðskiftalífið.

Þá skildist mjer á hæstv. fjrh. (JÞ), að hann liti svo á, að þar sem nú væri ríkisbanki í landinu, þá gæti ekki verið að tala um að láta annan banka en þann eina fá seðlaútgáfurjettinn, en hafi jeg skilið hæstv. fjrh. rjett, þá er hann með þessu frv. að gera Landsbankann að hlutabanka.

Hæstv. fjrh. (JÞ) vildi lítið minnast á þá möguleika að sameina þennan nýja banka og ríkisveðbankann, en mjer finst, að nú sje einmitt ástæða til að taka það atriði til ítarlegrar athugunar. Auðvitað yrði hjer um persónusamband að ræða á milli bankanna. En þó að ekki sje nema um persónusamband að ræða, getur orðið ómetanlegur hagur að því fyrir ríkisveðbankann að fá stjórn, sem einnig stýrði seðlabankanum. Meðal annars yrði sá kostur við það, að miklu meira tillit mundi tekið til þeirrar stjórnar í útlöndum, og auk þess yrði kostnaðurinn minni fyrir báða bankana. Í frv. um Ræktunarsjóðinn, eins og það er nú orðið í hv. Nd., er gert ráð fyrir, að Ræktunarsjóðurinn

verði sameinaður ríkisveðbankanum, og þar með er gert ráð fyrir, að ríkisveðbankinn komi til framkvæmda.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að stjfrv. beindi þessum málum inn á heilbrigðari grundvöll en áður. Jeg hefi nú sýnt fram á það með fullum rökum, að það er síður en svo. Hæstv. fjrh. taldi það óþolandi meðferð á málinu, ef það yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, en sagði, að það væri sjálfsagt, að málið fengi að fara til Nd.

Þetta er alveg ný kenning. Ef Ed. lítur svo á, að málið þurfi frekari rannsóknar og betri en það hefir áður fengið, þá væri það alveg rangt, að vísa því til Nd., sem ef til vill lítur á alt annan veg á þetta mál. Til þess eru hafðar tvær deildir í þinginu, að þær taki sjálfstæðar ályktanir hvor um sig.

Þá vítti hæstv. fjrh. nefndina og mig fyrir að hafa eigi sjeð um, að fram yrði borið frv. um framlenging á seðlaútgáfunni. Hæstv. fjrh. veit vel, að nefndin getur ennþá gert þetta, en honum sjálfum ber fyrst og fremst skylda til að gera þetta, ef frv. hans nær ekki fram að ganga, en auðvitað hefir nefndin ekki á móti að bera slíkt frv. fram.

Jeg greip fram í ræðu hæstv. fjrh. aðeins til þess að benda á, að þetta, sem nefndin vill nú að verði gert, það er frestun málsins, var gert á síðasta þingi samkvæmt ákveðinni ósk og tilmælum hæstv. fjrh. (JÞ) sjálfs. Þó að nefndin hafi reynt að vera væg við hæstv. fjrh., þá ber þó nál. með sjer, að aðgerðir stjórnarinnar í málinu voru nefndinni vonbrigði. Nefndin hafði sem sje búist við því, að hæstv. stjórn hefði rannsakað málið betur en hún hefir gert. Er það mjög merkilegt, að stjórnin skyldi snúa sjer til þess manns, og aðeins eins manns, sem Landsbankinn hafði fengið álit hjá. Þingið hefði áreiðanlega verið stjórninni þakklátt, ef hún hefði leitað víðar og sjerstaklega fengið álit „praktiskra" bankamanna um málið. Af þessu sjest, hversu óskiljanlega daufan undirbúning þetta mál hefir fengið hjá hæstv. stjórn, sem þó hafði látið svo mikið ummælt um að hún vildi láta rannsaka málið. Þegar hún er búin að heyra eina rödd um að Landsbankanum skuli falið málið, þá er rannsóknunum lokið, stjórnin er svo örugg í skjóli og undir verndarvæng Landsbankans.

Hæstv. fjrh. (JÞ) taldi það hart, að jeg væri að kasta hnútum til sín, er það hefði komið fyrir mig, er jeg veitti stjórninni forstöðu síðast, að hafa ekki tekið afstöðu til samskonar frv., sem fjrh. minn hefði þá lagt fram. Jeg bendi hæstv. fjrh. á, að fyrv. ráðh. afhenti frv. eins og það kom frá Landsbankanum fjárhagsnefnd Ed., um það leyti sem stjórnin var að fara frá, og var því aldrei tími fyrir mig sem ráðherra að taka afstöðu til málsins. Annars ætti þessi stjórn síst að tala um slíka hluti, því oftar en einu sinni hafa ráðherrarnir mætt hjer á fundi í þessari hv. deild með gjörmismunandi skoðanir, jafnvel í stórmálum.

En það er annars svo langt frá, að jeg ætli mjer að hefja nokkrar deilur við hæstv. fjrh. (JÞ), en hinsvegar get jeg ekki látið hjá líða, að taka það fram, svo eigi verði misskilið, að þegar slegið er á þá framrjettu hönd, sem jeg og nefndin höfðu rjett stjórninni í þessu máli, þá verður stjórnin að bera ábyrgð á, ef samkomulagið fer út um þúfur.

Jeg verð enn að vísa til þess, er jeg sagði í fyrstu ræðu minni, að þetta mál

er svo stórt og mikilsvert, að hin fylsta þörf er á, að það verði rannsakað betur en þegar hefir verið gert. Það þarfnast mjög nákvæmrar og ítarlegrar rannsóknar. Jeg er viss um, að það er eigi aðeins meirihl. þessarar háttv. deildar, sem er á þessari skoðun, heldur er jeg viss um, að það er fjöldi manna í öllum flokkum í báðum þingdeildum, sem eru mjer sammála í þessu, og ef hæstv. fjrh. (JÞ) vildi hafa fyrir því að svipast eftir því meðal sinna eigin flokksmanna, þá mundi hann komast að raun um, að þeir mundu margir þeirra síst tárfella, þótt hin rökstudda dagskrá, sem hjer liggur fyrir, yrði samþ. og rannsókn þessa máls hafin á ný.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 5. landsk. þm. (JJ) var svo spakur, er hann flutti ræðu sína áðan, að jeg á bágt með að svara honum eða taka nál. hans til athugunar, eins og það í rauninni verðskuldar að gert væri. Jeg ætla í þetta sinn að fara að því góða dæmi, sem hv. 5. landsk. þm. (JJ) gaf áðan, því jeg verð að játa, að það er ekki á hverjum degi, sem hv. þm. gefur okkur hinum gott eftirdæmi; þessvegna ætla jeg að geyma mjer allar ádeilur, sem nál. hans ella hefði gefið mjer tilefni til, en tek því aðeins þau atriði til meðferðar nú, sem hv. 5. landsk. sjálfur drap á í ræðu sinni.

Hann sagði meðal annars, að frestun málsins nú væri eðlileg, vegna þess að því hefði verið frestað áður. En jeg spyr þá, hve lengi á þessum frestunum að halda áfram? Verður þá ekki „eðlilegast" að fresta málinu í sífellu? Nei, einhverntíma verða þau tímamót að koma, að Alþingi taki fullnaðarákvarðanir um þetta mál. Þá sagði hv. þm. enn, að málinu væri stefnt inn á ranga braut, þar eð breytingar, sem hefðu verið gerðar á frv. síðan í fyrra, væru allar til hins verra! Jeg hefi nú lítilsháttar athugað nál. þeirra, til þess að komast að því, hvað það væri, sem þeir finna að frv., eins og það er nú. Það verða þá 4 atriði, sem jeg með mikilli fyrirhöfn hefi tínt saman úr nál. Jeg segi með fyrirhöfn, því minna er ekki hægt að segja höf. nál. til verðugs lofs, en að nál. er mjög svo óskipulega samið. Um þrjú þessara atriða er það að segja, að jeg hefi fært frv. þar nær því, sem þeir telja að rjettara sje, og það þarf því brjóstheilindi til að segjá, að jeg hafi með þessu breytt frv. til hins verra.

Þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um þessi þrjú atriði.

Fyrsta atriðið er um hlutafjáröflunina. Jeg jók þar við þeim ákvæðum, að ríkið hefði forgangsrjett til hlutabrjefakaupa, en þar næst, að því frágengnu, innlend fjelög og stofnanir, eða einstakir menn innlendir. Þessvegna veit hv. þm. vart, hvað hann sjálfur segir, er hann talar um, að á frv. sjálfu sjáist ekki, að landið eigi að leggja bankanum til hlutafje. Þetta sjest einmitt á breytingum þeim, sem jeg hefi gert við frv. Þá hefi jeg einnig bent á þá sjerstöku möguleika, að ríkið legði Landsbankanum til um það bil 2 milj. kr., þ. e. það fje, sem ríkissjóður hefir þegar lánað Landsbankanum (enska lánið). En jeg tek það fram, að ríkissjóður hefir eigi tök á að leggja þetta fram til nokkurs annars banka, sem er skiljanlegt af því, að Landsbankinn er þegar búinn að fá þetta fje.

Annað atriðið, sem nál. finnur að frv., er það, að bankaráðinu sje ekki ætlað nægilegt vald í sínum málefnum,

en þegar menn bera þetta frv. saman við frv. frá í fyrra, þá sjest, að vald bankaráðsins hefir verið stórum aukið í þessu frv. Jeg get því ekki fundið, frá þeirra sjónarmiði sjeð, að það sje rjett að bregða mjer um að hafa skemt frv. að þessu leyti. Jeg tók það fram þegar í fyrra, að bankaráðinu væri ætlað of lítið vald, og jeg hefi aldrei fyr nje síðar haft á móti því, að það væri aukið.

Þriðja atriðið, sem nál. finnur frv. til foráttu, er, að jeg hafi bundið seðlaútgáfurjettinn við 50 ár. En hvað er nú þetta? Frv. í fyrra fól bankanum þetta um aldur og æfi, en jeg breytti þessu í 50 ára útgáfurjett, og hefi því fært þetta að mun nær því, sem hv. 5. landsk. þm. álítur vera rjett.

Um fjórða atriðið, þá geri jeg ráð fyrir, að þar sje um efniságreining að ræða milli okkar, en það er um afstöðu bankans til ríkissjóðs. Ákvæðin um að banna bankanum að veita ríkissjóði lausalán er bygt á og bein afleiðing af þeirri sorglegu reynslu í öllum löndum Norðurálfunnar, að bankarnir hafa að jafnaði legið flatir fyrir kröfum stjórna landanna um lán til handa ríkissjóðnum. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja seðlabankann, og á að afstýra því, að hann verði misbrúkaður til þess að veita ríkisstjórninni lán, þegar henni kynni að detta í hug að æskja þess. Í sambandi við þetta hefi jeg gert þá breytingu á frv., frá því er það var í fyrra, að gefa ekki Landsbankanum sjálfstæð rjettindi til að krefjast þess, að hann verði látinn ávaxta fje allra opinberra sjóða o. s. frv. Þetta er afleiðing þess, að bankinn má ekki lána ríkissjóði. Af því leiðir, að ríkisstjórninni getur orðið það nauðsyn að hafa einnig bankaviðskifti við aðra banka. Það er óeðlilegt að gefa Landsbankanum beinar kröfur til að ávaxta opinbert fje; ávöxtun þess verður að fara eftir ákvæðum þeim, sem standa í reglugerðum hinna opinberu sjóða. Ef það stendur þar, að fjeð skuli ávaxtast í Landsbankanum, verður það gert, en það á ekki að setja í lög neitt um það, að opinbert fje skuli vera ávaxtað þar. Það á ekki að gera ríkissjóði að skyldu að hafa fje sitt þar, heldur á ríkisstjórnin að hafa heimild til að semja um ávöxtun fjár síns við hvaða banka sem er. Í Danmörku er opinbert fje ávaxtað í Þjóðbankanum þar, en það er samkvæmt samningi, en eigi eftir lagaákvæðum. Þá er það fjarstæða ein, að þessi regla sje komin frá kúgunaraðferð, sem Þjóðverjar hafi verið beittir.

Hv. þm. sagði, að óhætt væri að láta málið bíða eitt ár ennþá. Jeg skal ekkert fullyrða um það, að það sje ekki óhætt. Jeg veit ekkert um það, hvort stórvandræði hljótast af, en ógætilegt er það.

Hvað viðvíkur þeim annmörkum, sem eru á núverandi löggjöf, þá getur það ekki talist hermdarverk, þó jeg bendi á, að þar vantaði öll refsiákvæði gegn því að falsa seðla, sem gefnir verða út eftir heimildinni frá 1922. Það hafa sem sje engir seðlar verið gefnir út, og þó að því einhver áheyrandi kynni að hafa haft tilhneigingu til þess að falsa seðla, getur hann það ekki, vegna þess að engir seðlar hafa verið gefnir út; en þó er ekki þar fyrir að synja, að að því gæti rekið, að þess þyrfti með, að gefnir yrðu út nýir seðlar.

Viðvíkjandi gullkaupunum frá Íslandsbanka get jeg látið hv. þm. vita, að ríkissjóður er reiðubúinn til að kaupa það gull, sem bankinn má missa eða vill losa sig við, en Íslandsbanki hefir ennþá eigi látið neitt gull falt við ríkissjóð, en til þess eru engin lög, að krefjast þess, að bankinn láti gull sitt af hendi fyr en hann sjálfur vill það laust láta.

Þá kem jeg að ræðu hv. frsm. meirihl., og eru þar einnig nokkur atriði, sem jeg ætla að taka til athugunar.

Um hækkun gengisins sagði háttv. frsm., að þjóðbankar væru máttlausir til þess að ráða fram úr eða stjórna breytingum gengisins. Hreyfingar gengisins væru svo magnaðar, að eigi yrði við þær ráðið, og mintist hann í því sambandi gengisnefndar Dana. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rjett. Gengisbreytingarnar stafa frá ástandi viðskiftalífsins, en sá þáttur viðskiftalífsins, sem mestu um ræður í þessu efni, eru bankaviðskiftin. Örar gengishreyfingar stafa af ofnotkun lánsfjár, þ. e. bankarnir hafa verið of fúsir á að veita lán. Þá er því að leita ráða til að beina bankaviðskiftunum aftur inn á rjetta braut. Það er þegar orðið viðurkent, jafnvel í Danmörku, þar sem menn þó hafa verið seinir að átta sig á þessu máli, að grundvöllur undir þeim hlutum, er ráða gengisbreytingum, eru bankaviðskiftin og starfsemi bankanna, og þar er því orðið viðurkent, að ef menn vilja hækka gengið, verða menn að takmarka lánin; annaðhvort með hækkun forvaxta, eins og Englandsbanki hefir nýlega gert, eða takmarka útlán bankanna. Í Danmörku hefir þetta síðarnefnda verið gert. Skilyrðin til þess, að geta haft taumhald á gengissveiflunum, eru þau, að þjóðbankarnir, sem eiga að ráða yfir þeim, sjeu nógu sterkir til þess að geta ráðið stefnu allra banka í landinu, um útlán og annað. Þetta er nú viðurkent alstaðar. Hann (S-E) dró þá ályktun af þessari kenningu sinni, að er þjóðbankarnir gætu hvort sem er ekki ráðið við gengishreyfingarnar, þá væri sama, hvort þessir bankar væru fjárhagslega sterkar stofnanir eða ekki. En sannleikurinn er sá, að aldrei hefir meira riðið á því en nú, að þjóðbankarnir væru sterkustu bankastofnanirnar í landinu.

Þá talaði hann um þá tvo vegi, sem um er að ræða, að gera Landsbankann að seðlabanka ríkisins, eða hinn, að stofna nýjan seðlabanka. Það, sem fyrir mjer er úrslitaatriðið í þessu máli, er það, hvort nokkrar líkur sjeu til fyrir því, að hinn nýi seðlabanki, er stofnaður yrði, gæti fengið nægilegt fjármagn til þess að verða nógu sterkur sem seðlabanki ríkisins.

Í Danmörku var kvartað um það á mestu veltiárum Landmandsbankans, að hann yxi þjóðbankanum upp yfir höfuð, og að þjóðbankinn gæti því ekki haft þau áhrif á fjármál landsins, sem æskilegt væri og honum bæri að hafa. Þetta bið jeg menn að hafa í huga, þegar gera á út um það, hvort setja eigi hjer upp seðlabanka, sem ekkert fjármagn hefir annað en seðlana, við hliðina á tveimur bönkum öðrum, sem hvor um sig hefir um 40 miljón króna veltufje. En sjái hv. frsm. sjer fært að útvega nýjum banka það fjármagn, sem hann þarf til að geta orðið öflugasti bankinn í landinu, þá má vera, að sú leið sje fær. Annars hefi jeg enga trú á þessum bollaleggingum, og þykist ekki þurfa að fara langt út í að svara þeim tillögum, sem ekki hafa verið

bornar fram á þinglegan hátt og liggja því ekki fyrir hjer til umræðu.

Þá mintist hv. frsm. meirihl. (SE) á, að með því að halda mikilli innieign erlendis, gæti svo farið, að Landsbankinn tæki of mikið fje frá atvinnuvegunum. Og að af því myndi aftur leiða, að innstæðufje í sparisjóðum yrði of mjög notað til áhættusamra fyrirtækja. En af því myndi aftur leiða, að innstæðueigendur færu að verða hræddir um fje sitt þar.

Jeg held, að þetta sje hvorttveggja misskilningur. Landsbankinn hefir enga tilhneigingu til að leggja meira fje fyrir erlendis en bein nauðsyn krefur. Og hitt, að ótryggilegra sje að eiga fje sitt geymt, t. d. í Hambrosbanka í Englandi eða dönskum bönkum, held jeg sje sömuleiðis hinn mesti misskilningur. Og mun öldungis óþarft að óttast, að innstæðueigendur sjeu hræddir um að eiga það þar.

Þá mintist hann (SE) á tilraunir, sem gerðar voru hjer til að halda uppi genginu. En þar voru stórar syndir fyrir. Fje hafði verið lánað út, meira en efni stóðu til. En þegar svo er, að meira lánsfje er úti en trygging er til fyrir, er erfitt að hækka gengið. Og bankarnir gátu ekki náð inn útlánum sínum. En þetta sannar þó ekki, að ekki sje hægt að hafa stjórn á þessum málum. Og einmitt nú á síðastliðnu ári hafa bankarnir náð inn allmiklu af fjármagni sínu.

Landsbankinn er sú eina stofnun, sem við getum fyrir okkur borið til þess að hindra sveiflur á genginu. Og því meir sem hann er efldur, því hægara á hann með það.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., mánudaginn 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Fjármálaráðherra (JÞ) (frh): Næst gat hv. frsm. meirihl. (SE) um það, að jeg hefði eigi sannað, að sjerstakur seðlabanki hefði ekki nægileg áhrif á útlánin. Jeg hefi aldrei ætlað að sanna þetta, en spurði aðeins, hvort hægt væri að láta slíka stofnun hafa nægilegt fje.

Ef stofnaður yrði nýr banki, gæti það verið heppileg úrlausn í bili, en með því væri farið inn á óheppilega braut. Annarsstaðar hafa ríkin sinn eigin seðlabanka, en láta einkabanka annast aðra bankastarfsemi. Ef hjer ætti nú að fara að bæta nýjum ríkisbanka við, þar sem Landsbankinn er fyrir, værum vjer komnir lengra í ríkisrekstri á þessu sviði en nokkurt annað land, sem jeg þekki til. Jeg tel því eigi rjett, að stofna nýjan seðlabanka, jafnvel þótt efni væru til þess.

Þá mintist hv. frsm. (SE) á sparisjóðsfje Landsbankans og starfsemi bankans í sambandi við það. Gat hann þess, að stofnun eins og sparisjóði Eyrarbakka hefði gefist illa að fást við allar tegundir bankastarfsemi. Vitanlega er það engin sönnun fyrir óheilbrigði fyrirkomulagsins, þótt ein slík stofnun hafi verið lögð niður hjer á landi. Hvað mætti þá segja um fyrirkomulagið á öllum þeim bönkum, sem fóru um koll í útlöndum um líkt leyti.

Það, sem varð sparisjóðnum á Eyrarbakka að falli, var alls eigi samblandið á löngum og stuttum lánum, enda tíðkast það alstaðar hjer, heldur alt aðrar ástæður. Að nokkru leyti má ef til vill kenna stjórn sjóðsins um þau mistök, sem þar urðu, enda þótt hæg-

ara sje að sjá slikt eftir á en fyrirfram. Í öðru lagi kom þar atriði til greina, sem er lærdómsríkt, og því rjett að geta nánar um.

Sparisjóður þessi var stærsti sparisjóður landsins og fullnægði næstum eða alveg lánsþörf hjeraðs síns, enda þótt þeir, sem mest höfðu í veltunni, leituðu til banka í Reykjavík. Árið 1920, þegar ljettúð í fjármálum kemst á hæsta stig, er stofnað útibú frá Landsbankanum rjett við hliðina á sparisjóðnum. Þetta útibú hafði tvennskonar áhrif á sparisjóðinn og voru hvortveggja óhagstæð.

Í fyrsta lagi varð útibúið til þess, að auka all-mjög skuldir manna þar eystra, sem þó var eigi á bætandi. Auðvitað hafði þetta mjög slæmar afleiðingar fyrir sparisjóðinn.

Rjett eftir stofnun útibúsins dynur kreppan yfir. Þá hefst þegar samkepnin um innlánsfje á milli sparisjóðsins og útibúsins. Af ýmsum hafði verið bent rækilega á það, að tryggara væri að ávaxta fje sitt í útibúi Landsbankans, heldur en í sparisjóðnum. Varð þetta til þess, að talsvert af innlánsfje sparisjóðsins rann til útibúsins.

Þessar tvær afleiðingar af stofnun útibúsins fyrir sparisjóðinn orsökuðu síðar þá kreppu fyrir sjóðinn, er hann komst eigi úr hjálparlaust. Að vísu er það mitt álit, að útlitið með sjóðinn hafi ekki verið iskyggilegra en svo, að sjálfsagt hefði verið að hjálpa honum, ef tök hefðu verið á. Að minsta kosti hefir fjölda af erlendum bönkum, sem lakar hafa verið staddir, verið hjálpað, t. d. norski Handelsbankinn. Já, hann og miklu fleiri bankar.

Þetta, sem jeg nú hefi skýrt frá, sýnir aðeins það, að óheppilegt er að stofna til ríkisreksturs við hlið á einkafyrirtæki. Má og til frekari áherslu segja frá því, að er danska ríkið tók ríkisábyrgð á Landmandsbankanum, að þá var það látið í ljós af ýmsum fjármálamönnum, að svo mætti eigi lengi ganga, vegna þess, að þá mundi bankinn draga of mikið til sín frá einkabönkunum.

Því hefir verið haldið fram af ýmsum, að ríkisábyrgð væri á sparisjóðsfje Landsbankans. Jeg hefi nú leitað álits einhvers best metna lögfræðings vors, og hefir hann látið þá skoðun í ljós, að svo sje eigi. Ríkið ábyrgist aðeins með innskotsfje sínu og með seðlum sínum.

Það er mín skoðun, að ríkið eigi að styrkja sinn seðlabanka, en skifta sjer sem minst af annari bankastarfsemi. Og úr því að Landsbankinn er ríkisbanki, virðist liggja næst, að hann verði seðlabanki ríkisins. Væru þá bankamál vor komin inn á svipaða braut og annarsstaðar.

Því hefir verið haldið fram, að á þennan hátt yrði bankinn að starfa eftir ólíkum meginreglum. Má vera, að svo megi segja, en þó fæ jeg ekki sjeð, að svo langt sje á milli stuttra og langra lána, að það ætti að vera nokkurri bankastjórn ofætlun, að annast hvorttveggja. Að minsta kosti heimtar aðstaða vor hjer miklu meiri fjölhæfni á ýmsum stöðum. Hversu margbreytt eru eigi störf bóndans? Hann er kanske í senn jarðyrkjumaður, fjárræktarmaður, kennari, læknir og enn fleira. Ástæður vorar og aðstaða heimtar langtum meiri fjölhæfni af hverjum einstakling hjer en annarsstaðar, þar sem verkaskifting er meiri. Ef þetta nægir eigi hv. frsm. meirihl. (SE), ætti hann að líta á sinn æfiferil, þau ýmsu störf, sem hann hefir fengist við.

Hv. frsm. (SE) gat eigi bent á þá minkun lánsfjármagnsins, sem getið er um í álitsskjali nefndarinnar. Ef hægt á að vera að sanna slíkt, verður að benda á eitthvert fje, sem hverfi úr veltunni, en slíkt hefir eigi verið gert.

Jeg verð að álíta, að í ákvæðum frv. þessa felist mjög sterkt aðhald til stjórnar og þings um að láta ríkið ekki verða upp á það komið að safna lausum skuldum. Jeg verð sömuleiðis að álíta, að slíkt aðhald sje mjög holt. Það knýr til þess, að gerðar sjeu í tíma ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru til að rjetta við hag ríkissjóðsins, ef harðnar í ári fyrir honum. Fyrir utan reynslu sparisjóðs Eyrarbakka, benti hv. frsm. (SE) á það, þegar rifið var innstæðufjeð út úr Íslandsbanka, til stuðnings þeirri skoðun sinni, að varhugavert sje, að saman fari seðlaútgáfa og sparisjóður. Þetta skal líka viðurkent, og þessvegna er nú verið að stefna að því, að gera Landsbankann að seðlabanka, en losa hann fremur við sparisjóðinn. Eru í frv. nokkur ákvæði, sem tryggja bankann fyrir afleiðingum þess, að hafa sparisjóðsfje, og mætti sjálfsagt ganga nokkuð lengra í þá átt. Annars er um það dæmi að segja, sem hv. frsm. (SE) tók frá Íslandsbanka, að það hafði engin áhrif á bankann sem seðlabanka, nje heldur hafði það nokkur áhrif á gildi gjaldeyrisins. Það hefir vafalaust haft óþægileg áhrif á bankann sjálfan, en kom ekki fram á öðrum. Loks vil jeg biðja menn að yfirvega muninn, sem á því er, að sjerstakur banki hafi seðlaútgáfuna með höndum, eða Landsbankinn hafi hana, þegar „panik" kemur og menn rífa út fje sitt. Hver getur munurinn orðið, þegar sami er eigandi beggja stofnananna? Annars legg jeg meiri áherslu á, að það er óeðlilegt, hvað Landsbankinn hefir mikið sparisjóðsfje, og finst mjer, að með tilliti til þess stefni frv. þetta inn á rjetta braut.

Þá vil jeg, áður en jeg lýk máli mínu, fara nokkrum orðum um undirbúning málsins. Skal jeg þá geta þess, að jeg byrjaði að setja mig inn í málið til að sjá, hvar helst væri sjerfróðrar aðstoðar að vænta. Komst jeg fljótt að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi hlíta að leita í þessu skyni til „praktisks" bankamanns, sem ekki væri lærdómsmaður í þessum greinum, því öll „praktiska" hliðin er svo nátengd okkar ástæðum, að slíkir menn erlendis, sem ekki þektu til hjer heima, myndu ekkert geta gert. En það er ekkert leyndarmál, að í útlöndum hafa vísindamennirnir á þessu sviði altaf á þessum undangengnu vandatímum verið langt á undan „praktisku" mönnunum í skilningi á því, sem hefir verið að gerast. Fræðimennirnir hafa tekið bankamennina á knje sjer, ef svo mætti segja, og kent þeim, hvaða ráð þeir ættu að taka. Er skamt að minnast þeirrar reynslu í Danmörku, er sá „praktiski" bankamaður rjeði mestu um peningamálin, er naut trausts í svo ríkum mæli, að varla þótti ráð ráðið í Danmörku nje jafnvel erlendis, nema hann rjeði. En svo hrundi öll spilaborgin og maðurinn sjálfur raunar með. Reyndist þá alt rangt, sem hann hafði reiknað með og gengið út frá. Á sama tíma höfðu fræðimenn sagt fyrir, hvað væri að gerast. — Mjer sýndist því sjálfsagt að leita til fræðimanna í þessu efni, því jeg tel víst, að þeirra þekking eigi eins vel að geta komið að gagni hjá oss eins og annarsstaðar. Þeirra fræðilegu kenningar eru auðvitað algildar, en jafnframt eigum við að taka tillit til þess, sem við höf-

um lært af reynslunni. Niðurstaðan varð þá sú, að jeg sneri mjer til hr. Axel Nielsen prófessors í bankafræði við háskólann í Kaupmannahöfn, sem er nú að semja stóra kenslubók í námsgrein sinni. Er fyrra bindið þegar komið út, og er þar sögð saga bankamálanna. Auk þess á hann sæti í bankaráði þjóðbankans danska, og taldi jeg því, að málinu væri í hans höndum jafn-vel borgið fræðilega sem ef Þjóðbankinn sjálfur hefði um það fjallað. En þegar skjölin, snertandi þetta mál, voru farin af stað, þá fjekk jeg að vita, að Landsbankinn hjer hefði leitað álits þessa sama manns um frv. frá í fyrra. Stöðvaði jeg því skjölin í bili, uns jeg sæi þetta álit hans, en komst þá strax að raun um, eins og reyndar mátti vita, að álit hans var algerlega hlutlaust og sneri mjer því til hans. Og þó einn bankastjóri Landsbankans hefði átt tal við hann, þá vissi jeg auðvitað, að þeir, sem ekki vilja gera Landsbankann að seðlabanka, myndu nota sjer þetta sem mótbáru, en mjer fanst, að þar sem fyrv. stjórn hefir líka haft málið með höndum, og hún tekið þann kost, að láta sjálfa stjórn Landsbankans búa frv. í hendur þingsins — að þá gæti varla talist ámælisvert, þó sá maður, sem nú hefir fjallað um frv., ljeti stjórn Landsbankans í ljósi álit sitt um þetta frv. Það getur að minsta kosti ekki verið neinn þyrnir í augum þeirra, sem vilja gera bankann að seðlabanka, og fyrv. stjórn ekki heldur, sem fór svo langt, að láta stjórn Landsbankans undirbúa frv. undir þingið í fyrra. Hinsvegar hefi jeg bent á, að tími gat ekki orðið langur til undirbúnings, því þar sem erlendur maður átti að fjalla um málið, þá taldi jeg nauðsynlegt, að fyrst yrði samið yfirlit yfir sögu þessara mála hjer á landi. Fjekk jeg til þess ungan hagfræðing, og lauk hann því verki á 1½ mánuði. Það eitt get jeg kannast við, að vantaði á undirbúninginn, að frv. sjálft gæti legið fyrir sjerfræðingnum til umsagnar, en það leyfði tíminn ekki. Hinsvegar kannast jeg alls ekki við, að nein deyfð hafi átt sjer stað í undirbúningi þessa máls, eftir að á honum varð byrjað. Og þyki hv. frsm. (SE) sem jeg hafi ætlað mjer að lifa og deyja í skjóli Landsbankans, eins og hann kom orðum að því, þá held jeg, að það eigi ekki síður við um hans eigin stjórn.

Þá mintist hv. frsm. (SE) á það, að ráðherrarnir væri ósammála og benti því til merkis á mál, sem stjórnin nú stæði ekki saman um. En mjer finst mjög eðlilegt, að það geti komið fyrir, að ráðherrarnir sjeu ekki allir á sömu skoðun um frv., sem þm. koma fram með, þegar þau eru ekki stefnumál flokks þeirra. Það mun líka vera viðurkend regla, að ráðherrarnir hafi rjett til að bera fram stjfrv., þó hinir ráðherrarnir sjeu ekki þeim fylgjandi. Jeg mun því heldur ekki víta hv. frsm. (SE), þó hann leggist móti frv., sem flutt var í hans tíð, en þó hygg jeg, að það hafi verið samkomulag við hann þá, að Landsbankinn undirbyggi frv. Hann endaði svo mál sitt á því, að jeg hafi slegið á framrjetta hönd hjer, en það er ekki rjett. Jeg hefi athugað málið eftir því sem hægt var, og vil láta ræða það málefnislega eftir málavöxtum, án þess að inn í það sje blandað að óþörfu nokkru stjetta- eða flokkahagsmunatogi.

Björn Kristjánsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls í þessu máli, en

láta álit mitt nægja. En þar sem mjer finst, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi tekið því svo fjarri, að láta athuga þetta stórmál í nefnd til næsta þings, sem jeg tel bráðnauðsynlegt, þá vildi jeg þó segja nokkur orð.

Þar sem umræðurnar eru orðnar svo langar um þetta mál og frsm. meirihl. (SE) hefir svo rækilega svarað því, sem fram er komið til andmæla, þá vil jeg aðeins fara fáeinum orðum um þau atriði, sem hæstv. fjrh. (JÞ) virtist leggja mesta áherslu á.

Það, sem hæstv. fjrh. virðist leggja mesta áherslu á, er, að seðlabankinn geti haldið genginu sem stöðugustu næstu árin, og að bankinn safni sjer erlendu fje í þessu skyni. Ennfremur að draga úr lánveitingum, er þörf er á, og að hjálpa í viðlögum. Og þetta telur hæstv. ráðh. (JÞ) gerlegt, ef bankinn hafi mikið fje til umráða.

Þetta virðist mjer vera mergurinn málsins hjá honum í öllu, sem hann hefir sagt, og á því byggir hann andstöðu sína gegn sjerstakri seðlastofnun eða sjerstökum seðlabanka, sem hafi of lítið afl til að framkvæma þetta.

Mjer virðist því vera aðalatriðið í þessu máli, að athuga gaumgæfilega, hvort þessar höfuðástæður, og í raun og veru e i n u ástæður, eru á nægum og traustum rökum bygðar. Í nál. minnihl. hefi jeg leitt í ljós rök að því, að reynslan hafi sýnt, að seðlabankar erlendis geti ekki ráðið við gengið. Og hafa þeir þó miklu meiri möguleika til þess en bankar vorir geta nokkurntíma haft.

Og hv. frsm. meirihl. (SE) hefir jafngreinilega sýnt fram á, að seðlabankarnir erlendis geti ekki gert þetta. Það eina, sem þeir geta gert, er að sjá um að seðlar þeirra sjeu löglega gulltrygðir, svo þeir missi ekki traust almennings, og verið þó nokkur hemill á því, að of mikið sje lánað. Við, hv. frsm. (SE) og jeg, höfum fært skýr rök að því, að svona reyndist þetta erlendis.

En hvernig er vor eigin reynsla í þessu efni? Hún ætti að vera ólygnust.

Síðan árið 1905 höfum við haft seðlabanka. Bankastjórar þess banka hafa verið það vanir slíkum störfum, að menn munu ekki geta gert sjer vonir um, að bankastjórar yfirleitt á voru landi reki öllu betur seðlabankastarfsemi en stjórn þess banka gerði, og dettur mjer þó ekki í hug að hæla henni fyrir góða seðlabankastjórn.

Að lögum hafði banki þessi sterka yfirstjórn, bankaráð 7 manna, með sjálfum forsrh. jafnan sem formanni og þrjá þingvalda bankaráðsmenn. Á árunum 1905 til 1918 fjell alt í ljúfa löð. Gjaldeyririnn eða seðlarnir hjeldust í fullu verði. En árið 1919, eitthvert það besta verslunarár, sem vjer höfum haft, fyrir utan árið í fyrra, þá skeði það, að seðlabankinn komst í skuld erlendis, sem nam 8719826 kr. Bankinn hafði sem sje alls ekki gætt þess, að nota góðærið til þess að safna sjer fje erlendis og draga úr útlánum til þess að geta mætt lakari árum. En þrátt fyrir þetta fellur krónan íslenska ekki þetta árið.

Næsta ár, 1920, getur bankinn heldur ekki borgað neitt að mun. Skuldir erlendis voru því í árslok 7704233 kr. Upp frá því fara seðlar bankans að falla. Og enginn efi er á, að bankinn hefði þá orðið að leggjast niður, hefði landssjóður ekki komið til hjálpar. Og alveg eins hefði farið fyrir Landsbankanum litlu síðar, eða 1923, ef ríkissjóðurinn hefði

ekki hlaupið undir baggann. — Slík er okkar reynsla! — En nú kunna menn að segja, að það væri von, að svona færi, þar sem bankinn hafi haft svo lítið fje að vinna með, og er þá rjett að athuga það.

Þetta sama ár, 1919, í árslokin, hafði bankinn hlutafje 4½ milj. kr., sparisjóðsfje yfir 12 milj. kr. og hlaupareikningsfje 9½ milj kr. Þetta er alláliteg upphæð, 26 milj., eða álíka og Landsbankinn hafði í árslok 1923. En á árinu 1920 missir bankinn nálega helminginn af þessu sparisjóðsfje, en hlaupareikningsfjeð vex um ½ milj. kr. En þrátt fyrir þessa reynslu vor sjálfra á að byggja nýjan seðlabanka á sama grundvellinum, og honum þó lakari, þar sem Landsbankinn hefir nú helmingi meira sparisjóðsfje. Og á sparisjóðsfjenu á þá aðallega að byggja gengið á krónu vorri og tryggja innieignina erlendis. Tel jeg þetta of veikan grundvöll.

En svo kemur hitt atriðið, sem hv. frsm. (SE) hefir svo rækilega bent á. Íslandsbanki á nú að draga inn eina milj. kr. árlega og hefir þegar dregið tvær inn. Út úr frv. eru dregin þau tryggingarákvæði, sem sett voru fyrir því í frv. í fyrra, að Íslandsbanki geti endurselt víxla í Landsbankanum fyrir þau kjör, sem geta borgað sig fyrir banka, og að geta fengið þar stórt reikningslán. Bankinn er því, samkvæmt frv., skilinn eftir, alveg í lausu lofti, þó hann eigi að draga inn 1 milj. kr. á ári í seðlum fyrst um sinn. Íslandsbanki á því alt undir náð eða ónáð keppinauts síns, Landsbankanum, hvort hann getur selt þar víxla sína eða ekki. Og þessi keppinautur Íslandsbanka á eftir sem áður að vera keppinautur hans á öllum sviðum, sem er gagnstætt því, sem gerist um seðlabanka erlendis. Vel getur verið, að hæstv. fjrh. (JÞ), með sínum mikla dugnaði, geti greitt úr þessu í bili, en jeg get ekki vænst þess, að hann verði mosavaxinn í þeirri stöðu, fremur en aðrir fjármálaráðherrar.

Landsbankinn er þannig bygður, að hann getur aldrei orðið seðlabanki á þann hátt, sem seðlabankar erlendis eru, sem eiga alt á því þurra, og reka að meira leytinu þau viðskifti, sem aðrir bankar reka ekki. Þeir eru því á sárfáum sviðum keppinautar hinna bankanna. En jeg sje ekki betur en að Landsbankinn verði að hafa allar klær í frammi til þess að græða fje upp í töp sín og skuldir, og að sú samkepni geti orðið svo illvíg, að aðrir bankar kjósi heldur að búa að sínu en að eiga líf sitt og tilveru undir seðlabankanum.

Við erum fámenn þjóð, hver þekkir annan, og baráttan er hörð fyrir tilverunni. Menn eru því altaf með lífið í lúkunum um það, að aðrir skaði þá ekki. Og sjálfsbjargarleiðunum vilja menn halda sem heimullegustum. Jeg tel því ekki víst, að hinir betri viðskiftamenn bankanna kæri sig um að láta víxla sína, t. d. í Íslandsbanka, fara til Landsbankans, sem allir vita, að er hreinn keppinautur Íslandsbanka. Þessar kringumstæður geta valdið því, að Íslandsbanki verði með hröðum skrefum að draga inn lán sín, svo að hann geti með eigin fje fullnægt þörfum sinna góðu viðskiftamanna.

Og auðvitað verða þeir minni máttar framleiðendur og aðrir fyrir því, að missa samband sitt við Íslandsbanka. En hvar fá þeir þá hjálp? Tæplega hjá Landsbankanum, sem á nú að fara varlega.

Hjer er því stefnt til að minka framleiðsluna, minka útflutninginn. Og hvaða áhrif hefir það á gildi krónu vorrar og hag landsins? Jeg hefi velt þessum kringumstæðum fyrir mjer, og jeg sje ekki betur en að Íslandsbanki verði að draga lán sín inn, jafnótt og hann dregur inn seðla sína. Hann verður því að leggja alla áhersluna á að gera sig óháðan keppinaut sínum. Og það mundi jeg gera, væri jeg bankastjóri í þeim banka. En vitanlega hlýtur það að hafa sorglegar afleiðingar fyrir viðskiftalífið í landinu og hag landsins yfirleitt. Jeg teldi enga ábyrgð hvíla á mjer til þess að bjarga þeim minni máttar framleiðendum og öðrum, ef jeg væri búinn að sjá, að þingið sjálft hefði ekki hugsun á því eða vilja til þess.

En öllu þessu mætti afstýra, ef seðlastofnunin væri sjerstök eða að stofnaður yrði sjerstakur seðlabanki, sem styddi báða bankana og hefði annaðhvort lítil viðskifti önnur en að styðja bankana, eða alls engin, eins og seðlastofnun mín var fyrirhuguð í fyrra. Þá gætu báðir bankarnir unnið með fullum krafti eins og hingað til, án þess nokkur truflun kæmist á. Og þessi skoðun mín hefir skapast af reynslu, og minna af bókviti, því það er ekki einhlítt í þessum sökum.

Jeg sný mjer þá næst að Landsbankanum, sem eftir frv. á að verða seðlabanki. Ef hann starfar sem raunverulegur seðlabanki, þá hlýtur hann þegar í stað að takmarka mjög lánsstarfsemi sína, eins og aðrir seðlabankar gera. Hann má því hvorki lána fje til vafasamrar útgerðar, hæpinnar verslunar eða yfir höfuð til vafasamra fyrirtækja. Tryggingarnar verða að vera af bestu tegund, ef hann á að versla sem seðlabanki.

Nú hefir hann síðari árin lánað engu síður djarflega en hinn bankinn, og geri jeg ekki ráð fyrir, að órannsökuðu máli, að það sje nema lítið brot af útistandandi skuldum hans um áramót, sem sjeu svo vel trygðar, eða lánað til svo stutts tíma, að samrýmst geti seðlabanka.

Sá banki hlýtur því einnig að draga saman, svo framarlega sem hann á að reka viðskifti sín álíka tryggilega og aðrir seðlabankar gera, sem vitanlega verður að gera kröfu til. En það skapar nýja áhættu fyrir gildi íslenskrar krónu, áhættu fyrir því, að minna sje flutt út.

Jeg játa, að hugsjón hæstv. fjrh. (JÞ) er fögur og í sjálfu sjer rjett, að vilja láta seðlabankann safna sjerinnieignum erlendis á góðu árunum; en það má ekki gerast á þann hátt, alt í einu að hefta framleiðsluna, eins og hjer mundi verða raunin á.

Sjerstakur seðlabanki gæti unnið nokkuð af þessu hlutverki, og bankarnir sjálfir, þótt þeir enga seðla hafi. En enginn banki getur þó mætt verulegum gengissveiflum, eins og reynslan sýnir.

Á meðan við Björn Sigurðsson vorum bankastjórar, árin 1910—1918, átti Landsbankinn altaf inni erlendis um nýár, og innieignin óx eftir því sem árin liðu og bankaviðskiftin stækkuðu, eins og sjá má af bankareikningunum frá þeim árum. Þannig eiga bankarnir að „disponera“, ef rjett er að farið og ef það er mögulegt. Og það er altaf mögulegt á venjulegum tímum.

Nú er á milli tvenns að velja: að stofna sjerstakan seðlabanka, sem útheimtir minna fjárframlag frá ríkissjóði en ef Landsbankanum verður af-

hentur seðlaútgáfurjettur, nýjan seðlabanka, sem truflar ekki í neinu viðskiftalífið eða starfsemi bankanna, en styður það hvorttveggja, eða þá hitt, að afhenda Landsbankanum seðlaútgáfuna, með allri þeirri truflun, sem það veldur, og sem jeg hefi nú stuttlega lýst.

Valið ætti ekki að vera vandasamt. Þótt seðlabankinn sje lítill, þá getur hann unnið þrent: að halda seðlum sínum nægilega gulltrygðum, svo almenningur hjer og erlendis geti haft fult traust á þeim; í öðru lagi að verka sem hemill á of öra framtakssemi manna, að of mikið af seðlum sje gefið út í landinu, og í þriðja lagi að ráða vöxtunum í landinu.

Þetta tel jeg höfuðatriðin.

Hitt vegur minna í mínum augum, hvort hann á inni erlendis miljóninni meira eða minna, er misæri koma, því sú innieign verður aldrei fullnægjandi, þegar verulega út af ber. Við sjáum, að þótt landið eða bankarnir skuldi nokkrar miljónir, þá gerir það ekkert til, meðan landið hefir traust og meðan framleiðslan er nægileg. Það fellir ekki krónuna í gildi. Þessvegna er meira áríðandi að leggja alla áhersluna á að styrkja og auka framleiðsluna í landinu, þannig, að vjer getum ávalt flutt meira út en inn. Það eitt getur fyrirbygt allar óhagstæðar gengissveiflur, ef seðlaútgáfu er haldið í hófi. En mjer virðist frumvarpið ganga í gagnstæða átt.

Með þessari greinargerð og greinargerð minni í áliti mínu á þskj. 367 vænti jeg, að hæstv. fjrh. (JÞ) afsaki, þótt jeg hafi ekki getað orðið honum sammála í þessu eina máli.

Ætli maður sjer að láta seðlabankann verða lífvörð gegn öllum gengissveiflum, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) og ráðunautur hans, prófessor Axel Nielsen ætlast til, þá verður bankinn að eiga eigið fje svo tugum miljóna skiftir, og sem hann gerir lítið annað við en að passa upp á gengissveiflur, bæði nú og máske eftir 50—100 ár, að ný heimsstyrjöld kann að skella á. En sú trygging yrði vissulega dýr, og dýrari en að setja svo mikinn gullforða fyrir seðlunum, að hægt sje að leysa þá inn, ef með þarf, en sem menn veigra sjer þó við.

Jeg hefi jafnan litið svo á, að framleiðsla og hæfileg takmörkun seðlaútgáfunnar gæti fyrirbygt verðfall gjaldeyrisins, og að við gætum aldrei hugsað til að hafa svo fjesterkan seðlabanka að geta ráðið þar neinu verulegu um, er í óefni er komið. Þessvegna hefi jeg ekki einu sinni minst á þá hlið í umtali mínu um stofnun seðlastofnunar eða seðlabanka, að hann gæti skoðast þarna á verði. Hinsvegar vissi jeg, að alt annað gátu þessar stofnanir uppfylt, svo sem að hafa seðla sína vel gulltrygða, að vera hemill á of öra framtakssemi, o. s. frv. Það finst mjer vera það eina, sem hægt er að ráða við. Hitt er meira bókvit (theoria), að hugsa sjer að ráða nokkru um gengið aðeins með sparisjóðsfje. Það er ekki með bönkum eða peningum einum, sem hægt er að ráða genginu, heldur nægri framleiðslu.

Mál þetta hefir nú mjög skýrst við umræðurnar, og væri mjög æskilegt, að það yrði ekki gert að neinu flokksmáli. Höfum við meirihl. nefndarinnar lagt grundvöllinn undir það, að svo verði ekki, þar sem meirihl. er úr þremur stjórnmálaflokkum.

Jeg vænti því, að ekkert kapp komi

fram frá hæstv. stjórn eða flokkunum um málið. Málið er stórmál, og þarf því skynsemin að geta til fulls notið sín. En hætt er við, að hún geti það tæplega, ef kapp kemst inn í málið. Það er mín föst trú og von, að allir flokkar geti unnið saman um málið í eindrægni, því þá verður niðurstaðan væntanlega best.

Ef dagskráin verður feld og brtt. hv. þm. Vestm. (JJós) koma undir atkvæði, greiði jeg atkv. á móti tveim fyrstu brtt., en með þeirri síðustu. Jeg veit sem sje ekki dæmi til þess, að opinberum sjóðum hafi verið leyft annarsstaðar að kaupa hluti í hlutafjelagi með takmarkaðri ábyrgð. Jeg veit þess hvergi dæmi nema á Íslandi, og þau dæmi eru ekki fögur. Opinberir sjóðir mega ekki kaupa önnur brjef en ríkisskuldabrjef eða veðdeildarbrjef (obligationir).

Svo vildi jeg víkja að einu atriði enn þá, sem hæstv. fjrh. talaði um. Hann lagði mikla áherslu á, að það væri ótækt, að ríkið hefði fleiri banka en einn, og þessvegna væri það ótækt að stofna sjerstakan seðlabanka, þar sem Landsbankinn væri ríkisins eign. Jeg get bent hæstv. fjrh. (JÞ) á einfalda ráðningu á þessu. Það er ekki annað en breyta nafni Landsbankans og kalla hann „Sparisjóð Reykjavíkur", eins og hann í raun og veru er. Breyta um nafnið og láta hann draga inn af lánum sínum svo mikið, að hann geti borgað ríkissjóði til baka það sem hann á í bæjarsjóði. Líka mætti gera hann að hlutafjelagsbanka.

Að öðru leyti kæri jeg mig ekki um að fara inn á afsakanir í greinargerð hæstv. fjrh. (JÞ), hvernig á því stóð, að undirbúningur málsins hefir orðið eins og raun er á, en jeg hefi það á tilfinningunni, og hafði á síðasta þingi, að það væri ákveðinn hugur hæstv. fjrh. (JÞ), að láta Landsbankann verða seðlabanka, og hefir hann því leitað álits aðeins hjá þeim, sem hann treysti, að væru sjer sammála. En jeg álít, að próf. Nielsen hefði átt að gefa stjórn þjóðbankans danska þetta álit, en ekki ísl. stjórninni, og láta hana bera ábyrgð á þessum skjölum. Og þá efast jeg um, að þetta álit hefði verið eins úr garði gert eins og það er.

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Jeg ætla fyrst að svara því, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) sagði um það, að þetta mál ætti ekki að vera neitt flokksmál. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það verði yfir höfuð alment skoðað, að það sje mál neins sjerstaks flokks í landinu eða hafi verið, að Landsbankinn ætti að taka við seðlaútgáfunni, jafnóðum og Íslandsbanki sleppir henni. Hv. þm. mintist á, að meirihl. hefði sjerstaklega lagt grundvöll til þess að forða málinu frá að lenda í reipdrætti milli flokka, og má vel vera, að þeirra till. miði að því. En á hinn bóginn get jeg ekki sjeð, að till. um að aðhyllast frv. þetta stefni málinu á nokkurn veg inn í flokkapólitík.

Að því er snertir ummæli hv. þm. um brtt. minnihl., þá skal jeg geta þess, að þær tvær brtt., sem hann taldi sig ekki geta aðhylst, eru að mestu leyti fram komnar eftir bendingum Krabbe skrifstofustjóra.

Jeg hafði vikið að því nokkrum orðum í fyrri ræðu minni, að mjer virtist, að sjerstaklega tveir þingmenn í meirihl. nefndarinnar hefðu allmjög skift um skoðun á þessu máli frá í fyrra, sem sje hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm.

S.-M. (IP). Hv. 5. landsk. hefir ekki viljað kannast við, að svo sje, en hefir á hinn bóginn viljað halda því fram, að jeg hafi tekið þátt í að tefja þetta mál á síðasta þingi. Er þá ekki nema rjett að rifja upp stuttlega, hvernig málið lá þá fyrir. Frv. um Landsbankann var útbýtt í þessari hv. deild 19. mars; en á fundi í deildinni 14. mars lýsti fyrv. fjrh. (KlJ) því yfir, að þetta sama frv. sje þá alveg nýlega komið í sínar hendur. Af þessu er það auðsætt, að fyrv. stjórn hefir ekki haft tækifæri til að kynna sjer málið neitt til hlítar. 19. mars var frv. útbýtt; ný stjórn var komin að völdum, og hún hafði ekki átt neinn þátt í undirbúningi þessa máls. Frv. var samið, eins og kunnugt er, af Landsbankastjórninni sjálfri.

Fyrst var það, að nefndin var ekki á einu máli um það, hvað gera ætti við frv. Jeg hefi þegar drepið á það, að tveir af nefndarmönnum, þeir sem jeg mintist á, vildu láta samþ. frv. með litlum breytingum. En aftur á móti var meirihl. á því, að fresta málinu. Hjer við bætist það, að núverandi hæstv. fjrh. (JÞ), sem vitaskuld var ekki farinn að kynna sjer málið neitt til hlítar, ljet í ljós þá ósk við nefndina, að hann langaði til að fresta málinu til næsta þings, svo að stjórnin gæti kynt sjer það og borið það undir álit sjerfræðinga.

Þar sem nú fráfarandi stjórn hafði ekki getað kynt sjer málið, og frá hennar hendi kom það óundirbúið, og nýja stjórnin hafði af skiljanlegum ástæðum ekki haft hönd í bagga með tilbúning frv., þá sýndist það eðlilegt, að stjórnin fengi þetta svigrúm, sem jeg þá mælti með, til þess að undirbúa málið til næsta þings.

Jeg skal taka það skýrt fram, að jeg tel nú nauðsynlegt, að málinu verði ráðið til lykta á þessu þingi, og þarf jeg því ekki frekar að taka fram, hvað fyrir mjer vakti, er jeg talaði um óþarfa frestun í því. Var það heppilegt, að hv. 5. landsk. (JJ) las upp ummæli mín, er jeg talaði í mót hinni rökstuddu dagskrá. Þau orð sanna mitt mál, en ósanna hans.

Það stendur í nál. þessara tveggja hv. þm. á þskj. 367 — ef eg má lesa upp kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Krabbe skrifstofustjóri sendi einnig álit til stjórnarinnar, og eru þar einstök atriði, sem undirrituðum nefndarmönnum þykja mjög til bóta ....“

Skal jeg nú sýna fram á, að mörg af þessum atriðum eru tekin upp í frv. En áður vildi jeg mega lesa kafla úr nál. hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) um þetta sama mál á þinginu í fyrra:

„Minnihl. nefndarinnar lítur svo á, að meginefni frv. geti orðið til mikilla hagsbóta ....“

Með þessu nál. er lýst yfir fylgi við frv. En það má sjá á nál. þeirra á þskj. 367, að þeir finna nú frv. margt annað til foráttu en þá, en þó voru þau ákvæði í frv. í fyrra, sem voru miklu óhagstæðari, eins og jeg mun sýna fram á.

Þessir tveir hv. nefndarmenn segja, að till. Krabbe sjeu til bóta. Skal jeg þá drepa á nokkrar till. hans, sem teknar eru upp í frv. T. d. hefir stjórnin eftir tillögum hans tekið upp ákvæði 16. gr., um skiftimynt, ákvæði 18. gr., að bankinn taki að sjer sparisjóðsfje o. s. frv., ákvæði 19. gr. um bráðabirgðalán ríkisins, sem báðir leggja mikla áherslu á, Axel Nielsen og Krabbe. Þá eru og ákvæði 32. gr., um hve mikið skuli leggja í varasjóð. Í fyrra var gert ráð

fyrir mun minna. Þá eru ákvæði 24. gr., um íhlutunarvald fulltrúaráðs. Þar hefir stjórnin tekið upp tvö mikilvæg ákvæði, sem ekki voru í frv. í fyrra, undir e-lið, um leiðbeinandi endurskoðanda, og undir d-lið, um að taka ákvarðanir um eftirgjöf á skuldum.

Þetta er það af tillögum Krabbe, sem jeg hefi sjerstaklega tekið eftir, að stjórnin hafi tekið til greina. Og þar sem þessir tveir hv. nefndarmenn hafa lýst yfir því, að þeir teldi margar af tillögum Krabbe til bóta, verður ekki annað sjeð en að frv. hafi batnað, þótt þeir á öðrum stað segi, að það hafi versnað.

Má ennfremur benda á það, að í frv. í fyrra voru engin ákvæði, er hindruðu það, að hlutafje bankans kæmi frá útlöndum. Nú eru það íslenskir ríkisborgarar einir, sem mega vera hluthafar, og verður að telja það stórbót, að útlendingar geti ekki náð valdi yfir bankanum. Þetta var ekki útilokað í fyrra, og vildu þeir hv. þm., er eg nefndi áðan, þeir hv. 5. landsk. (JJ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP), þó samþykkja það.

Með þessu tel jeg sýnt, að ummæli mín upphaflega um það, að frv. hefði tekið breytingum til batnaðar, eru ekki sögð af misgáningi. Ennfremur hefi jeg sýnt fram á, að þessir tveir hv. þm. eru í mótsögn við sjálfa sig, þar sem er nál. þeirra í fyrra og ummæli þeirra um frv. nú. Verður þá ekki hægt að skýra afstöðu þeirra á annan hátt en þann, að þeim hafi snúist hugur.

Í einu atriði þótti mjer hv. 1. landsk. (SE) fara nokkuð langt frá sannleikanum. Hann vildi fullyrða, að með frv. þessu ætti að offra atvinnuvegum þjóðarinnar á altari Landsbankans. Jeg fæ ekki sjeð, að slík stóryrði hafi við hin minstu rök að styðjast, eins og hæstv. fjrh. hefir greinilega sýnt fram á. Að minsta kosti er tilgangur minn, með því að vilja samþ. frv. og fá Landsbankanum seðlaútgáfuna í hendur, ekki sá, að hnekkja atvinnuvegum landsmanna hið minsta.

Annars lagði hv. þm. (SE) mikið upp úr því, hversu mjög Íslandsbanki hefði stutt sjávarútveginn á undanförnum árum og vildi jafnvel halda því fram, að sá atvinnuvegur stæði og fjelli með bankanum. Jeg skal ekki neita því, að Íslandsbanki hefir veitt sjávarútveginum lofsverðan stuðning frá fyrstu tíð, en það hefir Landsbankinn líka gert. (SE: Jeg tók það líka fram.) Það er vitanlegt, að einkum á síðari árum hefir Landsbankinn veitt sjávarútveginum öflugan stuðning, svo að Íslandsbanki er þar ekki einn um hituna. (SE: Jeg hefi aldrei haldið því fram.) Ef að jeg hefi misskilið hv. þm. (SE) í nokkru, þá kemur það síðar í ljós, en mjer fanst hann haga orðum sínum svo, að hann teldi, að sjávarútvegi landsmanna væri stofnað í stórhættu, ef Landsbankinn fengi seðlaútgáfurjettinn í sínar hendur.

Jónas Jónsson: Jeg þarf að skýra ýms atriði í ræðu hæstv. fjrh (JÞ) frá því í gær.

Hann taldi frest á máli þessu og frekari rannsókn spor úr rjettri leið.

Það er nú svo hvert mál sem það er virt. Í fyrra var málinu slegið á frest samkvæmt tilmælum hæstv. ráðh (JÞ). Þá kaus hann ársfrest, í stað þess að koma með þær brtt., sem hann taldi æskilegar. Og nú er það svo, að mörgum hv. þm. virðist málið standa enn til bóta og vilja því frekari rannsókn, ekki síst þar sem hæstv. fjrh. (JÞ) hefir í dag játað, að undirbúningur þessa frv.

hafi ekki verið með því móti, sem hann hefði helst á kosið. Meðal annars játaði hann, að betra hefði verið að bera frv. undir sjerstakan, bankafróðan mann, sem hann nefndi, en til þess hefði ekki unnist tími.

Þá talaði hæstv. fjrh. (JÞ) um 3—4 breytingar, sem nú væru á frv. frá því sem verið hefði í fyrra, og skildist mjer á honum, að hann væri sjer þess meðvitandi, að þar stæði hann í þeim sporum, sem við hv. 2. þm. S.-M. (IP) höfðum markað í fyrra hjer í hv. deild, enda vildi hv. þm. Vestm. (JJós) halda því fram, að við værum brautryðjendur að þessu leyti, en hann og flokkur hans ætluðu að feta í fótspor okkar. Betur, að svo væri oftar. Hæstv. ráðh. (JÞ) þótti líklegt, að við litum með velþóknun á þessar breytingar, þar sem við værum lærifeður hans í þessum efnum.

Mjer kemur í hug það, sem heimspekingurinn Sören Kirkegaard sagði um þá, sem njóta listaverka, og þá, sem búa þau til. Hann sagði, að listaverkin væru sköpuð með sársauka listamannsins um langan tíma, en fólk liti ekki á það, heldur segði aðeins: Sýndu meira! án þess að hugsa um þjáningar söngvarans. Jeg vildi nú óska, að hæstv. fjrh. (JÞ) syngi meira í þessu máli og færðist enn nær okkur, þó að það kosti hann ef til vill einhverja þjáningu. Vona jeg, að svo verði, með því að láta frv. bíða enn um stund. Þessvegna er full ástæða til að óska frekari frests, að svo stöddu máli, og betri undirbúnings fyrir næsta þing. Er þá vonandi, og enda harla líklegt, að ekki einungis hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. Vestm. (JJós) fái smátt og smátt öðlast betri skilning á málinu, heldur öll þjóðin.

Annars er jeg fyrir mitt leyti ekki svo mjög hrifinn af þeim atriðum, sem hæstv. ráðh. (JÞ) taldi til bóta í frv. þessu, frá því sem var í fyrra, en jeg virði hina almennu viðleitni hans og vil gefa honum frest til að sækja enn betur í sig veðrið og komast á rjettar brautir á fleiri sviðum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) segir, að ríkissjóður hafi forgangsrjett til hlutabrjefakaupa samkvæmt frv. Þetta atriði er ítarlega skýrt í nál. okkar hv. 2. þm. S.-M. (IP). Það er engin trygging fyrir því, að þessi forgangsrjettur verði notaður. Þegar Íslandsbanki var stofnaður, sællar minningar, var svo kveðið á, að Íslendingar skyldu sitja fyrir kaupum hlutabrjefanna. En hvernig fór? Þeir, sem hafa eitthvert hugboð um, hvar meirihluti hlutabrjefa Íslandsbanka eru nú niður komin, geta ekki verið sjerlega hrifnir af þessu ákvæði frv. Segjum t. d., að hæstv. fjrh. (JÞ) verði fjrh. áfram, þegar til stofnfjáraukningar Landsbankans kemur, samkvæmt frv. Honum er þá algerlega í sjálfsvald sett, hvort hann notar forgangsrjettinn f. h. ríkissjóðs. Engri ábyrgð verður komið fram á hendur honum, þó að hann verði þá þeirrar skoðunar, að ríkissjóður geti ekki lagt fram fje til hlutakaupa og afsali því forgangsrjettinum. Og svona má finna ótal útgöngudyr. Þetta ákvæði frv. er því fremur veiðibrella gagnvart þeim, sem er illa við, að bankinn verði hlutabanki einstakra manna, heldur en hjer sje um alvarlega tryggingu að ræða.

Þá heldur hæstv. fjrh. (JÞ) því fram, að bankaráðinu sje fengið meira vald nú en í frv., sem lá fyrir í fyrra. Við höfum sýnt í nál okkar, að þetta vald bankaráðsins er í flestum tilfellum lítils sem einskis virði. Ef það hefir nokkra þýðingu, þá er það helst að gefa skuldu-

nautum bankans eftir skuldir. En við sjáum enga ástæðu til annars en að bankastjórarnir beri sjálfir ábyrgð á eftirgjöfum lána, sem þeir hafa veitt miður áreiðanlegum eða fjárhagslega illa stæðum lánþegum, en geti ekki skelt ábyrgðinni á herðar bankaráðsins. Við höfum sýnt fram á, að bankaráðið skv. frv. er sáralítils virði, en hinsvegar hefir það talsverðan kostnað í för með sjer. Ef slíkt bankaráð á að koma að nokkru liði, þá þarf því að vera komið öðruvísi fyrir en frv. segir, bæði að því er kjör þess snertir og starfssvið. Ef það ætti t. d. að hafa vald yfir „diskontónni", eins og víða á sjer stað erlendis, þá gæti það haft einhverja þýðingu.

Þá kvað hæstv. fjrh. (JÞ) það ákvæði til bóta, að seðlaútgáfurjetturinn væri ekki hugsaður bundinn nema um 50 ára skeið.

Um þetta atriði er fátt sagt í nál. okkar, nema hvað við höldum því fram, að ef bankinn yrði gerður að gróðafjelagi, þá er þessi tími of langur og lengri en venja er til víðast hvar erlendis.

Sum lönd hafa tekið upp þá reglu, að festa ekki seðlaútgáfurjettinn nema um mjög skamman tíma, ef hann er í höndum einstakra gróðafjelaga.

Það er því lítið fyrir að þakka, að hann skuli ekki hugsast hjer lengur bundinn en í 50 ár, eins og frv. er að öðru leyti í pottinn búið.

Þá svaraði hæstv. fjrh. (JÞ) nokkru „kritik" nál. okkar á breytingu þeirri, sem frv. gerir á afstöðu Landsbankans gagnvart ríkissjóði. Jeg hefi orðið þess var, að mikilsmetnir Íhaldsmenn hafa skoðað þá breytingu hlægilega tilraun til að „bóndafanga" Landsbankann. Í þessu sambandi er og rjett að drepa á aðra breytingu, sem frv. gerir á núgildandi skiplagi. Fyrir nokkrum árum var Landsbankanum veittur enkarjettur til að geyma fje opinberra sjóða og stofnana. Þetta ákvæði vill hæstv. fjrh. (JÞ) nú fella úr gildi, enda þótt það hafi verið sett eftir örðuga baráttu margra þjóðhollustu manna, og enda þótt Landsbankinn hafi verið aðalhjálparhella ríkissjóðs á undanförnum krepputímum.

Jeg býst við, að hv. þm. Vestm. (JJós) geti skilið, að enda þótt aðeins sje tekin fyrri breytingin og það, sem af henni leiðir, að ríkinu verði að miklu leyti varnað allra viðskifta við annan bankann, þann, sem líklega verður sterkari áður en líður á löngu, þá sje full ástæða til að athuga það mál nánar. Það verður saga til næsta bæjar, ef þingið samþykkir athugunarlítið að loka öðrum bankanum fyrir ríkissjóði.

Þetta er sjerstaklega vítt í nál. okkar og eins af mjer í ræðu hjer í gær, en samt tekur hv. þm. Vestm. (JJós) þetta ákvæði sem dæmi þess, að okkur hljóti að vera það sjerstaklega geðfelt, af því Krabbe telur svo vera, en við álítum sumar till. hans miða til bóta, en alls ekki þessa.

Þetta er gott sýnishorn vinnubragða hv. þm. (JJós), að hann telur okkur samþykka atriði í frv., sem við höfum a. m. k. tví-mótmælt.

Jeg vil minna á það, sem hv. 2. þm. G.-K. (BK) vjek að í dag, viðvíkjandi meðferð á opinberu fje. Mjer skildist, að þau tilfelli hefðu komið fyrir, að því hefði verið ráðstafað á óhyggilegan hátt. En það er eitt, sem okkur hæstv. fjrh. (JÞ) ber á milli, að jeg tel, að ekki sje hægt að koma fje tryggilegar fyrir en í Landsbankanum, meðan hann er alþjóðareign og hefir alla þjóðina að

baki sjer. Hæstv. fjrh. (JÞ) neitar því, að fordæmi Þjóðverja hafi haft nokkuð að segja, er farið er fram á, að þingið að miklu leyti hætti öllum afskiftum af Landsbankanum, ef hann verður gerður að seðlabanka. En jeg vil benda honum á, að eftir viðurkendum reglum ritskýringarinnar get jeg sannað hið gagnstæða. Hv. þm. Vestm. (JJós) hefir, eins og hæstv. fjrh. (JÞ), mælt mjög með álitsskjali Krabbe skrifstofustjóra, en í því er prentaður upp á þýsku kafli úr lögum þjóðbankans þýska frá 1924. Vitaskuld er bankanum stjórnað af fjármála- og bankamönnum, en alt ber með sjer, að hann er stofnaður undir eftirliti Bandamanna. Kemur fram í ummælunum andi Dawes-samningsins. Jeg get og minst á afskifti Bandamanna af þýsku járnbrautunum og öðru, í því skyni að tryggja sjer, að Þjóðverjar ljúki skuldum sínum, og sjest þetta líka í hinni þýsku tilvitnan Krabbe skrifstofustjóra. Öll rjett ritskýring sýnir því, að hæstv fjrh. hefir í þessu atriði farið eftir Krabbe, en Krabbe eftir þjóðbankanum þýska, sem er aðeins hluti af ráðstöfunum Bandamanna gagnvart Þjóðverjum. En á þeim er ekkert að byggja, því að Bandamenn hugsa um það eitt, að tryggja rjett sigurvegaranna gagnvart þeim sigruðu, bæði í þessu máli sem öðrum.

Jeg hefi sýnt fram á þetta, til þess að sanna, hve undirbúningur þessa máls er óábyggilegur, og getur hæstv. fjrh. (JÞ) ekki mótmælt þessum rökum, því að þau eru óhrekjanlega studd af fylgiskjölum, sem liggja fyrir þinginu.

Nú í dag hefir hæstv. fjrh. (JÞ) farið að skýra, hversvegna sparisjóðurinn á Eyrarbakka hrundi. Kendi hann því um, að Landsbankinn hefði stofnað útibúið á Selfossi. Jeg vil drepa á tvö atriði viðvíkjandi þessu, því að þótt þetta mál komi eiginlega ekki þessum umr. við, þá hefir það samt verið dregið inn í umr., og getur ekki verið neitt á móti því, að hin rjetta skýring komi fram.

Allir vita, að sparisjóðurinn lánaði svo ógætilega út, að hann gat ekki staðið skil á innieignum manna og fór þessvegna á hausinn. Hefir þurft sjerstaka löggjöf og hjálp frá Landsbankanum, til þess að bjarga honum að nokkru leyti. Að sett var útibú á Selfossi, hlaut að vera sparisjóðnum til hjálpar, því að nýtt fjármagn kom inn í hjeraðið, er hlaut að hjálpa þeim, sem nokkra tiltrú höfðu, til þess að standa í skilum. Röksemdir hæstv. fjrh. (JÞ) um útibúið austanfjalls voru því líkastar því, að hann hjeldi því fram, að maður nokkur hefði felt úr hor vegna þess að nábúi hans hefði komið með 100 vættir af heyi og lagt þær við bæjardyr hans. Ennfremur óska jeg eftir, að hæstv. fjrh. (JÞ) færi sönnur á þau ummæli sín, ef þau eru ekki bygð á einberum misskilningi, að útibúið á Selfossi hafi gert ráðstafanir til að spilla fyrir sparisjóðnum. Ef hæstv. fjrh. (JÞ) færi hjer með rjett mál, væri samt um atvinnuróg að ræða, og hefði sparisjóðurinn hlotið að fara í mál og fá útibúið dæmt fyrir þessar aðgerðir. En þar sem útibúið fjekk enga slíka málsókn, geri jeg ráð fyrir, að engin slík ummæli hafi komið frá því, eða þá að formaður sparisjóðsins hafi við nánari athugun álitið þau rjettmæt. Því víst er það, að útibúið stendur enn trygt og hefir innbyrt sparisjóðinn. Jeg verð því að telja, að ósatt sje, að um atvinnuróg af hálfu útibúsins hafi verið að ræða, nema hæstv. fjrh. færi full rök fyrir því. En hvað sjóðinn snertir, þá mátti ekki

búast við góðu um hann, því engum dylst, að meira en lítið bogið er við þá stofnun, sem veðsetur sínar eigin sparisjóðsbækur og býður þær til sölu og leigu, en „spekulerar“ jafnframt í pólskum mörkum í miljónatali, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) veit, að var um þessa stofnun. Um slíka stofnun tel jeg enga ástæðu til að tala í neinum afsökunartón. Yfirleitt er öll ráðsmenska sparisjóðsins eitt af þeim svörtu blöðum í fjármálasögu þessa lands.

Þá var hæstv. fjrh. (JÞ) að minnast á það, að erlendis hefðu verið gerðar ítarlegar tilraunir til að hjálpa illa stöddum lánsstofnunum. Já, sá maður var það í Noregi í haust, sem hæstv. fjrh. (JÞ) vill gjarnan líkjast hjer í íhaldsflokknum. Berge fyrv. forsrh. Norðmanna lánaði þá 25 milj. kr. á bak við þingið. Fyrir það var hann dauðadæmdur sem stjórnmálamaður, og svo ilt verk þótti þetta, að flokki hans dettur ekki í hug, þótt hann sje sterkasti flokkurinn í þinginu, að bjóðast til þess að taka aftur við stjórn. Fyrir svo alvarlegum árekstri hafa erlendir stjórnmálamenn orðið, sem hafa viljað hjálpa lánsstofnunum, sem reknar voru eins og Handelsbankinn norski og sparisjóðurinn á Eyrarbakka. En jeg hygg, að ef hæstv. fjrh. (JÞ) hefði setið við völd, þegar sparisjóðurinn var að fara um, þá hefði hann farið inn á þá braut, sem stjettarbróðir hans í Noregi lenti á, svo mjög harmaði hann það, að sparisjóðurinn varð að hætta að starfa og rann inn í útibúið, því að hann virtist harla ánægður með sparisjóðinn í heild. Segi jeg ekki þetta hæstv. fjrh. (JÞ) til vansa, því að Berge var miklu meiri stjarna í Noregi en hæstv. fjrh. (JÞ) er hjer, svo hann hlýtur enga niðurlæging við samanburðinn.

Þá kem jeg að síðustu ræðu hv. þm. Vestm. (JJós). Hann vildi halda því fram, að við hv. 2. þm. S.-M. (IP) hlytum að álíta þetta frv betra en frv. um Landsbankann, sem borið var fram í fyrra. Höfum við þó skýrt og skorinort tekið það fram og rökstutt það í nál. okkar, að við teljum frv. verra, að það sje spilt frá því sem það var í fyrra. Hitt get jeg játað, að þær skoðanir hafa nú komið fram hjá hæstv. fjrh. JÞ), sem ekki sjást í frv. og við teljum mjög miklu betri á vissum sviðum en það, sem haldið er fram í frv. Því má hv. þm. (JJós) segja, að við metum mikils till. hæstv. fjrh. (JÞ) um að efla Landsbankann með landsfje, ef samkomulag næst um það, að gera bankann að seðlabanka.

En að hv. þm. (JJós) hygst vita svo miklu betur um skoðanir okkar hv. 2. þm. S.-M. (IP) en við sjálfir, byggir hann á rökfærslu, sem er enn vitlausari en alt annað, sem hann hefir flutt fram. Við segjum í nál okkar, að við teljum, að einstök atriði í brjefi Krabbe bendi til bóta. Þessu snýr hv. þm. (JJós) svo, að við teljum alt í brjefinu til bóta. Sýnir það tilhneiging hans til þess að afbaka alt. En gallinn er svo aðeins sá, að hæstv. landstjórn hefir ekki tekið upp í frv. sitt þau atriði úr brjefi Krabbe, sem við teljum til bóta, heldur hin, sem við hyggjum, að miði til óheilla.

Jeg get bent á, hvaða atriði okkur þótti mjög til bóta. Það er gagnrýni Krabbe á Landsbankafrv. frá í fyrra, og eins gagnrýni hans á því, að einstakir gróðabrallsmenn fái eignarrjett á bankanum. Sú gangrýni er góð, svo langt sem hún nær, en mætti vera skarpara orðuð en

skrifstofustjórinn gerir. Á þessari gagnrýni byggir skrifstofustjórinn till. sína um að útiloka afskifti einstakra gróðamanna af bankanum. Hæstv. stjórn tók ekki þá till. upp, en háttv. þm. Vestm. (JJós) hefir nú gert það, eftir að nefndin klofnaði. Jeg hygg, að hann telji mig ekki of bersöglan, þótt jeg bendi á, að jeg varð aldrei var við, að hann legði neina áherslu á þessa till. meðan við unnum saman. En einmitt þetta, að hæstv. stjórn tekur ekki till. skrifstofustjórans til greina, en háttv. þm. tekur hana síðan upp, sýnir, á hve veikum þræði hann er að reyna að ganga, þegar hann vill sanna, að við hv. 2. þm. S.-M. (IP) hljótum að vera þakklátir fyrir þetta frv.

Þá sagði hv. þm. (JJós), að við Framsóknarflokksmenn hefðum ekki í fyrra áskilið okkur rjett til að gera brtt um æðstu stjórn bankans. Hver er æðsta stjórn bankans? Vitaskuld er þar bankaráð og bankastjórn, en hv. þm. (JJós) skilur ekki, að það er ekki æðsta stjórn bankans, heldur eru það eigendurnir; þeir hafa ráð hans í hendi sjer. Þannig er það í fjelögum. Það eru ekki stjórnirnar eða hluthafafundirnir, heldur sjálfir meðlimirnir, sem hafa æðstu ráðin. Það eru eigendurnir, sem eru æðsta stjórnin. Nú ætti hv. þm. (JJós) að skilja, að við hv. 2. þm. S.-M. (IP) getum ekki fallist á það fyrirkomulag, sem farið er fram á í frv., bæði nú og í fyrra, því að eftir frv. verður það ekki landið eða landsstjórnin, sem stjórna bankanum í þarfir þjóðarinnar, heldur einstakir menn, sem reka hann samkvæmt sínum óskum og þörfum. Í þessu efni hefir Krabbe komið okkur til aðstoðar, og hann hefir nú hlotið þá ánægju, að hv. þm. Vestm. (JJós) er í þessu atriði orðinn lærisveinn hans og okkar hv. 2. þm. S.-M. (IP). En þótt jeg og hv. þm. (JJós) sjeum sammála um þessa höfuðniðurstöðu, er ekki sýnt, að við getum orðið samferða hvað allar breytingar snertir. Um annað kann svo að fara, að okkur semji ekki. Slíkir afarkostir kunna að vera settir fyrir samkomulaginu. Ef jeg færi t. d. til hv. þm. (JJós) og bæði hann að lána mjer 100 kr., og hann segði: „Þú getur fengið þær með því að borga 100 kr. í vexti," gengi jeg aldrei að þeim skilmálum. Sama máli myndi ef til vill gegna um sumar till. hans í þessu máli, að jeg gæti aldrei fallist á þær.

Við erum sammála um, að bankinn eigi fyrst og fremst að vera seðlabanki, en um fyrirkomulagið að öðru leyti hefir enn ekki náðst samkomulag. Við hv. 2. þm. S.-M. (IP) höfum ekkert snúist í þessu máli. Jeg verð líka að segja, að það er hálfóviðkunnanlegt, að maður, sem hefir nýlega hlaupið frá undirskrift sinni undir nál., skuli vera að brigsla öðrum um snúning í máli, einkum þegar það er ófyrirsynju. Hv. þm. (JJós) ætti líka að athuga framkomu flokksbræðra sinna í hv. allshn. Nd., sem hvikuðu frá sinni eigin till. um skipun fátækramálanna. Nei, hv. þm. (JJós) ætti að fara í sínar eigin herbúðir til að finna stórsnúningana, áður en hann fer að leita að þeim á öðrum bæjum, þar sem hann á ólíkt erfiðara með að verða var við þá en heima.

Af því að jeg tala að líkindum ekki oftar við þessa umr., þá vil jeg nota tækifærið til þess að benda á, að það er mjög stórfeld breyting, sem hæstv. landstjórn vill gera á Landsbankanum, þar sem hún fer fram á, að bankinn verði í höndum hlutafjelags, en sje ekki

rekinn á ábyrgð landsins. Jeg get ímyndað mjer, að sumir telji þetta til bóta, en það er víst, að hjer er um stórbreyting að ræða, og jeg býst við, að ef hún nær fram að ganga, þá muni hún veikja traust manna á bankanum. Einmitt það, að fólkið stendur nú í þeirri trú, að þessi banki hafi þjóðina að baki sjer, gerir það að verkum, að menn treysta honum betur en Íslandsbanka. Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta, en aðeins hvetja til, að þessi breyting verði athuguð vandlega áður en hún er framkvæmd.

Mjer virðist sem hæstv. fjrh. (JÞ) og hinn trúi skjaldsveinn hans, hv. þm. Vestm. (JJós) hafi tekið Tyrkjatrú í þessu máli. Þeir hafa sinn mikla „prófet", sem sje hinn danska prófessor Nielsen. Við öllum spurningum þurfa þeir ekki annað en að slá á skjöldu og hrópa ummæli spámannsins. Okkur, sem enn höfum ekki eignast slíkt leiðarjós, en efumst, eins og hinn vantrúaði Tómas, nægja ekki þessar röksemdir. Við viljum vita meira og rannsaka málið nánar.

Frsm. meirihl. (Sigurður Eggerz): Seinast, þegar jeg talaði, skýrði jeg mjög greinilega frá því, hve gengið væri mjög háð þeim sveiflum, sem verða á viðskiftalífi þjóðarinnar. Hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að svo væri ekki, nema að nokkru leyti. Auðvitað er það rjett, að bankarnir geta haft nokkur áhrif í þessu efni, en þó sjerstaklega með vaxtabreytingum og lánatakmörkunum. En ef litið er á hitt, sem hæstv. fjrh. (JÞ) leggur mesta áherslu á, að seðlabankinn safni stórum sjóðum, sem geti orðið hemill á gengissveiflunum, þá er sýnilegt, að til þess þurfa sjóðirnir að verða afskaplega stórir. Öllum er það ljóst, að það sem gerði það að verkum, að ísl. kr. hækkaði svo mjög á síðasta ári, var hið óviðjafnanlega ár, sem forsjónin sendi þjóð vorri. Jeg má fullyrða, að mismunurinn á innfluttum og útfluttum vörum hafi numið meira en 20 miljónum kr., það er að segja, meiru en allar ríkisskuldirnar. Í þessum mikla útflutningi lágu ástæðurnar til hinnar miklu hækkunar krónunnar. En ef litið er á málið frá annari hlið og gert ráð fyrir, að þessi háa sveifla upp á við hefði verið niður á við, þá sjá allir, hvað stóran sjóð hefði þurft til að jafna þann halla.

Skoðanir í þessum gengismálum hafa yfirleitt verið mjög á reiki, en jafnan, þegar syndgað hefir verið gegn hinum almennu lögum viðskiftalífsins, þá hefir það hefnt sín. Þetta hefi jeg sjeð oftar en einu sinni í okkar stuttu gengissögu.

Jeg minnist þess 1923, byggingarárið, að þá ætlaði Landsbankinn að reyna að halda pundinu í kr. 26.90 eða kr. 27.00,— man það ekki fyrir víst nú, hver talan er rjett. Og í báðum bönkunum voru pundin seld fyrir þetta. En bankarnir höfðu svo lítið af gjaldeyri, að þeir gátu aðeins selt mjög takmarkað af pundum. Afleiðingin varð sú, að þeir, sem þurftu að halda á pundum og gátu ekki fengið þau í bönkunum, fóru til þeirra, sem seldu bönkunum gjaldeyrinn og buðu þeim hærra verð en bankarnir buðu. Gjaldeyrisverslunin fór því svo að segja öll fram fyrir utan bankana. Jeg minnist þess þá, að Íslandsbanki hjelt því fram, að eina ráðið væri að hækka pundin, og á það varð svo Landsbankinn að fallast að lokum. Það var lögmál viðskiftanna, sem greip í strenginn. Það væri hreint ofverk fyrir Landsbankann að safna gjaldeyri í stórum stíl. Fyrir hvað ætti bankinn að

kaupa erlendan gjaldeyri, nema sparisjóðsfje? Ef hæstv. fjrh. (JÞ) ætlar að ýta undir Landsbankann að „spekúlera“ með sparisjóðsfje, er það afar-óholl stefna. Hver yrði afleiðingin? Hugsum okkur, að Landsbankinn keypti fyrir margar miljónir sterlingspund, og gæfi kr. 27.00 fyrir hvert pund. Svo breytast tímarnir, og pundið fellur niður í t. d. 25 kr. — Ef um verulega stóran sjóð væri að ræða, þá gæti hjer verið um all-álitlega fúlgu að ræða, sem tapaðist. Hvað þá heldur, ef pundið fjelli miklu meira.

Jeg mun ekki einn um það, að telja það óholt, að „spekúlera“ í gjaldeyri. Einn bankastjóri Íslandsbanka, Eggert Claessen, mintist á það 1923, þegar talað var um að skrá krónuna, við ýmsa menn ytra, meðal annara bankastjóra Privatbankans, sem er þektur fjármálamaður, hvort hann vildi ekki hjálpa til að halda uppi íslensku krónunni. Nei, sagði hann, minn banki fæst ekki við gjaldeyris-„spekúlationir“. Því fylgir of mikil áhætta. Þegar það er of mikil áhætta fyrir Privatbankann, hvernig færi þá með okkar litlu banka?

Þá kom hæstv. fjrh. að því, að hann mundi ekki leggja á móti stofnun sjerstaks seðlabanka, ef hægt væri að tryggja honum nægilega mikið fjármagn. (**Fjrh. JÞ:** Jeg taldi það forsvaranlega lausn.) Í sambandi við þetta skýrði hann frá því, að Nationalbankinn í Kaupmannahöfn hefði annað fje en seðlafúlguna. Það getur verið. Jeg hefi ekki rannsakað þetta atriði.

Í sambandi við það, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði um að prófessor Nielsen væri spámaður, þá vil jeg benda á, að hann hefir alment sagt, að seðlabankinn væri bankanna banki, þó hann vilji ekki heimfæra þá kenningu upp á Landsbankann hjer.

Jeg vil aftur minnast á ummæli fjrh. um fjármagn það, sem Landsbankinn hefir. Fjármagnið er ekki mikið. Varasjóðurinn er lítill. Aðalhyrningarsteinninn yrði sparisjóðsfjeð, en á þeim hyrningarsteini má ekki byggja skipun seðlaútgáfunnar, eins og margoft hefir verið tekið fram. Vegna fjármagnsins er því ekki hægt að gera neinn verulegan mun á seðlabankanum nýja og Landsbankanum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) sagðist, í ræðu sinni á laugardaginn, ekki skilja í þeirri hræðslu, sem talað væri um að gæti gripið sparifjáreigendur. Jeg hefi skýrt, meðal annars, frá því, hversu mikil áhætta það er, að binda fje sitt í gjaldeyris-„spekúlationum“. Það er lögmál órjúfanlegt, um peningamál, að eins og vatn streymir frá hærri stöðum á hina lægri, eins er fyrir mönnum, sem eiga innieign. Þeir flytja hana frá ótryggari staðnum á þann, sem þeir telja tryggari. Ef Landsbankinn verður dreginn inn í gjaldeyris-„spekúlationir“, er líklegt, að þeir varkáru menn færu að draga sig til baka með sparisjóðsfje sitt. Það gildir alveg sama lögmál um verslunarvörur og um gjaldeyri. Þegar mikið er um gjaldeyri, er eftirspurnin minni, en það hefir þau áhrif, að lækka gjaldeyrinn í verði. En þegar illa gengur og lítið er flutt út af vörum, er eftirspurnin mikil. Þá hækkar sterlingspundið, en krónan lækkar.

Bankarnir eiga nú svo mikinn gjaldeyri, að þeir gætu þolað þessvegna, að krónan hækkaði meir. En hvað þola atvinnuvegirnir? Ef of ört er farið upp með krónuna, þá bitnar það á þeim. Og því er sjálfsagt, ef við verður ráðið,

að taka tillit til þeirra. En í sambandi við það minni jeg enn á, að við stóru sveiflurnar er ekki hægt að ráða.

Svo jeg víki að því aftur, þá er viðurkent, að það fje, sem Landsbankinn ræður yfir, sje lítið annað en sparisjóðsfje. Landsbankinn þyrfti því að fá lán, ef hann tekur að sjer seðlaútgáfuna, og sama máli er að gegna um nýja seðlabankann, og því sje jeg ekki betur en að það liggi beint við, að halda sjer við veraldarreynsluna í þessu efni, og koma á fót seðlabanka, sem sje bankanna banki.

Jeg vil benda á, hversu mikill munur það er fyrir þá, sem eiga að stjórna bönkum, að taka við nýjum banka, eða taka við öllum gömlu syndunum frá fyrri árum. Þá eru þeir bundnir í báða skó, vegna fortíðarinnar. Þetta á sjer stað bæði í Íslandsbanka og Landsbankanum, En nýi bankinn yrði ekki bundinn af þessum gömlu syndum. Hann getur hagnýtt sjer hina dýrmætu reynslu fortíðarinnar, án þess að vera múlbundinn af syndum hennar.

Jeg vitnaði í sparisjóðinn í Árnessýslu því til sönnunar, hvað hættulegt gæti verið, ef ótrú skapaðist á banka, sem hefði miklar sparisjóðsinnieignir, sem út væru lánaðar. Hv. fjrh. benti á, að fjeð hefði verið dregið út þaðan af því, að menn hefðu talið öruggara að hafa það í útibúinu á Selfossi. Þetta er væntanlega ein af ástæðunum, og sýnir, hvað innieigendur sparisjóða eru viðkvæmir. Eins og fjeð var dregið út úr sparisjóðnum, þegar hræðslan greip menn, eins mundi fara, ef hræðsla gripi menn við Landsbankann, er hann væri orðinn seðlabanki. Og þar gæti skapast freisting til nýrrar seðlaútgáfu.

Hæstv. fjrh. (JÞ) telur ástæður sjóðsins eigi hafa verið eins illar og af var látið, og getur það vel verið, að svo sje, enda leit jeg altaf svo á, að hægt hefði verið, með góðri viðleitni, að bjarga honum.

Árið 1920 var dregið um 5 miljónir út af innieignum í Íslandsbanka, vegna hræðslu, sem sköpuð var við bankann. Hæstv. ráðh. (JÞ) segir, að þetta hafi ekki haft nein áhrif á gengismálið. Sannleikurinn var nú víst, að þá var ekkert gengismál á ferðinni. En allir hljóta nú að sjá, hve aðstaða bankans yfirleitt hefir hlotið að veikjast við svo stóra blóðtöku. Og hvað mikil freisting var ekki fyrir seðlabankann — en það var Íslandsbanki þá — til nýrrar seðlaútgáfu!

Að því er snertir athugasemdina um hina tvo þjóðbanka — ef stofnaður yrði nýr seðlabanki — þá nægir að vitna til þess, sem jeg hefi áður tekið fram, að stjórnin vill nú einmitt gera Landsbankann að hlutafjelagsbanka.

Hæstv. ráðh. (JÞ) tók það fram, að ríkissjóður væri ekki í frekari ábyrgð fyrir Landsbankann en með eignum sínum í bankanum. Jeg hefi ekki rannsakað þá lagalegu hlið þessa máls, en jeg er ekki í neinum vafa um, að svo yrði lítið á, að ríkið bæri siðferðislega ábyrgð á bankanum, eins og honum er nú fyrir komið.

Hæstv. fjrh. kannaðist við, að samkvæmt eðli sínu ætti seðlabanki aðallega að veita stutt lán. En sparisjóðsinnieignirnar miklu benda í áttina til löngu lánanna. Ætli stríðið á milli holdsins og andans yrði ekki erfitt, þegar landbúnaðurinn fer að heimta löngu lánin?

Hæstv. fjrh. sagði, að bændur yrðu að sameina svo mörg störf og yrðu að

hafa hjá sjer margfalda verkaskiftingu; þeir yrðu t. d. að sinna jarðrækt, kvikfjárrækt, garðyrkju o. s. frv., og hann fór mörgum orðum um, hversu landbúnaðurinn væri marghliða — og þetta er auðvitað rjett, og þetta á sjer stað víðar en hjer. En því verður hinsvegar ekki neitað, að því meiri sjerþekkingu sem vjer ráðum yfir í þessum málum, þess betur ættum vjer að geta komið ár vorri fyrir borð. Þessar staðhæfingar um verkaskiftinguna hjá bændum, er hálf-veik vörn hjá hæstv. ráðh., og er alls ekki næg til að ýta frá sjer heilbrigðu fyrirkomulagi í bankamálum, með bankakerfi, sem mótað er af veraldarreynslunni.

Hæstv. fjrh. vjek aftur að spurningunni um fjármagnið. Hann spurði, hvort fjármagnið mundi minka við það, að Landsbankinn yrði gerður að seðlabanka. En þessu hefi jeg svarað skýrt á þá leið, að ef Landsbankinn á að liggja með stóra gengissjóði og draga inn seglin með lán, þó að fjármagnið í sjálfu sjer væri það sama, þá kemur það ekki atvinnuvegunum að gagni, þegar haldið er aftur af þeim.

Í þessu sambandi vjek jeg einnig að því, að Íslandsbanki yrði að draga inn seglin vegna lagafyrirmælanna um inndrátt seðlanna og hin óhægu „rediskonterings"-kjör. Þessi ½%, sem bankanum er ætluð, er ekki næg til þess, að hægt sje að veita áhættulán með slíkri „margine". Varkárnin í fjármálum er auðvitað góð. En það getur verið eitur í viðskiftalífinu, ef of mikið er krept að því. Jeg rak mig nýlega á ummæli mjög merks bankafræðings um þetta atriði. Leggur hann sterka áherslu á, hvað nauðsynlegt sje að leggja ekki ýms fyrirtæki, sem eigi nægan lífskraft í sjer, á höggstokk varkárninnar. Sterkasta viðreisnin eftir krepputímann verður á þann hátt, að hlynna að því, sem ekki er orðið visið. — En þetta er ekki hægt að gera, ef þrengt er um of að bankastofnununum í landinu. Hjer verður því að viðhafa hina mestu varkárni. Og að því er atvinnuvegi vora snertir, sem mikið framtak er í, gera þeir stöðugt, eins og eðlilegt er, meiri og meiri kröfur til bankanna.

Jeg mintist hjer áður á lánin til ríkissjóðs. Ef frv. verður að lögum, má Landsbankinn aðeins veita ríkissjóði stutt lán. Íslandsbanki getur ekki veitt honum lán. Hæstv. ráðh. (JÞ) segist ekki ætlast til, að ríkissjóður þurfi að taka lán. Auðvitað ekki í þessu góðæri, sem nú er, þegar peningarnar streyma inn í kassann. En ef mikið ætti að gera, og ef svo krepti að, þá gæti nú enn komið fyrir ríkissjóðinn að þurfa að taka lán. Svo sýnist reynslan vera annarsstaðar. Í sólskini má ekki gleyma skúrunum.

Þá vjek hæstv. fjrh. að undirbúningi þessa máls. Hann kvaðst hafa gert grein fyrir því, að hann varð að fá mann til að rita sögu málsins áður en það yrði lagt undir dóm sjerfræðinga, og tók þetta nokkurn tíma, sem og eðlilegt var, en hann kveðst hafa komist að þeirri niðurstöðu við athugun þessa máls, að betra væri að láta fræðimenn („theoretikere") athuga málið, heldur en þá menn, sem mestmegnis hefðu aðeins „praktiska" þekkingu til að bera; því hann áleit, að „praktisku" mennirnir hefðu vart næga þekkingu á því, hvernig hjer hagar til, og væri því álit þeirra að minna gagni hjer. En hið fyrsta, sem sá „praktiski" maður mundi hafa spurt um, ef hans álits hefði verið leitað, hefði

auðvitað verið það, hvernig hjer væri ástatt. Þeir menn, sem hafa alið aldur sinn í bankastarfseminni, mundu auðvitað manna best, af sinni eigin reynslu, vita, hvaða upplýsingar væru nauðsynlegar fyrir þá, til þess að geta svarað. Jeg held því, að það hafi verið mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., og síst meining þingsins, að sneiða fram hjá þeim „praktisku“ mönnum.

En þó jeg leggi svo mjög áherslu á að fá álit hinna „praktisku“ bankamanna um málið, þá geri jeg þó, eins og jeg hefi marglagt áherslu á, ekki lítið úr „theorium“ fræðimannanna. — „Theoriur“ fræðimannanna eru sprotnar af reynslu liðinna tíma. Og ef vjer lesum t. d. sögu Englandsbanka, er eftirtektarvert að sjá, hvernig menn hafa rekið sig þar á hvað eftir annað, áður en þeir komust að hinu rjetta. Þótt nefndir væru skipaðar og bentu á ráðin út úr ógöngunum, sem reynslan sýndi síðar að voru rjett, þá komust þær ráðleggingar ekki í framkvæd fyr en löngu síðar. Jeg hefi því aldrei ráðist á fræðikenningar prófessors Nielsens, en aðeins bent á, að í ráðum sínum til vor breytti hann á móti kenningunum. Hann viðurkennir, að sparisjóður og seðlabanki fari hvergi saman annarsstaðar, og að seðlabankinn sje hvervetna bankanna banki. En þrátt fyrir aðvörun veraldarreynslunnar, vill hann þó gera Landsbanka vorn, með hinni miklu sparisjóðsstarfsemi, að seðlabanka. Ef hann hefði sagt: Þið skuluð fara svona að, af því það er í samræmi við veraldarreynsluna, þá horfði málið svolítið öðruvísi við.

Mjer finst varhugavert að hrinda þessu máli áfram, eins og nú standa sakir, án frekari rannsóknar. Jeg held, að þótt hæstv. fjrh. takist að koma máli þessu nú í gegnum þingið, þá myndi það reynast Pyrrusar-sigur.

Hæstv. fjrh. benti á einn „praktiskan“ bankamann, er hann taldi bera höfuð og herðar yfir aðra fjármálamenn. Þessi maður var Gluckstadt. Það mun satt vera, að þessi maður hafði Evrópuorð á sjer, og mun hafa verið fenginn til að hjálpa fjármálum Austurríkis við. En mjer virðist reynslan hafa sýnt, að honum var skipað óeðlilega hátt sæti, þar sem hann hafði stofnað til fjárglæfra, bæði fyrir sinn banka og sjálfan sig, og yfirleitt bar framkoma hans eigi ráðvendninnar stimpil. En sú ráðvendni, sem Gluckstadt skorti, er þó einmitt eitthvert fyrsta skilyrði hvers fjármálamanns. Þó hans ráðleggingar hafi því ekki komið að gagni, þá sannar það ekki neitt, eftir því sem síðar er orðið upplýst um hann.

Að því er aðstöðu fyrverandi stjórnar snertir, er það rjett hjá hæstv. fjrh., að fyrverandi fjrh. lagði þetta mál undir álit Landsbankans. Þetta er eigi ámælisvert, því að sjálfsagt var að gera það, og verður altaf að gera, er svo stendur á. Jeg hefi leitað mjer upplýsinga um þetta atriði hjá fyrverandi fjrh. Hann sagði, að langur tími hefði liðið, uns Landsbankinn skilaði málinu frá sjer, og hefði það eigi komið til stjórnarinnar aftur fyr en um það leyti, sem hún fór frá. Þótti þó sjálfsagt að leggja þetta mál fyrir fjárhagsnefnd þessarar háttv. deildar, til athugunar, enda þótt stjórninni hefði ekki unnist tími til þess að taka afstöðu til málsins.

Jeg get vel skilið það, að tími hafi eigi verið langur til undirbúnings málinu hjá núverandi hæstv. fjrh. (JÞ). En jeg treysti því, ef sú rökstudda dagskrá, er hjer liggur fyrir, verður sam-

þykt, að eigi verði gengið fram hjá hinum „praktisku“ bankamönnum. Þegar fræðimaðurinn Nielsen segir berum orðum, að hann þekki eigi „de existerende ökonomiske Tilstande“, er varlega fylgjandi ráðum hans, og er hann, auk þessa, ráðleggur oss að breyta á móti veraldarreynslunni í þessum efnum, þá má því fremur gjalda varhug við ráðum hans.

Jeg hefi áður nokkuð vikið að skipun nefndar þeirrar, sem ætlast er til að skipuð verði í mál þetta, ef dagskráin verður samþykt. Jeg tel það fullkomlega eðlilegt, að jafnhliða skipun seðlaútgáfunnar verði einnig bankalöggjöfin í heild sinni athuguð. Jeg er sannfærður um það, að ef nefnd þessi verður vel skipuð, sem jeg eigi efast um, að við rannsókn þá, sem hún framkvæmir, muni bankamálin í heild skýrast, og tel jeg það skifta miklu.

Hv. frsm. minnihl. (JJós) sagði, að mál sem þetta ætti að vera fyrir utan allar flokkadeilur, og er jeg þar á sama máli. Hv. 2. þm. G.-K. (BK) tók og fram, að hann með afstöðu sinni hefði sýnt, að þetta væri ekki flokksmál stjórnarflokksins.

Það er rjett, sem hv. frsm. minnihl. sagði, að við á síðasta þingi lögðum áherslu á, að málinu yrði lokið á þessu þingi, jafnframt því sem við ýttum fast á, að málið yrði rannsakað. En nú er sú rannsókn, eftir minni skoðun, ekki fullnægjandi, og vil jeg því heldur, að málið dragist eitt ár enn og fái betri undirbúning en að því sje nú flaustrað af. Jeg held og, að það muni eigi koma að sök, þótt málið bíði þetta eina ár. Bankarnir munu reyna að ráða fram úr gjaldeyrismálinu þann tíma, eins og hingað til.

Hv. frsm. minnihl. hefir misskilið mig, þar sem hann segir, að jeg hafi sagt, að Íslandsbanki einn styddi sjávarútveginn. Jeg sagði einmitt, að Landsbankinn tæki og verulegan þátt í þeim stuðningi, og færði það sem rök gegn frv. stjórnarinnar, því að óheppilegt er, að seðlabankinn reki áhættuatvinnuveg. Það eru einmitt vinir Landsbankans, sem eru því mótfallnir, að þessari nýju ábyrgð sje bætt á hann.

Jeg skal eigi fara fleiri orðum um þetta. En jeg vona, að dagskráin verði samþykt, og jafnframt, að samkomulag náist um þáltill. þá, er kemur á eftir. En fari svo, að dagskráin verði feld, mun jeg óhikað greiða atkvæði gegn frv. Það er að vísu mildari dauðdagi, að vísa málum frá með dagskrá en að fella þau, og kysi jeg heldur, að svo færi hjer, en þó mun jeg eigi hlífast við, eftir mínum mætti, að fella frv., ef hin leiðin er ófær. Sumir kynnu að segja, að rjett væri að hleypa frv. til 3. umr. Jeg mun þó greiða atkv. gegn því nú þegar, ef dagskráin verður ekki samþykt, því ef sú leið verður farin, að skipa nefnd í málið, þá tekur nokkurn tíma að koma heimild til þeirrar nefndarskipunar gegnum þingið. Jeg teldi mjög illa farið, ef málið dagaði uppi að þessu sinni, án þess að rannsókn verði ákveðin. Ef málstaður stjórnarinnar er eins góður og hún segir, þarf hún eigi að óttast rannsókn. Ef svo er eigi, er þörf á rannsókn. Þetta mál er svo mikið stórmál, að mjer finst, að stjórnin geti eigi annað en hlustað á þær raddir úr öllum flokkum, sem heimta rannsókn. Jeg treysti því, að hv. Alþingi sýni ekkert hik í því, að láta frekari undirbúning og rannsókn fara fram í málinu.

Fjármálaráðherra (JÞorl): Jeg vildi víkja ræðu hv. 5. landsk. (JJ) frá mjer með nokkrum orðum. Hann taldi sig og samnefndarmenn sína vera lærifeður og brautryðjendur í þessu efni. Það, sem þeir vildu á síðasta þingi, var þá þetta, að láta Landsbankann hafa seðlaútgáfuna, og auk þess höfðu þeir eitthvað að athuga við yfirstjórn bankans. En finnist hv. þm. (JJ), að þetta sje einhver brautryðjendastarfsemi eða kennimenska, þá er mjer nær að halda, að það sje mont. Og hræddur er jeg um, að fáum myndi takast að finna rök fyrir svo loflegum ummælum sem þeim, er hv. þm. (JJ) hafði um sjálfan sig.

Þá sagði hann, að ákvæðið um framlag ríkissjóðs væri fremur veiðibrella en trygging, eins og það væri orðað. En því mótmæli jeg. Því eins og það er orðað, þá er fyrst og fremst gert ráð fyrir því, að landið leggi fram hlutafje, og til þess þarf ekki annað en viljayfirlýsingu Alþingis í þá átt. Um sparisjóðinn á Eyrarbakka ætla jeg ekki að fjölyrða. Hv. þm. (JJ) hafði rangt eftir mjer, það sem jeg hafði sagt um afstöðu útbúsins á Selfossi til sparisjóðsins. Veit jeg ekki til, að útibúið hafi nokkurntíma borið tryggingar sínar saman við tryggingar sparisjóðsins, enda þurfti þess ekki með. Bankanum var það nóg að segja, að hjer væri fjeð best trygt, því ríkið stæði á bak við. Og í auglýsingunni í afgreiðslustofu bankans stóð heldur ekki annað en það, að bankinn biði bestu tryggingunna.

Þá er það auðvitað rangt að segja, að bankinn sje lokaður fyrir ríkinu, þar sem takmörkuð sje heimild hans til að lána ríkissjóði fje. En það er aðeins kvöð bankans til að veita bráðabirgðalán, sem verið er að losa hann við. Hinsvegar er honum auðvitað heimilt að kaupa ríkisskuldabrjef, enda eru þau beinlínis talin meðal þeirra verðbrjefa, sem bankanum er skylt að halda til tryggingar seðlum sínum, sem ekki er gull fyrir.

Þá vil jeg snúa mjer að ræðu hv. 2. þm. G.-K. (BK). Skal jeg þá fyrst leiðrjetta það, sem hann sagði, að jeg væri því mótfallinn, að mál þetta væri athugað af nefnd milli þinga. Jeg hefi alls ekki tekið því fjarri, en álít hinsvegar rangt að vísa málinu frá, eins og nú standa sakir. Hvort sem málið verður afgreitt af þinginu eða ekki, þá er mjög mikilsvert, að frv. komist sem lengst áleiðis og að fram komi í tillöguformi þær breytingar, sem hv. þm. kynnu að óska, að gerðar yrðu á frv. Því auðvitað fer það eftir vilja þingmannanna fyrst og fremst, hvernig málinu verður ráðið til lykta. Hvorki umsagnir fræðimanna nje ráðleggingar starfsreyndra manna eru fullnægjandi í þessu efni. Því vil jeg, að tími þingsins verði notaður til að vinna að málinu, og mætti það vera mikill stuðningur þeirri nefnd, sem með málið kynni að fara milli þinga. En mjer er það engin launung, að jeg geri mjer litlar vonir um, að málið komist í gegnum hv. Nd., þó það komist út hjeðan, og dreg jeg það m. a. af því, hvað langur tími hefir farið í það í þessari deildinni, að athuga málið í nefnd. En jeg mun fús til samkomulags um meðferð málsins milli þinga. En áður en jeg gef yfirlýsingu um það, hvort jeg vilji fela málið sjerstakri nefnd, þá vil jeg heyra, hvað verkefni nefndarinnar eigi að vera og hvernig menn hugsi sjer hana skipaða. Þetta

kalla jeg að koma með framrjetta hönd, en hitt ekki, að vilja vísa málinu frá nú þegar, og hliðra sjer hjá að koma með till. um þær breytingar á frv., sem hv. þm. kynnu að óska.

Þá hafa bæði hv. 2. þm. G.-K. (BK) og hv. 1. landsk. (SE) talað um það, að seðlabönkunum erlendis hafi ekki tekist að halda genginu föstu, og færa þeir það fram sem rök móti því, að Landsbankinn verði gerður að seðlabanka. En hann ætti samt að geta safnað fjármagni erlendis á góðum árum, til að miðla, þegar harðæri detta á. Sömuleiðis er það ekki algild regla erlendis, að seðlabönkum hafi ekki tekist að halda genginu föstu. Jeg vil t. d. minna á það, að seðlabankanum finska hefir tekist að halda genginu þar mjög viðunanlega föstu síðan í ársbyrjun 1922. Það hefir hann gert með „valuta-politik", kaupum á erlendum gjaldeyri og forsjálni í lánveitingum. Þá tókst ríkisbankanum sænska sömuleiðis að hækka verð krónunnar upp í gullverð og halda henni í því, uns forsvaranlegt þótti að gera seðlana innleysanlega, og síðan það var gert, hefir bankinn haldið krónunni eftir sem áður í gullverði. Þannig hafa seðlabankar leyst þetta viðfangsefni í tveim af 5 Norðurlandaríkjunum, þó raunar sjeu finskir seðlar ekki ennþá innleysanlegir. Má nefna ýms dæmi þessa. Auðvitað tjáir ekki að vitna til Danmerkur í þessu efni. Það var engin furða, þó að Dönum mistækist að halda gengi sinnar krónu uppi, þar sem þeir hjeldu, að það væri hægt með því að taka útlend lán og auka með því útlán í landinu. Það gat skiljanlega ekki gengið. Það hefir þvert á móti sýnt sig, að leiðin til að hækka gengið er sú, að draga úr útlánum, og þegar fje safnast fyrir á góðum árum, þá að kaupa fyrir það erlendan gjaldeyri, til að miðla af, þegar illa árar, í stað þess að lána það út. Er þessi hliðin máske sú, sem mesta þýðingu hefir. Raunar sagði hv. 1. landsk. (SE), að það væri ofverk hvers banka að draga úr gengissveiflum með þessu móti, ef sveiflur yrðu miklar á verslunarjöfnuðinum eitthvert árið, svo að útflutningurinn t. d. yrði 20 milj. kr. minni en venjulega. Jeg get hugsað mjer, að erfitt yrði fyrir bankana að mæta slíkri óáran, en hinsvegar er síður en svo, að þetta dæmi geti talist rök gegn því, að nauðsyn beri til að gera bankana sem styrkasta. Það mætti þá með eins miklum rjetti ráða bændum til þess að hætta að heyja, þar sem komið gætu þeir vetur, að þeir yrðu heylausir hvort sem væri. Yfirleitt styður öll reynslan það, sem jeg hefi sagt um þetta, og ekki síst á það við, að sterkan þurfi seðlabankann, meðan búið er við óinnleysanlega pappírspeninga.

Þá mintist hv. 2. þm. G.-K. (BK) á það, að frv. hefði í för með sjer erfiða aðstöðu fyrir Íslandsbanka, og væru ákvæði þessa frv. óhagstæðari fyrir hann en í fyrra. En þá vil jeg lýsa yfir því, að jeg er fús til samkomulags um breytingar við frv., sem nauðsynlegar þykja til að styðja Íslandsbanka sem best, svo færslan milli bankanna á seðlunum valdi honum sem minstra óþæginda. Annars er þetta aðeins eitt af þeim atriðum, sem í mínum augum gerir það æskilegt, að málið alt verði athugað hjer í þinginu, svo að koma mætti brtt. við frv. á framfæri.

Þá hafa þeir sömu hv. þm. (BK og SE) vikið að því, að Landsbankinn ætti of lítið sjálfseignarfje til þess að hann geti talist fær um að halda miklu fje

erlendis, og hjelt hv. 1. landsk. (SE) því fram, að það væri í alla staði óleyfilegt fyrir Landsbankann að nota sparisjóðsfje til gjaldeyriskaupa. Kallaði hann, að það væri að „spekúlera“ með fjeð. En hann gætir þess ekki, að meðan seðlarnir eru óinnleysanlegir, þá hefir innieign erlends gjaldeyris það sama að segja og gulltryggingin áður. Gullið er til að jafna með því greiðslur við útlönd. En þegar það er bundið, þá eru erlendar innieignir notaðar til þess. Því er heldur ekki hægt að tala um „spekúlations“-áhættu í sambandi við gjaldeyriskaup í þessu augnamiði, fremur en í sambandi við gullkaup á venjulegum tíma. Þá er líka misskilningur að tala um það, að bankinn tapi á því, að kaupa pund, ef þau fjellu í verði. Það er misskilningur, því ef pundið heldur gullgildi sínu, þá er það verðföst eign, sem ekki rýrnar, þó að íslensk króna stígi. En hitt er annað mál, að bankinn fer þá á mis við þá verðhækkun, sem hann mundi verða aðnjótandi, ef hann ætti sömu eignina í hækkandi íslenskum krónum. Landsbankinn á líka fyrir talsvert fje, sem nota má í þessu augnamiði, áður en tekið er til sparisjóðsfjárins. Þar til má nefna breska lánið síðasta, sem er 5½ milj. kr., og 2 milj. kr. frá enska láninu 1921. Alt þetta fje má leggja fyrir í erlendum bönkum, án þess að bankinn biði nokkurn reikningslegan halla af því, þó íslensk króna hækki, með því að þetta er lánsfje, sem greiða á í erlendri mynt. Enn má nefna 2 milj. kr. lán, sem tekið var upphaflega og greiðist af innskotsfje ríkissjóðs. Samtals verður þetta milli 9 og 10 milj. kr., sem Landsbankinn hefir til umráða. En það, sem að er og ráða þarf bót á, er það, að af þessu fje greiðir Landsbankinn of háa vexti til að halda fyrir það erlendan gjaldeyri. En úr þessu er bætt með því að láta bankann hafa seðlaútgáfurjettinn, því með honum fær bankinn ódýrt veltufje, og veit jeg ekki til hvers hagnaðurinn af seðlaútgáfunni ætti fremur að fara á þessum tíma en til þess að standast vaxtatap af erlendri innieign.

Jeg vil nú benda hv. 1. landsk. (SE) á, hver afleiðingin verður af hans röksemdaleiðslu. Hann vill, að seðlastofnunin noti alt sitt fjármagn til þess að endurkaupa víxla frá hinum bönkunum. En um leið er loku fyrir það skotið, að þessi stofnun geti átt erlendan gjaldeyri. Hann telur sömuleiðis óforsvaranlegt af Landsbankanum að safna erlendri innieign í stórum stíl. Niðurstaðan er þá sú, að það verkefni, sem jeg tel nauðsynlegast vegna gildis peninganna, verður að liggja niðri. Það er alveg rjett, sem hv. þm. (SE) hafði eftir bankastjóra Clausen í Privatbanken, að hans banki „spekúleraði“ ekki í erlendum gjaldeyri. Þetta er og verður altaf að vera verkefni þjóðbankanna, að halda genginu föstu, og er það ekki neitt nýtt fyrirbrigði, að svo sje. Fyrir stríð var leikin sú list í Austurríki, að seðlarnir voru hafðir óinnleysanlegir, en gengi peninganna var haldið uppi með kaupum og sölu á erlendum gjaldeyri.

Hv. þm. (SE) talaði um „bankateknisk meðöl“. Þau eru raunar engin önnur en útlánatakmarkanir, og má gera þær með tvennu móti, vaxtahækkun og synjunum um lán.

Hvað viðvíkur syndum bankanna í fortíðinni, þá mun jeg ekki gera þær að umtalsefni. Hv. 2. þm. G.-K. (BK) hjelt því fram, að Landsbankinn hefði orðið fyrir svo stórum töpum, að hann

yrði að beita harðri samkepni og draga inn mikið fje til að standast þau. (SE: Jeg sagði ekkert um það). Jeg segi út af þessu það eitt, að mjer sýnist full ástæða til að athuga það, hvort ekki væri rjett að taka af öll tvímæli um þetta; það skiftir óneitanlega nokkru máli, þegar um er að ræða að gera Landsbankann að seðlabanka, hvernig hans fjárhagsástand er á þeim tíma, sem verið er að taka slíka ákvörðun. Jeg er með sjálfum mjer sannfærður um, að þetta góðæri, sem okkur nú hefir hlotnast, muni hafa styrkt Landsbankann þannig, að hans varasjóður nægi vel fyrir áhættum hans. En rannsókn á þessu hefir þó ekki verið gerð.

Hv. 2. þm. G.-K. (BK) sagði, að íslensk króna hefði ekki fallið 1919, og hv. frsm. meirihl. (SE) sagði, að gengismálið hefði ekki verið fram komið 1920, þegar mest var tekið út úr Íslandsbanka. Út af þessu vil jeg minna á það, sem hefir talsverða þýðingu fyrir rjettan skilning á gengismálinu, að öll gengislækkun íslenskrar krónu gerðist á árunum 1919 og 1920. Krónan stóð í gullverði, nákvæmlega, í ársbyrjun 1919, en var komin niður í 71% af gullverði í lok þess árs, og komst svo niður í hálfvirði lægst í nóvember 1920.

Það er nauðsynlegt að veita þessu eftirtekt, til þess að gera sjer það ljóst, að það er ekki verslunarjöfnuður einn, sem ræður gengissveiflum. Þessi lækkun stafaði ekki af óhagstæðum verslunarjöfnuði, en var eðlileg afleiðing af því, að verðlag í landinu var orðið alt of hátt.

Hv. frsm. meirihl. (SE) hjelt því enn fram, að ef varkárninni væri skipað of mikið rúm, gæti af því leitt tjón fyrir atvinnuvegina, en gat hinsvegar ekki bent á, að neitt fjármagn hyrfi úr landinu frá atvinnuvegunum við þessa tilhögun, enda mun það ekki vera unt. Jeg verð að segja, að jeg sje enga ástæðu til þess að gera í öðru orðinu ráð fyrir of mikilli varkárni, ef Landsbankinn verður seðlabanki, en hafa það hinsvegar á móti tilhöguninni, að þetta sje of áhættusamt fyrir bankann, af því að hann hafi sparisjóðsfje. Í þessu er fullkomin mótsögn. Jeg hygg, að banki eins og Landsbankinn eigi að geta haft tök á því, að stilla lánveitingum í hóf, þannig, að hæfilega mikið tillit sje tekið til þarfa atvinnuveganna og hæfilega mikið tillit til, að halda föstu gengi gjaldeyrisins.

Annars vil jeg út af þessu umtali um lánsfjárþörf atvinnuveganna minna á það, sem hv. frsm. líka nefndi, að snemma á þessu þingi fjekk stjórnin fjhn. þessarar deildar í hendur tilmæli manns um leyfi til þess að stofna hjer nýjan banka á sama eða svipuðum grundvelli eins og þingið fyrir 2 árum síðan heimilaði að leyfa tilteknum mönnum að stofna hjer banka. Ef það er virkilega svo í raun og veru, að það sje þörf fyrir meira lánsfje atvinnuvegunum til handa heldur en bankarnir hafa haft til umráða eða búast við að hafa til umráða í nanustu framtíð, þá finst mjer það hefði verið rjett að sinna þessari málaleitun eitthvað, að minsta kosti láta hana koma til athugunar hjer í hv. deild. (SE: Á ekki stjórnin að gera það?) Stjórnin hefir sent þessa málaleitun þeirri nefnd, sem hefir bankamálin aðallega til meðferðar. Og jeg verð að segja, að jeg er ekki eins sannfærður eins og nefndin virðist vera, eða meirihluti hennar, um það, að lánsfjárvöntun standi nú sem stendur atvinnu-

vegunum fyrir þrifum. En ef menn álíta hættu á því, þá er sannarlega rjettmætt að gefa slíku gaum.

Jeg hefi miklu fremur litið svo á, að talsvert mikill hluti af okkar vandkvæðum undanfarið hafi stafað af því, að búið var að veita meiru lánsfje til landsmanna heldur en atvinnuvegirnir með venjulegu árferði voru færir um að bera og ávaxta. Jeg held sjerstaklega, að það sje dálítið hættulegt að örva að mun lánveitingar yfir höfuð, meðan ósjeð er um það, hvort gengi okkar peninga verði haldið föstu á því stigi, sem það nú er, eða það verði látið hækka áfram, jafnvel alt upp í gullverð; því það verður þröngt fyrir dyrum hjá mörgum skuldugum manni, ef peningarnir eiga að halda áfram að hækka. Jeg hefi þessvegna litið svo á, að varfærni í lánveitingum væri sjerstaklega tímabær nú, einnig beinlínis með hagsmuni atvinnurekendanna fyrir augum.

Um þessa tilhögun í heild, að gera Landsbankann að seðlabanka, má að vísu segja, að með öðrum þjóðum tíðkist varla lengur, að seðlabanki taki við sparisjóðsfje til geymslu. En ástandið hjer á landi er í raun rjettri líkast öllum aðstæðum í öðrum ríkjum Norðurálfunnar eins og þær voru fyrir 80—90 árum síðan. Það er ekki fyr en á allra síðustu árum, að við erum að komast á þær brautir efnalegrar starfsemi, sem aðrar þjóðir voru á fyrir 2—3 mannsöldrum. Og ef litið er á starfsemi þjóðbanka yfirleitt, eins og hún var þá, þá komumst við að raun um, að fyrir 80—90 árum var þjóðbankinn í öllum Norðurlandaríkjunum t. d., svo að segja eini bankinn, sem til var í hverju þeirra, og hafði því með höndum allar tegundir bankastarfseminnar, sem þá tíðkuðust. Síðan hefir atvinnu- og viðskiftalíf þessara þjóða tekið miklum stakkaskiftum og framþróunin gengið í þá átt, að verkaskifting hefir komist á milli banka, eins og á öðrum sviðum athafnalífsins.

Þessvegna er ekki óeðlilegt, þó að við, á frumstigi bankastarfseminnar hjer á landi, höldum þessum málum í svipuðu horfi sem þau voru í til að byrja með hjá öðrum þjóðum. En jeg er sannfærður um, að við eigum fyrir höndum svipaða framþróun og aðrar þjóðir í þessum efnum, og samfara því meiri og fullkomnari verkaskiftingu.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Ingvar Pálmason: Jeg þarf ekki mörgum að svara af skeytum þeim, sem beint hefir verið til okkar tveggja í meirihl. nefndarinnar, vegna þess, að hv. 5. landsk. (JJ) hefir svarað þeim flestum.

Í upphafi fyrstu ræðu sinnar gat hæstv. fjrh. (JÞ) þess, að þeir, sem vildu fresta málinu, vildu ekki, að Landsbankinn tæki við seðlaútgáfunni yfirleitt. Jeg veit ekki, á hverju þetta er bygt, sjeu það ekki getsakir, heldur skoðun, sem jeg ætla að sje. En sá hefir lítið af rökum, sem við slíkar skoðanir ætlar að styðjast.

Jeg hefi litið svo á, að Landsbankinn muni taka við seðlaútgáfunni, þegar fram líða stundir. Jeg hefi ekki djúpa þekkingu á þessum málum, en jeg hefi reynt að mynda mjer skoðun, og ef jeg á að fara eftir henni, þá verð jeg að leggja til, að málinu sje frestað og það

sje rannsakað. Af því má ekki leiða það, að jeg vilji undir engum kringumstæðum, að Landsbankinn taki seðlaútgáfuna. Sje mín skoðun rjett, leiðir rannsókn það í ljós, en ef hún er röng, þá gæti fresturinn orðið til þess, að málið yrði samt betur undirbúið.

Jeg býst við, að fyrir okkur öllum vaki að leita þess, sem rjett er í þessu máli, og annars ekki, og í sambandi við það má geta þess, að það liggja fyrir mikil gögn um nauðsyn á ítarlegri rannsókn. Og jeg fæ ekki betur sjeð en að rannsókn á milli þinga, sú, er þegar hefir fram farið, hafi ekki orðið fullnægjandi. Frv., eins og það liggur nú fyrir, hefir ekki verið borið undir sjerfræðing, einmitt af því, að tími hefir ekki verið til þess. Hinsvegar ætti öllum að vera ljúft, að þetta væri rannsakað sem best. Það er alveg ástæðulaust að segja, að fyrir þeim, sem frestinn vilja, vaki aðeins það eitt, að hindra frv. Jeg vildi minna á þetta, af því mjer finst það ekki hafa verið tekið nægilega fram.

Þá kem jeg að því, sem hæstv. fjrh. sagði um afstöðu mína, borna saman við þá í fyrra.

Hann vitnaði í orð í framsöguræðu minni í fyrra og gerði mjer þann heiður, að gera þau að sínum orðum nú. Það vildi hann ekki þá.

Vinningurinn við þá rannsókn, sem gefinn er kostur á, er sá, sem áður er tekið fram. En jeg leyfi mjer að gera mjer vonir um, að hæstv. fjrh. (JÞ) verði að fresti þeim loknum kominn ennþá nær mínum skoðunum.

Annars er ekki ástæða til fyrir mig að fara langt út í þetta. Því að hv. 5. landsk. (JJ) er þegar búinn að sýna fram á, að hjá okkur er um enga stefnubreytingu að ræða.

Í fyrra taldi jeg rjett, að málinu væri haldið áfram í þingi, en endað með því að fresta því til frekari rannsókna. Þá var það miklu fyr á ferð á þingtímanum. Nú er orðið svo áliðið, að það er ekki kostur að sökkva sjer ofan í málið. Það er viðurkent, að rannsókn milli tveggja þinga er naumast nægileg. Jeg tel því rjett að halda áfram á sömu braut og gert var í fyrra, en meðferð málsins sje á valdi sjerstakrar nefndar, en ekki hæstv. fjrh. (JÞ). Fresturinn milli þinga nægði honum til þess að kynna sjer málið. Hann er því búinn að taka fasta afstöðu til þess. En um aðalatriðið, hvernig koma eigi fyrir seðlaútgáfunni, þar skiftast skoðanir. Þó get jeg ekki falist á skoðun hv. 2. þm. G.-K. (BK), þó jeg viðurkenni, að það sje djarft af mjer og öðrum leikmönnum að dæma slíkt markleysu.

Það er ekki gott að segja, hvernig fer nú. Jeg geri ráð fyrir, að dagskrá meirihl. verði samþ. — þingið skipi milliþinganefnd. Hæstv. fjrh. sagði í einni ræðunni, að dagskrá okkar væri óforsvaranleg. Þetta getur verið, en jeg lít ekki þannig á. En hitt er óforsvaranlegt, að skilja við málið í greinarleysi. En það kalla jeg að skilja við málið í greinarleysi, ef engin skipun er um það gerð.

Þá kom hæstv. fjrh. inn á ýmsar aðfinslur, sem koma fram í sjernál. okkar. Jeg skal ekki jagast um það, en hinu þykir mjer lítil heimild fyrir, sem hv. þm. Vestm. (JJós) og hæstv. fjrh. halda fram, að við höfum í fyrra viljað samþykkja frv. breytingalítið. Það lítur að vísu svo út í nál., en er þó mjög óákveðið og aðeins til 3. umr. Þetta er orðhengilsháttur og ekki rök, og ef hægt er að gera sjer þetta að rökum, þá eru þau auðkeypt orðin.

Jeg veit, að hv. þm. Vestm. (JJós) kemur sem oftar með þingtíðindin til þess að lesa úr. Og jeg er ekki að saka hann um það, að hann kunni ekki að lesa. En hann vill stundum ekki lesa nema það, sem honum finst við eiga. En jeg held, að þessi orðhengilsháttur bjargi engum út úr málinu.

Það var aðeins drepið á, að þetta ætti ekki að gera að flokksmáli. Jeg tek hiklaust undir það, og líka það, sem sagt hefir verið af meðnefndarmanni mínum, að til þess hefir heldur engin tilraun verið gerð af okkar hálfu. Það verður ekki borið á okkur með rjettum rökum. Jeg ætla ekki að standa og munnhöggvast um skoðanaskifti okkar hv. 5. lansk. (JJ). En við finnum okkur hvorugur sekan um skoðanaskifti og teljum annað sæmra en að nota óheyrilegan orðhengilshátt til þess að rökstyðja þá skoðun.

Jeg legg málið undir úrskurð hv. deildar. Verði dagskrá meirihl. samþ., höfum við lýst því yfir, að við munum koma með þáltill. Ef hún verður ekki samþ., verða þeir, sem fella hana, að ráða fram úr þessu máli. Þá verður einskis af okkur krafist.

Frsm. meirihl. (Sigurður Eggerz): Jeg hefi fengið leyfi hæstv. forseta til þess að tala í 10 mínútur, og þakka jeg það hjer með.

Það stendur fast, sem jeg sagði, að gengissveiflurnar eiga svo föst ítök í viðskiftalífinu, að mjög örðugt er að ráða við þær. Dæmi hæstv. fjrh. (JÞ) um Finnland og Svíþjóð þarf ekki að sanna neitt. Viðleitni Finnlendinga mun hafa verið að halda finska markinu niðri. Hvergi hefir eins gott ástand verið og í Svíþjóð, af því að Svíar tóku eftir því á stríðstímunum, hvernig línurnar lágu.

Hvað viðvíkur kaupum á sterlingspundum, þá er sýnilegt, að slík kaup eru ekki hagstæð, þar sem gengi krónunnar fer hækkandi. Ef Íslandsbanki byði Landsbankanum kaup á innieign sinni erlendis, þá mundi Landsbankinn neita. En slík kaup væru hagstæð fyrir Íslandsbanka. Að kaupa núna pund til þess að borga enska lánið, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) sagði, að gera mætti, væri hreinasta fjarstæða. Jeg hefi ekki sagt, að seðlabankinn eða Landsbankinn mætti ekki kaupa gjaldeyri, en jeg hefi haldið fram, að hann mætti ekki safna í stóran sjóð, því að það drægi of mikið fje frá atvinnuvegunum. Gömlu bankarnir verða að gjalda gamalla synda á ýmsan hátt. Nýr banki gæti haft reynsluna til viðvörunar. Hún yrði honum kjölfesta.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði um árið 1920, sagði, að þá hefði krónan lækkað í verði. 1919—20 varð mesta tapið á síld og fiski. Þjóðirnar eru háðar sömu lögum og einstaklingurinn, að meðan tekjurnar eru meiri en útgjöldin, er alt vandræðalaust. En þegar tekjurnar bregðast, eru vandræðin fyrir dyrum. Því er altaf þörf á varkárni. Hvað lánaþörfinni viðvíkur, þá er það almannarómur, að bankarnir láni of lítið, og ekki sje hægt að draga úr dýrtíðinni, af því að ekki fáist lán til húsabygginga. — Hvað snertir nýjan banka, þá á slíkt frv. ekki að koma frá öðrum en stjórninni.

Þá talaði hæstv. fjrh. (JÞ) um, að nægt gæti það bankafyrirkomulag, sem verið hefði fyrir 80—90 árum. Það þykir mjer fremur broslegt. Er ekki sjálfsagt að hagnýta sjer þá reynslu, sem síðan er fengin.

Um andmæli hæstv. fjrh. (JÞ) gegn dagskránni, að málið þyrfti að skýrast betur við umræður, er það að segja, að nú þegar er búið að ræða það nokkuð og athuga. Og ef ekki á að halda þinginu hjer fram á slátt, fer tíminn að verða naumur. Mörg stórmál eru hjer enn óræddd, svo sem tekjuskattslögin, tóbakseinkasalan, fjárlögin, Ræktunarsjóðurinn, varlögreglan o. fl. Þessi mál öll er eftir að athuga í nefnd, og þó er talað um að slíta þingi eftir 14 daga. Það er auðsjeð, að málinu verður ekki lokið nú. Því tel jeg best að samþ. dagskrána og búa málið betur undir næsta þing.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg held, að jeg hafi verið búinn að gefa nokkra skýringu á öllum þeim atriðum, sem hv. 1. landsk. (SE) gerði nú að umtalsefni, nema ef vera skyldi, að jeg hafi ekki gert hv. deild nægilega vel ljóst, að Landsbankinn stæði vel að vígi, vegna enska lánsins, með að kaupa ensk pund. Hv. 1. landsk. (SE) taldi slík kaup fjarstæðu. En því víkur svo við, að þessi pund eru bókfærð með því gengi, sem er um áramót. Ef pundið fellur og Landsbankinn hefir komið fyrir sig innieign, þá lækkar hún að krónutali og gæti skapað reikningslegan halla, ef skuld hans væri ekki líka skráð í sterlingspundum, en hún lækkar þá jafnt að krónutali og innieignin. Það kemur því ekki fram reikningslegur halli, þó að bankinn liggi með innieign í sterlingspundum. Það er rjett, að nú borgast meira inn en út er lánað. Mismunurinn verður útlend innieign, sem bankinn getur gripið til, þegar á liggur.

Mjer dettur ekki í hug að halda fram, að rjett sje að brúka þessi pund til að borga enska lánið. Jeg hefi tekið fram, að þau yrðu notuð á krepputímum til þess að rýmkva um lánveitingar. Hv. 1. landsk. (SE) viðurkendi, að Finnland og Svíþjóð hjeldi genginu föstu. Bankar þessara ríkja hafa gert hvorttveggja, að draga úr útlánum og haga viðskiftum sínum svo sem þurfti, til þess að halda genginu föstu. Hv. þm. (SE) sagði, að stjórnin gæti ekki búist við till. um nýjan banka frá nefnd. En ef nefnd áliti þörf á slíku, gætu ekki talist nein ódæmi, þó að hún kæmi með till. um það. Annars geri jeg ekki mikið úr þessu atriði og ámæli alls ekki nefndinni fyrir að unga ekki út frv. um þetta.

Út af ræðu hv. 2. þm. S.-M. (IP) skal jeg taka fram, að talsverður munur er á starfsaðferð okkar tveggja. Hann bjó sjer til í fyrra fasta skoðun á málinu, en nú lýsir hann því yfir, að hann taki ekki afstöðu til þess og biður um rannsókn. Hann gefur í skyn, að hann geti breytt um skoðun. Jeg fer alveg öfugt að. Jeg lýsti engri fastri skoðun í fyrra og bað þá um frest og hefi notað hann til þess að rannsaka málið fyrst og taka svo ákvörðun. Jeg verð að segja, að mjer finst mín aðferð eðlilegri. Hv. þm. (IP) sagði, að þó að jeg teldi dagskrána óforsvaranlega, væri samt verra að skilja við málið í greinarleysi. En með dagskránni er einmitt skilið við það í algerðu greinarleysi. **(SE:** Það kemur þáltill. á eftir.) Það stendur öllum opið að koma með þáltill., og hún getur jafnt komið, hvort sem dagskráin verður feld eða samþ.

Jeg vildi að lokum, ef dagskráin verður feld, sem jeg vona að verði, minnast á aðalbrtt. hv. þm. Vestm. (JJós), breytinguna við 2. gr., sem miðar að

því, að útiloka fjármagn einstakra manna frá bankanum. Jeg vil benda á eitt atriði, sem máli skiftir, en ekki hefir verið minst á. Það er viðurkent, að seðlabanki þurfi að vera sem minst háður ríkinu. Nú verður margvíslegur munur á afstöðu bankans gagnvart ríkisvaldinu, eftir því, hvort hann er ríkiseign eða fyrirtæki einstaklinga. Ef hann er einkafyrirtæki að einhverju leyti, nýtur hann sömu rjettinda gagnvart ríkinu sem stjórnarskráin veitir einstaklingum, að eignir verða ekki af honum teknar nje kvaðir á lagðar, nema til almenningsþarfa sje og fult gjald komi fyrir. Sje bankinn ríkiseign, hefir ríkið auðvitað ótakmarkaðan rjett yfir honum. Úr ýmsum áttum er lögð áhersla á það, að einhver einstaklingseign sje í bankanum, til þess að tryggja aðstöðu hans gagnvart ríkisvaldinu. Í till. hv. þm. Vestm. (JJós) er nóg svigrúm til þess að bankinn geti fengið sömu aðstöðu og einstaklingsfyrirtæki.

Jeg get hugsað mjer, að bankinn yrði alveg ríkiseign. En ef svo verður, þá er meiri ástæða til þess að tryggja hag hans gegn ríkisvaldinu. Jeg get lýst því yfir, að jeg felst á brtt. hv. þm. Vestm. (JJós).

Frsm. minnihl. (Jóhann Jósefsson): Jeg þarf að gera örstutta athugasemd.

Hv. frsm. (SE) sagðist í gær vera kominn að þeirri niðurstöðu, að sjer fyndist vinir Landsbankans ættu ekki að halda málinu fast fram. Af því rjeð jeg það, að hann áliti, að fyrir Landsbankann væri afgreiðsla málsins bundin hættu. Út af þessu vildi jeg mega minna hv. þm. (SE) á þá niðurstöðu, er við báðir komumst að á síðasta þingi um Landsbankann og í nál. stendur, sem við skiluðum. En þar lýstum við yfir því, að okkur væri ljóst, að því er fyrirkomulag bankans snertir, að honum væri styrkur í hinu nýja skipulagi. Þessvegna varð jeg dálítið hissa, þegar jeg heyrði hv. þm. (SE) tala um, að þeir, sem velviljaðir væru Landsbankanum, ættu ekki að halda málinu fast fram.

Jeg þarf ekki að fara langt út í ræðu hv. 5. landsk. (JJ). Hann brá mjer um óvandvirkni, og er ekki undarlegt, þó að honum, jafn-vandvirkum manni, falli illa, ef óvandlega er unnið. En jeg held, að ekki hafi verið ástæða til þessarar aðfinslu. Eina leið hv. 5. landsk. (JJ) til þess að komast frá því, að hann hjeldi fram annari skoðun um þetta mál nú en á síðasta þingi, var sú, að teygja orð sín úr nál. í fyrra svo, að þau ættu við alt fyrirkomulag bankans.

Eftir algengri málvenju er ekki hægt að ætlast til þess, að neinn maður skilji þessi ummæli á annan veg en þann, er jeg gerði, eða geti skilið annað af þeim en að hjer sje átt við bankaráð eða fulltrúaráð eða jafnvel bankastjórnina, en nú lýsir hv. þm. (JJ) yfir því, að þeir hafi átt við miklu meira. En þá er það síst að vanda verkið, að ganga þannig frá nál., að menn hljóti að misskilja það; það er sem sje ekki með neinni sanngirni hægt að ætlast til þess, að það verði skilið öðruvísi en jeg skildi það. Nei, jeg held, að það hefði þá verið miklu heppilegra, að þetta hefði verið orðað ljósara, og hv. þm. (JJ) hefði þá talið upp fleiri galla á frv., eða þá, að hann hefði skýrt frá því, hvernig hann hefði ætlast til að skilið væri, þegar hann talaði um æðstu stjórn bankans.

(JJ: Mitt er að yrkja, ykkar að skilja, sagði Gröndal!) Hv. 2. þm. S.-M. (IP) kallar það orðhengilshátt, að vera að vitna í ummæli hans og annara frá síðasta þingi. Það er auðvitað þrautavörn hans, en breytir eigi að síður engu í málinu.

Jónas Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú gert málinu talsvert gagn með því að skýra þinginu frá, að hann virðist leggja mikla áherslu á það, að draga Landsbankann undan áhrifum ríkisvaldsins. En jeg skal ekki tala mikið um það nú, en vil aðeins benda á það, að þessi breyting er ákaflega stórfeld, og jeg get sagt hæstv. fjrh. (JÞ) það, að í hans eigin herbúðum út um land mælist þetta ákaflega illa fyrir, að vilja draga bankann undan ábyrgð ríkisvaldsins. Jeg get hugsað, að hann fái lítið þakklæti fyrir það úr ýmsum áttum. Hinsvegar hafa væntanlega einstöku kaupsýslumenn viljað komast í þann feita kjötpott, sem þetta fyrirkomulag hefði getað veitt þeim aðgang að. Hlutabrjefin gætu borgað sig tiltölulega mjög fljótt. Jeg vil því ekki draga í efa, að úr ýmsum áttum geti verið lögð mikil áhersla á þetta, en hitt er annað mál, hvort þær ýmsu áttir eru svo mjög hollar þjóðfjelaginu.

Þá sagði hv. þm. Vestm. (JJós), að jeg hefði verið gramur yfir þeirri ræðu, sem hann hefði haldið. En jeg er þvert á móti hryggur, þegar hv. þm. (JJós) heldur ljelegar ræður. Nú hefir hv. þm. (JJós), eins og hans flokkshöfuð, gengið inn á það, sem var aðalstefna okkar í fyrstu; þessvegna finst mjer það hálfgert óþakklæti við okkur, sem höfum vissað veginn, að vera með nokkurn rembing, en jeg tek það ekkert illa upp og vil aðeins benda á og undirstrika það, að þessu er haldið fram í nál. okkar. Menn vilja ekki, að bankinn hætti að vera þjóðareign. Þessvegna held jeg, að hv. þm. gangi illa að sanna það. Þegar verið er að tala um hrein og bein eignaryfirráð bankans, þá fer málið að snerta nokkuð mikið æðstu yfirráðin, þá er verið að breyta um þann grundvöll, sem búið er að halda síðan 1885. Eignin er aðalatriðið, og eignir skapar stjórnina.

Frsm. meirihl. (Sigurður Eggerz): Jeg kannast fullkomlega við nefndarálit það, sem háttv. þm. Vestm. og jeg rituðum undir á síðasta ári. Í því er ekkert ósamræmi við það, sem jeg nú hefi haldið fram. Því jeg bið háttv. þm. að veita því eftirtekt, að það er seðlaútgáfan, sem jeg segi, að muni verða Landsbankanum til óhappa, ef hann fær hana. Annars er það ákaflega óþægilegt að fá slíkar athugasemdir, eftir að maður hefir ekki leyfi til að tala nema svo stutt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af því, sem hv. 5. landsk. (JJ) sagði, viðvíkjandi þeim orðum manna, að það hefði verið lögð áhersla á það, úr ýmsum áttum, að bankinn fengi sem sjálfstæðasta aðstöðu gagnvart ríkisstjórninni og löggjafarvaldinu, þá skal jeg taka það fram, að jeg átti sjerstaklega við það, sem Krabbe sendiráðsritari leggur áherslu á og prófessor Nielsen sömuleiðis. Krabbe segir í áliti sínu, á bls. 1, að seðlaútgáfan eigi að vera hjá peningastofnun, er bæði sje sjálfstæð gagnvart ríkisstjórn og fjármunahagsmunum einstaklinganna, og hafi mátt til þess að halda uppi peningamálum landsins.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þgskj. 367, frá meirihl. fjhn., feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: JJ, SE, SJ, BK, EÁ, GÓ, IP.
nei: JóhJóh, JM, EP, HSn, IHB, JJós, HSteins.

1. gr. samþ. með 8 : 4 atkv.
Brtt. 300, 1 samþ. með 8 : 1 atkv.
— 300, 2 samþ. með 8 : 1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 2 atkv.
Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.
3.—8 gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 300, 3 samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
10.—19. gr. (verða 9.—18. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.
20.—29. gr. (verða 19.—28. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
30.—34. gr. (verða 29.—33. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn V. kafla samþ. án atkvgr.
35.—43. gr. (verða 34.—42. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn VI. kafla samþ. án atkvgr.
44.—47. gr. (verða 43.—46. gr.) samþ. með 8. shlj. atkv.
Fyrirsögn VII. kafla samþ. án atkvgr.
48. gr. (verður 47. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn VIII. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 3 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.